1.	Vextir af $3^1/_2$% ríkisskuldabrjefum samkvæmt innritunarskírteini að upphæð 215,200 kr. og er sú upphæð tryggingarfje veðdeildar landsbankans samkvæmt lögum 12. janúar 1900	kr.	7,532.00	7,532.00
2.	Vextir af bankavaxtabrjefum viðlagasjóðs að upphæð 106,000 kr.	—	4,770.00	4,770.00
3.	Vextir af lánum með hálfs árs uppsagnarfresti Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 219,675.12	—	8,787.00	8,787.00
4.	Vextir af almennum afborgunarlánum Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 112.010,00	—	4,480.40	4,240.37
5.	Vextir af breyttum afborgunarlánum Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 1,987.00	—	79.48	70.68
6.	Vextir af lánum til amta, sýslna og hreppa... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 197,529.00	—	5,952.16	5,619.63
7.	Vextir af rjómabúalánum Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 69,300.00	—	2,079.00	1.975,85
	Flyt:	kr.	33,680,04	32,995,53

	Fluttar:	kr.	33,680,04	32,995,53
8.	Vextir af þurrabúðarmannalánum ..... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 10,980.00	—	384.29	370.75
9.	Vextir af tóvjelalánum... ..... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 141,208.00	—	5,585.28	5,422.45
10.	Vextir af lánum til prestakalla, kirkna og skóla Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 63,909.00	—	2,572.56	2,357.18
11.	Vextir af þilskipalánum ..... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 23,000.00	—	920.00	920.00
12.	Vextir af girðingarlánum..... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 14,315.73	—	572.63	566.01
13.	Vextir af talsímalánum... ..... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1909 kr. 31,410.00	—	1,256.40	1,175.64
		kr.	44,971.20	43,807.56

Tekjur þessar virðist því mega telja 44 þús. kr. árið 1910 og 43 þús. kr. 1911.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í töluliðunum 4—13, verða á árunum 1910 og 1911 borgaðar samkvæmt ákvæðum þeirra, þessar fjárupphæðir:

	1910	1911
Af þeim sem talin eru í tölulið 4	6001,28	6082,91
— — — — — - — 5	222,50	172.50
— — — — — - — 6	8364,13	6433,79
— — — — — - — 7	3383,60	3516,93
— — — — — - — 8	387,50	442,50
— — — — — - — 9	4171,65	4171,65
— — — — — - — 10	5310,13	4576,39
— — — — — - — 11	»»	4600,00
— — — — — - — 12	165,42	172,04
— — — — — - — 13	2018,84	2018,84
Samtals kr.	30025.05	32187,55

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er gjaldkeri landssjóðs hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir hún frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunarskilmálum o. fl.

Við 2. Eins og í núgildandi fjárlögum sbr. lög nr. 12, 12. janúar 1900.

Við 3. Það virðist eins og á stendur mega telja þessar tekjur 8000 kr. árlega.

Við 5. gr.

Tekjuliðirnir eru taldir eins og á núgildandi fjárlögum. Það þarf tæplega að gjöra ráð fyrir, að sú breyting verði á þeim prestaköllum, sem gjaldskyld eru samkvæmt lögum 27. febr. 1880, á fjárhagstímabilinu, að tekjurnar nái eigi þeirri upphæð, sem tilfærð er undir 1. lið.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871.

II. kafli.

Útgjöld.

Við 8. gr.

Það er gert ráð fyrir því, að lán það, sem ákveðið er í 7. gr. núgildandi fjárlaga, verði tekið um nýársleitið 1909, og að það verði ávaxtað og endurborgað með jöfnum greiðslum, þar í töldum 4% vöxtum, á 15 árum frá 1. jan. 1910 að telja, og verður þá upphæðin 44,970 kr. 55 aur. á ári.

Við 9. gr.

1. Laun ráðherra, risnufje og uppbót fyrir embættisbústað er talið samkvæmt 2. gr. laga nr. 17, 3. oktbr. 1903.

2. Til utanferða ráðherrans er áætlað eins og í núgildandi fjárlögum. Kostnaðurinn varð á fjárhagstímabilinu 1906 og 1907 um 3880 kr,

3. og 4. Laun landritara og þriggja skrifstofustjóra eru talin samkvæmt lögum nr. 17, 3. oktbr. 1903 4. gr.

5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar. Upphæðin er látin halda sjer óbreytt í þetta sinn, með því að líklegt er, að hún muni nægja næsta fjárhagstímabil. Þess skal getið, að samkvæmt 3. gr. laga nr. 32, 16. nóvbr. 1907 á að greiða af þessum lið tekjuhalla við útgáfu lögbirtingablaðs, ef nokkur verður. Að svo stöddu er ekkert hægt að segja um, hvernig lögbirtingablaðið ber sig, en verði tekjuhalli, verða aukin útgjöld við hann á þessum lið skoðuð sem lögboðin útgjöld.

6. Eins og í núgildandi fjárlögum sbr. 6. gr. laga nr. 17, 3. oktbr. 1903.

7. Liður þessi er eins og í núgildandi fjárlögum. Þrátt fyrir það, þótt aðgerðin á stjórnarráðshúsinu, sem fram fór veturinn 1903 og 1904, væri mjög dýr, og talsvert fram úr áætlun, og þó talsvert hafi gengið til aðgerða síðan, þá þarfnast húsið enn mikillar aðgerðar; flestar gluggaumgjörðir feysknar og fúnar, gólfin sigin o. s. frv. Til nauðsynlegs viðhalds og umbóta má því eigi ætla lægri upphæð en 1000 kr. árlega.

8. Steingarðurinn sunnan við stjórnarráðsblettinn og meðfram Bankastræti, er orðinn mjög gamall. Þótt hann hafi verið allvel hlaðinn, þá er hann nú orðinn til lítillar prýði, eigi síst þar sem hann liggur fram með einni helstu og fjölförnustu götu bæjarins; þar sem lóðareigendur nú eru farnir að umgirða lóðir sínar með steinveggjum, annað hvort úr höggnum steini lögðum í steinlím, eða úr steinsteypu, þykir það tæplega tilhlýðilegt, að hafa þennan grjótgarð lengur kring um stjórnarráðsblettinn. Áætlun hefir því verið fengin hjá steinsmið um það, hvað steinlímdur garður mundi kosta, og nemur sú upphæð kr. 1497. Það er því lagt til, að 1500 kr. verði veittar í þessu skyni.

Við 10. gr.

Kostnaður við alþingi árið 1907 nam fullum 60,000 krónum. Að vísu

stóð þing þá lengur yfir, en venjulegt er, en hins vegar má búast við því, að vetrarþing verði dýrara, en sumarþing, þar sem bæði þarf eldivið og ljós, enn fremur má ef til vil búast við því, að skriftir verði dýrari. Af þessum ástæðum virðist eigi gjörlegt að áætla til alþingis lægri upphæð en 60,000 kr.

Við 11. gr.

Við A. 1. a. *Til dómara og sýslumanna.* Upphæð þessi er færð niður um 1500 kr. með því að í landsyfirdóminum hafa losnað embætti, sem eru launuð með 4800 kr. og 3500 kr. í stað 5800 kr. og 4000 kr., sbr. lög 9. desember 1889 3. gr. Að öðru leyti liðast þessi útgjöld sundur á sama hátt sem áður, sjá athugasemdir við frumv. til fjárlaga 1906 og 1907, (Alþingistíð. 1905 A. bls. 35—36.) Laun dómenda við yfirrjettinn eru talin samkvæmt lögum 15. október 1875, 10. gr. og lögum um breyting á þeim lögum 9. desember 1889, 3. og 7. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta samkvæmt lögum 14. desember 1877, 4., 5. og 7. gr. sbr. lög 8. maí 1894, lög 11. nóvember 1899 og lög 13. september 1901.

Við A. 1. b. Gjöld þessi eru venjulega um 7,600 kr., og eru því talin 8000 kr. eins og í núgildandi fjárlögum.

Við A. 2. Upphæð þessi er hin sama og áður.

Við A. 3. *Til hegningarhússins í Reykjavík.* Gjöld þessi eru talin eins og á núgildandi fjárlögum, en sú breyting er gjörð að því er liðina snertir, að d og e er slegið saman í einn.

Við A. 4. *Kostnaður við viðhald fangelsanna* er talinn eins og fyrir síðara árið á núgildandi fjárlögum, 300 kr. árlega.

Við A. 5. a—g. Þessi gjöld ern hin sömu og í núgildandi fjárlögum.

Við B. 1. Það hefur altaf komið í ljós, að upphæðir þær sem veittar hafa verið á liðunum b. c. og d. hafa reynst alt of lágar. Að því er liðinn b snertir, (Stjórnartíðindin), stafar þetta af því, að A-deildin var áður kostuð að öllu leyti af dönsku fje. Hve mikill kostnaður er samfara prentun Landshagsskýrslnanna (lið c) er komið undir arkafjölda þeirra, en lítil líkindi eru til, að þær fari minkandi, miklu fremur hið gagnstæða. Það er því lagt til að veita líkar upphæðir, og gengið hafa til þessa síðasta ár 1907.

Við B. 2. Þessi liður hefur reynst alt of lágur. Kostnaðurinn varð árið 1907, kr. 7,381,43, og þar sem nú er opnað símasamband við Vestfirði, og búast má við fleiri samböndum, þykir eigi tjá að áætla upphæðina á þessum lið minni en 8000 kr. Að öðru leyti vísast til athugasemdanna við fjárlagafrumvarpið 1908 og 1909 um þennan lið.

Við B. 3—8. Liðir þessir eru óbreyttir og eru tilfærðir með sömu upphæðum sem í núgildandi fjárlögum, nema hvað 6. liður er færður niður í 1000

kr., þar sem mjög lítil von þykir til þess, að fjárveitingin geti komið að tilætluðum notum.

Við B. 9. Samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaganna á að greiða úr landssjóði, kostnað við dvöl sjúklinga á sjúkrahúsi, sem fer fram úr 200 kr. árlega, og sveitarstyrk, sem manni er veittur erlendis, ef hann fer fram úr 200 krónum árlega, svo og allan flutningskostnað þurfamanna ásamt skylduliði hans frá útlöndum. Hve miklu þessi kostnaður muni nema, er eigi auðið að segja neitt ákveðið um enn, en það þykir eigi gjörlegt að áætla hann minni en 3000 krónur árlega.

Við 12. gr.

Við 1. *Laun lækna.* Þessi gjöld eru talin samkvæmt lögum nr. 34, 16. nóvember 1907. Eftir þeim er landinu skift í 43 læknishjeruð og laun í hverju hjeraði 1500 kr. Laun því alls kr. 64,500, en auk þess hafa þessir læknar launaviðbót eftir eldri lögum:

í Reykjavíkurhjeraði	kr. 400		
- Ísafjarðarhjeraði	— 400		
- Seyðisfjarðarhjeraði	— 400		
- Reyðarfjarðarhjeraði	— 400		
- Keflavíkurhjeraði	— 200		
- Barðastrandarhjeraði	— 200		
- Blönduóshjeraði	— 200		
- Sauðárkrókshjeraði	— 200	kr. 2,400	
Laun alls:			kr. 66,900
2 aðstoðarlæknar á Akureyri og Ísafirði			— 1,600
Laun landlæknis sbr. lög $^{8}/_{10}$ 1883...			— 4,000
— læknis við holdsveikraspítalann sbr. lög $^{4}/_{2}$ 1898			— 2,700
		Alls kr.	75,200

Við 2. Þessi liður er óbreyttur.

Við 3. a—b. *Styrkur til augnlæknis Björns Ólafssonar.*

Við 4. *Styrkur til tannlæknis í Reykjavík.* Þessir tveir liðir eru eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 5. *Útgjöld við holdsveikraspítalann.* Við eftirfylgjandi liði er farið fram á að gjöra breytingar. Liðinn a, (laun starfsmanna) er farið fram á að hækka upp í 5880 kr. eða um 190 kr. hvort árið, þar af eru 50 krónur ætlaðar til launahækkunar handa presti spítalans, og er jafnframt ætlast til, að hann auk venjulegrar prjedikunar á helgidögum, vitji sjúklinganna, ef þeir óska þess, en 140 krónur eru ætlaðar til að hækka kaup vinnuhjúa, og er það nauðsynlegt, einkum á spítala, sem heimtar meira af hjúum sínum, en alment gjörist.

Liðinn e, (eldsneyti) er farið fram á að hækka um 85 kr, eða upp í

3000 krónur, og er það sú upphæð sem gengið hefur til þessa. Þá er farið fram á að hækka liðinn g, (viðhald á húsum) upp í 1500 kr. árlega.

Liðinn n, (hesta- og hænsafóður) má lækka um 50 kr. á ári, með því nægilegt hey fæst nú af spítalalóðinni handa þeim hesti, sem spítalinn heldur.

Loks er lagt til, að liðurinn p, (ýmisleg útgjöld) verði hækkaður árlega um 100 kr., sem skyldi verja til kostnaðar við umbætur og sljettun á lóð spítalans, og er búist við, að þessi styrkur komi aðeins fyrir í þetta sinn.

Við 6. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Þessi útgjöld sundurliðast þannig:

A.	Laun læknis		kr.	2,400,00
B.	Önnur útgjöld:			
1.	Fólkshald:			
	a, Ráðsmaður...	kr. 500,00		
	b, Yfirhjúkrunarkona	— 500,00		
	c, Ráðskona	— 300,00		
	d, Hjúkrunarmaður	— 350,00		
	e, Vinnumaður	— 300,00		
	f, Miðstöðvarhitamaður	— 300,00		
	g, Sex hjúkrunarkonur...	— 840,00		
	h, Þrjár þvottakonur...	— 360,00		
	i, Þrjár eldhússtúlkur	— 360.00	—	3,810,00
2.	Viðurværi, eldsneyti o. fl.:			
	a, Viðurværi handa 75 manns, 50 a. á dag	kr. 13,687,50		
	b, Klæðnaður sjúklinga (25 kr.)	— 1,375,00		
	c, Meðul og sáraumbúðir	— 700,00		
	d, Kol og ljós	— 2,800,00		
	e, Viðhald á húsum	— 1,200,00		
	f, Til áhalda	— 600,00		
	g, Þvottur og ræsting	— 800,00		
	h, Til skemtunar sjúklingum	— 200,00		
	i, Skattar, talsími, lóðargjald	— 600,00		
	j, Hænsa- og hestafóður	— 175,00		
	k, Þóknun handa presti...	— 200,00		
	l, Óviss útgjöld	— 500,00	—	22,837,50
		Alls	kr.	29,047,50

Þar frá dragast tekjur af spítalanum,

Meðgjöf með 50 sjúklingum 50 aurar á dag...	kr. 9,125		
Meðgjöf með 5 sjúklingum 1 kr. á dag	— 1,825		
Tekjur af búinu	— 500	kr.	11,450,50
	Útgjöld alls	kr.	17,597,50

Við 7. *Útgjöld við bólusetningar.*

Við 8. a—l. *Önnur útgjöld,* Þessir liðir eru óbreyttir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 13. gr.

A.

Útgjöld við póststjórnina.

Við 1 a. Laun póstmeistara eru talin eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 1 b. 1. sama upphæð sem á núgildandi fjárlögum.

Við 1 b 2. Póstmeistari hefur farið fram á, að þessi liður verði hækkaður um 4300 kr. Telur hann þessa hækkun nauðsynlega bæði af því, að bæta þurfi við nýjum póstafgreiðslum í Hafnarfirði, Siglufirði og Vík, og einkum af því, að hækka þurfi laun póstafgreiðslumanna. Margir þeirra hafi sótt um launahækkun, og hafi haldið störfum sínum áfram einungis í trausti þess, að kjör þeirra yrðu bætt. Það sje óhugsandi, að póstmenn vinni til langframa fyrir tiltölulega minni laun, en allir aðrir starfsmenn á landinu. Störf þeirra fari vaxandi með ári hverju, og verði auk þess vandasamari, því sje óheppilegt að skifta um, taka nýja menn en sleppa mönnum, sem þegar hafa fengið reynslu í póstmálum.

Um leið og vísað skal til athugasemdanna um þennan lið í síðasta fjárlagafrumvarpi, skal það tekið fram, að stjórnarráðið sjer ekki annað fært en að taka tillögu póstmeistara til greina, þar sem það er áreiðanlegt, að margir póstafgreiðslumenn, og það sumir þeirra duglegustu og mest reyndu, segja starfi sínu lausu, nema þeir fái álitlega launaviðbót.

Skrá yfir það, hvernig ætlast er til að launin skiftist niður, verður lögð fyrir alþingi.

Við 1 c. Þennan lið leggur póstmeistari til að hækka um 475 kr. af því að hækka þarf laun ýmsra brjefhirðingamanna. Stjórnarráðið fellst á þessa litlu hækkun.

Við 2. Til póstflutninga. Þessi liður er eftir tillögum póstmeistara hækkaðnr um 2000 kr. Bæði er það, að póstflutningar á landi aukast mjög, og svo hefur kaup pósta orðið að hækka eins og alt annað kaupgjald; ferðir póstanna eru nú miklu kostnaðarsamari en áður, vegna þess, að hey hefur á síðari tímum stigið mjög í verði, og allur annar tilkostnaður yfir höfuð.

Við 3. Eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 4. Önnur útgjöld. Þessum liðum er farið fram á að breyta:

4. e til áhalda. Þessi liður er hækkaður um 500 kr., því 1500 kr. hafa reynst of lág upphæð að undanförnu.

4 f til brjefaburðar í Reykjavík. Starf þetta er orðið svo umfangsmikið, að brjefberinn verður að hafa 2 og 3 aðstoðarmenn daglega, þó enginn póstur komi annarsstaðar að. Póstmeistari leggur til, að settir verði 2 fastir brjefberar, er hvor hafi 1000 kr. í kaup árlega, en þeir kaupi sjer svo aftur aðstoð eftir þörfum, og felst stjórnarráðið eftir atvikum á það, þó með þeirri breytingu, að þeir beri jafnframt út smærri krossbandssendingar.

Liðinn 4 g. til brjefaburðar í öðrum kaupstöðum en Reykjavik, úr 400

kr. upp í 1000 kr. Er ætlast til, að þar af gangi 400 kr. til Akureyrar og 200 kr. til hinna kaupstaðanna þriggja.

Loks er farið fram á undir 4 k að fá 400 kr. til að kaupa járnskápa handa nýju póstafgreiðslunum, og er gjört ráð fyrir að sú upphæð nægi.

Aðrir liðir eru eins og í gildandi fjárlögum.

B.

Til vegabóta.

Við I. Til kostnaðar við stjórn og undirbúning vegagjörða. Þessir liðir eru óbreyttir, að öðru leyti en því, að laun verkfræðingsins eru færð upp í 3500 kr. Verkfræðingurinn hefur hingað til haft á hendi forstöðu Iðnskólans, og haft að launum fyrir það 500 krónur, en hann vill mjög losna við þann starfa, til þess að geta gefið sig eingöngu við forstjórn vega- og brúargjörða landssjóðs, en telur sjer það ekki fært, nema laun hans sjeu hækkuð, sem svarar skólastjóra-kaupinu.

Með því að stjórnin verður að telja það mjög æskilegt, að verkfræðingurinn geti gefið sig allan við aðalstarfi sínu, og með því að laun hans, verða að teljast óhæfilega lág, ekki aðeins í samanburði við það, hvað verkfræðingar fá í laun erlendis, heldur einnig í samanburði við embættislaun hjer á landi líks eðlis, svo sem laun forstjóra landssímanna, þá hefur það þótt rjett að fara fram á þessa launahækkun.

Við II. *Til flutningabrauta.*

Við 1. *Fagradalsbrautin.* Það er gjört ráð fyrir, að lagningu hennar verði lokið 1909, en þessar upphæðir eru ætlaðar til viðhalds og til umbóta á göllum, sem kunna að koma í ljós á þessum tveimur fyrstu árum, eftir að vegurinn er fullgjörður. Er svo tilætlast, að ekkert af honum verði afhent til viðhalds samkvæmt vegalögunum, fyr en haustið 1911, og að hann þá verði afhentur allur í einu lagi.

Við 2. *Borgarfjarðarbrautin.* Af upphæð þeirri, sem ætluð er til þessarar brautar árið 1909, geta væntanlega um 15 þús. kr. gengið til brúargjörðar á Norðurá, og er gjört ráð fyrir, að öll upphæðin fyrir árið 1910 gangi til að fullgjöra brúna, og óvíst, að hún hrökkvi til. Brúin á að vera á svokölluðum »Haugahyl«, og mun sundurliðuð áætlun um kostnaðinn við brúargjörðina, og uppdráttur af henni lagður fyrir þingið.

Við 3. Braut frá Húsavík. Upphæðin er sett 5000 kr. hærri fyrra árið með tilliti til þess, að þá kemur fyrir brú á Laxá.

Við 4. Flutningabrautin fram Eyjafjörð á eftir vegalögunum að ná fram að Saurbæ, en er ekki komin lengra en fram að Grund; er eptir að leggja af henni tæpa 9 kílóm. Kaflinn fram að Grund, kemur ekki nálægt því að fullum notum, fyr en þetta framhald er fengið, og er því lagt til, að braut þessi verði fullgjörð á fjárhagstímabilinu.

Við 5. Vegurinn beggja megin við Sogsbrúna, sem liggur á þessari flutningabraut, er nálega ófær í vætutíð, og er því lagt til, að byrjað sje að gjöra veg yfir verstu kaflana, þegar á fyrra ári fjárhagstímabilsins.

Við 6. Akbrautin frá Þjórsá að Ytri-Rangá. Upphæðin er ætluð til þess að lagfæra þessa braut, einkum austurhluta hennar frá Rauðalæk, áður en hún verður afhent til viðhalds.

Við 7. Viðhald flutningabrauta. Upphæðirnar eiga aðallega að ganga til viðhalds flutningabrautum frá Reykjavík austur að Ingólfsfjalli, og frá Geithálsi til Þingvalla. Nokkur hluti af þessum brautum, kaflinn frá Reykjarjett í Ölfusi að Ingólfsfjalli, á að afhendast Árnessýslu, en hann getur engan veginn skoðast sem fullgjörður enn, með því að á honum eru óbrúuð vatnsföll, og alllangur kafli, sem aðeins er ruddur, og ófullnægjandi til frambúðar. Þykir því rjettast að landssjóður annist viðhald hans fyrst um sinn, þangað til fje verður veitt til að fullgjöra hann, sem eigi virðist vera brýn þörf á sem stendur, með því vegur þessi er allajafna vel greiðfær.

Við III. *Til þjóðvega.*

Við 1. Til vegar upp Mosfellssveit. Svo er til ætlast, að þessar upphæðir dugi til þess að fullgjöra veginn upp að Leirvogsá að meðtaldri brú á Köldukvísl.

Við 2. Til framhalds þjóðveginum frá Borgarnesi áleiðis til Stykkishólms.

Við 3. Upphæðin er einkum ætluð til þess að gjöra veg um Egilsstaðanes, frá Lagarfljótsbrúnni að austan; þar er algjörð vegleysa nú, en vegarkafli á þeim stað verður að nokkru leyti framhald Fagradalsbrautarinnar.

Við 4. Þessar upphæðir eru ætlaðar til framhalds vegagjörð þeirri yfir Eldhraunið milli Skaftártungu og Landbrots, sem byrjað verður á 1909, svo og til þess að lagfæra veg yfir Skaftártunguna, milli brúnna á Hólmsá og Ásavatni, ef til vinst.

Við 5. Til brúar á Hvassá, Norðurá og Miklagil á Holtavörðuheiði 16,000 kr. síðara árið. Vatnsföll þessi, einkum Hvassá og Miklagil, eru miklar torfærur á þjóðveginum milli Norðurlands og Suðurlands. Menn hafa druknað í Hvassá (hjá Fornahvammi), og opt hafa kvennmenn og unglingar farið í hana, og bjargast með naumindum, eða af tilviljun, og ferðamenn teppast opt við hana, einn eða fleiri daga. Miklagil er opt ófært eða illfært á vetrum og má nærri geta, að slíkt kemur sjer illa á svo löngum og fjölförnum fjallvegi, sem Holtavörðuheiði er. Norðurá er og stundum ófær, þar sem þjóðvegurinn liggur yfir hana í heiðarsporðinum, og komi menn að norðan að henni ófærri, er ekki annars kostur, en að leggja út í hana. Uppdrættir og sundurliðaðar áætlanir um brýr þessar verða lagðar fyrir þingið.

Við 6. Til annara vegabóta og viðhalds. Upphæðir þessar eru svipaðar því, sem ætlað er til smærri vegabóta og viðhalds þjóðvegum á yfirstandandi fjárhagstímabili.

Við IV.—VII. Þessir liðir eru óbreyttir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við C.

Við 1. Til gufuskipaferða, eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 2. Til gufubátaferða. Þessi liður er hækkaður um 6000 kr. árlega, og er svo til ætlast, að þessari upphæð sje bætt við styrkinn undir lið g, því að það hefur reynst alveg ómögulegt að fá bátaferðir á Austfjörðum fyrir það fje, sem veitt er á núgildandi fjárlögum.

Það hefur verið tekið til íhugunar, hvort ekki væri rjett að haga þessum ferðum þannig, að bátarnir gangi frá Reykjavík um brimhafnirnar sunnanlands til Austfjarða. Á þessu svæði er meiri þörf á bátaferðum en Austfjörðum, þar sem samgöngur eru mjög tíðar. En með því að þingmenn Suður-Múlasýslu hafa fyrir hönd kjósenda sinna og annara Austfirðinga farið þess á leit, að fjárveitingin verði hækkuð eins og hjer er gjört án þess að fara fram á neinar breytingar á göngu bátsins, þá er, auk hækkunarinnar, að eins sett athugasemd um, að heimilt sje að breyta ferðunum, ef sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu óskar.

Við 3. Liðurinn er óbreyttur.

Við D.

Til talsíma og ritsíma.

Við I. Árgreiðslur til hins mikla norræna ritsímafjelags, eru taldar eins og í núgildandi fjárlögum.

Við II. Til nýrra talsímalagninga.

Við 1. Talsímalagning frá Borðeyri til Búðardals. Af Vestfirðingafjórðungi verða, við lok þessa fjárhagstímabils, Dalasýsla og Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla einar alveg símalausar, og verður það þó að teljast nauðsynlegt, að Stykkishólmur komist í sambandið; í því skyni mætti velja tvær leiðir, aðra frá Borðeyri um Dalina, en hina úr Borgarfirði vestur Mýrar og Hnappadalssýslu. Að öllu athuguðu þykir rjettara að velja hina fyrri leið. Kostnaður við þessa línu er áætlaður þannig:

Efni: 700 staurar á 7 kr.	kr.	4,900
7 tonn 4 m/m járnþráður 0,30	—	2,100
topphettur, krókar og fl.	—	945
annað efni	—	400
Flutningur	—	2,000
Vinna	—	4,900
Tjöld, áhöld og fl.	—	755
Þrjár talstöðvar ásamt uppsetning	—	1,000
Alls	kr.	17,000

Vegalengd 35 kílóm.

Við 2. Talsímalagning frá Búðardal til Stykkishólms, áframhald af línunni næst á undan.

Efni:	1500 staurar	kr. 10,500
	19 tonn 5 m/m járnþráður	— 5,700
	topphettur, krókar og fl.	— 2,025
	um 1000 m. sæsími	— 2,000
	annað efni...	— 2,475
Flutningur	... ...	— 4,800
Vinna og fl....	... .	— 19,200
Áhöld og fleira	... ...	— 2,300
	Alls	kr. 49,000

Vegalengd er 72 kílóm. landlína og 1 kílóm. sæsími.

Við 3. Talsímalagning milli Ísafjarðar, Hnífsdals og Bolungarvíkur. Þessi leið er ekki enn þá nákvæmlega skoðuð, og því ekki hægt að gjöra sundurliðaða áætlun um kostnaðinn, en eftir bráðabirgðar áætlun landsímastjórans er hægt að koma þessari línu upp fyrir 8000 krónur.

Við 4. Til þess að strengja talsímalínu milli Reykjavíkur, Borðeyrar og Ísafjarðar.

Á talsímalínunni milli Reykjavíkur og Borðeyrar eru nú 7 millistöðvar, og verði aukalínur lagðar til Akraness, Borgarness og Stykkishólms, eins og gera má ráð fyrir, bætast að minsta kosti 10 stöðvar við, og verða fjórar af þeim í kauptúnum. Má því búast við, að erfitt verði að afgreiða samtöl á þessum línum með þeim þráðum, sem nú eru.

Landsímastjórinn hefur því lagt til að tvöföld talsímalína verði lögð á þessu svæði, jafnframt því sem slík lína verði lögð frá Borðeyri til Ísafjarðar.

Til þess að Reykjavík með aukalínum sínum til Keflavíkur, og væntanlega til Vestmannaeyja, geti haft full not af talsímasambandinu til hinna landsfjórðunganna, einkum Norður- og Austurlandsins, er slík tvöföld talsímalína milli Reykjavíkur og Borðeyrar alveg nauðsynleg, og sambandið alla leið vestur verður eigi fullkomið, fyr en samskonar lína er komin á milli Borðeyrar Ísafjarðar.

Stjórnarráðinu hefur því virst sjálfsagt að taka upp í fjárlagafrumvarpið, fjárveitingu til þessara lína, og er kostnaðurinn við þær þessi:

a.	Milli Reykjavíkur og Borðeyrar 153 km. landlína á 280 kr.	kr. 42,840,00
	3 km. sæsími á 1,850 kr.	— 5,550,00
		kr. 48,390,00
b.	Milli Borðeyrar og Ísafjarðar 200 km. landlína á 280 kr.	kr. 56,000,00
	6,5 km. sæsími á 1,850 kr.	— 12,025,00
		kr. 68,025,00

Við 5. Liðurinn er hækkaður um 2,500 kr. síðara árið, einkum með tilliti þess, að nauðynlegt mun verða að leggja talsímalínur handa nýjum notendum á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Stjórnin hafði í hyggju að leggja til, að bygð yrði lína frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs, og ljet því Smith verkfræðing rannsaka leiðina í haust, en sökum naumleika tímans, og annars starfa, gat hann eigi rannsakað leiðina til hlítar, og er því áætlun sú, sem hann gjörði um kostnaðinn aðeins lausleg, og þótti því eigi svo ábyggileg, að rjett væri að fara fram á fjárveiting í þetta sinn.

Áætlun hans mun verða lögð fyrir þingið.

D. III. *Til starfrækslu landsímanna:*

Við 1. Laun landssímastjóra eru talin samkvæmt lögum nr. 31 16. nóvbr. 1907:

föstu launin eru...	kr.	3500,00
persónuleg launaviðbót handa núverandi forstjóra sjá 1. gr. laganna...	—	1500,00
Samtals	kr.	5000,00

Við 2. *Ritsímastöðin í Reykjavík* ásamt aðalskrifstofu landssímanna; þessi kostnaður sundurliðast þannig:

a.	Laun landsímaverkfræðings, sem jafnframt er til aðstoðar á skrifstofunni	kr.	2600,00
b.	aukavinna	—	400,00
c.	laun tveggja símritara alt að	—	2800,00
d.	— — talsímameyja alt að	—	1400,00
e.	kaup sendla alt að	—	900,00
f.	aukaþjónusta alt að...	—	500,00
g.	viðhald, eldiviður, ljós og ræsting	—	1000,00
h.	ýmisleg útgjöld alt að	—	400,00
		kr.	10000,00

Um liðinn e. skal það tekið fram, að reynslan hefur sýnt, að óhjákvæmilegt er, að bæta við einum sendisveini, að minsta kosti þann tíma ársins, sem mest er að gjöra. Kaup hvers um sig er 400 kr., en viðbúið er, að hækka verði kaup þess sem nú er. Liðurinn g. er hækkaður um 400 kr., meðfram af því að hjer er meðtalinn eldiviður, ljós og ræsting fyrir bæjartalsímafjelag Reykjavíkur, sem fengið hefur leigt húsnæði á landsímastöðinni.

Við 3. *Ritsímastöðin á Akureyri.* Upphæðirnar eru hinar sömu, sem fyrir síðara ár yfirstandandi fjárhagstímabils. Um sundurliðunina sjá alþ.tíð 1907 A. bls. 54.

Við 4. *Ritsímastöðin á Seyðisfirði.* Þessi liður er óbreyttur. Sundurliðun sjest í tilvísuðum alþ. tíð bls. 55.

Við 5. *Ritsímastöðin á Ísafirði.* Upphæðin sundurliðast þannig:

1.	Laun stöðvarstjóra	kr.	1800,00
2.	— þriggja talsímameyja...	—	2000,00
3.	Sendill	—	400,00
4.	Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting	—	850,00
5.	Ýmisleg útgjöld	—	400,00
		Alls kr.	5450,00

Um 2. lið skal þess getið, að það þykir fyrirsjáanlegt, að ekki muni nægja að hafa 2 talsímameyjar við stöðina vegna þess, að notendur munu verða nokkuð margir á Ísafirði, og mikið um samtöl á langlínunni. Það þykir því nauðsynlegt að bæta einni talsímamey við, sem jafnframt kann að símrita, og fær því dálítið hærri laun.

Við 6. *Ritsímastöðin á Borðeyri.* Upphæðin sundurliðast þannig:

1.	Laun stöðvarstjóra	kr.	1600,00
2.	Ein talsímamey	—	600,00
		Flyt:	— 2200,00

	Fluttar: kr.	2200,00
3. Eldiviður, ljós og ræsting	—	250,00
4, Ýmisleg gjöld...	—	100,00
	Samtals kr.	2550,00

Þess skal getið, að það er ekki alveg víst, að á talsímamey þurfi að halda, en það þykir þó rjettara að gera ráð fyrir því.

Við 7. Þessi liður er eins og síðara ár yfirstandandi fjárhagstímabils.

Við IV. *Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng.* Þessi kostnaður hefur orðið talsvert meiri en við var búist, og fer vaxandi eftir því, sem símasamböndin aukast, það þykir því eigi tiltækilegt að áætla hann minni en 4000 kr.

Við V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna hefur verið áætlaður óþarflega hár og er hann færður niður um 500 kr. árlega. Hins vegar þykir nauðsynlegt, að hafa einhverja upphæð til utanfarar forstjóra landssímanna til þess að hann geti fylgt með þeim breytingum og umbótum, sem sífelt verða í þessum efnum. Hefur því á þessum lið verið bætt við 1000 kr. í þessu skyni fyrra árið.

Við VI. *Viðhald landsímanna.* Árið 1911 er svo til ætlast, að byrjað verði að fúaverja staurana með því að smyrja þá með tjöru; búist er við að smyrja megi á 200 km. svæði á ári, Þess vegna er upphæð þessi færð upp um 2000 kr. síðara árið.

Við VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern; liðurinn er óbreyttur.

E. Til vita.

Við I. a.—c. *Til kostnaðar við stjórn og undirbúning vitamála.* Þar sem nú er búið að byggja talsvert marga vita um allt land og viðbúið, að þeir verði fleiri áður en langt um líður, verður það nauðsynlegt að skipa mann til þess að hafa umsjón með rekstri og viðhaldi allra vitanna. Þessi umsjónarmaður ætti auk eftirlitsins að hafa á hendi undirbúning og öll innkaup til vitanna, og er enginn vafi á því, að við það mundi sparast fje. Til launa þessum manni er sett alt að 1500 kr. árlega. Verði starf þetta falið manni, sem hefur á hendi önnur störf fyrir hið opinbera, má væntanlega semja um lægri þóknun. Til eftirlitsferðanna má eigi ætla minna en 600 kr., því það má oft búast við, að hann þurfi að ferðast að vetrarlagi og þá á landi. Áður en umsjónarmaðurinn tekur til starfa, þarf hann nauðsynlega að kynna sjer útbúnað og rekstur vita, og virðist því óhjákvæmilegt, að hann fari utan í því skyni. Til þessa eru áætlaðar 800 kr. fyrra árið.

Við II. *Til vitans á Reykjanesi.* Eftir tillögum umsjónarmanns við Faxaflóa vitana, er stungið upp á þessum breytingum. Laun vitavarðar eru hækkuð um 300 kr., upp í 1500 krónur; ástæðurnar til þessarar hækkunar eru, auk þeirrar almennu ástæðu, að allar lífsnauðsynjar hækka stöðugt í verði, *að* vitavörðurinn er skyldur til að hafa sjer til aðstoðar mann, vanan vitastörfum, sem hann verður að greiða mjög hátt kaup, *að* fyrverandi vitavörður fjekk síðustu árin 200 kr. persónulega launaviðbót, *að* allir aðdrættir að Reykjanesi eru erviðir, og *að* vita-

vörðurinn, sökum fjarvistar frá öðrum mannabygðum, getur ekkt leitað sjer neinnar aukavinnu, eins og aðrir vitaverðir.

Borgun fyrir olíu er hækkuð um helming, þar eð nýi vitinn eyðir helmingi meiri olíu enn gamli vitinn.

Hins vegar er 3. liður fyrir steinkol lækkaður niður í 100 kr. með því að sú upphæð verður að teljast nægileg.

Það virðist óþarft að sundurliða eins nákvæmlega og gjört hefur verið. Liðina 4, 5 og 6 virðist mega færa saman í eitt, undir nafninu: ýmisleg útgjöld. Þessir liðir eru á núgildandi fjárlögum samtals kr. 830,00, en eru hjer tilfærðir með 875 kr. með því að lóðareftirgjaldið hækkar um 45 kr. árlega.

Loks er farið fram á að bæta nýjum lið við, 2000 kr. til þess að endurbæta lendinguna við Kistur á Reykjanesi. Þetta er einasta lendingin þar, og henni er svo háttað, að hún er eins og kví — líkust kistu —, sem fara verður inn í, og er hún víða að innan eins og sljettur veggur, og dýpi er þar svo mikið að jafnt flýtur um flóð og fjöru, en svo eru þessir kistuveggir háir, að ekki er mögulegt að koma skipum upp á þá, heldur verður að setja þau á land á allt öðrum stað langt þar frá. Það er því nauðsynlegt að sprengja stykki úr einum veggnum, svo hægt sje að koma skipi þar á land. Kostnaður við þetta mundi að kunnugra manna dómi, varla fara fram úr 2000 til 2500 kr. Þar sem annarsvegar er um nauðsynlegar umbætur að ræða, er geta sparað síðarmeir mikið fje, því þá mætti lenda bátum þarna hvernig sem á sjó stendur, en hins vegar um tiltölulega litla upphæð að ræða, hefur Stjórnarráðinu eigi virtst áhorfsmál að taka þessa fjárveitingu inn í frumvarpið.

Við III. *Til vitans á Skagatá.* Hjer eru sömu liðir dregnir saman, sem að framan getur um. Að öðru leyti eru engar breytingar, nema 2. liður (olía) er hækkaður um 25.

Við IV. *Til vitans á Gróttu.* Upphæðirnar eru óbreyttar.

Við V. *Til vitans á Dalatanga.* Þessar upphæðir eru settar eftir tillögu verkfræðings Th. Krabbe, en þær eru auðvitað settar eftir ágiskun.

Við VI. *Til tveggja vita leiðina inn Hafnarfjörð.* Flutningskostnaði 25 kr. er slept; hefur aðeins numið fáum krónum og getur því falist í liðnum: ýmisleg útgjöld. Hinir liðir óbreyttir, en samandregnir.

Við VII. *Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði.* Upphæðirnar eru hinar sömu, en liðirnir dregnir saman eins og að framan er sagt.

Við VIII til X. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við XI. *Til vitans á Vestmannaeyjum.* Laun vitavarðar er farið fram á að hækka um 100 kr. með því að ómögulegt er að fá mann til starfans fyrir lægra kaup. Ýmisleg útgjöld eru hækkuð um 75 krónur. Loks er lagt til að veittar sjeu 2000 kr. til þess að byggja hús handa vitaverði. Vitavörðurinn hefur farið fram á það, og sýslumaður mælt með því, og verkfræðingur Krabbe telur það óhjákvæmilegt, eins og ástandið er nú, því langt sje til næsta bæjar, svo að óhugsandi sje, að vitavörður búi þar, og það því síður, sem vegurinn sje slæmur og hættulegur, en í vitabyggingunni sjálfri sje engin íbúð, eða herbergi, er geti verið til íbúðar. Áætlun yfir kostnað, og teikning af húsinu mun verða lögð fyrir þingið.

Við XII. *Til vitans á Siglunesi.* Útgjöldin eru sett eftir tillögum Krabbes verkfræðings, og eru bygð á ágiskun, nema laun vitavarðar.

Við XIII. *Til vita á Dyrhólaey.* Þar sem lögin um alment vitagjald koma nú í gildi, má telja óhjákvæmilegt að byggja nýja vita á hverju fjárhagstímabili, þangað til strendur landsins eru orðnar sæmilega upplýstar.

Enginn vafi mun vera á því, að landtökuviti á Suðurlandi er með fyrstu vitunum, sem upp þarf að koma. Það hefur komið til tals að setja slíkan vita annaðhvort á Dyrhólaey, Hjörleifshöfða eða Dýralæk. En að öllu nákvæmlega athuguðu verður að telja Dyrhólaey heppilegasta staðinn, meðal annars yrði byggingarkostnaðurinn líklega talsvert meiri á hinum stöðunum.

Viti þessi, svo og viti á Rifstanga á að vera 4. flokks viti, eins og Dalatanga vitinn, og mun kosta um 15000 kr., en nauðsynlegt þykir auk þess að byggja bústað handa vitaverði, og að landssjóður eigi lóð þá, er vitinn og húsið standa á, og mun eigi veita af alt að 10 þús. kr. í því skyni. Reksturskostnaðurinn síðara árið er auðvitað settur eftir ágiskun.

Við XIV. og XV. *Til vita á Rifstanga og ljóskers á Langanesi.* Meðal skipstjóra eru talsvert skiftar skoðanir um, hvort sje meiri nauðsyn, að fá vita, á Langanesi eða Melrakkasljettu. Með vita á Langanesi mælir það að margra ætlan, að fyrir skip á leið til Norðurlands, er þar aðalstefnubreyting, því sje nauðsynlegt að fá þar vita. Aðrir halda því fram, að við Langanes sje landsýn glögg, og þar sje aðdjúpt, og sjór hreinn, en við Sljettu sjeu útgrynningar og landsýn mjög óglögg. Eftir skýrslum um skipströnd sjest það, að á tímabilinu frá 1879 til 1903, hefur aðeins eitt skip strandað við Langanes (í júní 1879), en þó viti hefði þá verið kominn þar, mundi hann eigi hafa gagnað, því þá hefði hann eigi verið logandi, og sama er að segja í sumar, þegar gufuskipið »Gwent« strandaði þar. Ólíklegt er einnig, að minna hefði orðið úr strandi gufuskipsins »Frithiof« 1906 þó viti hefði verið þar. Aftur á móti hafa skipströnd orðið á Melrakkasljettu á umræddu tímabili, og líklega fleiri síðan. Sennilega hefðu sum af þessum ströndum orðið, þótt viti hefði verið kominn, en eftir skýrslunum má þó telja vafalaust, að eitt af þeim hafi að minsta kosti orðið sökum vitaleysis (seglskip sem strandaði $^{20}/_{9}$ 1889). Það virðist því brýnni ástæða til að byggja stóran vita á Rifstanga, sem geti lýst út yfir allar grynningar, en í sambandi við það virðist sjálfsagt ljósker á Langanesi, og er talið að nægja muni að setja þar upp sjálfhreifandi ljósker, sem ekki þarf að hirða nema 5. til 6. hvern dag, og kemur það sjer vel, því það mundi sett æði langt frá bæjum. Slíkt ljósker mun fást fyrir 3500 kr.

Við 14. gr.

A. Til kirkjumála.

Við a. 1. og 2. *Laun biskups* [illegible] eru talin samkv. lögum 9. desbr. 1889, 1. gr. og skrifstofukostnaður eins [illegible] og áður.

Við b. 1. *Uppbót til prestakalla.* Við hina nýju prestakallaskipun og þær breytingar, sem [illegible] henni eru samfara, svo sem um laun sóknarpresta, hafa uppbætur til [illegible] eftirnefndra brauða fallið burt: Flateyjar, Brjánslæks, Staðar í Grunnavík,

Staðar í Aðalvík, Tröllatungu, Tjarnar á Vatnsnesi, Hvamms og Ketu, Fells í Sljettuhlíð og Staðar í Súgandafirði. Nemur sú upphæð um 3000 kr. og má því færa þenna lið niður í 6500 kr.

Við b. 2.—4. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 14. gr. A. 5.

Eftir 24. gr. laga nr. 46, 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta á að greiða úr landssjóði það sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eftirlaun sín úr prestlaunasjóði. Það er fyrirsjáanlegt að sá sjóður verður langt frá fær um að standast á næsta fjárhagstímabili þessi gjöld. Eptir áliti biskups mun þurfa að leggja til á næsta fjárhagstímabili 15—17,000 kr. árlega til að launa prestum, prófastslaun eru árlega 3,200 kr.; eptirlaun presta má telja 3—4,000 kr., og lokst má ætla um 1,000 kr. til erviðleikauppbótar. Það er því lagt til að áætla framlag landssjóðs árlega 24,000 krónur.

B. Til kenslumála.

I. Til prestaskólans.

Við a. *Laun.* Útgjöldin sundurliðast á sama hátt og að undanförnu, og eru talin samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 5. gr.

Við b. 1.—8. Þessir liðir eru allir óbreyttir, nema hvað það er lagt til eftir beiðni forstöðumanns, að hækka megi styrk til hvers nemanda úr 200 kr. upp í 300 kr.

II. Til læknaskólans.

Við a. *Laun.* Þessi liður sundurliðast á sama hátt, sem að undanförnu.

Við b. 1.—8. Eftir tillögum landlæknis eru gjörðar þær breytingar, er nú skal greina;

1. liður, húsaleigustyrkur, er færður upp í 1200 kr. á ári, meðþví að nemendur eru nú með langflesta móti (16). Af sömu ástæðu er lagt til að hækka 2. lið námsstyrk upp í 1600 kr. Til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda er lagt til að veita 700 kr. árlega.

Við c. Eins og á núgildandi fjárlögum.

III. Til lagaskólans:

Við a. *Laun.* Þau eru talin samkvæmt lögum nr. 38, 16. nóvbr. 1907, 2. gr., og sundurliðast þannig: laun forstöðumanns 4000 kr., laun kennara 2800 kr.

Við b. Forstöðumaður lagaskólans, hefur í brjefi til stjórnarráðsins lýst því yfir, að hann yrði að telja 3 fasta kennara alveg óhjákvæmilega nauðsynlega, og hefur hann því farið fram á, að veittar yrðu 1800 kr. árlega til aukakenslu. Með því að Stjórnarráðið verður að vera honum samdóma í þessu efni, er farið fram á þessa fjárveitingu.

Við c. 1.—7. Önnur útgjöld. Upphæðirnar á þessum liðum eru settar sumpart eftir tillögum forstöðumanns, sumpart m[illegible]með tilliti til, að þegar á fyrsta ári skólans hafa allmargir stúdentar (6) sótt um skóla[illegible]n. Sjerstaklega skal það tekið fram, að eigi virðist síður nauðsynlegt við þennan skóla [illegible]að veita fje til útgáfu kenslubóka; er því farið fram á fjárveitingu til þessa í 7. lið.

IV. Hinn almenni mentaskóli.

Við a. Laun eru talin eins og áður og samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 6. gr.

Við b. Aðstoðarfje. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við c. 1.—13. Allir þessir liðir eru eins og í núgildandi fjárlögum.

V. Til gagnfræðaskólans á Akureyri.

Við a. *Laun.* Þau eru samkvæmt 3. gr. laga, nr. 38, 10. nóvbr. 1903 þessi:

laun skólastjóra	kr.	3000,00
— 1. kennara	—	2000,00
— 2. —»—	—	1600,00
	kr.	6600,00

Við b. *Önnur útgjöld.* Eftir tillögum skólastjóra er farið fram á þessar breytingar. 2. liður til eldiviðar og ljósa er færður upp í 600 kr. Liðurinn 3, til tímakenslu, er færður upp í 2500 krónur, og er svo til ætlast, að af þeirri upphæð gangi 600 kr. í laun til kennara í dráttlist, eins og fjárlaganefnd Nd. ætlaðist til á síðasta þingi, og 400 kr. til kennarans í leikfimi; þessi kennari, sem er vel að sjer í sinni list, hefur gjört það að skilyrði, ef hann ætti að verða kyr við skólann, að hann hefði eitthvað fast, og virðist það eigi ósanngjörn krafa. Þá hefur námsstyrkurinn (4. liður) verið hækkaður um helming. Þegar þess er gætt, að skólinn samsvarar nú hálfum mentaskólanum, en nemendatalan er tiltölulega miklu hærri, þá er ekki í sjálfu sjer ósanngjarnt, þó hann hefði helming styrks móti mentaskólanum, en með tilliti til þess, að námstíminn er á hverju ári einum mánuði styttri, og því nokkuð kostnaðarminni dvöl í skólanum fyrir nemendur, þá er þó ekki farið fram á hærri upphæð en 800 krónur.

Loks er lagt til að skipaður verði sjerstakur dyravörður, er hafi 400 kr. árleg laun, auk bústaðar, eldiviðar og ljósa.

VI. Kennaraskólinn:

Við a. Laun; þau eru talin samkvæmt lögum nr. 63. 22. nóvbr. 1907 5. gr. og skiptast þannig:

Laun skólastjóra	kr.	2400,00
— 1 kennara	—	2200,00
— 2 —	—	2000,00

Við b. Önnur útgjöld. Gjöldin eru sett að mestu leyti eftir tillögum skólastjóra, en auðvitað eru þau af honum nokkuð sett eftir ágiskun, eins og eðlilegt er, meðan engin reynsla er á komin.

VII. Til stýrimannaskólans:

Við a. og b. Liðirnir 1 til tímakenslu og 3 til eldiviðar og ljósa, eru eftir tillögum forstöðumannsins, settir niður hinn fyrri um 400 kr. árlega, og hinn síðari um 100 kr., en hins vegar er 4. liður, ýmisleg útgjöld, hækkaður um 100 kr.

VIII. Til annarar kenslu.

Við a. 1 og 2. Stjórn kvennaskóla Reykjavíkur hefur farið fram á, að skólanum yrði veittur 7000 kr. styrkur hvort árið, hið næsta fjárhagstímabil, og hefur hún um leið skýrt frá, að kostnaður við skólahaldið væri þessi:

Kaup kennara	kr.	3760,00
Húsaleiga	—	2300.00
Eldiviður og ljós	—	1000,00
Ræsting	—	240,00
Ýmisleg gjöld	—	500,00
	Alls kr.	7,800,00

og af upphæð þessari mætti gjöra ráð fyrir, að 800 kr. gæti greiðst af vöxtum af sjóðseign. Þó nú hjer sje um allmikla upphæð að ræða frá því, sem áður var, verður stjórnarráðið að álíta, að eigi hafi hingað til verið varið svo miklu fje til mentunar kvenna, að rjett sje að neita um fjárhæð þessa, með því að telja má víst, að kensla í kvennaskólanum sje og verði nemendum mjög notasæl. Stjórnarnefndin hefur ennfremur skýrt frá því, að byrjað sje að byggja nýtt hús handa skólanum hjer í bænum; er hann taki á leigu; þegar það hús verði tekið til notkunar, þurfi að kaupa frá stofni nálega allan húsbúnað handa skólanum, rúmföt og matreiðsluáhöld, og hefur hún því farið fram á að fá veittar í því skyni 3,000 kr. f. á. Af fyrnefndum ástæðum, og af því að þetta er aðal-kvennaskóli landsins, hefur stjórnarráðinu einnig þótt ástæða til að leita þessarar fjárveitingar.

Liðurinn 3. og 4. eru óbreyttir.

Við b. 1. *Til barnaskóla.* Á síðasta þingi var gert ráð fyrir því, að föstum skólum mundi fjölga nokkuð, og einkum með tilliti til þess var styrkurinn settur talsvert upp, sjerstaklega síðara ár yfirstandandi fjárhagstímabils. Sex skólar hafa bæst við til þessa tíma, og virðist því styrkurinn eigi mega vera minni en árið 1909.

Við b. 2. *Til farskóla.* Það má búast við því, að á næsta fjárhagstímabili verði fjöldi farskóla settir á stofn, og það, eftir áliti umsjónarmanns fræðslumálanna, skólar með því fyrirkomulagi, sem munu reynast framtíðarskólar hjer á landi. Fyrirkomulag þeirra er, að 2 eða 3 smáskólahús eru reist í sama fræðsluhjeraði, og einn kennari, farkennarinn, látinn gegna kenslu í báðum eða öllum skólunum, annað hvort svo, að hann kenni sinn daginn í hverjum, ef skólarnir eru svo nánir, að það sje auðgert, eða þá sína vikuna í hverjum, ef lengra er milli skólanna. Með þessu móti ættu mjög víða flest öll eða öll börn í fræðsluhjeraðinu, að geta verið undir stöðugum fræðsluáhrifum 6 mánuði af árinu, eða jafnvel lengur, því að kennarinn »setur fyrir« í hvert sinn, er hann hættir kenslu og reynir að fá heimilin til að hafa afskifti af námi barnanna meðan hann er burtu, og má því vænta, að heimilin styðji farkennarana í starfi þeirra.

Af því hjer er um þýðingarmikla skóla að ræða er lagt til, að styrkur til þeirra sje hækkaður um þriðjung, og að styrkurinn til hvers megi vera allt að 200 kr.

Við b. 3. Nú þegar frumvarp þetta er samið, liggja fyrir í stjórnarráðinu beiðnir um byggingarstyrk til barnaskólahúsa, sem ýmist hafa verið reist, eða sem reisa á, þegar á næsta sumri, er nema að upphæð um 10,000 kr. en sem ómögulegt hefur verið að sinna, auk þess má búast við, að slíkum skólum fari

mjög fjölgandi á næsta fjárhagstímabili. Þykir því eigi hægt að ætla minni upphæð í þessu skyni en 20,000 kr. hvort ár.

Við b. 4. Framhaldskensla handa kennurum var svo vel sótt í ár (1908) að fyllilega má búast við því að sú upphæð, sem í núgildandi fjárlögum er veitt til hennar, hrökkvi eigi til næstu árin, enda þótt kennararnir við kennaraskólann vinni að henni án sjerstakrar borgunar. Auk þess er svo til ætlast, að kenslutíminn verði lengdur um allt að helmingi. Það er því lagt til að auka þennan styrk um 500 kr. árlega.

Við b. 5. a. *Laun umsjónarmanns fræðslumálefna* eru talin samkvæmt lögum nr, 59, 22. nóvbr. 1907, 33. gr.

Við b. 5. b. og c. Umsjónarmaður fræðslumálanna hefur farið fram á, að nokkurt fje yrði veitt til eftirlitsferða og til skrifstofuhalds. Að því er hið fyrra snertir, þá er það alveg sjálfsagt, að umsjónarmaðurinn þarf að ferðast svo víða um, sem honum er unt, til þess að leiðbeina fræðslunefndum og vekja áhuga almennings á því að koma fræðslumálum hjeraðanna í fast skipulag. Í þessu skyni er lagt til að veita alt að 600 kr., er útborgist eftir reikningi.

Það hefur þegar sýnt sig, að umsjónarmaðurinn hefur æði miklum skrifstofustörfum að gegna, þetta er eðlilegt, meðan verið er að koma öllum kenslumálum á laggirnar, en það eru engin líkindi til, að þau fari minkandi með tímanum, heldur hið gagnstæða. Umsjónarmaður hlýtur að hafa afarvíðtæk brjefaviðskifti við fræðslunefndir, skólanefndir, og aðra viðsvegar um landið er leita til hans. Ennfremur hvílir á honum allmikið starf við fræðslusamþyktir og reglugjörðir fyrir skóla, og loks virðist sjálfsagt að byrja á hagfræðislegum skýrslum um barnafræðsluna, en vinna að slíkum skýrslum, tekur upp mjög mikinn tíma. Að öllu þessu athuguðu þykir Stjórnarráðinu sanngjarnt, að umsjónarmanni sje veitt nokkurt fje til skrifstofuhalds, og leggur til að sú upphæð sje sett 600 krónur.

Við c. *Til unglingaskóla.* Þessi liður er óbreyttur.

Við d. *Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg.* Stjórnarnefnd skólans hefur farið fram á, að reksturskostnaður skólans, sem hún telur kr. 7465,00 verði greiddur úr landsjóði, að frádregnum 265 kr., er borga megi úr skólasjóði, en þá sjeu líka tekjur hans þrotnar, og ennfremur hefur hún farið þess á leit, að veittar yrðu úr landssjóði 10,000 kr. til að byggja skólahús.

Með því að tveir bændaskólar eru nú nýsettir á stofn með lögum, og með því að rekstur þeirra kostar talsverða upphæð, auk þess sem nauðsynlegt er að verja ærnu fje til að byggja hús fyrir þá báða og þar sem hins vegar hjer er að ræða um prívat skóla, sem einungis nýtur og hefur notið styrks af landssjóði, sjer stjórnarráðið sjer alls eigi fært, að leggja það til að landssjóður taki að sjer allan þann kostnað, sem stjórnarnefndin telur, en mun á sínum tíma leggja beiðni stjórnarnefndarinnar fyrir þingið.

Við e.—h. Þessir liðir eru óbreyttir, nema liðurinn h. til kenslu heyrnar- og málleysingja er bæði árin talin hinn sami sem árið 1909.

Við i. Auk hinna blindu drengja Erlends og Jóns Jónssona, sem veittur er styrkur á núgildandi fjárlögum, var systur þeirra, Ingibjörgu, sem líka er blind,

komið í sumar í kenslu á blindra stofnun í Danmörku, fyrir tilstilli nokkurra kvenna hjer í bænum, og sjá þær um meðgjöf með henni til ársloka 1909. Þar sem tveir bræður hennar eru kostaðir af landssjóði, virðist mega gjöra ráð fyrir, að alþingi vilji einnig styrkja stúlkuna, og það því fremur, sem faðirinn er blá-fátækur verkmaður.

Við k. Þessi liður er óbreyttur.

Við l. *Til lýðskólans á Hvítárbakka.* Eftir beiðni forstöðumanns skólans er lagt til, að styrkurinn sé hækkaður um 500 kr. árlega.

IX. Til sundkenslu.

Þessi liður er óbreyttur.

X. Sömuleiðis.

Við 15. gr.

Við 1. *Landsbókasafnið.*

Við 1. a.—c. Launin eru ákveðin í lögum nr. 56, 22. nóvbr. 1907, 2. og 3. gr.

Við 1. d. Eftir tillögum landsbókavarðar er lagt til að hækka þennan lið, til bóka og handritakaupa, upp um 1000 kr. Þessi hækkun ætti að eins að verða næsta fjárhagstímabil, með því að skuld þeirri, sem safnið er í við dr. Jón Þorkelsson fyrir handritasafn hans, verður að fullu lokið árið 1911.

Við 1. e. *Til bókbands.* Þennan lið er lagt til að hækka um 400 kr. árlega.

Við 1. f. *Til samningar spjaldskrár.* Með tilliti til þess annarsvegar, að fje það, sem veitt hefur verið til spjaldskrársamningar undanfarin ár hefur af sjerstökum ástæðum eigi verið notað, og hins vegar vegna þeirrar brýnu þarfar að safnið verði sem fyrst spjaldskráð, er lagt til að þessi liður verði hækkaður um 300 kr. árlega.

Við 1. g. og h. og j. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 1. i. *Til eldiviðar og áhalda.* Það er ekki hægt með vissu að segja, hve mikið af kolum muni ganga til að hita upp hið nýja safnahús, en það er talið líklegt, að til þess gangi um 80 tons af kolum, (cokes). Er því lagt til, að setja þennan lið á 2,200 kr. Að vísu mun ekki nema tæpur helmingur af upphæð þessari ganga til þess að hita upp landsbókasafnið, en þaréð örðugt er að skipta hitaeyðslunni hlutfallslega rjett niður milli allra safnanna, þá þykir handhægast að hafa hana í einu lagi, og þá hjá því safninu sem mest not hefur af húsinu.

Við 1. k. Það er alveg nauðsynlegt, að hafa dyravörð við safnið, sem

auk þess gætir hitavjelarinnar; honum eru ætlaðar 800 kr. í árskaup, auk bústaðar, hita og ljóss.

Við 2. a.—d. *Til bókasafna.* Liðir þessir eru óbreyttir, nema að orðinu »amts« er eðlilega alsstaðar slept úr.

Við 3. Þessi liður, til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum, er sömuleiðis óbreyttur.

Við 4. *Til Landsskjalasafnsins.* Eftir tillögum landsskjalavarðar hafa verið gerðar þessar breytingar. Nýjum lið er bætt við (b.) til aðstoðar 800 kr. árlega. Þegar safnið er komið í hið nýja hús, er það óumflýjanlegt að hafa fastan aðstoðarmann við safnið, einkum þarsem það þá verður opið nokkurn tíma á hverjum degi, og virðist ekki mega ætla slíkum manni minni laun en hjer er farið fram á. Að nauðsyn sje á slíkri aðstoð er viðurkent af þinginu, því í b.lið núgildandi fjárlaga um safnið, er beint ætlað fje til aðstoðar síðara árið, þá er safnið er komið í hið nýja hús. Liðurinn b. er hinn sami sem nú fyrir síðara árið, en feld í burtu orðin »til aðstoðar o. s. frv.

Við 5. og 6. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 7. *Til forngripasafnsins.* a. Laun. Þau eru talin samkvæmt lögum nr. 40. 16. nóvbr. 1907 24. gr.

Við b. Liðurinn er óbreyttur.

Við c. *Til undirbúnings skrásetning fornmenja.* Samkvæmt nýnefndum lögum á fornmenjavörður að semja skrá yfir allar fornleifar sem nú eru kunnar, og tiltaka staðinn svo nákvæmlega, sem kostur er á. Í því skyni er óumflýjanlegt, að hann ferðist um til þess að rannsaka fornleifarnar, og er því lagt til að til þess sjeu veittar 1000 kr. árlega.

Við 8.—14. Þessir liðir eru eins og þeir hafa verið að undanförnu til nokkurra ára, nema 11. liður: Styrkur til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslensk- danskri orðabók, er hækkaður um helming árlega. Sigfús Blöndal hefur í umsókn sinni um hækkun styrksins tekið fram, að hann hafi upprunalega ætlað sjer að ljúka við orðabókina á 5 árum, en ýmislegt, einkum veikindi hans sjálfs og á heimili hans, hafi tafið fyrir því. Verkinu sje þó miðað vel áfram og búist hann við, að hægt verði að byrja á prentun bókarinnar eftir 3 ár. Með því að styrkurinn hafi reynst sjer ónógur fer hann loks fram á, að hann sje hækkaður um helming, og virðist stjórnarráðinu ástæða til að leggja það til að sá styrkur verði veittur.

Við 15. Guðmundur Magnússon skáld, sem tvívegis hefur fengið styrk hjá þinginu hefur sótt um, að sjer yrðu veittar 600 kr. árlega til ritstarfa, einkum til þess lúka við sagnabálk þann, sem byrjaði með sögunni Halla. Stjórnarráðið leggur til, að þessi styrkur sje veittur.

Við 16.—23. Þessir liðir eru allir óbreyttir eins og í núgildandi fjárlögum

Við 24. Þessi liður er færður niður um 200 kr., en um leið er felt burt í skilyrðinu orðin »og halda sögufræðilega fyrirlestra«, með því að ætla verður, að not þeirra fyrir almenning standi ekki í neinu hlutfalli við þá fyrirhöfn, sem er því samfara að semja þá.

Við 25. Þessi liður er óbreyttur.

Við 26. Þessi liður er eins og í núgildandi fjárlögum, en frekari styrk sjer stjórnin eigi fært að leggja til að veittur verði að svo stöddu.

Við 27.—31. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 32. *Til veðursímskeyta innanlands.* Þennan lið er lagt til að hækka um helming, eftir tillögum landsímastjórans. Þegar Vestfjarðaálman er komin á, er alveg nauðsynlegt, að fá daglega veðurskeyti þaðan, og komist samband á við Vestmannaeyjar fyrir næsta fjárhagstímabil eða á því, sem vænta má, verður að fá veðurskeyti þaðan. Slík skeyti eru afarnauðsynleg, og verður því stjórnin að leggja mjög með því, að hin umbeðna upphæð verði veitt, enda kemur hún að miklu leyti landsjóði aftur til tekna meðal símatekna.

Við 16. gr.

Til verklegra fyrirtækja.

Við 1. *Til bændaskólans á Hólum.* Launin eru sett samkvæmt lögum nr. 48, 10. nóvbr. 1905. Laun aðstoðarkennara eru hækkuð um 200 kr. eftir ósk skólastjóra, með því að hann telur vafasamt, að hægt sje að halda þeim aðstoðarkennara sem nú er nema þessi viðbót fáist, en það verði að teljast æskilegt, að hann haldi kenslu áfram. Að því er liðinn c. snertir, önnur útgjöld, þá er lagt til að gjörðar verði þessar breytingar: Til kensluáhalda þykir nægilegt að verja 500 kr. árlega. Til eldiviðar og ljósa eru áætlaðar 600 kr. árlega og er það talsvert hærra en á Hvanneyri, en þess ber að gæta, að flutningskostnaður er ærið mikill. Skólastjóri hefur að vísu farið fram á enn hærri upphæð, en stjórnin gjörir ráð fyrir, að hann gjöri sjer alt far um að fá flutninginn sem ódýrastan, og þó tekið sje alt tillit til hans, þá virðist þessi upphæð ætti að nægja í samanburði við Hvanneyrarskólann. Þá er og loks lagt til að hækka nemendastyrkinn upp í 400 kr.; aðrir liðir eru óbreyttir.

Skólastjóri álítur nauðsynlegt að bygt verði nýtt skólahús, leikfimishús og smiðja. Þessi hús ásamt trjesmíðaáhöldum og járnsmíðaáhöldum fyrir 6 menn svo og leikfimisáhöldum, kosta 27,100 kr. Eftir áliti skólastjóra verður eigi hægt að starfa samkvæmt reglugjörð skólans, nema húsrúm það er að framan greinir fáist handa skólanum. Teikningar og áætlanir verða lagðar fyrir þingið.

Við 2. *Til bændaskólans á Hvanneyri.* Laun eru sett samkvæmt lögum nr. 48, 10. nóvbr. 1905, en önnur útgjöld eru sett eftir tillögum skólastjórans og skal um þau þetta tekið fram. Laun aðstoðarkennara eru hækkuð um 200 kr. árlega, með því að ekki er talið hægt að fá hæfan mann til þessa starfa fyrir lægri laun en 1000 kr. Til kensluáhalda þykir nægja að verja 500 kr. hvort árið. Nemendastyrkur er færður upp um 100 kr. árlega upp í 400 kr., og má það ekki minna vera, þar sem til er ætlast, að 40 nemendur sjeu á skólanum.

Þegar byrjað var á kenslu á Hvanneyri samkvæmt bændaskólalögunum, kom það þegar í ljós, að húsrúm var hvergi nærri nægilegt í skólahúsinu, til þess að kenslu yrði hagað eins og lögin ætluðust til, og til þess, að piltar gætu haft sameiginlegt mötuneyti, og ennfremur skorti svefnhús handa þeim. Það er því óumflýjanlega nauðsynlegt að auka húsrúm þar á einhvern hátt. Rögnvaldur byggingarfræðingur Ólafsson var því sendur upp að Hvanneyri á síðastliðnu sumri, til þess að athuga sjerstaklega, hvort eigi mætti breyta skólahúsinu, eða auka við það svo, að það nægði samkvæmt lögunum. Í ítarlegu erindi, sem lagt mun verða fyrir þingið, hefur hann talið svo marga og mikla agnúa á því að auka við skólahúsið, að það virðist ótækt. Hann leggur því til, að reist verði sjerstakt hús á Hvanneyri í þarfir skólans, að svo miklu leyti, sem hið eldra hrekkur ekki til, og gjörir hann ráð fyrir, að slíkt hús sje bygt úr steinsteypu, og að það muni kosta um 46,000 kr., en ef það yrði bygt úr timbri, járnvarið og vel vandað öllu, mundi mega koma því upp fyrir 39,000 kr.

Jafnvel þó fjárhagur landsins megi tæplega við því, að leggja svo mikla upphæð fram til byggingar skólahúsi, og jafnvel þó ekki hafi verið búist við nýrri byggingu, þá er bændaskólalögin voru samin, þá virðist þó ekki verða hjá því komist, ef lögin eiga að ná tilgangi sínum, að byggja slíkt hús, og þegar um það er að velja, hvort það eigi heldur að vera úr timbri eða steini, þá virðist það ekki skoðunarmál, að heldur á að velja steinsteypu en timbur, þegar annarsvegar er litið á hinn litla mun á verðinu og hinsvegar er haft tillit til, hve steinhús eru endingarbetri, minni hætta af eldsvoða, og vátryggingargjald mikið lægra. Stjórnin hefur því að öllu athuguðu lagt það til, að bygt verði steinsteypuhús á Hvanneyri, og fer fram á fjárveitingu í því skyni. Uppdrættir af skólahúsinu á Hvanneyri, sem er, og hinu nýja húsi, verða lagðir fyrir þingið.

Við 3. og 4. Þessir liðir eru óbreyttir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 5. *Til búnaðarfjelaga.* Samkvæmt bendingum fjárlaganefndar Nd. (Alþ.tíð. 1907, A. bls. 626) er lagt til að lækka styrkinn til búnaðarfjelaga um 1000 kr. fyrra árið og 2000 kr. hið síðara ár.

Við 6. a. *Til Búnaðarfjelags Íslands.* Stjórn fjelagsins hefur sent Stjórnarráðinu ítarlegt erindi um þarfir þess næsta fjárhagstímabil, og mun það verða lagt fyrir alþingi; samkvæmt því er tillagið hækkað um 3000 kr. árlega, og eru 2000 kr. ætlaðar til ræktunarfyrirtækja, sbr. gjaldlið 6. í áætlun fyrir árin 1908 og 1909 (Búnaðarrit 21 ár bls. 237) og 1000 kr. til búnaðarnámsskeiða, er mikið þykir til koma, og ýmsar beiðnir hafa komið um að haldið yrði áfram.

Við 6. b. Eftir að Thalbitzer verkfræðingur hafði sumarið 1906 gjört mælingar og áætlun um áveitu úr Þjórsá yfir Skeið og Flóa, ferðaðist ráðunautur Búnaðarfjelagsins, Sigurður Sigurðsson, haustið 1907 um áveitusvæðið, og hjelt fundi í öllum hreppum Flóans, til þess að heyra undirtektir manna um málið. Ferðaskýrsla hans er prentuð í Búnaðarritinu XXI. árg. bls. 322--24, og ber hún með sjer, að það hefur verið nær einróma ósk bænda þar, að áveitan kæmist í framkvæmd, og að þeir hafa látið í ljós, að þeir vildu leggja á sig byrðar þær, er til þess þarf.

Með því þetta mál, sem getur haft afarmikla þýðingu, er langt frá því nægilega undirbúið enn, hefur Stjórnarráðið lagt það til, eftir tilmælum Búnaðar-

fjelagsins, að veittar yrðu 4000 kr. árlega til nánari undirbúningsrannsókna og mælinga viðvíkjandi þessari áveitu.

Við 7. Laun skógræktarstjóra eru talin samkvæmt lögum nr. 54, 22. nóv. 1907, 2. gr.

Við 8. *Til skóggræðslu.* Upphæðin er óbreytt og er svo tilætlast, að henni sje varið þannig:

	1910	1911
Laun 4 skógarvarða	4,400,00	4,400,00
— eftirlitsmanns við Rauðavatn og Þingvelli	500,00	500,00
Til gróðrarstöðva við Rauðavatn	300,00	300,00
— —»— — Þingvelli	300,00	300,00
— —»— — Grund	100,00	50,00
Til ýmsra framkvæmda í Háls- og Vaglaskógum	1000,00	1100,00
Til ýmsra framkvæmda í Hallormsstaðaskógi	1600,00	1550,00
Til girðinga við Sogið, Efstadal og við Laxfoss	1100,00	
Styrkur til skjólgarðs við Eiða og Brekku	500,00	
Styrkur til gróðrarstöðvar á Akureyri	400,00	
Til girðingar við Reykjahlíð, Skinnastað, Laug við Geysi, Saurbæ og víðar		2000,00
Ferðakostnaður	800,00	800,00
Alls	11,000,00	11,000,00

Við 9. *Til sandgræðslu.* Upphæðinni, sem er óbreytt, er ætlast til að verja þannig:

	1910	1911
Til tveggja sandgræðslumanna	2000,00	2000,00
Til girðinga við Reyki á Skeiðum	600,00	500,00
Til girðinga við Jólgeirstaði og við Hvaleyri	400,00	
Til girðinga við Fellsmúla og Skarð milli Þjórsár og Vestri-Rangár	500,00	1000,00
Til að safna marhálmi og til sáninga	500,00	500,00
Alls	4000,00	4000,00

Við 10. *Styrkur til samvinnusmjörbúa.* Samkvæmt tilætlun alþingis er þessi styrkur færður niður um 2000 kr. hvort árið.

Við 11.—17. Allir þessir liðir eru óbreyttir.

Við 18. *Til iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds.* Stjórn þess fjelags hefur farið fram á að fá þennan styrk, og virðist stjórnarráðinu full ástæða til að verða við þeirri beiðni, þar sem Seyðisfjarðarkaupstaður hingað til hefur einkis slíks styrks notið, eins og hinir aðrir kaupstaðir.

Við 19. Það hefur verið mikil eftirsókn eftir þessum styrk; miklu fleiri sótt, en nokkur tök voru á að veita. Stjórninni virðist því tilhlýðilegt að hækka styrkinn um 500 kr. hvort árið.

Við 20. *Til verslunarskólahalds.* Forstöðunefnd verslunarskólans í Reykjavík hefur farið þess á leit, að styrkurinn til skólans verði hækkaður upp í 5000 kr. árlega og tilfærir sem ástæðu fyrir beiðninni, að skólinn hafi haft og hafi mikla aðsókn, að nær allir þeir, sem útskrifast hafa af skólanum, hafi þegar

fengið fasta atvinnnu við verslanir og sýni það, að kaupmenn meti starf skólans, og beri traust til hans. Kenslan hafi verið aukin árlega, og nú í ár sje bætt við 12 stundum á viku, án þess að fjölga námsgreinum, svo að nú sje alls kent 78 stundir á viku.

Með því að stjórnarráðið verður að viðurkenna, að skóli þessi hafi þegar gjört mjög mikið gagn og að hann eflist ár frá ári, eins og skýrslur hans, sem lagðar munu verða fyrir þingið, sýna, finst því ástæða til að leggja með því, að hinn umbeðni styrkur verði veittur.

Við 21.—25. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 26. *Til grasgarðs í Reykjavík.* Þeir cand. mag. Helgi Jónsson og ráðunautur Einar Helgason hafa þegar komið upp dálitlum grasgarði í Gróðrarstöðinni í Reykjavík og hafa þar gróðursett allmargar íslenskar tegundir. Til þessa hafa þeir engan styrk haft, en unnið að því kauplaust, og enda borgað vinnu úr sínum eigin vasa. Þeir hafa farið þess á leit, að fá 800 kr. styrk árlega til þess að auka þennan grasgarð, og þar sem hjer er að ræða um að leggja aðeins litla upphæð fram til fyrirtækis, sem getur haft mikla þýðingu, hefur stjórnarráðið tekið þessa upphæð inn í frumvarpið.

Við 27. Liðurinn er óbreyttur.

Við 28. Sjá athugasemdir við fjáraukalagafrumvarpið fyrir 1908 og 1909.

Við 17. gr.

Eins og að undanförnu sbr. 5. gr., 2. og 3. lið.

Við 18. gr.

Gjöld þessi eru talin 125 þús. kr. Skrá yfir eftirlaun embættismanna, ekkna og barna, eins og þau voru í lok oktbr.mánaðar 1908 er prentuð hjer á eftir.

Við 19. gr.

Með tilliti til þess, að sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar, er ekki tilfært tekjumegin eins og í núgildandi fjárlögum, heldur er það að svo miklu leyti, sem það rennur í landssjóð, fólgið í liðnum, »óvissar tekjur«, þykir hæfilegt að áætla óviss útgjöld kr. 6000,00.

Við 21. gr.

Af þeim lánsliðum, sem standa í núgildandi fjárlögum, virðist eigi ástæða til að halda öðrum, en þeim sem ætlaðir eru til stofnunar mjólkurbúa, til þurrabúðarmanna utan kaupstaða og til sýslufjelaga til landsímalagninga, þar sem áskilið er framlag af þeirra hálfu.

Búnaðarfjelag Íslands hefur vakið máls á því, hvort eigi mundi vera rjett að veita þeim sýslufjelögum, er þess óskuðu, lán til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, eins og oft hefur komið til tals á alþingi, þó aldrei

hafi það til framkvæmda komið; stjórnarráðið hefur eigi getað fallist á, að slík lán yrðu heimiluð yfirleitt, heldur að rjettara væri að binda þau við þær sýslur einar, sem liggja svo, að sigling þangað geti tepst af ísum, og leggur stjórnarráðið til, að í því skyni megi lána með venjulegum skilyrðum 30,000 krónur.

Fylgiskjal.

Skrá

yfir

eftirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíldu á landssjóði við lok októbermánaðar 1908.

	A. Embættismenn:	kr.	a.	kr.	a.
		kr.	a.		
1	Páll Melsteð, sögukennari . ... Lög 16/9. 1893.	1,800,	00		
2	Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði ... ... kon. úrsk. 31/5. 1895.	1,500,	54		
3	Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir í 11. læknishjeraði ... ... kon. úrsk. 14/4. 1896.	1,586,	20		
4	Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu kon. úrsk. 29/5. 1896.	1,593,	78		
5	Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu. ... ... kon. úrsk. 1/8. 1899.	1,601,	40		
6	Þorvaldur Jónsson, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði. ... ... kon. úrsk. 15/11. 1900.	1,626,	66		
7	Magnús Stephensen, landshöfðingi . ... Biðlaun frá 1/2. 1904.	6,222,	22		
8	Björn Magnússon Ólsen, rektor við lærða skólann í Reykjavík ... ... kon. úrsk. 25/4. 1904.	2,255,	56		
9	Júlíus Havsteen, amtmaður í Suður- og Vesturamtinu ... ... Biðlaun frá 1/10. 1904.	4,000,	00		
10	Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði ... ... kon. úrsk. 19/4. 1906.	1,133,	33		
		Flyt		23,319,	69

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	23,319,69	
11	Jónas Jónassen, landlæknir ... ... kon. úrsk. 19/7. 1906.	2,875, 55	
12	Einar Benediktsson, sýslumaður ... ... kon. úrsk. 10/4. 1907.	641, 91	
13	Halldór Briem, kennari ... ... kon. úrsk. 13/7. 1908.	1,440, 00	
14	Hallgrímur Sveinsson, biskup .. .. kon. úrsk. 19/9. 1908.	4.666, 67	32,943, 82

B. Embættismanna ekkjur og börn.

		kr. a.	kr. a.
1	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensen í Strandasýslu, frá 1. ágúst 1854	100, 79	
2	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsen, frá 1. ág. 1855	138, 75	
3	Clara Margrethe Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu, frá 1. sept 1860 kr. a. 212, 87 Ennfremur styrkur til húsaleigu á ári 40, »	252, 87	
4	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis, kancelliráðs Skúla Thorarensen frá 1. maí 1872	273, 33	
5	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis Þórðar Tómassonar, frá 1. desbr. 1873	197, »	
6	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Pjeturs Havstein, frá 1. júlí 1875	529, 16	
7	Hildur Solveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. E. Magnússonar, frá 1. júli 1876	538, 27	
8	Lovise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadt, frá 1. nóv. 1881	81, 25	
9	Sigríður Blöndal, ekkja sýslumanns G. Blöndal í Barðastrandasýslu frá 1. júní 1884	300, 45	
10	Elinborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg, frá. 1. febr. 1886	919, 17	
11	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Bolbroe í Vestmannaeyjum, frá 1. maí 1888	75, »	
12	Kristin Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar í 18. læknishjeraði frá 1. jan. 1890	187, 50	
	Flyt	3,593, 54	32,943, 82

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	3,593,54	32,943, 82
13	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen, frá 1. október 1891	750, »	
14	Ragnheiður Guðjohnsem, ekkja hjeraðslæknis Einars Guðjohnsen í 13. læknishjeraði, frá 1. ág. 1891	187, 50	
15	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja lektors theol., forstöðumanns prestaskólans Helga Hálfdánarsonar, frá 1. febr. 1894	575, »	
16	Ásta Hallgrímsson, ekkja læknaskólakennara Tómasar Hallgrímssonar, frá 1. jan. 1894 350 kr. Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa Tómasi syni hennar fæddum 9. ágúst 1894 til fullra 18 ára ... ... 100 —	450 »	
17	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja sýslumanns H. E. Johnson í Rangárvallasýslu frá 1. maí 1894	412, 59	
18	Kristín Blöndal, ekkja sýslumanns Lárusar Blöndal í Húnavatnssýslu, frá 1. maí 1894	582, 45	
19	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja hjeraðslæknis Hjörts Jónssonar í 4. læknishjeraði, frá 1. maí 1894	305, »	
20	Þuríður Johnsen, ekkja sýslumanns Jóns Johnsen í Suður-Múlasýslu, frá 1. nóvbr. 1895 ...	430, 80	
21	Sigþrúður Friðriksdóttir, ekkja justitiarii Jóns Pjeturssonar, frá 1. febr. 1896	725, »	
22	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Ólafs Sigvaldasonar, frá 1. júní 1896	187, 50	
23	Maria Kristín Finsen, ekkja Ó. Finsen póstmeistara, frá 1. apríl 1897	300, »	
24	Margrjet Guðmundsdóttir, ekkja Jóhannesar Ólafssonar, sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, frá 1. apríl 1897 ... ... 398, 47 Samkvæmt konungsúrskurði 11. jan. 1898 handa syni hennar: Valdemar David, f. 18. sept. 1896 ... 100, »	kr. a. 498, 37	
25	Ragnhildur Sverrisson, ekkja sýslumanns Sigurðar Sverrison í Strandasýslu, frá 1. febr. 1899	328, 58	
26	Charlotte Caroline Leopoldine Friðriksson, ekkja yfirkennara við lærða skólann í Reykjavík Halldórs Kr. Friðrikssonar, frá 1. apríl 1902	400, »	
27	Elín Guðrún Blöndal, ekkja hjeraðlæknis Páls Blöndal í 3. læknishjeraði, frá 1. febr. 1903	187, 50	
28	Henriette Louise Jensson, ekkja Björns Jenssonar kennara við lærða skólann í Reykjavík frá 1.		
	Flyt	9,913, 83	33,943, 82

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	9,913, 83	32,943, 82
	kr. a.		
	mars 1904 ... ... 350, »		
	Samkv. kon. úrsk. 21. apríl 1904 handa börnum hennar til fullra ára:		
	1. Þórdísi, f. 22. febr. 1892 ... ... 80, »		
	2. Ágústu, f. 14. febr. 1894 . ... 80, »		
	3. Arndísi, f. 17. mars 1895 ... ... 80, »		
	4. Soffíu, f. 25. apríl 1899 .. .. 80, »	670, »	
29	Álfheiður Briem, ekkja amtmanns Páls Briem		
	kr. a.		
	frá 1/1. 1905 ... ... 625, »		
	Samkv. kon. úrsk. 21/3. 1905 handa börnum hennar til fullra 18 ára:		
	1. Þórhildi, f. 7. des. 1896 . ... 100, »		
	2. Eggert, f. 6. jan. 1898 ... ... 100, »		
	3. Friede, f. 7. okt. 1900 ... ... 100, »		
	4. Helga, f. 18. júní 1902 ... ... 100, »		
	5. Kristínu, f. 1. apríl 1904 ... ... 100, »	1125, »	
30	Margrjet Egilsdóttir, ekkja Halldórs Bjarnasonar sýslum. í Barðastrandarsýslu frá 1. mars 1905	351, 50	
31	Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar hjeraðslæknis í Rangárhjeraði frá 1. apríl 1906	187, 50	
32	Guðrún B. Gisladóttir, ekkja hjeraðslæknis Jóns Sigurðssonar	189, 37	
33	Sophia Thorsteinson, ekkja landfógeta Árna Thorsteinson frá 1. desbr. 1907	683, 59	
			13,120. 79

C. Uppgjafaprestar.

		kr. a.	
1	Halldór Þorsteinsson frv. prestur í Landeyjaþingum, frá fardögum 1898	250, »	
2	Stefán Stephensen, fyrv. prestur að Mosfelli, frá fardögum 1900	208, 65	
3	Lárus Benediktsson, fyrv. prestur að Selárdal, frá fardögum 1902	54, 29	
4	Tómas Björnsson, fyrv. prestur að Barði, frá fardögum 1902	405, 28	
	Flyt	918. 22	46,064. 61

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	918. 22	46,064, 61
5	Jakob Benediktsson, fyrv. prestur að Glaumbæ, frá fardögum 1900	33, 34	
6	Ólafur Stephensen, fyrv. prestur að Mosfelli, frá fardögum 1903	145, 56	
7	Jón Magnússon, fyrv. prestur að Ríp, frá fardögum 1904	230, »	
8	Gísli Kjartansson fyrv. prestur í Mýrdalsþingum, frá fardögum 1904	131, 78	
9	Páll Sivertsen, fyrv. prestur að Stað í Aðalvík, frá fardögum 1905	477, 73	
10	Hjörleifur Einarsson, fyrv. prestur að Undirfelli, frá fardögum 1906	460, »	2,396, 63

D. Prestsekkjur:

	kr. a.	
Eftir landsreikningnum fyrir 1907 numu eftirlaunin til prestekkna við árslok	4,722 53	
Af þeim hafa síðan fallið burtu	» »	
	4,722, 53	
en bæst við	268, 60	4,991, 13

E. Samkvæmt 17. gr. fjárlaganna.

	kr. a.	
Eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Thomsen	300, »	
Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Önnu Johnsen ...	150, »	
— — — prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur	105, 40	
Styrkur til ekkjufrúar Torfhildar Holm	200, »	
— — — Bjargar Jónsdóttur	300, »	
— — — Valgerðar Þorsteinsdóttur	250, »	
— — — Solveigar Þórðardóttur ...	200, »	
— — — Magneu Ásgeirsson	200, »	
— — — Elinborgar Friðrikssdóttur	200, »	
— — — Sigríðar Þorkelsdóttur ...	200, »	
— — — Raghildar Björnsdóttur ...	200, »	
Til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen	2,000, »	
— sjera Matthíasar Jochumssonar	2,000, »	
— — Hjörleifs Einarssonar	300, »	
Flyt	6,605, 10	53,452, 37

		kr.	a.	kr.	a.
	Fluttar	6,605,	40	53,452,	37
Til	Sumarliða pósts	200,	»		
—	Hannesar pósts	200,	»		
—	Gísla Eirikssonar pósts	200,	»		
—	Jóhanns Jónssonar pósts	200,	»		
—	Egils Gunnlaugssonar pósts	100,	»		
—	Sigurðar Jónssonar fyrv. fangavarðar	800,	»		
—	Tómasar Daviðssonar barnakennara	200,	»	8,505,	40
				61,957,	77

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1908 og 1909.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 veitast kr.: 133,936,17 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 10. lið l.

Til þess að fullgjöra sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði (þar af endurveiting 1168 kr. 69 au.) ... ... kr, 2295,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitist

Við A. 4.	Til þess að setja miðstöðvarhitun í pósthúsbygginguna	kr.	3,000,00
Við B. III.	Til brúargjörðar á Ytri-Rangá hjá Ægisíðuhöfða	—	47,000,00
Við B. VIII.	Til aðstoðar-verkfræðings til rannsókna og mælinga viðvíkjandi járnbrautarlagning austur	—	2,700,00
Við C. 2 e.	Til viðbótar við styrk árið 1909 til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar..	—	4,000,00
Við D. II. 6.	Gegn því, að í stað ráðgjörðs 3.3 m/m koparsíma frá Reykjavík til Selfoss og 4 m/m járnsíma þaðan að Eystri-Garðsauka, sje notaður 4.5 m/m járnþráður alla leið, má draga 10,000 krónur frá tillagi því, sem heimtað er í fjárlögunum til símalínu þessarar af Árnes- og Rángárvallasýslum. Til þess í framhaldi af þessari línu að leggja talsíma frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja, veitist, gegn 8000 kr. tillagi frá Vestmannaeyjasýslu	—	34,200,00
		flyt	— 90,900,00

		flutt: kr.	90,900,00
Við D.	bætast 2 nýir liðir:		
	1. Af kostnaði við símalínu frá Kalastaðakoti til Akraness	—	7,400,00
	Veitist með því skilyrði, að Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla greiði samtals 5,400 krónur til þessarar línu og til línunnar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness, og fellur þá burtu það sjerstaka tillag, sem í fjárlögunum er áskilið til Borgarnesálmunnar.		
	2. Fje því, sem sparast hefur af þeim upphæðum, sem veittar eru í fjárlaganna 13. gr. D. II. 1, 2., 4, 5, 7, 8, 9 og 10 má verja til þess að kaupa landssjóði til handa einkalínurnar frá Seyðisfirði og Egilsstöðum til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þannig, að hlutaðeigandi sýslufjelög, auk þeirra 4000 kr., sem lagðar hafa verið til Eskifjarðarlínunnar, taki að sjer 5000 kr. af landssjóðsláni því, er á símunum hvílir. Í viðbót má verja allt að	—	6,000,00
	Það skal í skilyrðum haft við stofnsetning og framhald talsímastöðva til almenningsnota á framangreindum símaleiðum, að hrepparnir ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva, og stjórnin nánar ákveður.		
Við E.	1, Til þess að setja lítinn aukavita við Reykjanesvitann	—	2,500,00
	2, Til þess að setja bráðabirgðavita á Öndverðarnes	—	3,500,00
	3, Til útgjalda við vitann á Siglunesi haustið 1908 og árið 1909	—	1,400,00
	4, Til þess að endurreisa innsiglingarvarðann á Grímsey í Steingrímsfirði	—	300,00
		kr.	112,000,00

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 14 gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitist:

Við B. III.	Til lagaskólans:		
	b. 4. til bókakaupa	kr.	1,000,00
	b. 6. önnur útgjöld	—	400,00
Við B. V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:		
	1, Til aðgerðar á skólahúsinu 1908	—	850,00
	2, — aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbótar þeim s. á. (þar með baðáhöld)	—	1,250,00
	3, Til leikfimishúss	—	2,000,00
	4, — lampa og ljósáhalda	—	800,00
	5, — kennarapúlta o. fl.	—	500,00
	6, — tímakenslu	—	500,00
		flyt kr.	7,300,00

	flutt	kr.	7,300,00
Við 14. gr. B. VII. f.	Til viðbótar við námstyrk við kennaraskólann	kr.	900,00
	— viðgerðar við lóð skólans	—	1,000,00
		kr.	9,200,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta, veitist:

Við 7.	Til rannsókna og undirbúnings skrásetning fornmenja samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, eftir reikningi alt að	kr.	1,000,00
Við 38.	Fyrir veðursímskeyti til stöðvanna á Húsavík, Fáskrúðsfirði, Keflavík, Gerðum, Ísafirði, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal og Patreksfirði; frá 1. nóvember 1903—31. desember 1909	—	2,800,00
		kr.	3,800,00

6. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Við 7.	Til þess að byggja fjós á Hallormsstað og gjöra að bæjarhúsum á Ormstöðum...	kr.	1,200,00
Við 8.	1, Til vegar framhjá sandgræðslusvæði við Reyki á Skeiðum 1908	—	541,17
	2, Til vegar fyrir austan sama sandgræðslusvæði sumarið 1909, gegn því að það, sem á vantar, verði borgað annarsstaðar frá	—	2,000,00
Eftir 16.	Til Iðnaðarmannafjelagsins á Seyðisfirði til kveldskólahalds	—	300,00
Eftir 31.	1. Til Hallgríms Benediktssonar, Jóhannesar Jósepssonar o. fl. til þess að sýna glímu við olympisku leikina í London sumarið 1908	—	2,000,00
	2. Til Tómasar Tómassonar, leiga fyrir Gullfoss árin 1908 og 1909	—	600,00
		kr.	6,641,17

7. gr.

7000 kr. lán úr viðlagasjóði, veitt stórkaupmanni Thor. E. Tulinius til símalagninga til Norðfjarðar gegn tryggingu í línunni, með 4% vöxtum á ári og endurgreiðslu á 18 árum, samþykkist.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Við 2. gr.

Á fjárlögunum frá 1906 og 1907 voru veittar 5,000 kr. til þess að koma upp sóttvarnarhúsi á Seyðisfirði. Árið 1906 var keypt í þessu skyni hús á Búðareyri, og til þess varið 3831 kr. 31 eyri. Nauðsynlegar breytingar og umbætur á húsinu voru ekki fullgjörðar fyr en á árinu 1908 og gátu eigi fengist fyrir minna en 2295 kr., enda er húsið nú vel úr garði gjört, sterkt og hentugt. Húsið hefur þannig alls kostað 6,126 kr. 31 eyri og verður því hin eiginlega umframgreiðsla 1126 kr. 31 eyrir.

Við 3. gr.

Við A 4. Af þessari upphæð ætti helmingurinn eiginlega að teljast undir D, með því að kostnaður þessi kemur landsímastöðinni í Reykjavík eins til nota eins og pósthúsinu, en upphæðin er öll sett hjer til hægri verka. Eftir skýrslu póstmeistara og landsímastjóra er nauðsynlegt að gjöra breyting á hinni núverandi upphitun hússins. Ofnarnir eru bæði gamlir og óhentugir, trekkja illa og duga ekki til að hita herbergin. Í stað þess að kaupa nýja ofna hafa póstmeistari og ritsímastjóri farið fram á, að miðstöðvarhitun sje sett í húsið, og verður að álíta, að það sje hentugast og ódýrast til lengdar. Miðstöðvarhitun með vatni er áætlað að sett verði í húsið fyrir um 3000 krónur.

Við B III. Í athugasemdum við fjárlagafrumvarp stjórnarinnar fyrir árin 1908 og 1909 var gerð grein fyrir því, að um tvö brúarstæði væri að velja á Ytri-Rangá, hið efra á Ægisíðuhöfða og hið neðra á Ægisíðufossi; var þar gert ráð fyrir því, að brú á efra brúarstæðinu mundi kosta 55 þúsund kr., en brú á hinu neðra 29 þúsund kr. auk 11 þúsund króna til vega báðum megin, svo að verðmunur var þá talinn í raun og veru 15 þús. krónur. Eftir að nákvæm rannsókn á efra brúarstæðinu nú hefur fram farið og tilboð hefur verið fengið um járnyfirbygging að brú á þeim stað, má ætla að kostnaðarmunurinn verði ekki nema 7000 krónur, og með því að hjeraðsbúum er það hið mesta áhugamál, að valið sje efra brúarstæðið, sem liggur betur við, er lagt til að svo verði gjört. Virðist ekki rjett að láta ágreining um brúarstæðið verða þess valdandi enn á þessu þingi, að fyrirfarist að veita fje til brúar þessarar, sem vegna umferðar og flutningsmagns á eðlilegan rjett til þess að verða næst í röðinni af hinum stærri brúm. Það þykir nauðsynlegt, að brúin geti komist á þegar í sumar 1909, bæði vegna þarfar þeirrar, er á brúnni er, og eins vegna hins, að árið 1910 er ráðgert, að Norðurá í Borgarfirði verði brúuð; væri Rangárbrúin látin bíða þess árs þá yrðu tvær stórbrýr samferða, sem er mjög óhagkvæmt, þar sem ekki er nema tveim verkfræðingum á að skipa til umsjónar; þeir yrðu þá báðir bundnir það sumarið og gætu tæplega sinnt sem þarf þeim vegagjörðum og smærri brúargerðum, sem alt af kalla að. Einnig er það óhentugt og bakar aukinn kostnað til áhalda, að láta tvö slík verk verða samferða, í stað þess að framkvæma hvert verkið á sínu ári. Brúargerðinni á Norðurá er ekki hægt að fresta lengur en til 1910, nema hlje sje gert á vinnu allri við Borgarfjarðarbrautina, en sumarið 1909 liggur ekki fyrir nein stórbrúargerð, enda var það tilætlunin samkvæmt fjárlagafrumvarpinu

fyrir 1908 og 1909 að Rangárbrúin yrði þá gerð, hefði samkomulag náðst um brúarstæðið.

Uppdrættir að brúnni verða lagðir fyrir þingið. Aætlaður kostnaður 47,000 kr., sundurliðast þannig:

I.	Undirbygging (4 stöplar)	15,000
II.	Yfirbygging (járn)	19,000
III.	Vegur að og frá	1,000
IV.	Verkpallar	5,000
V.	Áhöld	3,000
IV.	Verkstjórn, ýmisleg og óviss gjöld	4,000
		47,000

Við B VIII. Á fjárlögunum fyrir 1908 og 1909 voru veittar 16,500 kr. fyrra árið til þess að gjöra nákvæmar landmælingar, er lagðar geti orðið til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár og er þeim mælingum nú lokið svo, að verkfræðingur getur byrjað að velja leiðina og gjöra bráðabirgðaráætlanir um kostnað. En til þess þarf itarlegar rannsóknir og mælingar, sem hr. verkfræðingi Th. Krabbe er ætlað að gera í sumar. En með því að hann einnig hefur öðrum störfum að sinna, virðist óhjákvæmilegt að fá honum aðstoð í þessu skyni, og er lagt til, að til þess sjeu veittar 2,700 kr.

Við C. 2 e. Styrkurinn til bátaferða á Austfjörðum frá Langanesi til Hornafjarðar kom eigi að notum sumarið 1908, með því að hinar veittu 6000 kr. reyndust eigi nægilegar. Aptur á móti er sennilegt, eftir því sem upplýst hefur verið af þingmönnum Suður-Múlasýslu, að ferðirnar hefðu komist á, ef styrkurinn hefði numið 10,000 kr. Með því að mjög mikil þörf er á ferðum þessum, sjerstaklega vegna Austur-Skaptafellssýslu, þykir nauðsynlegt að stuðla að því, að lánast geti að koma ferðum þessum á þegar í sumar og er því lagt til, að bætt sje við styrkinn 4000 kr. fyrir árið 1909.

Við D. II. 6. — Þörfin á því, að koma Vestmannaeyjum í símasamband við aðra hluta landsins verður tilfinnanlegri ár frá ári eftir því, sem sigling eykst og innlendar fiskiveiðar. Auk þess gagns, sem af því yrði fyrir eyjarnar sjálfar og fiskiveiðar landsins, má og ætla, að eftirlitið með fiskiveiðum útlendinga ljettist við það að mun; en vegna kostnaðarins er ekki hugsandi til að leggja sæsímann milli lands og eyja annarsstaðar en þar, sem styst er til lands, og verður Vestmannaeyjasíminn því að vera í sambandi við símaálmuna milli Reykjavíkur og Eystri-Garðsauka, sem fje er veitt til í fjárlögunum fyrir 1908 og 1909, og ætlað var til að bygð yrði árið 1908. Eins og kunnugt er fórst símalagning þessi fyrir í sumar sem leið, af því að sýslunefnd Árnessýslu neitaði um það tillag, sem í fjárlögunum var gert að skilyrði fyrir fjárveitingunni af landssjóði.

Nú hefur reynsla sú, sem fengin er við lagning Vestfjarðaálmunnar, sýnt, að fullnægjandi talsímasamband má fá austur um sýslur, með því að nota tvísettan 4.5 m/m járnþráð í staðinn fyrir 3.3 m/m koparþráð og 4 m/m járnþráð, sem gjört var ráð fyrir í kostnaðaráætlun þeirri, sem fjárveitingin í fjárlögunum miðast við. Með þeirri breytingu mundu sparast 10,000 krónur af

hinni veittu upphæð[1], og með tilliti til þeirrar þarfar, sem landinu í heild sinni er á því, að þessi lína komist í framkvæmd í sumar, og sjerstaklega með tilliti til þess, að sá sími verður gegnumgangslína fyrir öll skeytasambönd frá Vestmannaeyjum innanlands og utan, virðist mega láta þá upphæð dragast frá tillagi því, sem Árnessýslu og Rangárvallasýslu er gjört að greiða, þannig að tillag Árnessýslu færist niður í 6000 kr., og tillag Rangárvallasýslu niður í 4000 kr., ef síminn er bygður 1909. — Það er því lagt til að heimild sje veitt til þessarar breytingar á símanum og niðurfærslu á tillaginu, og í sambandi við það, er farið fram á, að fje sje veitt til síma frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja, gegn tillagi frá Vestmannaeyjasýslu er nemi að eins allt að $^1/_5$ hluta kostnaðarins, með tilliti til þess almenna gagns, sem símasamband þangað gerir, auk hjeraðshagsmuna. Kostnaðurinn er áætlaður 42200 kr. alls, og sundurliðast þannig:

I. Landlínan:

a.	*Efni:*		
	700 staurar með flutningsgjaldi og uppskipun, á 7 kr.		4900,00
	1000 einangrarar og krókar á 55 aura		550,00
	600 topphettur á 25 au.		150,00
	8 tonn 4.5 m/m járnþráð á 300 kr.		2400,00
	annað línuefni og ef til vill sæsími yfir árnar		1000,00
			9000,00
b.	*Flutningur:*		
	staurar	kr. 1500,00	
	annað efni	— 500,00	2000.00
c.	*Vinna við lagninguna o. fl.:*		
	1 verkstjóri í 90 daga á 6 kr.	kr. 540,00	
	15 verkamenn í 80 daga	— 4200,00	
	ferðakostnaður	— 460,00	
	tjöld og áhöld	— 400,00	
	ófyrirsjáanleg útgjöld	— 400,00	6000,00
d.	Stöðin í Vestmannaeyjum		1200,00
			kr. 18,200,00

II. Sæsíminn.

13000 metrar kabel á 1,60	kr. 20,800,00	
Flutningsgjald til Íslands	— 1,200,00	
Sæsímapípur, eldingaleiðarar og lagning allt að	— 2,000,00	— 24,000,00
	Alls kr.	42,000,00
Hjer af væntanlegt tillag frá sýslunni í eitt skipti fyrir öll auk venjulegrar skuldbindingar um rekstur stöðvanna	—	8,000,00
	Fjárveiting áætluð kr.	34,200,00

Með því að á Akranesi er orðið allmikið kauptún, má ætla, að sími þangað frá Kalastaðakoti mundi gefa talsverðar tekjur, og þar sem hjeraðsbúar óska mjög eftir því, að símalagning þangað komist sem allra fyrst í verk,

1) 3,3 m/m koparþráður milli Reykjavíkur og Selfoss er áætlað að kosta mundi ..... kr. 19,627,00
4 m/m þráður frá Selfossi til Eyrarbakka að Eystri-Garðsauka ..... — 4,080,00
kr. 23,707,00
Til 4.5 m/m járnþráðar alla leið mundi þurfa c. 45 tonn..... — 13,700,00
Mismunur kr. 10,007,00

þykir æskilegt, að því geti orðið framgengt þegar í sumar; jafnframt ætti að leggja símann frá Grund eða Varmalæk til Borgarness, sem fje er veitt til í núgildandi fjárlögum. Tillag það, sem ráðgjört var til þess síma, hefur enn eigi verið samþykt af sýslunefnd. En símasamband við Borgarnes sem endastöð Faxaflóabátsins hefur allmikla almenna þýðingu vegna ferðamannastraumsins, auk hjeraðshagsmunanna.

Eftir þeirri reynslu, sem fengin er um kostnað við símalagningar síðan á síðasta þingi, þykir mega treysta því, að sá sími verði c. 10% ódýrari en áætlað er í fjárveitingunni, þannig að hann kosti að eins um... ... kr. 11,900
en Akranessíminn er áætlað að kosti . ... — 9,700
Samtals kr. 21,600
Eftir atvikum og í samanburði við símatillög hjeraða, sem líkt stendur á um, þykir hæfilegt að Mýra- og Borgarfjarðarsýsla greiði til beggja þessara símalagninga samtals . ... — 5,400
af afganginum kr. 16,200
er veitt á núgildandi fjárlögum til Borgarnesslínunnar ... ... — 8,800
og vantar þá kr. 7,400
sem farið er fram á að veittar verði í viðbót til Akranesslínunnar.

Kostnaður til Akraneslínunnar sundurliðast þannig:

1.	Efni	kr. 4,700
2.	Flutningskostnaður	— 600
3.	Vinna	— 3,100
4.	Áhöld, þar á meðal skiftiborð á Akranesi	— 1,300
		kr. 9,700

---

2. Einkum eftir að lína frá Eskifirði til Fáskrúðsfjarðar var fullgjör, hefur komið í ljós, að hið núverandi sambland af einkalínum og landssímalínum þar eystra er mjög óviðfeldið. Reikningshaldið verður erfitt og flókið, og símagjöldin verða svo dýr í þeim hjeruðum, sem einkalínur liggja að, að það dregur mjög úr notkun og gagni símans fyrir almenning.

Vegna kvartana frá þeim mönnum, sem nota verða einkalínur þessar, var gjörður samningur við leyfishafann, hr. Thor E. Tulinius um niðurfærslu gjaldanna á báðar hliðar í samvinnunni við landssímann, en þrátt fyrir það kostar samtal frá Eskifirði t. d. til Fossvalla ennþá 1 kr. 05 a. í stað þess að gjaldið mundi eftir reglum landssímans vera 50 aurar, ef landið ætti línuna alla.

Þegar Fáskrúðsfjarðarlínan var bygð sem landssímalína, varð ekki hjá því komist að gjöra á ný samning við leyfishafa um notkun einkalínunnar fyrir landssímasamtöl til og frá Fáskrúðsfirði. Samningur þessi mun verða lagður fyrir þingið til athugunar, og sjest af honum, að til þess að fá gjaldlaust »transit« fyrir landssímasamtöl og símskeyti til Fáskrúðsfjarðarlínunnar og frá henni, varð landssíminn að gjöra töluverða tilhliðran, meðal annars taka þátt í viðhaldinu á línunni frá Eskifirði til Seyðisfjarðar og sleppa »terminal«gjaldinu fyrir símskeyti milli stöðvanna á Eskifjarðarlínunni og útlanda.

Landssímastjórinn hefur því lagt það til og lagt mikla áherslu á, að Eskifjarðarlínan og Norðfjarðarlínan verði sem allra fyrst keyptar landssjóði til handa, og jafnvel þótt línur þessar hafi gefið allgóðar tekjur það sem af er

vill eigandinn, hr. Thor. E. Tulinius, afhenda landssjóði þær fyrir það verð, sem lagningin hefur kostað.

En kaupi landssjóður línurnar og leggi þær undir landsímann, verða öll símagjöld í þeim hjeruðum færð svo mikið niður og fyrirkomulaginu breytt svo, að auðsætt er, að tekjurnar, sem eigandi einkalínanna hefur haft af þeim, koma ekki landssjóði til góða, heldur verða kaupin aðallega almenningi — talsíma- og ritsímanotendum — til gagns og gjaldaljettis. Það virðist því verða að setja það skilyrði, að hjeruðin leggi fram hæfilegt tillag til kaupanna, eins og annarsstaðar hefur verið krafist um aukalínur.

Einkalínan milli Seyðisfjarðar og Eskifjarðar hefur samkvæmt byggingarreikningnum kostað alls	kr.	31,000.00
og Norðfjarðarlínan	—	15,000.00
Samtals...	—	46,000.00
En af þessum kostnaði hefur Suður-Múlasýslu lagt fram sem tillag í eitt skipti fyrir öll, án tiltölulegs eignarrjettar...	—	4,000.00
	Kr.	42,000,00
Af kostnaðarupphæðinni hefur landssjóður lagt fram sem lán:		
1. Til Eskifjarðarlínunnar ... ... kr. 9,449.09		
2. Til Norðfjarðarlínunnar ... ... — 7,000.00		
	Kr.	16,449,09
Eign leyfishafa og Norðfjarðarhrepps, sem á 5,000 kr. í Norðfjarðarlínunni er því	kr.	25,550.91
Sje gert ráð fyrir að sýslan, auk þeirra 4,000 kr., sem hún hefur þegar lagt til, eins og að ofan greinir, leggi enn fremur fram sem tillag	kr.	5,000,00
Yrði útborgunarupphæðin	kr.	20,550.91

Stjórnarráðið mundi þó eigi að svo stöddu leggja til að kaupa línur þessar, ef ekki stæði svo á, að af upphæðum þeim, sem á núgildandi fjárlögum eru veittar til ýmsra símalagninga, sem framkvæmdar hafa verið í sumar samkvæmt 13. gr. D II 1, 2, 4, 5, 7, 8, 9 og 10, hefur sparast talsvert fje, sjerstaklega vegna heppilegra efniskaupa. Enn þá er ekki unnt að segja nákvæmlega, hve miklu það nemur, en eftir skýrslu landssímastjóra er það, eftir því sem næst verður komist, að minsta kosti 31 þúsund krónur, jafnvel þótt sparnaðurinn, eins og sjálfsagt virðist, sje látinn koma einnig tillagsveitendum til góða, þar sem tillagið er miðað við tiltekið brot af kostnaðinum en eigi fastákveðin upphæð, svo sem við D II 4 a og D II 7.

Þessari upphæð, sem þannig er þegar veitt í fjárlögunum til talsímalagninga, er lagt til að varið sje til þess að kaupa Eskifjarðarlínuna og Norðfjarðarlínuna landssjóði til handa, gegn framangreindu tillagi frá sýslunni (4000 +5,000 kr.) þannig:

1, að hr. Th. E. Tulinius sje útborgað (17,550.91+2,500)... ...	kr.	20,050.91
2, til endurgreiðslu jarðabókarsjóðslánanna til Eskifjarðar- og Norðfjarðarlínanna gangi	—	10,949,09
	Kr.	31,000.00
Tillag sýslunnar telst	—	9,000.00
	Kr.	40,000.00
Þá er eftir að endurborga jarðabókarsjóði af framangreindum lánum til umræddra einkalína	—	6,000.00
Því að allur byggingarkostnaðurinn nam brutto	Kr.	46,000.00

eins og fyr segir. Þessa upphæð 6,000 kr. er farið fram á að færa megi til útgjalda í landsreikningnum fyrir 1907, þ. e. fella niður þessar lánseftirstöðvar, en um eiginlega útborgun á þessari upphæð er ekki að ræða. Sparist meira en 31,000 kr. verður þessi upphæð lægri, en endurborgunin upp í lánin þeim mun hærri.

Við E. 1. Með því að hinn nýji viti á Reykjanesi er svo langt frá brúninni og Skálafell skyggir á hann á vissu horni á skipaleiðinni, er nauðsynlegt að setja litinn aukavita þar á hraunbrúninni. Til þess má nota sjálfhreifandi steinoliu- eða acetylenljósker sem að eins þarf að hirða einu sinni á viku. Slíkt ljósker mun kosta um 2,500 kr. með uppsetningu. Gæslan er ekki mikil, og fái vitavörður launaviðbót þá, sem fram á er farið í fjárlagafrv., má gjöra honum að skyldu að hirða þessa aukalukt án sjerstakrar þóknunar.

Við E. 2. Að samhuga dómi skipstjóra, er sigla hjer vestur um land haust og vetur, er mjög brýn nauðsyn á leiðarljósi á Öndverðarnesi og það er sjálfsagt, að viti verði bygður þar, svo fljótt, sem efni leyfa. Sá viti kemur þó eigi til greina fyr en eftir að búið er að koma upp hinum eiginlegu landtökuvitum, en þangað til það getur orðið, mætti bæta úr hinni sárustu þörf með því að setja upp til bráðabirgða ódýran smávita, er svo mætti flytja og nota annarsstaðar, þegar stærri, endanlegur viti verður bygður þar.

Stjórnin hefur leitast fyrir um það, hvernig þessu yrði best fyrirkomið, og er álitið að hentugt muni vera að nota í þessu skyni acetylenvita af sömu gerð, eins og nú eru notaðir á strandskerjum við Svíþjóð, og búnir eru til af hlutafjelaginu »Gasaccumulator« í Stokkhólmi. Kostnaður við slíkt vitaljósker er áætlaður þannig:

Vitaljóskerið með einum blikskipti (vitinn sýnir ljósblik í c. $^2/_{10}$ sekúndu með c. $1^8/_{10}$ sekúndu millibili)	kr. 1,000,00
Fótur undir ljósker og gashylki	— 400,00
Fjögur gashylki á 300 kr....	— 1,200,00
(hver þeirra er rúmlega 200 pd. á þyngd).	
Einn blikskiptir til vara	— 340,00
Flutningskostnaður, undirstöðubygging og uppsetning, áætlað ...	— 560,00
	kr. 3,500,00

Í 1 gashylkjum er nægilegt gas til ársins. Hylkin má fá fyllt árlega í Danmörku og er nægur tími til þess, ef þau eru send utan á vorin, strax eftir 15. maí ár hvert; gasið í þá kostar 60 kr. í Kaupmannahöfn.

Vita þessa þarf að aðgæta og fægja einusinni á viku hverri, en daglegt eftirlit þarf eigi, því þeir brenna nótt og dag.

Við E. 3, Útgjöldin við Siglunesvitann, sem byrjað var að kveikja á síðastliðið haust, eru sundurliðuð í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1910 og 1911.

Við E. 4, Innsiglingarvarðinn á Grímsey í Steingrímsfirði, er fje var veitt til á fjárlögunum frá 1902 og 1903, er fallinn, og hafa skipstjórar á póstskipunum óskað mjög eftir því, að hann verði endurreistur sem allra fyrst. Eftir áætlun Krabbe verkfræðings mun mega gjöra það fyrir 300 krónur.

Við 4. gr.

Við B. III. Það er óhjákvæmilegt, þegar stofnaður er nýr skóli eins og lagaskólinn, að leggja honum til allmikið af bókum, sem ekki eru til á bókasöfnum hjer á landi. Eftir skýrslu forstöðumanns eru þær 1000 kr., sem veittar eru til bókakaupa yfirstandandi fjárhagstímabil, engan veginn nægilegar til þess að kaupa hið nauðsynlegasta, og er því beðið um 1000 kr. til viðbótar. Sú upphæð, sem veitt er til ýmsra gjalda, reynist og alt of lág í byrjun, þar sem kaupa verður ýmsan skólabúnað, stofugögn, bókaskápa o. fl. sem ekki er veitt fje til sjerstaklega, og telur forstöðumaður, að eigi verði komist af með minna en 400 kr. viðbót fyrir árið 1909.

Við B. V. Til gagnfræðaskólans á Akureyri. Í erindi dagsettu 10. okt. 1908, sem lagt mun verða fyrir fjárlaganefndina, hefur skólastjórinn gjört ítarlega grein fyrir ýmsum göllum við skólann og útbúning hans, sem óhjákvæmilegt er að gjöra við á yfirstandandi fjárhagstímabili, og varð ekki hjá því komist, ef skólinn átti að geta komið að tilætluðum notum, að verja þegar í haust er leið alt að 2100 kr. til viðgerðar á skólahúsinu og aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbótar þeim, umfram það fje, sem veitt er fyrir 1908.

Við 14. gr. B. VII. f. Bygging kennaraskólans var lokið í haust, og tók hann til starfa 1. október. Kostnaður við rekstur skólans og laun verða til ársloka 1909 greidd samkvæmt 8. gr. laga nr. 63, 22. nóv. 1907 sbr. 21. gr. fjárlaganna, en upphæðin sem veitt er til kennarafræðslu í fjárl. 14. gr. B. VII. e, sparast síðara árið. Námstyrkur sá handa kennaraefnum, sem veittur er í 14. gr. B. VII f, gengur til nemenda skólans, en vegna þess hve aðsóknin er mikil, nægir sú upphæð engan veginn, og hefur forstöðumaður skólans farið fram á, að hún sje aukin um 900 kr.

Lóð sú, sem skólinn stendur á, er urð ein, og er óhjákvæmilegt að gera við hana og girða hana sem allra fyrst. Um kostnaðinn við það er eigi komin áætlun, og er því farið fram á að veittar sjeu 1000 kr. til bráðabirgða til nauðsynlegustu umbóta, en búast má við, að það hrökkvi eigi.

Við 5. gr.

Við 7. Með því að búast má við, að ferðalög og rannsóknir verði nauðsynleg til þess að geta framkvæmt skrásetningar þær m. a., sem um ræðir í lögum 16. nóv. 1907 um verndun fornmenja, álíst nauðsynlegt að áætla upphæð nokkra í þessu skyni.

Við 38. Eftir að Vestfjarðaálman og Suðurnesjalínan eru komnar í kring, fjölgar mjög stöðum þeim, sem unt er og áríðandi, að fá veðursímskeyti frá og til. Eftir skýrslu landsímastjóra mun kostnaðurinn vaxa umhelming á ári frá því, sem verið hefur síðasta ár, svo viðbótin verður fyrir árið 2400 kr., en kostnaður þessi er í rauninni mest að nafninu til, því að tekjur þær, sem ritsíminn hefur af þessu, koma aftur landssjóðnum að góðu. Samkvæmt framkomnum óskum hefur verið ráðist í að byrja veðursímskeytasending frá hinum nýju stöðvum þegar 1. nóvbr. 1908, og er því hjer leitað aukafjárveitingar fyrir tvo mánuði af 1908 og alt árið 1909.

Við 6. gr.

Við 7. og 8. Skógræktarstjórinn hefur skýrt frá því, að óhjákvæmilegt sje að byggja fjós á Hallormsstað (þar er nú enginn sauðfjenaður haldinn) og

gjöra við bæjarhúsin á Ormsstöðum. Til þess hvorttveggja er álitið að 1200 kr. muni nægja.

Á síðastliðnu sumri var tekið til friðunar og sandgræðslu sandfokssvæði hjá Reykjum á Skeiðum, sem hættulegt er fyrir bygðarlagið, sje ekki að gjört og sandfokið tept. En til þess að geta komið á fullnægjandi friðun, verður ekki hjá því komist, að girða fyrir sýsluveg, sem er kaupstaðarvegur tveggja hreppa, og banna þar alla umferð. Eftir að kvartanir voru framkomnar frá Biskupstungnahreppi, ljet stjórnarráðið rannsaka málið, og kom þá í ljós, að ekki verður hjá því komist að leggja vegarspotta meðfram girðingunni. Hinsvegar kom það í ljós, að ekki er hægt að sameina leiðina fyrir Tungna- og Hreppamenn vegna ósa úr Laxá og sandbleytu á því svæði; í sumar var þó hægt að komast af með dálitinn vegspotta, með því að hætta í bráðina við girðinguna norður á bóginn, en að sumri verður að framhalda henni.

Það, sem gjöra þurfti í sumar, var 140 faðma langur, upphleyptur vegur yfir tvær dælar, sem vatn er í og kostaði sú vegagjörð 541 kr. 17 aur., sem aukafjárveitingar er beiðst fyrir.

En næsta sumar þarf að gjöra austan við girðinguna 1250 faðma langan upphleyptan veg; þó að sumir kaflar á þeirri leið sjeu svo, að ruðning hefði getað dugað þar til bráðabirgða, umferðarinnar vegna, þá má það ekki, með því að af því getur orsakast sandfok á því svæði. Vegurinn er áætlað, að kosta muni allt að 5000 kr., og með því að hann mundi verða til mikilla hagsmuna fyrir hjeraðið og stórbóta frá því sem nú er fyrir flutninga alla, er búist við að hjeraðið vilji framkvæma vegalagninguna með styrk af landssjóði, á líkan hátt og það, sem búið er af Skeiðaveginum. Það er því lagt til, að veittar sjeu af landssjóði 2000 kr., gegn því að það, sem á vantar, sje borgað af öðrum.

Við 16. Upphæðin til kveldskólahalds á Seyðisfirði er sett eftir ósk stjórnarnefndar Iðnaðarmannafjelagssins þar.

Við 31. 1. Glímufjelagið hafði hug á því, að sýna íslenzkar glímur við hina ólympisku leika, sem haldnir voru í London síðastliðið sumar, og var leitað samskota í því skyni að standast kostnað við för glímumanna þangað. Samskotin urðu eigi nægileg, og leituðu þeir því styrks af landsfje; var sú beiðni studd af ýmsum málsmetandi mönnum. Með því að stjórnarráðinu virtist það horfa til sóma fyrir Ísland, að leiða athygli annara þjóða að þessari gömlu og fögru þjóðaríþrótt vorri, og eigi var um stærri upphæð að ræða en 2000 kr. taldi það sjer víst samþykki alþingis til þess að stuðla að förinni með þessari fjárveiting, og var upphæðin greidd hr. Hallgrími Benediktssyni.

2. Sumarið 1907 fjekk stjórnarráðið vitneskju um, að enskir menn ætluðu að taka Gullfoss í Hvítá á leigu, áður en lögin um takmörkun á eignar- og umráðsrjetti á fossum, sem alþing þá hafði til meðferðar, næðu í gildi að ganga. Með því að hjer er um afarmikið vatnsafl að ræða, og eigandi fossins, hr. Tómas Tómasson, vildi láta landið sitja fyrir fossinum fyrir lægri leigu heldur en honum bauðst frá útlendingum, rjeðst stjórnin í að taka fossinn á leigu til 5 ára (með framleigurjetti) fyrir 300 kr. eftirgjald á ári og er farið fram á, að sú upphæð sje veitt hjer fyrir árin 1908 og 1909.

Við 7. gr.

Árið 1907 fjekk stórkaupmaður Thor E. Tulinius leyfi samkvæmt símalögunum til að leggja talsímalínu milli Eskifjarðar og Seyðisfjarðar, og tók hann línubygging þessa að sjer fyrir beiðni hjeraðsbúa og var línan bygð sumarið 1907. Í umsókn sinni um leyfið hafði hann farið fram á að sjer yrði veitt 7000 kr. lán úr viðlagasjóði til byggingarinnar gegn veði í línunni, og var honum heitið því að stjórnarráðið skyldi mæla með þessari lánveitingu við alþingi en það fórst fyrir, að mál þetta væri borið undir alþingi 1907. Þegar línan var fullgjörð fór Tulinius fastlega fram á að fá lán þetta, og þar sem hann hafði fljótt og vel komið á þessari samgöngubót milli hjeraðanna landssjóði að kostnaðarlausu, í því trausti að hann fengi lánið, þótti rjett að veita honum hið umrædda lán uppá væntanlegt samþykki alþingis, og er hjer farið fram á að samþykki þetta sje veitt.

Þetta lán fellur nú burt, ef tillagan í 3. gr. við D. 2 er samþykkt.

Frumvarp til laga

um

samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

I. Tekjur.	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	86,000, »	109,236, 31
2. Húsaskattur	20,000, »	23,453, 25
3. Tekjuskattur	32,000, »	47,579, 87
4. Aukatekjur	76,000, »	115,134, 86
5. Erfðafjárskattur	6,000, »	7,334, 69
6. Vitagjald	20,000, »	34,472, 95
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	7,600, »	11,514, 97
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	130,000, »	324,806, 32
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	286,000, »	427,707, 64
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	286,000, »	303,246, 95
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	624,000, »	800.754, 94
	4. fyrir steinkol	59, 40	60, »	
	5. flutningskostnaður	30, »	34, »	676, 18 757, 35 1,433, 53
f.	Til árlegra útgjalda við vitann á Dalatanga			453, 38 464, 59 917, 97
g.	Til tveggja vita við leiðina inn á			
			Flyt	10,974, 40

	1906	1907	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
				Fluttar	10,974, 40
Hafnarfjörð:					
1. til vitavarðar	400, »	4,00, »			
2. fyrir olíu	84, 50	96, »			
3. til viðhalds á húsum og áhöldum	11, 66	86, 60			
4. flutningskostnaður	4, 50	7, 50	500, 66	590, 10	1,090, 76
h. Til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:					
1. til vitavarðar	400, »	400, »			
2. lóðargjald	10, »	10, »			
3. fyrir olíu	112, 50	112, »			
4. til viðhalds á húsum og áhöldum	60, 63	262, 04			
5. fyrir steinkol	21, 90	27, »			
6. flutningskostnaður	37, 50	38, »	642, 53	849, 04	1,491, 57
i. Til vörðuvitans á Gerðatanga			100, »	100, »	200, »
k. — vita á Skipaskaga			75, »	75, »	150, »
l. — vita á Elliðaey			347, 10	» »	347, 10
m. — vita í Vestmanneyjum:					
a. til að byggja vitann.			3,823, 34	11,539, 91	15,363, 25
b. kostnaður við vitahaldið			327, 34	1,103, 13	1,430, 47
n. til rannsóknar vitastæða og áætlana			» »	533, 37	533, 37
				Alls	31,580, 92

Af gjöldum þessum er í frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907 farið fram á að veitt verði í viðbót: 1. Til að byggja varðklefa í vitanum á Skagatá kr. 388, 45, 2. til að byggja vita á Vestmannaeyjum kr. 363, 25.

Við 13. gr. A.

Í parfir andlegu stjettarinnar.

	1906	1907	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
a. 1. Laun biskupsins	7,000, »	7,000, »			
2. skrifstofukostnaður	1,000, »	1,000, »	8,000, »	8,000, »	16,000, »
b. Önnur útgjöld:					
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880 1. gr..			10,058, 51	9,658, 51	19,717, 02
2. — bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum . . .			5,399, »	5,225, »	10,624, »
3. — nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti. . . .			678, 85	714, 05	1,392, 90
4. viðbót við eftirlaun fátækra presta og prestsekkna .			3,500, »	3,500, »	7,000, »
				Alls	54,733, 92

Við 13. gr. B.

Til kenslumála.

	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
I. Til prestaskólans:			
a. Laun	9,200, »	9,200, »	18,400, »
		Flyt	18,400, »

	1906	1907	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
				Fluttar	18,400, »
b. Önnur útgjöld:	1906	1907			
	kr. a.	kr. a.			
1. húsaleigustyrkur	760, »	520, »			
2. námsstyrkur	900, »	500, »			
3. til tímakenslu	100, »	100, »			
4. — bókakaupa	8, »	625, 11			
5. — eldiviðar og ljósa. . .	100, 53	100, »			
6. — umsjónar	100, »	100, »			
7. ýmisleg útgjöld	122, 75	247, 48	2,091, 28	2,192, 59	4,283, 87
					Alls 22,683, 87

II. Til læknaskólans.	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.
a. Laun	3,200, »	3,200, »	6,400, »
b. Önnur útgjöld:	1906 kr. a.	1907 kr. a.	
1. húsaleigustyrkur	800, »	800, »	
2. námsstyrkur	1,200, »	1,200, »	
3. eldiviður, ljós og ræsting . .	278, 10	392, 50	
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	94, 84	898, 57	
5. ferðastyrkur handa læknaefnum	600, »	900, »	
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	200, »	200, »	
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis klinik . .	56, 74	340, 14	
8. ýmisleg útgjöld	92, 67	273, 30	3,322, 35	5,004, 51	8,326, 86
c. Til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000, »	1,000, »	2,000, »
			Alls		16,726, 86

III. Til hins lærða skóla.	1906	1907	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a,
a. Laun			19,200, »	19,200, »	38,400 »
b. Aðstoðarfje:					
handa söngkennaranum . . .	600, »	600, »			
— fimleikakennaranum . .	700, »	700, »			
— dyraverði	1,100, »	1,100, »			
fyrir umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans	200, »	200, »	2,600, »	2,600, »	5,200, »
					Flyt 43,600, »

	1906	1907	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
				Flutt	43,600, »
c. Önnur útgjöld:					
1. til bókasafns skólans . . .	300, »	283, 22			
2. — eldiviðar og ljósa . . .	851, 40	825, 60			
3. — skólahússins utan og innan	1,400, »	1,400, »			
4. — timakenslu og prófdómenda	2,041, 40	2,663, 25			
5. húsaleigustyrkur	260, »	720, »			
6. námsstyrkur	2,000, »	1,900, »			
7. þóknun handa lækni . . .	100, »	100, »			
8. ýmisleg útgjöld	1,000, »	1,000, »			
9. fyrir prestsverk	48, »	48, »			
10. til vísindalegra áhalda við kensluna	450, »	293, 68			
11. til þess að gefa út kenslubækur handa skólanum	», »	438, 75			
12. til verðlaunabóka	260, 75	249, 56			
13. — að útbúa stofu til handavinnu	2,500, »	», »			
14. til að kaupa smiðatól . . .	800, »	», »	12,011, 55	9,922, 06	21,933, 61
			Alls		65,533, 61

IV. Til gagnfræðakenslu á Akureyri.

	1906	1907	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
a. Laun	», »	», »	7,400, »	7,400, »	14,800, »
b. Önnur útgjöld:					
1. til bóka- og áhaldakaupa . .	996, 99	385, 25			
2. — eldiviðar og ljósa . . .	298, 43	408, 55			
3. — timakenslu	996, 60	1,259, »			
4. — styrkveitingar námspiltum .	400, »	400, »			
5. ýmisleg útgjöld	810, 35	916, 21			
	3,502, 37	3,369, 01			
Borgun fyrir heimavistir pilta o.fl.	150, »	193, 50			
	3,352, 37	3,175, 51			
c. fyrir áhöld til skólans og aukavinnu við skólahúsið	786, 50	», »	4,138, 87	3,175, 51	7,314, 38
			Alls		22,114, 38

V. Til stýrimannaskólans.

	1906	1907	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
a. Laun	», »	», »	3,200, »	3,200, »	6,400, »
b. Önnur útgjöld:					
1. til timakenslu	891, »	618, »			
Flyt	891, »	618, »			6,400, »

	1906 kr. a.	1907 kr. a.	1906 kr. a.	1906 kr. a.	Alls kr. a.
Flutt	891, »	618 »			6,400, »
2. — áhaldakaupa	63, 26	736, 74			
3. — eldiviðar og ljósa . .	214, 21	345, 30			
4. — ýmisleg útgjöld . . .	494, 10	655, 49			
5. — stækkunar kjallarans undir stýrimannaskólanum	„ »	866, 07	1,662, 57	3,221, 60	4,884, 17
				Alls	11,284, 17

VI. Til annarar kenslu:	1906 kr. a.	1907 kr. a.	1906 kr. a.	1907 kr. a.	Alls kr. a.
a. Til kvennaskóla:					
1. til kvennaskólans í Reykjavík	2,500, »	2,500, »			
2. — sama til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500, »	500, »			
3. til kvennaskólans á Blönduósi	2,000, »	2,000, »			
4. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey	1,120, »	1,120, »			
5. til kvennaskólans á Akureyri	1,500, »	» »	7,620, »	6,120, »	13,740, »
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum .			9,916, »	10,084, »	20,000, »
2. — sveitakennara, alt að 100 kr. til hvers. . .			10,000, »	10,000, »	20,000, »
3. — unglingaskóla			» »	2,107, »	2,107, »
4. styrkur til barnaskóla á Vopnafirði			5,000, »	» »	5,000, »
5. kostnaður við umsjón með fræðslumálum landsins			2,266, 05	2,517, »	4,783, 05
c. Til gagnfræða- og alþýðu-skólans í Flensborg . .			2,500, »	2,500, »	5,000, »
d. — kennarafræðslu			3,200, »	3,200, »	6,400, »
e. Námsstyrkur handa kennaraefnum.			600, »	600, »	1,200, »
f. Til skólaiðnaðarkenslu.			500, »	500, »	1,000, »
g. — organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík .			100, »	100, »	200, »
h. — kennarą í organslætti og sönglist í Reykjavík .			400, »	400, »	800, »
i. Styrkur til að gefa út kenslubækur			800, »	852, 50	1,652, 50
j. Til kenslu heyrnar- og málleysingja			4,911, 98	4,899, 74	9,811, 72
k. Utanfararstyrkur Margrjetar Fr. Bjarnadóttur . .			400, »	» »	400, »
l. Til kenslu blinds drengs Erlendar Páls Jónssonar í Danmörku			300, »	300, »	600, »
m. Styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur sinnar á vitfirringastofnun			150, »	150, »	300, »
n. Til lýðháskólans í Bakkakoti			1,420, »	1,600, »	3,020, »
o. — unglingaskólans á Heydalsá			400, »	400, »	800, »
				Alls . . .	96,814, 27

VII. Til sundkenslu:	1906 kr. a.	1907 kr. a.	Alls kr. a.
a. í Reykjavík	300, »	» »	300, »
b. til sundkenslu annarsstaðar	807, »	800, 68	1,607, 68
		Alls	1,907, 68

VIII. Styrkur til Stefáns Eirikssonar til að halda uppi kenslu í teikning og trjeskurð í Reykjavík	1906 kr. a.	1907 kr. a.	Alls kr. a.
	1,000 »	1,000, »	2,000, »

IX. Styrkur til lögfræðings til að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann	1906 kr. a.	1907 kr. a	Alls kr. a.
	1,250, »	2,500, »	3,750, »

Við 14. gr.

Til vísinda og bókmenta.

	1906 kr. a.	1907 kr. a.	1906 kr. a.	1907 kr. a.	Alls kr. a.
1. Til landsbókasafnsins:					
a. laun bókavarðar	1,800, »	1,800, »			
b. til aðstoðarmanns	900, «	900, »			
c. — að kaupa bækur og handrit	5,288, »	5,981, 31			
d. — bókbands	923, 10	337, 45			
e. — samningar spjaldskrár	» »	264, 50			
f. fyrir afskriftir	643, 34	552, 20			
g. — að prenta ritaukaskrár	78, »	136, 65			
h. til eldiviðar og áhalda m. m.	447, 56	492, 39			
i. brunaábyrgðargjald	360, »	360, »	10,460, »	10,824, 50	21,284, 50
2. a. til amtsbókasafns Norðuramtsins	500, »	500, »			
b. — —— Austuramtsins	400, »	400, »			
c. — —— Vesturamtsins	400, »	400, »	1,300, »	1,300, »	2,600, »
3. Til sýslubókasafna	» »	» »	1,275, »	1,425, »	2,700, »
4. Til landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,400, »	1,400, »			
b. til að binda inn og búa um skjöl	643, 21	1,030, 26			
c. til að afrita merk skjöl og bækur í skjalasafninu	739, 80	457, 87			
d. til að gefa út skrá yfir safnið	473, 62	155, 24	3,256, 63	3,043, 37	6,300, »
5. Til deildar hins ísl. bókmentafjelags í Reykjavík			2,000, »	2,000, »	4,000, »
6. — Þjóðvinafjelagsins			750, »	750, »	1,500, »
7. — Forngripasafnsins:					
	1906 kr. a.	1907 kr. a.			
a. til að útvega forngripi og til áhalda	1,000, »	1,000, »			
b. til umsjónar	720, »	720, »			
c. — húsnæðis og hita	2,000, »	2,000, »	3,720, »	3,720, »	7,440, »
		Flyt			45,824, 50

	1906 kr. a.	1907 kr. a.	Alls kr. a.
Flutt			45,824, 50
8. Til Fornleifafjelagsins	400, »	400, »	800, »
9. — Náttúrufræðisfjelagsins	800, »	800, »	1,600, »
10. — viðbótar við samskot til minnisvarða Jónasar Hallgrimssonar	» »	1,000, »	1,000, »
11. Styrkur til kennara Benedikts Gröndals til myndasafns og þjóðmenningarsögu Norðurlanda.	800, »	800, »	1,600, »
12. Til að vinna að textaútgáfu af fornbrjefasafninu . .	800, »	800, »	1,600, »
13. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til að vinna að íslensk-danskri orðabók	300, »	300, »	600, »
14. Til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna. . .	300, »	300, »	600, »
15. — Páls Ólafssonar	» »	» »	» »
16. — Þorsteins Erlingssonar	800, »	800, »	1,600, »
17. — sjera Valdemars Briem	800, »	800, »	1,600, »
18. — »Bindindissameiningar« Norðurlands	300, »	300, »	600, »
19. — Stórstúku Good-Templara á Íslandi.	1,600, »	1,600, »	3,200, »
20. — Styrkur til Bibliufjelagsins til þýðingar og útgáfu gamla testamentisins	1,000, »	1,000, »	2,000, »
21. Styrkur til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins. .	181, 88	» »	181, 88
22. Til leikfjelags Reykjavíkur	1,000, »	1,000, »	2,000, »
23. — cand. mag. Boga Melsteð til að semja sögu Íslands	1,000, »	1,000, »	2,000, »
24. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands	1,200, »	1,200, »	2,400, »
25. Til Ágústs Bjarnasonar til að gefa út heimspekilega fyrirlestra	600, »	600, »	1,200, »
26. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna.	600, »	600, »	1,200, »
27. Til landmælinga á Íslandi	5,000, »	5,000, »	10,000, »
28. — að gefa út lýsingu á íslenskum fjallvegum . . .	1,000, »	» »	1,000, »
29. — Ásgríms Jónssonar málara til að fullkomna sig í málaralist.	600, »	600, »	1,200, »
30. Til Benedikts Jónassonar til að stunda nám á verkfræðingaskóla í Þrándheimi	500, »	500, »	1,000, »
31. Til Helga Pjeturssonar til jarðfræðisrannsókna . . .	3,000, »	3,000, »	6,000, »
32. — Helga Jónssonar til mýra og grasfræðisrannsókna.	1,200, »	1,200, »	2,400, »
33. — Sögufjelagsins til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands	600, »	600, »	1,200, »
		Alls	94,406, 38

Til verklegra fyrirtækja sbr. 15. gr. fjárlaganna.

	1906 kr. a.	1907 kr. a.	1906 kr. a.	1907 kr. a.	Alls kr. a.
1. Styrkur til eflingar búnaði:					
a. Til búnaðarskóla:					
1. til skólans á Hólum	1,200, »	1,200, »			
Flyt	1,200, »	1,200, »			

	1906	1907	1906	1907	Alls
	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.	kr. a.
Flutt	1,200, »	1,200, »			
2. — skólans á Hvanneyri . .	1,200, »	1,200, »			
3. — þessara skóla eftir nemendafjölda	4,400, »	5,400, »			
4. til skólans á Eyðum . . .	2,500, »	1,500, »			
5. — búnaðarskólahalds í Ólafsdal	2,500, »	» »	11,800, »	9,300, »	21,100, »
b. Til Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal til verklegrar búnaðarkenslu			» »	1,500, »	1,500, »
c. Til búnaðarfjelaga.			24,000, »	24,000, »	48,000, »
d. — Búnaðarfjelags Íslands			41,000, »	44,000, »	85,000, »
e. — sama fjelags til kenslu í mjólkurmeðferð . . .			4,000, »	3,000, »	7,000, »
f. — skógræktartilrauna			7,500, »	7,500, »	15,000, »
g. Styrkur til að stunda skóggræðslu			1,100, »	600, »	1,700, »
h. Til sandgræðslu:	1906	1907			
	kr. a.	kr. a.			
1. námsstyrkur	600, »	» »			
2. til að girða 2 tilraunasvæði .	2,778, 32	» »			
3. ýmislegur kostnaður . . .					
4. til tilrauna	» »	1,950, »	3,378, 32	1,950, »	5,328, 32
i. Til verðlauna fyrir útflutt smjör			18,000, »	18,000, »	36,000, »
2. Til verkfræðings, er sje til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum:					
	1906	1907			
	kr. a.	kr. a.			
a. laun	3,000, »	3,000, »			
b. ferðakostnaður	794, 65	384, 30	3,794, 65	3,384, 30	7,178, 95
3. a. laun handa 2 dýralæknum			1,200, »	1,200, »	2,400, »
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400, »	400, »	800, »
4. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300, »	300, »	600, »
5. Styrkur til að nema dýralækningar			600, »	600, »	1,200, »
6. Til útrýmingar fjárkláðanum			72,399, 06	9,989, 94	82,389, »
7. Til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til að koma upp og reka tekniskan skóla			4,000, »	5,000, »	9,000, »
8. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til að reka iðnaðarmannaskóla á Akureyri			1,000, »	1,000, »	2,000, »
9. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds			600, »	600, »	1,200, »
10. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis			1,500, »	1,500, »	3,000, »
11. Til Jóns Sigurðssonar til að stunda rafmagnsfræði í Kaupmannahöfn			400, »	400, »	800, »
				Flyt	331,196, 27

			Flutt	331,196, 27
12.	til Björns Pálssonar til að stunda rafmagnsfræði á Harward háskóla	600, »	» »	600, »
13.	til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins til að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn . . .	1,500, »	1,500, »	3,000, »
14.	Utanfararstyrkur til manna er vilja kynna sjer kaupfjelagsskap og samvinnufjelagsskap erlendis	550, »	750, »	1,300, »
15.	Styrkur til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við húsabyggingar	800, »	800, »	1,600, »
16.	Laun handa 2 yfirfiskimatsmönnum	2,000, »	2,000, »	4,000, »
17.	Þóknun til vörumerkjaskráritara	360, »	360, »	720, »
18.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík.			
		1906 kr. a. / 1907 kr. a.		
	a. stofnkostnaður	5,504, » / » »		
	b. til árlegs kostnaðar:			
	1. laun forstöðumanns . . .	2,000, » / 2,000, »		
	2. til aðstoðar og annarar vinnu	300, » / 300, »		
	3. húsaleiga	300, » / 500, »		
	4. til ljósa og eldneytis . . .	300, » / 300, »	8,404, »	3,100, » 11,504, »
19.	Styrkur til skipakviar í Oddeyrarbót		», »	», » », »
20.	— — stórskipabryggju í Stykkishólmi		», »	», » », »
21.	— — ábyrgðarfjelaga er vátryggja mótorbáta .		10,000, »	», » 10,000, »
22.	Til skipstjórafjelagsins »Öldunnar« styrkur til utanfarar fiskimönnum		850, »	1,200, » 2,050, »
23.	Styrkur til tveggja íslenskra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« .		300, »	300, » 600, »
24.	Til Hólmfríðar Árnadóttur til þess að stunda kennaranám í Kaupmannahöfn		500, »	», » 500, »
25.	Til Ísaks Jónssonar styrkur til að koma upp ishúsi í Þorgeirsfirði		», »	», » », »
26.	Til Lárusar Rist til að ljúka leikfimisnámi		350, »	», » 350, »
			Alls	367,420, 27

Frumvarp til laga

um

fiskimat.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Allur saltfiskur, sem fluttur er hjeðan af landi og fara á til Spánar eða Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eptir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns. Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hjer að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, er hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns ritað á farmskrárnar.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar bæði við útskipun og í útflutningsskipunum skulu settar í erindisbrjefum yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

2. gr.

Ráðherrann skipar yfirmatsmennina, og skulu þeir hafa aflað sjer þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf, um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

3. gr.

Þessir yfirfiskimatsmenn skulu þegar skipaðir og laun þeirra greidd úr landssjóði:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi; árslaun hans eru 2000 kr.

2. Yfirfiskimatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandassýslu; árslaun hans eru 1800 kr.

3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi; árslaun hans eru 1600 kr.

4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norð-

an frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum; árslaun hans eru 1600 kr.

5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmanneyjum. Umdæmi hans eru Vestmanneyjar og Vík í Mýrdal og árslaun 800 kr.

Tölu yfirfiskimatsmanna má auka með fjárveiting á fjárlögum og verður þá gjörð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskiútflutningsstað svo marga, sem yfirfiskimatsmaður telur þurfa, og eptir tillögum hans. Þeir skulu áður en þeir taka til starfa rita undir eiðstaf, sem stjórnarráðið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem þeir eru búsettir í til þess að meta saltfisk til útflutnings, skulu útflytjendur greiða þeim í fæðispeninga 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir nauðsynlega þurfa að vera að heiman útaf því, og ferðakostnað, hvorttveggja eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman. Nú er í sömu ferðinni metinn fiskur fyrir fleiri en einn útflytjanda og skal þá jafna þessum kostnaði niður á þá í rjettu hlutfalli.

Kaup fiskimatsmanna fyrir störf þeirra við fiskimat greiða útflytjendur saltfisksins þeim, eftir því sem nánara verður ákveðið í erindisbrjefum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn og fiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipinu eða öðrum, sem við skipið eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum þessum eða erindisbrjefi þeirra.

Þeir mega ekki heldur vera í þjónustu kaupmanna eða annara, sem láta meta fisk til útflutnings.

7. gr.

Auk starfa sinna við mat á saltfiski til útflutnings, skulu yfirfiskimatsmennirnir skyldir að ferðast um í umdæmum sínum eptir samráði við stjórnarráðið og leiðbeina mönnum í fiskimeðferð og líta eptir henni. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr landssjóði eptir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar. Nú framkvæma þeir jafnframt fiskimat á þessum ferðum og skal þá tiltölulegur hluti ferðakostnaðarins greiddur af útflytjendum þeim, sem fiskur hefur verið metinn fyrir.

8. gr.

Sá sem flytur út eða lætur flytja út saltfisk til Spánar eða Ítalíu, án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann samkvæmt þessum lögum, sæti 100 til 3000 kr. sektum til landssjóðs.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eptir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905 var eftir tillögum stórkaupmannasamkundunnar í Kaupmannahöfn og kaupmannaráðsins í Reykjavík, veitt fje úr landssjóði til að launa tvo yfirmatsmenn á gæðum fiskfarma, annan í Reykjavík og hinn á Ísafirði, og umboðsstjórninni jafnframt veitt heimild til að gefa út erindisbrjef fyrir þá. Árið 1904 voru yfirmatsmenn þessir skipaðir og fóru þeir báðir sama árið til Spánar og Ítalíu til þess að kynna sjer markaðinn þar fyrir saltfisk frá Íslandi, og kröfur manna þar, að því er snertir gæði þessarar vöru. Sama ár gaf stjórnarráðið út erindisbrjef fyrir yfirfiskimatsmennina og fiskimatsmenn, sem aðallega framkvæma matið á fiskinum undir umsjón yfirmatsmannanna; eru erindisbrjef þessi prentuð í B-deild stjórnartíðindanna 1904 bls 179—184 og 191—196. Með þessu var ekki lögð á nein skylda til að láta meta þann fisk, sem fluttur væri út, heldur var útflytjendum í sjálfs vald sett, hvort þeir vildu láta þessa matsmenn meta fisk sinn og gefa vottorð um hann. Matsmenn þessir voru þó mikið notaðir til þess að meta saltfisk til útflutnings, sjerstaklega í Reykjavík og annarstaðar við Faxaflóa.

Saltfiskur sá, sem þessir menn höfðu metið gat sjer brátt gott álit á Spáni og Ítalíu, og stjórnarráðinu hefur enda borist erindi frá nokkrum kaupmönnum á Spáni þar sem þeir telja það æskilegt, að öllum saltfiski, sem þangað flyttist fylgi matsvottorð lögskipaðra yfirmatsmanna. Þótt matsmenn þessir, eins og getið var, hafi verið talsvert mikið notaðir, þá hefur þó undanfarin ár verið flutt eigi alllítið af saltfiski til Spánar og Ítalíu, sem þeir hafa ekki verið látnir meta, sjerstaklega frá Ísafirði og öðrum útflutningsstöðum á Vesturlandi. Mun útflytjendum hafa þótt þeir nokkuð strangir í kröfum sínum að því er fyrsta flokks saltfist snertir, útskipun vörunnar og hleðsluna í útflutningsskipunum. Það verður nú að álíta óheppilegt, að menn geti þannig skotið sjer undan matinu, og jafnvel selt saltfisk á markaðinum sem fyrsta flokks vöru, þó hún sje það ekki í sjálfu sjer; það mun geta kastað rýrð á íslenskan saltfisk í heild sinni og þannig einnig á góðu vöruna. Síðasta alþingi hafði og einnig þessa skoðun. Á fjárlögin fyrir 1908 og 1909 setti það inn ákvæði um það, við fjárveitinguna til yfirmatsmannanna, að þegar skip, sem flytja fiskfarma til Spánar og Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík og Ísafirði, beri lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirmatsmannsins um gæði vörunnar sje ritað á hleðsluskjöl þeirra, ella rita á þau vottorð sitt um það, að sendandi vörunnar hafi, þrátt fyrir áskorun, neitað að láta yfirmatsmanninn meta gæði hennar. Alþingi samþykkti einnig þingsályktun, þar sem það skorar á

landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, sem lögbjóði fiskimat á öllum fullverkuðum saltfiski, er flytst frá Íslandi til Spánar og Ítalíu, og að engan fisk megi flytja til þessara staða nema lögskipaðir fiskimatsmenn hafi gefið vottorð um gæði hans.

Stjórnarráðið leitaði síðan álits yfirfiskimatsmannanna í Reykjavík og á Ísafirði um það, hvort þeir teldu æskilegt, að matsskyldu þessari væri komið á og ef svo væri, hvernig þeir teldu, að matinu yrði heppilegast fyrir komið. Þeir mæltu eindregið með því, að matsskyldu væri komið á, eins og þingsályktunin fer fram á, og töldu það fyrirkomulag, sem nú er á matinu í Reykjavík og Ísafirði heppilegast, og töldu þörf á að bætt væri 3 nýjum yfirfiskimatsmönnum við þá 2, sem nú eru, og hverjum yfirmatsmanni skipað ákveðið svæði af landinu sem umdæmi, en fiskimatsmenn skipaðir á útflutningsstöðunum eftir þörfum. Stjórnarráðið hefur fallist á þetta og er lagafrumvarp þetta samið á þeim grundvelli.

Auk matsstarfanna er yfirfiskimatsmönnunum gjört að skyldu að hafa annað áríðandi starf á hendi, sem sje að vera ráðunautar almennings að því er fiskverkun og meðferð fiskjar snertir, svo þessi mikilsverða útflutningsvara landsmanna, fiskurinn, geti orðið sem best og útgengilegust á markaðinum erlendis og sem mest að skapi kaupendanna. Er yfirmatsmönnum í því efni gjört að skyldu að ferðast um umdæmi sín.

Um hin einstöku ákvæði frumvarpsins skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Um 1. gr.

Í þessari grein er farið fram á, að allur saltfiskur, sem fara á til Spánar og Ítalíu, skuli matsskyldur, enda þótt fiskurinn sje fluttur fyrst til annara landa, t. d. Norvegs, sem stundum hefur verið títt. Það þykir nauðsynlegt bæði vegna þess, að kaupendur, á Spáni að minnsta kosti, óska þess og svo vegna þess, að annars væri hægt að koma sjer hjá matinu. Auðvitað getur fiskurinn skemmst þá við umferming úr einu skipi í annað, en kaupandinn á Spáni eða Ítalíumenu vita, að fiskurinn kemur ekki beina leið, og að matsvottorðið gildir aðeins um fiskinn eins og hann var, er honum var skipað út hjer á landi.

Að því er snertir matið á fiskinum umsjónina með útskipun og ferming er ætlast til þess, að það fari fram á líkan hátt og nú, þannig að aðalstarfið við matið o. s. frv. sje framkvæmt af hinum lögskipuðu fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmannsins, sem einn gefur út matsvottorðin og hefur ábyrgðina á matinu en fiskimatsmennirnir eru undirmenn hans og skylt að sjálfsögðu að hlýða fyrirskipunum hans.

Yfirmatsmaðurinn í Reykjavík hefur lýst því yfir, að ákvæði hinna núgildandi erindisbrjefa, sem að framan er getið, hafi reynst hagfeld. Þó verður að breyta þeim að nokkru leyti, ef matskyldan og breytingin á umdæmunum yfirfiskimatsmannanna kemst á.

Um 2. gr.

Það er ætlast til þess, að ráðherra skipi yfirfiskimatsmennina eins og nú, en að þeim, sem eru ekki áður reyndir í þessum störfum, skuli gert að skyldu, áður en þeir takast starfið á hendur, að dvelja hjer syðra, þar sem fiskverkun er lengst á veg komin, og kynnast flokkun á fiski og umbúnaði um hann til útflutnings.

Um 3. gr.

Það virðist sjálfsagt að launa yfirmatsmennina úr landssjóði og svo sæmilega, að þeir geti gefið sig alla við störfum þeim, sem sýslan þeirra fylgir.

Eftir tillögum beggja hinna núverandi yfirmatsmanna er hjer farið fram á, að bætt sje 3 nýjum yfirfiskimatsmönnum við, sem er talið nægja í bráð, en gjört er ráð fyrir að auka megi tölu þeirra með fjárveitingu til nýrra yfirfiskimatsmanna á fjárlögum, án þess að breyta þurfi lögum þessum. Umdæmaskipunin er og sett eftir tillögum yfirmatsmannanna.

Um 4. gr.

Hjer er ætlast til, að fiskimatsmennirnir sjeu skipaðir á sama hátt og nú.

Um 5. gr.

Það verður ekki hjá því komist að veita yfirfiskimatsmönnunum ferðakostnað og hæfilega fæðispeninga, því laun þeirra mundu að öðrum kosti rýrast úr hófi fram ef þeir ættu sjálfir að standa straum af kostnaðinum við ferðir sínar. Það er lagt til að stjórnarráðið skuli, ef samkomulag ekki næst milli hlutaðeiganda, úrskurða reikninga þeirra yfir þenna kostnað, til þess að gjöra þá sem mest óháða útflytjendum.

Um 6. gr.

Þessi ákvæði miða einnig að því, að gjöra yfirfiskimatsmennina og fiskimatsmennina sem óháðasta þeim, sem þeir meta fisk fyrir eða hafa annað með þá vöru að sýsla, og eru í samræmi við ákvæði hinna núgildandi erindisbrjefa.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru sett ákvæði um annað aðal-starf yfirfiskimatsmanna, það að koma fiskverkuninni í sem best lag í umdæmum sínum, og það fult svo mikilsvert og matsstarf þeirra. Í erindisbrjefunum er ætlast til að sett sjeu nánari ákvæði um skyldur þeirra í þessu efni, og að eftirlit sje með því af stjórnarráðsins hálfu, að þeir láti ekki undir höfuð leggjast að fara um umdæmi sín í þessu skyni. Á ferðum í þessum erindum er ætlast til að þeir fái ferðakostnað úr landssjóði en enga fæðispeninga.

Um 8. gr.

Sektirnar hefur orðið að setja nokkuð hátt, þar sem heilir skipsfarmar af saltfiski eru mikils virði, og verða sektirnar að vera nokkuð í hlutfalli við það.

Um 9. gr.

Bæði yfirfiskimatsmennirnar og fiskimatsmennirnir eru sýslunarmenn í þjónustu hins opinbera og verða því að sæta sömu hegningu og aðrir slíkir menn, ef þeir breyta móti skyldum sínum og ákvæðum þeim, sem sett eru eða sett verða um sýslan þeirra.

Frumvarp til laga

um

dánarskýrslur.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í tje ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gjöra; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dauðadag, dauðnár og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og ekki er auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir sjeð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja hjeraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr., auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf hjeraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftrunardags) færa í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur bestar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í tje eyðublöð undir dánarskýrslur. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishjeraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda hjeraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Hjeraðslæknir rannsakar skýrslurnar, að því er dauðamein snertir, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann þvínæst semja eina dánar-

skýrslu fyrir alt hjeraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um líkskoðun hefir þrisvar verið lagt fyrir alþingi af hendi stjórnarinnar árin 1891, 1893 og 1903, en í hvert sinn hefir málið annaðhvort verið felt eða ekki útrætt. Á síðastnefndu þingi kom í þess stað fram frumvarp til laga um dánarskýrslur, og var það samþykt í Nd. en felt í Ed. Á síðasta þingi, 1907, var samskonar frumvarp borið upp af þingmanna hálfu og var það á ný samþykt í Nd., en felt í Ed.

Með því að stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að frumvarp þetta sje mjög gagnlegt, og því æskilegt að það yrði að lögum. leggur það málið fyrir á ný alveg óbreytt að efni til.

Frumvarp til laga

um

breyting á 2. gr. í lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að selja þann hluta Arnarhólslóðarinnar, sem heimild er til að selja samkvæmt 2. gr. laga 20. okt. 1905 þeim, er kaups beiðist í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir eigi minna er 2 kr. 50 aur. fyrir ferhyrningsalin, en þó eigi lægra, en tveir dómkvaddir menn meta í hvert skipti, er kaupa er beiðzt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þá er stjórnarráðið lagði fyrir alþingi 1905 frv. til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga, lagði það til, að lágmarkið á söluverði fyrir hverja ferhyrningsalin í Arnarhólstúni, sem selja mætti eptir frumvarpinu, yrði sett 3 krónur. Þá voru lóðir yfirleitt í háu verði hér í bæ, sem meðal annars stafaði af því, að nýlega hafði fundist gullvottur í Vatnsmýrinni, og stjórnarráðið leit þá svo á, að túnið mundi þá seljast smám saman fyrir þetta verð (Alþtíð 1905 A. bls. 252). Nefndin í neðri deild var ennþá vonbetri um sölu túnsins og færði verðið upp í 4 kr. fyrir ferhyrningsalinina á vissu svæði túnsins, og nefndin í efri deild, fór enn lengra, og lagði til að alinin yrði alls eigi seld lægra en á 5 kr., og taldi sennilegt, að selja mætti þá þegar nokkurn hluta túnsins fyrir jafnvel ennþá hærra verð (s. st. bls. 1057). Þetta lágmark söluverðs var síðan samþykkt. Sú von, sem alþingi þá hafði um það, að auðgefið væri að selja Arnarhólslóðina fyrir svo mikið verð, hefur eigi ræzt; enn sem komið er, hefur enginn viljað kaupa fyrir þetta verð. og þar sem lóðarverð er nú óðum að falla, og lóðir lítt seljanlegar sem stendur, aðallega vegna peningaeklu og hárra vaxta, þá eru engin líkindi til, að neitt seljist á næstu árum af lóðinni fyrir það verð, sem lögin 1905 ákveða. Hinsvegar þarf nú byggingarsjóðurinn á fje að halda, því samkvæmt nefndum lögum hefur verið reist bygging handa söfnum landsins, en af því byggingarsjóði hefur lítið fje hlotnast, sökum þess, að ekkert hefur selst af túninu, hefur orðið af taka lán til byggingarinnar úr landssjóði, svo að hann á nú hjá byggingarsjóði rentulaust 130,000 kr. og viðbúið, að skuldin aukist enn.

Af þessum ástæðum telur stjórnarráðið rjett að færa niður lágmark verðsins á Arnarhólslóðinni, svo að möguleiki verði að fá kaupendur að henni. Hyggur stjórnarráðið, að fara verði niður í 2 kr. 50 fyrir hverja ferhyrningsalin, og leggur því til, að sú breyting sje gjörð í söluheimildinni í 2. gr. laga nr. 29, 20. oktbr. 1905.

Frumvarp til laga

um

skipun varabiskups.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

Auk hins reglulega biskups skal skipa biskup til vara og nefnist hann varabiskup.

Varabiskup hefir biskupsvígslu og vígir hinn reglulega biskup landsins, þegar svo stendur á, að fráfarandi biskup getur af einhverjum ástæðum ekki vígt eftirmann sinn. Varabiskup getur og vígt presta, í forföllum hins.

Varabiskup hefir að árslaunum 500 kr. úr landssjóði. Konungur veitir það embætti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Biskup hefir lagt það til að skipaður sje officialis eða varamaður til þess að vera til taks, er biskup fellur frá, meðan hann þjónar embætti, eða fatlast í embætti, svo að hann verður ófær til þess að vígja eftirmann sinn.

Biskup hefir talið rjett að hafa hjer hið gamla officialis-nafn, með því að það sje rótgróið í kirkjusögu landsins, bæði í katólskum og lúterskum sið. Stjórnarráðinu hefir þótt viðkunnanlegra að hafa íslenskt heiti, varabiskup eða vígslubiskup, eins og biskup landsins og hefir talið mega viðhafa.

Markmið frumvarps þessa er, eins og áður er tekið fram, að tryggja það nokkurn veginn að biskupsvígsla geti ávalt farið fram á Íslandi. Verður það varla gjört með öðru móti en þessu, því að tæplega mun nú þykja fært að stofna hjer tvö biskupsembætti, eins og áður var. Það verður að teljast bæði viðkunnanlegast og á margan hátt hentugast, að æðsti prestur íslensku kirkjunnar geti jafnan fengið vígslu í landinu sjálfu. En ef varabiskup er skipaður á annað borð, þá sýnist og hentugt að honum sje ætlað að framkvæma prestsvígslu, ef það kann að koma fyrir að hinn reglulegi biskup fatlist um stund.

Það er gengið að því vísu, að til varabiskups verði tekinn einhver af helstu kennimönnum landsins, sem eru í embætti eða hafa verið í embætti í kirkjunnar þjónustu. Því er ekki farið fram á hærri laun en 500 kr. um árið, og er það að vísu rífleg borgun fyrir ekki meira starf en varabiskupi er ætlað, en getur á hinn bóginn orðið makleg launaviðbót fyrir einhvern merkan kennimann kirkjunnar.

Frumvarp til laga

um

breyting á 26. gr. l. lið í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. liður 26. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum. Prestar í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eftir prestakallaskipunarlögunum á sóknaskipun, mega kjósa um það, að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama er um presta í þeim prestaköllum, þar sem kostur er að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt um í lögum, og presturinn gengur að þeim breytingum. Sama er og ef presturinn er orðinn 60 ára að aldri.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Erindi frá biskupi er tilefni til lagafrumvarps þessa, og er markmið þess að bæta úr þeim misrjetti, sem þykir eiga sjer stað milli sextugra presta eftir ákvæðinu í niðurlagi 1. liðs 26. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta, eins og nú er það orðað, og er í því fólginn, að hlunnindi þau að mega kjósa um það að fá launaupphæðina eptir eldri reglunum eða eftir nefndum lögum ná til sextugra presta, sem sitja í þeim prestaköllum, þar er kostur er að koma þegar á breytingum eftir hinum nýju prestakallaskipunarlögum, þótt þeir gangi ekki að breytingunum. Aftur á móti verða þeir sextugir prestar ei hlunninda þessara aðnjótandi, sem sitja í prestaköllum, þar er hin nýja skipun, getur ekki á komist, þótt þeir gjarnan vildu. Með öðrum orðum: Prestur sextugur í prestakalli, sem breyting á að verða á eftir lögum, getur fengið laun sín eftir hinum nýju prestlaunalögum, ef breytingin kemst ekki á

fyrir þá sök eina, að hann vill ekki aðhyllast hana, en annar prestur sextugur, sem stendur eins á fyrir, getur ekki orðið aðnjótandi hinna sömu hlunninda, af því að breytingin kemst ekki á fyrir sakir hindrana, sem honum eru ósjálfráðar. Það leynir sjer ekki að þetta er ærið ósanngjarnt.

Ákvæði það, sem hjer er farið fram á að breyta, komst inn í frumvarpið til umræddra laga með breytingartillögu frá nefndinni í neðri deild allseint undir meðferð þess á þinginu, og hefir það eflaust ekki verið athugað nógu rækilega.

Það virðist ekki heldur nema sanngjarnt, að úr því farið var að bæta kjör prestanna yfirleitt, þá nái þessi bót á kjörunum til þeirra presta, sem hafa mjög langa þjónustu að baki sjer og hafa átt við fátækleg launakjör að búa, þótt skipun sú á prestaköllunum, sem breytingin á launakjörunum annars er bundin við, geti eigi komist á af ástæðum, sem prestum er ósjálfráðar.

Það er því meiri ástæða til þess að verða við þessari sanngirniskröfu, sem uppfylling hennar sennilega þarf eigi að kosta landssjóð mjög mikið. Eftir því sem biskup skýrir frá, verða í fardögum næstu ekki fleiri af prestum landsins sextugir en 15. Af þeim býst hann við að 7 mundu njóta góðs af breytingu þeirri, er farið er fram á. Hinir eru annaðtveggja komnir undir ákvæði hinna nýju launalaga, eða sitja í þeim prestaköllum, sem gefa eins mikið af sjer eins og launin eftir nýju lögunum yrðu eða meira. »Kostnaðarauki fyrir landssjóð eða prestlaunasjóð«, segir biskup, »gæti til að byrja með ekki farið fram úr 3500 kr., svo jeg nefni hið hæsta. Og sá kostnaðarauki fer eftir eðli sínu minkandi og hverfur innan skams«.

Frumvarp til laga.

um

almennan ellistyrk.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóð handa ellihrumu fólki. Í sjóð þennan rennur styrktarsjóður handa alþýðufólki, sem til er í kaupstaðnum eða hreppnum.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, er nemur 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann til sjóðsins það ár.

2. gr.

Gjaldskyldir til ellistyrktarsjóðsins eru allir, karlar og konur, sem eru fullra 18 ára og ekki yfir 60 ára, nema þeir, er nú skal greina:

a. Þeir, sem njóta sveitarstyrks.
b. Fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum eiga sjá og ekki greiða neitt útsvar, sem og þeir er fyrir heilsubrest eða af öðrum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi.
c. Þeir, sem sæta hegningarvinnu.
d. Þeir, sem hafa trygt sjer fje til framfærslu eftir 60 ára aldur, að upphæð 150 kr. á ári að minsta kosti. Karlmaðurinn greiðir 2 kr. í sjóðinn á ári, en kvennmaðurinn 1 kr.

3. gr.

Í ellistyrktarsjóð rennur gjald fyrir leyfisbrjef til lausamensku samkv. 1. gr. í lögum nr. 3, 2. febr. 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, er gjaldskyldir eru í hreppnum til styrktarsjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1 janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin. Á skrána skulu þeir settir, sem eru fullra 18 ára hinn 1. janúar, og sömuleiðis þeir, sem ekki eru fullra 60 ára hinn sama dag. Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð er stjórnarráðið útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur til að senda nefndum þessum skrá yfir hið gjaldskylda fólk, er dregin sje út úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annars staðar.

5. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til ellistyrktarsjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra svo sem nú segir:

a. Kvongaðir menn eiga að inna af hendi ellistyrktarsjóðsgjald fyrir konur sínar, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.
b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi ellistyrktarsjóðsgjald fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
c. Húsbændur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt, sem er á framfæri með þeim.
d. Iðnaðarmenn eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
e. Kaupmenn, verslunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim.
f. Húsráðendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir lausamenn og

lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að áliti hreppsnefndar eða bæjastjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra. Þeir, sem greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra, hafa rjett til þess, að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum.

6. gr.

Skrár þær, er gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til ellistyrktarsjóðanna skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúarmánaðar ár hvert, á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, og skal auglýst með viku fyrirvara, hvar skrárnar verði lagðar fram.

7. gr.

Nú álítur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúarmánaðar koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfsmánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marsmánaðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefur sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum og hefur hann þá rjett til að fá gjaldið endurgoldið úr styrktarsjóðnum í því sveitarfjelagi, sem hann átti ekki lögheimili í 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan ársloka.

8. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Innheimtumenn fá 2% fyrir gjaldheimtuna.

9. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppum sýslumenn, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin stjórnarráðinu árlega skýrslu um hag ellistyrktarsjóðanna; sams konar skýrslu sendir sýslunefndin stjórnarráðinu. Í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag styrktarsjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

10. gr.

Árgjöld til ellistyrktarsjóðanna má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak eða fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa styrktarsjóðsgjöld sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

11. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta $^2/_3$ hlutum af gjaldi því, er það ár ber að greiða til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, og ennfremur hálfum styrk þeim, er lagður er til styrktarsjóðsins úr landssjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

12. gr.

Sýslumaður skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýra hreppsnefndunum frá því, hve mikil upphæð komi til úthlutunar á árinu úr styrktarsjóðum hreppanna, og hin sama skylda hvílir á bæjarfógetanum gagnvart bæjarstjórn, en hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan birta þetta í hreppnum eða kaupstaðnum á venjulegan hátt fyrir lok ágústmánaðar.

13. gr.

Styrk þann, er árlega skal úthluta, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir ellihrumum fátæklingum, sem eru fullra 60 ára að aldri eða þar yfir, og heima eiga í hreppnum eða kaupstaðnum, án tillits til þess hvar þeir eru sveitlægir, svo framarlega sem umsækjandi á framfærslurjett hjer á landi og hefur ekki þegið sveitarstyrk 5 síðustu árin; þó er sveitarstjórn heimilt að veita konu, er skilið hefur við mann sinn að borði og sæng eða að lögum eða orðið ekkja, ellistyrk, þótt maður hennar hafi þegið sveitarstyrk meðan þau voru saman og eigi sjeu liðin 5 ár frá því hann þáði af sveit.

Styrkur til lækninga, borgun fyrir meðöl, sjúkrahússvist, umbúðir og slíkt, telst eigi sveitarstyrkur, þá er um ellistyrk er að ræða.

Við úthlutun styrksins skal einkum hafa fyrir augum hve mikil og brýn þörf umsækjanda er og hvort hann er reglusamur og vandaður maður.

14. gr.

Þeir, er vilja fá styrk úr ellistyrktarsjóði, skulu fyrir lok septembermánaðar ár hvert senda skriflega beiðni um styrkinn til hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og á umsóknarbrjefið að fela í sjer þær upplýsingar, sem með þarf, til þess að geta dæmt um verðleika umsækjanda.

Beiðninni skulu fylgja vottorð einhvers málsmetandi manns um það, að upplýsingar þær, er í beiðninni standa, sjeu sannar.

15. gr.

Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist fyrir eitt ár í senn, og má ekki vera undir 20 krónum og ekki yfir 200 kr.

Landsstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrksins.

16. gr.

Ef engin umsókn um styrk úr ellistyrktarsjóði berst til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða aðrar gildar ástæður valda því, að eigi þykir rjett að úthluta öllu því fje, sem um er rætt í 11. gr., skal það, sem afgangs verður, lagt við innstæðu sjóðsins.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910 og ber að innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1910.

18. gr.

Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 og lög um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 18. desbr. 1897 eru úr lögum numin.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp þetta er í öllum aðalatriðum samhljóða frumvarpi því til laga um almennan ellistyrk, er lagt var fyrir alþingi 1907.

Frumvarp þetta var ítarlega rætt í neðri deild alþingis, var afgreitt þaðan til efri deildar, en komst þar ekki til umræðu.

Á alþingi voru gjörðar þær aðalbreytingar á frumvarpinu, að tillagið úr landssjóði til sjóðanna var hækkað um hjer um bil 8500 kr. á ári, en jafnframt var ákveðið að styrk af sjóðnum mætti veita fátækum öryrkjum fullra 18 ára að aldri, ení frumvarpinu eru þeir taldir öryrkjar »sem eru frá verki sakir ellilasleika eða langvinnrar heilsubilunar«. Það verður þó ekki álitið að breyting þessi sje til bóta. Að »vera frá verki« þýðir að vera ófær til allrar vinnu, en þessi merking er alt of þröng, því það er ljóst, að fjelaust gamalmenni er orðið styrkþurfi mikið fyr en það getur ekkert unnið, en þegar þessari merkingu sleppir er hugmyndin alveg óljós og óákveðin.

Því hefur verið haldið fram, að þeir sem missa heilsuna á unga aldri, hafi jafnan rjett og gamalmenni til að fá styrk sjer til viðurlífis, sem ekki sje sveitarstyrkur. Þetta kann vel að vera og skal ekki um það deilt, en slíkur styrkur er annars eðlis en ellistyrkur, og því eðlilegt að menn tryggi sig gagnvart heilsubilun eða slysum á annan hátt. Að taka þessi tilfelli með, myndi gjöra úthlutunina erfiðari og vekja óánægju milli styrkþiggjanda. — Það virðist því heppilegra, að minsta kosti fyrst um sinn, að hafa verksvið styrktarsjóðanna takmarkaðra til þess, að þeir því fremur geti fullnægt ætlunarverki sínu, sem sje að vernda öll heiðarleg gamalmenni frá að líða nauð á elliárunum. Þá fyrst þegar sjóðurinn er orðinn þess megnugur, væri ástæða til að taka til yfirvegunar að auka verksvið sjóðanna.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

1. gr. er óbreytt eins og í hinu eldra frumvarpi.

Í 2. gr. er tekið upp ákvæði um, að fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum hafa að sjá og ekki greiða útsvar, sjeu undanþegnir gjaldi til sjóðanna. Þetta ákvæði, sem var sett inn á alþingi, virðist rjettmætt.

3. gr. er óbreytt.

Í 4. gr. er samkvæmt tillögu neðri deildar ákveðið að hreppsnefndir skuli fyrir lok janúarmán. semja skrár um þá, er gjaldskyldir eru til sjóðsins, í stað þess að í hinu eldra frumvarpi átti skráin að vera samin fyrir febrúarmán. lok og í sambandi við þetta standa breytingarnar á tíma takmörkunum í 6. og 8. gr. Að öðru leyti geta hinar aðrar breytingar í greininni ekki talist annað en orðabreytingar.

5. gr. er óbreytt.

8., 9., 10. og 12. gr. er óbreytt.

Í 11. gr. er á eftir orðunum »á ári hverju« bætt inn til skýringar orðunum »að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram«.

13. gr. Í frumvarpinu frá 1907 var meðal annars sett það skilyrði fyrir styrkveitingu að umsækjandi hefði ekki síðustu 10 árin þegið sveitarstyrk. Þessi frestur hefir nú verið færður niður í 5 ár. Að binda styrkveitinguna ennfremur því skilyrði, að umsækjandi standi ekki í sveitarskuld sýnist ekki rjett; það væri t. d. alveg óeðlilegt, að maður, sem þegið hefir svettarstyrk milli þritugs og fertugs en síðan hefir komist af sveit og greitt tillag til sjóðsins árum saman, geti ekki fengið styrk af sjóðnum nema því að eins að skuldin sje annað hvort eftirgefin eða endurborguð.

Á eftir 15. gr. var í neðri deild skotið inn nýrri grein, 16. gr., um það að ef engin umsókn um styrk úr sjóðnum kæmi fram eða eigi þætti ástæða til að úthluta öllu því fje, sem ræðir um í 11. gr., þá skuli afgangurinn lagður við innstæðu sjóðsins. Þessi grein hefir nú verið tekin upp í frumvarp þetta, þótt þetta væri svo sjálfsagt að ekki hefði þurft beint lagaákvæði um það.

Samkvæmt 17. gr. eiga lögin að öðlast gildi 1. jan. 1910.

Að öðru leyti skírskotast til athugasemdanna við frumvarp það, sem lagt var fyrir alþingi 1907, Alþ.tíð. 1907 A, bls. 299—303.

Frumvarp til laga

um

bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

---

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins skal greiða aðflutningsgjald sem hjer segir:

1. Af alls konar öli, ... kr. 0,10 af hverjum potti.
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og samskonar drykkjarföngum með 8° styrkleika eða minna... ... ... — 1,00 — —»— —
   yfir 8° og allt að 12° styrkleika ... ... — 1,50 — —»— —
   yfir 12° og allt að 16° styrkleika ... ... — 2,00 — —»— —
   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gjörður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds. skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni og samskonar borðvínum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni ... ... — 0,50 — —»— —
4. Af öllum öðrum vínföngum. þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar ... ... — 1,00 — —»— —
5. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.).. ... — 1,00 — —»— pela. eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sje varan aðflutt í stærri ílátum.

   Sjeu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.
6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki ... ... kr. 1,00 af hverju pundi.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) ... — 2,60 — — —

   Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum sem þær seljast í.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

8.	Af kaffi og kaffibæti alls konar...	13	aura	af	hverju	pundi.
9.	Af sykri og sírópi	6½	eyri	—	—	—
10.	Af tegrasi...	50	aura	—	—	—
11.	Af súkkulaði	25	—	—	—	—
12.	Af kakaódufti...	13	—	—	—	—
13.	Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum...	40	—	—	—	—

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Nefnd sú, sem skipuð var samkvæmt 2. gr. laga 31. júlí 1907, til þess að endurskoða skattalöggjöf landsins, hefur nú lokið við álitsskjal og 17 lagafrumvörp. En það er hvortveggja, að álitsskjal og tillögur nefndarinnar voru eigi fullprentuð nje send stjórnarráðinu fyr en í októbermánuði og því of stuttur tími til þess að athuga tillögurnar og taka afstöðu til þeirra, áður stjórnarfrumvörpin þurfa að vera tilbúin, enda var það gjört heyrum kunnugt fyrir kosningar þær, er framfóru á síðastliðnu sumri, að stjórnin mundi eigi leggja tillögur skattanefndarinnar um breyting á skattalögum landsins fyrir þetta þing, svo að eigi þyrfti að taka tillit til þeirra við kosningarnar, sem ætlast var til að aðallega sýndu afstöðu kjósendanna til eins stórmáls, sambandsmálsins og skattanefndin telur heldur ekki starfi sínu lokið til fulls. Það er því ekki gjört ráð fyrir, að unt verði að koma nýrri skipan á skattamálin fyr en á þingi 1911.

Hinsvegar hefur það orðið ljóst við undirbúning fjárlagafrumvarpsins fyrir 1910 og 1911, að ómögulegt er með sæmilega varkárri áætlun að fá tekjurnar, eftir núgildandi lögum, til þess að hrökkva til nauðsynlegra árlegra útgjalda, hvað þá til þess að halda nokkurnvegin í horfi þeim framkvæmdum og fyrirtækjum, sem þjóðin þarfnast, og á dagskrá eru. Kröfur þjóðarinnar um bráðar aðgjörðir til nauðsynlegra umbóta á samgöngumálum, mentamálum og atvinnumálum landsins eru svo ríkar og rjettmætar, að það mundi verða mjög tilfinnanlegur hnekkir, ef fjárveitingarvaldið dragi mjög að sjer hendina í þessum efnum um heilt fjárhagstímabil, þar til auknar tekjur fást, með væntanlegum nýjum skattalögum og toll-lögum. Það virðist því óhjákvæmilegt, að gjöra í bili einhverja bráðabirgðaráðstöfun til tekjuauka, meðan endurskoðun skattalaganna er í aðsigi.

Að taka lán í þessu skyni, virðist óráðlegt, þar sem tekjuhalli sá, sem óhjákvæmilegur er, stafar enganvegin eingöngu af framkvæmd arðbærra fyrirtækja, heldur og af vaxandi árlegum kostnaði, sjerstaklega til mentamálanna,

sem stöðugt aukast og að láta hallann ganga á viðlagasjóðinn álítst ógjörningur.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á gjöldum eftir fjárlögunum fyrir þau fjárhags-tímabil, sem af eru þessari öld, við fjárlagafrumvarpið fyrir 1910 og 1911, og sjest af því, hvernig gjöldin til hinna einstöku málaflokka hafa vaxið ár frá ári:

	Fjárhags-tímabil 1900—1901	Fjárhags-tímabil 1902—1903	Fjárhags-tímabil 1904—1905	Fjárhags-tímabil 1906—1907	Fjárhags-tímabil 1908—1909	Fjárhags-tímabil 1910—1911
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Æðsta stjórn og umboðsstjórn	79 967	80,367	81,967	96,000	100,000	101,500
Alþingi og yfirskoðun landsreikninga m. m.	39.600	39,600	39,600	41,600	65,600	61,600
Rentur og afborgun lána	.....	.....	.....	.....	.....	89,941
Dómgæsla og lögregustjórn m. m.	193,160	208,060	206,487	203,680	207.030	218 930
Læknaskipun og spítalar	197,260	230,374	235,641	240,000	269.301	283,446
Samgöngumál	470,392	517,092	701,937	806,287	1,208,301	078,367
Kirkjumál	47,100	49,000	62,270	54,400	55,200	91,200
Mentamál	204,916	226,696	235,446	252,796	310,750	381,981
Vísindi og bókmentir	58,750	58,650	78,870	99,060	157,740	122,220
Verkleg fyrirtæki og búnaðarmálefni	109,580	151,310	332,700	340,020	336,920	395,620
Fyrirframgreiðslur	5,200	5,200	5,200	5,200	5,200	5,200
Eftirlaun og styrktarfje	90,000	99,000	86,000	108,900	122,000	125,000
Óviss útgjöld	3,000	3,000	3,000	3,000	10,000	6,000
Áætlaður tekjuhalli	99 025	132,949	400,550	210,589	25,512	348,474
Lántaka	.....	.....	.....	.....	500,000	

Í hverju aukningin í stærstu útgjaldagreinunum er fólgin, sjest á eftirfarandi sundurliðuðum samanburði á fjárhagstímabilinu 1900—1901 við áætlunina fyrir fjárhagstímabilið 1910—1911.

	1900–1901 Kr.	Kr.	1910—1911 Kr.	Kr.	Athugasemdir.
I. Dómgæsla og lögreglustjórn m. m.					
1. Eiginlegur dómgæslu- og umboðsstjórnar kostnaður	175,000		172,630		
2. Stjórnartíðindi og landhagsskýrslur	9,360		15,300		
3. Endurgjald fyrir burðareyri undir embættisbrjef og embættisskeyti	5,000		16,000		Rennur aftur í landssjóð að mestu.
4. Til aðstoðarlöggæslu			4,000		Við fiskiveiðaeftirlit.
5. Útgjöld til fátækramálefna ..			6,000		Lög 10. nóv. 1905 77. gr. og 78. gr.
6. Önnur útgjöld	3,800	193,160	5,000	218,930	
II. Læknamálefni.					
1. Laun	120,880		157,300		Lög $^{12}/_{10}$ 1899 og $^{15}/_{11}$ 1907.
2. Sjúkrahús og sjúkraskýli ...	67,732		108,146		Klepsshælið og ýms sjúkraskýli.
3. Sóttvarnagjöld	2,000		10,000		
4. Önnur útgjöld	6,648	197,260	8,000	283,446	L. $^{8}/_{11}$ 1902 o. fl.
III. Samgöngumálin.					
A. Póstmálefni.					
1. Laun og þóknanir	44,800		86,150		Fjölgun póstafgrsl. og brjefhirðinga.
2. Póstflutningur	81,200		101,200		
3. Önnur útgjöld	7,500	133,500	7,400	194,750	
B. Vegamálefni.					
1. Stjórn vegamála og undirbúningur	10,000		18,200		Vegalög $^{22}/_{11}$ 1907.
2. Til nýrra vegagjörða og brúa	146,000		185,000		
3. Til viðhalds og umbóta á vegum	10,000		44,000		
4. Önnur útgjöld		166,600	4,600	251,800	
C. Samgöngur á sjó.					
1. Gufuskipaferðir milli landa og kringum land	100,000		80,000		
2. Gufubátaferðir innanlands...	20,800	120,800	88,600	168,600	
D. Ritsímar og talsímar.					
1. Árgjald til Mikla Norræna	35,000		70,000		
2. Bygging nýrra landsíma ...			194,415		
3. Til starfrækslu			78,500		
4. Önnur útgjöld		35,000	34,800	377,715	
Flyt		455,900		992,865	

	1900—1901 Kr.	Kr.	1910—1911 Kr.	Kr.	Athugasemdir.
Flutt		455,900		992,865	
E. Vitar.					
1. Bygging nýrra vita			53,500		
2. Rekstur vita	14,492	14,492	32,002	85,502	
		470,392		1,078,367	
Hjer frá má draga tekjur.. ...		88,000		345,000	
		382,392		733,367	
IV. Kirkjumál.					
1. Laun biskups og skrifstofufje	16,000		12,000		
2. Til launa og launaviðbóta, eptirlauna og eptirlaunaviðbóta handa prestum	6,000		55,000		Lög nr. 46 og 47 $^{16}/_{11}$ 1907.
3. Til prestakalla eftir lögum 27. febr. 1880 og nokkurra brauða i Hólastipti	19,700		14,200		
4. Bráðabirgðauppbætur... ...	4,400		10,000		
5. Önnur útgjöld	1,000	47,100		91,200	
V. Kenslumál.					
1. Æðri mentastofnanir (prestaskóli, læknaskóli. lagaskóli)	38,800		67.700		L. nr. 38. $^{16}/_{11}$ 1907.
2. Hinn alm. mentaskóli... ...	71,676		66,540		
3. Alþýðumentun og barnafræðsla	66,200		215,840		Lög nr. 59 og 63. 22. nóv. 1907 (fræðsla barna kennaraskóli.
4. Sjerstök fræðsla (auk búnaðarfræðslu, iðnaðarskóla. verslunarskóla o. fl., sem talið er með verklegum fyrirtækjum)	28,240	204,916	31,900	381,980	
VI. Vísindi og bókmentir.					
1. Landsbókasafnið	14 300		37,520		Lög nr. 56. $^{22}/_{11}$ 1907.
2. Önnur bókasöfn	2,600		6.200		
3. Landsskjalasafnið...	3,100		8,900		
4. Forngripasafnið	8,000		7,600		L. nr. 40 $^{16}/_{11}$ 1907.
5. Ýmsar styrkveitingar	30,750	58,750	62,000	122,220	
VII. Verkleg fyrirtæki.					
1. Búnaðarskólar (bændaskól.).	20,000		105,900 (Þar af byggingark. 73:100).		Lög nr. 48, 10. nóv. 1905.
2. Til iðnskóla, verslunarm.-skóla og annars náms	7.400		25,000		
3. Til búnaðarfjelaga	36,000		41,000		
4. Búnaðarfjelag Íslands... ...	17,500		108,000		Lög nr. 54, $^{22}/_{11}$ 1907.
5. Skógrækt og sandgræðsla ...	1,000		36,000		
6. Samvinnusmjörbú	.....	.....	26,000		Verkfræðingur dýralæknir yfirfiskimatsmenn efnafræðisrannsóknir o. fl.
7. Ýmsir fastir starfsmenn ..	5,600	.....	26,320		
8. Fiskiveiðasjóðurinn	.....	.....	12,000		Lög nr. 52, $^{10}/_{11}$ 1905.
9. Ýmsar styrkveitingar	22.080	109,580	15,400	395,620	

Af hinum síðasttalda málaflokki ættu að rjettu lagi 1. og 2. liður, bændaskólarnir, iðnskólinn, verslunarskólinn, kveldskólarnir o. fl., að teljast til kenslumálanna, og bætast við 3. lið þar. Yrði þá gjöldin til alþýðufræðslu og barnafræðslu fjárhagstímabilið 1900—1901: 93,600 kr., en fjárhagstímabilið 1910—1911: 346,740 kr., og allur kenslumálakostnaðurinn eftir því tiltalslega 232,316 kr. og 512,880 kr., en kostnaður til verklegra fyrirtækja færðist niður að því skapi, í 82,180 kr. og 264,720 kr. Aftur á móti er hreinn kostnaður til samgöngumálanna hvergi nærri eins mikill og útgjaldaupphæðirnar í framanskráðum yfirlitum greina, því að þau mál gefa sum landssjóði talsvert í aðra hönd. Þannig er í fjárlagafrumvarpi fyrir 1910—1911 landssjóði áætlaðar tekjur

af póstferðum	kr.	150,000,00
— ritsímum og talsímum .	—	155,000,00
— vitagjaldi	—	40,000,00
Samtals	kr.	345,000,00

Hreinn kostnaður til póstmála þau ár er því að réttu lagi aðeins 44,750 kr., kostnaður til ritsíma og talsíma, að meðtöldu árgjaldinu til mikla norræna ritsímafjelagsins, en að fráskildum kostnaði við nýjar símalagningar, aðeins 28,300 kr., og vitagjaldið borgar eigi aðeins allan árlegan kostnað við vitana, heldur gefur að auki um 8000 kr., sem samsvarar 4% rentu af 200,000 kr.

Yfirlitin sýna, að gjaldaaukningin kemur fram í mjög mörgum gjaldliðum, og stafar ekki svo mjög af óvenjulegum útgjöldum, sem af nýjum lagafyrirmælum og umbótum í helstu velferðarmálum þjóðarinnar, sem sumpart eru um það leyti að ganga í gildi. Þannig koma á fjárhagstímabilinu 1910—1911 til útgjalda allmikil gjöld umfram það, sem talið er á núgildandi fjárlögum fyrir 1908—1909 og skulu hjer nefnd nokkur ný gjöld og kostnaður, sem sumpart er óumflýjanlegur, sumpart mjög nauðsynlegur, umfram það, sem nú er veitt:

1.	Tveggja ára vextir og afborganir af láni landssjóðs úr ríkissjóði Dana	89,941	kr.
2.	Til fátækramálefna	6,000	—
3.	Viðbót til geðveikrahælisins	13,195	—
4.	Til launa handa póstafgreiðslumönnum og brjefhirðingamönnum, viðbót	9,550	—
5.	Viðbót til gufubátsferða til Hornafjarðar	12,000	—
6.	Til vita á Dyrhólaey, Rifstanga og Langanesi	53,500	—
7.	Aukinn kostnaður við stjórn og umsjón vitamála	4,200	—
8.	Aukinn kostnaður við eldri vita, og rekstur hinna nýju vita á Dalatanga og Siglunesi	9,320	—
9.	Tillag til prestalaunasjóðsins	48,000	—
10.	Til lagaskólans	10,950	—
11.	Til kennarakennslu	14,800	—
12.	Til kvennaskóla	6,200	—
13.	Barnaskólastyrkur	9,000	—
14.	Farskólastyrkur	10,000	—
15.	Styrkur til byggingar barnaskólahúsa	28,000	—
16.	Umsjón fræðslumála	3,400	—
	Flyt:	328,056	kr.

	Flutt:	328,056 kr.
17. Kensla heyrnar- og málleysingja	1,500	—
18. Lýðskólinn	1,000	—
19. Landsbókasafnið og landsskjalasafnið	11,300	—
20. Fornmenjar og forngripasafn	2,680	—
21. Bændaskólarnir á Hólum og Hvanneyri	74,600	—
22. Búnaðarfjelagið	6,000	—
23. Skógrækt	6,000	—
24. Verslunarskólinn	4,000	—
	Alls	435,136 kr.

Hjer er eigi með talinn neinn kostnaður til vegagjörða nje til nýrra talsímalagninga, af því að sá kostnaður er lægri í frumv. heldur en í núgildandi fjárlögum.

Gegn þessari miklu hækkun á ýmsum óhjákvæmilegum gjöldum á næsta fjárhagstímabili kemur að vísu nokkur áætluð tekjuhækkun, þótt tekjurnar sjeu áætlaðar svo varlega, að t. d. aðflutningsgjaldið er í fjárlagafrumv. sett um 156 þúsund kr. lægra á fjárhagstímabilinu heldur en búast mætti við eftir meðaltali þriggja síðast undanfarinna ára. En þrátt fyrir tekjuhækkun þá, sem áætluð er í fjárlagafrumv., og þótt slept hafi verið að taka til greina allmikið af tillögum vegaverkfræðingsins og landsímastjórans um nýjar vegagjörðir og talsímalagningar, og aðrar fjárbeiðslur takmarkaðar að mun, þá nemur hinn áætlaði tekjuhalli í fjárlagafrumv. samt um 348 þús. kr., og auk þess er í fjáraukalögum fyrir 1908 og 1909 farið fram á aukafjárveitingar, er nema allt að því 134 þús. kr.

Þegar til þess kemur að athuga, á hvern hátt eigi að fá, án lántöku, fje það, sem þannig vantar, virðist auðsætt, að til þess er ekki nema ein leið, en það er bráðabirgðaaukning á aðflutningsgjaldi. Aðflutningsgjaldið er enn, þrátt fyrir tollaukalögin frá 1907, tiltölulega lágt í samanburði við það, sem tíðkast í ýmsum öðrum löndum á sömu vörutegundum, og þó að aðflutningsgjaldið hafi aukist svo á þeim fáu árum, sem liðin eru af öldinni, að það er varkár áætlun að telja það nú 644 þús. kr. hærra á fjárhagstímabili, heldur en það var áætlað í fjárlögunum fyrir 1900 og 1901, þá má þó fullyrða, að sú hækkun hafi ekki verið almenningi tilfinnanleg, þannig að menn *af þeirri ástæðu* hafi fundið til þyngri gjaldabyrði til landssjóðs, heldur en síðustu árin fyrir aldamótin.

Jafnvel þótt tollurinn á kaffi og sykri sje eigi hár í samanburði við það, sem gjörist sumstaðar annarstaðar,* og tekjuaukinn væri bæði fljóttekinn

---

* Í Noregi er tollurinn í ár (1908) af *kaffibaunum* óbrendum lægst 30 aurar hæst 50 aurar á kilógrammi (2 pundum), af *brendu kaffi* og *kaffibæti* 50—75 aura á kg., af *sykri* 30—40 aura á kg. Af öllum tegundum *brennivíns* er tollurinn 2kr. 65 au.—3 kr. 20 au. á líter, án tillits til styrkleika, ef flutt er á ílátum undir 50 lítra, en 2 kr. 80 au.—3 kr. 20 au., miðað við fullan sprittstyrkleika, ef flutt er á stærri ílátum. — Af *neftóbaki* er tollurinn 3 kr. 80 au.—5 kr. á kg., en af *reyktóbaki* og *munntóbaki* 2 kr. 70 aur.—4 kr. á kg., af *vindlum vindlingum* 6—8 kr. á kg. o. s. frv. Alls eru þar yfir 700 tölulíðir af tollskyldum varningi Sje aðflutningsgjaldið af þeim fáu vörutegundum, sem tollskyldar eru hjer á landi, og hingað flytjast á einu fjárhagstímabili eftir síðustu ára reynslu, reiknað út eftir hinum norsku reglum (lágmarkinu), þá mundi það nema nálægt *hálfri fjórðu miljón* á fjárhagstímabilinu.

og viss með því að hækka á þeim vörutegunum, þar sem hvers eins eyris hækkun á pundinu af hvoru um sig mundi gefa um 100 þús. kr. tekjuauka á fjárhagstímabilinu, þá er þó ekki farið fram á að hreifa neitt við tollinum á þeim, heldur er lagt til að hækka eingöngu á þeim tollskyldu vörum, sem enn síður geta talist til nauðsynja og mönnum því er enn þá meir í sjálfsvald sett, hvort þeir kaupa og nota eða ekki, sem sje allskonar áfengisdrykkjum og tóbaki, svo og súkkulaði, brjóstsykri og tegrasi.

Eftirfarandi tafla sýnir aðflutning tollskyldrar vöru undanfarin ár, upphæð bráðabirgðarhækkunar þeirrar, sem stungið er upp á á tolleining hverri og tekjuauka þann, sem við má búast.

Tollvörutegundir:	Aðfluttar vörur í hundruðum: 1905	1906	1907	Meðaltal aðfluttrar tollvöru 1905—1907 á ári	Gjald af tolleining: Eftir núgildandi tollögum	Eftir frumvarpinu	Hækkun á tolleining	Aðflutningsgjald, reiknað eftir gildandi tollögum, af meðaltalsupphæðinni 1905—1907, á ári:		Aðflutningsgjald, reiknað af meðaltalsaðflutningum, eftir frumv., á ári:		Árlegur tekjuauki eftir frumvarpinu	
					aurar	aurar	aurar						
Allskonar öl..... pt.	3684	4073	4313	4023	6½	10	3½	26150		40230		14080	
Brennivín, talið í 8.. -	2593	2636	2994	2741	52	100	48	142532		274100		131568	
Romm. kognak, whisky o. þvíl..... —	307	366	344	339	78	100	22	26442		33900		7458	
Rauðvín, hvít vín o. fl. —	70	119	150	113	19½	50	30½	2203		5650		3447	
Önnur vinföng..... —	182	158	242	194	78	100	22	15132		19400		4268	
Bittersamsetningar ... —	...	13	10	11	97½	100	2½	1073		1100		27	
Bitteressents o. þvíl.... pel.	...	...	...	...	130	100	...	Samt.	213532	Samt.	374380	Samt.	160848
Allskonar tóbak ..... pd.	1809	1875	1885	1856	65	100	35	120640		185600		64960	
Vindlar ..... —	80	101	124	102	260	260	...	26520		(26520)		.....	
Vindlingar ..... —	14	18	25	19	130	260	130	2470		4940		2470	
								Samt.	149630	Samt.	217060	Samt.	67430
Kaffi og kaffirót ..... —	10440	11012	11188	10880	13	13	...	141440		(141440)			
Sykur og síróp ..... —	34908	39029	42410	38782	6½	6½	...	252083		(252083)			
								Samt.	393523	Samt.	(393523)		
Tegras..... —	62	59	69	63	39	50	11	2457		3150		693	
Súkkulaði ..... —	803	852	938	864	13	25	12	11232		21600		10368	
Brjósts. og konfekt .. —	93	113	132	113	39	40	1	4407		4520		113	
								Samt.	18096	Samt.	29270	Samt.	11174
									774781		1014233		239452

Taflan sýnir, að svo framarlega, sem vöruaðflutningurinn minkaði ekki frá því, sem hann hefur verið að meðaltali þrjú síðastliðin ár, þá yrði tekjuaukinn allt að því 240 þús. kr. á ári, eða undir 480 þúsund kr. á fjárhagstímabilinu. En jafnvel þótt aðflutningurinn hafi undanfarin ár stöðugt farið vaxandi með vaxandi fólksfjölda og aukinni skipakomu og aðsókn útlendra fiskimanna, þá verður þó að gera ráð fyrir því, að nokkuð minna verði flutt af þeim vörum, sem mest er hækkað á. Sjerstaklega á þetta við um brennivínið, sem mest flytst af og mest munar um tollinn af. En jafnvel þótt svo djúpt sje tekið í árinni, að gera ráð fyrir því, að af þeirri vörutegund flyttist allt að því 30%, þ. e. 82,230 pottum minna, heldur en að meðaltali þrjú síðast undanfarin ár, þá yrðu tekjur landssjóðs af henni allt um það allt að því 50 þúsund kr. hærri á ári eða 100 þúsundum hærri á fjárhagstímabilinu, en þær eru nú, og vínfangatollurinn allur gæfi allt um það um 150 þús. kr. tekjuauka. Takmörkunin á brennivínsbrúkuninni, meira en 1 pottur af brennivíni á hvert mannsbarn í landinu, mundi aðallega koma fram hjá íbúum landsins sjálfs, því ekki er ráð fyrir því gerandi, að útlendur sjómannalýður, sem hjer er vanur að fá sjer drykkjarföng, mundi láta sjer fyrir brjósti brenna verðhækkun þá, sem tollaukinn hefur í för með sjer. Það virðist því svo, sem hækkun þessi ætti að vera kærkomin þeim, sem láta sjer ant um takmörkun áfengisnautnar í landinu eða útrýming hennar, einnig þeim, er stefna að því, að lögleiða fult aðflutningsbann áfengis, því að það virðist auðsætt, að hátt aðflutningsgjald og þar af leiðandi geypiverð á áfengi er afar-hentugt, eður jafnvel nauðsynlegt undirbúningsstig undir slíka ráðstöfun, þar sem það mundi af annari hálfu gera bannið vinsælla hjá fjölda mörgum, sem fyrir síða sakir þykjast verða að hafa áfengi um hönd meðan það er í verzluninni, og hins vegar gera mönnum miklu erfiðara fyrir, að afla sjer, meðan bannlög væri í aðsigi, áfengisbirgða, sem síðar, er bannið væri á komið, gæti verið hafðar að skálkaskjóli fyrir leynikaupum og ýmiskonar undanbrögðum. — Annars er tollur sá, sem frumv. fer fram á, 1 kr. á pott eða flösku af hvers konar brennivíni, alls ekki mjög hátt gjald, í samanburði við það gjald, sem hefur verið að undanförnu á miklu hollari eða meinlausari áfengistegund, sem sje víninu (78 aur.). — En hærra þótti þó ekki fært að fara að sinni, af því að um tekjuauka er að ræða, en ekki útrýming.

Að því er snertir tóbakið, virðist ekki ástæða til, að ætla, að tollhækkunin dragi að neinum mun úr aðflutningi þess, því hann hefur verið mjög jafn að undanförnu. Aftur á móti er tollurinn á vindlum þegar svo hár, 2 kr. 60 a. á pundi, að við hann er ekki bætandi í tekjuauka-skyni; hækkun á honum mundi þvert á móti geta rýrt tekjurnar af þeirri tollgrein. Honum er því haldið óbreyttum í frumvarpinu, en tollurinn af vindlingum, sem hvort sem er munar lítið um, settur jafn-hár vindlatolli, því engin ástæða virðist til þess, að ívilna þeirri vörutegund, sem bæði er venjulega dýrari í innkaupi, heldur en jafn þungi af vindlum, óhollari og þó hjerlendis aðallega notuð af þeim, sem síst ættu tóbak að reykja. Að dæmi hinna norsku tolllaga, er ákveðið, að öskjur og næstu umbúðir um cigarettur skuli taldar með til tolls.

Að öðru leyti skal þess að eins getið, að tollurinn af bittervökva er settur eins og í tolllögunum 1901, því að það þykir líklegra til tekna af honum, heldur en hækkun. Bittersamsetningar, sem ætlaður er óblandaður til drykkjar, eru settar á borð með öðrum vínföngum.

Af því að það mun vera ógát, að *kakaóduft* hefur ekki verið tollsett um leið og súkkulade, er þeirri vörutegund einni bætt við, og tollurinn settur eins og á kaffi.

Frumvarp til laga

um

styrktarsjóð handa barnakennurum.

1. gr.

Styrktarsjóð skal stofna handa barnakennurum landsins. Stofnfje hans, 5000 krónur, leggur landssjóður til.

2. gr.

Hver sá kennari, er ráðinn er til kenslustarfa eftir lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1902, greiðir í sjóðinn á hverju ári 1% af kennaralaunum sínum.

3. gr.

Sjóðurinn fær 1000 kr. styrk úr landssjóði á hverju ári.

4. gr.

Styrktarsjóð þessum skal stjórna undir yfirumsjón landstjórnarinnar 3 manna nefnd, er í eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kýs.

5. gr.

Því aðeins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sje styrkþurfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minnsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kennslustörfum sakir heilsubilunar.

6. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20,000 kr., en síðan $^{3}/_{4}$ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðru vísi sje ákveðið af gefanda.

7. gr.

Nánari reglur um starfsemi sjóðsins, innheimtu, styrkveiting og reikningsskil semur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið tillögu þarum frá forstöðunefnd hans.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er framkomið að ósk stjórnar hins íslenska kennarafjelags, en henni var falið í sumar sem leið af aðalfundi fjelagsins, þar er saman voru komnir um 40 kennarar víðsvegar af landinu, að gangast fyrir því, að fyrir næsta alþingi yrði lagt frumvarp til laga um stofnun styrktarsjóðs handa barnakennurum.

Á síðari árum hefir það farið að tíðkast, að menn hafa, eftir nokkurn sjerstakan undirbúning, farið að gefa sig að barnakenslu sem aðalatvinnu, og fjölgar þeim mönnum smátt og smátt. Þannig er að myndast vísir til sjerstakrar stjettar barnakennara. Þessir menn hafa átt við mjög bág launakjör að búa, og þótt reynt hafi verið til að bæta nokkuð með lögunum 22. nóvbr. 1907, um fræðslu barna, launakjör þessarar stjettar, sem hlýtur að fjölga eigi alllítið einmitt vegna þeirra laga, þá verður varla sagt að barnakennarar fái nægileg laun til daglegra þarfa sinna, ef þeir eru ekki einhleypir menn, því síður að þeir geti lagt nokkuð fyrir til þess að grípa til, ef sjúkleiki eða hrumleiki bannar þeim að vinna. Það er því öll þörf að koma á stofn almennum styrktarsjóði handa barnakennurum, og verður það varla gert nema með opinberum styrk, því að, eins og bent er til að framan, geta kennararnir sjálfir ekki látið mikið af mörkum.

Stjórnarráðinu hefir því verið ljúft að verða við óskum kennarafjelagsins um að hlutast til um að frumvarp í þessa átt verði lagt fyrir alþingi og er lagafrumvarp þetta svo að segja samhljóða því frumvarpi, sem stjórn fjelagsins hefir samið og sent hingað, með þeirri einni verulegri breytingu, að stjórn sjóðsins er eigi lögð undir yfirstjórn fræðslumálanna, heldur undir sjerstaka nefnd.

Framlag það, sem beiðst er eftir af landssjóði, 5000 kr. í upphafi, og síðan 1000 kr. árlega, er svo hóflegt, að varla verður sagt að muni landssjóð neinu.

Frumvarp til laga

um

meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva trje eða hrís öðru vísi en svo, að höggvið sje innan úr eða gangar eftir skógnum eða kjarrinu, en ekki má berhöggva neitt svæði. Birkirunnum og birkirótum má ekki kippa upp; ekki má heldur rífa fjalldrapa, beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng eða mosa.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógræktarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem skógur er eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir samkvæmt reglum þeim, sem getur um í 2. gr., gefa fyrirskipanir um hvernig skógar eða kjarr skuli höggvið. Eigandi eða nothafi skógar eða kjarrs skal skyldur að fylgja skógræktarstjóra eða skógarverði út í skóginn eða kjarrið, svo þeir geti leiðbeint honum að því er snertir framkvæmd á fyrirskipunum þeim, sem þeir gefa um meðferðina. Eigandi eða nothafi skal og skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu og tæki til þess að höggva á allt að 200 ferhyrningsfaðma svæði í skógnum eða kjarrinu til þess að sýna hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendum og notendum skóga og kjarrs skal skylt að heimila skógræktarstjóra, skógarvörðum og þeim, sem með þeim fylgjast á eftirlitsferðum þeirra, svo og hreppstjórum og öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, tálmunarlausa umferð um land sitt,hvort sem girt er eða ógirt.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra, ef fje er veitt til þess úr landssjóði, að taka alt að 6000 ferhyrningsfaðma stórt skógar- eða kjarrsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar, gegn endurgjaldi eftir óvilhallra manna mati, ef eigandi eða notandi krefst þess, og skal svæðið þegar girt.

6. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn til þess að kynna sjer fyrirskipanir þeirra að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með, hvort framkvæmdar sjeu. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 4 kr. um daginn, er greiðast úr landssjóði.

7. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um að beita þá sem minst sauðfje á tímabilinu frá 1. október til 1. júní og ekki geitum á neinum tíma árs. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sjerstaklegar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit og ef einhversstaðar horfir til stórskemda eða auðnar fyrir þá sök, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo farið verði fram á nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu löggjafarvaldsins til varnar eyðileggingu.

8. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sje gegn friðarákvæðunum í 1. gr. þessara laga. Skulu þeir jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðar ber málið undir stjórnarráðið, og ákveður það svo hvað gera skuli frekar í málinu.

9. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 5 til 100 kr. til landsjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem um almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Skógræktarstjórinn hefur farið fram á það við stjórnarráðið, að gerðar væru með lögum ráðstafanir gegn því, að skógar þeir og kjarr, sem ennþá eru hjer á landi, eyðist ekki fyrir illa meðferð. Hefur hann í því efni tekið það fram, að eitt af því, sem valdi mestri eyðing á skógi og kjarri, sje það, að

fje sje beitt í þeim á vetrum, og hefur enda farið fram á, að sauðbeit í þeim sje bönnuð á tímabilinu frá 1. október til 1. júní. Í öðru lagi hefur hann bent á það, að skógar og kjarr sje víða skemt með því, hvernig höggvið sje, sem víða stafi af vankunnáttu; hins vegar telur hann enga ástæðu til þess, að banna högg í skógum eða kjarri, því ef skynsamlega er höggvið, geri það fremur að bæta skógana en skemma. Ennfremur hefur hann vakið athygli á því, að mjög mikil hætta stafi af því fyrir gróður landsins, ef rifið er lyng eða mosi, og vill hann láta banna það að öllu með lögum.

Stjórnarráðið hefur nú fallist á það, að nauðsynlegt sje að eitthvað sje gert af hálfu löggjafarvaldsins í þá átt, sem skógræktarstjóri hefur farið fram á, enda hafa hin gildandi lög, sem þetta efni snerta, sem sje lögin um samþyktir til að friða skóg og mel frá 13. apríl 1904, ekki komið að tilætluðum notum. Stjórnarráðinu hefur þó ekki þótt það tiltækilegt, að banna með lögum, eins og skógræktarstjóri hefur lagt til, alla sauðfjárbeit í skógum og kjarri frá hausti til vors, því slíkt bann mundi rýra svo tilfinnanlega eignarrjett manna, þar sem vetrarbeit í skógum og kjarri eru aðalkostir margra jarða, og bann gegn beitinni mundi gera sumar jarðir jafnvel lítt byggilegar eins og búskap nú er hagað. Hins vegar virðist mætti með nokkrum árangri gefa ákvæði um högg í skógunum og meðferð þeirra að öðru leyti, sjerstaklega eftir að skipaðir eru með lögunum frá 22. nóvbr. 1907, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, skógræktarstjóri og skógarverðir, sem sjerstaklega þekking hafa á þessum málum, enda er það aðaltilgangurinn með ákvæðum lagafrumvarps þessa, að fá þeim vald í hendur, til þess að þeir geti framkvæmt ráðstafanir þessu viðvíkjandi, sem ekki geta talist ganga of nærri umráðarjetti eigenda og notenda. Loks hefur það ekki þótt athugavert, að banna með öllu að rífa lyng og mosa; það hefur þrásinnis og úr ýmsum áttum verið kvartað yfir því spelli, sem af rifi þessa gróðurs geti stafað, og það verður ekki sjeð, að þarfir almennings útheimti það, að þessi illa meðferð á landinu sje látin óátalin. Ákvæði frumvarpsins um þetta atriði eru því í fullu samræmi við tillögur skógræktarstjóra. Að því er snertir eftirlitið með, að ákvæðum frumvarpsins verði hlýtt, þá er ætlast til þess, að það hvíli á skógræktarstjóra og skógavörðunum með aðstoð hreppstjóra. Skógræktarstjóra er í því skyni gert að skyldu, að fara um landið til eftirlits, og skógarvörðunum í sínum umdæmum. Stjórnarráðið álítur, að eftirlitinu verði ekki heppilegar fyrirkomið; skógræktarstjóri hefur að vísu stungið upp á, að kosnar væru nefndir í hverri sýslu, til þess að hafa eftirlitið og gera aðrar ráðstafanir viðvíkjandi skógum og kjarri, en það mundi verða bæði vafningasamt og kostnaðarsamt, enda naumast gera eftirlitið tryggilegra.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Um 1. og 2. gr.

Það er ætlast til þess að hinar nánari reglur um það hvernig skógur og kjarr skal höggvið og um aðra meðferð þeirra sjeu settar í reglugjörð, sem stjórnarráðið gefur út eftir tillögum skógræktarstjóra. Slíkar reglur verða að miðast við staðháttu á hinum ýmsu stöðum og skógræktarstjóri og skógarverðir mega ekki hafa allt of bundnar hendur, en verða að haga sjer nokkuð eftir atvikum á hverjum stað. Eftir því sem reynslan vinst getur og orðið

nauðsynlegt að breyta slíkum reglum og auka þær. Það þykir því eðlilegast að leggja þetta undir umboðsstjórnina.

3. gr.

Í þessari grein er eiganda og nothafa skógar og kjarrs gjört að skyldu að kynna sjer framkvæmd þeirra ráðstafana, sem skógræktarstjóri eða skógarverðir fyrirskipa samkvæmt reglugjörð þeirri, sem getur um hjer á undan. Að öðrum kosti er engin trygging fyrir því, að hann geti fylgt fyrirskipunum þeirra þó hann vildi. Með þessu einu móti getur skógræktarstjóri og skógarverðir orðið að verulegum notum að því er snertir fræðslu almennings í meðferð skóga og kjarrs.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða til þess að tryggja framkvæmd eftirlitsins.

Um 5. gr.

Þessi ákvæði eru sett í frumvarpið eftir tillögum skógræktarstjóra, því hann hefur trú á því, að slík tilraunasvæði geti hvatt almenning til þess að fara vel með skógana og hlífa þeim, þegar þeir sjá hvern ávöxt rjett meðferð þeirra gefur.

Um 6. gr.

Eins og að framan getur er ætlast til þess, að hreppstjórar aðstoði skógræktarstjóra og skógarverði í eftirliti þeirra með því, að ákvæðum þeim, sem er farið fram á, sje hlýtt. Það er því nauðsynlegt að þeir kynnist því, sem þeir eiga að hafa eftirlit með. Hins vegar virðist sjálfsagt, að hreppstjórar eigi að fá úr landssjóði þóknun fyrir ferðir þær, sem þeim eru gjörðar hjer að skyldu, og er þóknun þeirra sett jöfn þeirri, sem sýslunefndarmenn fá samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

Um 7. gr.

Það hefur ekki þótt tiltækilegt, eins og á undan greinir, að banna fjárbeit í skógum og kjarri að vetrarlagi, en hins vegar er skógræktarstjóra og skógarvörðum í þessari grein gjört að skyldu að hafa sjerstaklegt eftirlit með meðferð skóga og kjarrs að þessu leyti, og láta landsstjórninni í tje skýrslur um athuganir sínar. Gætu slíkar skýrslur gefið tilefni til yfirgripsmeiri ráðstafana og lagaákvæða síðar um friðun og meðferð skóga og kjarrs.

Um 8. gr.

Um eftirlitsskyldu hreppstjóra er getið hjer á undan. Það hefur þótt rjett að láta senda stjórnarráðinu skýrslur þær, sem hjer getur um, bæði til þess að það geti sem best fylgst með þessum málum og haft eftirlit með framkvæmdum skógræktarstjóra og skógarvarða, og svo af því, að hjer getur oft verið um afsakanleg brot að ræða, sem álitamál getur verið um, hvort leiða eigi til frekari rannsókna.

Um 9. gr.

Sektirnar eru hinar sömu og í framannefndum lögum frá 13. apríl 1894 um samþyktir til að friða skóg og mel; þar sem ráðstafanir þær, sem ræðir um í lagafrumv. þessu, eru framkvæmdar á kostnað landssjóðs, þykir eðli-

legast að þær renni þangað. Loks skal þess getið, að ekki hefur þótt ástæða til að fella nýnefnd samþyktalög úr gildi, því þau geta vel gilt jafnframt þessum lögum.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1906 og 1907,

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1007 og fjáraukalögum 16. nóv. 1907, fyrir árin 1906 og 1907 veitist 278,655 kr. 13 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 8. gr. fjárlaganna veitast:

Við tölulið 5. til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	kr. 1,345,39
Við tölulið 7. til viðhalds stjórnarráðshússins	— 1,917,99
	Kr. 3,263,38

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna veitast:

Við B. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1 b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna	kr. 5,658,66
Við tölulið 1 e. til pappírs og prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur	— 1.142,46
Við tölulið 1 d. flutningsgjald með póstum	— 872,45
Við tölulið 1 e. til að gefa út registur við stjórnartíðindin...	— 799,20
Við tölulið 3. fyrir 3 kemiskar slökkvidælur	— 500,93
	Kr. 8,973,70

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:

Við tölulið	1 b. 1.	handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur.....	kr.	368, »	
— ——	1 c.	handa brjefhirðingamönnum ...	—	603, »	
— ——	2.	Póstflutningur	—	9,013,25	
— ——	4 d.	fyrir prentun á ýmsu	—	12,547,17	
	e.	til áhalda	—	4,063,50	
	f.	til brjefburðar í Reykjavík	—	400, »	
	h.	óviss útgjöld	—	514,55	
	i.	til viðhalds húsi og áhöldum ...	—	2,462,36	kr. 29,971,73

Við B. Til vegabóta:

Við tölulið	1 b.	ferðakostnaður verkfræðings... ...	kr.	616,19	
— ——	3	til flutningabrauta	—	30,305,72	
— ——	6	til áhaldakaupa- og verkfæra... ...	—	9,758,22	
		Eftirstöðvar af kostnaði við Lagarfljótsbrú	—	3,425,75	
		Kostnaður við brúargjörð á Hvítá og Tungufljót	—	10,089,09	— 54,194,97

Við D. Til ritsíma og málþráða:

Við tölulið	2—3.	Til landsímalagningar frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur...	kr.	67,527,57	
— ——	4.	Til að mæla upp landsímalínuna og setja upp kílómetramerki	—	1,733,46	
— ——	5.	Tilstarfreksturslandsímasambandsins	—	3,772,30	— 73,033,33

Við E. Til vita:

Við staflið	d. 7.	Til að byggja varðkleta við vitann á Skagatá	kr.	388,45	
— ——	m.	Til að byggja vita í Vestmanneyjum	—	363,25	— 751,70
					Kr. 157,951,83

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála veitast:

Við B. III.	c. 3.	viðgjörð á húsi hins almenna mentaskóla	kr.	17,777,69
— - V.	b.	ýmisleg útgjöld stýrimannaskólans	—	149,59
		Við sama lið sbr. fjáraukalög fyrir árin 1906 og 1907, 16. nóvbr. 1907, til stækkunar og endurbóta á kjallaranum undir stýrimannaskólanum	—	366,07
				Kr. 18,293,35

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við tölulið 2. ferðakostnaður verkfræðingsins	kr.	178,95
— —— 6. til útrýmingar fjárkláðanum	—	52,389, »
Leiga fyrir Gullfoss frá $^{1}/_{9}$—$^{31}/_{12}$ 1907	—	100, »
	Kr.	52,667,95

7. gr.

Í viðbót við gjöld þau, er ræðir um í 18. gr. fjárlaganna veitast:

1. Fyrir gullkrans á kistu konungs og önnur útgjöld í tilefni af andláti hans	kr.	2,694,15
2. Kostnaður við milliþinganefnd í kirkjumálum	—	778,79
3. Fyrir gullúr með ágreftri sem verðlaun fyrir að bjarga skips-höfn úr sjávarháska	—	225, »
4. Styrkur til Sigurðar Pjeturssonar til að kynna sjer fangavarð-arstörf erlendis	—	500,00
5. Fyrir einkennisbúning handa fangaverði	—	102,25
6. Andvirði fyrir smásjá handa dýralækni	—	300, »
	Kr.	4,600,19

8. gr.

1. Í viðbót við styrk þann, er sjera Gísla Skúlasyni var veittur með fjáraukalögum 20. október 1905, fyrir árin 1904 og 1905, til utanfarar til að læra að kenna heyrnar- og mállausum veitast 400 kr.

9. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt var í fjáraukalögum 16. nóvbr. 1907 fyrir árin 1906 og 1907 veitast:

1. Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi	kr.	2,800, »
2. Til að byggja hús undir áhöld landsjóðs	—	639,72
	Kr.	3,439,72

10. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt er til að koma upp geðveikrahæli og útbúa það, sbr. lög nr. 33, 20. okt. 1905, veitast kr. 9,285,01.

11. gr.

Sem viðbót við útgjöld landssjóðs á árunum 1906 og 1907 veitast:

1. Andvirði 2 húsa á Þingvöllum, sem bygð voru í tilefni af komu konungs og ríkisdagsmannanna	kr.	15,000, »
2. Fyrir 2 vagna, er keyptir voru konungi til afnota	—	4,780, »
	Alls kr.	19,780, »

Stjórninni veitist heimild til þess að selja ofangreind hús fyrir það verð, er 2 dómkvaddir menn meta.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarps þessa, skal til skýringar vísað sumpart til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið fyrir árin 1906 og 1907, sumpart til athugasemda yfirskoðunarmanna landsreikninganna, svara til þeirra og tillagna endurskoðunarmanna; þó skal sjerstaklega fram tekið, að vegna komu konungs og ríkisdagsmannanna þótti alveg óhjákvæmilegt að setja brýr á Hvítá hjá Brúarhlöðum og á Tungufljót, en þar sem þetta er varanleg samgöngubót, þótti ekki rjett að telja þetta móttökukostnað. Sama er að segja um upphæð þá, er gengið hefur til aðgjörða á húsi hins almenna mentaskóla. Þó að ekki hefði þurft að útbúa húsið til hæfilegs bústaðar fyrir konung var viðgjörð á því og lóðinni nauðsynleg.

Þá er í 11. gr. frumvarpsins farið fram á, að veitt sje 15,000 kr. sem andvirði 2 húsa, sem reist voru á Þingvöllum eftir ráðstöfun móttökunefndarinnar og 4,780 kr. fyrir 2 vagna, sem keyptir voru konungi til afnota. Í hús þessi hefur enn ekki fengist viðunanlegt boð, en þareð fjárlaganefndir beggja deilda alþingis 1907 ætluðust til þess að hús þessi skyldu ekki rifin fyrst um sinn, þá er farið fram á sjerstaka fjárveitingu fyrir andvirði þeirra. Verðið er sett nokkuð af handahófi, er ekki meira en helmingur af því, er húsin að viðbættum flutningskostnaði, hafa kostað, og hefur því þótt rjett að taka fram, að stjórninni veitist heimild til þess, að selja húsin eftir virðingu 2 dómkvaddra manna. Sömuleiðis talaðist svo til við fjárlaganefndirnar, að umræddir vagnar væru ekki seldir, heldur ætti landið þá til frambúðar.

Frumvarp til laga

um

stofnun háskóla.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

I. Stjórn háskólans.

1. gr.

Í Reykjavík skal setja á stofn háskóla
Skólinn nefnist »Háskóli Íslands«.

2. gr.

Í háskólanum skulu fyrst um sinn vera þessar fjórar deildir:
guðfræðisdeild,
lagadeild,
læknadeild og
heimspekisdeild.

Koma hinar þrjár fyrstu í stað hinna æðri mentaskóla, sem nú eru, prestaskóla, lagaskóla og læknaskóla. En í fjórðu deildinni skal kenna heimspeki, íslenska málfræði, sögu Íslands og sögu íslenskra bókmenta að fornu og nýju.

3. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Háskólaráðið hefir úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta starfsemi háskólans, samkvæmt reglugjörð, sem konungur setur. Háskólaráðið fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð, og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í tje allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sjerstaklega.

4. gr.

Rektor er kosinn á almennum háskólakennarafundi fyrir eitt ár í senn.

Aðalkennarar einir eru kjörgengir, en kosningarrjett eiga allir kennarar háskólans.

Sá aðalkennari er rjett kjörinn rektor, sem fengið hefir meiri hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram í lok hvers háskólaárs.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rjett kosinn, sem flest atkvæði fær. Sjeu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri fyr en ár er liðið frá því er hann ljet af rektorsstörfum.

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Verði rektor að fara frá áður en rektorsár hans er úti, skal sá af deildarforsetum háskólans, sem elstur er að embættisaldri hafa störf hans með höndum þangað til nýr rektor getur tekið við.

Rektor tekur við störfum með byrjun kensluárs.

5. gr.

Rektor og forsetar deildanna fjögra eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins. En varaforseta kýs nefndin sjer sjálf úr sínum hóp.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir nefndarmenn fundar, er rektor skyldur að boða til þess fundar. Svo er og ef einn þriðji hluti kennara æskja fundar. Sje fundur haldinn eftir ósk kennara, er ekki eiga sæti í ráðinu, eiga hvatamenn fundar rjett á að senda jafnmarga fulltrúa á fundinn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, en atkvæðisrjett eiga þeir ekki.

6. gr.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsvið sitt og rektors og eru þær reglur gildar, er staðfesting stjórnarráðs kemur til.

II. Háskólakennarar og háskóladeildir.

7. gr.

Kennarar háskólans eru aðalkennarar (prófessorar) og aðstoðarkennarar. Aðstoðarkennarar eru tvennskonar. Í öðrum flokknum eru þeir menn, sem sjerstaklega eru til þess skipaðir og heita þeir docentar. Í hinum flokknum eru þeir menn, sem gegna öðrum embættum eða aðalstörfum, en hafa jafnframt á hendi kenslu við háskólann.

Konungur skipar aðalkennara, en stjórnarráðið docenta, en leita skal þó ávalt álits hlutaðeigandi deildar áður en kennari er settur eða skipaður.

8. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hóp deildarforseta (decanus), og er hann jafnframt sjálfkjörinn meðlimur háskólaráðs.

Deildarforseta skal kjósa til eins árs í senn. Þó má endurkjósa deildarforseta, en rjett hefir hann til að neita endurkjöri þangað til ár er liðið frá því er hann síðast gegndi deildarforsetastörfum.

Ekki má kjósa deildarforseta nema úr hóp aðalkennara deildarinnar. En kosningarrjett hafa jafnt aðalkennarar og aðstoðarkennarar.

9. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi og eiga þar sæti jafnt aðalkennarar og aðstoðarkennarar.

Heimilt er rektor að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum eftir því sem honum líst sjálfum, en atkvæðisrjett hefir hann þó að eins í sinni deild.

10. gr.

Hver deild semur lestrar- og kensluáætlun fyrir sig og skal þar gjörð nákvæm grein fyrir því, hvað heimtað er til embættisprófs og skýrt frá því hvernig kennarar hagi kenslu sinni.

11. gr.

Deildarforsetar skulu sjá um, að til sjeu í tæka tíð nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og æfingar, sem halda á innan hverrar deildar á kenslumisseri því, sem í hönd fer. En rektor athugar áður en skýrslurnar eru prentaðar, hvort þær sjeu í samræmi við kensluáætlanir deildanna.

12. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefir á hendi reikningsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast og hefir umsjón með byggingum háskólans og innanhúsmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.

III. Kenslan og nemendurnir.

13. gr.

Kensluár háskólans skiftist í tvö kenslumisseri; nær annað frá 1. október til 15. febrúar, en hitt frá 15. febrúar til 30. júní.

14. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar eru þó fyrir stúdenta eina.

Alla fyrirlestra, æfingar og próf skal halda á háskólanum sjálfum að svo miklu leyti sem því verður við komið.

15. gr.

Heimilt skal hverjum kennara háskólans að halda fyrirlestra á háskólanum um sjálfvalin efni, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við skyldukenslu, en tilkynna skal rektor háskólans slíkt fyrirlestrahald áður.

16. gr.

Öll lögskipuð háskólapróf hvort heldur eru undirbúningspróf eða fullnaðar próf, skulu haldin í síðasta mánuði hvers kenslumisseris.

Hver deild ræður sjálf hvort hún heldur uppi kenslu meðan á prófi stendur eða ekki.

17. gr.

Hver sá, er lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna mentaskóla eða

annan lærðan skóla honum jafngildan, á rjett á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólasjóðs, enda sje mannorð hans óflekkað.

Sama rjett getur háskólaráð veitt utanríkismönnum er fullnægja ofangreindum skilyrðum.

Hver sá, er æskir skrásetningar, skal fyrir byrjun fyrra kenslumisseris tilkynna það ritara háskólans, og tekur ritari við skrásetningargjaldinu.

Skrásetningargjaldið er 15 krónur.

18. gr.

Skrásettur stúdent fær háskólaborgarabrjef hjá rektor.

19. gr.

Skrásettur stúdent segi forseta þeirrar deildar, sem hann ætlar að stunda nám í, til sín þegar eftir skrásetninguna, en forseti ritar nafn hans á skrá yfir nemendur þeirrar deildar.

Skifti stúdent um námsgrein ber honum að tilkynna það forseta þeirrar deildar, sem hann áður tilheyrði, jafnframt því sem hann lætur skrásetja sig af nýju í deild þeirri, sem hann ætlar sjer eftirleiðis að stunda nám í.

Í byrjun hvers kensluárs skulu allir stúdentar háskólans rita nafn sitt, bústað sinn og námsgrein í þar til gjörða bók, sem geymd er á skrifstofu háskólans.

20. gr.

Stúdentar mega ganga undir embættispróf þegar þeim sýnist, hafi þeir áður staðist fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvísindum.

Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missera nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minsta kosti tveim misserum áður en þeir ganga undir embættispróf.

21. gr.

Þeir, sem ganga vilja undir embættispróf, skulu hafa tilkynt það ritara háskólans að minsta kosti þrem vikum áður en próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram skulu þeir gjalda 20 krónur til háskólasjóðs og tekur ritari háskólans við fjenu.

Hætti stúdent við að taka próf eftir að hann hefir látið innrita sig til prófs, á hann heimtingu á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður en prófið byrjar.

En gangi stúdent frá embættisprófi verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

22. gr.

Stúdentar, sem byrjað hafa á embættisprófi, en gengið frá því, geta ekki gefið sig fram til prófs af nýju fyr en eftir ár, nema sjerstakar ástæður mæli með því.

Stúdent, sem hefir orðið afturrækur við embættispróf, getur ekki fengið að ganga undir próf af nýju fyr en að ári liðnu.

Æski stúdent, sem staðist hefir embættispróf, að ganga undir próf af nýju, til þess að öðlast hærri prófseinkun, er honum það heimilt, en þó ekki fyr en að ári liðnu.

Hver, sem af nýju gengur undir embættispróf, greiðir lögákveðið prófgjald.

23. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði á háskólanum og utan hans.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráð gjört honum hegningu. En hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemri tíma eða fyrir fult og alt.

24. gr.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

25. gr.

Hver valdsmaður, sem stefnt hefir háskólanemanda fyrir glæp, skal tilkynna það þegar í stað rektor háskólans. Svo er og þegar hafin er rjettarrannsókn gegn slíkum nemanda fyrir glæp.

26. gr.

Afskiftum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefir hætt námi að fullu og öllu og tilkynt ritara háskólans það, eða hefir ekki sótt háskólann í fjögur kenslumisseri samfleytt.

27. gr.

Háskólakennararnir standa fyrir öllum prófum, en hver deild ræður fyrirkomulagi prófanna hjá sjer.

Öll próf skulu haldin í heyranda hljóði.

28. gr.

Við embættispróf og undirbúningspróf þau, er koma til greina við fullnaðarpróf, skulu jafnan vera tveir prófdómarar og skal annar þeirra ávalt vera utanháskólamaður.

Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, er ekki eru háskólakennarar, eftir tillögu hlutaðeigandi háskóladeildar og skulu þeir gegna dómarastarfinu í 6 ár.

29. gr.

Að loknu embættisprófi skal gefa þeim, sem staðist hafa prófið, kandidatsvottorð gegn 25 króna gjaldi, og rennur það í háskólasjóð.

Embættispróf frá háskólanum veita sama rjett til embætta hjer á landi, eins og próf frá Kaupmannahafnarháskóla hafa veitt hingað til; próf þaðan halda gildi sínu til embætta hjer á landi; þó verða fullnumar í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla þeir er ekki hafa tekið fullnaðarpróf áður en 3 ár eru liðin frá 1. oktbr. 1908, að leysa af hendi aukapróf við lögfræðisdeildina, sem skipað skal fyrir um í reglugjörð háskólans, áður en þeir öðlist aðgang að þeim embættum hjer á landi, sem fullkomið lögfræðispróf útheimtist til.

IV. Doktorar.

30. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rjett til að veita doktorsnafnbót, og er slík nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sjerstöku prófi.

Háskólaráð semur reglur um doktorspróf.

31. gr.

Hver sá, er æskir doktorsnafnbótar, verður að hafa lokið embættisprófi. Hann verður að láta umsókn sinni fylgja vísindalega ritgjörð um eitthvert ákveðið efni. Skal umsóknin stíluð til háskólanefndar, en hún selur ritgjörðina í hendur hlutaðeigandi háskóladeild til álita og umsagnar.

Nú er ritgjörðin talin fullnægja þeim kröfum, sem gjöra ber til slíkra vísindalegra ritgjörða, og skal þá umsækjandi láta prenta hana, og síðan verja hana á háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður.

Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófsvottorð.

Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr. og renna þær í háskólasjóð.

32. gr.

Hver sá, er hlotið hefir doktorsnafnbót, hefir rjett til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rjetti sínum, getur háskólaráð svift hann rjettinum.

33. gr.

Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1911, en jafnframt eru þau lög og lagaákvæði, sem hjer fara á eftir, úr gildi numin: konungsúrskurður 21. maí 1847 um stofnun prestaskóla; lög nr. 5, 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla, nema 4. gr.; lög nr. 31, 8. nóvbr. 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, 9. desbr. 1889; lög nr. 3, 4. mars 1904 um stofnun lagaskóla og lög nr. 37, 16. nóvbr. 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi. Loks falla úr gildi öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á alþingi 1907 var borin fram í neðri deild og samþykt í einu hljóði svohljóðandi ályktun:

»Neðri deild alþingis skorar á landstjórnina að endurskoða núgildandi lög um lagaskóla, læknaskóla og prestaskóla, og semja frumvarp um stofnun háskóla, er verði lagt fyrir alþingi 1909«.

Með því að stjórnarráðið var þeirrar skoðunar, að rjett væri að verða við þessari áskorun neðri deildar þingsins, þá fal það forstöðumönnum þeirra þriggja embættisskóla hjer, prestaskólans, lagaskólans og læknaskólans, sem ætlast var til að sameinaðir yrðu undir einingarmerki háskóla, að undirbúa málið, semja frumvarp um háskólastofnun á Íslandi, og um skipun alla, er að þessu lýtur. Hafa forstöðumenn nefndra embættisskóla, settur forstöðumaður prestaskólans Jón Helgason, lagaskólastjóri Lárus H. Bjarnason og landlæknir G. Björnsson, samið og sent stjórnarráðinu tvö frumvörp þessu viðvíkjandi, annað um stofnun háskóla, og hitt um laun háskólakennara; ennfremur hafa þeir sent stjórnarráðinu álitsskjal um byggingu háskólahúss.

Það, sem fyrir þinginu vakti 1907, var, eins og þingsályktunin ber með sjer, aðallega það eitt, að sameina þrjá æðri mentaskóla landsins í eina heild; er það hið sama, sem lengi hefir vakað fyrir þinginu, þótt samþyktir og umræður um háskólastofnun á Íslandi hafi annars eigi farið fram þar nema á árunum 1881—1893. Í frumvarpi því um stofnun háskóla, sem áður nefndir þrír menn hafa samið, er í rauninni eigi heldur farið fram á annað en þetta, að viðbættri kenslu í íslenskri sagnfræði og málfræði. Það er óhætt að segja það, að það hafi alltaf vakað fyrir þinginu, svo að segja síðan það var endurreist, um miðja síðastliðna öld, að þá væri tími til kominn að tala um háskólastofnun á Íslandi, þegar þar væri komin á lagakensla, auk kenslu í guðfræði og læknisfræði Nú tók hinn langþreyði lagaskóli til starfa 1. oktbr. í haust, sem leið, og virðast því skilyrðin að þessu leyti ættu að vera fyrir hendi. Að vísu verður eigi dulist þess, að háskólastofnun hjer á landi á við mikla örðugleika að stríða, bæði vegna fátæktar landsins, og þó einkum vegna fámennis þess. Háskóli getur hjer auðvitað ekki komist til jafns við háskóla í hinum stærri löndum hvorki að tölu kenslugreina, nje á annan hátt, nema máske að því er kemur til fræðslu í þeim efnum, er sjerstaklega snerta Ísland. Þrátt fyrir þetta virðist ekki ástæða til að forðast háskólaheitið, ef embættisskólarnir eru sameinaðir í eina heild og bætt við heimspekisdeild; þótt háskólanum verði að sjálfsögðu mjög ábótavant í fyrstu, þá má gjöra sjer von um vöxt hans og viðgang samfara vexti og viðgangi í öðrum efnum landsins.

Það virðist liggja í augum uppi, að sameining þessara skóla og þarafleiðandi nánari samvinna milli þeirra, sjerstaklega samvinna kennaranna á milli hljóti að vera til góðs, glæða vísindalegan áhuga þeirra, og auðga og vekja vísindalega starfsemi.

Stjórnarráðið hefur og getað fallist á frumvarp það um stofnun háskólans, sem forstöðumenn embættisskólanna hafa samið, og áður er um getið, og hefur tekið það að mestu leyti óbreytt. Auk nokkurra smábreytinga

hefur verið bætt aftan við 29. gr. frumvarpsins ákvæði um það. að embættispróf frá háskólanum veiti allan sama rjett til embætta hjer á landi, eins og próf frá Kaupmannahafnarháskóla hafa veitt hingað til, en að próf þaðan haldi eftir sem áður gildi sínu til embætta hjer á landi, þó svo, eins og nú er ákveðið í lagaskólalögunum, að þeir fullnemar í lögfræði frá Kaupmannahafnarháskóla, sem útskrifast þaðan eftir 1. oktbr. 1911, verði að leysa af hendi aukapróf við lögfræðisdeildina, sem skipað skuli fyrir um í reglugjörð háskólans, áður en þeir öðlist aðgang að þeim embættum, sem fullkomið lögfræðispróf útheimtist til.

Vegna fjárhags landsins telur stjórnarráðið ekki fært að leggja að svo stöddu út í húsbyggingu handa háskóla, en býst við að hver deild háskólans verði að koma sjer niður á sínum stað fyrst um sinn eftir því sem hægt er.

Að öðru leyti vísast til hinna almennu athugasemda um mál þetta, sem oftnefndir forstöðumenn embættisskólanna hafa samið, og prentað er hjer á eftir sem fylgiskjal, og hefur stjórnarráðið engu frekara þarvið að bæta.

Um 1. gr. athugast sjerstaklega:

Forstöðumenn embættisskólanna hafa lagt það til að háskólinn væri kendur við Reykjavík, en Stjórnarráðið telur rjettara að hann sje kendur við landið sjálft og kallaður »háskóli Íslands«.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins hafa hinir sömu menn að öðru leyti gjört eftirgreindar athugasemdir:

Við 2. gr.

Fjórða háskóladeildin er kend við heimspekina, sem þar er kend, en ekki við hin íslensku fræði, og er ástæðan til þess sú, að gjört er ráð fyrir, að nýjar fræðigreinar, sem síðar kynnu að verða lögboðnar við háskólann (t. a. m. almenn veraldarsaga, nýju málin o. s. frv.), verði settar í samband við þessa deild, en þá er deildarheitið »heimspekisdeild« viðfeldnara, enda notað sem heiti fjórðu höfuðdeildar flestra háskóla hjer í álfu.

Við 3. gr.

Ætlast er til þess að háskólinn sjálfur ráði sem mestu um þau mál, er snerta starfsemi hans samkvæmt konunglegri reglugjörð, er sett verður um það.

*Rektors*nafninu, sem embættisheiti yfirstjórnara háskólans, er haldið þótt útlent sje að uppruna, enda er það orðið alþjóðaembættisheiti þeirra manna, sem kosnir eru til þeirrar stöðu.

Við 4. gr.

Hjer er gjört ráð fyrir að rektor sje kosinn til eins árs í senn, en ekki til fleiri ára, eins og t. a. m. á sjer stað við háskólann í Kristjaníu. Við alla aðra háskóla á Norðurlöndum er kosið til eins árs í senn. Aftur á móti þykir ekki ástæða til að banna endurkosning rektors, þótt slíkt muni vera gjört við

flesta háskóla hjer í álfu, en honum er heimilt látið að skorast undan endurkosningu fyr en ár er liðið frá því er hann síðast gegndi rektorsstörfum.

Þar sem ætlast er til að háskólarektor taki við störfum í byrjun kensluárs (1. okt.), virðist heppilegast, að rektorskosning fari fram í lok næsta kensluárs á undan (t. a. m. í júní).

Við 5. og 6. gr.

er ekkert sjerstakt að athuga.

Við 7. gr.

Samheiti allra allra þeirra manna, er kenslu hafa á hendi við háskólann, er háskólakennari. En háskólakennurum er aftur skift í tvo höfuðflokka: aðalkennara (prófessora) og aðstoðarkennara. En þar sem aðstoðarkennarar eru með tvennu móti, sumpart menn, sem ekki hafa öðrum störfum að gegna, en sumpart menn, sem hafa háskólakenslu á hendi sem aukastarf við hliðina á öðru aðalstarfi, er hinum fyrnefndu valið embættisheitið dócentar, en ætlast til að hinir aðstoðarkennararnir nefni sig eftir aðalstarfi sínu.

Við 8. og 9. gr.

er ekkert sjerstakt að athuga.

Við 10. gr.

Hver deild semur lestrar- og kensluáætlun fyrir sig, í líkingu við það sem nú er tekið fram í reglugjörðum embættaskólanna, ákveðið er, kennurum og námsmönnum til leiðbeiningar, í hvaða námsgreinum verði veitt tilsögn í hverri deild, hvernig tilsögninni verði háttað — með fyrirlestrum, yfirheyrslu eða verklegum æfingum — og hvað heimtað sje, að námsmenn hafi lesið til þess að geta tekið embættispróf.

Við 11. gr.

Skýrsla sú, sem hjer ræðir um, um fyrirlestrahald og æfingar innan deildanna á hverju kenslumisseri, svarar til stundatöflunnar, sem nú tíðkast. Þessar stundatöflur hafa hingað til verið sendar yfirstjórnendum skólanna til sampykkis, en hjer er gjört ráð fyrir að rektor háskólans athugi þessar skýrslur, gæti þess að ekki rekist hvað á annað og að ákvæðum kensluáætlana sje fullnægt.

Við 12. gr.

er ekkert sjerstakt að athuga.

Við 13. gr.

Hjer er gjört ráð fyrir að sumarleyfi nái frá 1. júlí til 30. septbr. Er það að vísu einum mánuði lengra en á sjer stað við aðra háskóla á Norðurlöndum, en þess ber að gæta, að hjá oss er ekki gjört ráð fyrir hinu langa jólaleyfi, sem tíðkast t. a. m. við Khafnarháskóla (frá 22. des. til 31. jan.), svo

að kensluárið verður jafnlangt fyrir því, enda nota flestir námsmenn sumarið til þess að vinna fyrir sjer.

Við 14. gr.

Sjálfsagt er, að allir háskólafyrirlestrar fari fram í heyranda hljóði og utanháskólamönnum óskólagengnum sje jafnheimilt að sækja þá sem skrásettum háskólaborgurum að svo miklu leyti sem ástæður leyfa. Má sjerstaklega búast við því, að fyrirlestrar í sögu Íslands, tungu og bókmentum verði sóttir af alþýðumönnum ekki síður en mentamönnum, jafnt konum sem körlum. Aftur á móti þykir ekki við eiga, að aðrir en skrásettir stúdentar sæki þær kenslustundir, þar sem yfirheyrsla á fram að fara eða verklegar æfingar.

Við 15.—19. gr.

er ekkert sjerstakt að athuga.

Við 20. gr.

Gagnstætt því sem viðgengist hefur á embættaskólum vorum, að stúdentar gangi undir próf að liðinni þeirri áratölu, sem reglugjörð hvers skóla tiltekur, nema þeir hafi fengið sjerstakt leyfi til að ljúka prófi eftir skemmri tíma, er hjer ákveðið að stúdentar megi ganga undir embættispróf »þegar þeim sýnist«. Þetta takmarkast þó á tvo vegu; annars vegar verða þeir áður að hafa staðist fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvísindum, sem ekki verður tekið fyr en eftir tveggja missera nám, og hins vegar verða tvö misseri að líða milli forspjallsvísindaprófsins og embættisprófsins. Hjer er með öðrum orðum gjört ráð fyrir fjörgra missera háskólanámi sem skemsta námstíma, er af verði komist með, en hitt látið stúdentum frjálst hve lengi þeir vilja nám stunda eftir þessi fjögur misseri liðin, áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf.

Við 21.—26. gr.

er ekkert sjerstakt að athuga.

Við 27. gr.

Þegar hjer segir, að »háskólakennararnir« standi fyrir öllum prófum, þá nær það jafnt til aðstoðarkennara sem aðalkennara. Hver kennari prófar að sjálfsögðu í sínum sjerstöku námsgreinum.

Við 28. gr.

Hjer er gjört ráð fyrir tveimur prófdómurum — auk þess kennara, sem prófar — við embættispróf og undirbúningspróf, sem koma til greina við embættispróf og hafa áhrif á fullnaðarprófseinkunnina. Aftur á móti þykir ekki ástæða til að hafa prófdómara við þau undirbúningspróf, sem ekki hafa nein áhrif á aðaleinkunn við fullnaðarpróf, eins og t. a. m. prófið í heimspekilegum forspjallsvísindum, enda eru ekki utanskólarprófdómarar hafðir við slík próf erlendis.

Við 29.—32. gr.

er ekkert sjerstakt að athuga nema það, að stjórnarráðið hefur valið hundrað ára afmælisdag Jóns Sigurðssonar sem þann dag, er lögin ættu að öðlast gildi.

Álitsskjal forstöðumanna hinna æðri skóla um stofnun háskóla.

Háskólafrumvarp.

Í tilefni af ályktun neðri deildar alþingis árið 1907 um endurskoðun núgildandi laga um stofnun lagaskóla, læknaskóla og prestaskóla og um að semja frumvarp um stofnun háskóla, hefur hið háa stjórnarráð í brjefi, dagsettu 2. f. m., beiðst þess, að vjer uudirritaðir forstöðumenn nefndra æðri skóla ljetum uppi álit vort um málefni þetta, og gerðum tillögur um frumvarp það, er nefnd þingsályktun ræðir um.

Út af þessu leyfum vjer oss að taka það fram, sem hjer fer á eftir:

Það eru nú liðin 27 ár síðan háskólamálið komst á dagskrá hjá oss. Raunar mætti segja, að málið sje jafn gamalt sjálfstæðisbaráttu vorri, því þegar í upphafi hennar var farið fram á stofnun allsherjar mentaskóla fyrir landið. Mönnum skildist það þá, ekki síður en nú, að eitt af frumskilyrðum fyrir sjálfstæði voru væri það, að mentun þjóðarinnar væri sem innlendust og þjóðlegust. Sá þjóðskóli, sem þá var farið fram á, var í raun rjettri ekkert annað en háskóli. Bein krafa um háskóla kom þó ekki fram á alþingi fyr en 1881, og þá aðallega í því skyni að fá með þeim hætti inn í landið kennslu í íslenskum lögum, sem svo lengi hafði verið beðið um, en stjórnin ekki fengist til að sinna. Háskólamálinu hefur nú að vísu ekki verið hreyft á mörgum þingum síðan það var fyrst borið þar fram, en alt fyrir það mun þó mega segja, að háskólahugsjónin hafi verið vakandi í meðvitund manna öll þessi ár, og að stofnun háskóla fyrir landið sje enn í dag ein af hjartfólgnustu óskum flestra, ef ekki allra, hugsandi manna með þjóð vorri.

Vjer skulum nú fúslega við það kannast, að það hafi ekki verið að ástæðulausu er stjórnin daufheyrðist við óskum manna í þessu tillit á árunum 1881—93. Bæði var málið í alla staði óundirbúið, enda, eins og þegar er getið, aðallega til þess stofnað vegna laganámsins, og því næst var þörfin óneitanlega þá brýnni á því að snúa sjer fyrst að ýmsum öðrum, sjerstaklega verklegum, málum. Málið horfir nú alt öðru vísi við, en fyrir 25—30 árum, svo mjög sem allur hagur vor hefur breytst á þessum árum.

Vjer fáum ekki betur sjeð, en að nú sje tíminn til þess kominn að setja á stofn allsherjar mentastofnun fyrir landið í líkingu við samskonar stofnanir erlendis: háskólana, og það því fremur, sem segja má með sanni, að höfuðstoðir þeirrar byggingar sjeu þegar fyrir hendi, þar sem eru embættaskólarnir þrír, laga-, lækna- og prestaskólinn. Hver þessara skóla er í rauninni ekkert annað en ein af höfuðdeildum þeirra stofnana, sem háskólar nefnast. Hjer vantar eiginlega ekki annað en hina sameiginlegu sjálfstjórn og sameiginlegt hús, að svo miklu leyti, sem það getur talist beint skilyrði fyrir háskóla, að allar deildir hans starfi undir sama þaki.

Hvað snertir námsgreinarnar, sem kendar eru, og tilhögun kenslunnar, þá

er munurinn á skólum vorum og tilsvarandi háskóladeildum vart sjáanlegur. Námsgreinarnar munu flestar vera hinar sömu, sem á háskólunum eru kendar, en að eins umfangsminni, með fram vegna þess, hve miklu skemra námsskeiðið er hjá oss. Hvað tilhögun kenslunnar snertir, þá er sá einn munur þar sjáanlegur, að á skólum vorum er meira gert að beinni yfirheyrslu, en reynt sem frekast má að komast hjá öllu lýjandi fyrirlestrahaldi, sem á háskólum hefur tíðkast alt til þessa, en þó er talið vera einn af höfuðagnúum háskólafyrirkomulagsins á Norðurlöndum.

Sú breyting, sem yrði, ef hjer kæmist á stofn háskóli, yrði þá aðallega fólgin í því, að þessir þrír skólar fengu sjálfstjórn á borð við útlenda háskóla, og kæmust jafnframt, eða væntanlega innan skamms, undir sameiginlegt þak.

En þótt menn hafi áður gjört sig ánægða með slíkan háskóla, steyptan upp úr þeim æðri mentastofnunum, sem fyrir eru, og þótt engar skynsamlegar ástæður verði fyrir því færðar, að háskólanafnið sje of veglegt fyrir slíkan þriggja-deilda-háskóla, þá mun ekki lengur þykja hlýða, úr því að farið er að stofna háskóla á annnað borð, að láta staðar numið við þessar þrjár deildir. Um það mun öllum koma saman, að allsherjarmentastofnun fyrir landið til glæðingar íslensku mentalífi og þjóðerni eigi ekki að eins jafnframt öðru, heldur og öllu öðru fremur að veita kenslu í þjóðlegum fræðum, sögu landsins, bókmentum og tungu. Eins og kunnugt er, hefur engin slík fræðsla hingað til verið fáanleg innanlands. Menn hafa orðið að leita til útlanda til þess að fá tilsögn í þeim fræðum, er snerta tungu vora, sögu og bókmentir! Þó að slíkt hafi ef til vill verið talið óhjákvæmilegt fyr á tímum, vegna safnanna í Kaupmannahöfn, þá er sú ástæða fallin nú, þar sem búið er að gefa út alt, sem snertir sjálfa fornöldina og útgáfa fornbrjefanna er komin fram á 16. öld. En jafnvel þótt svo hefði ekki verið, þá hefur sjálfstæðishugsjónin náð þeim tökum á þjóðinni, að ekki getur komið til mála að hafa aðalból íslenskra vísinda á nokkrum öðrum stað en í höfuðstað landsins. Enda mun erfitt að mótmæla með rökum þeirri kenningu, sem oft hefur verið haldið fram einmitt í sambandi við þetta mál, að í tungu þjóðar vorrar, sögu og bókmentum sje ómögulegt að veita Íslendingum kenslu, sem gagn sje í, nema í landinu sjálfu.

Fyrir því leggjum vjer áherslu á, að tekin verði upp kensla í íslenskum fræðum, um leið og háskóli verður stofnaður hjer á landi.

Vjer höfum íhugað helstu mótbárurnar, sem komið hafa gegn háskólahugmyndinni, og sannfærst um, að þær sjeu á litlum rökum bygðar, eins og nú er komið hag vorum.

Svo að vjer snúum oss að höfuðástæðunni, sem fram hefur verið haldið gegn háskólastofnuninni, þeirri, að það hafi of mikinn kostnað í för með sjer fyrir jafn fátæka þjóð og vjer erum, þá er því ekki að neita, að slík stofnun hlýtur ávalt að hafa nokkurn kostnað í för með sjer. En þar sem meiginhluti þess kostnaðarauka stafar einmitt af hinni nýju lærdómsdeild, þeirri deildinni, sem fyrir margra hluta sakir ætti að vera oss hjartfólgnust, og að sjálfsögðu mundi eiga mestan þátt í að auka hina þjóðernislegu þýðingu þessarar allsherjar mentastofnunar, fáum vjer síst skilið, að sá kostnaður blæði mönnum svo í augum, að þeir vegna hans fari að amast við því, að slík stofnun verði sett á stofn hjá oss. En auk þess er álitamál, hvort kostnaðurinn yrði í rauninni eins mikill, eins og hann verður á pappírnum. Vjer lítum svo á, að mikið af þessum kostnaði vinnist upp með því fje, sem sparast landinu við það, að utan-

farir íslenskra námsmanna minka. Því að sjálfsögðu má gjöra ráð fyrir, að utanfarir íslenskra stúdenta minkuðu að miklum mun frá þeim degi, er hjer væri kominn á fót innlendur háskóli, er fullnægði kröfum tímans á viðunanlegan hátt.

Og er þá komið að annari höfuðástæðunni, sem tilfærð hefir verið gegn stofnun íslensks háskóla, þeirri, að ekki mundi auðið að gjöra skólann svo úr garði, að hann fullnægði kröfum þeim, sem gjöra verður til slíkra stofnana, Þessi ástæða er þó ekki eins veigamikil og virðast kynni í fljótu bragði. Hafi þær hinar æðri mentastofnanir vorar, sem fyrir eru, hingað til fullnægt kröfunum, ættu þær ekki síður að gjöra það, eftir að þær eru orðnar háskóladeildir. Auðvitað má gjöra svo háar kröfur til háskóla, að ómögulegt sje að fullnægja þeim, enda vitum vjer ekki af neinum þeim háskóla, er fullnægi öllum kröfum, og er þá síst heimtandi að Reykjavíkur-háskóli gjöri það. Not háskóla sem annara skóla fara að miklu leyti eftir kennslukröftunum. Og að óreyndu er engin ástæða til að gjöra ráð fyrir því, að ekki væri hægt að fá nýta kennara til skóla vors. Vjer segjum þetta ekki út í bláinn, heldur af þekkingu þeirri, sem vjer höfum af útlendum háskólakennurum. Þeir eru misjafnir, sumir betri en sumir lakari, og svo mundu þeir og verða hjá oss. Auk þess eru sumar af fræðigreinum vorum þess eðlis, að þær verða tæplega viðunanlega kendar annarstaðar en hjer. Vjer eigum þar við lagakenslu og kenslu í íslenskum fræðum, sögu, tungu og bókmentum. Og svo mundu þessar íslensku fræðigreinar verða til þess, að útlendingar leituðu til háskóla vors. Því hve ófullkominn sem hann kynni að verða að öðru leyti, þá má að sjálfsögðu gjöra ráð fyrir, að hann verði höfuðból allra íslenskra og norrænna vísinda, svo að útlendingum, sem afla vilja sjer sjermentunar í íslenskum fræðum, komi blátt áfram ekki til hugar að leita þeirrar mentunar við nokkurn annan háskóla. Loks er þess að gæta, svo að aftur sje vikið að ófullkomleika væntanlegs íslensks háskóla, að ráð eru til að bæta úr því, sem bresta kann á í byrjuninni. Það eru utanfarir námsmanna að afloknu námi heima fyrir, til framhalds náminu og fullkomnunar þekkingar sinnar við erlenda háskóla. Íslendingar mundu fljótt taka upp aftur þann hinn forna sið, að sækja útlenda háskóla, það því fremur, sem allar samgöngur við útlönd eru orðnar svo margfalt greiðari en áður var, og allur kostnaður við utanferðir miklu viðráðanlegri en fyr á tímum.

Minna mætti og á þá mótbáru gegn stofnun háskóla hjer á landi, er stundum hefur heyrst, að í því feldist vantraustsyfirlýsing til háskóla Dana, sem vjer þó ættum svo mikið upp að unna. En það er hvorttveggja, að mótbára þessi hefur aldrei staðist við mikil rök, enda hlýtur hún nú að detta úr sögunni, er Danir sjálfir eru farnir að ræða af kappi um stofnun háskóla á Jótlandi. Sá sem fyrstur vakti máls á þessari nýju háskólastofnun, var einn af hinum mest metnu vísindamönnum Dana, Friðrik Nielsen biskup, sem sjálfur hafði verið kennari við háskólann í Kaupmannahöfn í alt að því fjórðung aldar. Og hver er svo höfuðástæðan, sem forgöngumenn þessarar háskólastofnunar bera fyrir sig? Hún er sú, að einveldi Kaupmannahafnarháskóla sje óholt fyrir vísindalíf hinnar dönsku þjóðar, og að hin sjerstaka þjóðareinkunn Jóta sje í svo mörgu frábrugðin þjóðareinkunn eyjabúa, að þeir eigi fulla heimting á að fá sjerstakan háskóla fyrir sig. En sje því svo farið, að nauðsyn beri til sjerstakrar jótskrar háskólastofnunar, vegna sjerkennilegrar þjóðareinkunnar Jóta, hve miklu fremur mun þá mega segja, að oss Íslendingum sje nauðsyn á sjerstökum háskóla fyrir

oss, svo mikið djúp sem staðfest er milli íslensks og dansks þjóðernis og þjóðareinkunnar.

Auk fátæktar þjóðarinnar og vonleysis um sæmilegan háskóla hjer á landi, hefur það líka verið borið í vænginn, að þjóð vor væri of fámenn til að bera slíka stofnun. Það er aldrei nema sannleikur, að þjóð vor er fámenn, og í fámenni hennar liggur aðalástæðan til fátæktar hennar. En látum svo vera, að þjóð vor sje allra þjóða fámennust og að háskóli vor verði af sömu ástæðu allra háskóla minnstur, ástæða gegn háskólanum verður það aldrei talið, því að einhversstaðar verður minsti háskólinn að vera. En hjer er þess jafnframt að gæta, að lega lands vors er önnur en lega annara landa. Vjer búum á afskektum hólma úti við hin ystu höf, og getum ekki eins og ef vjer byggjum á meginlandinu, fært oss í nyt háskóla nágranna vorra. En þar sem auk þessa hjer er um þjóð að ræða með sjerstöku þjóðerni, sögu, tungu og bókmentum, þá liggur í hlutarins eðli, að vjer verðum að hjálpa oss sjálfir með því að koma á fót hjá oss alsherjarmentastofnun, þar sem nægilegt tillit sje tekið til alls þessa, og þeim kröfum fullnægt, er gjöra verður sjerstaklega til þeirrar stofnunar, svo að starf hennar samsvari ætlunarverki hennar.

Vjer fáum þannig ekki sjeð, að neinar af þeim ástæðum, sem fram hefur verið haldið gegn framkvæmanleika háskólahugmyndarinnar hjer hjá oss, eigi við rök að styðjast. Vjer erum miklu fremur þeirrar skoðunar, að það sje miklu fleiri og miklu mikilvægari atriði, sem mæla með hugmyndinni og gjöra það æskilegt, að hún nái fram að ganga.

Stofnun háskóla á Íslandi mundi verða einhver hin áhrifamesta lyftistöng til framfara í hverskonar menningu. Þungamiðja alls íslensks mentalífs mundi færast inn í landið, mentunin yrði við það í orðsins fyllstu merkingu íslensk og þjóðleg, og hyrningarsteinninn með því lagður að sjálfstæðu íslensku vísindalífi. En auk hins vísindalega ávinnings, mundi alt mentalíf vort, ekki síst alþýðumentun vor, hafa stór-hagnað af slíkri stofnun. Öll mentun annara þjóða er upprunalega runnin frá háskólunum og hefur alt af mikinn stuðning af þeim, en þá ætlumst vjer til, að Reykjavíkurháskóli tæki upp almenningsfræðslu, svo sem nú er orðið títt um suma hina beztu útlendu háskóla. Háskólinn mundi og efla og glæða sjálfstæðistilfinning þjóðarinnar, og auka henni veg bæði inn á við og út á við. Tungu vorri mundi verða minni hætta búin af dönskunni, en verið hefur hingað til, er svo mikill hluti mentamanna vorra hefur aflað sjer mentunar sinnar við útlendan háskóla, og orðið að læra alt á útlenda tungu. Vjer Íslendingar höfum að vísu notið margra og mikilla hlunninda við Kaupmannahafnarháskóla, en þau hlunnindi hafa einnig á marga vegu orðið oss nokkuð dýrkeypt. Það tjón verður aldrei metið til peningaverðs, sem þjóð vor hefur beðið af Hafnarferðum sumra sona sinna, slíkar sem heimturnar á þeim hafa viljað verða á öllum tímum. Stofnun háskóla hjer á landi mundi ekki hvað síst í þessu tilliti verða ábatavænleg, utanförum stúdenta til náms fækkaði, og því færri mundu þeir verða, sem ekki skilaði heim aftur eða skilaði heim aftur sem alls-ónýtum, eyðilögðum mönnum.

Að telja upp alt það gott, sem af því leiddi fyrir land vort og þjóð, ef hjer kæmist á fót innlendur háskóli, er ekki tilgangur vor, en þegar vjer hins vegar virðum fyrir oss stöðu háskólanna í menningarsögu heimsins, og gefum gaum að öllum þeim blessunarstraumum, sem þaðan hafa borist út yfir löndin,

þá blandast oss ekki hugur um, að það verði einnig heilla- og hamingjudagur í sögu vorrar fámennu þjóðar, er slík allsherjarstofnun kæmist hjer á fót.

Sá maður, sem fyrstur allra kom fram með hugmyndina um allsherjarmentastofnun fyrir land vort, var Jón Sigurðsson. Að liðnu hálfu þriðja ári verður 100 ára afmælis þessa vors mætasta manns að minnast, og vjer gjörum ráð fyrir, að þess verði minnst eins og vert er um land alt. En hvað mundi samboðnara minningu Jóns Sigurðssonar, en það, að sá háskóli, sem hjer ræðir um, kæmist á fót á aldarafmæli hans? Vjer göngum að því vísu, að honum yrði ekki meiri sómi sýndur liðnum með neinu öðru, og áreiðanlega ekki neinu, sem honum hefði verið geðfeldara.

Að endingu viljum vjer geta þess, að tillögur vorar um frumvarp til laga um háskóla, sem vjer hjer með leyfum oss að leggja fyrir hið háa stjórnarráð, höfum vjer í aðalatriðunum sniðið eftir hinum nýju háskólalögum Norðmanna frá 1905, og fylgja þau tillögum vorum í íslenskri þýðingu.

Við fylgiskjal I.

Háskólalög Norðmanna.

(Lov om det kongelige Frederiks Universitet).

FYRSTI KAPÍTULI.

Stjórn háskólans.

1. gr.

Háskólameistari og háskólaráð segja fyrir um starfsemi háskólans og veita forstöðu fasteignum hans og öðrum eigum eftir reglugjörð, er konungur setur. Þau hafa úrskurðarvald í þeim málum, sem með lögum eða reglugjörð verða falin þeim, og undirbúa þau mál, sem hlutaðeigandi stjórnardeild á úr að skera, eða leggjast skulu af henni fyrir konung eða löggjafar- og fjárveitingarvaldið. Þau skulu láta stjórnardeildinni í tje, hvenær sem hún æskir þess, allar upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar vegna umsjár hennar með starfsemi háskólans.

2. gr.

Háskólameistara skal kjósa þriðja hvert ár á almennum háskólakennarafundi. Þann fund sækja kennarar háskólans og yfirbókavörður hans, og eru þeir allir skyldir til að koma á fundinn, nema gildar ástæður hindri.

Kjörgengur til háskólameistarastöðunnar er sjerhver háskólakennari, sem gegnt hefir embætti í 5 ár og er yfir 30 ára gamall.

Háskólameistara skal kjósa í októbermánuði. Þeir, sem gildar ástæður hindra frá að mæta á fundinum, þegar kjörið fer fram, mega senda á fundinn skrifaða atkvæðaseðla. Til þess að kosning sje gild, verða tveir þriðju hlutar þeirra, sem kosningarrjett hafa, að hafa greitt atkvæði.

Atkvæðagreiðslan fer fram skriflega, og sá verður háskólameistari, er fengið hefir yfir helming atkvæðanna. Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, þá skal fara fram endurkosning og kjósa um þá tvo eða fleiri, er fengið hafa hæsta og jafna atkvæðatölu. Hafi einn fengið hæsta atkvæðatölu, skal kjósa um hann og þann, sem fengið hefur hana næst hæsta, en sjeu þeir fleiri en einn, sem hana hafa fengið, þá skal kjósa um þá alla. Sá, sem við endurkosningu fær flest atkvæði, er kosinn. Sjeu atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða.

Sá, sem frá fer, getur neitað endurkosningu.

Skorist sá undan, sem valinn hefir verið, að taka við kosningu, verður hann að greina ástæður fyrir því. Fundurinn sker þá úr því með atkvæðagreiðslu, en án umræðu, hvort kosningin skuli haldast. Sje þeim, sem kosinn var, veitt undanþága frá kosningunni, skal boða til nýs kjörfundar.

Úrslit kosningarinnar skulu tilkynt konungi.

Háskólameistari tekur við 1. jan. árið eftir að kosning fór fram.

Verði háskólameistari að fara frá áður en kjörtímbil hans er á enda, skal kjósa nýjan háskólameistara fyrir þann hluta kjörtímabilsins, sem eftir er.

3. gr.

Háskólameistari hefir á hendi alt hið nánara eftirlit með háskólanum og starfsemi hans. Hann skal gæta þess, að kenslan fari fram eftir viðeigandi reglum.

Hann sker úr hinum smærri málum, sem fyrir koma, og skýrir háskólaráðinu frá þeim eftir því sem nauðsyn krefur. Hann sjer um framkvæmd á ályktunum háskólaráðsins og hinna æðri valdhafa, sem yfir háskólann eru settir, og hefir á hendi undirbúning allra þeirra mála, sem lögð eru fyrir háskólaráðið eða hlutaðeigandi stjórnardeild. Hann ávísar reikningum, þó með þeirri undantekning, sem gjörð er í 48. gr.

Háskólameistari skal hafa eftirlit með högum og hegðun námsmannanna og skerast í málin samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í 38. og 39. gr., ef honum virðist nauðsyn krefja til viðhalds háskólaaganum.

4. gr.

Í háskólaráðinu eiga sæti háskólameistari og forstjórar þeirra háskóladeilda, sem háskólameistari er ekki í. Háskólameistari er formaður ráðsins, en varaformann kýs það sjer sjálft, til eins árs í senn, og gegnir hann störfum háskólameistara í forföllum hans. Í forföllum beggja, háskólameistara og varaformanns, kemur sá sem elstur er af forstjórum háskóladeildanna í þeirra stað.

5. gr.

Háskólaráðið hefir reglubundin fundahöld, en ákveður sjálft, hvenær fundirnir skuli haldnir. Háskólameistari boðar til fundanna. Æski tveir menn í ráðinu fundarhalds, er háskólameistara skylt að boða til þess. Ályktunum ræður atkvæðafjöldi. Sjeu atkvæði jöfn, sker atkvæði formanns úr.

Geti einhver af þeim mönnum, sem ráðið mynda, eigi sótt fund, skal háskólameistari, ef hægt er, kveðja til fundarins millibilsforstjóra þeirrar háskóladeildar, er hlut á að máli, ef hann hefir verið kosinn, en ella þann háskólakennara, er síðastur var forstjóri deildarinnar.

Enga ákvörðun má gjöra, ef færri eru en fjórir á fundi. Ef nauðsyn krefur, má þó gjöra ákvörðun þegar þrír eru á fundi og þeir verða allir sammála.

6. gr.

Nánari reglur um starfsvið háskólameistara og háskólaráðs verða settar í erindisbrjefi, sem konungur gefur út.

7. gr.

Skrifstofur háskólans eru undir stjórn háskólameistara. Þar skal setja gjaldkera og ritara og sjeu þeir báðir embættismenn. Háskólaráðið skal gjöra tillögur um veitingu þessara embætta.

Ritarinn skal jafnframt vera ritari þeirra háskóladeilda, er engan sjerstakan ritara hafa eða bókara.

Gjaldkerinn gegnir fjárvörslu háskólans á eigin ábyrgð. Hann hefir á

hendi alla reikningsfærslu háskólans og sjóða þeirra, er standa í sambandi við hann. Hann sjer um, að tekjur háskólans sjeu heimtar inn í tæka tíð.

Um eftirlit með peningaforða gjaldkera og með embættisfærslu hans yfir höfuð, trygging ríkisins fyrir fjárheimtum hans og meðferð á eigum háskólans, svo og um forgangsrjett að búi hans, gilda sömu reglur og settar eru, eða síðar kunna að verða settar, viðvíkjandi öðrum innheimtumönnum og reikningshöldurum í þjónustu ríkisins.

Ennfremur hefir gjaldkeri hina nánari umsjón með fasteignum og innanhússmunum háskólans, sje eigi annar ákveðinn maður til þess settur, og á að sjá um nauðsynlegar útveganir og endurbætur og annast framkvæmdir á þeim ráðstöfunum háskólavaldanna, er fjármálin snerta.

Rísi ágreiningur um það, hver störf eigi að hvíla á gjaldkeranum og hver á ritaranum, þá sker háskólameistari úr.

8. gr.

Háskólaráðið ræður hina óæðri starfsmenn á skrifstofu háskólans, eftir uppástungum frá háskólameistara.

9. gr.

Yfirbókavörður skal settur til að stjórna bókasafni háskólans, og sje hann embættismaður, er konungur skipar, eftir tillögum háskólaráðsins.

10. gr.

Þær reglur, sem settar eru í 20. gr. viðvíkjandi háskólakennurunum, um leyfi frá þjónustu og um forföll, gilda einnig um yfirbókavörðinn, gjaldkerann og ritarann, að svo miklu leyti sem hægt er að koma þeim þar við.

ANNAR KAPÍTULI.

Deildir háskólans, kennarar hans og aðrir starfsmenn.

11. gr.

Þeir menn, sem konungur skipar í kenslu-embætti við háskólann, kallast háskólakennarar (prófessórar).

Almennir háskólakennara-fundir skulu samkv. 2. gr. haldnir, til þess að kjósa háskólameistara. Þar að auki skulu þeir haldnir til þess að ræða mál, sem snerta háskólann og starfsemi hans, svo oft sem háskólameistara þykir æskilegt, eða ef þess er krafist af hlutaðeigandi stjórnardeild, af háskólaráðinu, eða af 10 eða fleiri mönnum, sem atkvæðisrjett hafa á fundunum. Háskólameistari boðar til fundanna og stjórnar þeim. Á þeim fundum, er háskólameistaraval liggur eigi fyrir, þarf að minsta kosti helmingur þeirra manna, sem rjett eiga til fundarsetu, að vera viðstaddur, til þess að gilda ályktun megi gjöra. Fundarsköp skulu sett og samþykt á almennum háskólakennarafundi.

12. gr.

Háskólakennararnir greinast í fimm deildir, og eru þær þessar:

Guðfræðisdeild,
Lögfræðisdeild,
Læknisfræðisdeild,

Sagnfræðis- og heimspekisdeild,
Stærðfræðis- og náttúrufræðisdeild.

13. gr.

Hver deild um sig velur úr sínum hóp formann, og kallast hann forstjóri háskóladeildarinnar; þó er háskólameistari ætíð jafnframt forstjóri þeirrar deildar sem hann á heima í, meðan hann gegnir háskólameistarastöðunni. Forstjóravalið fer fram í nóvembermánuði og er kosið til þriggja næstu ára. Þó má kjósa til styttri tíma, ef háskólameistaraval kemur fyrir á þessu tímabili, til þess að halda við hinni venjulegu röð í forstjóravalinu. Endurkjósa má deildarforstjóra þann sem frá fer, en rjett hefir hann til þess að neita kosningu jafnlangan tíma og hann hefir gegnt stöðunni.

14. gr.

Háskóladeildirnar halda fundi til þess að ræða þau mál, sem þær varða hverja um sig, sjerstaklega, og boða deildarforstjórarnir til þeirra funda. Allir deildarmenn eru skyldir að sækja fundina, nema gild forföll banni, og sömuleiðis til að eiga þátt í atkvæðagreiðslu. Ályktunum ræður atkvæðafjöldi, en sjeu atkvæði jöfn, sker deildarforstjóri úr. Geti deildarforstjóri eigi sótt fund, kemur sá, er síðast gegndi starfinu á undan honum, í hans stað. Geti hann eigi heldur sótt fund, velur deildin sjer forstjóra til bráðabirgða.

Enginn deildarfundur er ályktunarfær, nema að minsta kosti helmingur deildarmanna sæki hann.

Háskólameistari getur tekið þátt í meðferð mála í öllum deildum, eftir því sem honum sjálfum líst. Atkvæðisrjett hefir hann þó að eins í sinni deild. Hún kýs varaformann, er gegnir forsetastörfum þar innan deildarinnar, að svo miklu leyti sem háskólameistari þykist eigi sjálfur geta sint þeim.

15. gr.

Háskóladeildirnar, eða prófnefndirnar, ef slíkt þykir betur henta, eiga að íhuga, hvernig kenslunni í þeim námsgreinum, sem þeim eru faldar, hverri um sig, verði sem best og haganlegast fyrir komið. Til leiðbeiningar í þessa átt skulu samdar lestrar-áætlanir og kenslu-áætlanir og þar gjörð grein fyrir kröfunum við hin fyrirskipuðu háskólapróf og skýrt frá, hvernig kennararnir ætli að haga kenslu sinni og leiðbeiningum í námsgreinunum. Kensluáætlanirnar skulu leggjast fyrir háskólaráðið til samþykkis og má engu í þeim breyta, nema með leyfi háskólaráðsins.

Fyrir hvert kenslumissiri skulu háskóladeildirnar, eða prófnefndirnar, ráðgast innbyrðis um tilhögun á fyrirlestrum og æfingum á því kenslumisseri, sem þá fer í hönd, og taka ákvarðanir um hana, á þeim grundvelli, sem lagður er í kenslu-áætluninni.

Aukakennarar háskóladeildanna skulu einnig kvaddir til ráðagjörða þeirra, sem nefndar eru í þessari grein.

Það skal ákveðið af konungi, að hve miklu leyti og á hvern hátt leita skuli álits námsmannasambands þess, sem ræðir um í 37. gr. laganna, um niðurskipun og breytingar á lestrar-áætlun þeirri, sem nefnd er í fyrsta lið þessarar greinar.

16. gr.

Forstjórar háskóladeildanna eiga að sjá um, að nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og allar æfingar, sem halda á innan hverrar deildar um sig á næsta kenslumisseri, sjeu til í tæka tíð.

Áður en skýrslurnar sjeu prentaðar, skal háskólameistari líta eftir því, að þær sjeu í samræmi við kenslu-áætlunina, sem samþykt hefir verið, að eitt ákvæði komi þar ekki í bága við annað og að regla sje yfir höfuð á öllu.

17. gr.

Háskólakenslustarfið skiftist á tvö kenslumisseri og er annað frá 15. janúar til 15. júní, en hitt frá 3. september til jóla.

18. gr.

Konungur ákveður, hve mikil kensluskylda hvíli alment á háskólakennurunum.

Hver háskóladeild fyrir sig ákveður, hvort, eða að hvað miklu leyti, kensla skuli niður falla þann tíma, sem á prófi stendur. Háskólameistari ræður sjálfur, hvort hann heldur fyrirlestra eða eigi, eða hve mikið hann vill að því gjöra, og hvort hann er við próf eða eigi.

Öllum er aðgangur opinn að fyrirlestrum við háskólann, nema sjerstakar ástæður sjeu til þess að binda aðgönguleyfið við námsmenn eina. Ákvarðanir um slíkar takmarkanir gjörir háskólaráðið.

Háskóladeildirnar skera úr því, hver um sig innan sinna takmarka, hvert öðrum en námsmönnum skuli leyfður aðgangur að æfingum háskólans og að hve miklu leyti.

Fyrirlestrar háskólans, æfingar hans og próf skulu haldin á háskólanum sjálfum, eða í þeim kenslustofnunum, sem standa í sambandi við hann, nema háskólaráðið gefi leyfi til þess, ef sjerstaklega stendur á, að út af þessu sje breytt.

Hver háskólakennari hefir rjett til að halda fyrirlestra á háskólanum um sjálfvalin efni og fyrir sjálfan sig, ef hann samt sem áður framkvæmir öll skyldu-verk, sem embættið leggur honum á herðar. En tilkynning skal háskólameistari fá um slíka fyrirlestra áður en þeir eru haldnir.

19. gr.

Öll háskólapróf skulu haldin af háskólakennurunum, nema sjerstakar ástæður sjeu til annars, eða þá skipuðum kennurum við háskólann (24. gr., 1. liður) eða styrkþegum hans (45. gr.).

Fyrirkomulagi prófanna ræður hver háskóladeild hjá sjer, að svo miklu leyti sem eigi eru settar um það fastar reglur. Sjeu í einhverri háskóladeild fleiri háskólakennarar en þeir, sem halda fyrirlestra og æfingar í námsgreinum, sem heimtaðar eru til einhvers prófs, þá skulu þessir kennarar skipa prófnefnd háskóladeildarinnar og sjá um undirbúning til prófanna innan sinnar deildar.

Öll prófin skulu fram fara í heyranda hljóði. Við prófin skulu ætíð vera prófdómendur, einn eða fleiri. Ef hægt er, skal einn eða fleiri af þeim mönnum, sem um prófin dæma, eigi vera háskólakennari. Þeir prófmenn og prófdómendur, sem eigi eru háskólakennarar, skulu skipaðir af konungi.

Konungur getur, þegar um verkleg próf er að ræða, ef ástæður leyfa, ákveðið, eftir tillögu frá hlutaðeigandi háskóladeild og háskólaráðinu, að einhver hluti prófsins skuli fram fara utan háskólans.

Þeim, sem staðist hafa háskólapróf, gefur hlutaðeigandi háskóladeild vottorð um það.

20. gr.

Leyfi frá þjónustu og ferðaleyfi meðan á kenslutíma stendur, geta kennarar og aðrir starfsmenn háskólans fengið, eins þó til utanlandsferða sje, allt að 14 dögum, og veitir háskólameistari leyfið.

Leyfi frá þjónustu og ferðaleyfi um lengri tíma, allt að þremur mánuðum, veitast af hlutaðeigandi stjórnardeild, eftir tillögum frá háskóladeild leyfisbeiðanda og háskólaráðinu.

Lengra leyfi frá þjónustu eða ferðaleyfi, meðan á kenslutíma stendur, veitist af konungi, eftir tillögu háskóladeildar leyfisbeiðanda og háskólaráðsins eða þá af þeim, er konungur fær í hendur vald til þess, og gilda sömu reglu, um styttri leyfi, ef þeim eru samfara útgjöld fyrir ríkið.

Á hinum lögskipaða leyfistíma geta háskólakennarar, ef einhverjar sjerstakar embættisskyldur eigi binda þá við háskólann, ferðast burt án leyfis, eins þó um utanlandsför sje að ræða.

Háskólameistara skal send tilkynning um sjerhvert forfall, svo fljótt sem unt er.

Leyfi handa háskólameistara frá þjónustu veitir konungur, eða sá maður annar, sem hann fær í hendur vald til þess.

21. gr.

Áður en háskólakennaraembætti er stofnað, eða auglýst laust, og áður en tillaga um veitingu þess er lögð fyrir konung til undirskriftar, skal hlutaðeigandi háskóladeild og háskólaráðið hafa lagt fram álitsskjal um málið.

Laus embætti við háskólann skal ætíð auglýsa, nema konungur ákveði, að það sje eigi gjört.

22. gr.

Þegar velja þarf milli umsækjenda um háskólaembætti og fengin eru álitsskjöl hlutaðeigandi háskóladeildar og háskólaráðsins, ákveður konungur, hvort menn, sem utan við háskólann standa, skuli kvaddir til ráða eða eigi, og hvort próf skuli halda.

23. gr.

Venjulega skulu þeir einir skipaðir háskólakennarar, er tekið hafa embættispróf eða unnið sjer doktorsnafnbót í þeirri vísindagrein, er þeir eiga að kenna, annaðhvort við hinn norska háskóla eða við erlenda háskóla.

24. gr.

Um skipun aukakennara skulu tillögur koma fram frá hlutaðeigandi háskóladeildum og skal háskólaráðið bera þær tillögur fram fyrir konung, en hann skipar aukakennara.

Forstöðumenn fyrir söfnum, æfingastofum og öðrum stofnunum, svo og aðrir þjónar háskólans, skulu ráðnir af háskólaráðinu, eftir tillögum hlutaðeigandi háskóladeildar, ef öðruvísi er eigi fyrirskipað af konungi, og ef staða þessara manna fylgir eigi beinlínis einhverju háskólakennaraembættinu.

Þjónar við söfn, æfingastofur og aðrar stofnanir skulu ráðnir án umsókn-

ar, á þann hátt, að forstöðumaður stofnunarinnar leggur tillögu um ráðinguna fyrir þá háskóladeild, sem hlut á að máli.

Þó skulu þjónar við háskólabókasafnið og við veðurfræðistofnunina ráðnir aðeins eftir tillögu frá forstöðumanni hvorrar um sig af þessum stofnunum, án þess að nein af deildum háskólans eigi þar hlut í.

Ritarar háskóladeildanna eða bókarar hverrar fyrir sig, skulu ráðnir af deildunum sjálfum.

Allir óæðri þjónar við háskólann skulu ráðnir af háskólaráðinu, hver um sig, eftir tillögu frá þeim manni, sem nánast er yfir hann settur.

25. gr.

Allir þjónar við háskólann skulu ráðnir með sex mánaða uppsagnarfresti frá beggja hálfu, háskólans og þeirra sjálfra, nema öðruvísi sje ákveðið með sjerstakri undantekningu. Þó er heimilt að vísa þjónum frá starfi, án uppsagnar, ef þeir hafa gjört sig seka í megnri vanrækslu, eða í glæpum.

ÞRIÐJI KAPÍTULI.

Um doktora.

26. gr.

Háskóladeildirnar hafa, hver fyrir sig, rjett til að veita doktorsnafnbætur.

27. gr.

Að jafnaði skal sá háskólaborgari, sem ætlar að vinna sjer doktorsnafnbót, hafa staðist embættispróf í vísindagrein sinni eða annari vísindagrein henni náskyldri, og eigi hafa fengið lægri einkunn en *laudabilis* (lof). En þó hann hafi eigi fengið svo háa einkunn við embættispróf, og jafnvel þó hann hafi ekkert embættispróf tekið, getur hann fengið leyfi til að vinna sjer doktorsnafnbótina, ef háskóladeildinni sem hlut á að máli, virðist hann á annan hátt hafa sýnt hæfileika eða svarað skriflega á fullnægjandi hátt þremur verkefnum, sem fyrir hann hafa verið lögð, úr vísindagrein hans.

28. gr.

Sá, er sækir um doktorsnafnbót, verður að láta fylgja umsókninni prentaða ritgjörð vísindalegs efnis, eftir sjálfan sig, ritaða á norsku eða öðru því máli er hlutaðeigandi háskóladeild leyfir. Sje ritgjörð þessi metin hæf, þá verður umsækjandi að halda tvo opinbera fyrirlestra, og setur konungur reglur um það, hvort fyrirlestrarnir skuli vera um sjálfvalin efni eða eigi. Sjeu fyrirlestrarnir metnir fullnægjandi, verður umsækjandi að verja ritgjörð sína með kappræðu, í heyrandi hljóði.

Ritgjörðin, fyrirlestrarnir, vörn þeirra og hin skriflegu svör, sem nefnd eru í 27. gr., ef þau fylgja, skal alt dæmt af hlutaðeigandi háskóladeild, eða af dómendum, sem hún nefnir til þess. Ef einhvern af dómendunum á að taka utan háskóla deildarinnar, þá skulu þeir til nefndir af háskólaráðinu, eftir tillögu frá deildinni.

Háskóladeildin sker úr því hvort veita skuli umsækjanda doktorsnafnbót.

Háskóladeildin semur veitingarskjalið fyrir doktorsnafnbótinni og deildarstjóri skrifar undir það.

Rísi ágreiningur um það, í hverri háskóladeild verja skuli doktors-ritgjörðina, þá sker háskólaráðið úr.

29. gr.

Vísa má frá þeim umsækjanda um doktorsnafnbót, er gjörst hefir sekur um yfirsjón, sem er þess eðlis, að hennar vegna væri hægt að gjöra hann rækan úr námsmannaflokki háskólans. (39. og 40. gr.).

30. gr.

Sá, er hlotið hefir doktors-nafnbót eftir framanskráðum reglum, hefir rjett til að halda fyrirlestra í heyranda hljóði á háskólanum, er snerta vísindagrein hans.

Þó getur háskólaráðið svift doktorinn þessum rjetti, ef hann misbeitir honum, eða ef hann gjörir sig sekan í einhverju því, er varðar námsmenn burtrekstri, og skal þá bera þetta fyrst undir þá háskóladeild, sem í hlut á.

31. gr.

Hver háskóladeild fyrir sig getur með samþykki háskólaráðsins og án undanfarins doktorsprófs gjört útlenda menn og konur, er hlotið hafa viðurkenningu fyrir vísindastörf, að heiðursdoktorum.

FJÓRÐI KAPÍTULI.

Námsmenn við háskólann.

32. gr.

Hver maður, sem tekið hefir stúdentspróf (artium) hjer í landinu og getur sýnt fullnægjandi siðferðisvottorð, á rjett til að innritast í tölu háskólaborgara við háskólann.

Sama rjett getur háskólaráðið veitt þeim, er staðist hafa erlendis samskonar próf og hafa með því fengið rjett til að innritast við háskóla þess lands, er prófið er tekið í, ef þeir geta sýnt fullnægjandi siðferðisvottorð. Hafi þeir staðist próf erlendis, er sýni, að þeir hafi náð slíkri þekkingu og hjer er heimtuð við undirbúningsprófin, þá getur konungur, eftir tillögu háskólaráðsins, veitt þeim undanþágu frá undirbúningsprófunum.

Konungur ákveður skilyrði fyrir því, að þeir, sem án stúdentaprófs hafa staðist burtfararpróf í efstu deild hins konunglega norska hernaðarskóla eða sjóforingjaskóla, skuli öðlast rjett til að innritast við háskólann.

33. gr.

Hver, sem beiðist innritunar, verður að tilkynna ritara háskólans, hvern af háskólakennurunum hann kjósi sjer fyrir einkakennara (privat præceator). Verður þá sá háskólakennari sjerstaklega athvarfsmaður hans og leiðbeinandi og getur námsmaður snúið sjer til einkakennara síns með alt, er snertir bæði nám hans og hagi. Fari einkakennari námsmanna frá embætti áður en námstímanum er lokið, getur námsmaður valið sjer annan. Enginn er skyldur að vera einkakennari fleiri námsmanna en honum ber að rjettri ítölu.

34. gr.

Innritun skal helst fara fram á árshátíð háskólans 2. september.

Þeir, sem innritaðir eru, verða að játast undir skyldur háskólaborgara.

35. gr.

Þegar námsmaður byrjar nám í ákveðinni vísindagrein, verður hann sjálfur að tilkynna hlutaðeigandi háskóladeildarforstjóra frá því, en deildarforstjórinn ritar nöfn allra námsmanna deildarinnar í skrá, er hann geymir. Skifti námsmaður um námsgreinar, verður hann einnig að tilkynna það forstjóra þeirrar háskóladeildar, er hann víkur frá.

Allir námsmenn eiga í byrjun hvers kenslumisseris að rita nafn sitt, bústað og námsgrein í þartil gjörða bók, er geymd er á skrifstofu háskólans. Konungur setur reglur um það, að hverju leyti þeir sjeu skyldir að sækja fyrirlestra og æfingar. Námsmönnum er skylt að hegða sjer eftir þeim reglum, sem embættismenn háskólans og aðrir starfsmenn setja til verndar góðum siðum og góðu skipulagi.

36. gr.

Hver sá maður, er gefur sig fram til bóklegs embættisprófs, skal, um leið og hann gerir það, borga 40 krónur til háskólasjóðsins. Þeir, sem gefa sig fram til undirbúningsprófa og til prófs í fjárhagsfræði, skulu borga 10 krónur.

Háskólaráðið getur veitt fátækum stúdentum undanþágu frá þessum gjöldum.

37. gr.

Námsmennirnir við hverja háskóladeild um sig velja úr sínum hóp fulltrúa, sem eiga að vera milligöngumenn milli háskólavaldanna og námsmannanna í þeim málum, er snerta hagsmuni hinna síðarnefndu, og þá einkum í öllu því, er snertir kensluna við háskólann.

Nánari reglur um val þessara fulltrúa o. fl. setur konungur.

38. gr.

Ef háskólameistari, háskólaráð, háskóladeild eða forstjóri hennar, kallar námsmann fyrir sig, þá er hann skyldur að koma og bera þar vitni.

Sje sá, sem stefnt er, vitnisskyldur fyrir dómstólunum, getur háskólaráðið krafist, að vitnisburðurinn sje gefinn að viðlagðri æru og samvisku og með eiðsframboði, og skal þá eiðurinn unninn fyrir dómstólunum, ef einhver, sem hlut á að máli, krefst þess. Þeim lagaboðum, er mæla svo fyrir, að hátíðleg fullyrðing geti komið í eiðs stað, skal beita á sama hátt.

39. gr.

Verði námsmaður sekur um brot gegn reglum þeim, sem háskólaborgurum eru settar, svo sem í megnri óreglusemi, ósæmilegri hegðun við kennara háskólans, siðlausu líferni eða verknaði, er varðar ærumissi, hvort heldur er innan eða utan háskólans, þá hefir háskólaráðið rjett til að beita þessum hegningarákvæðum, en skal þó fyrst heyra vörn þess, er í hlut á:

1. Áminningu, og skal hún sniðin eftir því sem háskólaráðið telur hæfilegt í það og það skifti. Jafnframt má svifta þann, er fyrir áminningu verður,

öllum styrkveitingum, er háskólinn ræður yfir. Þó getur hann fengið hlutdeild í þeim síðar, eftir hrósverða hegðun um langan tíma.

2. Burtrekstur, annaðhvort um ákveðinn tíma, eða þá svo, að sá, er fyrir verður, eigi aldrei afturkvæmt. Sje aðeins um ákveðinn tíma að ræða, þá missir þó sá, sem rekinn er, öll rjettindi háskólaborgara, meðan á þessu stendur, og hefir eigi aðgang að háskólanum.

40. gr.

Missi námsmaður almenn borgararjettindi eftir fullnaðarhegningardómi, skal hann rækur vera þann tíma, sem hann er sviftur almennum borgararjettindum. En sjeu þau veitt honum aftur áður en hinn ákveðni tími er út runninn, þá er hann eigi lengur rækur.

Sje námsmaður gerður rækur af háskólaráðinu, samkvæmt 39. gr., um lengri tíma en eitt ár, þá getur hann áður 4 vikur eru liðnar frá því, er honum var birtur úrskurðurinn, krafist þess, að honum sje skotið til hæstarjettar. Slíkt málskot fer fram eftir þeim reglum, er gilda um almenn sakamál, og frestar það framkvæmd úrskurðarins þar til dómur er fallinn, en rjett til próftöku veitir það ekki.

Háskólaráðið getur numið brottrekstrar-úrskurð úr gildi, ef sá, er fyrir hefir orðið, sýnir með heiðvirðri hegðun í langan tíma, að hann sje þess verður.

Þegar burtrekstrarhegning er ákveðin, skal ætíð senda hlutaðeigandi stjórnardeild tilkynning um það og um alla málavexti.

41. gr.

Hver valdsmaður ríkisins, sem stefnt hefir námsmanni fyrir glæp, eða dæmt námsmann í sekt fyrir meiri háttar misgerð, skal þegar í stað tilkynna það háskólameistara. Eins skal hann gjöra undir eins og hafin er rjettarrannsókn gegn námsmanni, eða ef leitað er eftir honum vegna grunsemdar. Háskólameistari hefir rjett til að vera við, er námsmaður er yfirheyrður af dómara, eða setja til þess í sinn stað einhvern annan af háskólans mönnum.

42. gr.

Lagalegum afskiftum háskólans af námsmönnum er þá fyrst lokið, er námsmaður hefir hætt námi að fullu og öllu, eða ef hann hefir í fjögur kenslumisseri samfleytt eigi sótt háskólann. Komi hann síðar aftur til námsins, þá er hann orðinn háður lagalegum afskiftum háskólans um leið og hann tilkynnir hlutaðeigandi deildarforstjóra komu sína. Hafi hann, meðan hann var fjarverandi, gjört sig sekan í einhverri misgjörð þess eðlis, að hún varðaði háskólanámsmenn brottrekstri, þá skal beita reglum þeim, sem settar eru um þetta í 39. og 40. gr.

FIMTI KAPÍTULI.

Um styrk.

43. gr.

Fjárveitingum úr sjóðum, sem ætlaðir eru til styrktar námsmönnum meðan þeir eru að búa sig undir próf, skal útbýtt meðal fátækra háskólaborgara, sem kynna sig að ástundun, dugnaði og góðri hegðun og sækja háskólann það kenslumisseri, sem fjárveitingin fer fram á. Þó getur háskólaráðið, ef sjerstaklega

stendur á, leyft styrkþegum dvöl annarstaðar, ef þeir geta sýnt, að náminu sje haldið áfram.

Styrkveitingunum útbýtir háskólaráðið, ef öðruvísi er eigi ákveðið í stofnunarskjölum sjóðanna, eða þá nefnd, er háskólaráðið skipar, og á þá einn maður úr hverri háskóladeild sæti í þeirri nefnd.

44. gr.

Styrkveitingar af háskólafje til vísindalegra ferða eða til þess að vinna að vísindalegum verkum eða rannsóknum, veitast af háskólaráðinu, eftir tillögum frá háskóladeildunum, ef eigi er öðruvísi fyrir skipað í stofnunarskjölunum.

45. gr.

Ef efni leyfa, útbýtir háskólaráðið, eftir tillögum frá háskóladeildunum, styrkveitingum til háskólaborgara, sem fást við sjálfstæðar vísindaiðkanir (háskólastyrkþegar).

Þessir menn eru skyldir til að halda fyrirlestra og taka þátt í prófum, ef þess er krafist, alt eftir nánari reglum, sem settar eru eða settar verða af konungi.

SJÖTTI KAPÍTULI.

Vísindastofnanir háskólans.

46. gr.

Bókasafn háskólans, gróðrarreitur hans, hinar vísindalegu æfingastofur, söfn og aðrar stofnanir, sem eigi eru eingöngu ætlaðar til hjálpar við námið, skulu, auk þess sem þær eru einkum til afnota fyrir háskólakennara og námsmenn, einnig vera opnar fyrir almenning, en hlýða verða allir þeim reglum, sem settar eru af háskólaráðinu eða forstöðumönnum stofnananna um notkun þeirra.

47. gr.

Þeir háskólakennarar, sem að áliti hlutaðeigandi háskóladeilda fjalla um þá vísindagrein, sem stofnanir háskólans, hver um sig, heyra til, skulu skyldir að takast á hendur stjórn þeirra.

48. gr.

Það fje, sem veitt er vísindastofnun á hverju einstöku fjárhagstímabili, eða það fje, sem óeytt er af eldri fjárveitingum, getur háskólaráðið fengið forstöðumanni stofnunarinnar til umráða, svo að hann geti ávísað því beint til útborgunar hjá gjaldkera.

Forstöðumenn safnanna mega, til ágóða fyrir þau, farga af munum, sem meira er til af en eitt eintak. Þó þarf samþykki háskólaráðsins til þess að farga megi nokkru því, sem mikils er um vert, og eins ef gripur sá, sem um er að ræða, er að einhverju leyti sjerkennilegur.

49. gr.

Forstöðumenn hinna vísindalegu háskólasafna mega ekki stofna önnur söfn líkrar tegundar, nema þeir fái til þess sjerstakt konungsleyfi, nje heldur sjálfir láta í skiftum eða selja eða kaupa gripi af líku tagi.

Sömu ákvæði gilda um starfsmenn og þjóna við söfnin, nema undanþága sje veitt með úrskurði þeirrar háskóladeildar, sem hlut á að máli.

50. gr.

Fyrir hvert um sig af hinum vísindalegu háskólasöfnum skipar háskólaráðið annaðhvort ár nefnd, og skulu í hverri þeirri nefnd vera að minsta kosti tveir háskólakennarar, en nefndirnar hafa umsjón hver með sinni stofnun, eftir reglum, er háskólaráðið setur, og skal hver nefnd árlega senda háskólaráðinu skriflega skýrslu um starfsemi sína.

SJÖUNDI KAPÍTULI.

Eignir háskólans og rjettindi.

51.—54. gr.

ÁTTUNDI KAPÍTULI.

Um það, hvenær lögin öðlast gildi, hver eldri lög skuli falla úr gildi og bráðabirgða-ákvarðanir.

55. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1907. Jafnframt eru eftirfarandi lög og lagaákvæði úr gildi numin:

. . . . . .

56. gr.

Háskólameistari skal fyrst kosinn í októbermánuði 1906 og stjórnar formaður háskólaráðsins þeirri kosningu.

Síðan kjósa þær háskóladeildir fjórar, sem háskólameistari er ekki fjelagi í, deildarstjóra, og skal ekkert tillit til þess tekið, hvort valdatími þeirra, sem nú gegna störfunum, er út runninn samkvæmt eldri lögum eða eigi. Af þeim fjórum, sem fyrir kjöri verða, fara tveir frá eftir eitt ár og hinir tveir eftir tvö ár. Eftir þrjú ár fer háskólameistari frá. Úr því skal skorið með hlutkesti, hverjir frá skuli fara eftir eitt ár.

Álitsskjal forstöðumanna hinna æðri skóla

um háskólahús.

Margur hefur haft orð á því, að háskólahús þyrfti að reisa, ef háskóli væri stofnaður, og talið sjálfsagt, að allar deildir hins nýja háskóla hefðust við undir sama þaki.

Þetta er álitamál. Að vísu munu flestar deildir víðast vera undir sama þaki erlendis, en mentadeildir geta verið í háskólaheild, þó að sitt húsið hafi hver þeirra.

Svo er um nokkra háskóla erlendis, að ýmsar deildir þeirra eru sín í hverju húsi.

Nú eru hjer þrjár háskóladeildir, þó að ekki sjeu þær nefndar því nafni, það eru: prestaskóli, læknaskóli og lagaskóli.

Og nú er svo ástatt, að þessir þrír æðstu skólar landsins eru því sem næst húsnæðislausir.

Hinn almenni mentaskóli er í vönduðu húsi og vel viðunanlegu, þótti gamalt sje, enda er því prýðisvel haldið við.

Handa stýrimannaskólanum hefir verið reist allvandað skólahús; sama er að segja um gagnfræðaskólann á Akureyri og kennaraskólann í Reykjavík.

Alt öðru máli er að gegna um æðstu skóla landsins.

Prestaskóli er haldinn í gömlu húsi, sem landið á. Það var í fyrstu íbúðarhús og er fornfálegt mjög, lágt til lofts og niðursökt. Í þessu húsi hefur skólinn tvær stofur til afnota; er önnur þeirra mjög lítil, en hin áföst við eldhús dyravarðar, innangengt á milli, og fyllist stofan daglega af matarlykt úr eldhúsinu. Afrensli frá húsi þessu hefur aldrei verið í lagi, enda safngryfja að húsabaki, mjög nærri húsvegg: en jarðvegurinn orðinn svo mettur af úldu og ólyfjan, að það ber oft til, að megna rotnunarfýlu leggur upp úr jörðunni, upp um gólfin, og fyllir stærri kenslustofuna, sem veit inn að garðinum. En minni stofan er svo gólfköld, að kennarar segjast kólna upp að hnjám, er þeir sitja þar í frostum á vetrardag.

Læknaskólinn hefur á leigu hús nr. 25 í Þingholtsstræti. Þetta hús var áður jafnframt sjúkrahús, en nú hefur skólinn alt húsið. Það er ekki mjög gamalt, en viðhald á því hefur verið í versta ólagi, svo að húsið liggur undir stórskemdum, er orðið gisið og kalt og ákaflega kolafrekt, enda eru ofnar ljelegir og af sjer gengnir. En skólinn verður að sætta sig við húsið eins og það er, hann á einskir annars úrkosta. Eigendur hússins hafa auglýst það til sölu, en ekkert boð fengið. Ef einhver vill kaupa það, verður það selt og læknaskólanum bygt út. Leigan er 1000 kr,

Lagaskólinn hefur tekið á leigu 3 stofur, 1 væna stofu, 2 smáherbergi, í húsi nr. 28 í Þingholtsstræti. Það hús er nýlegt og stofurnar vandaðar. En skólinn hefur ekki getað fengið þær til lengri tíma en eins árs. Má búast við,

að sá skóli megi þannig hrekjast ár frá ári úr einu húsi í annað. Húsaleiga skólans er nú 360 kr. á ári.

Vjer erum þess fullvissir, að þing og þjóð hafa ekki í hyggju að gjöra þessum helstu skólum landsins til langframa lægst undir höfði.

Hvað sem líður stofnun háskóla, þá er víst, að það má ekki dragast, að veita þessum þrem skólum viðunandi húsnæði.

Vjer sjáum ekkert því til fyrirstöðu, að þeir sjeu allir í einu húsi; teljum það miklu fremur vel til fallið, enda miklu ódýrara að reisa eitt hús stórt en mörg smá.

En ef hús er reist yfir þessa þrjá ~~skóla, þá~~ virðist oss sjálfsagt, að hafa það svo stórt, að bæta megi við einni kensludeild; kenslu í heimspeki og íslenskum fræðum.

Það er því eindregin tillaga vor, að háskólahús sje reist svo fljótt sem verða má.

Vjer höfum íhugað hversu stórt það hús þurfi að vera, og teljum nauðsynlegt, að í því sjeu:

I. Handa *guðfræðisdeild:*

1	kenslustofa	10×10	álnir
1	—	6× 7	—
1	kennarastofa	6× 6	—
1	æfingastofa	6× 6	—

II. Handa *lagadeild:*

1	kenslustofa	10×10	álnir
1	—	6× 7	—
1	kennarastofa	6× 6	—
1	æfingastofa	6× 6	—

III. Handa *heimspekisdeild:*

(Heimspeki, íslensk fræði).

1	bogsalur (amfiþeater) með sætum handa 3oo áheyrendum.		
1	kenslustofa	6×7	álnir
1	kennarastofa	6×6	—

IV. Handa *læknadeild:*

1	kennarastofa	10×10	álnir
1	—	6× 7	—
1	kennarastofa	6× 6	—
1	geymslustofa	4× 5	— (fyrir lyfjasafn).
1	—	4× 5	— (fyrir verkfæri og kensluáhöld)
Í kjallara hússins. 1	—	8×1o	— (fyrir muni til afnota við kenslu í heilbrigðisfræði.
2	—	8×12	— hvor um sig (fyrir líkamshluti, heilbrigð líffæri og sjúk líffæri).
1	vinnustofa	5× 6	— er sje áföst við geymslustofurnar
1	líkskurðarstofa	8× 6	—
1	líkstofa	3× 6	—

V. *Fundasalur*, er rúmi 100 manns.

VI. *Þvotthús* (Lavatorium), með vatnssalernum, þvagklefum, þvottaborðum o. s. frv.

VII. *Fatabúr* (fyrir yfirhafnir manna).

VIII. *Íbúð* handa umsjónarmanni.

IX. *Skrifstofa* handa háskólaritara.

Vjer álítum, að húsið megi ekki vera minna en hjer er til tekið.

Hver deild verður að hafa tvær kenslustofur, til þess að tveir kennarar geti unnið í einu.

Sú stærð á stofunum, sem hjer er nefnd, mun vafalaust nægja á næstu mannsöldrum.

Þó teljum vjer nauðsynlegt, að til sje einn stór kenslusalur. Það er hugsjón vor, að margri kenslu verði svo háttað, að alþýða geti fært sjer í nyt; hugsum vjer þar helst til heimspeki og íslenskra fræða; má og vel vera, að háskólakennarar í öðrum mentagreinum vili halda uppi kenslu fyrir alþýðu manna hver í sinni grein, teljum vjer það einkar æskilegt, því að vjer álítum, að háskólinn eigi að færast í það horf, er tímar líða, að veita sem víðtækastan fróðleik öllum þeim, er æskja meiri mentunar, en veitt er í hinum lægri skólum. Þess vegna förum vjer fram á, að til sje í háskólahúsinu einn stór kenslusalur, og finst oss sem hann megi ekki vera minni en svo, að hann rúmi 3oo manns.

Vjer ætlum hverri deild sjerstaka kennarastofu, en ætlumst þá líka til, að sú stofa sje jafnframt bókaherbergi fyrir handbækur kennaranna.

Verklegar æfingar eru nú á dögum einn liður í lagakenslu og guðfræðiskenslu; er hvortveggja að ýmsan sjerstakan útbúnað þarf í þær stofur, sem til þess eru ætlaðar, enda taka æfingarnar venjulega lengri tíma en 1 stund i einu; þykir því jafnan óhentugt að hafa þær í stundakenslustofunum.

Læknadeildin þarf miklu meira húsrúm en hinar deildirnar, af því að þar er brýn þörf á mörgum geymslustofum fyrir ýms söfn og eiga þau jafnan þátt í að stækka; þar þarf einnig vinnustofur eins og nefnt er í áætluninni. Það er bót í máli, að margar stofur þessarar deildar mega vera í kjallara, ef hann er þur og bjartur.

Þá teljum vjer sjálfsagt, að í húsinu sje samkomusalur; þar skuli halda kennarafundi (háskólakennarafundi), þar megi halda ýmsar hátíðlegar samkomur, er varða þjóðfjelagið í heild sinni; þar megi gamlir háskólaborgarar, guðfræðingar, lagamenn, læknar og málfræðingar halda fræðimannafundi. Vjer hyggjum nægja, að þessi salur rúmi 1oo manns.

Íbúð verður að vera í húsinu handa þeim manni, er hefur umsjón á því. Og sjálfsagt verður, þegar fram í sækir, settur háskólaritari. Þessi tvö störf mætti ef til vill fela einum manni.

Af þessari áætlun má marka stærð hússins; gerum vjer ráð fyrir, að það sje gjört úr íslenskum steini og tvíyft. Fundarsalurinn og kenslusalurinn mikli mundi verða að ná til rjáfurs, en ella mundi nægia 5 álna hæð undir loftbæði á neðri og efri bygð, og hafa þar allar hinar minni kenslustofur og kennarastofur o. s. frv. Íbúð umsjónarmanns mætti vera í þakbygðinni. Í kjallara mætti komast af með minni hæð undir loft, $4^1/_2$ alin, en góða birtu þarf þar í allar stofur læknadeildarinnar, einkum líkskurðarstofuna; ætti hún helst að vera í horni, og gluggar á tvo vegu.

Kjörboe húsameistari hefur nú gjört oss þann greiða, að líta á þessa áætlun og

íhuga hvernig öllum þessum herbergjum og sölum verði fyrirkomið í einu húsi. Hann segir oss, að húsið muni verða því sem næst 31,700 rúmálnir að utanmáli, kjallari talinn með.

Því næst höfum vjer grenslast eftir verði á rúmalin í nýjum vönduðum steinhúsum hjer í bæ. Hefur Kjörboe húsameistari tjáð oss, að bókhlaðan nýja sje 38,400 rúmálnir að utanmáli, og muni kosta 190,000 kr. Í þessu verði eru öll hitunaráhöld og loftrásarumbúnaður, og er hvorttveggja miklu vandaðra en í nokkru öðru húsi hjer á landi. Þess ber að geta, að landssjóður greiðir ekki þetta verð fyrir húsið, ekki nema 170—175 þús. kr.; en Kjörbor segir að hlutafjelagið »Völundur« muni skaðast svo mikið á verkinu, að sannvirði hússins nemi 190 þús. kr. Verð á rúmalin í húsi þessu er á 4 kr. 95 aur.

Þá hefur bankastjóri, justitsráð Sighvatur Bjarnason góðfúslega skýrt oss frá stærð og verði Íslandsbanka. Það hús er einnig mjög vandað. Það er 16,915 rúmálnir og kostaði 98,000 kr., eða 5 kr. 79 aur. hver rúmalin.

Loks hefur hefur herra bankastjóri Tryggvi Gunnarsson veitt oss vitneskju um hús Landsbankans. Það er um 17,500 rúmálnir, og kostaði 83 þús. kr. eða 4 kr. 75 aura hver rúmalin. Í þessu húsi eru veggir einhlaðnir, í hinum húsunum tvíhlaðnir, úthverfan úr íslenskum grásteini, innhverfan úr steyptum sandsteini.

Vjer ætlum, að háskólahús megi reisa fyrir líkt verð á rúmalin, sem raun hefur á orðið um bókhlöðuna. Og ef vjer setjum 5 kr. verð á rúmalin, þá ætti háskólahúsið eftir áætlun vorri, og útreikningi húsameistara að kosta 158,500 kr. Hinn mikli bogsalur, fyrir 300 áheyrendur, hleypir verði hússins upp að miklum mun. Ef honum væri slept, mundi húsið, að sögn húsameistara, geta orðið allt að 25,000 kr. ódýrari. Húsameistari segir og, að gerlegt muni að reisa húsið þannig, að þennan bogsal megi gjöra síðar, sem útbyggingu úr baklið hússins, en fullyrðir, að aldrei geti farið eins vel á því,, að byggja í tvennu lagi; ef salurinn væri gjörður samtímis húsinu, þá sje miklu hægra, þó að hann standi út úr því, að gjöra alla herbergjaskipan sem hagkvæmasta; geti t. d. verið hagræði að láta salinn ná inn í sjálft höfuðhúsið, eða hafa eitthvað fleira í útskotinu, en salinn einann. Hann segir og, að talsvert dýrara sje að byggja í tvennu lagi.

Vjer treystum því, að þing og stjórn verði oss sammála um, að vilja gjöra Reykjavíkurháskóla svo úr garði, að hann verði ekki til þess eins að læra og prófa embættismannaefni, heldur vinni sem mest að því, að veita hverri uppvaxandi kynslóð þá mentun, sem lægri skólunum er ofvaxið að láta í tje. En stór kenslusalur er skilyrði fyrir slíku mentunarstarfi háskólans.

Vjer búumst við, að margir muni ætla, að vel megi hafa fundasal (hátíðasal) háskólans að kenslusal í þessum tilgangi.

En það væri óhentugt.

Fundarsalur fyrir 100 manns þarf ekki að vera stór. Þar þarf engin borð fram með bekkjum eða stólum. En hann ætti að vera vandaður; Hann ætti að prýða smámsaman með listaverkum íslenskra listamanna.

Kenslusalur fyrir 300 manns verður margfalt stærri; og hann má ekki vera ferhyrndur eða aflangur, þeir sem aftast sitja heyra þá ekki nógu vel, ef kennara liggur lágt rómur, og sjá ekki nógu vel, ef kennarinn dregur myndir á spjald, sýnir myndir eða hluti eða gjörir einhverjar tilraunir. Þessi saldur verður að vera bogsalur með smáhækkandi sætum; þá verður fjarlægðin miklu minni

milli kennara og þeirra, sem fjarst sitja; allir heyra betur og sja betur til kennarans.

Þess munu allir óska, að háskólahúsið verði reisulegt, svipmikið og svipfritt. Teljum vjer því æskilegt, að húsameisturum sje boðið að keppa um gjörð hússins, og verðlaunum heitið þeim, er prýðilegastan gjöra uppdráttinn að smekkmanna dómi. Til þessa mundi ekki þurfa meira fje en nemi 1000 kr., og megi landsstjórnin veita 500 kr. verðlaun hæst, þá 300 kr., en lægst 200 kr. Skuli landsstjórnin og skipa dómendur til að dæma uppdrættina.

Af framangreindum ástæðum leyfum vjer oss virðingarfylst að leggja til, að fje verði veitt á fjárlögunum allt að 160 þús. kr., til að reisa háskólahús.

Vjer teljum þarflaust að veita jafnframt fje til innanstokksmuna; er hvorttveggja, að húsgjörðinni mun naumast lokið milli þinga, enda mundu skólarnir geta bjargast í fyrstu við þá innanstokksmuni, sem þeir eiga til.

Vjer leyfum oss að lokum að vekja athygli á því, að prestaskólahúsið ætti að geta selst fyrir allhátt verð, líklega 20,000 kr. Húsið sjálft er að vísu gamalt og lítils virði, en lóðin er stór, og mjög vel fallin til verzlunar.

Til er og háskólasjóður, því fje var safnað á ofanverðri síðustu öld, og er sjóðurinn í vörslum Tryggva bankastjóra Gunnarssonar. Hefur bankastjórinn skýrt oss frá því, að sjóðurinn nemi nú 7542 kr.; leggur hann til, að þessi sjóður sje ekki hafður að eyðslufje, heldur haldið óskertum sem styrktarsjóð. Það teljum vjer og einkar æskilegt, og giörum ráð fyrir, að sjóðurinn verði afhentur væntanlegri háskólanefnd, þegar háskóli er kominn á fót. Fylgir hjer með erindi frá bankastjóranum, þar sem hann gjörir grein fyrir hverjir helst hafa unnið að því að safna þessu fje. Er oss kunnugt um, að hann var sjálfur einn helsti styrktarmaður þessa fyrirtækis.

Hjer má geta þess, að gjafasjóður Hannesar Árnasonar, sem nú nemur um 60,000 kr., ætti að sjálfsögðu að falla til háskólans, og skipulagsskrá hans verða breytt áður langir tímar líða, í þá átt, að allir námsmenn geti notið styrks af þeim sjóði, og styrktiminn jafnframt styttur úr 4 árum í eitt ár.

Vjer gjörum ráð fyrir, að húsið verði reist á Arnarhólstúni, sem er eign landssjóðs; þar er það prýðisvel sett, og þarf að sjálfsögðu að ætla því allstóra lóð. —

Ef ekki þykir fært sökum fjárskorts að reisa háskólahúsið þegar í stað, mætti ef til vill ætla skólanum húsnæði í efri bygð mentaskólans. Yrðu þá þeir tveir kennarar að flytja þaðan, sem nú búa þar.

Við fylgiskjal II.

Háskólasjóðurinn var stofnaður árið 1893 af nokkrum þingmönnum; sýslumaður Benedikt Sveinsson var þar fremstur í flokki. Við árslok var sjóðurinn 588 krónur.

Árið 1894 gekst kvenfjelag Reykjavíkur fyrir því, að auka sjóðinn með samskotum og tombólu. Merkiskonan Þorbjörg Sveinsdóttir var þar fremst að áhuga og dugnaði. Það ár safnaði kvenfjelagið 1258 kr. og næsta ár 462 kr., hafði það þá alls safnað 1720 kr. Í sjóð þingmanna safnaðist þessi tvö ár 1944 kr., og árið 1896 urðu samskot og vextir 337 kr.

Eftir það komu engin samskot til sjóðsins, var þá við árslok 1896 það, sem þingmenn söfnuðu með vöxtum, 2869 kr., og það, sem kvenfjelagið safnaði með vöxtum, 1834 kr., það er samtals 4703 kr.

Síðan hefir sjóðurinn talsvert aukist með vöxtunum, svo hann var við árslok 1907 7542 kr. Þaraf var í sparisjóðsbókum 1042 kr. og í bankavaxtabrjefum 6500 kr.

Aldrei var valin stjórn við byrjun samskotanna, en jeg var kosinn fjehirðir, og hefi því frá upphafi gætt sjóðsins og ávaxtað hann. Brjefin og sparisjóðsbókin eru geymd hjá mér í »boxi« Landsbankans.

Upphaflega var það ætlun Ben. Sveinssonar og Þorbjargar systur hans, ásamt fleirum er samskotin styrktu, að þau skyldu verða svo mikil, að þau nægðu til að byggja hús fyrir háskólann, en þegar það sást hve undirtektir landsmanna voru daufar, þá dofnaði sú fyrirætlan.

Það er mín skoðun, að nefndur sjóður sje svo lítill, að lítið muni um hann til húsbyggingar, en að hann gæti gjört meira gagn með því, að úr honum væri gjört »legat«, sem vöxtunum af væri varið til styrktar efnilegum nemendum við skólann.

Reykjavík, 24. október 1908.

Tryggvi Gunnarsson.

Frumvarp til laga

um

laun háskólakennara.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Háskólakennararnir eru aðalkennarar (prófessorar) og aðstoðarkennarar.

Aðstoðarkennarar eru tvennskonar. Í öðrum flokknum eru þeir menn, sem gegna ekki öðrum embættum en kenslustörfum við háskólann, og nefnast þeir dósentar, en í hinum flokknum þeir, sem gegna jafnframt öðrum störfum, gegn launum eða styrk af almannafje.

Konungur skipar prófessora, en ráðherra dósenta.

2. gr.

Í guðfræðisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent.

Í lagadeildinni eru 3 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar og 6 aðstoðarkennarar. Aðstoðarkennarar eru: Hjeraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, geðveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði. Aðstoðarkennararnir eru skyldir til að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann. Auk nefndrar kenslu má ráða lækni til þess að veita tilsögn í lækningum á sjúkdómum í eyrum nefi og hálsi, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Í heimspekisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent. Annar prófessorinn kennir heimspeki en hinn íslenska málfræði og menningarsögu. Dósentinn kennir íslenska sagnfræði að öðru leyti.

3. gr.

Prófessorarnir hafa 3200 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári, og verða þannig 4800 kr. eftir 24 ára embættisþjónustu.

Dósentarnir hafa 2400 kr. árslaun.

Þeir kennarar, sem höfðu hærri laun meðan þeir höfðu á hendi kenslu við embættaskólana, skulu þó einskis í missa, en njóta hinsvegar nýnefndrar launahækkunar með hækkandi embættisaldri.

Laun kennaranna greiðast úr landssjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1911 og eru þá jafnframt eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: konungsúrskurður 21. maí 1847, um stofnun prestaskóla; lög nr. 5 frá 11. febr. 1876, um stofnun læknaskóla; lög nr. 31, frá 8. nóvember

1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23 frá 9. desember 1889; lög nr. 3 frá 4. mars 1904, um stofnun lagaskóla, og lög nr. 37 frá 16. nóvember 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi. Loks eru ógild öll önnur ákvæði, er koma kunna í bága við hin nýju lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samtímis sem stjórnarráðinu barst frá forstöðumönnum þeirra þriggja æðri skóla, sem hjer eru, frumvarp til laga um stofnun háskóla, barst því einnig frumvarp það, sem hjer fer á undan. Jafnvel þótt stjórnarráðið sje eigi í öllum atriðum samdóma því, er t. a. m. eigi fyllilega sannfært um, að eigi megi nægja að hafa við lagaskólann 2 prófessora og einn dócent, þá hefur það þó, einkum þar sem mjög var áliðið tímans, er frumvarpið barst því, talið rjett, að leggja frumvarpið fyrir þingið, óbreytt, og leyfir sjer jafnframt að vísa til eftirfarandi athugasemda, um hinar einar einstöku greinar, sem samdar eru af nefndum þremur forstöðumönnum.

Um 1. gr.

er í rauninni einkis að geta. Útlendu heitunum á háskólakennurum er haldið, enda eru þau notuð í öllum málum, sem vjer þekkjum nokkuð til.

Um 2. gr.

Við *prestaskólann* eru nú 3 aðalkennarar, en einn þeirra hefir jafnframt á hendi kenslu í heimspeki. Hinar bóklegu greinar við prestaskólann eru 6 talsins. Þær eru ekki sjerkennilegar fyrir Ísland, að undanteknum kirkjurjetti, og kirkjusögu að nokkru leyti. Kenslu í kirkjurjetti mætti fela einhverjum af lagakennurunum, verði lagakennurum fjölgað. Og heimspekiskensla ætti að hverfa undir sjerstaka kennara. Heimspeki er ekki skyldari guðfræði en öðrum vísindagreinum, en hefir á hinn bóginn svo mikið mentunargildi, að hún verður ekki höfð í hjáverkum. Við guðfræðisdeildina ættu 2 prófessorar og 1 dósent því að nægja.

Í *lagadeildinni* verður ekki með nokkru móti komist af með færri kennara en 3. Um nauðsyn þessa vísast til brjefa meðundirritaðs forstöðumanns lagaskólans til stjórnarráðsins frá 31. janúar 1907 og 19. sept. þ. á.

Auk ástæðna þeirra, sem teknar eru fram í brjefum þessum, má bæta því við, að þegar á næsta ári má búast við, að nokkrir nemendur bætist við þá, sem nú eru fyrir. Þá verður að kenna nemendum í tveimur deildum, hvorum árgangi nemendanna útaf fyrir sig. Kennararnir hafa nú hvor um sig 2 kenslustundir á dag, og geta ekki bætt við sig fleiri stundum, síst fyrstu árin, meðan rannsókn á löggjöf vorri stendur yfir og vinna þarf að kenslubókum. En af því yrði sú afleiðing, að hvor kennaranna gæti ekki ætlað hvorum nemendaárgangi um sig nema 1 kenslustund á dag. Og við það seinkaði náminu svo, að vonlaust yrði um, að því yrði lokið á tilætluðum tíma, eða 4 árum. Það er öllu til skila haldið, að þ. á. nemendur geti lokið sjer af 1912

með sama stundafjölda og nú er, verði kennurum ekki fjölgað. Handleiðslu utan skóla eða deildar þarf ekki að gjöra ráð fyrir, fyr en í fyrsta lagi 1912. Fyr verða ekki til menn, er til þess væru færir. Og sjerstök kensla handa fullnemum frá Kaupmannahafnarháskóla getur ekki komið til mála nema því að eins að fjölgað verði kennurum.

Að vísu væri dósent betri en enginn kennari, en með því að búast má við, að ekki hjeldist lengi á góðum kennara, ætti hann að búa við ekki betri kosti, en slíkum kennurum eru ætlaðir, er farið fram á, að hinn nýi kennari verði prófessor eins og hinir, sem fyrir væri. Tíð kennaraskifti eru óheppileg við alla skóla, en þó einkum þar, sem um er að ræða greinar, sem þurfa sjerstakan undirbúning, og svo er um allar greinar íslenskrar lögfræði, að hegningerrjetti einum undanteknum.

Í *læknadeildinni* verður ekki komist af með færri prófessora en tvo. Það er ætlast til að landlæknir hafi ekki á hendi kenslu við skólann. Landlæknisembættið er orðið svo umfangsmikið, að það liggur beint við, að leysa landlækni undan allri kenslu, enda er embætti hans að miklu leyti umboðslegs eðlis. Þegar læknaskólinn var stofnaður 1876, voru læknishjeruðin ekki nema 20. Þá voru allar samgöngur, bæði innanlands og milli landa margfalt minni en nú, og sjúkdómshættan að sama skapi minni, enda heilbrigðislöggjöfin þá óbrotin og fáskrúðug. Nú eru læknishjeruðin 43, og auk hjeraðslæknanna komnir til margir aðrir læknar. Sjúkrahúsin eru nú mörg, víðsvegar um landið, meðal annars 2 ný stór sjúkrahús í Reykjavík, en þá var ekkert sjúkrahús til utan Reykjavíkur, og þar aðeins eitt. Af þessu leiðir, að alt eftirlit með heilbrigðismálum er orðið miklu meira en áður, og ferðalög landlæknis og skrifstofuhald tímafrekari og tilkostnaðarmeiri.

Að öðru leyti er ætlast til, að aukakensla í læknadeildinni fari yfirleitt fram á sama hátt og með sömu kjörum og hingað til við læknaskólann. Þó kynni að vera ástæða til að hækka þóknun hjeraðslæknis fyrir kenslu hans.

Ennfremur er æskilegt, að útveguð væri kensla í eyrna-, nef- og hálssjúkdómum. Slíkir sjúkdómar eru naumast annara meðfæri en sjerfræðinga, og sjerstaklega er þörf á slíkum lækni í Reykjavík, vegna þess hve fólk æ fjölgar þar, og hve títt er orðið að vitja lækna þangað utan af landinu. Því er lagt til, að ráða megi sjerfræðing til kenslu í þeim greinum, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Heimspekisdeildin verður ný deild. Í henni er ætlast til að verði kend heimspeki og íslensk fræði, og gjört ráð fyrir tveimur prófessorum og einum dósent.

Heimspekina verður að ætla sjerfræðingi, af þeim ástæðum, sem áður eru greindar. Aftur á móti er álitamál, hvort heimspekiskennarinn ætti að vera prófessor eða dósent. Ákjósanlegast út af fyrir sig, er að hann væri prófessor. En þar sem íslensk fræði standa Íslendingum nær en heimspeki og jafnvel öll önnur fræði, færi ef til vill eins vel á því, að prófessorarnir í þessari deild, hefðu á hendi kenslu í þeim fræðum, og mætti þá í bráðina notast við dósent í heimspeki.

Verði háskóli stofnaður hjer á landi, verður að taka upp kenslu í íslenskum fræðum. Annað væri ekki vansalaust. Þau fræði eru svo samgróin viðhaldi og viðgangi þjóðernis vors og tungu, að kensla í þeim verður ekki metin til peningaverðs, enda verða þau væntanlega hvergi betur kend. Og það

er ekki óliklegt að útlendingar sæktu hingað fræðslu í þeim efnum, þeim mun fremur, sem vjer eigum þar góðum mönnum á að skipa, og þó sjerstaklega einum, þar sem er prófessor B. M. Ólsen. Kensla í þeim fræðum mundi því að öllum líkindum verða oss til gagns og sóma. Í deildinni ætti að kenna íslenska málfræði og menningarsögu og sögu landsins að öðru leyti, eftir því sem til ynnist. Hefði annar prófessorinn á hendi kenslu í heimspeki, eins og hjer er gjört ráð fyrir, ætti dósentinn að kenna sögu landsins, og mætti það fara sæmilega með því að menningarsagan, sem öðrum prófessorum er ætlað að kenna, mundi taka til meiri hluta þess í sögu landsins yfirleitt, er sjerkennilegt væri fyrir íslenskt þjóðerni.

Um 3. gr.

Eftir núgildandi lögum frá 8. nóvember 1883, 9. des. 1889 og 16. nóv. 1907 hafa forstöðumenn embættaskólanna 4000 kr. laun, en dósentarnir 2800 kr., að undanteknum læknakennaranum og öðrum kennaranum við prestaskólann, sem hvor hefur 2400 kr. laun. Og þau laun hækka ekki upp úr því.

Hjer er farið fram á, *að* jafna laun allra kennaranna og *að* hækka þau með hækkandi embættisaldri.

Laun embættismanna yfirleitt eru orðin of lá, sjerstaklega kaupstaðarembættismanna, og þá einkum dósentanna við embættaskólana (og kennaranna við mentaskólann).

Yfirleitt þarf valda menn í öll kennaraembætti, ekki síst í æðri embættin. En slíkir menn fást venjulega því aðeins að þeim sje boðin lífvænleg kjör, og í öllu falli er vonlaust um, að geta haldið þeim til langframa, nema því aðeins að kjör þeirra sje að minsta kosti jafngóð og jafnvel óvalinna samnámsmanna. Það er t. d. ekki við því að búast, að hæfur maður haldist lengi við lagaskólann með 2800 kr. launum, Hann verður að leggja alla krafta sína fram til kenslunnaar, en hins vegar eru laun hans lægri, en laun þau, sem megnið af námssveinum hans getur búist við að fá, enda beint upp úr embættisprófi.

Laun dósentanna eru ekki aðeins ekki lífvænleg. Það er orðið ómögulegt að komast af með þau.

Peningar hafa fallið svo mjög og svo fljótt í verði, að Indriði fulltrúi Einarsson telur verðfall þeirra á árunum $19^{01}/_{07}$ nema yfirleitt á landinu 25% sjá ritgjörð hans: »Peningaverðið á Íslandi« í Skírni 1908, bls. 136.

Í Reykjavík hefur verðfallið að öllum líkindum orðið enn meira og greiðstígara. Vjer höfum leitað álits athuguls og áreiðanlegs manns, Sighvats Bjarnasonar bankastjóra um verð á ýmsum lífsnauðsynjum í Reykjavík árin, 1875, 1889 og 1908 eða núverandi ár og þau árin, sem launalögin 15. okt. 1875 og 9. des. 1889 urðu til á, og hann hefir góðfúslega látið oss í tje eftirfarandi skýrslu:

Lífsnauðsynjar allar hafa hækkað mjög í verði hjer í Reykjavík síðastliðna þrjá áratugi, einkum þó allra síðasta áratuginn. Skal jeg t. d. taka það fram, að meðalverð á eftirnefndum matvælategundum mun mega telja sem hjer segir:

	1875	1889	1908
Kindakjöt pd. á...	16 au.	22 au.	26 au.
Nautakjöt pd. á...	25 —	28 —	45 —
Smjör pd. á	55 —	65 —	85 —
Mjólk potturinn á	16 —	18 —	20 —
Fiskur, nýr, pd...	2½ —	3—3½ —	7 —
Mjöl sekkurinn á	15 kr.	18 kr.	19 kr.

Kaffi og sykur hefur hækkað hjer um bil sem tollaukningunni nemur, þó máske tæplega það, með því að samkepnin í þeim vörutegundum hefir verið mjög mikil síðari árin, og miklu meiri en áður var.

Af öðrum lífsnauðsynjum má nefna:

Húsaleiga fyrir meðal fjölskyldu (reiknuð 5 herbergi eigi stór, auk eldhúss og geymsluklefa) um árið:	1875. 240—300 kr.	1889. 360—400 kr.	1908. 540—600 kr.
Vinnukonukaup (árskaup)	40 —	50 —	120 —
Ráðskonukaup —»—	110 —	150 —	240—300 —
Vatnsburður og þess konar húsverk (þar með reiknaðar venjulegar »góðgjörðir«)	60 —	80 —	120 —

Eldsneyti hefir einnig hækkað í verði; kolaverð er að vísu eigi hærra nú en áður, öllu heldur hitt; en menn komust áður af með miklu minna af kolum en nú, gátu þá brúkað ódýrara eldsneyti: mó, sem nú má heita ófáanlegur nema með afarkjörum.

Þá hefir fatnaður allur hækkað í verði, sjerstaklega þó skófatnaður. Efni í íverufatnað (klæði og dúkur) eru að vísu yfirleitt eigi dýrari nú en fyrir 20—30 árum, en saumalaun hafa stórum hækkað.

Tíðarandinn og lífernishættir allir hafa einnig breyst þannig hjer í Reykjavík, á ofangreindu tímabili, að eigi er unt fyrir þann, er teljast vill »maður með mönnum« að komast hjá ýmsum útgjöldum, er lítt þekt voru á fyrri tímum.

Skattar og gjöld hafa aukist að miklum mun. Aukaútsvör eru nú t. d. að minsta kosti helmingi hærri en 1889, og sennilega c. 150% hærri en 1875 fyrir lausamenn.

Það má óhætt fullyrða, að nú sje 50% dýrara að lifa hjer í Reykjavík — fyrir þá, sem eingöngu eiga að lifa á peningum — heldur en 1875. Hækkunina — verðfall á peningum — mun mega telja 10—15% frá árinu 1875—1889, en 35—40% frá 1889—1908.

Reykjavík, 28. okt. 1908.

Sighvatur Bjarnason.

Sighvati bankastjóra telst svo til, að nú sje 50% dýrara að lifa hjer í Reykjavík en 1875, en 35—40% útgjaldasamara en 1889.

1 kr. 1908 er þannig ekki meira virði en 50 aur. 1875, og jafngildir 60—65 aur. 1889.

Eftir launalögum 1875 hafði forstöðumaður prestaskólans 4600 kr. árslaun. Og eftir lögunum um stofnun læknaskóla frá 1876 hafði forstöðumaður þess skóla og landlæknirinn 4800 kr. árslaun. 1883 voru laun landlæknis færð

niður í 4000 kr. og 1889 voru laun forstöðumanns prestaskólans lækkuð um 600 kr. Nú hafa forstöðumenn allra embættaskólanna 4000 kr.

Laun dósentanna voru hækkuð 1889. Tveir hafa nú 2800 kr. og tveir 2400 kr.

Miðað við 1875 *ættu* forstöðumenn skólanna nú að hafa 6900 kr. árslaun (landlæknir nokkru meir) og dósentarnir 4200 kr. og 3600 kr.

Miðað við 1889 *ættu* forstöðumennirnir nú að hafa 5400—5600 kr. árslaun, og launahærri dósentarnir 3780—3920 kr., en hinir launalægri 3240—3360 kr.

Snúi maður dæminu við og miði við sömu ár, *hafa* forstöðumenn skólanna, miðað við laun forstöðumanns prestaskólans þá, *1875*, í raun og veru nú einar 2300 kr. á ári, og miðað við launalögin 1889 að eins 2400—2600 kr.

Dósentarnir *hafa* nú miðað við sömu ár: Launahærri dósentarnir 1400 kr. árslaun, ef miðað er við 1875, en 1680—1820 kr. árslaun ef miðað er við 1889, en launalægri dósentarnir 1200 kr. sje miðað við 1875, en 1440—1560 kr. sje miðað við 1889.

Þannig má segja, að forstöðumenn skólanna hafi nú, miðað við 1889, í rauninni ekki nema 2400—2600 kr. árslaun, og dósentarnir ekki nema 1440—1820 kr. laun.

Og þessum launum halda þeir óbreyttum, þó peningar falli enn meira í verði.

1400—2600 kr. eru þá árslaun þeirra manna, sem varið hafa 12—14 bestu árum æfinnar til að búa sig undir lífsstarf sitt. Og á þeim launum eiga þeir að framfleyta sjer og hversu stórri fjölskyldu sem er.

En þetta eru bæði óhæfilega lá og óhæfilega ósanngjörn laun. Þau eru óhæfilega lá, því að mennirnir geta með engu móti framfleytt sómasamlegu lífi á þeim. Og verða því annaðhvort að neita sjer og sínum um marga nauðsyn, eða þá að verja meira eða minna af starfskröftum sínum til að bæta launakjörin. En hvorttveggja er mjög skaðlegt fyrir skólana.

Og launin eru ósanngjarnlega lá, því að hagur allra annara launamanna hefir batnað að sama eða líku skapi og peningar hafa fallið í verði, hvort heldur launamaðurinn fær laun sín hjá einstökum mönnum, einstakra manna fjelögum, eða jafnvel hjá sveitafjelögum, og hver sem staða launamannsins er. Fjelagsstjórinn, verslunarstjórinn, búðarþjónninn, hjúið og verkamaðurinn, fær hærri laun nú en áður. Vinnukonulaun hafa t. d. hækkað um 200% síðan 1875, og um 140% síðan 1889. Og öll þessi hækkun kemur beint eða óbeint niður á embættismanninum, eins og öðrum.

Landssjóður er þannig orðinn lakasti húsbóndinn.

Úr þessum ójöfnuði vill frumvarpið bæta, að því er kemur til æðri kennaranna.

Það er lagt til, að það verði gjört með tvennu móti; sumpart með því að hækka byrjunarlaun launalægri kennaranna, og sumpart með því að hækka laun allra kennaranna, með hækkandi embættisaldri. Jafnframt er öllum aðalkennurum gjört jafnhátt undir höfði, bæði að því er snertir embættisveg og launahæð, að þeim kennurum undanteknum, sem nú búa við betri kjör, og því ekki verður hreyft við.

Ef miðað væri við 2800 kr. launahæð kennara eftir lögunum frá 1889, ættu lægstu launin eða byrjunarlaunin nú að verða 3780 kr. Hjer er þó að-

eins farið fram á 3200 kr. og jafngildir það 1920—2180 kr. launum 1889. Slík laun og enda hærri laun þóttu oflág þá. Það ár voru laun dósentanna við prestaskólann færð úr 2400 og 2000 upp í 2800 og 2400 kr. Vjer treystumst ekki til að fara hærra, en til 3200 kr., en lægri mega launin hinsvegar með engu móti verða. Erlendis eru byrjunarlaun prófessora töluvert hærri, í Kaupmannahöfn t. d. 3600 kr., og mun þó yfirleitt ekki vera dýrara að lifa í Kaupmannahöfn en í Reykjavík.

En bæði í notum þess, hve byrjunarlaunin eru hlutfallslega lág, og svo af því, að það er sanngjarnt í sjálfu sjer, að laun hækki með hækkandi embættisaldri, leggjum vjer til, að launin hækki eftir tiltekið árabil upp í 4800 kr. Það má búast við, að ungir vísindamenn veljist til háskólans fremur en eldri menn. Þeir stofna fjölskyldu, fjölskyldan vex með líðandi árum og útgjöldin aukast að sama skapi. Og seinast en ekki síst má geta þess, að háskólinn hefur miklu meiri von um að halda góðum kennurum, ef kjör kennaranna batna eftir því sem árin færast yfir þá. Vjer leggjum áherslu á, að launin hækki með hækkandi embættisaldri, og gjörum oss von um, að þeirri tillögu verði vel tekið, nú er það nýmæli er lögleitt um presta með lögum nr. 46, frá 16. nóv. 1907, og vjer vonum, að lokaupphæðin 4800 kr. þyki ekki of há, er litið er til hins lága peningaverðs nú, og lokalauna slíkra embættismanna erlendis. Við Kaupmannahafnarháskóla eru þau t. d. 6000 kr.

Nú eru útgjöld landssjóðs til kennara embættaskólanna þessi:

Prestaskólinn.

Laun forstöðumanns	4,000 kr.	
— 1. dósents	2,800 —	
— 2. dósents	2,400 —	
Þóknun fyrir kenslu í kirkjurjetti	100 —	9,300 kr.

Læknaskólinn.

Laun forstöðumanns (og landl.)	4,000 kr.	
Laun dósentsins	2,400 —	
þóknun til hjeraðslæknis	800 —	7,200 —

Lagaskólinn.

Laun forstöðumanns	4,000 —	
— dósentsins	2,800 —	6,800 —
eða samtals til allra skólanna		23,300 kr.

Eftir frumvarpi voru mundi byrjunarlaunakostnaðurin verða eins og hjer segir:

Guðfræðisdeild.

2 prófessorar (4,000 + 3,200) = ...	7,200 kr.	
1 aukakennari	2,400 —	9,600 kr.

Læknadeild.

2 prófessorar (3,200 kr. hvor) = ...	6,400 kr.	
Þóknun hjeraðslæknis	800 —	7,200 —
Flyt:		16.800 kr.

Flutt: 16,800 kr.

Lagadeild.

3 prófessorar (4,000 + 2 × 3,200 kr.) ... ... 10,400 kr.

Heimspekisdeild.

2 prófessorar (3,200 kr. hvor) = ... 6,400 kr.
1 aukakennari ... ... 2,400 — 8,800 —
Hjer frá mætti væntanlega draga eftirlaun próf. B. M. Ólsens 2,255 kr. ... ... 2,255 —
6,545 kr.

Allur launakostnaðurinn eftir frumvarpi voru yrði þá fyrst um sinn ... ... 33,745 —
Nú er hann ... ... 23,300 —
Aukningin næmi þannig ... ... 10,445 kr.

Miði maður við meðallaun háskólakennaranna eða laun þau, sem þeir mundu fá eftir 12 ára þjónustu yrði kostnaðurinn nokkru meiri. Þá hefðu allir prófessorarnir 4,000 kr. árslaun. Dósentalaunin og aðstoðarkennaraþóknunin hjeldist óbreytt, nema hvað búast mætti við, að fá mætti kennslu í augnsjúkdómum fyrir 1,000 kr., ef núverandi augnlæknir ljeti af starfi sínu. Kostnaðurinn yrði þá í viðbót við nýnefndar 10,445 kr. eins og hjer segir: 10,445 kr.

Við guðfræðisdeildina... ... ... 800 kr.
— læknadeildina ... ... 1,600 —
— lagadeildina ... ... 1,600 —
— heimspekisdeildina ... ... 1,600 — 5,600 kr.

Beri maður öll kurl til grafar, mætti segja að laun forstöðumanns læknaskólans (landlæknis) væru oftalin með kostnaði við læknaskólann nú, og að eftirlaun próf. B. M. Ó. mætti ekki telja frá framtíðarkostnaðinum til langframa, og bættust þá hjer við 4,000 + 2,255 kr. eða ... ... 6,255 —

Kostnaðurinn umfram núverandi launakostnað yrði því ... 22,300 kr.

Eftir þessu fengi þjóðin, 80,000 manns, viðunanlegan háskóla fyrir 28 aura nefskatt. Og er vonandi, að þeir menn setji það ekki fyrir sig, sem háskólamálið hefir verið og er alvörumál. Kristjaníuháskóli kostaði Norðmenn hlutfallslega miklu meira þegar þeir stofnuðu háskóla hjá sjer 1811; og því fór svo fjarri, að nokkur Norðmaður sæi eftir því, að allir þeirra helstu menn hafa þakkað og þakka háskólanum enn í dag uppgang þjóðarinnar að miklu leyti.

Og þó að háskóli vor kostaði landssjóð þannig nokkuð meira en núverandi embættaskólar, þá skerti það ekki þjóðarhaginn. Aukafjárhæðin yrði eftir sem áður kyr í landinu, hefði aðeins vasaskifti, og enda vafamál að landssjóður biði nokkurn baga af hinu breytta fyrirkomulagi. Að því skapi sem háskólinn yrði betri að því skapi yrðu færri Íslendingar til að sækja æðri mentun út úr landinu. Þá myndu flestir íslenskir námsmenn verða kyrrir heima fyrir og eyða hjer því fje, sem nú rennur til útlendinga.

Forstöðumaður læknaskólans er því meðmæltur að kennaraskipún háskólans sje, svo fljótt sem fjárhagur landsins leifir, komið í það horf, sem hjer er farið fram á, en mælir móti því, að íslenskir háskólakennarar beri útlent embættisheiti.

Frumvarp til laga

um

ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Ísland er frjálst og sjálfstætt land, er eigi verður af hendi látið. Það er í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er báðir aðilar hafa orðið ásáttir um að telja sameiginleg í lögum þessum. Danmörk og Ísland eru því í ríkjasambandi, er nefnist veldi Danakonungs.

Í heiti konungs komi eftir orðið: »Danmerkur«, orðin: »og Íslands«.

2. gr.

Skipun sú, er gildir í Danmörku um ríkiserfðir, rétt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn er konungur er ófullveðja, sjúkur eða fjarstaddur, svo og um það er konungdómurinn er laus og enginn ríkisarfi til, skal einnig gilda að því er til Íslands kemur.

3. gr.

Þessi eru sameiginleg mál Danmerkur og Íslands:

1. Konungsmata, borðfé ættmenna konungs og önnur gjöld til konungsættarinnar.
2. Utanríkismálefni. Enginn þjóðasamningur, er snertir Ísland sérstaklega, skal þó gilda fyrir Ísland nema rétt stjórnarvöld íslenzk samþykki.
3. Hervarnir á sjó og landi ásamt gunnfána sbr. þó 57. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874.
4. Gæzla fiskiveiðaréttar þegnanna, að óskertum rétti Íslands til að auka eftirlit með fiskiveiðum við Ísland eftir samkomulagi við Danmörku.

5. Fæðingjaréttur. Löggjafarvald hvors lands um sig getur þó veitt fæðingjarétt með lögum og nær hann þá til beggja landa.
6. Peningaslátta.
7. Hæstiréttur. Þegar gjörð verður breyting á dómaskipun landsins, getur löggjafarvald Íslands þó sett á stofn innanlands æðsta dóm í íslenzkum málum. Meðan sú breyting er eigi gjörð, skal þess gætt, er sæti losnar í hæstarétti, að skipaður sé þar maður, er hafi sérþekkingu á íslenzkri löggjöf og kunnugur sé íslenzkum högum.
8. Kaupfáninn út á við.

4. gr.

Öðrum málefnum, sem taka bæði til Danmerkur og Íslands, svo sem póstsambandið og ritsímasambandið milli landanna, ráða dönsk og íslenzk stjórnarvöld í sameiningu. Sé um löggjafarmál að ræða, þá gjöra löggjafarvöld beggja landa út um málið.

5. gr.

Danir og Íslendingar á Íslandi og Íslendingar og Danir í Danmörku njóta fulls jafnréttis.

Þó skulu forréttindi íslenzkra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnar-háskóla óbreytt. Svo skulu og heimilisfastir Íslendingar á Íslandi hér eftir sem hingað til vera undanþegnir herþjónustu á sjó og landi.

Um fiskiveiðar í landhelgi við Danmörku og Ísland skulu Danir og Íslendingar jafnréttháir meðan 4. atriði 3. gr. er í gildi.

6. gr.

Þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, er ríkisþing og alþingi setja og konungur staðfestir, fara dönsk stjórnarvöld einnig fyrir hönd Íslands með mál þau, sem eru sameiginleg samkvæmt 3. gr. Að öðru leyti ræður hvort landið að fullu öllum sínum málum.

7. gr.

Meðan Ísland tekur engan þátt í meðferð hinna sameiginlegu mála, tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau; þó leggur Ísland fé á konungsborð og til borðfjár konungsættmenna hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi skulu ákveðin fyrirfram um 10 ár í senn með konungsúrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifa.

Ríkissjóður Danmerkur greiðir landssjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1,500,000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskifti, sem verið hafa að undanförnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljáð.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um það, hvort málefni sé sameiginlegt eða eigi, og skulu þá stjórnir beggja landa reyna að jafna hann með sér. Takist það eigi, skal leggja málið í gjörð til fullnaðarúrslita. Gjörðardóminn skipa 4 menn, er konungur kveður til, tvo eftir tillögu ríkisþingsins (sinn eftir tillögu hvorrar þingdeildar) og tvo eftir tillögu alþingis. Gjörðarmennirnir velja sjálfir oddamann.

Verði gjörðarmenn ekki á eitt sáttir um kosningu oddamannsins, er dómsforseti hæstaréttar sjálfkjörinn oddamaður.

9. gr.

Ríkisþing og alþingi getur hvort um sig krafist endurskoðunar á lögum þessum þegar liðin eru 25 ár frá því er lögin gengu í gildi. Leiði endurskoðunin ekki til nýs sáttmála innan 3 ára frá því er endurskoðunar var krafist, má heimta endurskoðun af nýju á sama hátt og áður, að 5 árum liðnum frá því nefndur 3 ára frestur er á enda. Nú tekst ekki að koma á samkomulagi meðal löggjafarvalda beggja landa innan 2 ára frá því, er endurskoðunar var krafist í annað sinn, og ákveður konungur þá, með 2 ára fyrirvara, eftir tillögu um það frá ríkisþingi eða alþingi, að sambandinu um sameiginleg mál þau, er ræðir um í 4., 5., 6., 7. og 8. tölulið 3. greinar, skuli vera slitið að nokkru eða öllu leyti.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er, að öðru en leiðréttingu á skýringunni millum sviga í hinum slenzka texta 8. gr., samhljóða frumvarpi því til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands, er nefnd sú hefir til búið, er skipuð var með konungsúrskurði 30. júlí 1907, til þess að undirbúa ráðstafanir til nýrrar löggjafar um stjórnarskipulega stöðu Íslands í veldi Danakonungs. Áliti nefndarinnar verður útbýtt meðal þingmanna, og skal til að rökstyðja frumvarpið hér látið nægja að vísa að öllu leyti til nefndarálitsins.

Frumvarp til stjórnarskipunarlaga

um

breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Islands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

Fyrirsögnin verði: Stjórnarskrá Íslands.

Í staðinn fyrir 1.—62. gr. og ákvarðanir um stundarsakir 1.—4. í stjórnarskrá 5. jan. 1874 og 1.—13. gr. í stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903 komi eftirfarandi greinar:

I.

1. gr.

Stjórnarfyrirkomulagið er þingbundin konungsstjórn. Ísland hefir konung sameiginlegan við Danmörk. Um ríkiserfðir, rétt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn, er konungur er ófullveðja, sjúkur eða fjarstaddur, svo og um það, er konungdómurinn er laus og enginn ríkisarfi til, fer eftir ákvæðum laganna um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands.

2. gr.

Ísland er í sambandi við Danmörk um þau mál, sem eftir samkomulagi beggja landanna eru talin sameiginleg í 3. gr. sbr. 9. gr. í lögunum um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands. Um meðferð þessara mála fer eftir fyrirmælum 6. greinar í sambandslögunum. Að öllu öðru leyti er löggjafarvaldið hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

3. gr.

Konungurinn vinnur eið að stjórnarskrá Íslands, þegar hann kemur til ríkis, hafi hann eigi þegar unnið þann eið sem ríkisarfi. Af eiðstaf konungs skal gjöra tvö samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu; hitt skal geyma í landsskjalasafninu.

4. gr.

Konungurinn hefir hið æðsta vald í öllum málefnum Islands, með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðherra Islands framkvæma það í öllum efnum, sem ákveðið í 2. málsgrein í 2. gr. stjórnarskrár þessarar tekur eigi til.

5. gr.

Konungurinn er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur. Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfnum eftir því sem lög mæla fyrir um það. Alþingi getur kært ráðherrann fyrir embættisrekstur hans. Landsdómur dæmir þau mál.

6. gr.

Konungur skipar ráðherra Islands og leysir hann frá embætti. Aðsetur ráðherra skal vera í Reykjavík. Hann fer svo oft sem nauðsyn krefur á konungsfund, til þess að bera upp fyrir konungi lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir. Undirskrift konungs undir ályktanir þær, sem snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þegar ráðherrann ritar undir þær með honum.

Nú deyr ráðherrann, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra. Breyta má þessu með lögum.

7. gr.

Með lögum má ákveða að ráðherrar skuli vera fleiri en einn.

Nú er ráðherrum fjölgað, og skiftir konungur þá störfum með þeim. Einn þeirra kveður hann til forsætis, og stýrir hann ráðherrastefnum. Starfsvið ráðherrastefnu skal nánar ákveðið í lögunum.

Hver ráðherra undirskrifar með konungi ályktanir um þau málefni, er undir hann liggja sérstaklega, og ber ábyrgð á stjórnarathöfnum. Sá ráðherra sem konungur hefir til forsætis kvatt, ber að jafnaði málin fram fyrir konung, einnig fyrir hönd hinna ráðherranna. Þegar hann þannig ber fram fyrir konung mál, sem annar ráðherra hefir nafnsett, ber hann að eins ábyrgð á því, að málið sé rétt framflutt, nema hann sérstaklega taki að sér stjórnarskipulega ábyrgð á efni málsins, með því að setja einnig nafn sitt undir það. Að öðru leyti gilda um hvern einstakan ráðherra þau fyrirmæli, sem sett eru um ráðherra Islands í stjórnarskrá þessari.

8. gr.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi fæðingjarétt, og sé hann eigi Íslendingur, hafi fært sönnur á það með opinberu prófi, að hann skilji til hlítar íslenzku og geti talað hana og skrifað. Sérhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Eftirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eftirlaunalögunum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einkis í af embættistekjum, og að þeim sé gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiftin eða þá lausn frá embætti með eftirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Með lögum má undanskilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 51. gr.

9. gr.

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. An samþykkis konungs má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Ákvæðum greinar þessarar má breyta með lögum.

10. gr.

Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

11. gr.

Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það, og ekki nema einu sinni á ári.

12. gr.

Konungur getur rofið alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því er það var rofið, og alþingi stefnt saman áður en ár er liðið frá þingrofinu.

13. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

14. gr.

Samþykkis konungs þarf til þess að nokkur ályktun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefir fallist á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.

15. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, *enda falla þau úr gildi, nema næsta alþingi á eftir samþykki þau. Eigi má gefa út bráðabirgðafjárlög fyrir það fjárhagstímabil, er fjárlög eru samþykt fyrir af alþingi.*

16. gr.

Konungur náðar menn, og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðherrum getur hann þó ekki án samþykkis alþingis gefið upp hegning, er landsdómur hefir dæmt þá til.

17. gr.

Konungur veitir sumpart beinlínis, sumpart með því að fela það hlutaðeigandi stjórnarvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkast hafa eftir reglum þeim, sem farið hefir verið eftir hingað til.

II.

18. gr.

Á alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir alþingismenn. Kosningarnar gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil. Tölu þingmanna og lengd kjörtímabils má breyta með lögum. Dey-

nokkur eða fari frá af peim er kosnir eru meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eftir er af kjörtímanum.

19. gr.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. I efri deildinni eiga sæti 12 þingmenn, í neðri deildinni 24. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

20. gr.

Alla þingmenn efri þingdeildar svo og varaþingmenn til að fylla sæti er auð kunna að verða í efri deild á kjörtímanum, skal kjósa hlutfallskosningum um land alt í einni heild. Til neðri þingdeildar skal kosið í kjördæmum, er skulu vera sem jöfnust að stærð og nánar skulu ákveðin í kosningalögunum. Þar skulu og settar hinar nánari reglur um kosningar allar til beggja þingdeilda og um fylling auðra sæta í efri þingdeild.

21. gr.

Kosningarrétt til neðri deildar alþingis hefir hver karlmaður, sem hefir óflekkað mannorð, er orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hefir þá verið heimilisfastur í kjördæminu eða kaupstaðnum eitt ár, er fjár síns ráðandi, enda sé honum ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann hafi þá endurgoldið hann eða honum verið gefinn hann upp.

Kosningarrétt til efri deildar alþingis hefir hver sá, er kosningarrétt á til neðri deildar, ef hann er orðinn fullra 40 ára að aldri, þegar kosning fer fram.

Með lögum má veita kosningarrétt konum, giftum sem ógiftum, ef þær að öðru leyti fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrétti.

22. gr.

Kjörgengur til neðri deildar alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrétt samkvæmt 21. gr., ef hann er ekki ríkispegn utan veldis Danakonungs, eða að öðru leyti í þjónustu annara ríkja, hefir að minsta kosti í síðustu 5 ár verið á Islandi eða í Danmörku og er orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosning fer fram.

Kjósa má þó mann, er á heima utan kjördæmis eða hefir verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Kjörgengur til efri deildar alþingis er hver sá, er kjörgengur er til neðri deildar, ef hann er fullra 40 ára að aldri þegar kosning fer fram.

Konum, giftum sem ógiftum, má með lögum veita kjörgengi, enda fullnægi þær öllum öðrum skilyrðum fyrir kjörgengi samkvæmt þessari grein.

III.

23. gr.

Hið reglulega alþingi skal koma saman 15. febrúar annaðhvort ár, eða, ef hann ber upp á helgan dag, næsta virkan dag þar á eftir, nema konungur hafi til tekið annan samkomudag sama ár. Breyta má þessu með lögum.

24. gr.

Samkomustaður alþingis er Reykjavík. Þegar sérstaklega er á statt, getur konungur þó skipað svo fyrir, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað í landinu.

25. gr.

Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

26. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir.

27. gr.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni undir eins og viðurkent er, að kosning hans sé gild.

28. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að taka við kosningu, en skyldir eru þeir til að annast um að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, er stjórnin álítur nægja, án kostnaðar fyrir landssjóðinn.

29. gr.

Hvor þingdeild á rétt á að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig og sameinað alþing senda konungi ávörp.

30. gr.

Hver þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt á að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

31. gr.

Engan skatt má á leggja, né breyta, né af taka nema með lögum; ekki má heldur án lögákvæða taka lán, er skuldbindi Ísland, né selja, eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins.

32. gr.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

33. gr.

Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfærð í fjárlögunum svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

34. gr.

Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins séu þar allar taldar, og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta krafist, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita með lagaboði.

35. *gr.*

Enginn útlendingur getur öðlast fæðingjarétt nema með lögum, sbr. 5. lið 3. greinar í lögum um ríkisréttarsamband Danmerkur og Islands.

36. gr.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefir verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykt í annarri hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aftur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hér aftur gjörðar breytingar, fer frumvarpið að nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eftir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess, að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að meir en helmingur þingmanna úr hvorri deildinni um sig séu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku máls-atriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykt í heild sinni, þarf aftur á móti að minsta kosti, að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, séu með frumvarpinu.

38. gr.

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, né heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sé staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefir talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr.

Ef sú breyting, er sviftir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, sem löglega er kosinn, missir hann rétt þann, sem kosningunni fylgir.

40. gr.

Ráðherra á samkvæmt embættisstöðu sinni sæti á alþingi, og rétt á að taka þátt í umræðunum eins oft og hann vill, en gæta verður hann þingskapa að öðru leyti.

Í forföllum ráðherra má hann veita öðrum manni umboð til þess að mæta á alþingi fyrir sína hönd.

Atkvæðisrétt hefir ráðherra eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir séu kosnir alþingismenn.

41. gr.

Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr.

Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, sem hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, ef þingdeildin leyfir það, og beiðast skýrslu um það.

44. gr.

Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings.

45. gr.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til ráðherra.

46. gr.

Fundi beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafist, að öllum utanþingsmönnum sé vísað á burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr.

Þingsköpin handa hinu sameinaða alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lögum.

IV.

48. gr.

Konungur getur með samþykki alþingis kært mann fyrir landsdómi fyrir þess konar glæpi, er honum virðast einkar háskalegir fyrir Island.

49. gr.

Skipun dómsvaldsins verður ekki ákveðin nema með lagaboði.

50. gr.

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

51. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðs-störf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínnum.

V.

52. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja er þjóðkirkja á Íslandi, og skal þjóðfélagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar skal skipa með lögum.

53. gr.

Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

54. gr.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en peirrar, er hann sjálfur aðhyllist, en gjalda skal hann til skóla hin lögboðnu persónulegu gjöld þjóðkirkjunnar, ef hann sannar ekki, að hann heyri til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkendur er í landinu.

55. gr.

Réttindi trúarbragðaflokka peirra, er greinir á við þjóðkirkjuna, skulu ákveðin með lögum.

56. gr.

Enginn má neins í missa af þegnréttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur þeirra vegna skorast undan almennum félagsskyldum.

VI.

57. gr.

Hvern pann, sem tekinn er fastur, skal án undandráttar leiða fyrir dómara. Sé hann þá eigi jafnskjótt látinn laus, skal dómari, áður sólarhringur sé liðinn, leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli settur í varðhald. Megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert og hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, *og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum.*

Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjársekt eða einföldu fangelsi.

58. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sérstaklega leyfi.

59. gr.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almennings þörf krefji; þarf til þess lög og komi fult verð fyrir.

60. gr.

Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrétti manna til atvinnu og eigi eru bygð á almenningsheillum, skal af taka með lögum.

61. gr.

Sá, sem ekki getur séð fyrir sér og sínum, og sé hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rétt á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

62. gr.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

63. gr.

Hver maður á rétt á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögleiða.

64. gr.

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert félag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félög um stundarsakir, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess það verði rofið.

65. gr.

Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

66. gr.

Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eftir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

67. gr.

Rétti sveitarfélaganna til að ráða málefnum sínum skal skipað með lögum.

68. gr.

Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

69. gr.

Sérréttindi, er bundin séu við nafnbætur og lögtign, má eigi lögleiða.

VII.

70. gr.

Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi.

Nái frumvarpið samþykki beggja þingdeildanna, skal þá þegar rjúfa alþingi og stofnað til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfestingu konungs, þá hefir það gildi sem stjórnarskipunarlög.

71. gr.

Þegar er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest af konungi, gefur hann þau út sem »Stjórnarskrá Íslands«, og öðlast hún þegar gildi, og fellur þá um leið úr gildi stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 og stjórnarskipunarlög um breyting á henni 3. október 1903.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Ef frumvarp það um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands, sem nú er lagt fyrir alþingi, nær fram að ganga, falla burtu lögin um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu frá 2. jan. 1871, sem stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögin um breyting á henni frá 3. okt. 1903 eru byggð á, og í staðinn kemur annar grundvöllur á að byggja. Þar sem stjórnarskipun Íslands hefir hingað til verið bygð á ráðstöfun (delegation) af hálfu hins danska ríkisvalds á löggjöf og stjórn tiltekinna sérmála í óaðskiljanlegum ríkishluta, verður hún í skjóli sambandslaganna eftirleiðis bygð á ráðstöfun Íslands sjálfs, er það gerir sem sérstakt ríki um alla hagi sína, og stjórnarskipunarlögin verða því eftirleiðis ekki að eins stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, heldur stjórnarskrá Íslands.

Jafnframt sambandslagafrumvarpinu er því lagt fyrir þingið frumvarp til nýrrar stjórnarskrár, þar sem burt eru feldar tilvitnanir þær í stöðulögin, sem eru í núgildandi stjórnarskipunarlögum, og öll þau ákvæði, sem við þann grundvöll miðast, og í staðinn settar tilvitnanir til sambandslaganna og þau önnur almenn ákvæði um stjórnarfyrirkomulag í landinu, sem grundvallaratriði mega heita, en sem óþarft hefir þótt að taka upp í stjórnarskrána um hin sérstaklegu málefni Íslands, vegna réttargrundvallar þess, sem hún taldist á bygð.

En auk þeirra breytinga, sem beint eru afleiðing af undirstöðubreytingunni og hinum nýju sambandslögum, hefir þótt rétt að nota tækifærið til þess að stinga upp á ýmsum öðrum breytingum á stjórnarskipuninni, sem virðast standa í eðlilegu sambandi við hinar óhjákvæmilegu breytingar, og sumpart samsvara betur nútímans kröfum og ástandi í landinu. Þar að auki hefir þótt rétt að víkja við orðalagi á ýmsum greinum stjórnarskrárinnar, og færa nokkrar greinar til vegna efnis þeirra; hefir sérstaklega verið hafður til hliðsjónar sá búningur, sem ákvæði þessi hafa hlotið í höndum alþingis við meðferð frumvarpa þeirra um endurskoðun stjórnarskrárinnar, er þingið hefir afgreitt. Til glöggvunar eru nýjar greinar og verulegar breytingar settar með skáletri í frumvarpstextanum, og skal hér gerð grein fyrir hinu helzta af breytingum frá núverandi fyrirkomulagi.

I.

(1.—17. gr., stjskr. 1874 1.—13. gr. stjskl. 1903 1.—3. gr.).

1.– 6. gr. þurfa væntanlega ekki sérstakra skýringa við. Þær eru afleiðing af hinum breyttu stjórnskipunargrundvelli og taka upp það sem nauðsynlegt er um hin almennu meginatriði. Ákvæði 2. gr. sbr. 4. gr. um ráðstöfun og meðferð þeirra mála, sem Ísland eftir sambandslögunum hefir sameiginleg við Danmörk, sýna ljóslega, að einnig þar er vilji og ákvörðun hins íslenzka ríkisvalds grundvöllurinn fyrir framkvæmdinni. — Í 6. gr. þótti óþarft að taka upp ákvæðin úr 1. gr. stj.skl. 3. okt. *1903* um það, að landssjóður greiði laun og eftirlaun ráðherra og kostnað við ferðir hans til Kaupmannahafnar og dvöl þar o. fl., því að þetta virðist sjálfsagt, eins og hitt, að ríkisráðsákvæðið hlýtur að falla burtu, er ríkisráðið er ekki sameiginlegt.

Um 7. gr. Jafnvel þótt eigi þyki enn næg ástæða til þess að fastbinda það í stjórnarskrá, að ráðherrarnir skuli vera fleiri en einn, þykir hins vegar nauðsynlegt að opna veg til þess að hægt sé að gera þá breytingu án þess að raska stjórnarskránni. Það hlýtur sem sé að koma betur og betur í ljós, eftir því sem umbætur eru reyndar og framkvæmdar í þeim margvíslegu greinum, er þess þurfa við, að það er mjög undir hælinn lagt, að einn maður geti gegnt ráðherrastörfum fullnægjandi, ekki svo mjög vegna þess, hve störfin eru mikil, heldur vegna þess, hve þau eru margvísleg og hvert öðru óskyld. Það er enganveginn sennilegt, að sami maður geti haft jafnan kunnugleika og áhuga á öllu því, er lýtur að fjármálum, dómsmálum, kirkjumálum, sveitamálum, kenslumálum, samgöngumálum, búnaðarmálum, vísindaframförum, fiskiveiðum, verzlunarmálum, verklegum framkvæmdum o. s. frv., og auk þess snúist við gestaviðtökum og framkomu út á við fyrir landsins hönd, og er því hætt við að eitthvað af þessu sitji á hakanum, er til lengdar lætur, ef sami maður á að hafa frumkvæði, framkvæmd og ábyrgð á öllu þessu, þótt lítið sé tiltölulega af hverjum um sig í samanburði við stærri lönd. Það er því lagt til, að með lögum megi fjölga ráðherrunum eftir því sem þörf krefur; en sé það gert, þá er eigi þörf á því að halda ákvæðinu um að landritari komi í stað ráðherra ef hann deyr, því þá má gera ráð fyrir að jafnan sé til maður, er ábyrgð beri á stjórnarathöfninni. Í niðurlagi 6. gr. er því sett ákvæði, sem heimilar að leggja landritaraembættið niður.

Það þykir sjálfsagt, ef fleiri ráðherrar eru en einn, að þeir ræði með sér mál öll, er miklisvarðandi eru, á ráðherrastefnu. Hins vegar þykir eigi fært að fastbinda slíkt með stjórnarskrárákvæði, því að séu ráðherrar að eins tveir og annar staddur í Kaupmannahöfn til erindis við konung en hinn í Reykjavík, er ómögulegt að koma á neinum fundi, er mál kalla að til bráðrar ályktanar. Það er því ætlað lögum þeim, er kveða á um fjölgun ráðherra, að setja ákvæði um ráðherrastefnur.

Þó að hver ráðherranna geti auðvitað sjálfur borið upp fyrir konungi þau mál, sem hann hefir með höndum, sbr. 6. gr. og 7. gr. i. f., er gert ráð fyrir því að venjulega feli ráðherrarnir einum — og þá forseta sínum — að fara á konungsfund einnig með þeirra mál, er þeir þá nafnsetja fyrir fram. Það væri óeðlilegt og enda óheppilegt að ráðherraforsetinn bakaði sér að sjálfsögðu stjórnarfarslega ábyrgð á efni þeirra ályktana, er hann þannig ber fram. En hinsvegar þykir rétt að hann geti með undirskrift sinni einnig tekið ábyrgðina, ef konungi þykir það meiri trygging og ráðherraforsetinn er málefninu fylgjandi. Vilji hann ekki setja nafn sitt undir og konungur ekki undirskrifa að öðrum kosti, þá krefur nauðsyn, að ráðherra sá, sem hlut á að máli, fari sjálfur á konungsfund (sbr. 6. gr.).

Um 8—17. gr. Fyrirmæli *8. greinar* um skilyrði fyrir embætti á Íslandi gilda auðvitað einnig fyrir ráðherrana. Í *10. gr.* er þingsetutími lengdur um 2 vikur frá því sem nú má vera án konungsleyfis, og er það gert með sérstöku tilliti til vetrarþinga. Í *15. gr.* er sett það ákvæði um bráðabirgðalög, að þau falli úr gildi ef næsta alþingi á eftir samþykkir þau eigi, og bannað að gefa út bráðabirgðafjárlög, nema

því að eins að alþingi hafi ekki samþykt nein fjárlög fyrir það fjárlagstímabil, til þess að koma í veg fyrir, að stjórnin geti synjað fjárlögum þingsins staðfestingar. Við *16. gr.* er bætt ákvæði um að konungur geti ekki gefið ráðherrum eftir hegning sem landsdómur hefir dæmt þá í, án samþykkis alþingis, og er það í samræmi við grundvallarlög Danmerkur.

II.

(18.—22. gr., stjskr. 1874 14.—18. gr., stjskl. 1903, 4.—6. gr.).

Í þessum kafla er stungið upp á töluverðum breytingum frá því sem nú er. Fyrst og fremst er lagt til, að breytt sé skipun efri deildar alþingis samkvæmt þeim óskum, er komið hafa fram bæði á þingi og í blöðum og mannamótum, að hafa enga konungkjörna menn á þingi. Eins og sést á umræðunum á alþingi 1867 um stjórnarskrárfrumvarp stjórnarinnar það ár og á athugasemdunum við frumvarpið (Alþ.tíð. 1867 I. 894—940 og II. 33—35, 464—66 og 639—40) var það þá einkum haft til stuðnings því að hafa menn á þingi, er væru kjörnir af konungi eða á annan hátt óháðir kjósendum, að æskilegt væri að hafa jafnhliða þeim er sæti hefðu hlotið á þingi með almennum kosningum, flokk manna með meiri gætni og fastheldni, til tryggingar gegn fljótfærnis samþyktum af hálfu þingsins. Þetta mun að vísu enn til sanns vegar mega færa, en hins vegar virðist hægt muni vera að fá þessa trygging, án þess að fara í bága við þá skipun er eðlilegust virðist vera í sjálfu sér, að alþingi sé að öllu leyti skipað þjóðkjörnum mönnum. Til að ná þessu marki, eru ýmsar leiðir hugsanlegar, og hefir stjórnin aðhylst þá leið, að láta alla efri deild vera kosna með hlutfallskosningum í einu kjördæmi er tekur yfir alt landið, og hafi við þær kosningar aldurstakmörkin, að því er kosningarrétt og kjörgengi snertir, nokkru hærri en venjulegt er; með þessu virðist nokkur trygging muni fást fyrir því, að til efri deildar verði yfirleitt kosnir menn með þroska og lífsreynslu og alment viðurkendri þekking og dugnaði.

Með því að aukakosningar væru mjög miklum kostnaði og erfiðleikum bundar, er alt landið á að kjósa, þykir nauðsynlegt að hafa varamenn til að taka sæti í deildinni, jafnótt og pláss verða þar auð á kjörtímanum, eftir þeim reglum og í þeirri röð, er nánar verður ákveðið í kosningarlögunum.

Að því er snertir tölu alþingismanna og þingmanna hvorrar deildar, hefir þótt réttast að láta hana aftur verða eins og áður, 36, alls, 24 í neðri, 12 í efri deild, og sparast við það nokkuð fé frá því sem nú er.

Kjördæmaskipun og hin önnur ákvæði um kosningar til neðri þingdeildar hefir ekki þótt rétt að ákveða nánar í sjálfri stjórnarskránni, heldur láta kosningarlögin um það, svo hægt sé að gera um alt slíkt með almennum lögum.

Að því er snertir skilyrðin fyrir kosningarrétti og kjörgengi, þá er í 21. og 22. gr. farið fram á að orða þau öðruvísi en áður, en auk þeirrar breytingar, sem áður er getið, um kosningar til efri deildar, er ekki farið fram á aðra efnisbreyting en þá, að láta ekki gjaldskyldu lengur vera neitt skilyrði fyrir kosningarrétti eða kjörgengi.

Loks er farið fram á að heimild sé til þess með einföldum lögum að veita konum bæði kosningarrétt og kjörgengi, ef þær að öðru leyti fullnægja þeim skilyrðum, er sett eru karlmönnum, og skuli gift kona talin fullnægja skilyrðunum, þó að hún hafi ekki fjárumráð sín vegna hjónabandsins. Það þykir of bráð breyting, að veita konum þennan rétt jafnt karlmönnum þegar í stað, af því að þær eru margar hverjar svo lítt búnar undir hluttöku í landsmálum, og þykir æskilegast, að rétturinn verði að eins veittur smámsaman, eftir aldursflokkum.

III.

(23.—47. gr. stjskr. 1874 19.—41. gr., stjskl. 1903 7.—12. gr., smbr. lög nr. 41 20. okt. 1905).

Í þessum kafla eru gjörðar ýmsar orðabreytingar en ekki farið fram á aðrar efnisbreytingar á hinum núgildandi stjórnarskipunarlögum en nú skal greina:

23. gr. er breytt samkvæmt lögum nr. 41, 20. oktbr. 1905.

Í *25. gr.* er tekið upp ákvæði um friðhelgi alþingis; en 26.—28. gr. er samsvara 29.—31. gr. stjórnarskrárinnar, eru að eins fluttar til, vegna þess það þykir fara betur eftir efni þeirra.

Í *33. gr.* er felt úr ákvæðið um ríkissjóðstillagið í samræmi við það er ákveðið er í öðrum kafla 7. gr. sambandslaga-frumvarpsins.

Í *35. gr.* er tekið upp nýtt ákvæði eftir grundvallarlögum Danmerkur, þess efnis, að enginn útlendingur geti fengið fæðingjarétt nema með lögum, og er þar við bætt tilvísun til ákvæðanna um þetta efni í lagafrv. um ríkissamband Danmerkur og Íslands, 3. gr. nr. 5.

IV.

(48.—51. gr., stjskr. 1874 42.—44. gr.).

Þessi kafli er, að undanskildum orðabreytingum, samhljóða gildandi stjórnarskrá, nema hvað 46. gr. um að konungur geti í sérstökum tilfellum kært mann fyrir landsdómi, er bætt við eftir fyrirmynd í grundvallarlögunum dönsku (öðrum kafla 69. gr.), þareð nokkrar ástæður virðast vera til að hafa það fyrirmæli, er og var tekið upp í stjórnarskrárfrumvarp þingsins 1867.

V.

(52.—56. gr., stjskr. 1874 45.—47. gr.)

Við ákvæðið í *52. gr.* (45. gr. stjórnarskrárinnar) um að hin evangeliska lutherska kirkja skuli vera þjóðkirkja Íslands, hefir þótt rétt eftir fyrirmynd fyrri stjórnarfrumvarpa að bæta við því ákvæði, að sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar skuli skipað með lögum. Eftir því horfi, sem skólamál landsins eru komin í, virðist því næst ástæða til þess, að taka nú upp ákvæði það er sett er í *54. gr.* frumvarpsins, sem er samhljóða ákvæðunum í 77. gr. hinna dönsku grundvallarlaga. Loks er og farið fram á, að taka upp í *55. gr.* ákvæði úr 78. gr. grundvallarlaganna um, að réttindi trúarbragðaflokka þeirra, er greinir á við þjóðkirkjuna, skuli ákveðin með lögum, sbr. stjórnarskrárfrumvarpi stjórnarinnar frá 1867, 1869 og 1871.

Að öðru leyti en því, er nú er sagt, er V. kaflinn samhljóða hinni gildandi stjórnarskrá.

VI.

(57.—69. gr. stjskr. 1874, 48.—60. gr.).

Við *57. gr.* eru gjörðar nokkrar minni háttar breytingar í samræmi við stjórnarskrárfrumvarpið frá 1893, 58. gr. Að öðru leyti eru í kaflanum að eins gerðar orðabreytingar.

VII.

(70. og 71. gr., stjskr. 1874, 61. og 62. gr.).

Í *70. gr.* eru að eins orðabreytingar.

Það er auðvitað skilyrði fyrir því, að stjórnarskrá þessi geti öðlast konungsstaðfesting, að fyrst séu í gildi gengin ný sambandslög um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands og stöðulögin úr gildi gengin, og ætti það að geta orðið nokkru fyrr en stjórnarskrárfrumvarpið getur orðið samþykt til fullnustu á nýkosnu aukaþingi. Hér er því gert ráð fyrir að stjórnarskráin gangi í gildi þegar er hún hlýtur konungsstaðfesting.

Frumvarp til laga

um

löggilding verzlunarstaðar í Viðey í Kjósarsýslu.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Á suðurenda Viðeyjar gegnt Gufunesi skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á alþingi 1907 var af þingmanna hálfu flutt frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar í Viðey, og var frumvarp þetta samþykt af efri deild, en féll í neðri deild. Hlutafélagið P. J. Thorsteinsson & Co. hefir nú farið þess á leit við landsstjórnina, að lagt væri af stjórnarinnar hálfu lagafrumvarp um löggilding verzlunarstaðar á eynni fyrir alþingi. Hlutafélagið hefir keypt eyjuna og á suðurenda hennar reist ýms verzlunarhús og bygt þar hafskipabryggju;

ætlar það að reka þaðan fiskiveiðaútgerð, senda þaðan fisk til Spánar og jafnframt verzla þar með kol og aðrar nauðsynjar handa skipum. Hefir félagið byrjað á mannvirkjum þessum í trausti, þess að löggilding verzlunarstaðar mundi fást þarna eins og annarstaðar, enda verður að álíta, að það hafi haft fulla ástæðu til að treysta því, eftir þeirri venju, sem tíðkast hefir með tilliti til löggildingar á verzlunarstöðum. Landsstjórnin hefir álitið alla sanngirni mæla með því, að hin umrædda löggilding yrði veitt og hefir því ákveðið að leggja þetta lagafrumvarp fyrir alþingi.

Frumvarp til laga

um

stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

(Lagt fyrir alþingi 1909).

---

1. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sé sett vátryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð. Það nefnist »Samábyrgð Íslands á fiskiskipum« og er í lögum þessum nefnt »Samábyrgðin«. Það tekst á hendur:

a. Endurtrygging á alt að því $^4/_{10}$ af tryggingarhæfu verði fyrir íslenzk ábyrgðarfélög báta og skipa, þau er sjálf taka þátt í áhættunni á $^3/_{10}$ hlutum að minsta kosti af verði hinna innskráðu skipa og krefjast sjálfsábyrgðar á $^3/_{10}$ hlutum verðsins að minsta kosti.
b. Beina vátrygging á bátum og skipum, alt að $^8/_{10}$ hlutum af tryggingarhæfu verði, venjulega þó því að eins, að bátar þessir eða skip eigi ekki kost á trygging í félögum þeim, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir.
c. Hagsmunatrygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algjörðan skiptapa er að ræða.

Félagið tekur eingöngu ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða við Ísland eða þjónustu við þær veiðar, eður og til flutninga við Ísland.

2. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 200,000 kr., að félagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur ekki af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur landssjóður til það er á vantar, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá er það hefir þegið af landssjóði, að viðbættum 4 % í

árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt eftir því sem efni þess leyfa. Nu nemur fé það, sem lagt hefir verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum, meira en 20,000 kr., og skal þá gera vátryggjendum að greiða aukaiðgjald þannig, að það sem fram yfir er 20,000 kr. endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi, en ávalt skal gætt ákvæða 5. gr. um takmörk aukaiðgjalds. Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda Samábyrgðinni alt að 20,000 kr. í starfsfé, en greiða skal af því 4 % árlega. Endurborga skal þetta fé, þá er lagt hefir verið í fastan varasjóð 20,000 kr.

3. gr.

Reglugjörð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldsgreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki stjórnarráðs Íslands, og hefir það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, meðan ábyrgð landssjóðs stendur. Það er skilyrði fyrir því, að Samábyrgðin megi takast á hendur endurtrygging samkvæmt 1. gr. a. fyrir innlent vátryggingarfélag, að stjórnarráðið hafi samþykt reglugjörð þess félags; en samþykki veitir stjórnarráðið því að eins:

a ð starf félagsins verði talið hvíla á tryggum grundvelli,

a ð félagsmenn beri ábyrgð á skyldum félagsins, hver gagnvart öðrum, nema nægt hlutafé eða ábyrgðarfé sé til tryggingar því, að fullnægt verði skuldbindingum þess.

4. gr.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15,000 kr. fyrir einstakt far og 60,000 kr fyrir hvert einstakt félag, en 5,000 kr. og 20,000 kr. að sama skapi, þá er um hagsmunatrygging (veiði, veiðarfæri og útbúnað) er að ræða.

5. gr.

Vátryggjendur í Samábyrgðinni — hvort heldur eru einstakir menn eða vátryggingarfélög — ábyrgjast hver gagnvart öðrum, að hún standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eigna þeirra, er vátrygðar eru þar, og það þannig, að ábyrgðin sé ákveðin í hlutfalli við þann hluta af vátrygðu verðmæti, sem Samábyrgðin ber ábyrgð á án endurtryggingar hjá öðrum.

Eftir ábyrgðarskyldu vátryggjenda verður að eins gengið á þann hátt, að heimt séu inn aukaiðgjöld og mega þau eigi hærri vera neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds fyrir þær eignir, er Samábyrgðin hefir eigi endurtrygt.

Nú gengur vátryggjandi úr Samábyrgðinni, og skal hann þá inna af hendi sinn hluta af skyldum þeim, er á hafa fallið áður, og eigi verða greiddar af eigum hennar.

6. gr.

Um greiðslu skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugjörð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð landssjóðs stendur, skulu þar jafnan fastákveðin þau atriði er nú skal greina:

a. Tjón, er eigi nemur 2% af tryggingarupphæðinni, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 500 kr. á einstöku fari eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu til þess að komast hjá meira tjóni, eða bjarga öðrum eigum vátrygðum í Samábyrgðinni; nemi tjónið meiru en 500 kr., skal draga áðurnefnda 2% af tryggingarupphæð frá skaðabótunum.

b. Hafi vátryggjandi í sviksamlegum tilgangi tvítrygt hið sama, eða hafi hann gjörst valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um skaðabótaskyldu. Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga alt að því 20 % af skaðabótafénu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af skaðabótunum, sem þarf til að borga lán af almanna fé, þar með talin lán úr íslenzkum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið í skipinu eða bátnum, enda nemi lánið eigi meira en helmingi tryggingarupphæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, er sekur er.

7. gr.

Halda skal sjóréttarpróf um hvers konar tjón, er skip bíða af eldsvoða, eða af því að hlaupa á grynningar, stranda eða rekast hvort á annað, og skal aðalskrifstofu Samábyrgðarinnar gerð vitneskja um það ef unt er, með nægum fyrirvara.

8. gr.

Þegar vátrygðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til tryggingarfjárins.

9. gr.

Vátryggingariðgjaldið hvílir á hinum vátrygða farkosti og gengur í 2 ár fyrir veðskuldum.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar tilkynt hefir verið Samábyrgðinni, að vátrygt skip eða bátur sé í veði fyrir láni af almanna fé, þar í talin lán íslenzkra banka og sparisjóða, má eigi fella farkostinn úr trygging fyrir þá sök að iðgjöld séu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjöldin. Ef þetta ákvæði verður tekið upp í reglugjörðir vátryggingarfélaga, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir, getur stjórnarráðið með auglýsing veitt þeim hlunnindi þau, er getur um í 1. og 2. málslið greinar þessarar.

10. gr.

Öll skip og bátar, er vátrygð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska; sömu hjálp skal og veita farkostum annara félaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvort öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verður eigi krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða ef þess er heldur óskað, af þeim, er hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakað þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera bending með fána, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánara fyrir um. Þau mega eigi þiggja hjálp hjá öðrum, nema eigi sé auðið að fá hjálp hjá skipum úr sama félagi sem þau eru í.

Stjórn Samábyrgðarinnar.

11. gr.

Samábyrgðin skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík og stjórnar henni nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og skipar stjórnarráðið hann til 5 ára í senn, en tveir eru gæzlustjórar. Annan þeirra kýs stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu vátryggingarfélög, er Samábyrgðin er í

samvinnu við; í reglugjörðinni, þeirri sem nefnd er í 12. gr., má gera önnur ákvæði um kosning gæzlustjóranna.

Kosning gæzlustjóranna gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá lítilsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðast af Samábyrgðinni.

Stjórn félagsins skal áður mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda stjórnarráðinu samandregið yfirlit yfir starf félagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því lízt látið rannsaka allan hag félagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það tilsjónarstjórn.

Nánari ákvæði um stjórn félagsins skulu sett í reglugjörð þess. Til kostnaðar við stofnun félagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5,000 kr. á ári í fyrstu 5 árin.

12. gr.

Þegar félagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöld þess auk endurtryggingariðgjalda fara fram úr 35,000 kr., og varasjóðurinn nemur meira en 50,000 kr., skal stjórnarráðið semja nýja reglugjörð fyrir það, er veiti vátryggjendum meiri umráð yfir allri starfsemi þess, annaðhvort þannig, að fulltrúar þeirra komi saman árlega eða skipað sé fulltrúaráð.

13. gr.

Ef félagið legst niður, fellur tekjuafgangur þess til fiskiveiðasjóðs Íslands.

14. gr.

Ágreining milli félagsins og þeirra vátryggingarfélaga, er í samvinnu eru við það, eða vátryggjandi í því, skal leggja í gerð, ef eigi nemur meiru en 1,000 kr.; í gerðardóminn kveður hver málsaðila einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómanda úr yfirdómi landsins sem oddvita.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík og segir oddviti fyrir um réttarfarið við hann.

En hin nánari ákvæði um gerðardóminn skulu sett í reglugerð félagsins.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Góð vátrygging á fiskiskipum og bátum er mjög áríðandi fyrir annan aðalatvinnuveg landsins og með því að sú ábyrgð, sem fá má hjá þeim vátryggingarfélögum sem til eru, er ófullkomin og fyrirkomulagið áhættumikið, hefir stjórnin tekið til íhugunar, hvað gera mætti til þess að koma því máli í viðunandi horf. Hún fól því nefnd manna, er þekking hafa á þessum efnum, að athuga, hvernig koma mætti á samvinnu milli félaganna, aðallega í þeim tilgangi, að auka trygginguna, með því að dreifa áhættunni, bæði fyrir skipaeigendur og þá, er veita lán gegn veði í skipunum; og voru í nefndina fengnir bankastjóri Tryggvi Gunnarsson, útgerðarmaður Ágúst Flygenring, skrifstofustjóri Eggert Briem og forstjóri hins danska vátryggingarfélags fyrir fiskiskip, G. Trolle, sjóliðsforingi, sem kom til Íslands í sumar er leið, og bauð stjórninni liðveizlu sína.

Í áliti sínu um málið, er þinginu verður gefinn kostur á að kynnast, hefir nefnd þessi lagt það til, að stofnað verði samábyrgðarfélag fyrir íslenzk skip og báta, er landssjóður ábyrgist að nokkru leyti; skuli þó ekki með þessari stofn-

um haggað við vátryggingarfélögum þeim, er þegar eru á fót komin á ýmsum stöðum, því að þeim sé kunnast um eigin hag og ástand, og af þeim kunnugleika og því eftirliti, er félagsmenn geti haft hver með öðrum sé góður stuðningur, — heldur skuli markmið hins nýja félags vera að styrkja annarsvegar hin félögin með því að taka að sér endurtrygging að nokkru fyrir þau og þannig takmarka áhættu þeirra, og hins vegar að takast á hendur vátrygging skipa og báta, er eigi geta fengið trygging í hinum félögunum.

Stjórnarráðið hefir að mestu leyti getað fallizt á tillögur nefndarinnar, einnig að því leyti, að byggja skuli á sjálfstæði þeirra félaga, er þegar eru á legg komin, og hefir tekið upp í frumvarp þetta aðalákvæðin úr nefndaruppkastinu um fyrirkomulag félagsins, en ætlast til að ýms nánari ákvæði, er í því eru, komi fram í reglugjörð félagsins, þareð hentugt virðist að hafa þau þar, svo að eigi þurfi að leita löggjafarvaldsins til þess að fá þeim breytt eftir því sem þörf verður á. Það eru því aðallega grundvallarreglurnar um starf félagsins og um ábyrgð landssjóðs — er farið er fram á að nemi 200,000 kr. — sem stjórnin hefir tekið upp í frumvarp þetta, og því næst þau ákvæði einkum, er löggjafarvaldið verður að krefjast að sett verði vegna landssjóðsábyrgðarinnar.

Í einstöku atriðum hefir þó ekki þótt fært að fylgja tillögum nefndarinnar. Þannig virðist ekki tiltækilegt að láta landssjóð, eins og nefndin stingur upp á, taka með fjárframlögum þátt í aukaiðgjöldum, er yrði að greiða fyrir endurtrygging í útlendum félögum, því að með slíku tillagi væri landssjóður að styrkja tiltölulega fremur vel efnaðan hluta þjóðarinnar, og það virðist yfirleitt eðlilegast, að eigendur borgi sjálfir þau iðgjöld, er þörf er á til að halda skipum þeirra og bátum í ábyrgð.

Stjórninni hefir því næst þótt ástæða til að gera stjórn félagsins óbrotnari, en nefndin hefir lagt til, meðan félagið hefir ekki náð góðri fótfestu. Að því er sérstaklega snertir tillögur nefndarinnar um árlegar samkomur vátryggjenda, þá myndu þær koma aðallega vátryggendum í og í nánd við Reykjavík að notum og gera þeim of hátt undir höfði að tiltölu í samanburði við aðra parta landsins, nema fulltrúum þaðan yrði greiddur ferðakostnaður og þeim með því gert hægra fyrir að koma á fundi. En þótt því beri ekki að neita, að slíkir fundir til að ræða mál félagsins væri gagnlegir, þykir þó hagfeldara að fresta ákvörðunum um slíkar stefnur þangað til félaginu vex betur fiskur um hrygg, vegna þeirra talsverðu útgjalda, sem greiðsla ferðakostnaðar hlýtur að hafa í för með sér.

Loks virðist stjórninni, að tillag landssjóðs til stjórnarkostnaðar í félaginu beri að takmarka svo, að það nemi ekki meiru en 5,000 kr. árlega í 5 ár.

Eins og áður er sagt, átti markmið félagsins að vera tvennskonar sem sé annars vegar að samtengja og styrkja hin staðbundnu vátryggingarfelög, sem á stofn eru komin, með því að takast á hendur endurtrygging og þannig minka áhættuna fyrir hvert þeirra um sig, og hinsvegar að hafa á hendi vátrygging fyrir skip þau og báta, er eigi eiga kost tryggingar í þeim félögum.

Það verður auðvitað að vera skilyrði fyrir endurtrygging af hálfu félagsins fyrir vátryggingarfélög þau er það ætlar að vera í samvinnu við, að þeim sé tryggilega fyrir komið, svo að vissa sé t. d. fyrir því, að það geti fengið inn

aukaiðgjöld þau, er jafna yrði niður, þegar illa gengur. Skilyrði fyrir samvinnu verður því að vera, að stjórnarráðið hafi samþykt reglugjörðir hlutaðeigandi félaga, og að slíkt samþykki fáist eigi nema félaginu sé eigi aðeins yfirleitt tryggilega fyrirkomið, heldur bjóði það og vátryggjendum sanngjarna vátryggingarkosti, þannig, að t. d. veðhafar séu vissir um borgun enda þótt eigandi týndi rétti sínum til vátryggingarfjárins. Með því að gera slíkar kröfur til félaganna gæti hið nýja félag haft gagnleg áhrif yfirleitt á starfsemi þeirra.

Það ætti að vera aðalreglan, að hið nýja félag tæki aðeins að sér beina vátrygging á þeim skipum og bátum, er eigi geta komizt í héraðsfélögin, sem til eru og það endurtryggir fyrir. Þessi starfsgrein þess getur eins fyrir það orðið æði viðfangsmikil, m. a. einkum að því er gufuskip snertir, og verður félagið þegar þeirra vegna að kosta endurtrygging í útlendum félögum á töluverðum hluta áhættunnar. Stjórnarráðið hefir ástæðu til að ætla, eftir því sem komið hefir í ljós við bráðabirgðamálaleitanir í því efni, að hægt verði fyrir félög eins og það, er ráðgert er í frumvarpi þessu, að komast í endurtryggingarsamninga við útlend félög með sanngjörnum kjörum. Það er vitaskuld, að þó að takmörk þau, er frumvarpið setur félaginu fyrir eigin áhættu þess, séu framtíðarinnar vegna eigi sett þrengri en gert er, þá verður félagið fyrst í stað að endurtryggja talsvert meir en lögin gera því að skyldu, einkum af beinum ábyrgðum þess.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er eigi farið fram á neina skyldu til að vátryggja hjá félaginu eða á neinn einkarétt fyrir það; það væri mjög viðsjárvert að takmarka frjálsa samkepni, þar sem um annan aðalatvinnuveg í landinu er að ræða, og fyrirmuna mönnum að vátryggja þar er þeim þykir sér bezt henta. Af þessum ástæðum hefir heldur eigi þótt rétt að fylgja þeirri tillögu nefndarinnar, að skylt skuli að tryggja hjá hinu áformaða félagi skip þau og báta, er veðsett eru fyrir lánum úr fiskiveiðasjóði eða af opinberu fé. Ef önnur félög veita jafngóða trygging, sérstaklega fyrir veðhafa, virðist rétt að taka það gilt við veiting þeirra lána.

Við einstöku greinar frumvarpsins skal ennfremur athuga:

Við 1. gr.

Að vísu er gert ráð fyrir, að ekki verði venjulega að ræða um vátrygging annara skipa en þeirra, er skrásett eru á Íslandi, en eigi virðist hentugt að einskorða lögin við þessi skip ein, því að bæði ætti að vera hægt að vátryggja útlend skip, þegar þau eru notuð af Íslendingum til fiskiveiða eða til flutninga milli íslenzkra hafna, og eins getur það verið í þágu félagsins að mega taka útlend skip í öðrum tilfellum til vátryggingar, ef áhættunni verður dreift með því enn meira, en í reglugjörðinni verður þá að gera sérstakar kröfur í þessu efni.

Þar sem gert er ráð fyrir að félagið megi sjálft vátryggja alt að $^{8}/_{10}$ hlutum skipsverðsins, en verði þó að krefjast þess, er það á að endurtryggja fyrir önnur félög, að $^{8}/_{10}$ hlutar verðsins séu í sjálfsábyrgð, þá er þess að gæta, að þegar það sjálft annast vátryggingu, getur það oft trygt sér betra eftirlit og sett sérstök skilyrði, svo að áhættulaust verður að láta sér nægja sjálfsábyrgð að $^{1}/_{5}$ hluta; en yfir höfuð ber þess annars að gæta, að takmörk þau er sett eru í frumvarpinu, eru hin yztu takmörk, er félagið má eigi fara út fyrir, en til hins er alls ekki ætlast, að félagið fari ávalt svo langt í að vátryggja, sem það hefir heimild til, heldur verður það að vera á valdi stjórnar félagsins að ákveða nán-

ar, — ef til vill eftir föstum reglum um það í erindisbréfi fyrir framkvæmdarstjóra — hve hátt vátryggja megi í hverju einstöku tilfelli eftir aldri skipsins, ástandi þess og notkun og eftirliti því með meðferð á því, sem hægt er að koma við.

Við vátrygging á veiði, veiðarfærum og útbúnaði verður eigi ætlast til sjalfsábyrgðar að neinum hlut, og verður stjórn félagsins þar sérstaklega að vera vör um sig um það, hve langt hún megi fara í að vátryggja, og má þar yfirleitt ekki takast ábyrgð á hendur nema á algerðum skiptapa.

Við 3. gr.

Eins og áður er sagt, á stjórnarsamþykki á reglugjörðum vátryggingarfélaga þeirra, er í samvinnu verða við Samábyrgðina, í fyrsta lagi að tryggja það að félögunum sé svo fyrir komið, að þau geti staðið í skilum og verði ekki fyrir svikum af eigendum skipa og báta, en þar sem tilgangur frumvarpsins yfir höfuð er að útvega fiskiveiðarekendum góð vátryggingarkjör, er það vitaskuld, að stjórnin á að hafa bæði rétt og skyldu til að gera það að skilyrði fyrir samþykki sínu, að reglugjörðirnar séu auk þess vel samdar og hafi ekki of ströng eða óbilgjörn ákvæði, er séu vátryggjendum skaðleg.

Við 4. gr.

Hér eru, eins og sagt er, sett hámörk, er félagið má eigi fara út yfir, nema það endurtryggi. Meðan ekki eru komin mörg skip í vátrygging félagsins, mun ráð að endurtryggja meir en greinin krefst.

Við 5. gr.

Þareð útlend félög hafa fastákveðin iðgjöld fyrir endurtrygging, ber eigi að taka til greina þann hluta áhættunnar, er endurtrygður er, þegar leggja þarf á aukaiðgjöld vegna óvenjulegs tjóns, er Samábyrgðin hefir beðið. Hins vegar á heldur ekki hinn endurtrygði hluti áhættunnar að njóta góðs af uppbótafé því, er úthlutað kann að verða þegar vel gengur, samkvæmt ákvæðum þar um í reglugjörðinni.

Þegar t. d. botnvörpuskip er vátrygt fyrir 80,000 kr., en þar af er endurtrygt fyrir 70,000 kr., skal ábyrgð vátryggjenda og réttur til uppbótafjár ákveðin í hlutfalli við þær 10,000 kr. einar, er ekki eru endurtrygðar. Án þessarar takmörkunar yrði heldur ekki vel árennilegt fyrir eigendur dýrra skipa að vátryggja í félaginu.

Við 14. gr.

Nefndin hefir stungið upp á, að ágreiningur milli félagsins og vátryggjenda skuli lagður í gjörð. Stjórnarráðið felst á að ástæða kunni að vera til þess að hafa gjörðardóm í málum eins og þeim, er hér ræðir um, er oft á tíðum þarf sérstakan kunnugleik í sjómensku til þess að geta komist að réttu mati. En ágreiningurinn getur líka oft verið um hreinar lagaspurningar, svo sem um skilning á lögunum eða reglugjörðunum, og um stórvægilegt fé getur verið að ræða; þykir þá ísjárvert að varna málsaðilum þess allsendis að njóta þeirrar réttarverndar, sem dómstólarnir eiga að geta veitt. Það þykir því rétt að áskilja dómstólum að skera úr ágreiningi um verulegar fjárupphæðir, það því fremur, sem úrskurðir um greiðsluskyldu félagsins geta skift máli fyrir útlenda endurtryggjendur, og er því lagt til, að þau mál ein, er eigi varða meiru en 1,000 kr. komi í gjörð.

Nd.

20. Frumvarp

til námulaga.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Sigurður Gunnarsson.

1. kafli.

Um málmleit.

1. gr.

Sérhverjum skal heimilt samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir að leita málma og málmblendinga í landeignum landssjóðs og lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs- og kirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi, og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50 16 nóv. 1907 um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Sá, sem vill málmleit gera, skal hafa málmleitarbréf og sýna það jarðarábúanda áður en hann byrjar málmleit. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er bréfið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótast, af málmleitinni. Tryggingu þessa getur málmleitarmaður þó komist hjá að setja, ef hann lýsir því yfir skriflega, að hann ætli sér ekki að gera neitt jarðrask á túnum eða í matjurtagörðum jarðanna, þar sem hann ætlar sér að leita, og skal það þá tekið fram í málmleitarbréfinu, að hann hafi ekki rétt til að leita að málmum, sem jarðrask fylgir í túnum eða matjurtagörðum, nema trygging sé sett. Eigi má þó krefjast hærri tryggingar en sem nemur 200 krónum.

Málmleitarbréf gefur lögreglustjóri, og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir, eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna hverir þeir séu.

Málmleitarbréf gildir 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda.

Leyfisbréf til málmleitar á almenningum og öðrum landssvæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, gefur lögreglustjóri sá einnig út, sem næstur er, og skal leitarsvæðið til tekið.

Útlendingar og innlendir menn, sem dvelja langvistum erlendis, skulu um leið og þeir beiðast málmleitarbréfs og tilkynna málmfund, tilkynna lögreglustjóra skriflega, hver sé umboðsmaður þeirra á Íslandi; að öðrum kosti má eigi veita þeim málmleitarbréf né taka málmfundartilkynningu þeirra til greina.

Fyrir málmleitarbréf skal greiða 2 krónur í landssjóð.

3. gr.

Á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, sem liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra, má málmleit eigi gera með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða öðrum áþekk-

um áhöldum, án leyfis jarðarábúanda. Á alfaravegum má ofanjarðar málmgröftur eigi fara fram, og alls enginn málmgröftur í kirkjugörðum eða grafreitum.

Ef málmgröftur fer fram með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða áþekkum áhöldum, í minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður, að viðlagðri hæfilegri sekt, alt að 50 krónum, gera íbúum hússins viðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja vörð á veginn til að viðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk sektarinnar, bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

4. gr.

Nú er gerð gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gerði, hvort sem er á eigin landi eða annarra, halda uppi gripheldri girðingu um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sér að voða. Ef hætt er grefti, skal sá er gerði annaðhvort fylla gryfjuna, eða girða hana tryggilega. Vanræki hann þetta, sæti hann alt að 50 króna sekt og bæti skaða þann, sem af kann að hljótast.

5. gr

Sá sem hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum 5—50 króna, og bæti þar að auki málmleitarmanni allan skaða, sem hann sannar, að hann hafi beðið við það.

6. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess að fyrir sé málmur, og skal hann þá svo framarlega sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynningu í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra. Í tilkynningunni skal nákvæmlega tilgreina málmtegundina, fundarstaðinn og tilnefnda 2 votta, er á hann geti vísað. Lögreglustjóri skal rita á tilkynningarnar ár og dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar maður síðustu 2 árin þar á undan sent á lögmætan hátt tilkynningu um málmfund á sama svæði, skal lögreglustjóri rita athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð, en lögreglustjóri ritar í námubókina ár og dag og klukkustund tilkynningarinnar, málmfundarstaðinn, svo og athugasemdir sínar við tilkynninguna.

Finnandi skal því næst annast um, að þeim, sem landið hefir til nytja, sé birt innan 8 vikna að viðstöddum 2 vottum, að tilkynning um málmfund hafi fram farið.

Tilkynning um málmfund skal tekin fullgild, þótt finnandi hafi eigi fengið málmleitarbréf áður en hann tilkynti málmfundinn, svo framarlega sem hann hefir eftir lögum þessum rétt til að fá greint bréf.

2. k a f l i.

Um málmgraftarbréf.

7. gr.

Heimill er málmgröftur til allra málma og málmblendinga á landssvæðum þeim, sem getur um í 1. grein.

8. gr.

Nú vill sá, sem fundið hefir vott um að málmur sé fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 2 ára frá tilkynningu um fundinn, sbr. 7. gr., senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra. Í umsókninni skal tilgreint til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa.

Frá þeim tíma er tilkynningin um fundinn fór fram, samkvæmt 6. gr., og til loka þessara 2 ára getur síðari málmfundur ekki svift fyrri finnanda rétti til útmælingar þeirrar, er 3. kafli laga þessara heimilar honum.

Sé aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan þessara 2 ára, er öllum heimilt að notfæra sér málmfundinn.

Lögreglustjóri ritar þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst honum, og gefur síðan út málmgraftarbréf. Skal þar tilkynt nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og í hvaða jörð eða hvar málmfundarstaðurinn sé.

Eigi má neita neinum um málmgraftarbréf, sem tilkynt hefir málmfund, en fari svo, að fleiri en eitt bréf verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgangsrétt, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraftarbréf skal innfært orðrétt í námubréfabókina.

9. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandaréttur að, eða gera tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr og við námur, sem hætt hefir verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 12 mánaða frá því tilkynningin var gerð, skal tilkynnandi, að viðlögðum réttarmissi, sækja um málmgraftarbréf hjá lögreglustjóra.

10. gr.

Fyrir málmgraftarbréf skal greiða 2 krónur í landssjóð.

3. k a f l i.

Um útmæling undir námu og um námubrunna.

11. gr.

Hver sá, sem fengið hefir málmgraftarbréf fyrir málmfundarstað (8. gr.) á heimtingu á að fá útmælt námusvæði, og nægja lóð undir hús fyrir námuverka-

fólk, námuafurðir, vélar og uppgröft, annaðhvort á sjálfu námusvæðinu eða utan við það.

Sá, sem fengið hefir útmælt námusvæði, samkvæmt ákvæðum þessa kafla á einn rétt til málmnáms á því.

Hver sá, sem fyrst hefir tilkynt málmfund, og rétt hefir samkvæmt lögum þessum til að fá útmælingu, getur krafist að fá 15 útmælingar, sem nefnast námuteigar, á sama námusvæði (í æð eða lagi), fyrir utan lóð undir hús fyrir verkafólk, námuafurðir, vélar og fyrir uppgröft. Sá sem síðar tilkynnir málmfund á sama stað, og rétt hefir til að fá útmælingu, skal eigi fá meira en fimm námuteiga. Hlutafélög, sem rétt hafa til þess að fá sér útmælda námuteiga geta krafist að fá útmælda á sama námusvæði fimm námuteiga fyrir hvern hluthafa í félaginu, sem tilkynt hefir málmfund á löglegan hátt, og 10 námuteiga að auki, ef félagið, eða félagsmaður, hefi fyrst tilkynt málmfundarstaðinn, og gætt fyrirmæla laganna að öðru leyti.

12. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra; framkvæmir hann útmælingarnar og færir gerðina í námubréfabókina og afhendir beiðanda staðfesta útskrift úr henni.

13. gr.

Útmæling námusvæðis skal vera rétthyrndur ferhyrningur, 10,000 ferhyrnings metrar að flatarmáli, ef málmurinn liggur í lagi, en liggi hann í æð eða æðum, skal sá, er útmælingar beiðist, sjálfur tiltaka lengd, breidd og stefnu námuteiganna, þó svo, að öll útmælingin eigi verði stærri en að ofan segir.

Takmörk útmælingarinnar skal vera lóðrétt í jörð niður.

14. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en mæla má í hverja þá stefnu er sá óskar, er útmælingar beiðist, svo framarlega sem það ekki kemur í bága við réttindi annara námurekanda eða 3. gr.

15. gr.

Innan 6 mánaða í síðasta lagi frá því útmælingar hefir verið krafist, skal lögreglustjóri láta hana fram fara.

16. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvaða dag útmælingin skuli fara fram, og tilkynnir það beiðanda í tækan tíma, svo hann geti verið viðstaddur eða umboðsmaður fyrir hann; svo skal lögreglustjóri og tilkynna með ábyrgðarbréfi þeim, sem hefir umráðarétt yfir landinu, og þeim, sem rétt hafa til málmgraftar, eða lýst hafa málmfundi á sama stað, svo og umboðsmönnum þeirra manna, sem eiga að hafa umboðsmenn á Íslandi (2. gr.)

17. gr.

Fyrir útmæling hvers námuteigs, 10.000 ferhyrnings metra, skal greiða lögreglustjóra 4 krónur og að auki ferðakostnað og dagpeninga samkvæmt lögum nr. 2, 2. febrúar 1894, 4. og 6. gr.

Enn fremur greiði námuhafi til jarðareiganda, (landssjóðs eða kirkju) árlegt leigugjald, 5 krónur fyrir hvern námuteig, og til jarðarábúanda 1 krónu. Auk þess greiði námuhafi jarðarábúanda lóðargjald fyrir hús og byggingar á námustaðnum, 5 aura fyrir hvern ferhyrningsmeter.

18. gr.

Innan 2 ára frá því útmæling fór fram skal námuhafi byrja á reglulegum námugrefti, ef náman liggur ekki lengra frá sjó en 10 kílómetra, þar sem þilskip geti tekið málminn, innan 3 ára, ef náman liggur fulla 20 kílómetra frá slíkum hafnastað, og svo einu ári síðar fyrir hverja 10 kílómetra úr því, sem vegalengdin eykst, þó eigi lengur en 8 ár.

Vegalengdin skal talin eftir því sem almennir vegir liggja að hafnarstaðnum frá námunni, séu þar nokkurir vegir, en annars beinustu leið, þar sem torfærur eru minstar að hafnastaðnum.

Verði ágreiningur um vegalengdina, getur lögreglustjóri látið mæla hana á kostnað námuhafa

19. gr.

Á námusvæði, sem einn maður eða félag hefir fengið útmælt, nægir að hafa einn námubrunn, þótt útmælingar séu fleiri en ein. Hið sama er og ef fleiri menn, sem fengið hafa útmælingar, ganga í félag eftir að útmælingarnar fóru fram.

4. kafli.

Um fresti.

20. gr.

Nú hefir ekki verið byrjað á reglulegum námugrefti innan ákveðins tíma, samkvæmt 18. gr., eftir að útmæling fór fram, skal námuhafi þá tilkynna lögreglustjóra orsakirnar og beiðast frestsbréfs, ef hann vill halda námuréttinum.

Ef drátturinn stafar af því, að eigi hefir fengist nægt veltufé í tíma, til að geta rekið námuna, eða ekki hafi verið hægt að flytja nægt sprengiefni að námunni eða þýðingarmikil áhöld til þess að geta byrjað á reglulegum námurekstri, eða miklir örðugleikar séu á að koma málminum til sjávar, og þvílíkar hindranir, þá skal lögreglustjóri veita námuhafa frestbréf, sem gildir í tvö ár, ef námuhafi sannar, að hann hafi varið minst 50 dagsverkum á hverju ári eftir að útmæling fór fram, til þess að rannsaka námuna.

Að þessum tveim árum liðnum má ekki veita frest, nema ókleift sé að flytja nægt sprengiefni til landsins og að námunni, eða óvenjulega miklir örðugleikar séu á að koma málminum til sjávar. Standi svo á, skal enn veita 1 árs frest.

Ef enn er ekki byrjað á námurekstri, hefir námuhafi mist að fullu námurétt sinn.

21. gr.

Nú er byrjað á námurekstri, en hann stöðvast lengur en 6 mánuði ársins, skal námuhafi þá innan 2 mánaða frá því þessir 6 mánuðir eru liðnir, skýra lögreglustjóra frá orsökunum og beiðast frestbréfs, ef hann vill halda námuréttinum. Frest þennan og frestbréf skal lögreglustjóri veita, ef beiðandinn færir sannanir fyrir því, að fyrir rekstrinum séu í svipinn verulegar tálmanir, svo sem að óvenjulega mikið vatn sæki í námuna, að eigi sé hægt að ná að sér sprengiefni nema með afarkostum eða þýðingarmiklum áhöldum, að náman hafi reynst óarðvænlegri en útlit var fyrir í upphafi námugraftarins, veltufé vantar til þess að geta rekið námuna og því líkar hindranir. Eigi má þó veita slíkan frest lengur en 2 ár.

22. gr.

Úrskurði lögreglustjóra um frestbeiðnina getur námuhafi og hver annar, sem málið varðar, skotið undir endilegan úrskurð gerðardóms; velur námuhafi einn mann í gerðardóm, stjórnarráðið einn, og dómsforseti landsyfirréttar skal ávalt vera oddamaður.

23. gr.

Þegar frestur, sem veittur hefir verið á rekstri námu, er útrunninn, skal rekstur þegar hafinn, en hafi verið sótt um frest og lögreglustjóri neitað honum, en gerðardómur samkvæmt 22. gr. úrskurðar að veita frestinn, skal námuhafi byrja rekstur námunnar innan 3 mánaða frá því gerðardómurinn veitti honum frestinn, og skal fresturinn talinn frá dagsetningardegi úrskurðarins.

24. gr.

Nú spillist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, sem rekstursfrestur er á, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en geri hann það ekki, hefir hann fyrirgert námurétti sínum. Þó nær þetta ekki til þess, er fyrstur hefir tilkynt málmfund á þessu svæði.

25. gr.

Frest má eigi veita á rekstri námu, er valdið hefir vatnsrensli í nágrannanámur, nema þeim, er fyrstur tilkynti málmfund, eða námurekandi, sem fyrir vatnsaðsókninni verður, samþykki.

26. gr.

Frestbréf skulu innfærð orðrétt í námubréfabókina. Fyrir frestbréf greiðast 10 kr. í landssjóð.

5. kafli.

Um vegi, vatnsafnot og bryggjugerð.

27. gr.

Sérhver sá, er fengið hefir útmælt námusvæði, á rétt á að leggja vegi yfir land jarðarinnar fyrir flutning að og frá námunni, hvert sem hann þarfnast, svo og að gera fyrirhleðslu fyrir vatn. Vegir þessir og fyrirhleðslur mega þó ekki liggja yfir tún eða matjurtagarða, nema ábúandi samþykki; og verði að leggja veg eða fyrirhleðslu yfir engjar jarðar, getur lögreglustjóri heimtað að hæfileg trygging sé sett fyrir því að jarðspell, sem af vegalagningu eða fyrirhleðslu stafar, verði bætt að fullu.

28. gr.

Heimilt er námuhafa að nota vatn eftir þörfum við námureksturinn, en eigi má hann að neinu leyti rýra vatnsból ábúanda, ef náman liggur á ábúðarjörð, nema með hans samþykki.

Ennfremur er námuhafa heimilt að nota vatn og vatnsafl til reksturs véla og til málmþvottar við námuna, að svo miklu leyti sem það ekki þegar er notað til reksturs annars iðnaðar.

Sé skortur á vatni á eða nálægt námustaðnum, þá á sá, sem fyrstur tilkynti málmfund, forgangsrétt að afnotum vatns og vatnsafls eftir þörfum.

29. gr.

Ef jörð, sem náma finst í, liggur að sjó, á námuhafi rétt á að byggja bryggju eða hafnarkví við sjóinn, til þess að létta fyrir fermingu og affermingu skipa, þó svo, að eigi sé spilt æðarvarpi eða laxveiði jarðar.

6. kafli.

Um rekstur námu og eftirlit.

30. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugjörð um rekstur námu, skal þar meðal annars sett ákvæði er miða að því, að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur séu tryggilega grafnar, að greinileg mörk séu sett í kringum útmælt námusvæði og um afrensli vatns frá námu; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda.

Fyrir brot á móti reglugerð má ákveða sektir alt að 1000 kr.

31. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefir borið, eða tekið hefir verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sérstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur til stjórnarráðsins.

Stjórnarráðinu skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gera

nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metra, og síðar verði bætt við uppdráttinn er náman stækkar.

7. kafli.
Um niðurlagning námu.

32. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda þeim, er hættir við námuna, heimilt að nota uppgröftinn úr henni, þótt annar byrji að reka námuna, ef hann byrjar eigi síðar að nota uppgröftinn en 11 mánuðum eftir að náman lagðist niður.

33. gr.

Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt, tilkynna það lögreglustjóra 2 mánuðum áður, svo og hvort hann ætli að nota uppgröftinn. Jafnframt skal hann senda uppdrátt þann, sem gerður kann að hafa verið af námunni. Tilkynningar þessar skulu innfærðar í námubrjefabókina.

34. gr.

Nú er námurekstri hætt, eða rétturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því, eða flytja neitt burt af því, sem gert hefir verið til að halda námunni og göngum hennar tryggum.

Brot á móti ákvæðum þessarar greinar varða sekt alt að 1000 kr.

8. kafli.
Almenn ákvæði.

35. gr.

Fyrir jarðspell, er málmleit og námurekstur kann að hafa í för með sér, skal, ef hlutaðeigendur verða eigi um annað ásáttir, greiða fullar bætur eftir mati þriggja óvilhallra dómkvaddra manna. Bæturnar greiði málmleitandi eða námueigandi, og renna þær til jarðarábúanda.

36. gr.

Auk námubréfabókar þeirrar, er gert er ráð fyrir í lögum þessum, skal lögreglustjóri hafa námuregistur, þar sem hver námustaður hefir sinn sérstaka dálk, og skal alt það, sem að einhverju leyti leggur námuréttarbönd innfært á dálk staðarins og jafnframt vísað til gerðarinnar í námubréfabókinni.

Samkvæmt þessum bókum skal lögreglustjóri gefa hverjum, sem þess æskir, námubréfabókarvottorð gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð.

37. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubækur lögreglustjóra.

38. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er getur um í 30. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er þau eru birt í Stjórnartíðindunum og frá sama tíma eru námulög nr. 61, 22. nóv. 1907 úr gildi fallin.

Nd.

21. Tillaga

til þingsályktunar

Frá Jóni Þorkelssyni, Magnúsi Blöndahl, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Benedikt Sveinssyni, Hálfdani Guðjónssyni, Sigurði Gunnarssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga og rannsaka verzlunar- og atvinnulöggjöf landsins og gera tillögur um þau efni.

Nd.

22. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni, Magnúsi Blöndahl, Þorleifi Jónssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Benedikt Sveinssyni, Sigurði Gunnarssyni, Hálfdani Guðjónssyni, Sigurði Sigurðssyni, Jóni Sigurðssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga samgöngumál landsins og koma fram með tillögur um það, hvernig þeim mundi bezt verða háttað.

Nd.

23. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Birni Jónssyni, Jóni Þorkelssyni, Sigurði Gunnarssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Benedikt Sveinssyni, Hálfdani Guðjónssyni, Jóni Sigurðssyni, Magnúsi Blöndahl.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga kennslumál landsins og koma fram með tillögur um þau efni.

Nd.

24. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni, Magnúsi Blöndahl, Benedikt Sveinssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Sigurði Gunnarssyni, Skúla Thoroddsen og Jóni Sigurðssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga fiskiveiðamál landsins og gera tillögur um það, hvernig fiskiútveginum geti orðið sem bezt borgið.

25. Nefndarálit

um þingmensku fyrir Seyðisfjörð.

Eftir að ákveðið hafði verið í sameinuðu þingi, að eigi skyldi taka kosning dr. phil. Valtýs Guðmundssonar háskólakennara sem þingmanns fyrir Seyðisfjarðarkaupstað gilda, hefir alþingi, að gefnu tilefni frá keppinaut hans við kosninguna þar, síra Birni Þorlákssyni, skotið því til kjörbréfanefndarinnar, að segja álit sitt og koma fram með tillögu um það, hvort þá eigi að viðurkenna síra Björn alþingismann fyrir nefnt kjördæmi, það kjörtímabil, er nú er nýbyrjað.

Álit meiri hlutans.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar hefir komist að þeirri niðurstöðu, er nú skal greina.

Það er engum efa undirorpið, að alþingi sjálft hefir fullnaðarúrskurðarvald um það, hvort taka skuli kosning þingmanns gilda eða eigi; um hitt er aftur deilt, hve viðtækur þessi réttur sé. Mál þetta virðist verða að vera komið undir því fyrst og fremst, hvernig skilja beri 29. gr. stjórnarskrárinnar. »Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess séu löglega kosnir«, og nánara virðist það atriði, sem hér ræðir um, vera komið undir því, hvað eigi að skilja hér við orðið »þingmenn«. Meiri hluta nefndarinnar virðist að við »þingmenn« í þessu sambandi sé átt við þá menn, sem eftir þann undirbúning, sem við á, hafa verið úrskurðaðir af yfirkjörstjórn viðkomandi kjördæma þingmenn kjördæmanna (sjá 48. gr. kosningarlaganna). Eftir nýafstaðnar almennar kosningar koma þessir menn saman á alþingi og dæma um kosningu hver annars, og sem sönnun þess, að þeir séu »þingmenn þess« (alþingis) eiga þeir að hafa skírteini frá yfirkjörstjórn, kjörbréf. Að þeir séu þingmenn áður en kosning þeirra er tekin gild af alþingi, það sést berlega af 1. gr. þingskapanna, meðal annars og af kosningalögunum (t. a. m. 52. gr. »að eins eigi lýsa neinn þingmann kosinn«, o. s. frv.). Á hinn bóginn verður eigi fundin, hvorki í þessum nefndu lögum eða öðrum, nein bending um það, að neinir aðrir en þeir, er úrskurð kjörstjórnar hafa fyrir því, að þeir séu þingmenn, geti orðið »þingmenn« alþingis. Þingsköpin gera ekki ráð fyrir því, og það eitt út af fyrir sig er í rauninni nóg sönnun fyrir því, að það megi ekki eiga sér stað, því að þau lög eru svo nákvæm, að álíta verður að þau tæmi

efnið að þessu leyti. Þegar kosning þingmanns því er ógilt, liggur eigi annað fyrir en uppkosning.

Tillaga meiri hluta nefndarinnar verður því sú, að krafa sira Björns Þorlákssonar um að verða viðurkendur þingmaður Seyðisfjarðarkaupstaðar, verði ekki tekinn til greina.

Alþingi 17. febr. 1909.

Kristján Jónsson	Jón Magnússon	Lárus H. Bjarnason.
formaður.	skrifari og framsögumaður.	

Alit minni hlutans.

Við höfum eigi orðið á sama máli sem hinir þrír nefndarmennirnir.

Alþingi feldi þann úrskurð 16. þ. m., að Valtýr háskólakennari Guðmundsson sé eigi rétt kjörinn þingmaður fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

Eftir málavöxtum liggur það eitt í þessum úrskurði, að keppinautur hans, Björn prestur Þorláksson, hafi fleiri gild atkvæði en hann. Nú er enginn sakaður um neina lögleysu eða yfirsjón þeirra manna, er kosningunni stýrðu, en það eitt var deilt um, hverja seðla skyldi telja ógilda. Af þessu leiðir, að sá er rétt kjörinn, sem fleiri gild atkvæði fekk. Nú taldi kjörstjórn Valtý fleiri atkvæði og gaf honum því kjörbréf, en eftir dómi alþingis, æðsta úrskurðarvalds í málinu, hefir Björn haft fleiri atkvæði og er því kjörbréf Valtýs ónýtt frá þeirri stund, er sá úrskurður kom. En kosningin sjálf fór að öllu löglega fram og hlýtur því að vera gild engu síður en aðrar kosningar Það eitt breytist, að annar maður hefir orðið fyrir kjöri en sá, er kjörstjórnin taldi. Og atkvæðamat hennar, sem nú er dæmt og felt, getur í engu raskað rétti hins kjörna manns eða kjósanda hans. En hann er sá, að alþingi skeri úr, hvort hann sé löglega kosinn, svo sem fyrir er skipað í 29. gr. stjórnarskrárinnar. Getur enginn vafi á því leikið að hann sé »þingmaður þess«, er hann hefir fengið meiri hlut atkvæða, þótt hann hafi eigi kjörbréf. Því að rangt atkvæðamat kjörstjórnar var því til fyrirstöðu en annað ekki. Réttur alþingis er því skýlaus að úrskurða um kosning Björns eins og hverja aðra kosningu.

En vilji þingið nú ógilda þessa kosningu, þá virðir það eigi anda laganna, gætir eigi réttar hins kjörna manns, Björns Þorlákssonar, né kjósanda hans, og afsalar sér valdi sínu í hendur kjörstjórna, ef það þykist eigi hafa heimild til að samþykkja kosningu Björns. En slíkt getur leitt til hins mesta háska. Því að ef kjörstjórn legst fast í móti þingmannsefni, þá þarf hún eigi annað til þess að bægja honum frá en að gera svo marga af seðlum hans að vafaseðlum, að hún geti gefið keppinaut hans kjörbréf. Ef alþingi telur sér þá eigi fært að viðurkenna kosning hins ofsótta manns, þótt hann hafi meiri hlut atkvæða eftir þess eigin dómi, en leggur til að kosið sé aftur, þá má enn leika sama leikinn, og svo koll af kolli.

Í fám orðum sagt: Kosningin á Seyðisfirði fór löglega fram, og er sá því rétt kjörinn, sem fleiri gild atkvæði hefir fengið. — Kosking fer eftir atkvæðatölu, en ekki eftir hinu, hvorum eða hverjum kjörstjórn fær kjörbréf, og er því Björn Þorláksson rétt kjörinn, úr því alþingi hefir úrskurðað svo sem það gerði. — Hann er því þingmaður, og á því 29. gr. stjórnarskrárinnar hér við.

Alþingi á því að okkar dómi það eitt óunnið í þessu máli, að gjalda jákvæði við að Björn prestur Þorlákssson sé rétt kjörinn þingmaður Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Alþingi 17. febrúar 1909.

Skúli Thoroddsen. Bjarni Jónsson frá Vogi.

Nd. **26. Tillaga**

til þingsályktunar

frá Jóni Þorkelssyni, Magnúsi Blöndahl, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Benedikt Sveinssyni, Hálfdani Guðjónssyni, Jóni Sigurðssyni, Sigurði Gunnarssyni, Birni Sigfússyni og Birni Kristjánssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga og gera tillögur um, hvernig sem greiðast og haganlegast verði bætt úr hinum almennu peningavandræðum í landinu.

Nd. **27. Tillaga**

til þingsályktunar

frá Sigurði Sigurðssyni, Stefáni Stefánssyni Eyf., Pétri Jónssyni, Ólafi Briem, Þorleifi Jónssyni, Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M, Jóni Sigurðssyni, Einari Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga landbúnaðarmálefni þjóðarinnar og koma fram með tillögur þar að lútandi.

Nd. **28. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Ólafi Briem og Pétri Jónssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að fela nefnd þeirri, er kosin hefir verið til að íhuga frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi, að taka jafnframt til íhugunar tillögur um skattamál Íslands.

Ed. **29. Frumvarp**

til laga um lögaldur.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Hálfráðir fjár síns verða menn eigi hér eftir.

2. gr.

Fullráðir fjár síns eru karlar og konur ógiftar er þau eru 21 árs.

3. gr.

Hver sem er fullráður fjár síns, getur tekið að sér ábyrgð í fjármálum svo gild sé.

Ed. **30. Frumvarp**

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Verzlunarhús má reisa alstaðar í umdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. (Jörðin Eyri með hjáleigunni Stekkjanesi).

Nd. **31. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fresta því að ný kosning á manni til alþingis fari fram í Seyðisfjarðarkaupstað, þar til útséð er um það, hvernig reiðir af í þinginu frumvarpi til laga um breyting á lögum um kosningu fjögurra nýrra þingmanna frá 3. okt. 1903.

Nd. **32. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um kosningu fjögurra nýrra þingmanna frá 3. okt. 1903.

Frá Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl.

1 gr.

Þangað til ný kjördæmaskipun er komin á hér á landi skal Reykjavíkurkaupstaður kjósa alls 3 menn til alþingis, og skal einn þeirra (nýr þingmaður) kosinn svo fljótt sem verða má eftir að lög þessi hafa öðlast gildi.

2. gr.

Seyðisfjarðarkaupstaður skal lagður niður sem sérstakt kjördæmi.

Ed. **33. Frumvarp**

til laga um sérstaka dómþinghá í Keflavíkurhreppi.

Flutningsmaður: Jens Pálsson.

Keflavíkurhreppur í Gullbringusýslu skal vera sérstök dómþinghá, og skal þingstaðurinn vera í Keflavík.

Ed. **34. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Sig. Stefánsson, Ari Jónsson, Jens Pálsson.

Ráðherra Íslands hefir lagt alt kapp á að koma fram »frv. til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands«, sem mikill meiri hluti þjóðar og þings telur lögfesta Ísland í danska ríkinu. Hann leggur frv. þetta fyrir þingið nú og mælir enn fastlega með því óbreyttu. Hann hefir og gengið þvert í móti vilja íslenzkra kjósenda, er hann valdi síðast konungkjörna þingmenn. Enn er það, að þjóð og þing telur ýmsar stjórnarráðstafanir hans vítaverðar.

Fyrir því ályktar deildin að lýsa yfir því, að vegna samvinnu ráðherrans við þingið og eftir sjálfsögðum þingræðisreglum vænti hún þess, að hann biðjist þegar lausnar.

Nd. **35. Tillaga**

til þingsályktunar

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Björn Jónsson, Ólafur Briem, Sigurður Gunnarsson, Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ráðherra Íslands hefir lagt alt kapp á að koma fram »frv. til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands«, sem mikill meiri hluti þjóðar og þings telur lögfesta Ísland í danska ríkinu. Hann leggur frv. þetta fyrir þingið nú og mælir enn fastlega með því óbreyttu. Hann hefir og gengið þvert í móti vilja íslenzkra kjósenda, er hann valdi síðast konungkjörna þingmenn. Enn er það, að þjóð og þing telur ýmsar stjórnarráðstafanir hans vítaverðar.

Fyrir því ályktar deildin að lýsa yfir því, að vegna samvinnu ráðherrans við þingið og eftir sjálfsögðum þingræðisreglum vænti hún þess, að hann biðjist þegar lausnar.

Nd. **36. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni, Jóni Jónssyni 1. þm. N.-M. og Magnúsi Blöndahl.

Neðri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga og gera tillögur um allsherjar kjördæmaskipan í landinu.

Nd. **37. Breytingartillaga**

við þingskjal 22.

Frá Birni Sigfússyni og Sigurði Sigurðssyni.

Í staðinn fyrir »5 manna nefnd« komi: »7 manna nefnd«.

Nd.

38. Breytingartillaga

við þingskjal 23.

Frá Birni Sigfússyni og Sigurði Sigurðssyni.

Í staðinn fyrir »5 manna nefnd« komi: »7 manna nefnd«.

Nd.

39. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Frá Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl.

Almennar kosningar þær til alþingis um land alt, sem með 25. gr. laga um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903 er ákveðið að fara skuli fram hinn 10. dag septembermánaðar, skuli hér eftir látnar fram fara hinn 10. dag í októbermánuði.

Nd.

40. Tillaga

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Magnús Blöndahl og Sigurður Sigurðsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um vátrygging gegn slysum fyrir verkamenn og frumvarp til laga um almenn sjúkrasjóðslög.

Nd.

41. Frumvarp

til laga um Þjóðmenjasafn Íslands.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Safn það, er til þessa hefir verið kallað Forngripasafn Íslands, og þau söfn önnur, er við það hafa bæzt og bætast kunna, skal framvegis nefnast einu nafni Þjóðmenjasafn Íslands.

2. gr.

Fornmenjavörður skal vera forstöðumaður Þjóðmenjasafnsins (sbr. lög um verndan fornmenja frá 16. nóv. 1907, 24. gr.). Skal hann sjá um sýningar safnsins á ákveðnum tímum, kaup á gripum og munum handa því, svo og um varðveizlu og viðgerð gripanna. Fyrir þann starfa skal hann hafa 1000 kr. í árslaun.

3. gr.

Til aðstoðar forstöðumanni skipar stjórnarráðið einn aðstoðarmann og svo marga varðmenn sem þörf krefur. Aðstoðarmaður skal hafa 800 kr. í árslaun.

4. gr.

Gripi þjóðmenjasafnsins má ekki ljá neinum manni burt af safninu nema með sérstöku leyfi stjórnarráðsins, og því síður má farga þeim á nokkurn hátt. En heimilt er þeim, sem vilja, að gera myndir af gripunum, mæla þá og nota á sjálfum geymslustaðnum undir umsjón forstöðumanns, sem gætir þess, að gripirnir skemmist ekki við það. Að öðru leyti skipar stjórnarráðið fyrir um afnot safnsins með sérstakri reglugjörð.

Nd. **42. Nefndarálit.**

í málinu: frumvarp til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

Nefnd sú, er kosin var til þess að íhuga mál þetta hefir orðið ásátt um, að ráða deildinni til að hraða málinu, með afbrigðum frá þingsköpum, og leggur það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt að öðru en því, að milli fyrstu og annarar greinar komi ný grein svo látandi:

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af áfengum drykkjum, þegar lög þessi öðlast gildi, skal greiða gjald, er samsvari hækkun aðflutningsgjaldsins eftir lögum þessum. Hver sá er slíkar vörur hefir til sölu, skal senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiðir jafnframt gjaldið.

Neðri deild alþingis, 22. febrúar 1909.

Ólafur Briem, formaður.	Björn Kristjánsson, skrifari.	Jón Ólafsson, framsögumaður.

Einar Jónsson. Magnús Blöndahl. Jón Sigurðsson. Jóh. Jóhannesson.

Ed. **43. Frumvarp**

til laga um skoðun á síld.

Flutningsmaður Sigurður Hjörleifsson.

1. gr.

Skoðun skal fara fram á allri nýveiddri síld, sem ætluð er til útflutnings og veidd er í herpinót eða í reknet og söltuð er í landi eða við land.

Auk þess skal öllum gefast kostur á að fá mat á saltaðri síld, hafi hún legið minst 14 daga í salti.

2. gr.

Skoðun þessi skal framkvæmd af matsmönnum, yfirmatsmönnum eða undirmatsmönnum.

3. gr.

Áður en síldveiði byrjar ár hvert, skulu skipstjórar á þeim síldveiðaskipum, er veiða með herpinót eða reknetum, skyldir til þess að fá matsmann út á skip sín. Skal hann segja fyrir um, hvernig skipið skuli búið út, svo að hagfelt sé fyrir geymslu síldarinnar, og skulu skipstjórar eða útgerðarmenn skyldir til þess að hlíta fyrirmælum hans.

4. gr.

Landsstjórnin sér um að til séu eyðublöð, hæfilega mörg handa hverju síldveiðaskipi, og ber skipstjórum að fylla þau út. Skulu þeir í hvert skifti tilgreina mánaðardag og klukkustund, þegar byrjað er að taka síldina úr sjó, og hve mikil veiði er í hvert skifti. Eyðublöð þau, sem út hafa verið fylt, skulu í hvert skifti afhent matsmanni þeim, er skoðar síldina, áður en byrjað er á skoðun hennar.

5. gr.

Nú kemur síldveiðaskip að landi, sem veitt hefir síld sína með þeim veiðarfærum, er um getur í 1. gr. Skal flytja hana þangað, sem einhver matsmaður er fyrir, og ber skipstjóra að tilkynna honum þegar um komu sína; má ekki byrja á söltun síldarinnar fyr en matsmaður hefir kveðið upp þann úrskurð, að fulltryggilegt sé, að hún geti orðið góð verzlunarvara. Sé síldin skemd, má ekki salta hana til útflutnings né senda hana til útlanda og ber matsmanni að hafa gætur á, að það sé ekki gert.

6 gr.

Síld þá, sem veidd er í herpinætur á gangvélaskipum, svo og síld þá, sem veidd er í reknet á gangvélaskipum og seglskipum, má þó salta á öðrum stöðum en þeim, sem matsmaður er á. Slíka síld ber þó að sýni matsmanni áður en hún er flutt til útlanda og má, ef ástæða er til, banna útflutning hennar.

7. gr.

Þegar skoðun fer fram á saltaðri síld og matsmaður telur hana fyrsta flokks vöru, er hann skyldur til að merkja ílát þau, sem síldin er í, ef þess er krafist. Stjórnarráðið ákveður, hvernig merkið skuli vera.

Síldarílát með hinu ákveðna vörumerki má ekki nota á ný til útflutnings síldar, nema merkið sé áður afmáð.

8. gr.

Yfirmatsmenn séu tveir, skipaðir af ráðherra. Annar þeirra hafi aðsetur á Akureyri, hinn á Siglufirði. Stjórnarráðið ákveður starfssvið þeirra og gefur þeim erindisbréf. Laun þeirra hvors um sig séu 1000 kr. árlega. En auk þess skal þeim greiddur ferðakostnaður og 2 kr. í fæðispeninga, ef þeir þurfa að tak-

ast ferð á hendur vegna starfs sins. Launin, ferðakostnaður og fæðispeningar greiðist úr landssjóði.

Undirmatsmenn skal setja þar, sem yfirmatsmenn telja þörf á og eftir tillögum þeirra, en hlutaðeigandi lögreglustjóri skipar þá. Stjórnarráðið gefur þeim erindisbréf, en yfirmatsmenn ákveða starfssvið þeirra. Kaup undirmatsmanna ákveða yfirmatsmenn og skal það greitt úr landssjóði.

Allir matsmenn skulu rita undir eiðstaf um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og rækja stöðu sína með alúð og kostgæfni.

9. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara varða 10—2000 kr. sekt, sem renna í landssjóð.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.

Ed. **44. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Flutningsm.: Kristinn Daníelsson.

Þingeyrar læknishéraði í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal skift í þessi tvö læknishéruð:

Þingeyrarhérað: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri.

Flateyrarhérað: Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

Nd. **45. Frumvarp**

til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Björn Jónsson, Björn Kristjánsson, Eggert Pálsson, Sigurður Gunnarsson og Stefán Stefánsson 2. þm. Eyf.

1. gr.

Eftir það er lög þessi hafa öðlast gildi, má engan áfengan drykk flytja til Íslands til annarra nota en þeirra, sem getið er um í 2. grein, og farið sé með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4\,\%$ af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva, og í sér hafa fólgið slíkt áfengi, skal telja áfengan drykk.

2. gr.

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis eða efnarannsóknarstofu eða annars því líks fyrirtækis að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis, en þó því að eins, að hann sé blandinn því efni, sem að áliti landlæknis gerir hann óhæfan til drykkjar. Lyfsölum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem lyfsölum er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá. Loks skal prófföstum fyrir hönd eigenda eða forráðamanna kirkna heimilt að flytja messuvín það, þó áfengt sé, er að þeirra áliti er nauðsynlegt í prófastsdæminu handa altarisgöngufólki, en kaupa þó eigi meira ár hvert en birgðir til þess árs. Sama rétt eiga og forstöðumenn annarra kirkjudeilda í landinu.

3. gr.

Alt áfengi, sem flutt er til landsins frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, skal fyrst flytja á land í Reykjavík. Þar skal landsstjórnin skipa sérstakan umsjónarmann áfengiskaupa, og hefir hann á höndum umsjón og eftirlit með áfengiskaupum, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Umsjónarmaður hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðast úr landssjóði. Svo fær hann og ókeypis húsnæði fyrir áfengisbirgðir, burðargjald bréfa og alla nauðsynlega aðstoð.

4. gr.

Nú hefir maður heimild til áfengisflutnings frá útlöndum eftir lögum þessum, og vill hann neyta þessarar heimildar sinnar, og skal hann þá í tæka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar áfengi og hve mikið hann vill aðflytja og frá hverju verzlunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni flutningskostnaður til Reykjavíkur. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða þeim vínsölumanni, sem hún er stíluð til, og beiðist þess, að áfengið sé sent til sín. Skal umsjónarmaður, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sér með rannsókn, að áfengissendingin sé eigi önnur eða meiri en um var beðið. Skal hann þá merkja það með innsigli sínu og segja eiganda til. Eiganda skal þá heimilt að vitja þess, en gjalda skal hann þá um leið þann sérstakan kostnað, er af aðflutningnum kann að hafa leitt, þó ekki húsnæðisgjald í Reykjavík (sbr. 3. gr.).

Nú hirðir sá ekki áfengið, er pantað hefir, áður en 3 mánuðir eru liðnir frá því er hann fekk tilkynning umsjónarmanns um aðflutning áfengisins, og er umsjónarmanni þá heimilt að hella niður áfenginu og selja umbúðir þess. Allan ógreiddan kostnað, er leitt hefir af aðflutningnum, má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfengið hefir pantað, samkvömt lögum 16. desember 1885.

Umsjónarmaður ber enga ábyrgð á greiðslu andvirðis fyrir það áfengi, sem aðflutt er.

5. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lög-

reglustjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort hann hafi nokkurt áfeng til flutnings fyrir aðra menn, og þá hve mikið. Hann skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfengi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum, meðan hann er í höfnum inni eða í landhelgi við Ísland, að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi eða láta aðra skipverja láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til annarra manna en þeirra, sem eru lögskráðir skipverjar.

Skipstjóri er sekur við lög þessi, ef út af brýtur.

Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi, sem ekki er ætlað til skipsforða og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja innsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát og ábyrgist skipstjóri, að innsiglin séu ekki brotin eða úr ílátunum tekið fyr en skipið er farið alfarið burt frá landinu.

6. gr.

Nú strandar skip hér við land og hefir meðferðis áfengi annaðhvort til flutnings eða það er skipsforði, og skal strandgæzlumaður þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og gæta þess, að ekki sé í þau farið. Hann skýrir þegar í stað lögreglustjóra frá, en lögreglustjóri setur innsigli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annarra manna, en skýra skal hann með fyrstu ferð réttum eiganda strandmunanna frá björgun áfengisins og senda honum það til ráðstöfunar á hans kostnað, nema hann kjósi heldur að því sé helt niður.

Nú er ókunnugt um eiganda strandgóss og skal þá, eftir að lögskipaður auglýsingafrestur er liðinn og eigandi hefir ekki sagt til sín, hella því áfengi niður, er finnast kann meðal strandmunanna.

7. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið hér innanlands, hvorki á sjó né landi, annan en þann, sem annaðhvort er merktur innsigli umsjónarmanns áfengiskaupa, svo sem fyrir er mælt í 4. grein laga þessara, eða þá þann drykk, sem um getur í 5. og 6. grein og merktur er með innsigli lögreglustjóra þess er í hlut á.

8. gr.

Hverjum þeim manni, sem heimilaður er aðflutningur áfengis samkvæmt lögum þessum, skal óheimilt að veita, gefa, selja eða láta á annan hátt af hendi til annarra manna nokkuð af því áfengi, er hann hefir aðflutt. Þó mega lyfsalar láta áfengi af hendi eftir skriflegri læknisforskrift og þó aðeins einu sinni eftir sama læknisseðli (recept). Svo er og um alla dropa, duft, kökur eða lyfjablandanir, sem hafa í sér fólgið meira en $2^1/_4\,\%$ af vínanda.

Heimilt er að deila mönnum messuvín við altarisgöngu.

9. gr.

Veitingamenn og vínsölumenn, þeir sem leyfi hafa til vínsölu hér á landi samkv. lögum nr. 26, 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega ekkert selja hér á landi, gefa, veita eða láta af hendi á annan hátt til annarra manna af áfengisbirgðum þeim, er þeir hafa, þegar lög þessi öðlast gildi. Skulu

lögreglustjórar hver í sínu umdæmi skyldir til að rannsaka áfengisbirgðirnar og innsigla þær. Áður en 8 vikur eru liðnar, skulu eigendur áfengisins skyldir að flytja birgðirnar eða láta flytja þær burt af landi, og skulu lögreglustjórar hafa nákvæmt eftirlit með að svo sé gert. Öllu því áfengi, sem þá er ekki útflutt, skal tafarlaust hella niður án nokkurs endurgjalds til eiganda.

Ákvæði þessarar greinar um óheimild til sölu, gjafa eða veitingu áfengis, nær og til annarra einstakra manna, er áfengisbirgðir kunna að hafa í sínum vörzlum, er lög þessi öðlast gildi.

10. gr.

Ef nokkur maður er grunaður með rökum um óleyfilegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis, þá skal gera heimilisrannsókn hjá honum, ef það er talið nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið. Skal rannsóknin gerð af lögreglustjóra þeim, er í hlut á.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sé í vörzlum þess, er rannsakað er hjá, skal hann skyldur að sýna vottorð um, hvaðan honum eru komnar birgðirnir.

11. gr.

Hve nær sem hafin er ákæra út af ólöglegri sölu eða veitingu áfengis, má stefna kaupanda eða þeim, sem veitt er, til vitnisburðar um málið, ef engir meinbugir eru annars á, og er rétt, að hann staðfesti framburð sinn með eiði, ef krafist er.

12. gr.

Hver sá, sem dæmdur er sekur um brot á ákvæðum þessara laga, skal auk lögboðins málskostnaðar greiða kæranda og vitnum allan þann kostnað, er þau hafa haft af málinu.

Hvernig sem ástatt er, skal dómari skyldur að taka mál, er rísa út af brotum á lögum þessum, til meðferðar svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 2 mánuðum eftir að fyrir honum hefir verið kært.

13. gr.

Heimilt skal að leiða hvern þann mann fyrir dómara, er sést ölvaður eftir að lög þessi öðlast gildi, og skal hann skyldur að skýra frá, hvar hann hefir fengið áfengi það, sem hann varð ölvaður af, sæti ella fésektum alt að 100 kr. eftir málavöxtum.

14. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum eigi minni en 300—5000 kr.

Brot í annað sinn varðar ekki minna en 8 mánaða fangelsi.

Brjóti nokkur oftar gegn ákvæðum þessarar greinar varðar það betrunarhúsvinnu.

Við broti á grein þessari skal hið aðflutta áfengi ávalt gert upptækt og því helt niður.

15. gr.

Nú sannast það á skipstjóra, að hann skýrir lögreglustjóra vísvitandi

rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 500—2000 kr. ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er óheimila að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum 200—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum. Ef brot er ítrekað, varðar það alt að 8 mánaða fangelsi.

Sama hegning liggur og við því, ef lyfsali lætur áfengi af hendi án skriflegrar læknisforskriftar eða oftar en einu sinni eftir sama læknisseðli.

16. gr.

Brot gegn 7. gr. laga þessara varða sektum 50—1000 kr. og skal hið flutta áfengi ásamt ílátum gert upptækt og því helt niður; svo skulu og flutningstæki þau, er áfengið er flutt á, ef aðalflutningurinn var áfengi, gert upptækt, nema hafskip sé, og skal andvirði íláta og flutningstækja renna í landssjóð.

17. gr.

Nú verður læknir sannur að sök um að hafa látið af hendi læknisseðil um áfengi til þess að það sé notað til einhvers annars en sem læknislyf, og skal hann þá sekur 200—2000 kr. í fyrsta sinn, og skal sektin tvöfaldast sé brotið endurtekið. Lækni þann, er í hlut á, má og svifta læknisleyfi hér á landi 2—10 ár eða að öllu, ef miklar sakir eru.

18. gr.

Hver sá embættismaður, sem skyldur er að hefja rannsókn út af brotum gegn lögum þessum og vanrækir það, skal sekur eftir því sem ákveðið er í lögum þessum, svo sem hann hefði sjálfur brotið.

Nú sýnir hann sig oftar en einu sinni í vanrækslu eða verður sjálfur sekur eftir lögum þessum, og varðar það þá embættismissi.

19. gr.

Allar sektir eftir lögum þessum renna að hálfu í landssjóð en að hálfu til uppljóstrarmanns.

20. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn sakamál.

21. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku og svo mörg eintök að nægi til að senda dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1 jan. 1912, og eru með þeim numin úr gildi lög nr. 26, 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, svo og öll önnur lög og tilskipanir, er koma í bága við lög þessi.

Ed.

46. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um almennan ellistyrk.

Vér, sem háttv. e. d. alþingis hefir skipað í nefnd til að íhuga mál þetta, höfum á nokkrum fundum rætt það með oss, og leyfum oss að gera eftirfylgjandi grein fyrir áliti voru.

Stjórnin lagði sams konar frv. fyrir alþingi 1907 og var það ítarlega rætt þá í n. d., en varð ekki lokið í efri deild.

Aðalhugsun frumvarpsins er sú, að efla svo alþýðustyrktarsjóði þá, sem nú eru til orðnir samkv. lögunum frá 11. júlí 1890 og 18. febr. 1897 um styrktarsjóði handa alþýðufólki, að þeir geti miklu fljótar og verulegar komið að tilætluðum notum, heldur en enn á sér stað, og jafnframt að styrkur úr sjóðum þessum sé eingöngu veittur ellihrumum mönnum, til þess að styrkurinn hlutist ekki um of í sundur og verði svo notaminni, heldur geti náð sem bezt ætlunarverki sínu, »að vernda öll heiðarleg gamalmenni frá að líða nauð á elliárunum«.

Neðri deild alþingis 1907 gerði á frumvarpinu þá aðalbreyting, að styrkurinn skyldi einnig ná til heilsubilaðra manna, sem ekki geta unnið fyrir sér á hverjum aldri sem væri og nefndi styrkinn öryrkjastyrk.

Nú hefir stjórnin á ný lagt frv. fyrir alþingi, að mestu leyti með þeim frágangi, er það hafði fengið í n. d., að undanskilinni þeirri breytingu, að aftur er tekin upp sú aðalstefna að láta styrkinn að eins ná til gamalmenna.

Nefndin hefir ekki getað annað en viðurkent réttmæti hvorartveggja þessarar stefnu og hefir því viljað leitast við að fara meðalveg, þannig að þó að aðalverkefni styrktarsjóðanna sé að styrkja gamalmenni, þá megi þó, þegar sérstaklega stendur á, einnig veita heilsubiluðum mönnum styrk, þótt eigi sé þeir að aldri hnignir.

Þá hefir nefndinni þótt viðsjárvert að hækka svo gjaldið, sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem það á nú að hvíla á öllum og kemur því sem ný álaga á mjög marga, og þar á meðal marga, sem lítt eru um álögur færir. Hún hefir því ekki viljað fara hærra en að gera ráð fyrir kr. 1,50 af körlum og 75 aur. af konum.

Samkvæmt því sem talið var á síðasta þingi og enn mun vera réttu næst, eiga gjaldið að greiða 17000 karlmenn, sem verður kr. 25500, og 19000 konur, sem verður kr. 14250 eða samtals kr. 39750. Í meðferð málsins á síðasta þingi var gert ráð fyrir, að landssjóður legði fram helming á móti fúlgu gjaldendanna eða þriðjung af öllum ársviðauka sjóðanna, og hefir nefndin enn hallast að því hlutfalli, en það verður sem næst 50 aur. á móts við hvern gjaldanda eða alls kr. 18000, svo að allur ársaukinn verður kr. 57500.

Þegar styrknum er útbýtt, ætlast frv. til, að útbýtt sé $^2/_3$ af árgjöldum gjaldenda, en $^1/_2$ af framlagi landssjóðs og vöxtum sjóðanna. Nefndinni hefir þótt réttast, að úthluta einnig helmingi að eins af árgjöldum, bæði til að koma samræmi á þessa 3 liði og einnig til þess, að sjóðirnir aukist nokkuru örara, sem mun fljótt bera árangur í ríflegri styrk, þótt hann í fyrstu verði lítið eitt minni.

Nefndin hefir því komið sér saman um að stinga upp á breytingum, sem fara í þá átt, sem að framan er bent á og með þeim og nokkrum fleiri smábreyt-

ingum, sem gerð mun frekari grein fyrir undir framsögu málsins, leyfir hún sér að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið.

Breytingatillögur vorar eru þessar:

1. Breyt.till. við 2. gr. stafl. b. Stafliðurinn orðist svo: »Þeir sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi, ef þessir menn hvorirtveggja að áliti hreppsnefndar eru fyrir fátæktar sakir ekki færir um að greiða gjaldið, enda greiði ekkert aukaútsvar».
2. Breyt.till. við 2. gr. stafl. d., síðari málsgrein. Málsgreinin verði ný 3. gr. og orðist svo: »Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í styrktarsjóðinn kr. 1,50 á ári, en kvenmaður 75 aura«.

   Töluröð eftirfarandi greina breytist samkvæmt því.
3. Breyt.till við 4. gr. Í stað orðanna: »skyldur til að senda nefndum þessum skrá yfir hið gjaldskylda fólk, er dregin sé út« . . . komi: »skyldur til að láta nefndum þessum í té skýrslur þær, er nauðsyn krefur«.
4. Breyt.till. við 5. gr. stafl. a. Í stað: »ellistyrktarsjóðsgjald« komi: »styrktarsjóðsgjald«.
5. Breyt.till. við 5. gr. stafl. b. Í stað: »ellistyrktarsjóðsgjald« komi: »styrktarsjóðsgjald«.
6. Breyt.till. við 5. gr. stafl. c. Síðustu orðin: »sem er á framfæri með þeim«, falli burtu.
7. Breyt.till. við 5. gr. stafl. e. Við málsgreinina bætist: »ef þeir ekki sjálfir eiga heimili forstöðu að veita«.
8. Breyt.till. við 5. gr. síðustn málsgr. Á eftir: »styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra« hið fyrra sinn, komi: »sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið«.
9. Breyt.till. við 7. gr. Á eftir orðunum: »skjóta til sýslumanns innan 15. dags marzmánaðar« komi: »til fullnaðarúrskurðar«
10. Breyt.till. við 11. gr. Í stað: »úthluta $^2/_3$ hlutum« komi: »úthluta helming«.
11. Breyt.till. við 13. gr. Á eftir 1. málsgr., sem endar á: »þáði af sveit«, komi ný málsgrein:

    »Þegar sérstakar, knýjandi ástæður eru fyrir hendi, er sveitarstjórn ennfremur heimilt að veita styrk þann, er hér um ræðir, heilsubiluðum fátæklingum, þótt ekki séu þeir orðnir sextugir að aldri».

Alþingi 22. febr. 1909.

Eiríkur Briem, formaður.	Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögum.	Jósef Björnsson.

Nd.

47. Frumvarp

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Bjarni Jónsson frá Vogi, Magnús Blöndahl, Jón Þorkelsson, Jón Jónsson þm. S.-M.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og

fer um gjald fyrir þau eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunnu verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 28. sept. 1899).

Ósk brúðhjónanna um, hvar og hvenær hjónavígslan skuli fara fram, skal valdsmaður taka til greina að svo miklu leyti sem hentugleikar hans leyfa. En gjalda skal honum ferðakostnað, er til kemur, samkvæmt lögum (sbr. 6. gr. l. 19. febr. 1886).

Nd.

48. Breytingartillaga

við þingskjal 39.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Í staðinn fyrir »hinn 10. dag í októbermánuði« komi: hinn fyrsta dag nóvembermánaðar.

Nd.

49. Frumvarp

til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenzkum þilskipum.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Magnús Blöndahl.

1. gr.

Það skal eftirleiðis vera skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er lögskráðir eru á íslenzk skip, hvort sem þeir stunda fiskiveiðar, eru í förum með fram ströndum landsins eða eru í förum landa á milli.

2. gr.

Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar, og skal hann svo fljótt sem auðið er senda skrána vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr.

Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 15 aurum fyrir hverja viku frá 1. október til 30. apríl og 10 aura fyrir hverja viku frá 1. maí til 30. september sem hann er lögskráður fyrir og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi. Útgerðarmaður greiðir, skráningarstjóra gjald þetta fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupi þeirra eða hlut, og auk þess greiðir hann frá sjálfum sér til vátryggingarsjóðsins helming á móts við gjald skipverjanna allra og innheimtir skráningarstjóri einnig það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok septembermánaðar ár hvert, að frádregnum 2% innheimtulaunum.

4. gr.

Vátryggingarfélaginu skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Landsstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja. Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til, að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóði.

5. gr.

Nú druknar sjómaður eða deyr á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkyna 100 kr. á ári í næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

6. gr.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir leyfi til að skerða nokkuð af styrk þeim, er lög þessi heimila.

7. gr.

Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrekkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr. og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 12000 krónum.

8. gr.

Nefnd sú, er nú stjórnar vátryggingarfélagi fyrir sjómenn samkvæmt lögum nr. 40 frá 10. nóv. 1903 um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum, skal stjórna sjóði þessum samkvæmt lögum þessum. Landsstjórnin ákveður, að fengnum tillögum nefndarinnar, nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin Lög nr. 40 frá 10. nóv. 1903 um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum, og öll önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Nd. **50. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Frá nefndinni).

Aftan við 3. gr. bætist:

Þó skal greiða aðflutningsgjald, það er ræðir í 1.—5. tölul. 1. gr., af vörum, þeim er flytjast til landsins eftir 24. febr. 1909.

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Frá Jóni Þorkelssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa að launum 10,000 kr. á ári á meðan hann gegnir embætti, auk 2000 kr. þeirra, sem honum eru ætlaðar til risnu og 2000 kr. til húsaleigu, á meðan hann hefir ekki embættisbústað. Eftirlaun hefir hann engin. —

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, sem þau eru staðfest af konungi.

Nd. **52. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um afnám eftirlauna allra embættismanna í landinu, svo og að gera ráðstafanir til þeirrar skipanar á launum þeirra, er virðast mætti nauðsynleg og sanngjörn í sambandi við það, að öll eftirlaun félli niður.

Ed. **53. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.

Vér, sem háttvirt e. d. alþingis hefir kosið í nefnd til athugunar á máli þessu, höfum rætt málið á nokkrum fundum og borið oss saman við skógræktarstjórann um það. Álit vort er á þessa leið:

Lögin frá 13. apríl 1894 um samþyktir til að friða skóg og mel og lög 15. febr. 1895 til að gera samþ. um hindrun sandfoks og um sandgræðslu hafa reynst þýðingarlítil sökum þess, hve lítið þau hafa verið notuð.

Heimildin, sem nefnd lög veita til að gera samþ., hefir að eins verið notuð í tveim sýslum. Önnur samþyktin er fyrir Rangárvallasýslu um friðun á skógi og mel, um hindrun sandfoks og um sandgræðslu, staðfest 15. júlí 1899; hin er um verndun og notkun skóga í Vestur-Barðastrandarsýslu, staðfest 24. maí 1902. Samþyktin fyrir Rangárvallasýslu bannar að höggva skóg og rífa lyng og mel, nema fylgt sé ákveðnum skilyrðum. Í samþyktinni fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu er bannað að höggva nokkurn skóg, án þess skóggæzlumenn, útnefndir af sýslunefnd, segi fyrir um skógarhöggið. Þar eru og settar reglur fyrir því, hvernig haga skuli skógarhögginu, og hreppstjórum falin umsjón með því, að samþyktinni sé hlýtt.

Með þessum samþyktum er það viðurkent í framkvæmd, að heimildarlögin frá 1894 og 1895 hafi verið nauðsynleg fyrir þau svæði landsins, sem samþyktirnar ná yfir.

Nefndin er nú í engum vafa um það, að þörfin á friðun skóga hafi verið brýn á mörgum stöðum öðrum á landinu, þótt ekki hafi samþyktir verið gerðar fyrir fleiri héruð. Hún verður því að líta svo á, sem nauðsyn sé á lögum um friðun skóga, er gildi fyrir alt landið. Á þann hátt telur hún vafalaust, að komið verði í veg fyrir uppblástur og eyðileggingu lands, sem stafar af óhyggilegu skógarhöggi og hrís- og lyngrifi.

Frumvarp stjórnarinnar, er hér ræðir um, er því komið fram af fullri nauðsyn, og þegar skógræktarstjóri og skógarverðir eru nú skipaðir samk. lögunum 22. nóv. 1907, þá má telja nauðsynlegan undirbúning fenginn, til þess að framfylgja ákvæðum friðunarlaga.

Af ástæðum þeim, sem nú eru teknar fram, telur nefndin stjórnarfrumvarpið nauðsynlega réttarbót framkomna á hentugum tíma.

Nefndin hefir komið sér saman um að leggja til, að nokkrar breytingar verði gerðar á 1. gr., 5. gr. og 7. gr. frumvarpsins; og með þeim breytingum leyfir nefndin sér að ráða háttv. e. d. til að samþykkja frumvarpið.

Breytingartillögur nefndarinnar eru þessar.

1. Breytingartill. við fyrstu grein. 1. gr. orðist þannig:

   Í skógum og kjarri má ekki höggva tré eða hrís öðru vísi en svo, að höggvið sé innan úr eða að eins grisjaður skógurinn eða kjarrið. Ekkert svæði má berhöggva. Birkirunnum og birkirótum má ekki kippa upp Ekki má heldur rífa fjalldrapa, víði, beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng né mel. Mosa má og ekki rífa nema á skóg og kjarrlausu mýrlendi.
2. Breytingartill. við 5. gr. Í stað orðanna »gegn endurgjaldi« o. s. frv. til niðurlagsins á greininni komi: og skal svæðið girt. Á þessum svæðum má ekkert höggva nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

   Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það eftir mati óvilhallra manna.
3. Breytingartill. við 7. gr.

   7. gr. orðist þannig:

   Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór ligg-

ur á jörð og að vorinu. Á Vestfjörðum og á norður og austurlandi skal þess því gætt eftir megni, að ekki sé sauðfé beitt á slíkt land á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní, en á suður og vesturlandi, að undanskildum Vestfjörðum, sé hins sama gætt á tímabilinu frá 1. jan. til 1. júní. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi.

Alþingi 25. febrúar 1909.

J. Havsteen formaður. *Jósef Björnsson* skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.

Ed.

54. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

Vér, sem h. efri deild kaus í nefnd til að íhuga og segja álit vort um frumvarp þetta, teljum það nauðsynlega réttarbót.

Eins og grein sú er orðuð, sem hér er farið fram á að breyta, veldur hún allmiklu misrétti milli sextugra presta. Eftir ákvæðum hennar geta sextugir prestar komist undir ákvæði prestalaunalaganna að því, er kemur til launabótar, þótt ekki vilji þeir ganga að þeim breytingum, sem lögin að öðru leyti mæla fyrir um og á geta komist. Aftur er sextugum prestum í þeim prestaköllum, þar sem engin breyting kemst á, þótt ekki sé þeim að kenna, heldur hindrunum, sem þeim eru ósjálfráðar, ekki orðið þessarra hlunninda aðnjótandi. Jafnaldrar þeirra, sem standa á móti breytingunni, fá launabót; þeir fá hana ekki, þótt þeir gjarna vilji ganga að breytingunni en sé það fyrirmunað. Úr þessu misrétti bætir frumvarpið með því að veita öllum sextugum prestum hin sömu hlunnindi, sem að eins nokkrir þeirra nú hafa, og þessi réttarbót er því sjálfsagðari, sem hér er alloftast um þá menn að ræða, sem hafa langa, en lítt launaða embættisþjónustu að baki sér.

Þar sem nú þessu er þannig varið og breyting þessi hefir auk þess mjög lítil útgjöld í för með sér, þá leggur nefndin það til að h. efri deild samþykki frumvarpið.

Orðalag frumvarpsins þykir nefndinni þó ekki alls kostar skýrt og vill bæta úr því með eftirfylgjandi breytingartillögu.

Þrjár síðustu málsgreinar frumvarpsins orðist þannig:

»Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkv. prestakall-skipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum, þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögunum, gangi presturinn að þeim breytingum. Ennfremur hafa allir prestar þennan rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.

Alþingi 23. febrúar 1909.

Sigurðar Stefánsson, skrifari og framsögumaður. Eiríkur Briem, formaður. Jens Pálsson.

Steingrímur Jónsson. Jósef Björnsson.

Ed.

55. Nefndarálit

um frumvarp til laga um fiskimat.

Nefnd sú, er háttv. e. d. alþingis fól að athuga frumvarp þetta, hefir eftir ítarlega íhugun komist að þeirri niðurstöðu, að jafnvel þó að með slíkum ákvæðum, sem frumvarpið inniheldur, sé lagt talsvert haft á atvinnufrelsi manna, þar sem megin allra útfluttra sjávarafurða skulu háðar opinberu eftirliti, þá beri þó að taka enn meira tillit til hins, að útflytjendur með óhollri samkepni geta spilt svo fyrir sér með sölu á saltfiski í þeim löndum, er frumvarpið ræðir um, að sú hefð, sem um langt skeið hefir myndast milli kaupenda og seljanda, og er í því fólgin, að kaupandi kaupir farm fiskjar óséðan, ýmist á skipsfjöl á Íslandi eða í tilvísunarhöfn, eingöngu eftir vottorðum þeim, er á farmskjölunum standa, eða tiltrú seljanda — að þessi hefð gæti lagst niður og þar með tiltrú allra íslenzkra seljanda í þessu efni orðið einkis virði, ef opinbert eftirlit með fiski hyrfi. Það er því einkar-mikilsvert, að eftirlit þetta sé alment og á sem öruggustum grundvelli bygt. Fyrirkomulagið á þessu eftirliti, sem nokkurra ára reynsla er fyrir hér við Faxaflóa, hefir þótt hentugt, svo nefndin getur fyllilega mælt með því, að það eftirleiðis verði sem líkast Hvað væntanleg erindisbréf matsmanna snertir, þá er máske örðugt að orða þau svo, að skýrt komi fram ótvíræð regla fyrir aðgreining vörunnar, flokkaskiftingunni; það mun óhjákvæmilegt, að setja yfirmatsmönnunum það í sjálfsvald. En væri það unt, teldi nefndin æskilegt, að í erindisbréfum þeirra væri aðaláherzlan lögð á það, að varan væri aðgreind og flokkuð eftir þeim gæðum, sem hún hefði til að bera sem heilnæmur og góður matur, en ekki eingöngu eftir fallegu útliti.

Eina örlitla orðbreyting leggur nefndin til að gera, og er hún sú, að í stað orðanna »út af því« í fjórðu línu 5. gr. komi: »í þeim erindum«.

Að öðru leyti leggur nefndin það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi 25. febrúar 1909.

Sigurður Stefánsson formaður. *Aug. Flygenring* skrifari og framsögumaður.

Sigurður Hjörleifsson.

Nd.

56. Frumvarp

til laga um heiti á allsherjarstofnunum og störfum á Íslandi.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Stofnanir þær hér á landi, sem eru allsherjar stofnanir og hafa hingað til verið nefndar landsstofnanir, svo og embætti þau og sýslanir, er einkent hefir verið á sama hátt, skal eftirleiðis kenna við þjóð eða ríki; skal landssjóður heita þjóðfjárhirzla eða ríkissjóður Íslands, gjaldkeri landssjóðs þjóðféhirðir eða ríkisféhirðir eða gjaldkeri Íslands, landritari skal nefnast ríkisritari, landsbanki

þjóð- eða ríkisbanki Íslands, landsbókasafn þjóð- eða ríkisbókasafn Íslands, landsskjalasafn þjóð- eða ríkisskjalasafn Íslands, landlæknir þjóð- eða ríkislæknir, og slíkt hið sama um aðrar þvílíkar stofnanir, embætti eða sýslanir, sem nú eru eða verða kunna, nema þeim sé eða verði fundið annað heiti, er þó dragi ekki úr því, að þar sé átt við ríkis- eða þjóðstörf eða stofnanir.

2. gr.

Þar sem svo stendur á, að heiti hafa þegar verið letruð á einhverjar allsherjar stofnanir eða opinberar byggingar með hinum fyrra hættinum, þá skal þeim breytt samkvæmt því, sem segir í 1. gr. laga þessara.

Nd.

57. Frumvarp

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað, eins og það var samþykt við 3. umræðu í e. d.

Verzlunarhús má reisa alstaðar í umdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. (Jörðin Eyri með hjáleigunni Stekkjanesi).

Nd.

58. Frumvarp

til laga um sérstaka dómþinghá í Keflavíkurhreppi, eins og það var samþykt við 3. umræðu í e. d.

Keflavíkurhreppur í Gullbringusýslu skal vera sérstök dómþinghá, og skal þingstaðurinn vera í Keflavík.

Nd.

59. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Heimilt skal stjórnarráðinu að gefa allsherjar viðurkenningu skóla, sem stofnsettur er af einstökum mönnum og fylgir sérstökum fræðslureglum.

2. gr.

Slíkir skólar liggja undir aðalumsjá stjórnarráðsins, þó skulu skóla- og fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuhætti skóla þessara, og sjá um, að fræðslureglum þeirra verði framfylgt.

3. gr.

Börn á skólaaldri, er slíka skóla sækja, þurfa ekki að sækja um leyfi til þess hjá skólanefnd eða fræðslunefnd. En skólastjóri slíks skóla skal við byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd eða fræðslunefnd í té skýrslu um það, hvaða börn munu sækja skólann á því skólaári. Eigi eiga slíkir skólar heimting á styrk af almannafé.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.

Nd.

60. Viðaukatillaga

við frumv. til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

Frá Stefáni Stefánssyni 2. þm. Eyf.

1. gr. 2. Bætist inn á eftir »drykkjarföngum«: »þar með talinn súr berjasafi«.

Nd.

61. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903 (þingskjal 51).

Frá Jóni Þorkelssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 1. gr. Í staðinn fyrir orðin: »10,000 kr. . . . embætti« komi: 8,000 kr. og 2,000 kr. eftirlaun á ári í jafnmörg ár, sem hann hefir þjónað því embætti, en eigi lengur.

Síðasta málsgrein 1. gr. falli niður.

Ed.

62. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá Sigurði Stefánssyni.

Í stað »1. júní« á fyrri staðnum í 7. gr. komi »1. maí«.

Ed.

63. Frumvarp

til laga um fiskimat.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Allur saltfiskur, sem fluttur er héðan af landi og fara á til Spánar eða Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns. Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, er hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns ritað á farmskrárnar.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar bæði við útskipun og í útflutningsskipunum skulu settar í erindisbréfum yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

2. gr.

Ráðherrann skipar yfirmatsmennina, og skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf, um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

3. gr.

Þessir yfirfiskimatsmenn skulu þegar skipaðir og laun þeirra greidd úr landssjóði:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi: árslaun hans eru 2000 kr. Hann er jafnframt ráðunautur stjórnarráðsins í þeim málum, sem viðkoma fiskimati og fiskverkun.

2. Yfirmatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandasýslu; árslaun hans eru 1800 kr.

3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi; árslaun hans eru 1600 kr.

4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norðan frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum, árslaun hans eru 1600 kr.

5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmanneyjum. Umdæmi hans eru Vestmanneyjar og Vík í Mýrdal og árslaun 800 kr.

Tölu yfirfiskimatsmanna má auka með fjárveiting á fjárlögum og verður þá gerð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskiútflutningsstað svo marga, sem yfirfiskimatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans. Þeir skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir eiðstaf, sem stjórnarráðið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem þeir eru búsettir í, til þess að meta saltfisk til útflutnings, skulu útflytjendur greiða þeim í fæðispeninga 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir nauðsynlega þurfa að vera að heiman í þeim erindum, og ferðakostnað, hvorttveggja eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman. Nú er í sömu ferðinni metinn fiskur fyrir fleiri en einn útflytjanda og skal þá jafna þessum kostnaði niður á þá í réttu hlutfalli.

Kaup fiskimatsmanna fyrir störf þeirra við fiskimat greiða útflytjendur saltfisksins þeim, eftir því sem nánara verður ákveðið í erindisbrjefum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn og fiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipinu eða öðrum, sem við skipið eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum þessum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki heldur vera í þjónustu kaupmanna eða annara, sem láta meta fisk til útflutninga.

7. gr.

Auk starfa sinna við mat á saltfiski til útflutnings, skulu yfirfiskimatsmennirnir skyldir að ferðast um í umdæmum sínum eftir samráði við stjórnarráðið og leiðbeina mönnum í fiskimeðferð og líta eftir henni. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr landssjóði eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar. Nú framkvæma þeir jafnframt fiskimat á þessum ferðum og skal þá tiltölulegur hluti ferðakostnaðarins greiddur af útflytjendum þeim, sem fiskur hefir verið metinn fyrir.

8. gr.

Sá sem flytur út eða lætur flytja út saltfisk til Spánar eða Ítalíu, án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann samkvæmt þessum lögum, sæti 100 til 3000 kr. sektum til landssjóðs.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Ed.

64. Frumvarp

til laga um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.
eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva tré eða hrís öðru vísi en svo, að höggvið sé innan úr eða að eins grisjaður skógurinn eða kjarrið. Ekkert svæði má berhöggva. Birkirunnum og birkirótum má ekki kippa upp. Ekki má heldur rífa fjalldrapa, víði, beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng né mel. Mosa má og ekki rífa nema á skóg- og kjarrlausu mýrlendi.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógræktarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem skógur er eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir samkvæmt reglum þeim, sem getur um í 2. gr., gefa fyrirskipanir um, hvernig skógar eða kjarr skuli höggvið Eigandi eða nothafi skógar eða kjarrs skal skyldur að fylgja skógræktarstjóra eða skógarverði út í skóginn eða kjarrið, svo þeir geti leiðbeint honum að því er snertir framkvæmd á fyrirskipunum þeim, sem þeir gefa um meðferðina. Eigandi eða nothafi skal og skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu og tæki til þess að höggva á alt að 200 ferhyrningsfaðma svæði í skógnum eða kjarrinu til þess að sýna hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendum og notendum skóga og kjarrs skal skylt að heimila skógræktarstjóra, skógarvörðum og þeim, sem með þeim fylgjast á eftirlitsferðum þeirra, svo og hreppstjórum og öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, tálmunarlausa umferð um land sitt, hvort sem girt er eða ógirt.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra, ef fé er veitt til þess úr landssjóði, að taka alt að 6000 ferhyrningsfaðma stórt skógar- eða kjarrsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar, og skal svæðið girt. Á þessum svæðum má ekkert höggva nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn til þess að

kynna sér fyrirskipanir þeirra, að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með, hvort framkvæmdar séu. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 4 kr. um daginn, er greiðast úr landssjóði.

7. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Á Vestfjörðum og á Norður- og Austurlandi skal þess því gætt eftir megni, að ekki sé sauðfé beitt á slíkt land á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní, en á Suður- og Vesturlandi, að undanskildum Vestfjörðum, sé hins sama gætt á tímabilinu frá 1. jan. til 1. júní. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sérstaklegar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhversstaðar horfir til stórskemda eða auðnar fyrir þá sök, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo farið verði fram á nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu löggjafarvaldsins til varnar eyðileggingu.

8. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðarákvæðunum í 1. gr. þessara laga. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðar ber málið undir stjórnarráðið, og ákveður það svo, hvað gera skuli frekar í málinu.

9. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 5 til 100 kr. til landssjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem um almenn lögreglumál.

Ed.

65. Frumvarp

til laga um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði.

Flutningsmaður: Jens Pálsson.

1. gr.

Í Hafnarfirði skal stofna slökkvilið.

2. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivélar og önnur slökkvitól, eftir boði bæjarstjórnar eða þess yfirboðara, sem bæjarstjórnin setur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir

slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir alt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er getur um í 2. gr., skal farið með sem önnur lögreglumál.

Ed. **66. Frumvarp.**

til laga um viðauka við lög 22. nóvember 1907
um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Flutningsmaður: Jens Pálsson.

1. gr.

Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar samkvæmt lögum 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 15. og 16. gr., til þess að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt nefndum lögum.

2. gr.

Með byggingarsamþykt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþyktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, sem af ákvæðum samþyktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrétt og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

3. gr.

Til þess að kaupstaðurinn hér eftir geti orðið bygður eftir ákveðinni reglu, ber bæjarstjórninni eða byggingarnefnd eftir byggingarsamþykt að ákveða, hvar auð svæði eigi að vera og hvar leggja skuli stræti; í því skyni skal bæjarstjórn, á þann hátt, sem nánar skal ákveðið í byggingarsamþykt kaupstaðarins, gjöra skýrslu um lóðir þær, sem þegar eru bygðar, og rita þær ásamt skýrslum

um lóðir, sem síðar verði bygðar, í sérstaka bók, sem útvega skal á kostnað bæjarsjóðs.

4. gr.

Hver sá, sem ætlar að byggja hús að nýju, breyta húsi eða gera önnur mannvirki á lóð sinni, skal, áður en hann byrjar á því, fá skrifleg ákvæði bæjarstjórnar, eða byggingarnefndar samkvæmt byggingarsamþykt, um það, hvort hann megi byggja og á hvern hátt.

Sá, sem byrjar á umræddri smíði eða mannvirkjum, áður en byggingarleyfi er fengið eða brýtur á móti reglum þeim, sem settar eru í slíku leyfi, greiði 4 til 100 kr. sekt til bæjarsjóðs; ef yfirsmiður stendur fyrir verkum, sætir hann sömu sektum; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið eða mannvirkið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það er ekki lagað eftir þeim reglum, sem settar hafa verið eða fylgja hefði átt að áliti bæjarstjórnar eða byggingarnefndar samkvæmt byggingarsamþykt.

Ef lögreglustjóri kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru eða mannvirki, sem leyfi þarf til, en það hefir ekki verið útvegað, þá skal hann banna að verkum sé haldið áfram, unz leyfið er fengið.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórn þurfa að breikka stræti eða þoka einhverju húsi aftur á við til betri varnar gegn húsbruna eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn, þá skal hver sá, sem á óbygða lóð, sem veit að stræti, skyldur til að láta svo mikið af hendi af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, sem húsið á, vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það aftur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það úr bæjarsjóði; skal bæjarstjórnin, eftir að hún um það hefir fengið álit byggingarnefndar, meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir við það, að af því hefir verið tekið eða hús flutt aftur á við. Sé hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem þannig hefir verið ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð stjórnarráðsins.

6. gr.

Með hafnarreglugerð, sem stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn eftir tillögu bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og hafnarmannvirkja; svo má og ákveða þar alt að 400 kr. sektir til hafnarsjóðs kaupstaðarins fyrir brot og gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja.

7. gr.

Nú ákveður bæjarstjórnin að koma á vatnsveitu í pípum neðanjarðar til Hafnarfjarðar og um kaupstaðinn, og skulu þá landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórnin ákveður, að vatnsveitan skuli vera, skyldir til að láta í té nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að

þeir séu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annars vegar og landeiganda eða lóðareiganda hins vegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Utan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir bæjarstjórnin einn mann, landeigandi annan og stjórnarráðið hinn þriðja. Tilnefni landeigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans. Innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar skal eignarnámið framkvæmt af tveim dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar greiðir allan matskostnað.

8. gr.

Með reglugjörð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, má setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðunum og um önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir alt að 100 kr. fyrir brot á móti ákvæðum hennar.

Þegar vatnsveitan er komin til framkvæmdar, má eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, leggja alment gjald til bæjarsjóðsins á notendur vatnsins fyrir afnot þess, og skulu gjöld þau hafa lögtaksrétt.

Á þeim svæðum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, þar sem bæjarstjórnin hefir lagt vatnsæðar til afnota, hefir bærinn einkarétt til að selja neyzluvatn.

9. gr.

Með mál út af brotum þeim, sem getur um í 5. gr., og brotum gegn samþyktum þeim og reglugjörðum, sem settar verða, samkvæmt lögum þessum, fer sem um almenn lögreglumál.

Ed. **67. Breytingartillögur.**

við frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá nefndinni.

1. Breytingartill. við 1. gr.:

a. Á eftir orðinu »birkirótum« bætist inn í: í skógum og kjörrum.
b. Á undan orðinu »rífa« bætist inn í: án samþykkis skógræktarstjóra eða skógarvarða.
c. Orðin: »fjalldrapa, víði« falli burt úr setningunni.
d. Aptan við greinina bætist: Ennfremur er skógræktarstjóra heimilt að banna

að rífa fjalldrapa og víði á þeim svæðum, er ætla má að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum á því.

2. Breytingartill. við 7. gr.:

a. Orðið »einkum« falli burt.

b. Setningin: »Á Vestfjörðum« o. s. frv. falli burt.

Ed.

68. Frumvarp

til laga um almennan ellistyrk,
eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóð handa ellihrumu fólki. Í sjóð þennan rennur styrktarsjóður handa alþýðufólki, sem til er í kaupstaðnum eða hreppnum.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, er nemur 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann til sjóðsins það ár.

2. gr.

Gjaldskyldir til ellistyrktarsjóðsins eru allir, karlar og konur, sem eru fullra 18 ára og ekki yfir 60 ára, nema þeir, er nú skal greina:

a. Þeir, sem njóta sveitarstyrks.

b. Þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi, ef þessir menn hvorirtveggja að áliti hreppsnefndar eru fyrir fátæktar sakir ekki færir um að greiða gjaldið, enda greiði ekkert aukaútsvar.

c. Þeir, sem sæta hegningarvinnu.

d. Þeir, sem hafa trygt sér fé til framfærslu eftir 60 ára aldur, að upphæð 150 kr. á ári að minsta kosti.

3. gr.

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í styrktarsjóðinn 1 kr. 50 a. á ári, en kvenmaður 75 aura.

4. gr.

Í ellistyrktarsjóð rennur gjald fyrir leyfisbréf til lausamensku samkv. 1. gr. í lögum nr. 3, 2. febr. 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

5. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, er gjaldskyldir eru í hreppnum til styrktarsjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar;

sé vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin. Á skrána skulu þeir settir, sem eru fullra 18 ára hinn 1. janúar, og sömuleiðis þeir, sem ekki eru fullra 60 ára hinn sama dag. Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð er stjórnarráðið útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur til að láta nefndum þessum í té skýrslur þær, er nauðsyn krefur, úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

6. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til ellistyrktarsjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra svo sem nú segir:

a. Kvongaðir menn eiga að inna af hendi styrktarsjóðsgjald fyrir konur sínar, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda séu þau til heimilis í sama hreppi.
b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi styrktarsjóðsgjald fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
c. Húsbændur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt.
d. Iðnaðarmenn eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
e. Kaupmenn, verzlunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim, ef þeir ekki sjálfir eiga heimili forstöðu að veita.
f. Húsráðendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra, sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið. Þeir, sem greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra, hafa rétt til þess, að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum

7. gr.

Skrár þær, er gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til ellistyrktarsjóðanna, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúarmánaðar ár hvert, á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, og skal auglýst með viku fyrirvara, hvar skrárnar verði lagðar fram.

8. gr.

Nú álítur einhver, að maður sé ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúarmánaðar koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfsmánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marzmánaðar til fullnaðarúrskurðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefir sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfélögum, og hefir hann þá rétt til að fá gjaldið endurgoldið úr styrktarsjóðnum í því sveitarfélagi, sem hann átti ekki lögheimili í 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan ársloka.

9. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Innheimtumenn fá 2% fyrir gjaldheimtuna.

10. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppum sýslumenn, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin stjórnarráðinu árlega skýrslu um hag ellistyrktarsjóðanna; sams konar skýrslu sendir sýslunefndin stjórnarráðinu. Í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag styrktarsjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

11. gr.

Árgjöld til ellistyrktarsjóðanna má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak eða fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa styrktarsjóðsgjöld sama forgangsrétt í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

12. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta $^2/_3$ hlutum af gjaldi því, er það ár ber að greiða til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, og enn fremur hálfum styrk þeim, er lagður er til styrktarsjóðsins úr landssjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

13. gr.

Sýslumaður skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýra hreppsnefndunum frá því, hve mikil upphæð komi til úthlutunar á árinu úr styrktarsjóðum hreppanna, og hin sama skylda hvílir á bæjarfógetanum gagnvart bæjarstjórn, en hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan birta þetta í hreppnum eða kaupstaðnum á venjulegan hátt fyrir lok ágústmánaðar.

14. gr.

Styrk þann, er árlega skal úthluta, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir ellihrumum fátæklingum, sem eru fullra 60 ára að aldri eða þar yfir, og heima

eiga í hreppnum eða kaupstaðnum, án tillits til þess hvar þeir eru sveitlægir, svo framarlega sem umsækjandi á framfærslurétt hér á landi og hefir ekki þegið sveitarstyrk 5 síðustu árin; þó er sveitarstjórn heimilt að veita konu, er skilið hefir við mann sinn að borði og sæng eða að lögum eða orðið ekkja, ellistyrk, þótt maður hennar hafi þegið sveitarstyrk meðan þau voru saman og eigi séu liðin 5 ár frá því hann þáði af sveit.

Þegar sérstakar, knýjandi ástæður eru fyrir hendi, er sveitarstjórn enn fremur heimilt að veita styrk þann, er hér um ræðir, heilsubiluðum fátæklingum, þótt ekki séu þeir orðnir sextugir að aldri.

Styrkur til lækninga, borgun fyrir meðöl, sjúkrahúsvist, umbúðir og slíkt, telst eigi sveitarstyrkur, þá er um ellistyrk er að ræða.

Við úthlutun styrksins skal einkum hafa fyrir augum, hve mikil og brýn þörf umsækjanda er og hvort hann er reglusamur og vandaður maður.

15. gr.

Þeir, er vilja fá styrk úr ellistyrktarsjóði, skulu fyrir lok septembermánaðar ár hvert senda skriflega beiðni um styrkinn til hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og á umsóknarbréfið að fela í sér þær upplýsingar, sem með þarf til þess að geta dæmt um verðleika umsækjanda.

Beiðninni skulu fylgja vottorð einhvers málsmetandi manns um það, að upplýsingar þær, er í beiðninni standa, séu sannar.

16. gr.

Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist fyrir eitt ár í senn, og má ekki vera undir 20 krónum og ekki yfir 200 kr.

Landsstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrksins.

17. gr.

Ef engin umsókn um styrk úr ellistyrktarsjóði berst til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða aðrar gildar ástæður valda því, að eigi þykir rétt að úthluta öllu því fé, sem um er rætt í 11. gr., skal það, sem afgangs verður, lagt við innstæðu sjóðsins.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910 og ber að innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1910.

19. gr.

Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 og lög um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 18. desbr. 1897 eru úr lögum numin.

Nd.

69. Frumvarp

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

1.	Af alls konar öli	kr. 0,10	af hverjum	potti.
2.	Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8^0 styrkleika eða minna	— 1,00	— ——	—
	yfir 8^0 og alt að 12^0 styrkleika	— 1,50	— ——	—
	yfir 12^0 og alt að 16^0 styrkleika	— 2,00	— ——	—
	Af 16^0 vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.			
3.	Af rauðvíni og sams konar borðvínum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni	— 0,50	— ——	—
4.	Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar	— 1,00	— ——	—
5.	Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.)	— 1.00	— ——	pela

eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.

6.	Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki	kr. 1,00	af hverju	pundi.
7.	Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum)	— 2,60	— —	—

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum sem þær seljast í.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

8.	Af kaffi og kaffibæti alls konar	13	aura af hverju	pundi.
9.	Af sykri og sírópi	$6^1/_2$	eyri — —	—
10.	Af tegrasi	50	aura — —	—
11.	Af súkkulaði	25	— — —	—
12.	Af kakaódufti	13	— — —	—
13.	Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum	40	— — —	—

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Þó skal greiða aðflutningsgjald, það er ræðir í 1.—5. tölul. 1. gr., af vörum þeim, er flytjast til landsins eftir 24. febr. 1909.

Nd. **70. Breytingartillaga**

við frv. til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi (þingskj. 69).

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 3. gr. Fyrir orðin: »þegar í stað . . . eftir 24. febr. 1909« komi: »þegar er konungur hefir staðfest þau«.

Nd. **71. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum
um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 1. gr.: Fyrir 10,000 kr. komi 8,000 kr. Fyrir orðin: «Eftirlaun hefir hann engin« komi: Í eftirlaun hefir hann 2,000 kr. á ári í jafnmörg ár sem hann hefir þjónað því embætti, en eigi lengur.«

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í neðri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir þau eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Ósk brúðhjónanna um, hvar og hvenær hjónavígslan skuli fara fram, skal valdsmaður taka til greina að svo miklu leyti sem hentugleikar hans leyfa. En gjalda skal honum ferðakostnað, er til kemur, samkvæmt lögum (sbr. 6. gr. l. 19. febr. 1886).

Ed.

73. Frumvarp

til laga um að leggja jörðina Naust í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar.

Flutningsmaður: Sigurður Hjörleifsson.

1. gr.

Jörðin Naust í Hrafnagilshreppi skal lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar frá 6. júní 1909.

2. gr.

Frá sama tíma skal Akureyrarkaupstaður greiða Hrafnagilshreppi eftirfarandi 25 ár sextíu og fimm kr. árlega.

3. gr.

Að öðru leyti taki Hrafnagilshreppur að sér allar skyldur og kvaðir, þar með talið fátækraframfæri, er af því stafa, eða grundvallast á því, að Naust heyrðu áður til hreppnum. Þó skulu þeir menn eiga framfæri í Akureyrarkaupstað er dvelja á Naustum þegar samningur þessi gengur í gildi og vinna sér þar hreppshelgi með óslitinni dvöl þar framvegis.

Ed.

74. Frumvarp

til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Sigurður Hjörleifsson.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess, að selja Akureyrarkaupstað þjóðjörðina Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu fyrir 8200 krónur.

Ed.

75. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá Jens Pálssyni.

Allur fyrri hluti 7. gr.: »Eigendur og notendur jarða . . . . . , geitfé á skóg og kjarrlendi« falli burt.

Ed.

76 Nefndarálit

um frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Nefnd sú, sem hin háttvirta deild fól að athuga mál þetta, hefir yfirfarið frumvarpið, en hefir ekki getað orðið sammála um nytsemi þess.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að frumvarpið sé vel sniðið eftir þörfum og staðháttum hér á landi og að það bæti til mikilla muna úr vöntun þeirri, sem nú er á áreiðanlegum skýrslum um það, úr hverju menn deyja hér á landi og ræður því hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja það óbreytt.

Alþingi, 27. febr. 1909.

Aug. Flygenring,
formaður.

Sigurður Hjörleifsson,
skrifari og framsögumaður.

Alit minni hlutans.

Eg get ekki fallist á þá skoðun háttv. samnefndarmanna minna, að frumvarp þetta eigi að verða að lögum.

Eg lít svo á, að þingið eigi að forðast það, að búa til gagnslaus lög, svo sem þau, er þetta frumvarp bendir á.

Eins og nú stendur gefa læknar skýrslu um sjúkdóma þá, er fyrir koma í umdæmum þeirra og sem þeir verða varir við. Leiði þeir sjúkdómar til dauða geta þeir þess í skýrslum.

Nú er það kunnugt, að flestir eða allir leita læknis, þegar um alvarlega veiki er að ræða, og verður lækninum þar af leiðandi oftast kunn dauðamein manna innan alls héraðsins.

Mér virðist því, að skýrslur læknanna, eins og stendur, þurfi ekki að vera allfjarri því rétta, að minsta kosti ef landlæknir hvetur þá til reglusemi í þessu efni.

En þegar þess er gætt, að frumvarpið gerir að eins ráð fyrir, að líkskoðun fari fram og dánarvottorð séu gefin í þeim kirkjusóknum, sem læknir býr í, þá virðist það ekki geta orðið til bóta, þar sem kirkjusóknirnar eru 276, en læknar ekki fleiri en 43. Læknar skoðuðu þá lík eða gæfu dánarvottorð í tæplega 16 af hverjum hundrað sóknum, en prestar vottuðu um dauðamein manna í rúml. 84 af hundr. sóknum, og fæ eg ekki betur séð, en að það yrði til þess, að á slíkum skýrslum yrði ekkert að byggja.

Eg geri ráð fyrir, að þá er lög þau, sem hér er um að ræða, gengju í gildi, mundu læknar kasta áhyggjum sínum á prestana að þessu leyti, láta þá lögum samkvæmt gefa skýrslu um dauðamein manna í 233 kirkjusóknum, en

sjálfir gæfu þeir dánarvottorð í 43 sóknum, og tel eg það afturför frá því, sem nú er eða að minsta kosti til engra bóta.

Auk þess, sem frumvarp þetta virðist ekki geta komið að tilætluðum notum að því er dánarskýrslur snertir, eins og þegar er bent á, þá vil eg benda á það, að það eykur landssjóði kostnað verði það að lögum. Það eykur störf lækna að óþörfu og bakar oft aðstandendum hins látna óþægindi og erfiði og stundum kostnað.

Eg leyfi mér því samkvæmt framansögðu, að ráða hinni háttvirtu deild til að fella þetta frumvarp.

Alþingi, 27. febr. 1909.

Gunnar Ólafsson.

Nd.

77. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

Frá Stefáni Stefánssyni 2. þm. Eyf.

Aftan við 13. lið 1. gr. bætist nýr liður:

14. Af súrum berjasafa (»súrsaft«) 30 aur. af hverjum potti.

Ed.

78. Tillaga

til þingsályktunar um stofnun gagnfræðaskóla á Ísafirði.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson
Kristinn Daníelsson
Ari Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að undirbúa á næsta fjáhagstímabili stofnun gagnfræðaskóla á Ísafirði og leggja frumvarp til laga um stofnun þessa skóla fyrir næsta reglulega alþingi.

Ed.

79. Frumvarp

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

1. Af alls konar öli . . . . . kr. 0,10 af hverjum potti.
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8^0 styrkleika eða minna . . . . . — 1,00 — —— —
   yfir 8^0 og alt að 12^0 styrkleika . . . . . — 1,50 — —— —
   yfir 12^0 og alt að 16^0 styrkleika . . . . . — 2,00 — —— —
   Af 16^0 vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni og sams konar borðvínum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni . . . . . — 0,50 — —— —
4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar . . . . . — 1,00 — —— —
5. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) . . — 1.00 — —— pela eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

   Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.
6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki . . . . . kr. 1,00 af hverju pundi.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) . — 2,60 — — —

   Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum sem þær seljast í.

   Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.
8. Af kaffi og kaffibæti alls konar . . . . . 13 aura af hverju pundi.
9. Af sykri og sírópi . . . . . $6^1/_2$ eyri — — —
10. Af tegrasi . . . . . 50 aura — — —
11. Af súkkulaði . . . . . 25 — — — —
12. Af kakaódufti . . . . . 13 — — — —
13. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum . . 40 — — — —
14. Af súrum berjasafa (»súrsaft«) . . . . . 30 — — hverjum potti.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Þó skal greiða aðflutningsgjald, það er ræðir í 1.—5. tölul. 1. gr., af vörum þeim, er flytjast til landsins eftir 24. febr. 1909.

Nd. **80. Frumvarp**

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í neðri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir þau eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Ósk brúðhjónanna um, hvar og hvenær hjónavígslan skuli fara fram, skal valdsmaður taka til greina að svo miklu leyti sem hentugleikar hans leyfa. En gjalda skal honum ferðakostnað, er til kemur, samkvæmt lögum (sbr. 6. gr. l. 19. febr. 1886).

Nd. **81. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Flutningsm.: Sigurður Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Sigurður Gunnarsson og Stefán Stefánsson (2. þm. Eyf.).

1. gr.

Breytingar á lögum um skipun prestakalla eru þær, er nú skal greina:

I. Árnesprófastsdæmi

1. Hraungerði: Hraungerðis og Laugardælasóknir.
2. Gaulverjabær: Gaulverjabæjar og Villingaholtssóknir.
3. Stokkseyri: Stokkseyrar- og Eyrabakkasóknir.
4. Arnarbæli: Arnarbælis-, Hjalla- og Reykjasóknir.
5. Selvogsþing: Strandar- og Krísuvíkursóknir.

II. Kjalarnesprófastsdæmi.

6. Staður í Grindavík: Staðar- og Kirkjuvogssóknir.
7. Útskálar: Útskála-, Hvalsnes- og Keflavíkursóknir.
8. Kálfatjörn: Kálfatjarnar- og Njarðvíkursóknir.
9. Garðar: Garða- og Bessastaðasóknir.

10. Reykjavík: Reykjavíkursókn.
11. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Brautarholts- og Viðeyjarsóknir.
12. Reynivellir: Reynivalla- og Saurbæjarsóknir.

III. Mýraprófastsdæmi.

13. Staðarhraun: Staðahrauns- og Akrasóknir.

IV. Snæfellsnessprófastsdæmi.

14. Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels-, og Kolbeinsstaðasóknir.
15. Staðarstaður: Staðarstaðar- og Búðasóknir.

V. Eyjafjarðarprófastsdæmi.

16. Vellir í Svarfaðardal: Valla-, Tjarna-, Urða- og Ufsasóknir.
17. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla, og Stærri-Árskógssóknir.
18. Bægisá: Bægisár-, Bakka- og Myrkársóknir.

2. gr.

Prestakallaskipun þessi kemur í stað þeirrar, er sett er með lögum um skipun prestakalla nr. 45 frá 16. nóv. 1907, 1. gr. VI. 33—35; VII., 36—40: IX. 47; X. 48 og XVIII., 93—94.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal færa breytingar þær, er ræðir um í þeim, inn í lögin nr. 45, frá 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

Ed.

82. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Vér, sem háttv. Ed. alþingis kaus í nefnd til að athuga frv. þetta, höfum íhugað það og rætt á nokkrum fundum.

Frumvarpið fer fram á það eitt, að fært verði niður lágmark á söluverði byggingarlóða á þeim hluta Arnarhólstúns, er með lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 er heimilað að selja, — úr 5 kr. niður í 2 kr. 50 a.

Sú staðreynd, að engin byggingarlóð hefir selst úr Arnarhólstúni síðan nefnd lög voru sett, virðist ein út af fyrir sig nægja til að vekja spurninguna: er lágmarkið 5 kr. eigi of hátt sett?

Væntanlegar byggingarlóðir við höfnina sjálfa verðum vér að vísu að álíta svo verðmætar vegna fjörunnar fram af þeim, að óhugsandi sé, að 5 kr. lágmarkið geti verið of hátt sett að því er til þeirra kemur, ef fjaran fram undan er látin fylgja þeim. Aftur á móti þykir oss ekki að eins hugsanlegt, heldur jafnvel eigi ólíklegt, að þetta lágmark kunni að vera of hátt sett á önnur svæði

sölulóðarinnar, og að það atriði hafi átt sinn þátt í því, að engin lóð hefir selst af því til þessa, enda þótt eigi sé ástæðulaust að ætla, að óvenjulega háir bankavextir og peningaekla hafi og valdið nokkru um.

Fyrir því erum vér hæstv. stjórn samdóma um, að rétt sé að færa lágmark söluverðsins niður að verulegum mun.

En með því að svæði það, er söluheimildin nær til, liggur miðsvæðis í höfuðstað landsins, og sumt af því meðfram breiðu og myndarlegu stræti, álítum vér verðmæti þess í sjálfu sér svo mikið, — hvað sem líður verðfalli á byggingarlóðum í Reykjavík nú um stundar sakir, — að eigi sé ástæða til að færa lágmarkið svo mjög niður, sem í frv. er til ætlast, en að niðurfærsla ofan í 3 kr. lágmark sé nægileg til þess, að tilgangi frumvarpsins verði borgið.

Fyrir því leggur nefndin það til, að frumvarpið verði samþykt með þeirri einni breyting, að

í stað: 2 kr. 50 aur. komi: 3 kr.

Alþingi 2. marz 1909.

J. Havsteen, form.	Sigurður Hjörleifsson.	Jens Pálsson, skrifari og framsögum.

Nd.

83. Frumvarp

til laga um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.

eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva tré eða hrís öðru vísi en svo, að höggvið sé innan úr eða að eins grisjaður skógurinn eða kjarrið. Ekkert svæði má berhöggva. Birkirunnum og birkirótum má ekki kippa upp. Ekki má heldur rífa fjalldrapa, víði, beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng né mel. Mosa má og ekki rífa nema á skóg- og kjarrlausu mýrlendi.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógræktarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem skógur er eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir samkvæmt reglum þeim, sem getur um í 2. gr., gefa fyrirskipanir um, hvernig skógar eða kjarr skuli höggvið. Eigandi eða nothafi skógar eða kjarrs skal skyldur að fylgja skógræktarstjóra eða skógarverði út í skóginn eða kjarrið, svo þeir geti leiðbeint honum að því er snertir framkvæmd á fyrirskipunum

þeim, sem þeir gefa um meðferðina. Eigandi eða nothafi skal og skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu og tæki til þess að höggva á alt að 200 ferhyrningsfaðma svæði í skógnum eða kjarrinu til þess að sýna hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendum og notendum skóga og kjarrs skal skylt að heimila skógræktarstjóra, skógarvörðum og þeim, sem með þeim fylgjast á eftirlitsferðum þeirra, svo og hreppstjórum og öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, tálmunarlausa umferð um land sitt, hvort sem girt er eða ógirt.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra, ef fé er veitt til þess úr landssjóði, að taka alt að 6000 ferhyrningsfaðma stórt skógar- eða kjarrsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar, og skal svæðið girt. Á þessum svæðum má ekkert höggva nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn til þess að kynna sér fyrirskipanir þeirra, að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með, hvort framkvæmdar séu. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 4 kr. um daginn, er greiðast úr landssjóði.

7. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sérstaklegar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhversstaðar horfir til stórskemda eða auðnar fyrir þá sök, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo farið verði fram á nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu löggjafarvaldsins til varnar eyðileggingu.

8. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðarákvæðunum í 1. gr. þessara laga. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðar ber málið undir stjórnarráðið, og ákveður það svo, hvað gera skuli frekar í málinu.

9. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 5 til 100 kr. til landssjóðs, og fer um mál út af þeim brotum sem um almenn lögreglumál.

Ed. **84. Frumvarp**

til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. liður 26. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum.

Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkv. prestakallaskipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum, þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögunum, gangi presturinn að þeim breytingum. Enn fremur hafa allir prestar þennan rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.

Nd. **85. Frumvarp**

til laga um almennan ellistyrk,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóð handa ellihrumu fólki. Í sjóð þennan rennur styrktarsjóður handa alþýðufólki, sem til er í kaupstaðnum eða hreppnum.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, er nemur 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann til sjóðsins það ár.

2. gr.

Gjaldskyldir til ellistyrktarsjóðsins eru allir, karlar og konur, sem eru fullra 18 ára og ekki yfir 60 ára, nema þeir, er nú skal greina:

a. Þeir, sem njóta sveitarstyrks.
b. Þeir, sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá, sem og þeir, er fyrir heilsubrest eða af öðrum ósjálfráðum ástæðum eigi geta unnið fyrir kaupi, ef þessir menn hvorirtveggja að áliti hreppsnefndar eru fyrir fátæktar sakir ekki færir um að greiða gjaldið, enda greiði ekkert aukaútsvar.
c. Þeir, sem sæta hegningarvinnu.
d. Þeir, sem hafa trygt sér fé til framfærslu eftir 60 ára aldur, að upphæð 150 kr. á ári að minsta kosti.

3. gr.

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í styrktarsjóðinn 1 kr. 50 a. á ári, en kvenmaður 75 aura.

4. gr.

Í ellistyrktarsjóð rennur gjald fyrir leyfisbréf til lausamensku samkv. 1. gr. í lögum nr. 3, 2. febr. 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

5. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, er gjaldskyldir eru í hreppnum til styrktarsjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórnin kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar; sé vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin. Á skrána skulu þeir settir, sem eru fullra 18 ára hinn 1. janúar, og sömuleiðis þeir, sem ekki eru fullra 60 ára hinn sama dag. Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð er stjórnarráðið útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur til að láta nefndum þessum í té skýrslur þær, er nauðsyn krefur, úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

6. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til ellistyrktarsjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra svo sem nú segir:

a. Kvongaðir menn eiga að inna af hendi styrktarsjóðsgjald fyrir konur sínar, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda séu þau til heimilis í sama hreppi.
b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi styrktarsjóðsgjald fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
c. Húsbændur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt.
d. Iðnaðarmenn eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
e. Kaupmenn, verzlunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim, ef þeir ekki sjálfir eiga heimili forstöðu að veita.
f. Húsráðendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra, sem þá skulu sjálfir greiða gjaldið. Þeir, sem greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra, hafa rétt til þess, að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum

7. gr.

Skrár þær, er gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til ellistyrktarsjóðanna, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúarmánaðar ár

hvert, á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, og skal auglýst með viku fyrirvara, hvar skrárnar verði lagðar fram.

8. gr.

Nú álítur einhver, að maður sé ranglega talinn á skránni eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúarmánaðar koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfsmánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marzmánaðar til fullnaðarúrskurðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefir sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfélögum, og hefir hann þá rétt til að fá gjaldið endurgoldið úr styrktarsjóðnum í því sveitarfélagi, sem hann átti ekki lögheimili í 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan ársloka.

9. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins. Innheimtumenn fá 2% fyrir gjaldheimtuna.

10. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppum sýslumenn, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin stjórnarráðinu árlega skýrslu um hag ellistyrktarsjóðanna; sams konar skýrslu sendir sýslunefndin stjórnarráðinu. Í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag styrktarsjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

11. gr.

Árgjöld til ellistyrktarsjóðanna má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak eða fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, og hafa styrktarsjóðsgjöld sama forgangsrétt í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

12. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta $^2/_3$ hlutum af gjaldi því, er það ár ber að greiða til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, og enn fremur hálfum styrk þeim, er lagður er til styrktarsjóðsins úr landssjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

13. gr.

Sýslumaður skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýra hreppsnefndunum frá því, hve mikil upphæð komi til úthlutunar á árinu úr styrktarsjóðum hrepp-

anna, og hin sama skylda hvílir á bæjarfógetanum gagnvart bæjarstjórn, en hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan birta þetta í hreppnum eða kaupstaðnum á venjulegan hátt fyrir lok ágústmánaðar.

14. gr.

Styrk þann, er árlega skal úthluta, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir ellihrumum fátæklingum, sem eru fullra 60 ára að aldri eða þar yfir, og heima eiga í hreppnum eða kaupstaðnum, án tillits til þess hvar þeir eru sveitlægir, svo framarlega sem umsækjandi á framfærslurétt hér á landi og hefir ekki þegið sveitarstyrk 5 síðustu árin; þó er sveitarstjórn heimilt að veita konu, er skilið hefir við mann sinn að borði og sæng eða að lögum eða orðið ekkja, ellistyrk, þótt maður hennar hafi þegið sveitarstyrk meðan þau voru saman og eigi séu liðin 5 ár frá því hann þáði af sveit.

Þegar sérstakar, knýjandi ástæður eru fyrir hendi, er sveitarstjórn enn fremur heimilt að veita styrk þann, er hér um ræðir, heilsubiluðum fátæklingum, þótt ekki séu þeir orðnir sextugir að aldri.

Styrkur til lækninga, borgun fyrir meðöl, sjúkrahúsvist, umbúðir og slíkt, telst eigi sveitarstyrkur, þá er um ellistyrk er að ræða.

Við úthlutun styrksins skal einkum hafa fyrir augum, hve mikil og brýn þörf umsækjanda er og hvort hann er reglusamur og vandaður maður.

15. gr.

Þeir, er vilja fá styrk úr ellistyrktarsjóði, skulu fyrir lok septembermánaðar ár hvert senda skriflega beiðni um styrkinn til hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og á umsóknarbréfið að fela í sér þær upplýsingar, sem með þarf til þess að geta dæmt um verðleika umsækjanda.

Beiðninni skulu fylgja vottorð einhvers málsmetandi manns um það, að upplýsingar þær, er í beiðninni standa, séu sannar.

16. gr.

Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist fyrir eitt ár í senn, og má ekki vera undir 20 krónum og ekki yfir 200 kr.

Landsstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrksins.

17. gr.

Ef engin umsókn um styrk úr ellistyrktarsjóði berst til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða aðrar gildar ástæður valda því, að eigi þykir rétt að úthluta öllu því fé, sem um er rætt í 11. gr., skal það, sem afgangs verður, lagt við innstæðu sjóðsins.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910 og ber að innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1910.

19. gr.

Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 og lög um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 18. desbr. 1897 eru úr lögum numin.

Nd.

86. Frumvarp

til laga um fiskimat.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Allur saltfiskur, sem fluttur er héðan af landi og fara á til Spánar eða Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns. Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, er hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns ritað á farmskrárnar.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar bæði við útskipun og í útflutningsskipunum skulu settar í erindisbréfum yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

2. gr.

Ráðherrann skipar yfirmatsmennina, og skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf, um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

3. gr.

Þessir yfirfiskimatsmenn skulu þegar skipaðir og laun þeirra greidd úr landssjóði:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi: árslaun hans eru 2000 kr. Hann er jafnframt ráðunautur stjórnarráðsins í þeim málum, sem viðkoma fiskimati og fiskverkun.

2. Yfirmatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandasýslu; árslaun hans eru 1800 kr.

3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi; árslaun hans eru 1600 kr.

4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norðan frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum, árslaun hans eru 1600 kr.

5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmanneyjum. Umdæmi hans eru Vestmanneyjar og Vík í Mýrdal og árslaun 800 kr.

Tölu yfirfiskimatsmanna má auka með fjárveiting á fjárlögum og verður þá gerð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskiútflutningsstað svo marga, sem yfirfiskimatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans. Þeir skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir eiðstaf, sem stjórnarráðið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem þeir eru búsettir í, til þess að meta saltfisk til útflutnings, skulu útflytjendur greiða þeim í fæðispeninga 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir nauðsynlega þurfa að vera að heiman í þeim erindum, og ferðakostnað, hvorttveggja eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman. Nú er í sömu ferðinni metinn fiskur fyrir fleiri en einn útflytjanda og skal þá jafna þessum kostnaði niður á þá í réttu hlutfalli.

Kaup fiskimatsmanna fyrir störf þeirra við fiskimat greiða útflytjendur saltfisksins þeim, eftir því sem nánara verður ákveðið í erindisbrjefum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn og fiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipinu eða öðrum, sem við skipið eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum þessum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki heldur vera í þjónustu kaupmanna eða annara, sem láta meta fisk til útflutninga.

7. gr.

Auk starfa sinna við mat á saltfiski til útflutnings, skulu yfirfiskimatsmennirnir skyldir að ferðast um í umdæmum sínum eftir samráði við stjórnarráðið og leiðbeina mönnum í fiskimeðferð og líta eftir henni. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr landssjóði eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar. Nú framkvæma þeir jafnframt fiskimat á þessum ferðum og skal þá tiltölulegur hluti ferðakostnaðarins greiddur af útflytjendum þeim, sem fiskur hefir verið metinn fyrir.

8. gr.

Sá sem flytur út eða lætur flytja út saltfisk til Spánar eða Ítalíu, án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann samkvæmt þessum lögum, sæti 100 til 3000 kr. sektum til landssjóðs.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Nd. **87. Frumvarp**

til laga um verzlunarbækur.

Flutningsmenn Jón Ólafsson og Jón Jónsson S.-M.

1. gr.

»Kaupmenn« táknar í lögum þessum þá menn, sem reka verzlun sér til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabréfi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir er reka verksmiðju-iðnað sér til atvinnu. Það á jafnt við félög sem einstaklinga, alla þá sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskifta-framleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sín.

2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti í frumbók (Prima Nota, Memorial eða Journal), daglega jafnsnart sem þau fara fram, og skal sú bók vera gegnumdregin og innsigluð af notarius publicus og blaðsíður allar tölumerktar, og löggilt með því.

3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók og Bréfabók. Í Sjóðbók skal rita allar greiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita reikninga einstakra skiftavina. Í Bréfabók skal vera samrit bréfa, er snerta viðskifta-atvinnuna.

4. gr.

Það varðar refsingu, sektum, fangelsi eða betrunarhússvinnu eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlunarbók, eða að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því sem eitt sinn er ritað, skal leiðrétta það, annaðhvort með annari innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við er vanritast hafði, eða þá á þann hátt, að stryka út það sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það er út var strykað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spázziu eftir því sem bezt hentar.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru til að halda löggiltar bækur skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni á ári hverju, og færa það inn í sérstaka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjálfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög

þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu efnum fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi eða betrunarhússvist.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan missiris frá því er hún féll í gjalddaga, ef hún er til orðin fyrir 1. júli, eða innan árs, ef hún er til orðin síðari hluta árs, og skal þá það sem skráð er í löggilta frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þviuml., og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sérstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sín innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi, er bækur beggja eru löggiltar, þær er innfærslurnar eru í.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hagnýta sér sönnunar-gildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaranum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni, sem máli skiftir), er staðfest sé af notarius publicus. Sé endurrit notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sé, að því er af útliti verður séð, löglega rituð og skipulega.

Nd. **88. Frumvarp**

til laga um útsölustaði kaupmanna.

Flntningsmenn Jón Ólafsson og Jón Jónsson S.-Ms.

Opið bréf dagsett 7. apríl 1841 um útsölu kaupmanna (o. fl.) er úr lögum numið að því er til Reykjavíkur kemur eða þeirra kaupstaða annarra, er hafa 2000 íbúa eða meira.

Nd.

89. Skrá

yfir erindi til alþingis 1909,

lögð fram í lestrarsal þingsins frá þingbyrjun til 1. marz.

(Svigatalan aftan við skjölin sýnir töluröð þeirra á lestrarsalnum).

A. Erindi um fjárveitingar.

1. Beiðni um ellistyrk frá Gísla Guðmundssyni, Ánanaustum Reykjavík (1).
2. Beiðni frá Birni Jakobssyni um 1000 kr. styrk til leikfimisnáms (3).
3. Beiðni frá sýslunefnd Skagafjarðarsýslu um fé til flutningsbrautar frá Sauðárkrók fram Skagafjörð (5).
4. Beiðni frá Sigurði bóksala Erlendssyni í Rvík um 1400 kr. styrk (6).
5. Beiðni frá stjórn búnaðarskólans á Eiðum um 1000 kr. styrk til að stofna kvennadeild við skólann, með 1 fylgiskjali (7).
6. Beiðni frá stjórn búnaðarskólans á Eiðum fyrir sína hönd og sýslunefnda Múlasýslna um 9000 kr. styrk með þeim skilyrðum, sem beiðnin greinir (8).
7. Erindi frá hreppsnefnd Breiðdalshrepps um að fá veittar 8000 kr. til vegagerðar frá Tinnudalsárbrú til Ásmundarstaða (16).
8. Beiðni frá Jóhanni skáld Sigurjónssyni í Kaupmannahöfn, um 1000 kr. árl. styrk til þess að geta fullgert leikrit, er hann hafi í smíðum (17).
9. Beiðni frá Sigurði Jónssyni lækni í Kaupmannhöfn um 1000 kr. árl. styrk í 2 ár til að afla sér frekari sérþekkingar í sjúkdómsfræði, með 1 fylgiskjali, (22).
10. Beiðni frá Birni Pálssyni á Tvískerjum í Öræfum um 400 kr. styrk árl. til að geta haldist við á býlinu og veitt ferðamönnum fylgd og fararbeina (23).
11. Beiðni frá Jónasi Eirikssyni á Breiðavaði um 1000 kr. styrk í 2 ár til að halda uppi undirbúningsskóla fyrir unga pilta (24).
12. Beiðni frá Iðnaðarmannafélagi Seyðfirðinga um 400 kr. árl. styrk til að halda kvöldskóla fyrir iðnnema, með 1 fylgiskj. (27).
13. Beiðni frá Bindindissameiningu Norðurlands um 1000 kr. styrk (30).
14. Beiðni frá Skriðuhreppi um 8000 kr. lán til skólahúsbyggingar (32).
15. Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu biður um 12000 kr. lán úr viðlagasjóði, til að koma sér upp embættisbústað (34).
16. Beiðni frá A. J. Johnson, Winnipeg, um 7500 kr. styrk á næsta fjárhagstímabili til að efla innflutning Vestur-Íslendinga til Íslands, með 12 fylgiskj. (38).
17. Áskorun frá Skúla Thoroddsen, þm. Norður-Ísfirðinga, til alþingis um að veita nægilegt fé til að hlaða vörður á Þorskafjarðarheiði (40).
18. Beiðni um 400 kr. álag á Viðvíkurkirkju með vöxtum frá 30. júní 1862, með 4 fylgiskj. (43).
19. Beiðni frá Jóni Ófeigssyni cand. mag. um 1000 kr. styrk í næstu 2 ár til að semja þýzk-íslenzka orðabók, 1 fylgiskj. (44).

20. Erindi frá prestinum í Tjarnarprestakalli um að 350 kr. skuld, sem hvíli á prestakallinu, falli niður (49).
21. Beiðni frá Iðnaðarmannafélaginu á Akureyri um 1000 kr. styrk á ári í 2 ár til þess að halda uppi iðnaðarmannaskóla á Akureyri (53).
22. Beiðni frá Þorkeli Þorkelssyni um 1000 kr. styrk til rannsóknar á hverum á Íslandi (54).
23. Beiðni frá Jóninu Sigurðardóttur um 2000 kr. styrk til þess að halda áfram hússtjórnarskóla (55).
24. Beiðni frá Leikfélagi Akureyrar um 800 kr. styrk á ári í 2 ár til þess að geta haldið uppi leikjum á Akureyri, 1 fylgiskj. (56).
25. Erindi frá kvennaskólanefnd Austurlands til þingm. Múlasýslna, með 1 fylgisk. (15).
26. Beiðni frá héraðslæknunum á Akureyri um 600 kr. styrk til að kaupa sótthreinsunarofn handa sóttvarnarhúsinu á Akureyri (57).
27. Beiðni frá Benedikt Bjarnarsyni um 700 kr. styrk í 2 ár til unglingaskólans á Húsavík, 4 fylgiskj. (58).
28. Beiðni frá Jóhannesi Jósefssyni um sem riflegastan styrk til iþróttakenslu og iþróttaiðkana hér á landi (63).
29. Beiðni frá Brynjólfi Björnssyni tannlækni um 1000 kr. árl. styrk til þess að veita fátæklingum ókeypis tannlæknishjálp, 1 fylgiskj. (68).
30. Beiðni frá mótorbátafélaginu »Stígandi« í Borgarnesi um 10,000 kr. styrk í 2 ár til ferða um Hvítá og Norðurá (70).
31. Beiðni frá stjórn Sláturfélags Suðurlands um 60,000 kr. lánveitingu (72).
32. Beiðni frá Ólafi Jónssyni um 1800 kr. styrk í 2 ár til þess að læra að búa til myndamót, 6 fylgiskj. (73).
33. Beiðni frá Vilhjálmi Finsen um 1500 kr. styrk næsta ár til fullnaðarnáms í loftskeytaaðferðum, 3 fylgiskj. (74).
34. Beiðni frá Iðnaðarmannafélagi Ísafjarðar um að minsta kosti 600 kr. styrk um næstu 2 ár til þess að geta haldið uppi kvöldskóla (76).
35. Beiðni frá Guðm. G. Bárðarsyni um 1200 kr. styrk á ári til náttúrufræðisrannsókna. 4 fylgiskjöl (83).
36. Beiðni frá Guðm. Hávarðarsyni um 2500 kr. uppbót á símstauraflutningi 1906, með vottorðum (87).
37. Áskorun til alþingis frá 163 kjósendum í Rangárvallasýslu um að veitt verði úr landssjóði nægilegt fé til að brúa Ytri-Rangá á Ægisíðuhöfða (88).
38. Beiðni frá Böðvari Jónssyni pósti um 100—200 kr. árlegan ellistyrk, 8 fylgiskjöl (91).
39. Beiðni frá hreppsbúum Neshrepps utan Ennis um fé til að gera Krossavík við Hellissand að bátakví, 3 fylgiskj. (90).
40. Erindi frá forstöðumanni Forngripasafnsins um aukin fjárframlög til fornmenjaverndunar og Forngripasafnsins (96).
41. Beiðni frá Einari Hjörleifssyni um 2000 kr. styrk í 2 ár til ritstarfa (97).
42. Símskeyti til þingmanna Múlasýslna um 2000 kr. styrk til mótorbátakaupa á Lagarfljót (94).
43. Beiðni frá Karli Sveinssyni um 300 kr. styrk í næstu 2 ár til að stunda rafmagnsfræði, 2 fylgiskj. (100).

44. Beiðni frá Lárusi Bjarnasyni um 700 kr. styrk til þess að stunda nám í kennaraskóla, 4 fylgiskj. (103).
45. Beiðni frá Höfðhverfingum um 1000 kr. styrk til að byggja sjúkraskýli í héraðinu, 2 fylgiskj. (104).
46. Kaupfélagið Ingólfur á Stokkseyri sækir um 100,000 kr. lán, er afborgist á 10—15 árum, 1 fylgiskj. (105).
47. Beiðni frá Kristni Daníelssyni um hæfilega fjárhæð til að byggja vita á Öndverðanesi (121).
48. Beiðni frá Kristni Daníelssyni um nægilegt fé til þess að mæla og rannsaka talsímaleið frá næstu símastöð að Stað í Súgandafirði (120).
49. Erindi frá Sighv. Árnasyni vegna síra Gísla Kjartanssonar um 400—500 kr. árlegan styrk (119).
50. Tilboð frá yfirréttarmálaflutningsm. Sveini Björnssyni fyrir hönd hlutafélagsins »Gufuskipafélagið Thore« um, að landssjóður gerist hluthafi með 500 þúsund kr. fjárframlagi (118).
51. Áskorun frá bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar um sem ríflegastan fjárstyrk til byggingar nýs barnaskólahúss, og að veitt verði fé til stofnunar gagnfræðaskóla, 3 fylgiskj. (Ed. 18).
52. Beiðni frá Jóhannesi Sveinssyni um 2000 kr. styrk til þess að nema málaralist, 2 fylgiskj. (123).
53. Beiðni frá þingmanni Vestur-Ísfirðinga um fé til að gera veg á Rafnseyrarheiði, 1 fylgiskj. (Ed. 26)).
54. Erindi frá biskupi Íslands um að prófastur Jóhann L. Sveinbjörnsson á Hólmum verði tekinn í 1. launaflokk presta, eða fái árl. launaviðbót, 1 fylgiskj. (126).
55. Beiðni frá hreppsnefnd Laugardalshrepps um 3000 kr. styrk til aðgerðar á þjóðveginum frá Þingvöllum til Geysis (127).
56. Beiðni frá Indriða Helgasyni um 500 kr. styrk til áframhaldsnáms í rafmagnsfræði, 2 fylgiskj. (128).
57. Beiðni frá Einari lagakennara Arnórssyni um 700 kr. launahækkun á ári (129).
58. Beiðni frá Ísólfi Pálssyni um 1500 kr. styrk árl. um næstu 2 ár, til þess að afla sér tekniskrar mentunar erlendis, 2 fylgiskj. (130).
59. Beiðni frá leiðtoga hjálpræðishersins á Íslandi um 500 kr. árl. styrk, 1 fylgiskj. (124).
60. Beiðni frá Rikharði P. Jónssyni um 500—1000 kr. styrk til þess að geta gengið á dagskóla í mótun og teikningu (132).
61. Beiðni frá Ingimundi Stefánssyni um 800 kr. styrk næsta ár, til að ganga á teiknískóla, 1 fylgiskj. (133).
62. Beiðni frá þeim G. G. Zoëga og Þórarni Kristjánssyni um 1000 kr. styrk handa hvorum næsta ár til að halda áfram námi við polytekniskan skóla 131.

B. Ýms önnur erindi.

1. Beiðni frá »Bókasafni Norðuramtsins« um lán á hæstaréttardómasafni alþingis (4).

2. Símskeyti frá alm. hreppsfundi Hrafnagilshrepps, er skorar á alþingi að selja ekki þjóðjörðina Kjarna (9).
3. Erindi frá hreppsnefnd Búðahrepps um að létta af sveitarfélaginu starfrækslukostnaði landsímans, 1 fylgiskj. (13).
4. Erindi frá Ingvari Pálmasyni, Jóni Guðmundssyni og Stefáni Stefánssyni um sérstakt læknishérað í Norðfirði, 1 fylgiskj. (14).
5. Áskorun frá 200 kjósendum á Akureyri til alþingis um að samþykkja sambandslagafrv. það, sem stjórnin væntanl. leggur fyrir þingið, 1 fylgiskj. (28).
6. Áskorun frá 58 konum í Skarðsstrandarhreppi um, að konum verði veitt fullrétti við karlmenn (35).
7. Bænarskrá frá söknarmönnum í hinum fornu Breiðavíkurþingum undir Jökli um að sérstakt prestakall verði þar endurreist með lögum (37).
8. Beiðni frá sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um að taka upp aftur Nauteyrarlæknishérað, 2 fylgiskj. (41)
9. Beiðni frá Kvenréttindafélagi Sauðárkróks- og Viðvíkurhrepps um aukinn kosningarrétt (42).
10. Erindi frá hreppsbúum Hrafnagilshrepps um, að mega sitja fyrir kaupum á jörðinni Kjarna (45).
11. Áskorun frá 389 konum í Húnavatnsþingi um að kvenréttindamálið verði tekið á dagskrá (50).
12. Áskorun frá 91 konu í Seyðisfjarðarkaupstað um að konum verði veitt fult jafnrétti við karlmenn (59).
13. Erindi frá sýslunefnd Árnessýslu um ullarmatsmenn (60).
14. Áskorun frá konum á Stokkseyri um, að konum verði veitt fult jafnrétti við karlmenn (61).
15. Áskorun frá Smjörbúasambandi Suðurlands um að rannsaka hafnarstæði austanfjalls (62).
16. Áskorun frá 30 konum í Álftaneshreppi um að kvenréttindamálið verði tekið á dagskrá (69).
17. Heillaóskaskeyti frá »Helga magra« í Winnipeg (64).
18. Málaleitun frá stjórn Sláturfélags Suðurlands um skip með kælirúmi (71).
19. Áskorun frá 40 ungum mönnum í Ísafjarðarkaupstað um, að lögaldur sé bundinn við 21 ár og honum fylgi öll réttindi slík sem nú er (77).
20. Ársskýrsla bókavarðar Bókasafns Ísafjarðarkaupstaðar og Norður-Ísafjarðarsýslu (78).
21. Ávarp frá 293 verkamönnum á Ísafirði um lög um vinnutíma daglaunamanna, 1 fylgiskj. (80).
22. Erindi um verzlunarlóð Ísafjarðarkaupstaðar (82).
23. Erindi frá Einari listamanni Jónssyni um, að hann gefi Íslandi höggmyndir sínar, 40 að tölu, með því skilyrði, að bygt sé hús yfir þær (84).
24. Beiðni frá 74 prestskjósendum í Gaulverjabæjarprestakalli um að fá settan þar prest (89).
25. Erindi frá Verkamannasambandi Íslands um að flytja kjördaginn frá 10. sept. til 10. okt. (95).
26. Áskorun frá 38 konum í Stykkishólmi um að banna aðflutning áfengis (101).
27. Áskorun frá kvenfélaginu »Von« á Þingeyri um að konum veitist fult jafnrétti við karlmenn (102).

28. Reikningur dr. Valtýs Guðmundssonar um ferðakostnað og dagpeninga (Sþ. 4).
29. Áskorun frá sóknarmönnum Stöðvarprestakalls um að það verði sérstakt kall (113).
30. Skýrsla frá Stefáni Eiríkssyni um teikni- og skurðkenslu árið 1908—1909 (111).
31. Erindi frá búendum Vallanessóknar um að selja ekki hluta úr bújörð prests setursins Vallaness, 1 fylgiskj. (112).
32. Skýrsla um Hvítárbakkaskólann 1908—1909 (Ed. 14).
33. Áskorun frá 568 konum í Ísafjarðarkaupstað um að aðflutningsbannlög á áfengi verði samþykt, 5 fylgiskj. (Ed. 19).
34. Áskorun frá 558 konum í Ísafjarðarkaupstað um að konum veitist fult jafnrétti við karlmenn, 11 fylgiskj. (Ed. 17).
35. Áskorun frá hreppsfundi að Stokkseyri 20. febr. þ. á. um að lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907 verði breytt (122).

Nd.

90. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um heiti á allsherjarstofnunum og störfum á Íslandi, er sambjóði því, að Ísland sé fullveðja ríki og sjálfstætt þjóðland.

Nd.

91. Frumvarp

til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum.

Frá nefndinni um frv. til laga um skipun varabiskups.

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að kaupa landssjóði til eignar hið forna biskupssetur Skálholt í Biskupstungum, jafnskjótt sem jörð sú fæst til kaups, fyrir það verð, er þá semur um.

2. gr.

Þegar kaup þessi eru fullgerð, setur landsstjórnin reglur um afnot og ábúð jarðarinnar.

Nd.

92. Frumvarp

til laga um endurreisn Hólabiskupsdæmis hins forna og um tvo vígslubiskupa á Íslandi.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Verði ríki og kirkja á Íslandi framvegis sem hingað til í sameiningu hvort við annað, skal, þegar næst verða biskupaskifti hér á landi, endurreist Hólabiskupsdæmi hið forna með sömu endimörkum og það hafði áður. Skal yfir því vera sérstakur biskup með 4000 kr. árslaunum, er greiðast úr ríkissjóði Íslands, og skal hann nefnast Hólabiskup og biskupsdæmið Hólabiskupsdæmi. Fer um skipan þess embættis eftir því, sem þá ganga lög í landi.

2. gr.

Upp frá því að breyting sú kemst á, sem fyrir er mælt í 1. gr., skal biskupsdæmi það, er nær yfir Austfirðingafjórðung, Sunnlendingafjórðung og Vestfirðingafjórðung, nefnast Skálholtsbiskupsdæmi og biskup sá Skálholtsbiskup, sem yfir það er skipaður. Skulu því embætti þá fylgja hin sömu laun, sem biskup landsins hefir nú.

3. gr.

Þangað til fyrirkomulag það kemst á, sem getur um í 1. og 2. gr., skulu auk biskups landsins, vera tveir officiales, er nefnast vígslubiskupar, annar í Skálholtsbiskupsdæmi, en hinn í Hólabiskupsdæmi. Þeir skulu kosnir af klerkum hvors biskupsdæmis og staðfestir biskup landsins kosninguna. Skulu þeir hafa biskupsvígslu, og vígir annar þeirra biskup þann, er nú næst kemur, ef svo stendur á, að fráfarandi biskup getur af einhverjum ástæðum ekki gert það. Nú verður ágreiningur um það hvor vígslubiskupa skuli biskup vígja, og skal þá framar ganga vígslubiskup Skálholtsbiskupsdæmis. Vígslubiskupar vígja og presta í forföllum biskups, hvor í sínu umdæmi. Til vígslukostnaðar, þegar þeir vígjast, skulu þeim hvorum fyrir sig greiðast 500 kr. úr ríkissjóði Íslands. Að öðru leyti hafa þeir engin föst laun, en borga skal þeim úr ríkissjóði landsins. eftir reikningi fyrir embættisverk þau, er þeir inna af höndum í forföllum biskups.

Fylgiskjal 1.

Vitnisburður frá 25. Júlí 1641 um takmörk Skálholts og Hólabiskupsdæmis að austan.

[Eptir skjalabók Skálholtsstóls í safni Árna Magnússonar 258. 4to, skrifaðri 1643 fyrir Brynjólf biskup].

Vitnisburður upp á stiktamótin að austan og norðan.

Svofeldan vitnisburð bera þessir sóknarmenn Skeggjastaðakirkju, aðspurðir opinberlega, hver deili þeir vissu á endimörkum Skálholtsstiktis á móts við Hólastikti norðan að Lánganesi og Skeggjastaðasókn, móts við Sauðanes að norðan, Jón Magnússon, Þorkell Þórðarson, Jón Gunnsteinsson, Sigurður Gunnsteinsson, Árni Oddsson, að aldri hefðu þeir annað heyrt né vitað en Skálholtsstikti nái tvímælalaust norður yfir Sköruvík í kamb þann, er menn hyggja nefnist Launguhlíðarkambur, og eigi viti þeir né heyrt hafi þar í mót mælt fyrr né síðar. En um Skeggjastaðasókn segjast þeir heyrt hafa, að Sköruvík og þeir aðrir bæir fyrir utan Gunnólfsvíkurfjall, sem nú er ágreiningur um, hafi undir Skeggjastaðakirkju legið alt fram til þess þeir lögðust frá í tíð síra Stulla heitins Finnboga-

sonar. En hvort það hafi skeð með nokk(ur)ri skikkun eður befalningu, segjast þeir ekki vita. Og þennan sinn vitnisburð handsöluðu þeir biskupinum meistara Brynjólfi Sveinssyni, viljandi þar á frekari staðfestu gera, ef þurfa þykir. Og til sanninda hér um settum vér undirskrifaðir menn, er vitnisburðinn heyrðum og handsölin sáum, vor nöfn með eigin hendi. Skrifað á Skeggjastöðum á Ströndum 1641, 25. Julij.

Pétur Gizursson e. h.

Hallur Árnason m. e. h. — Magnús Guðmundsson e. h.

Fylgiskjal 2.

Dómur frá 10. Agúst 1641 um takmörk Skálholts og Hólabiskupsdæmis að austan.

Eptir skjalabók Skálholtsstóls í safni Árna Magnússonar 258. 4to, skrifaðri 1643 fyrir Bryjólf biskup].

Inntak af dómsgrein, er dæmd var að Vallanesi anno 1641 10. Augusti, af síra Ólafi Einarssyni prófasti í Múlasýslu og fjórtán prestum um Skálholtsstikti, hvað langt nái norður á Lánganesi, og bœina fyrir utan Gunnólfsvíkurfjall.

Bar biskupinn fram vegna síra Marteins Jónssonar, hvort að þær jarðir á Lánganesi fyrir utan Gunnólfsvíkurfjall, milli þess sama takmarks og Sköruvíkur inclusive sex að tölu, virtist eigi fylgja Skálholtsstikti heldur en Hóla. Kom fram fyrir oss útskrifaður dómur með undirskriptum, þar dæmdur er tollur af öllum bæjum undir Skeggjastaðarkirkju milli Stapaár og Sköruvíkur prestinum á Skeggjastöðum til fæðis, datum Ásbrandsstöðum 1587. Í annan máta bar biskupinn fram sóknarmanna vitnisburð á Skeggjastöðum, að aldrei hafi þeir annað heyrt né vitað en Skálholtsstikti nái tvímælislaust norður yfir Sköruvik í kamb þann, er menn hyggja nefnist Launguhlíðarkambur. Og ei vita þeir né heyrt hafa þar í móti mælt fyrr né síðar. Frmavegis aðspurði biskupinn oss alla saman opinberlega, hvort vér vissum annað að bera í þessu efni en greint takmark fylgi og fylgt hafi Skálholtsstikti, hvað hið sama og einninn vitnaði Páll Björnsson og það framar, að hann hefði skatta og biskupstiund meðtekið í sama takmarki, skattinn þá hann hafði umboð í Múlaþingi, en tíundina þá hann hafði umboð nærveranda biskups frá Skálholti. Einninn meðkendum vér aðspurðir af biskupinum, að þetta pláz fylgi og hafi átölulaust fylgt Múlasýslu Vorum vér til samans fjórtán prestar og prófasturinn fimtándi, er þetta meðkendumst og auglýstum. Item kom fram bréf biskupsins skrifað á Skeggjastöðum 25. Julij, er hann skrifar til síra Jóns Bessasonar á Sauðanesi, hvar inni hann óskar síra Jón Bessason vilji til Vallaness leggja þau skjöl og rök, sem hann þykist hafa fyrir þessum jörðum. Óskaði biskupinn nú síra Jóns Bessasonar eður hans umboðsmanns, sem hans vegna færði skjöl og bívísingar í greindu máli, hver að auglýstu þann myndugleika, sem hann hefir til að þjóna þessum jörðum. Óskaði biskupinn af oss endilegs álits, hvort greindar sex jarðir skyldu eptir þessu öllu ekki haldast, vera og verið hafa undir Skólholtsstikti, og þar fyrir undir umsjón og ráðstöfun Skálholtsbiskups það biskuplegu embætti viðvíkur, með því hann vænist kongl. Majsts veitingarbréfi til að annast, umsjá og að sér taka dómkirkjuna í Skálholti og Skálholtsstikti og því forsjón veita, svo sem biskupi hæfir, og nefndi til dómara í þessu máli síra Ólaf Einarsson héraðsprófastinn, en stóð sjálfur upp úr dómsæti. Síðan yfirskoðaði prófasturinn með oss öllum alla þá málspúnkta, sem biskupinn hafði fram fyrir oss lagt og hér fyrir skrifaðir standa. Og með því þetta alt efni var opið og ljóst, þá er þetta vort ljóst og einfalt andsvar til þessarar framsettrar spurningar, að vér vitum, höldum og ályktum áðursagðar sex jarðir Skála, Sköruvík et cetera liggja og legið hafa í Skálholtsstikti og undir Skeggjastaða kirkjusókn, og beri þess vegna biskupinum M. Brynjólfi Sveinssyni öll þau embættis yfirráð yfir greindum jörðum sem yfir öðrum pörtum Skálholtsbiskupsdæmis.

Ólafur Einarsson.
Einar Þorvarðsson.
Vigfús Árnason.
Eirekur Ólafsson.
Sugurður Magnússon.
Hávarður Sigurðsson.
Einar Jónsson.
Guðmundur Ketilsson.
Eirekur Ketilsson.
Gizur Gíslason.
Eirekur Bjarnason.
Rögvaldur Ormsson.
Snjólfur Bjarnason.
Guðmundur Jónsson.
Þorvarður Árnason.

Nd. **93. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við nefnd lög.

Frá Jóni Magnússyni.

Lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við hin sömu lög, og samþyktir samkvæmt lögum þessum, skulu einnig ná til þiljaðra mótorbáta, sem ganga í Vestmannaeyjum og eru ekki stærri en nemi 15 smálestum.

Nd. **94. Frumvarp**

til laga um breyting á 2. gr. laga 13. apríl 1894 um fuglaveiðasamþykt í Vestmannaeyjum.

Frá Jóni Magnússyni.

Í stað fyrra liðs 2. greinar í lögum 13. apríl 1894 nr. 13 um fuglaveiðasamþykt í Vestmannaeyjum komi nýr liður þannig:

Þegar sýslunefndinni virðist nauðsyn til bera að gjöra fuglaveiðasamþykt fyrir sýsluna, skal hún kveðja til almenns fundar, sem auglýstur sé með nægum fyrirvara. Atkvæðisrétt á fundinum eiga allir þeir sýslubúar, er jörð eða jarðarhluta hafa þar til ábúðarafnota.

Nd. **95. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903, og á 1. gr. í lögum um eftirlaun frá 4. marz 1904 og öðrum almennum ákvæðum þeirra laga, að því er tekur til embættis ráðherrans.

Frá Jóni Þorkelssyni og Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa að launum 8,000 kr. á ári á meðan hann gegnir embætti, auk 2000 kr. þeirra, sem honum eru ætlaðar til risnu og 2000 kr. til húsaleigu, á meðan hann hefir ekki embættisbústað. Í eftirlaun hefir hann 1000 kr. á ári og mega þau ekki hærri vera.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **96. Frumvarp**

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í neðri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir þau eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Ósk brúðhjónanna um, hvar og hvenær hjónavígslan skuli fara fram, skal valdsmaður taka til greina að svo miklu leyti sem hentugleikar hans leyfa. En gjalda skal honum ferðakostnað, er til kemur, samkvæmt lögum (sbr. 6. gr. l. 19. febr. 1886).

Nd. **97. Nefndarálit**

um frv. til laga um þjóðmenjasafn Íslands (þingskjal 41).

Nefndin hefir kynt sér ásigkomulag Forngripasafnsins eins og það er nú, og hefir borið sig saman við forstöðumann þess um frv. það, sem hér liggur fyrir. Er nefndin öll á einu máli um það, að húsakynnum þeim, sem safnið nú hefir, sé svo háttað. að varla sé nokkur tiltök fyrir einn mann að halda því opnu fyrir almenning og gæta þess um leið forsvaranlega.

Hitt hefir nefndina greint á um, hvort hægt væri að ráða nokkra bót á þessu nú þegar. Meiri hlutinn hefir litið svo á, að nauðsyn bæri til að þetta mikla og merkilega safn yrði að vera svo aðgengilegt fyrir almenning, sem frekast eru föng á, og að ekki mætti því láta dragast úr hömlu að veita nokkuru frekara fé til umsjónar safninu, svo að afnot þess geti verið nokkurn veginn greið. Er það auðsætt, að forstöðumaður þess getur á engan hátt komist af án þess að hafa aðstoðarmann og enda fleiri menn til gæzlu, hvort sem hann er sjálfur við eða ekki. En auk þess verður forstöðumaðurinn samkvæmt fornmenjalögunum frá 16. nóv. 1907 mikinn part af sumrinu að vera í ferðalögum úti um land til þess að skrásetja fornmenjar landsins, og það er einmitt þann tíma ársins, sem safnið er mest sótt bæði af innlendum mönnum og útlendum. Safnið er og orðið mjög umfangsmikið og mikið við það að starfa. Flutningsmanni frv. og skrifara nefndarinnar þótti því bæði sanngjarnt, að forstöðumaður safnsins fengi nokkur sérstök laun fyrir starfa sinn, af því að laun þau er honum eru ætluð sem fornmenjaverði (1800 kr.) eru svo lág, að ekki er hægt fyrir mann kvæntan og heimilisföður að komast sæmilega af með þau, — og það kannast öll nefndin við. Svo og telur sami nefndarmaður, að skipa beri sérstakan aðstoðarmann við safnið. En til samkomulags hefir hann þó gengið að því, heldur en að safninu sé engin úrlausn gerð, að forstöðumanni safnsins verði veittar 1000 kr. til umsjónar á safninu og að honum sé þá jafnframt gert að skyldu að taka sér fastan aðstoðarmann, er hann svo sjálfur borgi af þessum 1000 kr. Fellur þá niður 3. gr. frv.

Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt, að safnið sé á tímabilinu frá 15. júní til 15. sept. opið 2 klukkustundir á dag, en um vetrartímann þykir sem nægja muni, sé því haldið opnu 2 klst. á dag þrisvar í viku.

Um safn þetta eru engin lög né reglur til, sem þó er nauðsynlegt að sé. Við ráðum því deildinni til að samþykkja frv. með þessum breytingum:

1. Aftan við 2. gr. bætist: »og launa þar af aðstoðarmanni eftir því, sem þörf krefur«.
2. 3. gr. falli burt, og breytist greinatalan samkvæmt því.
3. Við 4. gr. (sem verður 3. gr.). Eftir orðin: »burt af safninu« bætist inn: »né farga þeim«.
4. Við 4. gr. Orðin: »og því síður . . . . . á nokkurn hátt« falli burt.

Alþingi 2. marz 1909.

Jón Þorkelsson skrifari. Einar Jónsson.

Eg hefi ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumvarp þetta, nema að mjög litlu leyti.

Eg lít svo á, að stjórnin mundi að sjálfsögðu hafa lagt það til, að meira fé væri lagt til forngripasafnsins í fjárlagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir alþingi, ef brýn þörf væri hinnar auknu fjárveitingar, sem í frumv. felst. Það er auðsætt, að stjórnin telur unt að fylgja lögum frá síðasta þingi um verndun fornmenja, og að annast forngripasafnið viðunanlega með því fjárframlagi, sem hún áætlar í fjárlagafrv. Þegar af þeirri ástæðu tel eg ekki nauðsynlegt að samþykkja frv þetta. Auk þess felst í frumv. vísir fasts embættis við safnið. En að svo stöddu tel eg mjög óráðlegt að stuðla til þess, að sá vísir nái fullum þroska.

Af framangreindum ástæðum hlýt eg að ráða hinni háttv. deild til að fella frumv. þetta.

Alþingi 2. marz 1909.

Hálfdán Guðjónsson
formaður.

Nd.

98. Frumvarp

til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri innan sýslu viðvíkjandi kornforðabúrum til skepnufóðurs.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða vera hagfelt að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til fundar í hreppi þeim eða

svæði því, sem ætlast er til, að samþyktin nái yfir, og eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrétt hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim er getur um í 2. gr. leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveða til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyr en að ári liðnu.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um stjórn kornforðabúrsins. Þar skal og kveða á um tillög til forðabúrsins, útlán á korni og endurgreiðslu þess, endurnýjun kornsins og viðhald forðabúrsins. Enn fremur skal tiltekið um eftirlit það, er þarf til þess, að samþyktarinnar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Öll gjöld til kornforðabúrsins, svo og útistandandi skuldir þess, má taka lögtaki samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

7. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20, kr. er renna til Kornforðabúrsins.

8. gr.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed.

99. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Frá Kristni Daníelssyni.

1. breyt.till. við 1. gr.:
   1. gr. öll falli burtu.
2. breyt.till. við 2. gr. (sem verði 1. gr.).
   Orðin: »í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr« falli burtu.
3. breyt.till. við 3. gr. (sem verði 2. gr.):
   Í stað tveggja fyrstu málsgreina komi svo hljóðandi málsgrein:
   Hver prestur skal á ári hverju senda héraðslækni skýrslu um alla, sem dáið hafa í prestakallinu á næstliðnu ári og tilgreina dauðamein þeirra, samkvæmt þeirri vitneskju er 1. gr. ræðir um. Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur.

Nd.

100. Tillaga

til þingsályktunar

Frá Hálfdani Guðjónssyni og Birni Sigfússyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að láta verkfræðing skoða og gera áætlun um vitabygging á Grímsey í Steingrímsfirði og á Skaga austan Húnaflóa, brúarstæði á Miðfjarðará á leiðinni frá Króksstaðamelum út að sjó og öðrum þeim ám í Húnavatnsþingi, sem eru á póstleiðinni og ekki eru þegar ákveðin brúarstæði á, og ennfremur að láta mæla upp hinar löggiltu hafnir við Hvammstanga og Lambhúsvík.

Nd.

101. Fyrirspurn

til ráðherra Íslands.

Frá Benedikt Sveinssyni.

Hver árangur hefir orðið af tillögu til þingsályktunar á þingskjali 575 í Alþt. 1907, þar sem neðri deild ályktaði að skora á stjórnina, að gera ráðstafanir til þess, að landinu yrði skilað aftur skjölum þeim og handritum, sem léð voru fyrrum Árna Magnússyni úr ýmsum opinberum skjalasöfnum hér á landi, en ekki hefir verið skilað til þessa?

Ed.

102. Frumvarp

til laga um dánarskýrslur.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í té ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dauðadag, dauðaár og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og ekki er auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja héraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr., auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf héraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftrunardags) færa í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur beztar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishéraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda héraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Héraðslæknir rannsakar skýrslurnar, að því er dauðamein snertir, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt héraðið eftir tyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Nd.

103. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

Frá Stefáni Stefánssyni, 2. þm. Eyf.

Heimild sú sem ráðherra Íslands er veitt, í lögum nr. 50 16. nóvbr. 1907, til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir sínar, skal einnig ná til hjáleigna þeirra, sem eru sérstakt ábýli.

Ed.

104. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Skaftárós.

Flutningsm. Gunnar Ólafsson.

Við Skaftárós í Vestur Skaftafellssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed.

105. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Kúðaós.

Flutningsm. Gunnar Ólafsson.

Við Kúðaós í Vestur-Skaftafellssýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd.

106. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl.

Flutningsm.: Skúli Thoroddsen.

Ísafjarðarlæknishéraði skal skift í eftirnefnd tvö læknishéruð:

Ísafjarðarhérað: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi. Læknissetur í Ísafjarðarkaupstað.

Nauteyrarhérað: Snæfjallahreppur, Nauteyrarhreppur, Reykjarfjarðarhreppur og Ögurhreppur, nema Vigur. Læknissetur á Langadalsströnd.

Nd.

107. Frumvarp

til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 3. gr. laga (nr. 86) 22. nóv. 1907, sbr. 5. gr. laga (nr. 75) 22. nóv. s. á., að því er kemur til kosningarréttar, kjörgengis o. fl. í bæjarmálum í Reykjavík og í Hafnarfirði, skulu og gilda í öðrum kaupstöðum landsins, sem og í hreppsfélögunum hér á landi.

2. gr.

Vinnuhjú hafa og kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga, svo sem segir í 1. gr., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem þar eru sett, að því er snertir karla og konur, sem eigi eru öðrum háð sem hjú.

Nd. **108. Frumvarp**

til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. liður 26. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum.

Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkv. prestakallaskipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum, þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögunum, gangi presturinn að þeim breytingum. Enn fremur hafa allir prestar þennan rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.

Ed. **109. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

Nefnd sú, er háttvirt deild hefir kosið til að íhuga mál þetta, ræður til að samþykkja frumvarpið og hraða því svo með afbrigðum frá þingsköpum, að það geti orðið afgreitt sem lög frá þinginu í síðasta lagi um miðjan þ. m.

Þó vill nefndin ráða deildinni til að taka inn í 1. gr. frumvarpsins ákvæði um toll á brendu kaffi til þess að girða fyrir, að menn komist hjá tollhækkuninni með því að kaupa brent í stað óbrends kaffi, og leggur nefndin til, að tollur á því sé 5 au. hærri pr. pd., er samsvarar þyngdarmuninum.

Ennfremur er það álit meirihl. nefndarinnar, að rétt sé að fella burt viðbót þá við 3. gr. frumvarpsins, er háttv. Nd. samþykti, þar eð þetta óeðlilega ákvæði, að láta lög eða kafla úr lögum gilda áður en þau verða til, sé óheppilegt fordæmi fyrir síðari löggjöf, óþarflega hart, komi misjafnt niður og muni eigi afla landssjóði verulegs tekjuauka.

Vér ráðum því háttv. deild til að samþykkja þessar breytingartilögur við frumvarpið.

1. Við 1. gr:
   a. við lið 8. Framan við orðið »kaffi« komi: óbrendu.
   b. Aftan við lið 8 komi nýr liður svohljóðandi:
      9. Af alls konar brendu kaffii . . . . . 18 — — —
      Breytist liðatalan eftir því.
2. Við 3. grein:
   Málsgreinin: »Þó skal . . . . . 24. febr. 1909« falli burtu.

Efrideild alþingis 4. marz 1909.

Með fyrirvara
Sigurður Stefánsson, formaður.

Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.

August Flygenring.

Kristinn Daníelsson.

Með fyrirvara
Gunnar Ólafsson.

Nd.

110. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 10. nóv. 1905 um þingsköp handa alþingi.

Flutningsm.: Björn Jónsson, Björn Kristjánsson, Hálfdán Guðjónsson, Sigurður Gunnarsson, Bjarni Jónsson frá Vogi.

49. gr. í lögum 10. nóv. 1905 um þingsköp handa alþingi er úr lögum numin.

Ed.

111. Frumvarp

til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

Flutningsmaður: Eiríkur Briem.

1. gr.

Veðdeild landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf alt að 3 miljónum króna til viðbótar bankavaxtabréfaupphæð þeirri, sem hún má gefa út samkvæmt lögum 12. janúar 1900 um stofnun veðdeildar í landsbankanum í Reykjavík og viðaukalögum við þau 25. september 1902, sem og lögum 20. október 1905 um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út nýjan flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

2. gr.

Um bankavaxtabréf þau, sem gefin verða út samkvæmt þessum lögum og kölluð verða 3. flokkur (seria) vaxtabréfanna, gilda allar hinar sömu reglur og settar eru með áminstum lögum 12. jan. 1900, sbr. tilvitnuð lög 25. sept. 1902 og lög 20. oktbr. 1905, að svo miklu leyti eigi eru settar aðrar reglur með eftirfarandi greinum þessara laga.

3. gr.

Landsbankinn leggur til tryggingarfé fyrir 3. flokki bankavaxtabréfanna, og skal það aldrei nema minni upphæð en $^1/_6$ af verðhæð útgefinna bankavaxtabréfa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarféð skal vera að helmingi í ríkisskuldabréfum og að helmingi í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, útgefnum samkvæmt lögum frá 12. janúar 1900 og 25. sept. 1902, sem og lögum 20. oktbr. 1905, og skal upphæð tryggingarfjárins miðast við gangverð nefndra verðbrjefa. — Landsstjórnin varðveitir tryggingarféð, en vextir af því renna í landsbankann.

4. gr.

Ráðherra Íslands og stjórn Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin.

5. gr.

Veðdeildinni skal heimilt að veita bæjarfélögum, sýslufélögum og sveitarfélögum lán, er samþykt séu af stjórnarráði Íslands, gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélagsins.

6. gr.

Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gerist þess eigi þörf að þau séu vátrygð, ef verð þeirra nemur ekki $^1/_4$ af virðingarverði jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sérstaklega og vátryggja, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni, sbr. 7. gr. í nefndum lögum 12. janúar 1900.

7. gr.

Þegar bankastjórnin eftir kröfum lágþega og samkvæmt 9. gr. nefndra laga 12. jan. 1900 á að annast um að koma bankavaxtabréfum í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, er henni heimilt að selja þau svo sem þau ganga bezt eða taka þau eftir gangverði.

8. gr.

Þá er bankastjórn heimilt að telja veðdeildarlán eða eftirstöðvar þess komnar í gjalddaga án uppsagnar, ef skuldunautur vanrækir að halda húseignum viðunanlega vátrygðum, sem áskilið er að vátrygðar séu, sbr. 10. gr. og 7. gr. nefndra laga 12. jan. 1900.

9. gr.

Samkvæmt 11. gr. nýnefndra laga skulu skuldunautar veðdeildarinnar greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við deildina og til varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Tillagið til að borga kostnað við deildina og gjaldið til varasjóðs skal vera $^1/_2$ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, og afborgunargjaldið má eigi vera minna en svo, að láninu sé lokið á 50 árum, sé veðið jarðeign, á 35 árum, sé veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sé veðið timburhús, og á 15 árum, sé veðið torfhús. Sé lánið bæjar-, sýslu eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

10. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

11. gr.

Sérstakan reikning skal halda fyrir 3 flokk bankavaxtabréfanna, og skal þeim til tryggingar vera sérstakur varasjóður, en í hann renna tekjur veðdeildarinnar eftir þessum lögum. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða alt að því 2000 kr.

12. gr.

Ákvæði þessara laga snerta að engu leyti bankavaxtabréf þau, sem gefin eru út samkvæmt framannefndum lögum 12. jan. 1900 og 25. sept. 1902 og 20. okt. 1905.

Nd. **112. Frumvarp**

til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

Frá nefndinni um verzlunarmál og atvinnumál.

1. gr.

Í skuldamálum, er nema eigi meiru en 50 krónum, skal sáttanefnd, ef skuldheimtumaður krefst þess, kveða upp fullnaðarúrskurð:

a. Þegar kærði þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins mætir ekki og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann frá að mæta eða láta mæta fyrir sig.
b. Þegar skuldunautur eftir áskorun sáttanefndar um að gefa skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, viðurkennir afdráttarlaust að hann sé skyldur að borga hana, eða skrifleg viðurkenning liggur fyrir, en hann vill þó ekki sættast, eða eigi er auðið að koma á sætt milli málsaðila um aukaatriði, svo sem borgunartíma, vexti og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við málið.

Sáttanefndin ritar í sáttabókina og les upp fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, viðurkenning skuldunauts og mótmæli hans, svo og sáttaboð þeirra beggja.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda þó eigi:

a. Þegar skuldheimtumaður hefir, til að tryggja kröfu sína, beitt kyrsetning eða banni, sem mótmælt er af skuldunaut.
b. Þegar fleiri en einn hafa verið kærðir fyrir sáttanefndinni um sömu skuld, og allir kannast eigi við að hún sé rétt.

3. gr.

Láti skuldheimtumaður hjá líða að krefjast úrskurðar sáttanefndar, þegar svo á stendur sem segir í 1. gr. b., og haldi hann málinu áfram, getur hann ekki fengið sér dæmdan málskostnað, þótt hann vinni málið. Um leið og slíku máli er vísað til aðgerða dómstólanna, skal þess getið, með hverjum kostum skuldunautur vildi sættast.

4. gr.

Nú mætir kærandi eigi á sáttafundi og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann frá að mæta eða láta mæta fyrir sig, en kærði mætir og krefst þóknunar fyrir ómak sitt, og skal sáttanefndin þá með úrskurði ákveða honum hæfilega þóknun fyrir ómakið.

5. gr.

Úrskurð eftir lögum þessum ber sáttanefnd að uppkveða þegar á staðnum, ef auðið er, ella í síðasta lagi innan viku. Í úrskurðinum skal það tekið fram, hvort hann hafi verið uppkveðinn í viðurvist málsaðila. Úrskurður sáttanefndar skal ritaður í sáttabókina.

6. gr.

Við hverja sáttanefnd skal skipa varasáttanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni, ef annarhvor sáttanefndarmanna er viðriðinn málið eða hefir forföll, svo og þegar sáttanefndarmenn greinir á, er kveða skal upp úrskurð, og ræður þá afl atkvæða.

7. gr.

Nú úrskurðar sáttanefnd, að kærði skuli borga skuld þá, sem krafist er, eða eitthvað af henni, og skal þá í úrskurðinum tiltaka aðalupphæðina, sem borga ber, og vexti ef þá ber einnig að borga, svo og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við kæru málsins fyrir sáttanefndinni, og fyrir að mæta þar.

8. gr.

Úrskurður sáttanefndar hefir sama gildi sem sátt. Fullnægjufrestur úrskurðarins er 4 vikur, nema málsaðilar hafi komið sér saman um annað fyrir sáttanefnd. Frest þennan ber að reikna frá uppsögn úrskurðarins, hafi hann verið uppkveðinn í viðurvist málsaðila, ella frá birtingu hans.

9. gr.

Fyrir uppsögn og bókun úrskurðar greiðist 1 króna til hvers sáttanefndarmanns, er þar á þátt í. Fyrir endurrit úr sáttabókinni greiðist 25 aurar fyrir hverja hálförk eða minna.

10. gr.

Hafi kærði gagnkröfu á hendur kæranda, getur hann komið fram með hana án kæru til sáttanefndar, ef hún fer eigi fram úr 50 kr. Sé gagnkrafan viðurkend af kæranda eða stafi af skuld, sem eigi er mótmælt, skal sáttanefnd kveða upp úrskurð um gagnkröfuna jafnframt aðalkröfunni, þó svo, að kærði getur eigi fengið úrskurð fyrir meiru en til að jafna skuldaskiftin.

11. gr.

Úrskurði sáttanefndar samkvæmt lögum þessum verður ekki áfrýjað til dómstólanna. Þó getur dómarinn í því lögsagnarumdæmi veitt leyfisbréf til þess að skjóta úrskurði sáttanefndar til undirréttar, þá er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. ef kærði getur sannað lögleg forföll, er hafi hindrað hann frá að mæta fyrir sáttanefnd. Fyrir slík leyfisbréf skal greiða 10 kr. er renni í landsjóð.

Nd.

113. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um skipun varabiskups.

Vér, sem háttv. neðri deild hefir falið að íhuga nefnt frumvarp höfum ekki getað orðið algerlega á eitt mál sáttir. Allir eru að vísu nefndarmennirnir samdóma biskupi landsins og stjórninni um það grundvallaratriði, að biskupsvígsla eigi jafnan fram að fara í voru eigin landi og að annað fyrirkomulag í því efni sé óhæfa, er komi jafnvel í bág við sjálfa stjórnarskrána. En þegar um það er að ræða, hver leið skuli farin til að tryggja það, að biskupsvígsla geti ávalt farið fram í landi voru, skilja leiðir meira eður minna með nefndarmönnunum. Einn nefndarmanna (Jón Þorkelsson) ræður háttv. deild til að fella frumvarp það, sem hér liggur fyrir, en kemur í þess stað fram með nýtt frumvarp, er hann gerir grein fyrir með sérstöku áliti. Við undirritaðir ráðum aftur á móti deildinni til að samþykkja það, að eins með nokkrum breytingum, er hér skal gerð grein fyrir.

Okkur kemur báðum saman um það, að viðfeldnara sé að nota orðið »vígslubiskup« en »varabiskup«, einkanlega þar sem starfið samkvæmt frumvarpinu er fólgið í því einu, að vígja hinn reglulega biskup og presta landsins í forföllum aðalbiskupsins. Sammála erum við og um það, að álits hinnar íslenzku prestastéttar yfir höfuð skuli leita við skipan þessa embættis og teljum meira að segja æskilegt og eðlilegast, að sjálfur aðalbiskupinn væri líka jafnan skipaður á sama hátt.

Við þessar tvær breytingar á frumvarpinu vill annar okkar (Eggert Pálsson) láta sita, og telur sjálfsagt, að svo veglegu starfi, sem hér er um að ræða og að sjálfsögðu lendir í hvert sinn á einhverjum hinna mest metnu kennimanna landsins, fylgi sómasamleg laun líkt og stungið er upp á í frumvarpinu. En hinn (Sigurður Gunnarsson) sér ekki ástæðu til að launa vígslubiskupinn og ætlar að hver prestur eða prófastur, er skipaður yrði til þessa starfs, mundi fúslega takast það á hendur launalaust og ekki telja sæmd sína skerta, þótt föst laun væri engin; þvert á móti.

Breytingar þær, sem við, samkvæmt framanskráðu, leggjum til að gerðar séu á frumvarpinu eru þessar:

1. Í stað orðanna: »skipa biskup—varabiskup« (1. málsgr.) komi: »skipa annan biskup er nefnist vígslubiskup«. Orðið »varabiskup« breytist samkvæmt því bæði í fyrirsögn frumvarpsins og annarstaðar í »vígslubiskup«.
2. Orðin: »Varabiskup—500 kr. úr landssjóði« falli burt.
3. Í stað orðanna: »Konungur veitir það embætti« komi: »Konungur veitir þetta embætti samkvæmt tillögum klerkastéttarinnar«.

Alþingi, 4. marz 1909.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Eggert Pálsson, framsögumaður.

Álit minni hluta nefndarinnar.

Meðnefndarmenn mínir hafa ekki getað átt samleið með mér, nema að nokkru leyti. Þeir hafa ekki treyst sér til að fylgja mér alla leið.

Eg er þeim samdóma um það, að til bráðabirgða geti kirkja og kristni hér á landi haft nokkurn bata af því, að hafa einn vígslubiskup auk aðalbiskupsins, en þá þykir mér nokkurn veginn við sæmandi um sinn, sé vígslubiskuparnir tveir, sinn í hvoru af biskupsdæmunum fornu, Skálholts- og Hólabiskupsdæmi. En svo finst mér þó sem ekki nái kirkja landsins né kristni fullum sóma né sjálfstæði, ef ríki og kirkja á framvegis að verða samferða, nema því að eins, að endurreist sé hin fornu biskupsdæmi landsins. Eg hefi þess vegna ekki séð mér fært að ráða hinni háttvirtu deild til þess, að samþykkja stjórnarfrv., en hefi leyft mér að koma fram með frumvarp um það, að landinu verði við næstu biskupaskifti skift í tvö biskupsdæmi svo sem að fornu, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi (þingskjal 92), og ætlast eg til, að biskupsembætti það, sem nú er, verði framhald af Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, og að því embætti fylgi sömu laun, sem biskup hefir nú. Þangað til að þessi skipan kemst á hefi eg lagt það til, að kosnir verði tveir officiales, sinn af hvoru biskupsdæmi, og nefnist þeir vígslubiskupar. Ætlast eg til að biskup samþykki kosning þeirra og veiti þeim biskupsvígslu.

Ágreiningur hefir fyrrum verið nokkur um takmörk biskupsdæmanna að austan, en að vestan hefir Hrútafjarðará jafnan verið átölulaus landamerki. Á árunum 1504—1505 þræta þeir og dæma hvor ofan í annan um það Gottskálk biskup Nikulásson á Hólum og Stefán Jónsson biskup í Skálholti, hvort Skeggjastaðir »á Ströndu hafi heldur verið gefnir til beneficium undir Skálholtsdómkirkju eða goldnir Hóladómkirkju í sekt (1504) af Jóni priorsbróður (Dipl. Isl. VII, 646, 699). Þeirri þrætu lauk að vísu svo, að Skálholtsbiskup varð hlutskarpari, en ágreiningurinn hélzt eigi að síður um takmörk biskupsdæmanna að austan þangað til 1641, að Brynjólfur biskup lét steðja þau með dómi samkvæmt góðra manna tilsögn og vitnisburðum. Hefi eg til þess að taka af tvímæli hér um látið þau gögn fylgja frumvarpi því um endurreisn Hólabiskupsdæmis, sem eg hefi leyft mér að koma fram með.

Fyrir frumvarpi því um kaup á Skálholti (þingskjal 91), sem nefndin hefir orðið sammála um, að leggja fyrir þingdeildina, mun gerð grein í framsögunni, eins og fyrir málefni þessu að öðru leyti í heild sinni.

Alþingi, 4. marz 1909.

Jón Þorkelsson,
skrifari.

Nd. **114. Frumvarp**

til laga um að löggilda verzlunarstað að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

Að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed.

115. Nefndarálit

um

Frumvarp til laga um stofnun vátryggingafélags fyrir fiskiskip.

Nefnd sú, er háttv. Ed. kaus til að athuga frumvarp þetta, hefir íhugað það og rætt með sér á nokkrum fundum. Nefndin hefir orðið á einu máli um nytsemi þess til eflingar sjávarútvegi landsmanna, og leggur því til að það verði samþykt með breytingum þeim, er hér verður stungið upp á.

Einn af þeim mörgu örðugleikum, er þilskipaútvegur landsmanna hefir orðið fyrir, er vöntun ábyrgðarfélaga í þeim héruðum, sem þilskipaútvegur og mótorbáta er rekinn. Því veldur strjálbygð landsmanna á þessum stöðum, ólíkir staðhættir o. fl. Að vísu hefir, einkum síðari árin, verið stofnað til slíkra félaga fyrir mótorbáta, og fyrir 14 árum var stofnað hér við Faxaflóa vátryggingarfélag fyrir þilskip, sem enn er við líði og gefist mjög vel. Þessi félög takast þó eigi á hendur ábyrgð meiri upphæða á hverju skipi en fjárhag þeirra er kleift að leysa út, með því að þeim hefir hingað til ekki verið unt að dreifa áhættunni með endurtryggingu, en við það eru útilokuð öll gufuskip og önnur dýr skip. Auk þess er vegna staðhátta og notkun skipanna á ólíkum árstímum á hinum ýmsu stöðum að eins ákveðnar tegundir skipa, sem hægt er að fá trygging á í öllum þessum félögum. Þannig er ekki hægt að fá vátrygt í þilskipaábyrgðafél. við Faxaflóa önnur skip en seglskip, í vátryggingafél. Vestmannaeyja ekki annað en mótorbáta o. s. frv. Þess utan eru félög þessi bundin við ákveðin héruð, er skipin verða að eiga heimilisfang í. Vegna þess geta þau eigi tekið í ábyrgð skip, er eiga heima utan endimarka hinna tilteknu landshluta, er þau hafa ákveðið í lögum sínum. Starfssvið þeirra er því að þessu leyti svo þröngt, að mikill hluti skipa og báta í landinu getur ekki átt kost á neinni vátryggingu hér á landi, og verða annað tveggja, að verða án hennar að öllu leyti, eða kaupa trygging í útlöndum, sem er afar-dýr og ýmsum annmörkum bundin.

Úr þessu á »Samábyrgðin« að bæta. Fyrst með því að vátryggja beint þau skip og báta, er ekki eiga kost á að fá trygging í öðrum hérlendum félögum, og þar næst er henni ætlað að veita endurtrygging fyrir þessi félög, svo þeim sé þar með unt, þó efnalítil séu, að vátryggja, tiltölulega við efnahag sinn, dýr skip.

Nefndin leyfir sér að stinga upp á nokkrum breytingum á frumvarpinu. Er hin fyrsta þeirra sú, að breyta hlutfallinu eða skiftingu ábyrgðarinnar milli Samábyrgðarinnar, félaga þeirra, er fá endurtrygt í henni og vátryggenda. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutföllin séu hvert um sig $^4/_{10}$, $^3/_{10}$, $^3/_{10}$. Það er með öðrum orðum ætlast til, að vátryggjandi hafi $^3/_{10}$ í sjálfsábyrgð af virðingarverði hins vátrygða skips. Að vísu getur nefndin fallist á að rétt sé, einkum meðan lítil reynzla er fengin fyrir því, hve sjóskaða-hlutfallið er stórt, og eftirlitið fyrst um sinn máske ekki svo tryggilegt sem vera ber, að láta vátryggjendur hafa talsvert í sjálfsábyrgð, en 30% ætlum vér þó að sé full-langt farið, og stingur því nefndin upp á, að þessi sjálfsábyrgð sé færð niður í 25%, og hið staðarlega ábyrgðarfélag hafi í þess stað 35%. Þessi breyting er einnig gerð með tilliti til þeirra ákvæða, sem standa í lögum Þilskipaábyrgðarfélags Faxaflóa, og hafa reynzt þar vel.

Í 4. gr. er svo ákveðið, að Samábyrgðin megi ekki taka að sér endurtrygging fyrir einstakt félag yfir 60,000 kr. í skipum og ekki yfir 20,000 kr. þegar um hagsmunatrygging er að ræða fyrir hvert félag. En með því að ekki er sett neitt hámark fyrir þeirri ábyrgð er Samábyrgðin megi taka á sig alls, sýnist þetta ákvæði vera bygt á misskilningi, og leggur því nefndin til, að það verði felt í burtu.

Með 6. gr. er svo ákveðið, að tjón, er nemur fullum 2% af tryggingarupphæðinni eða meiru, verði ætíð bætt, og sömuleiðis skuli bæta tjón, er nemur fullum 500 kr. þó það kunni að vera minna en 2% (þ. e. ef tryggingarupphæðin er yfir 25,000 kr.), og er þetta ákvæði allalment í útlendum vátryggingafél. En svo er aftur ákveðið í sömu gr., að nemi tjónið meiru en 500 krónum skuli draga þessar 2% af tryggingarupphæðinni frá skaðabótunum. Þetta ákvæði virðist nefndinni rangt, og má með dæmi sanna að svo er, enda er röng þýðing á þessari grein (frumvarpið var frumsamið á dönsku) þess valdandi, að þetta óviðfeldna ákvæði hefir slæðst þar inn.

Breytingartillögur nefndarinnar eru því þessar:

1. Við 1. gr. a. Í staðinn fyrir brotin »$^{4}/_{10}$« . . . »$^{8}/_{10}$ og »$^{8}/_{10}$« komi: $^{40}/_{100}$ . . . $^{35}/_{100}$ . . . $^{25}/_{100}$.
2. Við 4. gr.
   Í stað orðanna í síðari hluta greinarinnar: . . . »60,000 kr. fyrir hvert einstakt félag« . . . o. s. frv. til enda greinarinnar, komi: 5,000 kr. þá er um hagsmunatrygging er að ræða, á einstöku fari.
3. Við 6. gr. a.
   Síðasta setning þessa liðs: »nemi tjónið meiru en 500 kr.« o. s. frv. falli burt.

E. d. alþingis 5. marz 1909.

Sigurður Stefánsson, formaður. Aug. Flygenring, skrifari og framsögum.

Gunnar Ólafsson.

Nd.

116. Frumvarp

til laga um dánarskýrslur.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í té ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dauðadag, dauðaár og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og ekki er auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja héraðslækni, eða annan

löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr., auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf héraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftrunardags) færa í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur beztar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishéraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda héraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Héraðslæknir rannsakar skýrslurnar, að því er dauðamein snertir, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt héraðið eftir tyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.

Ed. **117. Frumvarp**

til laga um breyting á 2. gr. í lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að selja þann hluta Arnarhólslóðarinnar, sem heimild er til að selja samkvæmt 2. gr. laga 20. okt. 1905 þeim, er kaups beiðist í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir eigi minna en 3 kr. fyrir ferhyrningsalin, en þó eigi lægra, en tveir dómkvaddir menn meta í hvert skifti, er kaupa er beiðzt.

Nd. **118. Þingsályktunartillaga.**

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landstjórnina, að hlutast til um, að bréfhirðing sé sett á stofn að Dynjanda í Jökulfjörðum, og að aukapóstur, sem nú gengur að Dynjanda, frá Stað í Grunnavík, sé látinn ganga alla leið í Furufjörð á Hornströndum.

Nd. **119. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 3. okt. 1903.

Nefndin er á einu máli um það, að kjördagur sá, sem nú er lögákveðinn 10. september, sé ekki allskostar hagkvæmur landsmönnum, einkum sjómannastéttinni, og ástæða sé til að færa hann lengra fram á haustið, þegar haustannir (fjallgöngur, réttahöld, sláturtaka og aðdrættir) eru um garð gengnar. Sömuleiðis þykir betur við eiga, að kjördagur sé settur þannig, að hann beri aldrei upp á sunnudag. Að öllu athuguðu, er það tillaga nefndarinnar, að almennur kjördagur sé ákveðinn fyrsti vetrardagur.

Ennfremur hefir nefndin athugað, að þar sem svo er ákveðið í 12. gr. kosningarlaganna, að á aukakjörskrá skuli settir þeir, sem ekki hafa kosningarrétt þá er skráin er samin (í janúar), en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum þeim, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, þá er þetta ekki í samræmi við 11. gr. laganna, er skipar svo fyrir, að á aðalkjörskrá skuli taka alla þá, er fyrir 1. júlí fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir því, að geta neytt kosningarréttar. Úr téðum galla má bæta með því, að láta aukakjörskrána að eins ná til þeirra, sem ekki eru búnir að ná kosningarrétti, þá er kjörskráin gengur í gildi.

Þá hefir því verið haldið fram, að 7 daga frestur sá, sem ákveðinn er í 21. gr. kosningarlaganna til að fullgera kjörseðla, eftir að framboðsfrestur er liðinn, sé of stuttur í sumum kjördæmum landsins, og leggur nefndin til, að hann sé lengdur um 3 daga. Sömuleiðis hefir meiri hluti nefndarinnar komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að breyta tímatakmarki fyrir þingmenskuframboð samkvæmt 23. gr. kosningarlaganna, þannig, að það sé komið í hendur yfirkjörstjórn 6 vikum á undan kjördegi.

Nefndinni hefir borist erindi þess efnis, að blindum mönnum og öðrum þeim, er ekki geta fullnægt ákvæðum 35. gr. kosningarlaganna, að því er snertir kosningarathöfn, sé ekki þar fyrir meinað að neyta kosningarréttar síns. Úr þessu er auðvelt að bæta með því, að taka upp samskonar ákvæði og nú er í lögum um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum frá 10. nóv. 1903, 6. gr., er leyfir kjósanda, þegar svo á stendur, að njóta aðstoðar eins úr kjörstjórninni. En þá leiðir það af sjálfu sér, að ákvæði 61. gr. kosningarlaganna um, að kjörstjóri megi ekki skoða atkvæðisseðil kjósanda, verður eigi beitt gagnvart þeim, er kjósandi kveður sér til aðstoðar.

Út af ágreiningi, er risið hefir um það, hvernig fara skuli að, þegar þingmannskosning er ógilt af alþingi, þykir rétt að taka af öll tvímæli í því efni með beinu lagaákvæði um, að þá skuli ný kosning fram fara.

Nefndin ræður því háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum og viðaukum:

Á undan frumvarpsgreininni komi 2 nýjar greinar:

1. gr.

Á aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. laga um kosningar til alþingis 3. okt. 1903, skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er kjör-

skrá gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir.

2. gr.

Frestur sá, sem í 21. gr. kosningarlaganna er ætlaður yfirkjörstjórn til að fullgera kjörseðla, skal vera 10 dagar.

Þingmenskuframboð samkvæmt 23. kosningarlaganna skal vera komið í hendur yfirkjörstjórn eigi síðar en 6 vikum á undan kjördegi.

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

3. gr.

Almennar reglulegar kosningar til alþingis, sem með 25. gr. kosningarlaganna er ákveðið að fari fram 10. dag septembermánaðar, skulu hér eftir fram fara fyrsta vetrardag.

Aftan við frumvarpið bætist 2 nýjar greinar:

4. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sérstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

5. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógilt samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 41. og 48. gr. kosningarlaganna, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

Alþingi, 5. marz 1909.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Eggert Pálsson.

Jón Þorkelsson. Þorleifur Jónsson.

Nd. **120. Frumvarp**

til laga um að veita landsstjórninni heimild til að selja ábúendum þjóðjarðirnar Lambhaga og Hólm í Kjósarsýslu.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendunum þjóðjarðir þær, sem hér segir:

1. Hólm í Kjósarsýslu fyrir að minsta kosti 2350 kr.
2. Lambhaga í sömu sýslu fyrir að minsta kosti 2400 kr.

2. gr.

Þegar kaupin eru gerð, greiðist að minsta kosti tíundi hluti kaupverðsins. Um eftirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabréf fyrir þeim með fyrsta veðrétti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% ársvöxtum með jöfnum ársgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

3. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. des. 1909.

Ed.

121. Frumvarp

til laga um sóknargjöld.

Flutningsmenn: Jósef Björnsson, Steingr. Jónsson, Aug. Flygenring.

I. Um prestsgjald.

1. gr.

Presttíund af fasteign og lausafé, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk, skal afnumið frá fardögum 1909.

2. gr.

Hver maður 15 ára eða eldri, er telst til þjóðkirkjunnar, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestslaunasjóð 1 kr. 50 aura á ári.

Til þjóðkirkjunnar teljast allir þeir, sem ekki eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

3. gr.

Eindagi gjalds þessa er 15. október ár hvert, fyrir það fardagaár, sem er að líða, og skal það greitt í peningum. Sóknarnefndir innheimta gjaldið í fyrsta skifti árið 1909, og fá þær 6% af upphæðinni í innheimtulaun. Um reikningsskil fyrir gjaldi þessu fer eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

II. Um kirkjugjald.

4. gr.

Kirkjutíund af fasteign og lausafé, kirkjugjald af húsum, ljóstollur, lausamannsgjald, legkaup og skilduvinna sóknarmanna við kirkjubyggingu, skal afnumið frá fardögum 1909.

5. gr.

Í sóknum, þar sem söfnuður hefir tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, skal frá sama tíma afnumin niðurjöfnun kostnaðar við kirkjusöng samkvæmt lögum 22. maí 1890 um stjórn safnaðarmála, niðurjöfnun kostnaðar til kirkjugarðasamkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, niðurjöfnun kostnaðar við prestskosningu samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um veitingu presta. kalla, og niðurjöfnun á borgun til safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum 16. nóvbr 1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Allan þann kostnað, er hér ræðir um, skal greiða úr sjóði sóknarkirkjunnar. Ef kostnaðurinn hvílir á fleiri kirkjum eða sóknum í sameiningu, skal honum skift niður á þær eftir tölu safnaðarlima í hverri kirkjusókn, þeirra sem eru fullra 15 ára að aldri.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir eigi á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skal öllum þeim kostnaði, sem um er rætt í þessari grein, jafnað niður á þann hátt, að sama gjald komi á hvern safnaðarlim, sem er 15 ára eða eldri.

6. gr.

Hver maður í þjóðkirkjunni, sem er 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, 75 aura á ári.

Nú hefir söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má sóknarnefnd þá með jákvæði lögmæts safnaðarfundar og samþykki héraðsfundar hækka og lækka kirkjugjöld fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árabil.

7. gr.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er landstjórninni veitt heimild til að ákveða kirkjugjald þannig, að það, miðað við tölu allra safnaðarlima, er náð hafa 15 ára aldri 1. janúar 1909, nemi minst jafn mikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið að meðaltali um 10 ár, 1899—1909.

Áður en kirkjugjald er þannig ákveðið, skal leita yfirlýsingar kirkjuforráðanda og sóknarnefndar um, hvort þess sé æskt, að hinu lögskipaða kirkjugjaldi (sbr. 6, gr.) sé breytt á þennan hátt. Auglýsing um hið ákveðna kirkjugjald í hverri sókn skal birt í A-deild Stjórnartíðindanna.

8. gr.

Eindagi á kirkjugjaldi er 15. október ár hvert, fyrir það fardagaár, sem er að líða. Skal það greitt í peningum, og innheimt í fyrsta sinn árið 1909. Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skulu sóknarnefndir innheimta gjaldið, og fá þær 6% af upphæðinni í innheimtulaun. Í öðrum sóknum greiðist gjald þetta forráðamanni kirjkunnar. Þó má hann fela sóknarnefnd innheimtuna gegn 6% innheimtulauna.

III. Almenn ákvæði.

9. gr.

Sóknargjald til prests og kirkju og niðurjöfnunargjald í safnaðarþarfir skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á rétt til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum. Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

10 gr.

Presti og hreppstjóra eða bæjarfógeta í kaupstöðum er skylt að láta sóknarnefnd í té skýrslur þær, er hún þarf að nota við útreikning og innheimtu sóknargjalda. Aldurstakmark gjaldskyldra manna samkvæmt lögum þessum skal miðað við eindaga gjaldanna.

11. gr.

Prestar þeir, sem taka laun eftir eldri ákvæðum, en lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta, skulu fá uppbót úr prestlaunasjóði, svo að jafngildi sóknartekjunum eftir síðasta 10 ára meðaltali þeirra frá 1899—1909, að frádregnum innheimtulaunum 6%.

12. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:

Reglugjörð 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna.

Lög 27. febr. 1878 um kirkjutíund í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi.

Lög 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum, og lög 2. oktbr. 1891 um breyting á téðum lögum.

Lög 3. apríl 1900 um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjöld til kirkju.

12.—16. gr. laga 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.

5. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um umsjón og fjárhald kirkna.

Ennfremur eru afnumin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Nd.

122. Frumvarp

til laga um sérstaka dómþinghá í Keflavíkurhreppi.
Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.

Keflavíkurhreppur í Gullbringusýslu skal vera sérstök dómþinghá, og skal þingstaðurinn vera í Keflavík.

Nd.

123. Frumvarp

til laga um stækkun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað.
Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.

Verzlunarhús má reisa alstaðar í umdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. (Jörðin Eyri með hjáleigunni Stekkjanesi).

Nd.

124. Frumvarp

til laga um stofnun hæstaréttar á Íslandi.

Frá Jóni Þorkelssyni.

1. gr.

Stofna skal hæstarétt á Íslandi, og skal hann hafa aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Hæstarétt skipa dómstjóri og 4 dómendur. Dómstjóri hefir að árslaunum 5500 kr. Hinir dómendurnir hafa að byrjunarlaunum 3600 kr. á ári hver, og fara laun þeirra hækkandi á hverjum 4 árum um 400 krónur þar til þau eru orðin 4800 kr.

3. gr.

Konungur skipar hæstaréttardómara. Enginn getur orðið skipaður dómari í hæstarétti, nema hann fullnægi almennum skilyrðum til þess að gegna dómarastörfum hér á landi, og þar að auki verður hann að hafa tekið lagapróf, sbr. lög nr. 38, 16. nóv. 1907, 4. gr., með 1. einkunn, vera fullra 30 ára að aldri, og hafa stáðist próf, sem í því er fólgið, að hann leggur dóm á 2 mál fyrir hæstarétti, annað einkamál og hitt sakamál, enda hafa telji dómarar í hæstarétti hann hæfan.

4. gr.

Hæstarétt skal halda einu sinni á viku, ef mál eru til. Stjórnarráðið ákveður nánar tímann.

5. gr.

Dómstjóri stýrir dómi. Hann skal auglýsa á líkan hátt og tíðkast hefir um landsyfirdóminn fyrirtökudag mála. Sendir hann stjórnarráðinu ársskýrslu um það, hversu mörg mál hafi dæmd verið í hæstarétti.

6. gr.

Sá, er síðast hefir verið skipaður í dóm, skal jafnframt vera dómsmálaritari, fyrsta sinn sá dómari, sem yngstur er að embættisaldri. Dómsmálaritari heldur þingbókina, annast um að dómar og dómsatkvæði séu rituð í þar til gerðar bækur, undirritar stefnur, gefur afrit, tekur við lögmæltum réttargjöldum og sér um skjalasafn og bækur réttarins.

7. gr.

Eigi má setja rétt með færri en 3 dómendum. Sé dómandi óhæfur að sitja dóm eða forfallaður, þá setur stjórnarráðið lögfræðing í stað hans. Eigi verður dómur lögmætur nema allir dómarar réttarins leggi dómsatkvæði á málið. Um setta dómara fer sem áður er sagt, ef eigi geta allir hinir reglulegu dómarar lagt dóm á málið.

8. gr.

Enginn hæstaréttardómari má dæma í sjálfs sín sök né heldur, ef málið

snertir hann annars beinlínis, siðferðislega eða fjárhagslega. Eigi má dómari heldur dæma mál, er hann er skyldur eða mægður málsaðilja í beina línu upp og niðurstigandi eða skyldur eða mægður málsaðilja í annan lið hliðarlínu, eða ef hann er svo nákominn dómara, er dæmdi málið í óæðra rétti eða þeim manni, er flutti málið í óæðra rétti eða flytur það í hæstarétti, eða ef hæstaréttardómari hefir sjálfur flutt eða dæmt málið í óæðra rétti. Svo má og hæstaréttardómari eigi dæma í máli konu sinnar, unnustu, kjörbarns, fósturbarns eða kjör- eða fósturforeldris. Aldrei mega nánari menn skipa dóminn saman en tvímenningar að frændsemi eða tengdum, né heldur kjör- eða fósturfeðgar.

Dómurinn sker úr því í heild sinni, hvort dómari skuli víkja úr dómi.

Jafnskylt er dómara að víkja úr dómi, ef hann má ekki sitja réttinn vegna mægða eða frændsemis við málsaðilja eða dómara og annara orsaka vegna, er settar eru í lögum þessum jafnhliða frændsemi og mægðum, eða ef hann hefir sjálfur flutt eða dæmt málið í óæðra rétti, svo og ef hann er aðili máls, þótt aðili krefjist þess eigi.

9. gr.

Hæstiréttur er bær að dæma öll þau mál, er að lögum heyra undir úrskurð dómsvaldsins. Þó leggur synodalréttur fullnaðardóm á þau mál, er hingað til hafa undir hann heyrt, svo og mál gegn biskupi landsins, er snerta embætti og líferni hans.

10. gr.

Eigi verður mál dæmt í hæstarétti, nemi upphæð sú nemi að minsta kosti 20 krónum, er það er risið af.

Ef málið snertir beinlínis mannréttindi, stöðu manna eða mannorð, verður engrar áfrýjunarupphæðar krafist.

Þegar mál er höfðað til refsingar af einstökum mönnum, getur sá, er sekur var dæmdur, skotið máli sínu til hæstaréttar, ef hann er að minsta kosti dæmdur í 20 króna fjársektir eða fangelsi. Sakaráberi getur skotið slíku máli til hæstaréttar, ef refsilög þau, er brotin á að dæma eftir, heimila 20 króna sekt eða fangelsi að minsta kosti, þótt kærði hafi eigi verið dæmdur til slíkrar refsingar.

Þegar sakamál er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar, ber að skjóta því til hæstaréttar eftir beiðni ákærða, ef refsing sú, er hann var dæmdur til, nemur 100 kr. sekt eða 1 mánaðar einföldu fangelsi. Heimilt er og valdstjórninni að skjóta slíkum málum til hæstaréttar samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í næsta lið þessarar greinar hér á undan. Sama er og um ákærða. Skylt er að skjóta til hæstaréttar sakamálum, þótt ákærði beiðist þess eigi, ef hann hefir verið dæmdur til hegningarvinnu eða lífláts.

Dauðadómi má eigi fullnægja, nema konungur hafi svo fyrir mælt, að fengnum tillögum hæstaréttar.

Undanþágu getur stjórnarráðið veitt frá 1. lið þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru til þess.

11. gr.

Áfrýjunarfrestur til hæstaréttar er 6 mánuðir. Þegar um úrskurði er að ræða, sem áfrýja má sérstökum, telst fresturinn frá uppsagnardegi úrskurðar, en

annars frá lokum réttargjörðarinnar og frá birtingardegi, þegar um undirréttardóma er að ræða (sbr. tilsk. 15. ág. 1832, 16. gr.).

Í sakamálum, er höfðuð eru af hálfu valdstjórnarinnar, er enginn áfrýjunarfrestur settur.

Ákvæði skiftalaga 12. apríl 1878, 96. gr., landamerkjalaga 17. marz 1882, 12. gr. og laga 16. des. 1885, 11. gr. eru framvegis gildandi, svo og tilsk. 21. des. 1831, IV. kafla.

Áfrýja má máli til staðfestingar þótt frestur sé liðinn.

Áfrýjunarfresti er slitið, þegar hæstaréttarstefna hefir verið gefin út.

12. gr.

Nú er máli vísað frá hæstarétti og er áfrýjunarfrestur þá liðinn, þá er áfrýjanda heimilt að skjóta málinu enn á ný til hæstaréttar, enda hafi stefna á ný verið út gefin 3 mánuðum eftir uppsögu frávísunardóms.

13. gr.

Stjórnarráðið má veita áfrýjunarleyfi, þó að áfrýjunarfrestur sé liðinn.

Nú er slíkt leyfi veitt, þá skal stefna gefin út, áður liðinn sé mánuður frá dagsetningu leyfisbréfs, ella er leyfið ónýtt.

Ef slíku máli er frá vísað, þarf eigi nýtt leyfi til að leggja það til hæstaréttar, ef stefna er gefin út af nýju innan mánaðar frá uppsögudegi frávísunardóms að telja.

14. gr.

Stefnufrestur til hæstaréttar er sem nú skal greint: Ef stefndi býr í Reykjavík, er fresturinn vika, ef hann býr í Gullbringu-, Kjósar-, Árnes-, Rangárvalla-, Mýra- eða Borgarfjarðarsýslum, er frestur 4 vikur. Ef hann býr annarsstaðar, en þó innanlands, fær hann 6 vikna frest. Ef hann býr utanlands og í Norðurálfunni, þá fær hann 6 mánaða frest, en ella 9 mánaða frest.

Stefnubirting fer eftir sömu reglum sem gilda um birtingu stefnu til undirréttar.

Gagnáfrýjunar-, framhalds- og meðalgöngustefnur má birta fyrir umboðsmanni aðal-áfrýjanda og með sama fyrirvara, sem hann ætti að fá, ef sjálfur væri hann aðili málsins.

15. gr.

Stefnur skal út gefa undir innsigli hæstatéttar og nafni dómsmálaritara.

16. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er skotið til hæstaréttar, nema áfrýjandi ætli að koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir málsmeðferð hans. Reglur laga 2. okt. 1895, 1. gr. eru framvegis gildandi.

17. gr.

Málflutningur fyrir hæstarétti skal vera skriflegur. Reglur tilsk. 3. jan. 1796 um dómgæzlu gilda og fyrir hæstarétti. Um meðferð sakamála fyrir hæsta-

rétti gilda og þær reglur, er farið hefir verið eftir fyrir landsyfirdómi, að því leyti sem þær koma eigi í bága við lög þessi.

18. gr.

Eftir að mál hefir verið tekið til dóms, mega dómarar eigi halda því lengur en 6 vikur, áður en dómur sé upp kveðinn, nema sérstakar ástæður séu til þess. Skal hver dómari rita á málsskjölin, hve nær hann hefir tekið við þeim og hve nær hann hafi skilað þeim. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum frá 50—200 kr., er renni í landssjóð.

19. gr.

Dómsatkvæði skulu skrifleg vera. Afl atkvæða ræður úrslitum. Skylt er hverjum þeim dómara, er í minni hluta verður, að taka þátt í dómsatkvæði. Dómstjóri ritar nafn sitt undir dóm hvern og dómsgerðir. Setja skal og innsigli hæstaréttar undir dómsgerðir

20. gr.

Þegar hæstirèttur dæmir mann til fjárgreiðslu í einkamáli, má aðför gera þegar eftir dóminum. Ella skal aðfararfrestur settur eftir því, er hlýða þykir. Aðför má því að eins gjöra eftir hæstaréttardómi, að rétt afrit vitni dómsmálaritari og innsigli hæstaréttar sé undir dóminum.

21. gr.

Reglur þær, er samkvæmt lögum gilda um málflutningsmenn við landsyfirdóminn, skulu hér eftir gilda um hæstaréttarmálflutningsmenn. Hver sá, er málflutningsleyfi fær við hæstarétt, skal þó greiða 50 kr. í landssjóð.

22. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal hinn konunglegi íslenzki landsyfirréttur lagður niður. Skylt er þeim dómurum, er þá skipa yfirdóm, að taka sæti í hæstarétti, þó svo að þeir missi einskis í af launum sínum.

23. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi eru jafnframt úr gildi numin þessi lagaákvæði: N. L. 1—2—3 um að stefna dómara, er máli er áfrýjað, 1—5—8, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 23. gr., 1—6—12, 14, 16 og 17, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., opið brèf 19. des. 1849, tilsk. 11. júlí 1800, 1.—18. og 21. gr., tilsk. 24. jan. 1838 16. gr. um áfrýjun sakamála, lög 2. jan. 1871, 3. gr. 1. liður, að því er snertir hæstarètt Dana, lög 2. okt. 1895, 2. gr., lög nr. 15, 20. okt. 1905 og öll önnur lagaákvæði er giltu um dómsvald hæstarèttar Dana í íslenzkum málum. Þau ákvæði er enn gilda um landsyfirdóminn og eigi brjóta bág við þessi lög, skulu eftirleiðis gilda um hæstarètt. Loks eru öll eldri lagaákvæði úr gildi numin, sem brjóta bág við lög þessi.

24. gr.

Lög þessi öðlast gildi Stjórnarráðið setur nánari reglur, er með þarf til þess að lögunum geti orðið beitt.

Nd.

125. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 63 frá 22. nóv. 1907, 3. gr., um kennaraskóla í Reykjavík.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

Námstiminn í kennaraskólanum byrjar fyrsta vetrardag og endar síðasta vetrardag.

Nd.

126. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl. (þingskj. 106) frá Eggert Pálssyni og Einari Jónssyni.

Sérstakt læknishérað, er nefnist Eyjafjallahérað, skal og vera: Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur ásamt svonefndum Bakkabæjum. Læknissetur sem næst Markarfljóti öðru hvoru megin.

Ed.

127. Frumvarp

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

1.	Af alls konar öli	kr. 0,10 af hverjum potti.
2.	Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8^0 styrkleika eða minna	— 1,00 — —— —
	yfir 8^0 og alt að 12^0 styrkleika	— 1,50 — —— —
	yfir 12^0 og alt að 16^0 styrkleika	— 2,00 — —— —
	Af 16^0 vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.	
3.	Af rauðvíni og sams konar borðvínum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni	— 0,50 — —— —
4.	Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar	— 1,00 — —— —
5.	Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) . .	— 1.00 — —— pela

eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar

í ílátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.

6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki . . . . . kr. 1,00 af hverju pundi.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) . — 2,60 — — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum sem þær seljast í.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar . . . 13 aura af hverju pundi.
9. Af alls konar brendu kaffi . . . . . 18 — — — —
10. Af sykri og sírópi . . . . . $6^1/_2$ eyri — — —
11. Af tegrasi . . . . . 50 aura — — —
12. Af súkkulaði . . . . . 25 — — — —
13. Af kakaódufti . . . . . 13 — — — —
14. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum . . 40 — — — —
15. Af súrum berjasafa (»súrsaft«) . . . . . 30 — — hverjum potti.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed.

128. Frumvarp

til laga um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði.
Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Í Hafnarfirði skal stofna slökkvilið.

2. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivélar og önnur slökkvitól, eftir boði bæjarstjórnar eða þess yfirboðara, sem bæjarstjórnin setur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir alt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er getur um í 2. gr., skal farið með sem önnur lögreglumál.

Ed.

129. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Frá Kristni Danielssyni.

Síðari málsgrein frumvarpsgreinarinnar falli burt.

Nd.

130. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Hjallanesi í Staðarfellslandi við Hvammsfjörð.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Benedikt Sveinsson.

Í Hjallanesi í Staðarfellslandi í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd.

131. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð.

Flutningsmenn: Bjarni Jónsson frá Vogi, Benedikt Sveinsson.

Í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed.

132. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

Flutningsmaður Gunnar Ólafsson.

1. Eftir 1. gr. komi ný gr., sem verði 2. gr. svo hljóðandi:

Þá er lög þessi eru staðfest af konungi, skulu allir kaupmenn og aðrir, sem vínföng hafa með höndum og ætluð eru til sölu, skyldir að senda lögreglustjóra sínum, innan 20 daga, drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir þeir höfðu af hverri tegund áfengis, þá er lögin gengu í gildi. Skulu þeir þegar í stað greiða gjald af þessum birgðum, er jafngildir hækkun þeirri á flutningsgjaldi, sem lög þessi ákveða. Veita má lögreglustjóri áreiðanlegum kaupmönnum frest á þessu gjaldi, þó eigi lengur en 6 mánuði.

2. Töluröð greinanna breytist eftir þessu.

Ed.

133. Nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði (þskj. 66).

Með lögum um bæjarstjórn í Hafnarfirði frá 22. nóv. 1907 er ákveðið að kjósa skuli tvo menn til að sitja í hafnarnefnd kaupstaðarins og 4 menn til að vera í byggingarnefnd ásamt bæjarstjóra. En í nýnefndum lögum er ekkert ákveðið um verksvið eða vald þessara nefnda, sem þó að sjálfsögðu hlýtur að vera ákveðið og bundið þeim takmörkum, er bæjarstjórnin setur með þar að lútandi reglugerðum. Nauðsynleg ákvæði viðvíkjandi þessum málefnum kaupstaðarins eru því sett í ofanskráðu frumvarpi. Með frumvarpinu er bæjarstjórninni einnig gefið vald til að taka vatn utan bæjarlandsins og veita því í pípum neðanjarðar til kaupstaðarins og, ef á þarf að halda, að láta fram fara eignarnám á landi í þessu skyni til nauðsynlegra framkvæmda slíkrar vatnsveitu. Ennfremur er bæjarstjórninni heimilað að setja reglur um notkun vatnsins, meðferð vatnsæðanna og annað það, er henni kann að þykja nauðsynlegt viðvíkjandi vatnsveitunni. Og loks getur bæjarstjórnin sett gjaldskrá um alment gjald til bæjarsjóðs á notendur vatnsins, er þeir verða að hlíta, og á gjald þetta að hafa lögtaksrétt.

Nefnd sú, er háttv. Ed. kaus til að athuga frumvarp þetta álítur ákvæði þess, sem hér hefir verið minst á, nauðsynleg, enda má geta þess, að þau eru í fullu samræmi við gildandi lög um bæjarstjórn hinna annar kaupstaða í landinu. Nefndin leggur því til að frumvarpið verði samþykt.

Í 4. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að hver sem byggja vill hús að nýju eða breyta, skuli áður en hann byrjar á verkinu snúa sér til byggingarnefndar og fá hjá henni skriflegt leyfi til og ákvæði um, hvort hann megi byggja og á hvern hátt. En hvorki í þessari grein né annari er neitt ákveðið um það hve lengi bæjarstjórn eða byggingarnefnd geti dregið að gefa slíkt leyfi. Nefndin leyfir sér því að bera upp viðaukatillögu við grein þessa, sem gengur í þá átt að ákvæði hér að lútandi verði sett í byggingarsamþykt kaupstaðarins.

Hinar aðrar breytingartill., er nefndin leyfir sér að gera við frumvarpið og hér fara á eftir, eru mest orðabreytingar, og miða að því, að gera málið liðlegra og skírara á stöku stað, án þess að raska efni þess. Nánari grein fyrir þeim verður því ekki gerð fyr en við framsögu málsins.

Breytingartillögur:

Við 4. gr.

1. Til viðbótar 1. málsgrein komi: »enda skulu ákvæði þessi látin í té innan hæfilegs tíma frá því þeirra var beiðst, eftir því sem nánara skal ákveðið í byggingarsamþykt kaupstaðarins«.

Við 5. gr.

2. Í stað orðsins breikka í 1. línu greinarinnar komi: leggja.
3. Á eftir orðinu stræti í sömu línu komu: breikka eða breyta stefnu þess.
4. Í stað orðanna »aftur á við» í 2. línu, komi: úr stað.
5. Orðin »aftur á við«, í miðri greininni, falli burtu.
6. Í stað orðanna »aftur á við«, í niðurlagi greinarinnar, komi: til.

Við 6. gr.

7. Í stað síðustu setningar þessarar greinar: »Svo má og ákveða þar«, og endar á »hafnarmannvirkja«, komi: Svo má ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja, og sektir fyrir brot, alt að 400 kr., er renni í sama sjóð.

Við 7. gr.

8. Orðið »tveim«, í næst síðustu línu greinarinnar, falli burtu.

Við 9. gr.

9. Í stað töluorðsins »5«, í fyrstu línu greinarinnar, komi: 4.

Efri deild alþingis, 6. marz 1909.

Jens Pálsson, form. og framsögum.	Aug. Flygenring, skrifari.	Ari Jónsson.

Ed.

134. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þingskjali 132.

Flutningsm.: Jens Pálsson.

Aftan við breytingartillögurnar bætist:

3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
»Frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi og um gjald til landssjóðs af fyrirliggjandi áfengisbirgðum«.

Nd.

135. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að grenslast eftir því, hvort skiftaréttur Kaupmannahafnar hafi, að þeim hjónum Jóni skjalaverði og alþingismanni Sigurðssyni og Ingibjörgu Einarsdóttur konu hans látnum (1879), tekið til sín nokkuð af bréfum eða skjölum úr dánarbúi þeirra, og ef svo reynist, þá að gera gangskör að því, að öllu slíku verði skilað Íslandi svo fljótt sem verða má.

Nd.

136. Frumvarp

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

1.	Af alls konar öli	kr. 0,10	af hverjum potti.
2.	Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8° styrkleika eða minna	— 1,00	— —— —
	yfir 8° og alt að 12° styrkleika	— 1,50	— —— —
	yfir 12° og alt að 16° styrkleika	— 2,00	— —— —
	Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.		
3.	Af rauðvíni og sams konar borðvínum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni	— 0,50	— —— —
4.	Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar	— 1,00	— —— —
5.	Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) . .	— 1.00	— —— pela

eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.

6.	Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og ósunnu tóbaki	kr. 1,00	af hverju pundi.
7.	Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) .	— 2,60	— — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum sem þær seljast í.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

8.	Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar . .	13	aura af hverju pundi.
9.	Af alls konar brendu kaffi	18	— — — —
10.	Af sykri og sírópi	6½	eyri — — —
11.	Af tegrasi	50	aura — — —
12.	Af súkkulaði	25	— — — —
13.	Af kakaódufti	13	— — — —
14.	Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum . .	40	— — — —
15.	Af súrum berjasafa (»súrsaft«).	30	— — hverjum potti.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed.

137. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum um gagnfræðaskóla á Akureyri, 10. nóvember 1903.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

1. gr.

Kennarar skólans eru 4 og er einn þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og öllum eigum. Hann hefir að árslaunum 3000 krónur og auk þess leigulausan bústað í skólahúsinu. Fyrsti kennari hefir 2200 kr., annar kennari 2000 kr. og þriðji kennari 1800 kr. að árslaunum.

2. gr.

Þeir nemendur, er hafa heimavist í skólanum, skulu greiða 5 kr. en allir aðrir nemendur 1 kr. árlega í skólasjóð í byrjun hvers skólaárs. Skólasjóð skal varið skólanum til stuðnings og eflingar samkvæmt skipulagsskrá, er stjórnarráðið semur eftir tillögum skólameistara.

3. gr.

Með lögum þessum eru 3. og 4. gr. í lögum um gagnfræðaskóla á Akureyri 10. nóv. 1903 úr gildi feldar.

Nd.

138. Frumvarp

til laga um breyting á 2. gr. í lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að selja þann hluta Arnarhólslóðarinnar, sem heimild er til að selja samkvæmt 2. gr. laga 20. okt. 1905 þeim, er kaups beiðist í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir eigi minna en 3 kr. fyrir ferhyrningsalin, en þó eigi lægra, en tveir dómkvaddir menn meta í hvert skifti, er kaupa er beiðzt.

Ed.

139. Frumvarp

til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sé sett vátryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð. Það nefnist »Samábyrgð Íslands á fiskiskipum« og er í lögum þessum nefnt »Samábyrgðin«. Það tekst á hendur:

a. Endurtrygging á alt að því $^{40}/_{100}$ af tryggingarhæfu verði fyrir íslenzk ábyrgðarfélög báta og skipa þau, er sjálf taka þátt í áhættunni á $^{35}/_{100}$ hlutum að minsta kosti af verði hinna innskráðu skipa og krefjast sjálfsábyrgðar á $^{25}/_{100}$ hlutum verðsins að minsta kosti.
b. Beina vátrygging á bátum og skipum, alt að $^{8}/_{10}$ hlutum af tryggingarhæfu verði, venjulega þó því að eins, að bátar þessir eða skip eigi ekki kost á trygging í félögum þeim, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir.
c. Hagsmunatrygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algjörðan skiptapa er að ræða.

Félagið tekur eingöngu ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða við Ísland eða þjónustu við þær veiðar, eður og til flutninga við Ísland.

2. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 200,000 kr., að félagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur ekki af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur landssjóður til það er á vantar, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá er það hefir þegið af landssjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt eftir því sem efni þess leyfa. Nú nemur fé það, sem lagt hefir verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum, meira en 20,000 kr., og skal þá gera vátryggjendum að greiða aukaiðgjald þannig, að það sem fram yfir er 20,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi, en ávalt skal gætt ákvæða 5. gr. um takmörk aukaiðgjalds. Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda Samábyrgðinni alt að 20,000 kr. í starfsfé, en greiða skal af því 4% árlega. Endurborga skal þetta fé þá er lagt hefir verið í fastan varasjóð 20,000 kr.

3. gr.

Reglugjörð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldsgreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki stiórnarráðs Íslands, og hefir það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, meðan ábyrgð landssjóðs stendur. Það er skilyrði fyrir því, að Samábyrgðin megi takast á hendur endurtrygging samkvæmt 1. gr. a. fyrir innlent vátryggingarfélag, að stjórnarráðið hafi samþykt reglugjörð þess félags; en samþykki veitir stjórnarráðið því að eins:

a ð starf félagsins verði talið hvíla á tryggum grundvelli,

a ð félagsmenn beri ábyrgð á skyldum félagsins, hver gagnvart öðrum, nema nægt hlutafé eða ábyrgðarfé sé til tryggingar því, að fullnægt verði skuldbindingum þess.

4. gr.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15,000 kr. fyrir einstakt far og 5,000 kr. þá er um hagsmunatrygging er að ræða, á einstöku fari.

5. gr.

Vátryggjendur í Samábyrgðinni — hvort heldur eru einstakir menn eða vátryggingarfélög — ábyrgjast hver gagnvart öðrum, að hún standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eigna þeirra, er vátrygðar eru þar, og það þannig, að ábyrgðin sé ákveðin í hlutfalli við þann hluta af vátrygðu verðmæti, sem Samábyrgðin ber ábyrgð á án endurtryggingar hjá öðrum.

Eftir ábyrgðarskyldu vátryggjenda verður að eins gengið á þann hátt, að heimt séu inn aukaiðgjöld; og mega þau eigi hærri vera neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds fyrir þær eignir, er Samábyrgðin hefir eigi endurtrygt.

Nú gengur vátryggjandi úr Samábyrgðinni, og skal hann þá inna af hendi sinn hluta af skyldum þeim, er á hafa fallið áður, og eigi verða greiddar af eigum hennar.

6. gr.

Um greiðslu skaðabóta skal nánar ákveðið í reglugjörð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð landssjóðs stendur, skulu þar jafnan fastákveðin þau atriði er nú skal greina:

a. Tjón, er eigi nemur 2% af tryggingarupphæðinni, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 500 kr. á einstöku fari eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu til þess að komast hjá meiru tjóni, eða bjarga öðrum eigum vátrygðum í Samábyrgðinni.

b. Hafi vátryggjandi í sviksamlegum tilgangi tvítrygt hið sama, eða hafi hann gjörst valdur að tjóni af ásetturáði eða fyrir vítavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um skaðabótaskyldu. Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga alt að því 20% af skaðabótafénu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af skaðabótunum sem þarf til að borga lán af almanna fé, þar með talin lán úr íslenzkum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið í skipinu eða bátnum, enda nemi lánið eigi meira en helmingi tryggingarupphæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, er sekur er.

7 gr.

Halda skal sjóréttarpróf um hverskonar tjón, er skip bíða af eldsvoða, eða af því að þau hlaupa á grynningar, stranda eða rekast hvort á annað, og skal aðalskrifstofu Samábyrgðarinnar gjörð vitneskja um það ef unt er, með nægum fyrirvara.

8. gr.

Þegar vátrygðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til tryggingar fjárins.

9. gr.

Vátryggingariðgjaldið hvílir á hinum vátrygða farkosti og gengur í 2 ár fyrir veðskuldum.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar tilkynt hefir verið Samábyrgðinni, að vátrygt skip eða bátur sé í

veði fyrir láni af almanna fé, þar í talin lán íslenzkra banka og sparisjóða, má eigi fella farkostinn úr trygging fyrir þá sök að iðgjöld séu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjöldin. Ef þetta ákvæði verður tekið upp í reglugjörðir vátryggingarfélaga, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir, getur stjórnarráðið með auglýsing veitt þeim hlunnindi þau er getur um í 1. og 2. málslið greinar þessarar.

10. gr.

Öll skip og bátar, er vátrygð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska, sömu hjálp skal og veita farkostum annara félaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvort öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verður eigi krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða ef þess er heldur óskað, af þeim, er hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakað þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera bending með fána, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánara fyrir um. Þau mega eigi þiggja hjálp hjá öðrum, nema eigi sé auðið að fá hjálp hjá skipum úr sama félagi sem þau eru í.

Stjórn Samábyrgðarinnar.

11. gr.

Samábyrgðin skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík og stjórnar henni nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og skipar stjórnarráðið hann til 5 ára í senn, en tveir eru gæzlustjórar. Annan þeirra kýs stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu vátryggingarfélög, er Samábyrgðin er í samvinnu við; í reglugjörðinni, þeirri sem nefnd er í 12. gr., má gera önnur ákvæði um kosning gæzlustjóranna.

Kosning gæzlustjóranna gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá lítilsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðist af Samábyrgðinni.

Stjórn félagsins skal áður mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda stjórnarráðinu samandregið yfirlit yfir starf félagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því lízt látið rannsaka allan hag félagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það tilsjónarstjórn.

Nánari ákvæði um stjórn félagsins skulu sett í reglugjörð þess. Til kostnaðar við stofnun félagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5,000 kr. á ári í fyrstu 5 árin.

12. gr.

Þegar félagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöld þess auk endurtryggingariðgjalda fara fram úr 35,000 kr., og varasjóðurinn nemur meira en 50,000 kr., skal stjórnarráðið semja nýja reglugjörð fyrir það, er veiti vátryggjendum meiri umráð yfir allri starfsemi þess, annaðhvort þannig, að fulltrúar þeirra komi saman árlega eða skipað sé fulltrúaráð.

13. gr.

Ef félagið leggst niður, fellur tekjuafgangur þess til fiskiveiðasjóðs Íslands.

14. gr.

Ágreining milli félagsins og þeirra vátryggingarfélaga, er í samvinnu eru við það, eða vátryggjandi í því, skal leggja í gjörð, ef eigi nemur meiru en 1,000 kr.; í gjörðardóminn kveður hver málsaðila einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómenda úr yfirdómi landsins sem oddvita.

Gjörðardómur skal háður í Reykjavík og segir oddviti fyrir um réttarfarið við hann.

En hin nánari ákvæði um gjörðardóminn skulu sett í reglugjörð félagsins.

Nd. **140. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 20. oktbr. 1905 nr. 33, um stofnun geðveikrahælis.

Frá Jóni Magnússyni.

1. gr.

Við geðveikrahælið skal skipa sérstakan lækni. Hann skal búa í geðveikrahælinu og hafa að launum 2700 kr. auk ókeypis bústaðar, eldsneytis og ljósmetis. Hann skal auk læknisstarfa hafa á hendi forstöðu og reikningshald hælisins og vera skyldur til að gegna kenslu í lagalegri læknisfræði við læknaskólann án sérstakrar þóknunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1909.

Ed. **141. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson.

Þingið ályktar að fela stjórninni, að skipa 5 manna nefnd, er annist um að samdar verði og útgefnar hentugar skólabækur í fræðigreinum þeim, sem kendar eru í hinum æðri almennu mentaskólum landsins.

Nd. **142. Þingsályktunartillaga.**

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landstjórnina, að hlutast til um, að bréfhirðing sé sett á stofn að Dynjanda í Jökulfjörðum, og að aukapóstur, sem nú gengur að Dynjanda, frá Stað í Grunnavík, sé látinn ganga alla leið í Furufjörð á Hornströndum.

Nd. **143. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla (þskj. 81).

Frá Hálfdani Guðjónssyni og Birni Sigfússyni.

Aftan við 1. gr. IV. komi nýr flokkur:

V. Húnavatnsprófastsdæmi.

16. Melstaður: Melstaðar- og Kirkjuhvammssóknir.
17. Staðarbakki: Staðarbakka- og Núpssóknir.
18. Undirfell: Undirfellssókn.
19. Þingeyraklaustur: Þingeyra- og Blönduóssóknir.

Töluröð þar á eftir breytist samkvæmt þessu.

Nd. **144. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi.

Flutningsmenn: Sig. Sigurðsson, Einar Jónsson.

Í stað stafl. a, 8. gr.: Landssjóður til Ölfusi, stafl. d. sömu gr. og 10. gr. komi:

1. gr.

Landssjóður kostar viðhald flutningsbrautarinnar frá Reykjavík um Ölfus, Flóa og Holt að Ytri-Rangá ásamt viðhaldi og gæzlu brúnna yfir Þjórsá og Ölfusá.

2. gr.

Þegar flutningabraut er fullgerð getur stjórnarráðið afhent hana sýslu eða sýslum til viðhalds að afloknni úttekt á brautinni. Skulu úttektarmenn vera tveir, en verkfræðingur sá, er stjórnar vegagerð landsins, er sjálfkjörinn oddamaður. Stjórnarráðið útnefnir annan úttektarmanninn og skal hann vera búsettur í héraði því, er brautin liggur um og viðhaldsskyldan hvílir á. Hinn úttektarmaðurinn skal útnefndur af sýslunefnd þeirrar sýslu eða sýslna, er eiga að

taka að sér viðhaldið. Úttektarmönnum skulu greiddar 4 kr. á dag úr landssjóði meðan þeir eru að úttekt.

Afhending flutningabrauta má þó aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að byggja hana, enda hafi verið bættar á landssjóðskostnað allar skemdir, sem hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð. Skulu bæturnar vera svo fullkomnar, að svo miklu leyti sem unt er, að eigi sé hætt við samskonar skemdum aftur.

Þær flutningabrautir, sem gerðar eru áður en lög þessi öðlast gildi, verða eigi afhentar fyrri en 1. október 1910, og þó að eins, að þær fullnægi ákvæðum þessara laga. Um afhending þeirra gilda sömu reglur og um þær flutningabrautir, er verða gerðar eftir að lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gerðar, inn í lögin frá 22. nóv. 1907 um vegi.

Nd. **145. Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frv. til laga um varabiskup (þskj. 113).
Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 3. gr. Í stað orðanna: »Konungur veitir þetta embætti«, komi: »Konungur skipar vígslubiskup«.

Nd. **146. Skrá**

yfir erindi til alþingis 1909, lögð fram á lestrarsal frá 2. marz til 12. s. m.
(Framhald af þskj. 89).

A. Erindi um fjárveitingar.

63. Erindi frá biskupi Íslands fyrir hönd söknarnefnda Stóra-Núpssafnaðar og Hrepphóla um 3000 kr. lán til hvors safnaðar til að endurreisa kirkjurnar, 4 fylgiskj. (134).
64. Erindi frá biskupi Íslands vegna síra Stefáns Stephensens á Mosfelli um eftirlaunahækkun, svo og meðmæli með styrk handa uppgjafaprestinum Gísla Kjartanssyni (135).
65. Erindi frá Búnaðarfélagi Íslands um að fé verði veitt til skólahússbyggingar á Hvanneyri, 1 fylgiskj. (138).
66. Beiðni frá Edv. Brandt um 2000 kr. styrk til jarðræktar í Fossvogi (140).
67. Beiðni frá kennurum hins almenna mentaskóla um launahækkun (141).

68. Áskorun frá þingmönnum Húnvetninga til alþingis um fjárveiting til vegagerðar fyrir Múlann, til símalínu til Hvammstanga og til símalínu frá Blönduós til Skagastrandar og Kálfshamarsvíkur, 1 fylgiskj. (142).
69. Bergur sútari Einarsson í Reykjavík sækir um alt að 4000 kr. lán úr landssjóði, 11 fylgiskj. (143).
70. Erindi frá landlækni um 2000 kr. styrk í eitt skifti til sjúkrahúss Akureyrar og 1200 kr. árlegan styrk, 4 fylgiskj. (144).
71. Beiðni frá stjórnarnefnd Flensborgarskólans um 7200 kr. styrk í 2 ár til reksturs skólanum og að minsta kosti 500 kr. til viðgerðar heimavistarskólahúsinu (148).
72. Erindi frá Ísfélagi Vestmanneyja um 10,000 kr. styrk og 15,000 kr. lán til að standast straum af kostnaði íshúsbyggingar (154).
73. Beiðni frá Magnúsi ljósmyndara Ólafssyni um 1000 kr. styrk til þess að halda áfram að taka myndir af fögrum og einkennilegum stöðum á Íslandi, 1 fskj. (152).
74. Beiðni frá Jóh. J. Reykdal um 5,000 kr. lán úr viðlagasjóði til að endurbyggja verksmiðjuhús sitt (149).
75. Beiðni frá Jóni Helgasyni um 700 kr. árlegan styrk til þess að koma á stofn og standa fyrir líkamsæfingaskóla í Reykjavík (163).
76. Erindi frá hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps um að landssjóður kosti og annist lagning á talsíma frá Eysteinseyri að Sveinseyri (159).
77. Beiðni frá Jóni Sigurðssyni um 1000 kr. styrk næsta ár til þess að kynnast raflýsing með vatnsafli (158).
78. Áskorun frá alþingiskjósendum í Vestfjörðum um að veita fé til þess, að lagður verði koparþráður á talsímaálmu frá Hrútafirði til Ísafjarðar sem fyrst á komanda sumri (160).
79. Beiðni frá Sigurði Gunnarssyni, þm. Snæfellinga, um nægilegt fé til þess sem fyrst að byggja vita á Öndverðanesi (165).
80. Hólmgeir Jensson sækir um sama styrk og áður til dýralækninga í Þorskafjarðarþingi (166).
81. Beiðni frá Jóni Reykdal vegna Engilberts Gíslasonar um 1000 kr. styrk hvort árið til þess að ferðast um útlönd til að læra leiktjaldamálningu (177).
82. Beiðni frá þingm. Vestur-Ísfirðinga, Skúla Thoroddsen, um 800—1000 kr. skáldastyrk á ári í næstu 2 ár handa Guðmundi skáldi Guðmundssyni (169).
83. Beiðni frá Gunnari kaupm. Einarssyni um 40,000 kr. lán til reksturs sláturhúss og tilrauna með að fá fastan markað erlendis fyrir hrossakjöt og kinda (171).
84. Beiðni frá Ólafi Þorsteinssyni um 1000 kr. styrk á næsta ári til þess að halda áfram námi við polytekniskan skóla í Kaupmannahöfn (172).
85. Erindi frá Búnaðarfélagi Íslands um að alþingi veiti Ungmennafélagi Íslands fjárstyrk til þess, að beitast fyrir skógrætktarmáli í samvinnu við skógræktarstjórnina, 1 fylgiskj. (173).
86. Beiðni frá Gunnari konsúl Einarssyni um skaðabætur sakir tjóns, er lög nr. 41 frá 16. nóv. 1907 hafi bakað honum og baki 1 fylgiskj. (174).
87. Erindi frá Stjórnarráði Íslands um að fjárlaganefndin taki upp á fjáraukalög fyrir yfirstandanda fjárhagstímabil og fjárlög fyrir næsta fjárhagstímabil fjárveiting handa Erlendi Páli Jónssyni, 5 fylgiskj. (170).

88. Erindi frá þingmanni Snæfellinga um 5000 kr. styrk næsta ár til hafskipabryggju í Stykkishólmi (176).
89. Áskorun frá 32 alþingiskjósendum í Austur-Landeyjahreppi um að alþingi leggi fram nægilegt fé á næstu fjárlögum til brúargjörðar á Ytri-Rangá á Ægisíðuhöfða (177).
90. Beiðni frá Lárusi Stefánssyni um 300 kr. styrk í viðurkenningarskyni fyrir að hafa komið upp stórum barnahóp, 1 fylgiskj (178).
91. Erindi frá sýslumanni Skagfirðinga um að alþingi veiti alt að 25,000 kr. til símaálmu frá Vatnsleysu til Siglufjarðar um Kolkuós, Hofsós, Fell og Haganesvík, 2 fylgiskj. (179).
92. Erindi frá Kaup- og sláturfélagi Húnvetninga um að fé verði veitt til framlengingar og aðgerðar á bryggjunni við Blönduós og að byrjað verði þetta ár á akbraut frá bryggjunni (184).
93. Erindi frá þingmönnum Húnvetninga um 7000 kr. árlegan styrk handa kvennaskóla Blönduóss, 3 fylgiskj. (183)
94. Beiðni frá Jóhanni Jónssyni pósti um 200 kr. styrk um næstu 2 ár, eins og að undanförnu (185).
96. Beiðni frá Eyjólfi Bjarnasyni á Kleifum í Gilsfirði um sæmilegan styrk í viðurkenningarskyni fyrir 43 ára tamning hesta og gelding (187).
97. 2. þingm. Eyfirðinga óskar að alþingi veiti 2,000 kr. fjárstyrk til akvega inn Svarfaðardal, 1 fylgiskjal (194).
98. Erindi frá biskupi, þar sem hann mælir með, að presturinn að Völlum í Svarfaðardal fái greiddar úr landssjóði 182 kr. 50 a. fyrir óhjákvæmilegan kostnað við að koma kirkjujörð í góða ábúð, 2 fylgiskjöl (196).
99. Erindi frá Magnúsi Helgasyni skólastjóra um 1200 kr. fjárveiting á aukafjárlögunum til æfingaskóla (193).
100. Stórstúka Íslands sækir um styrk á næsta fjárhagstímabili 8000 kr. fyrra árið og 2000 kr. síðara árið (200).
101. Gufubátsfélag Faxaflóa sækir um 11,000 kr. styrk um næstu 2 ár (201).
102. Erindi frá þingm. Snæfellinga um 5000 kr. styrk næstu 2 ár, til hafskipabryggju í Stykkishólmi (176).
103. Ingibjörg Guðbrandsdóttir sækir um 600 kr. styrk í næstu 2 ár til að kenna stúlkum leikfimi (207).
104. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sækir um 30,000 kr. lán til að koma á vatnsleiðslu til Hafnarfjarðar og um kaupstaðinn, 1 fylgiskjal (209).
105. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði sækir um 10,000—19,000 kr. fjárveiting til vegagjörðar frá Hafnarfirði til aðalflutningsbrautarinnar frá Rvík austur um sveitir, 2 fylgiskjöl (208).

B. Ýms önnur erindi.

36. Erindi frá Búnaðarfélagi Íslands, um að alþingi geri samning við eitthvert gufuskipafélag að hafa að minsta kosti eitt hraðskreitt gufuskip með kælirúmi í förum milli Reykjavíkur og Leith á þessu ári (136).
37. Skýrsla um hið íslenzka náttúrufræðisfélag, félagsárin 1907—08 og 1908—09 (145).

38. Erindi frá Jóni alþm. Þorkelssyni vegna botnvörpugufuskipaeigenda í Rvík um að alþingi samþykki lög, er nemi úr gildi lög nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898, 1 fylgiskjal (147).
39. Áskorun frá hreppsnefnd Skútustaðahrepps um að alþingi hlutist til um friðun riðsilungs í veiðivötnum og veiðiám.
40. Áskorun frá Framfarafélagi Flateyjarhrepps um, að alþingi hlutist til um að strandferðabáturinn »Hólar« komi framvegis oftar við í Flatey en áður (150).
41. Áskorun á alþingi frá 1602 konum um, að banna með lögum innflutning allra áfengra drykkja í landið á næsta ári (153).
42. Bænaskrá frá sóknarmönnum í syðri hluta hinna fornu Breiðavíkurþinga undir Jökli um, að sérstakt prestakall verði þar endurreist með lögum (164).
43. Áskorun frá ýmsum kvenfélögum í Rvík um, að konur öðlist sem fyrst jafnan rétt við karlmenn (168).
44. Stétt prentara í Rvík skorar á alþingi að fella frumvarp til laga um breyting á þingsköpum handa alþingi 10. nóv. 1905 (182).
45. Landlæknir og holdsveikralæknir skora á alþingi að breyta lögum nr. 3, 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og flutning þeirra á opinberan spítala. Uppkast að frumv. til laga fylgir (189).
46. Þingm. Norður-Ísfirðinga skorar á alþingi að hlutast til um að strandferðabáturinn »Skálholt« verði látinn koma við á Þaralátursfirði á Hornströndum (190).
47. Erindi frá Ólafi presti Ólafssyni í Hjarðarholti um að alþingi veiti með sérstökum lögum heimild til, að selja prestssetrið Hjarðarholt, með 2 hjáleigum (186),
48. Beiðni frá Gunnlögi Þorsteinssyni á Kiðjabergi og Erlendi Þórðarsyni á Reykjafossi um framlenging á láni til tóvinnuvélanna að Reykjafossi, 1. fylgisk. (202)
49. Áskorun frá 150 konum í Húnavatnsþingi um að þeim verði veitt fult jafnrétti við karlmenn, 5 fylgiskjöl (203).
50. Lýsing á Klettsvík í Neshreppi milli Höfða og Ennis (204).

Ed.

147. Tillaga

til þingsályktunar um verzlunarlöggjöf.
Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að taka til rækilegrar athugunar verzlunarlöggjöf landsins, sérstaklega að því, er snertir réttindi hérlendra kaupmanna og verzlunarfélaga, rétt manna, karla sem kvenna, til verzlunar í kaupstöðum, löggiltum verzlunarstöðum og sveitum, sem og rétt til lausakaupaverzlunar og umboðssölu, og leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga um þetta efni.

Ed. **148. Frumvarp**

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í efri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir það eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Nd. **149. Frumvarp**

til laga um að stofna slökkvilið í Hafnarfirði.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Í Hafnarfirði skal stofna slökkvilið.

2. gr.

Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta 4 sinnum á ári, til þess að æfa sig í að fara með slökkvivélar og önnur slökkvitól, eftir boði bæjarstjórnar eða þess yfirboðara, sem bæjarstjórnin setur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, eru allir verkfærir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans. Þeir eru skyldir að hlýða fyrirskipunum yfirmannsins yfir slökkviliðinu, eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr eldinum, slökkva hann eða takmarka, eða varna útbreiðslu hans.

Bæjarstjórnin semur reglugjörð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir alt að 50 kr. fyrir brot gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. Sektirnar renna í bæjarsjóð Hafnarfjarðar.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þeirri, er getur um í 2. gr., skal farið með sem önnur lögreglumál.

Nd. **150. Breytingartillögur**

við tillögu til þingsályktunar á þingskj. 100.

Frá Ólafi Briem og Birni Sigfússyni.

1. Tillagan orðist þannig:

Neðri þeild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta verkfræðing skoða og gera áætlun um:

a. vitabygging í Grímsey í Steingrímsfirði og á Skaga austan Húnaflóa.

b. brúarstæði og brúarbygging á Miðfjarðará á leiðinni frá Króksstaðamelum út að sjó, og öðrum þeim ám á póstleiðinni í Húnavatnsþingi, sem ekki eru þegar brúaðar eða ákveðin brúarstæði á.

2. Aftan við staflið b bætist:
Svo og á Héraðsvötnum í Skagafirði.

3. Á eftir staflið b. komi þrír nýir liðir:
c. svifferju á Blöndu.
d. bryggjugerð á Sauðárkrók og umbætur á höfninni þar.
e. vegarlagning yfir Gönguskörð milli Blönduóss og Sauðárkróks.

Nd.

151. Frumvarp

til laga um Heilsuhælissjóð Íslands.
Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. gr.

Af aðflutningsgjaldi áfengra drykkja skal stofna sjóð, er nefnist Heilsuhælissjóður Íslands. Í sjóð þennan skal renna aðflutningsgjald af áfengum drykkjum og ölföngum, er greiða ber samkvæmt gildandi tolllögum frá ársbyrjun 1912 til ársloka 1915.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að halda uppi vörnum gegn berklaveiki, og skal hann bera kostnað við stofnun og rekstur heilsuhæla og sjúkraskýla handa berklaveikum mönnum.

Með lánveitingum úr sjóðnum skal einkum styðja þær framkvæmdir, er miða til heilsubóta fyrir almenning, svo sem umbætur á húsakynnum, vatnsbólum og öllum híbýlaháttum. Af vöxtum sjóðsins má veita fé til fræðslu um heilbrigðismál og hvers konar ráðstafana til eflingar heilnæmi og varnar gegn sýkingarhættu.

3. gr.

Sjóðurinn stendur beint undir landsstjórninni, er semur skipulagsskrá fyrir hann og reglugjörð. Fjárveitingum úr sjóðnum skal haga í samráði við stjórn Heilsuhælisfélags Íslands. Reikningur sjóðsins skal árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis.

Nd.

152. Tillaga

til þingsályktunar.
Flutningsmaður: Jón Jónsson N.-M.

Neðri deild alþingis skorar á landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um aðskilnað ríkis og kirkju.

Nd.

153. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter frá 16. nóv. 1907, svo og á 1. gr. laga frá 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipan milliþinganefndar.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson, Magnús Blöndahl.

Að því er snertir gjald af vindlum, sem gjörðir eru hér á landi, skulu lög frá 16. nóv. 1907 um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter úr lögum numin, svo og skulu úr gildi feld ákvæði 1. gr. laga frá 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og um skipan milliþinganefndar að svo miklu leyti sem þau lúta að gjaldi af innlendri vindlagjörð.

Nd.

154. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til námulaga (þskj. 20).

Nefnd sú, sem kosin var til þess að íhuga frumvarp þetta, hefir rætt það á mörgum fundum, og er það álit nefndarinnar, að fylsta þörf sé á að breyta námulögunum frá 22. nóv. 1907 og bæta við þau, með því þau hafa reynst óljós, ýms ákvæði í þeim, sem ekki geta samrýmst hvert öðru, og um önnur atriði vanta í þau ákvæði, sem miklu geta varðað þegar um það er að ræða, hvort ráðlegt sé fyrir menn að leggja fé sitt í málmleit eða námurekstur.

Nefndin er sömuleiðis einhuga á því að rétt sé að hvetja menn til að leita að námum, með því að bæði gætu námur gefið af sér talsverðar tekjur í landssjóð, og í annan stað mundu þær auka atvinnu í landinu. Þess ber og að gæta, að námur má reka jafnt vetur og sumar, og gætu þá menn, sem nú sitja auðum höndum allan veturinn fengið þar vetraratvinnu. En það telur nefndin afar-mikilvægt landsmönnum, sem hvorki geta notið ársatvinnu við siglingar né iðnað, svo teljandi sé. Nefndin felst á að halda þeirri meginstefnu frumvarpsins og núgildandi laga, að láta námulögin að eins ná til landssjóðsjarða og lénskirkjujarða, og felst einnig á, auk annara breytinga, að fella burtu 3 kafla núgildandi námulaga »Um námueiganda hlut og réttindi námurekanda og land eiganda hvors gagnvart öðrum«, með því að ekki getur verið æskilegt eða ráðlegt fyrir landssjóð að taka $^1/_5$ þátt í rekstri í námum, sem efasamt er hvort nokkurn tíma svara kostnaði. Slík samvinna mundi draga úr mönnum að leita að námum í almanna jarðeignum og leggja fram fé til þess.

Nefndin hefir því fallist á þá tillögu flutningsmanna frumvarpsins, að leggja heldur á hverja námu dálítið árlegt gjald til landssjóðs; tryggir það landssjóði áhættulausan arð af námunum og styður auk þess að því, að menn haldi ekki námunum að nauðsynjalausu, án þess að reka þær.

Það á líka alt af að vera innan handar fyrir alþingi að leggja skatt á

námurekstur, ef hann fer að borga sig vel, og er ástæðan því minni til að leggja nokkur höft á að leitað sé að málmum.

Netndinni barst bréf frá formanni Námufélags Íslands, hr. bankastjóra Tryggva Gunnarssyni, þar sem félagið fer fram á, að námuteigar verði gerðir færri og stærri, og að útmælingin öll verði ákveðin eins og í námulögum Bandaríkjanna.

Ennfremur fer félag þetta fram á, að kaflinn í núgildandi lögum »Um fresti« verði feldur burtu, en í þess stað sett eitthvert ákveðið árgjald á námuna, eins og gert er í námulögum Bandaríkjanna, til þess að fyrirbyggja það, að menn haldi námunum um skör fram, án þess að reka þær.

Nefndin hefir að mestu leyti fallist á bæði þessi atriði, og það af þeim ástæðum, að því er fyrra atriðið snertir, að ekki er líklegt, að námusvæði megi vera minni í þessu afskekta og peningalausa landi en t. d. í Bandaríkjunum, ef námufundur á að geta komið að nokkrum verulegum notum, því gæta verður þess, að áhöld, sem við námur eru notuð, eru oft afar-dýr, einkum við gullgröft, og hlýtur því námusvæðið að vera stórt til þess, að menn geti lagt út í námureksturinn, einkum þar sem fé til þess verður að sækja til annara landa. Að því er til hins atriðisins kemur, sýnist nefndinni það óhugsandi, að nokkur maður vilji leggja stórfè í námugröft, ef hann á leyfi um fresti eingöngu undir lögreglustjóra, svo sem ákveðið er í núgildandi lögum, því að lögreglustjóri getur eðlilega lítið eða ekkert skyn borið á, hvort réttmætar ástæður eru færðar fyrir beiðninni um frest samkvæmt þessum lögum. Alt öðru máli væri að gegna, að halda þessum lagaákvæðum, ef landið hefir ráðinn fullkominn námuverkfræðing, sem fær væri um að skera úr hvenær ástæða væri til að veita frest eða ekki að veita hann, og landsstjórnin gæti yfirleitt haft sér til ráðaneytis, ef námurekstur kemst hér á fót.

Auk þess ber á það að líta yfir höfuð, að því strangari skilyrði, sem sett eru fyrir afnotum námu, eftir því verða innlendir menn, sem flestir eru fátækir, og bankar, ófúsari á að leggja fé sitt fram í námurekstur. Afleiðingin verður þá sú, að námurnar lenda tafarlaust, og fyrir lítið verð, í höndum útlendinga, en það virðist nefndinni ekki æskilegt.

Nefndin hefir þó viljað setja einhver takmörk fyrir því, hve lengi námuhafi geti haldið námuréttinum, ef hann byrjar ekki námurekstur innan hæfilegs tíma, eða námurekstur legst algert niður um lengri tíma, og er ákvæði um þetta sett inn í 18. gr.

Fyrir öðrum atriðum, sem nefndin leggur til að breyta, mun verða grein þegar málið kemur til umræða í deildinni.

Nefndin leggur svo til að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi breytingum.

Breytingartillögur.

Við 1. gr. Fyrir orðin »í landeignum landssjóðs og« komi: í jörðu eða landi, sem er óskift eign landssjóðs eða.

— 1. — Fyrir orðið »kirkjujarðir« komi: lénskirkjujarðir.

— 2. — 5. málslið. Fyrir orðin »á Íslandi« komi: hérlendis.

— 3. — Fyrir orðin »málmgröftur« í báðum málsliðum greinarinnar komi: málmleit.

Við 6. gr. 1. málslið. Fyrir »málmtegundina, fundarstaðinn« komi: fundarstaðinn, málmtegundina.
— 6. — 1. málslið. Fyrir orðin »í námubókina« til enda málsliðsins komi: hitt eintakið orðrètt með athugasemdum sínum í námubréfabókina.
— 8. — 1. málslið. Fyrir töluna »7« komi: 6.
— 8. — 3. málslið. Fyrir: »er öllum heimilt að notfæra sér málmfundinn« komi: er hverjum heimilt að hagnýta sér málmfundinn, sem finnandi væri.
— 8. — 4. málslið. Fyrir orðið »tilkynt« komi: tilgreint.
— 8. — síðasta málslið. Fyrir »innfært« komi: innfæra.
— 8. — síðasta málslið. Fyrir »námubréfabókina« komi: námubréfabók.
— 9. — Á eftir orðunum »öðru úrkasti úr« komi orðið: námum.
— 9. — Fyrir orðin »sækja um«, í síðustu heilli línu, komi: fá.

10. gr. orðist svo:

Fyrir málmgraftarbréf skal greiða 25 kr. í landssjóð. Fái sá, er er málmgraftarbréf hefir fengið, fleiri útmælingar en eina á því svæði, greiði hann aðeins leigugjaldið til landssjóðs samkvæmt 17. gr. fyrir hvern námuteig.

Við 11. gr. 3. málslið. Fyrir töluna »15« komi: 2.
— — — Fyrir orðin »fimm námuteiga« komi: 1. námuteig.
— — — »Hlutafélög« til enda greinarinnar falli burt.
— 12. — Aftan við greinina bætist: Útmælingarbeiðandi lætur lögreglustjóra í té nauðsynleg áhöld og aðstoð.
— 13. — Fyrir orðin í upphafi greinarinnar »Útmæling námusvæðis« komi: Námuteigur.
— — — Fyrir »10,000« komi: 100,000.
— — — Fyrir »námuteiganna« komi: námuteigsins.
— — — Orðin: »þó svo — segir« falli burt.
— — — Fyrir »Takmörk útmælingarinnar skal« komi: Takmörk útmælinga skulu.
— 14. — Fyrir orðin í niðurlagi greinarinnar »námurekanda eða 3. gr.« komi: eftir lögum þessum.
— 15. — Aftan við greinina bætist: Ef óviðráðanlegar tálmanir hindra ekki.
— 16. — Á eftir orðunum: »svo skal lögreglustjóri og tilkynna« komi: það.
— — — Fyrir orðin »á Íslandi« komi: hérlendis.
— 17. — 1. málslið: Fyrir 10,000 komi 100,000.
— — — 1. — Fyrir 4 krónur komi 40 krónur.
— — — 2. — Fyrir 5 krónur komi 50 krónur.
— — — 2. — Fyrir 1 krónu komi 10 krónur.
— 18. — Aftan við 1. málslið bætist: Eftir þann tíma missir námuhafi rétt sinn nema hann vinni árlega í námunni fyrir að minsta kosti 150 krónur til rannsóknar henni, eða greiði árlega 100 krónur í landssjóð auk gjalda þeirra, sem ákveðin eru í 2. málslið 17. gr.

Nú er ekki byrjað á reglulegum námurekstri 8 árum eftir að að námurekstur skyldi byrja, eða að námurekstur leggst niður 8 ár samfleytt eftir að reglulegur rámurekstur var byrjaður og hefir námu, hafi þá að fullu fyrirgert námurétti sínum.

19. gr. orðist svo:

Nú ganga menn í félag, er útmælingar hafa fengið, og er þá eigi skylt fyrir námugraftarins sakir, að hafa nema einn námubrunn á félagssvæðinu.

4. kafli um fresti, falli burt.

5. kafli verður 4. kafli.

27. gr. verður 20. gr.

Við 28. gr., sem verður 21. gr., 1. málslið Á eftir orðunum: »að neinu leyti rýra vatnsból« komi: né áveituvatn.

— — — 3. málslið. Liðurinn orðist þannig:

Nú er skortur á vatni á námustaðnum eða í nánd við hann, og á sá, er fyrstur tilkynti málmfund forgangsrétt að afnotum vatns og vatnsafls eftir þörfum.

— 29. — sem verður 22. gr. Fyrir orðið »létta« komi: greiða.

Framan við 6. kafla sem verður 5. kafli bætast tvær nýjar greinar svohljóðandi:

23. gr.

Nú spillist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en geri hann það ekki, hefir hann fyrirgert námurétti sínum; þó nær þetta ekki til þess, er fyrst hefir tilkynt málmfund á þessu svæði.

24. gr.

Reksturs frestur sá, sem um getur í síðasta málslið 18. greinar fellur burt, ef náma veldur vatnsrensli í nágranna námur, nema námurekandi sá, sem fyrir vatnsaðsókninni verður, láti það óátalið eða úr sé bætt. Ákvæði þessi gilda þó ekki fyrir þann, sem fyrstur tilkynti málmfund á þeim stað.

Við 30. gr. sem verður 25. gr. Aftan við greinina bætist: nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

31. gr. verður 26. gr.

7. kafli verður 6. kafli.

Við 32. gr., sem verður 27. gr. Fyrir töluna »11« komi: 12.

33. gr. verður 28. gr.

Við 34. gr., sem verður 29. gr. Aftan við fyrri málslið bætist: En loka skal hann námunni tryggilega, svo menn eða alidýr geti ekki farið sér að voða.

8. kafli verður 7. kafli.

Við 35. gr., sem verður 30. gr. Fyrir orðiu »eigi um annað ásáttir« komi: eigi á annað sáttir.

— — — Fyrir »jarðarábúanda« komi: jarðeiganda, og bæti hann ábúanda halla þann, er hann kann að verða fyrir.

36. gr. verður 31. gr.

37. gr. verður 32. gr.

Við 38. gr. sem verður 33. gr. Fyrir töluna »30« komi: 25.
39. gr. verður 34. gr.

Alþingi 9. marz 1909.

Jóh. Jóhannesson formaður. Björn Kristjánsson. skrifari og framsögumaður

Sigurður Gunnarsson. Benedikt Sveinsson. Jón Ólafsson.

Nd.

155. Varatillaga

við frv. til laga um endurreisn Hólabiskupsdæmis hins forna og um tvo vígslubiskupa (þingskj. 92).

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 3. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Auk aðalbiskups skulu tveir vera officiales á landi hér og nefnast þeir vígslubiskupar. Skal annar þeirra vera í Skálholtsbiskupsdæmi o. s. frv.

Fyrirsögnin verði samkvæmt því: Frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi.

Ed.

156. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Frá nefndinni.

Við 4. gr.

1. Á eftir orðinu »hagsmunatrygging«, bætist inn í: á afla, veiðarfærum og útbúnaði.

Við 6. gr. a.

2. Í stað »500«, komi: 300.
3. Aftan við greinina bætist: Frá skaðabótunum skal ætíð draga 2% af tryggingarupphæðinni, en þó eigi yfir 300 krónur.

Nd.

157. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl.

Flutningsm.: Jón Jónsson þm. S.-M. og Jón Ólafsson.

Milli Seyðisfjarðarhéraðs (nr. 32) og Reyðarfjarðarhéraðs (nr. 33) skal stofna nýtt læknishérað, er nefnist Norðfjarðarhérað: Norðfjarðarhreppur og Mjóafjarðarhreppur. Læknissetur í Norðfirði.

Nd.

158. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

Frá nefndinni.

Við 10. gr.: Orðin »ef hún fer eigi fram úr 50 kr.« falli burtu.

Ed

159. Frumvarp

til laga um »Bókasafn Vesturlands«.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Amtsbókasafnið í Stykkishólmi skal flutt til Ísafjarðar, að undanskildum þeim útlendum bókum, sem út eru gefnar fyrir árið 1885. Landsstjórnin annast um flutninginn, en bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar sér safninu fyrir húsnæði.

2. gr.

Bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar legst við þetta safn. Hið sameinaða bókasafn er eign Vestfirðingafjórðungs og heitir »Bókasafn Vesturlands«.

3. gr.

Til bókasafnsleifanna í Stykkishólmi leggur »Bókasafn Vesturlands« annað eintakið af hverri þeirri bók, er það á í tveim eintökum, er sameining sú, er nefnd er í 2. gr., er komin á.

4. gr.

Stjórn »Bókasafns Vesturlands« skal skipuð þrem mönnum. Einn þeirra er kosinn af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar og er hann formaður, hina kjósa sýslunefndir Norður-Ísafjarðar- og Vestur-Ísafjarðarsýslu sinn hvor. Kosning þeirra gildir þrjú ár.

Stjórnarnefndin semur reglugjörð fyrir safnið og staðfestir stjórnarráðið hana.

5. gr.

»Bókasafn Vesturlands« heldur þeim hlunnindum, sem amtsbókasafninu í Stykkishólmi eru ætlaðar með lögum nr. 80, 22. nóvembr. 1907, 1. gr.

Nd.

160. Viðaukatillaga

við breytingartillögu á þingskjali nr. 150.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Á eftir tölulið 3 komi nýr, 4. liður svohljóðandi:

a. brúarstæði og brúarbygging yfir Bleikdalsá á þjóðveginum upp Kjalarnes.
b. símalagning frá Keflavík í Gullbringusýslu um Hafnir til Reykjaness.

Nd.

161. Frumvarp

til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sé sett vátryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð. Það nefnist »Samábyrgð Íslands á fiskiskipum« og er í lögum þessum nefnt »Samábyrgðin«. Það tekst á hendur:

a. Endurtrygging á alt að því $^{40}/_{100}$ af tryggingarhæfu verði fyrir íslenzk ábyrgðarfélög báta og skipa þau, er sjálf taka þátt í áhættunni á $^{35}/_{100}$ hlutum að minsta kosti af verði hinna innskráðu skipa og krefjast sjálfsábyrgðar á $^{25}/_{100}$ hlutum verðsins að minsta kosti.

b. Beina vátrygging á bátum og skipum, alt að $^{8}/_{10}$ hlutum af tryggingarhæfu verði, venjulega þó því að eins, að bátar þessir eða skip eigi ekki kost á trygging í félögum þeim, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir.

c. Hagsmunatrygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algjörðan skiptapa er að ræða.

Félagið tekur eingöngu ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða við Ísland eða þjónustu við þær veiðar, eður og til flutninga við Ísland.

2. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 200,000 kr., að félagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur ekki af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur landssjóður til það er á vantar, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá er það hefir þegið af landssjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt eftir því sem efni þess leyfa. Nú nemur fé það, sem lagt hefir verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum, meira en 20,000 kr., og skal þá gera vátryggjendum að greiða aukaiðgjald þannig, að það sem fram yfir er 20,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi, en ávalt skal gætt ákvæða 5. gr. um takmörk aukaiðgjalds. Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda Samábyrgðinni alt að 20,000 kr. í starfsfé, en greiða skal af því 4% árlega. Endurborga skal þetta fé þá er lagt hefir verið í fastan varasjóð 20,000 kr.

3. gr.

Reglugjörð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldsgreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki stjórnarráðs Íslands, og hefir það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, meðan ábyrgð landssjóðs stendur. Það er skilyrði fyrir því, að Samábyrgðin megi takast á hendur endurtrygging samkvæmt 1. gr. a. fyrir innlent vátryggingarfélag, að stjórnarráðið hafi samþykt reglugjörð þess félags; en samþykki veitir stjórnarráðið því að eins:

að starf félagsins verði talið hvíla á tryggum grundvelli,

að félagsmenn beri ábyrgð á skyldum félagsins, hver gagnvart öðrum, nema nægt hlutafé eða ábyrgðarfé sé til tryggingar því, að fullnægt verði skuldbindingum þess.

4. gr.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15,000 kr. fyrir einstakt far og 5,000 kr. þá er um hagsmunatrygging er að ræða, á einstöku fari.

5. gr.

Vátryggjendur í Samábyrgðinni — hvort heldur eru einstakir menn eða vátryggingarfélög — ábyrgjast hver gagnvart öðrum, að hún standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eigna þeirra, er vátrygðar eru þar, og það þannig, að ábyrgðin sé ákveðin í hlutfalli við þann hluta af vátrygðu verðmæti, sem Samábyrgðin ber ábyrgð á án endurtryggingar hjá öðrum.

Eftir ábyrgðarskyldu vátryggjenda verður að eins gengið á þann hátt, að heimt séu inn aukaiðgjöld; og mega þau eigi hærri vera neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds fyrir þær eignir, er Samábyrgðin hefir eigi endurtrygt.

Nú gengur vátryggjandi úr Samábyrgðinni, og skal hann þá inna af hendi sinn hluta af skyldum þeim, er á hafa fallið áður, og eigi verða greiddar af eigum hennar.

6. gr.

Um greiðslu skaðabóta skal nánar ákveðið í reglugjörð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð landssjóðs stendur, skulu þar jafnan fastákveðin þau atriði er nú skal greina:

a. Tjón, er eigi nemur 2% af tryggingarupphæðinni, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 300 kr. á einstöku fari eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu til þess að komast hjá meiru tjóni, eða bjarga öðrum eigum vátrygðum í Samábyrgðinni. Frá skaðabótunum skal ætíð draga 2% af tryggingarupphæðinni, en þó eigi yfir 300 krónur.
b. Hafi vátryggjandi í sviksamlegum tilgangi tvítrygt hið sama, eða hafi hann gjörst valdur að tjóni af ásetturáði eða fyrir vítavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um skaðabótaskyldu. Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga alt að því 20% af skaðabótafénu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af skaðabótunum sem þarf til að borga lán af almanna fé, þar með talin lán úr íslenzkum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið í skipinu eða bátnum, enda nemi lánið eigi meira en helmingi tryggingarupphæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, er sekur er.

7 gr.

Halda skal sjóréttarpróf um hverskonar tjón, er skip bíða af eldsvoða, eða af því að þau hlaupa á grynningar, stranda eða rekast hvort á annað, og skal aðalskrifstofu Samábyrgðarinnar gjörð vitneskja um það ef unt er, með nægum fyrirvara.

8. gr.

Þegar vátrygðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til tryggingarfjárins.

9. gr.

Vátryggingariðgjaldið hvílir á hinum vátrygða farkosti og gengur í 2 ár fyrir veðskuldum.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar tilkynt hefir verið Samábyrgðinni, að vátrygt skip eða bátur sé í veði fyrir láni af almanna fé, þar í talin lán íslenzkra banka og sparisjóða, má eigi fella farkostinn úr trygging fyrir þá sök að iðgjöld séu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjöldin. Ef þetta ákvæði verður tekið upp í reglugjörðir vátryggingarfélaga, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir, getur stjórnarráðið með auglýsing veitt þeim hlunnindi þau er getur um í 1. og 2. málslið greinar þessarar.

10. gr.

Öll skip og bátar, er vátrygð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska, sömu hjálp skal og veita farkostum annara félaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvort öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verður eigi krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða ef þess er heldur óskað, af þeim, er hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakað þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera bending með fána, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánara fyrir um. Þau mega eigi þiggja hjálp hjá öðrum, nema eigi sé auðið að fá hjálp hjá skipum úr sama félagi sem þau eru í.

Stjórn Samábyrgðarinnar.

11. gr.

Samábyrgðin skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík og stjórnar henni nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og skipar stjórnarráðið hann til 5 ára í senn, en tveir eru gæzlustjórar. Annan þeirra kýs stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu vátryggingarfélög, er Samábyrgðin er í samvinnu við; í reglugjörðinni, þeirri sem nefnd er í 12. gr., má gera önnur ákvæði um kosning gæzlustjóranna.

Kosning gæzlustjóranna gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá lítilsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðist af Samábyrgðinni.

Stjórn félagsins skal áður mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda

stjórnarráðinu samandregið yfirlit yfir starf félagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því lízt látið rannsaka allan hag félagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það tilsjónarstjórn.

Nánari ákvæði um stjórn félagsins skulu sett í reglugjörð þess. Til kostnaðar við stofnun félagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5,000 kr. á ári í fyrstu 5 árin.

12. gr.

Þegar félagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöld þess auk endurtryggingariðgjalda fara fram úr 35,000 kr., og varasjóðurinn nemur meira en 50,000 kr., skal stjórnarráðið semja nýja reglugjörð fyrir það, er veiti vátryggjendum meiri umráð yfir allri starfsemi þess, annaðhvort þannig, að fulltrúar þeirra komi saman árlega eða skipað sé fulltrúaráð.

13. gr.

Ef félagið leggst niður, fellur tekjuafgangur þess til fiskiveiðasjóðs Íslands.

14. gr.

Ágreining milli félagsins og þeirra vátryggingarfélaga, er í samvinnu eru við það, eða vátryggjandi í því, skal leggja í gjörð, ef eigi nemur meiru en 1,000 kr.; í gjörðardóminn kveður hver málsaðila einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómenda úr yfirdómi landsins sem oddvita.

Gjörðardómur skal háður í Reykjavík og segir oddviti fyrir um réttarfarið við hann.

En hin nánari ákvæði um gjörðardóminn skulu sett í reglugjörð félagsins.

Nd. **162. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi (þskj. 136).

Háttvirt efri deild hefir gert tvær breytingar á frumvarpi þessu. Önnur er sú, að tollur af brendu kaffi skuli vera 5 aurum hærri á pundi en af óbrendu, og er sú breyting til bóta. Hin er sú, að felt hefir verið burt það ákvæði, að hin lögskipaða hækkun á aðflutningsgjaldi skyldi ná til allra áfengra drykkja, er flyttust til landsins eftir 24. febr. 1909. Téð tímatakmark var tekið upp í Nd. og er miðað við það, að frumvarpið hefði með afbrigðum frá þingsköpum þá getað verið afgreitt frá þinginu sem lög og jafnskjótt öðlast staðfestingu, ef staðfestingarvaldið hefði verið hér á staðnum, eða unt hefði verið að fá lögin staðfest gegnum ritsímann. Ákvæði í þessa átt er eitt af þeim ráðum, er bent hefir verið á til þess að varna því, að landssjóður biði eigi alllítinn tekjumissi fyrir það, hve langur dráttur hlýtur sökum sérstakra staðhátta að verða á því, að lögin nái staðfestingu konungs. Jafnvel þó meiri hluta nefndarinnar hefði verið næst skapi, að taka upp aftur sama ákvæði um tímatakmarkið, þykir ekki

fært að halda því til streitu gegn eindreginni mótspyrnu Ed. Nefndin hefir því orðið ásátt um þá tillögu, að lögin séu látin ganga í gildi þann dag, sem þau verða afgreidd frá þinginu, er væntanlega verður 12. þ. m.

Við 3. umræðu í neðri deild var samþykt viðaukatillaga um toll af súrum berjasafa, og fyrir henni gerð sú grein, að með tollinum ætti að tálma innflutningi téðrar vörutegundar, er gæti verið skaðleg til neyzlu, en þá er tollurinn alt of lágur 30 aurar af potti og mætti ekki minni vera en 1 kr.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum:

1. Aftan við orðin í 4. tölul. 1. gr. »óblandaður til drykkjar« bætist: svo og af súrum berjasafa (súrsaft).

15. tölul. 1. gr. falli burt.

2. 3. gr. orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru afgreidd frá alþingi, 12. marz 1909.

Alþingi 10. marz 1909.

Ólafur Briem, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari Jón Ólafsson, framsögumaður. Einar Jónsson.

Jóh. Jóhannesson. Magnús Blöndahl. Jón Sigurðsson.

Nd.

163. Frumvarp

til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Auk aðalbiskups skulu tveir vera officiales á landi hér og nefnast þeir vígslubiskupar. Skal annar þeirra vera í Skálholtsbiskupsdæmi, en hinn í Hólabiskupsdæmi. Þeir skulu kosnir af klerkum hvors biskupsdæmis og staðfestir biskup landsins kosninguna. Skulu þeir hafa biskupsvígslu, og vígir annar þeirra biskup þann, er nú næst kemur, ef svo stendur á, að fráfarandi biskup getur af einhverjum ástæðum ekki gert það. Nú verður ágreiningur um það hvor vígslubiskupa skuli biskup vígja, og skal þá framar ganga vígslubiskup Skálholtsbiskupsdæmis. Vígslubiskupar vígja og presta í forföllum biskups, hvor í sínu umdæmi. Til vígslukostnaðar, þegar þeir vígjast, skulu þeim hvorum fyrir sig greiðast 500 kr. úr ríkissjóði Íslands. Að öðru leyti hafa þeir engin föst laun, en borga skal þeim úr ríkissjóði landsins eftir reikningi fyrir embættisverk þau, er þeir inna af höndum í forföllum biskups.

Ed.

164. Tillaga

til þingsályktunar

Flutningsmaður: Gunnar Ólafsson.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að hlutast til um það, að póstafgreiðsla verði sett í Vík og að póstferðum verði fjölgað um helm-

ing milli Odda og Víkur á þeim tíma árs, er póstvagn gengur vikulega milli Reykjavíkur og Ægisíðu.

Nd. **165. Nefndar-álit**

um frumvarp til laga um fiskimat; þingskjal 86.
Frá nefndinni í fiskiveiðamálinu.

Hin háttvirta deild vísaði þessu máli til vor og höfum vér athuguð það og meðal annars borið oss saman við yfirfiskimatsmanninn í Reykjavík, hr. Þorstein Guðmundsson, um einstök atriði, sem oss var helzt athugi á. Höfum vér komist að þeirri niðurstöðu, að frv. mundi ekki verða breytt til neinna verulegra bóta og leyfum vér oss því, að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja það, eins og það er komið frá efri deild.

Alþingi 10. marz 1909.

Pétur Jónsson formaður. Benedikt Sveinsson skrifari.

Jón Sigurðsson. Jón Þorkelsson. Stefán Stefánsson Eyf.

Nd. **166. Frumvarp**

til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.
Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Í skuldamálum, er nema eigi meiru en 50 krónum, skal sáttanefnd, ef skuldheimtumaður krefst þess, kveða upp fullnaðarúrskurð:

a. Þegar kærði þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins mætir ekki og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann frá að mæta eða láta mæta fyrir sig.
b. Þegar skuldunautur eftir áskorun sáttanefndar um að gefa skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, viðurkennir afdráttarlaust að hann sé skyldur að borga hana, eða skrifleg viðurkenning liggur fyrir, en hann vill þó ekki sættast, eða eigi er auðið að koma á sætt milli málsaðila um aukaatriði, svo sem borgunartíma, vexti og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við málið.

Sáttanefndin ritar í sáttabókina og les upp fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, viðurkenning skuldunauts og mótmæli hans, svo og sáttaboð þeirra beggja.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda þó eigi:

a. Þegar skuldheimtumaður hefir, til að tryggja kröfu sína, beitt kyrsetning eða banni, sem mótmælt er af skuldunaut.
b. Þegar fleiri en einn hafa verið kærðir fyrir sáttanefndinni um sömu skuld, og allir kannast eigi við að hún sé rétt.

3. gr.

Láti skuldheimtumaður hjá líða að krefjast úrskurðar sáttanefndar, þegar svo á stendur sem segir í 1. gr. b., og haldi hann málinu áfram, getur hann ekki fengið sér dæmdan málskostnað, þótt hann vinni málið. Um leið og sliku máli er vísað til aðgerða dómstólanna, skal þess getið, með hverjum kostum skuldunautur vildi sættast.

4. gr.

Nú mætir kærandi eigi á sáttafundi og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann frá að mæta eða láta mæta fyrir sig, en kærði mætir og krefst þóknunar fyrir ómak sitt, og skal sáttanefndin þá með úrskurði ákveða honum hæfilega þóknun fyrir ómakið.

5. gr.

Úrskurð eftir lögum þessum ber sáttanefnd að uppkveða þegar á staðnum, ef auðið er, ella í síðasta lagi innan viku. Í úrskurðinum skal það tekið fram, hvort hann hafi verið uppkveðinn í viðurvist málsaðila. Úrskurður sáttanefndar skal ritaður í sáttabókina.

6. gr.

Við hverja sáttanefnd skal skipa varasáttanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni, ef annarhvor sáttanefndarmanna er viðriðinn málið eða hefir forföll, svo og þegar sáttanefndarmenn greinir á, er kveða skal upp úrskurð, og ræður þá afl atkvæða.

7. gr.

Nú úrskurðar sáttanefnd, að kærði skuli borga skuld þá, sem krafist er, eða eitthvað af henni, og skal þá í úrskurðinum tiltaka aðalupphæðina, sem borga ber, og vexti ef þá ber einnig að borga, svo og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við kæru málsins fyrir sáttanefndinni, og fyrir að mæta þar

8. gr.

Úrskurður sáttanefndar hefir sama gildi sem sátt. Fullnægjufrestur úrskurðarins er 4 vikur, nema málsaðilar hafi komið sér saman um annað fyrir sáttanefnd. Frest þennan ber að reikna frá uppsögn úrskurðarins, hafi hann verið uppkveðinn í viðurvist málsaðila, ella frá birtingu hans.

9. gr.

Fyrir uppsögn og bókun úrskurðar greiðist 1 króna til hvers sáttanefndarmanns, er þar á þátt í. Fyrir endurrit úr sáttabókinni greiðist 25 aurar fyrir hverja hálförk eða minna.

10. gr.

Hafi kærði gagnkröfu á hendur kæranda, getur hann komið fram með hana án kæru til sáttanefndar. Sé gagnkrafan viðurkend af kæranda eða stafi af skuld, sem eigi er mótmælt, skal sáttanefnd kveða upp úrskurð um gagnkröfuna jafnframt aðalkröfunni, þó svo, að kærði getur eigi fengið úrskurð fyrir meiru en til að jafna skuldaskiftin.

11. gr.

Úrskurði sáttanefndar samkvæmt lögum þessum verður ekki áfrýjað til dómstólanna. Þó getur dómarinn í því lögsagnarumdæmi veitt leyfisbréf til þess að skjóta úrskurði sáttanefndar til undirréttar, þá er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. ef kærði getur sannað lögleg forföll, er hafi hindrað hann frá að mæta fyrir sáttanefnd. Fyrir slík leyfisbréf skal greiða 10 kr. er renni í landsjóð.

Nd. **167. Nefndaràlit**

um frv. til laga um verzlunarbækur (þskj. 87).

Frá nefndinni um verzlunarlöggjöf og atvinnulöggjöf.

Nefndin hefir rækilega rætt og íhugað frumvarp þetta og telur það hina beztu réttarbót.

Nefndin hefir eigi fundið ástæðu til að gera neinar verulegar breytingar á frumvarpinu, því síður sem fyrirmæli þess eru í samræmi við samkynja löggjöf ýmissa annarra þjóða, þeirra er vel þykja hafa skipað þessu máli með lögum.

Þær einu breytingar, sem nefndin leggur til að gera á frumvarpinu, eru þessar:

1. Við 2. gr. á eftir »verzlunarviðskifti« bætist inn í »önnur en þau, er hönd selur hendi«.
2. Við 2. gr. í stað orðanna: »gegnumdregin . . . . með því« — komi: »gegnumdregin, innsigluð og löggilt af notaris publicus og blaðsíður allar tölumerktar«.
3. Við 3. gr.: Á eftir »Höfuðbók« á fyrra staðnum komi: »Konto-Kurant, Ledger«.
4. Við 3. gr.: Í stað »greiðslur« komi »sjóðgreiðslur«.
5. Aftan við 3. gr. bætist (jafnframt því er punktur breytist í kommu): »þeirra, er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum hérlendis eða öðrum, er viðskifta atvinnu reka.
6. Við 5 gr.: Á eftir »á ári hverju« bætist: »í sama mund hver«.

7. Við 8. gr.: Í 1. línu breytist »missiris« í »árs« og í 2. línu «árs« í »þriggja missira«.

Um þessar einstöku breytingar þarf ekki mörgum orðum að fara. Sérstaklega skal þessa þó getið um:

3. tölul.: Tilgangurinn með að skjóta inn útlendu orðunum er sá, að sýna, að eigi sé til ætlast, að kaupmaður þurfi að hafa þann tvíverknað, framar en hann vill, að færa sundurliðaðan reikning í höfuðbók, heldur nægi að færa inn aðalupphæð innlags og úttektar, er gerist í hvert sinn.
6. tölul.: Tilgangur br.till. er að ákveða, að sami kaupmaður geri efnahags-yfirlit sitt um sama leyti ár hvert, en hver kaupmaður ræður því, hvern tíma hann velur til þess að öðru leyti.

Hinar br.till. eru víst flestar auðráðnar, enda grein fyrir þeim ger í framsögu málsins.

Ráðum vér svo deildinni til, að samþykkja frumv. með þessum breytingum.

Alþingi, 10. marz 1909.

Björn Kristjánsson formaður. Jón Ólafsson framsögum.
Ólafur Briem. Jón Jónsson, þm. S.-M.
Magnús Blöndahl, skrifari.

Ed.

168. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skoðun á síld (þskj. 43).

Nefndin, sem háttv. Ed. kaus til að athuga frumvarp þetta, hefir rætt það með sér all-ítarlega á mörgum fundum og komist að þeirri niðurstöðu í samráði við málflytjandann, að hann taki frumvarpið aftur. En í þess stað leggur nefndin til, að mat á síld verði frjálst fyrst um sinn, og veitt verði fé á fjárlögunum til tveggja yfirmatsmanna norðanlands — 1000 kr. handa hverjum — og að þeir menn hafi yfirumsjón og eftirlit með þeim matsmönnum, er skipaðir verða á öllum hinum stærri síldveiðastöðum.

Vill nefndin hér með leyfa sér að færa nokkrar ástæður fyrir þessari tillögu sinni.

Það hagar svo til með síldveiði hér á landi, að hún er nú mestmegnis rekin með hringnótum úti á rúmsjó, og er veiði þessi alla jafna mest í ágústmánuði. Á örstuttum tíma berst oft svo mikið að, að torvelt er að koma vörunni undan óskemdri. Oft kemur það því fyrir, að síldin skemmist eftir að hún kemur í land, ef mjög mikið berst að í einu, enda er þá oft mjög heitt í veðri, síldin mjög feit, en þá þolir hún minna en ella, að því ógleymdu, sem þó er skaðlegast fyrir þessa vörutegund, en það er átan (rauðáta) sem oft er með henni og fyllir innýfli hennar. Sé síldin feit, og einkum þó ef áta er í henni, þolir hún afarilla geymslu. Það þarf að leggja hana mjög lauslega í tunnurnar — að hún næstum fljóti í leginum — og langa geymzlu þolir hún ekki; það þarf að koma henni fljótt á markaðinn.

Til þess að nokkur trygging fengist fyrir því að varan að gæðum væri samkvæmt því, sem merkin hefðu að þýða, sem væntanlega yrðu sett á tunnurnar, þyrfti ekki að eins að aðgreina og meta vöru þessa um leið og hún væri söltuð ný, heldur einnig skömmu áður en færi á skipsfjöl til útlanda, ef hún ætti að bíða nokkuð hér í landi. En þrátt fyrir slíkar skoðanir og matsgjörðir er þó engin vissa fengin fyrir því, að varan reynist eins, þegar hún kemur á markaðinn eins og hún var, þegar hún var síðast metin.

Nefndinni dylst nú ekki að matið mundi mjög tefja fyrir verkuninni og þar með framleiðslunni, ef það væri skyldumat. Það gæti enda, að áliti nefndarinnar oft og tíðum orðið óframkvæmanlegt og þar með bakað útvegsmönnum fjárhagslegan hnekki.

Væri veiðunum þannig háttað, að varan ekki þyrfti að bíða tjón við bið, sem skyldumatið hefði í för með sér, gæti nefndin fallist á, að það yrði lögleitt, en þó að fenginni þeirri vissu, að árangurinn af slíku mati stæði ekki í óhagslegu hlutfalli við kostnaðinn, sem það hefir í för með sér. Hér vantar sem sé alla reynzlu, er gæfi bending í þessa átt.

Sé litið til annara þjóða þá má fullyrða að matið, sem er auðvitað alveg frjálst hjá þeim, hafi ekki farið í vöxt, og engan vegin reynzt svo í framkvæmdinni, að það hafi ábyggilega þýðingu fyrir sölu á þessari vöru.

Með því að mjög örðugt verður, ef ekki ómögulegt, eins og hér á stendur, að framkvæma mat á allri síld, sem áður hefir verið bent á, en sjálfsögð afleiðing matskyldu að hún tefur fyrir verkuninni og þar af leiðandi framleiðslu þessarar vöru, að engin vissa er fyrir að m tið hafi þá þýðingu að verðið hækki eða salan verði greiðari, hlýtur nefndin, að þessu athuguðu, að leggja á móti því, að matskylda á síld verði lögleidd fyr en einhver veruleg reynzla í þessu efni er fengin. Hins vegar telur nefndin sjálfsagt, til þess að síldarútvegsmenn geti aflað sér nauðsynlegrar reynzlu í þessu efni, að gefa þeim kost á matsmönnum og yfirmatsmönnum. Yfirmatsmennina ætlast nefndin til að skipaðir verði af landsstjórninni, en hinir almennu matsmenn af lögreglustjórum eftir tillögum yfirmatsmanns.

Að sjálfsögðu gefur stjórnin yfirmatsmönnum þessum erindisbréf, sem þyrfti, að því er snertir alt verksvið þeirra að vera all-ítarlegt, og ætti að innihalda ákvæði um þau merki, er sett væri á tunnurnar eftir tegundum vörunnar. Sömuleiðis, ef útvegsmenn óskuðu þess, mætti einnig leggja fyrir yfirmatsmennina eftirlit með útbúnaði þeirra skipa, er veiðina stunduðu og óskuðu mats á henni, enda þótt nefndin verði að álíta talsvert vandaverk að semja reglur um slíka hluti, ef ekki varhugavert að gera nokkur föst ákvæði í þá átt.

Að síðustu skal það tekið fram, eftir ósk flutningsmanns, að hann lítur nokkuð öðru visi á mál þetta en meðnefndarmenn hans. Hans álit er það, að skyldumat á síld, ætti að hafa allar hinar sömu afleiðingar og samskonar mat á saltfiski, sem nú er verið að lögleiða. Og hann telur alls eigi óframkvæmanlegt að meta alla síld er veiðist, játar að vísu, að það yrði kostnaðarsamt og að það geti orðið til þess að draga nokkuð úr framleiðslunni, en telur skaðlaust þó hún minkaði. Flutningsmaður gerir þó ekki neitt ágreiningsatkvæði; vill ekki með því stofna málinu í tvísýnu, og sættir sig því eftir atvikum við eftirfarandi tillögur, sem hann játar að séu spor í rétta átt.

Nefndin ræður því hinni háttv. deild til að samþykkja eftirfylgjandi þingsályktunartillögu:

Efri deild alþingis skorar á landsstjórnina, að hún að fenginni almennri ósk síldarútvegsmanna við Eyjafjörð og Siglufjörð, skipi tvo yfirmatsmenn á þessum stöðum til þess, að meta gæði útfluttrar síldar fyrir þá er þess óska, og hafa umsjón og eftirlit með síldarmati matsmanna þeirra, er útnefndir kunna að verða fyrir Norðurland í þessu skyni, eftir tillögum yfirmatsmanna. Stjórnin gefur yfirmatsmönnum þessum erindisbréf, er ákveður starfssvið þeirra og inniheldur að öðru leyti allar þær ákvarðanir, er nauðsynlegar þykja viðkomandi síldarmatinu og merkjum þeim, er sett verða á umbúðir vörunnar.

Alþingi 11. marz 1909.

Sigurður Stefánsson	Aug. Flygenring
formaður.	framsögum. og skrifari.

Með fyrirvara Sigurður Hjörleifsson.

Nd.

169. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi.

Flutningsm.: Jón Jónsson S.-M.

1. Fyrir »ríkissjóði Íslands« í 10. línu frv.-greinarinnar komi: landssjóði.
2. Fyrir »ríkissjóði landsins« í 11. línu komi: landssjóði.

Nd.

170. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi (þingskjal 163).

Frá nefndinni.

Aftan við orðin »Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi« bætist »hinu forna« á hvorum staðnum fyrir sig.

Fyrir orðin: »þeir skulu kosnir . . . kosninguna, komi: »konungur skipar vígslabiskupa eftir tillögu prestastéttarinnar«.

Fyrir orðin: Til vígslukosnaðar . . . í forföllum biskups, komi: »vígslukostnaður, þegar þeir vígjast, svo og endurgjald fyrir önnur embættisverk í forföllum biskups, greiðist þeim úr landssjóði samkvæmt reikningi.

Nd. **171. Viðaukatillaga**

við viðaukatillögu á þingskjali nr. 160.

Frá Eggert Pálssyni.

A eftir b komi nýr tölustafur:

c. brúarstæði og brúarbygging yfir Þverá í Rangárvallasýslu.

Nd. **172. Frumvarp**

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í efri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir það eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Ed. **173. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun háskóla.

Nefnd sú, er háttv. efri deild kaus til að íhuga háskólafrumvarpið, hefir rætt það á nokkrum fundum og orðið sammála um, að ráða deildinni eindregið til að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum.

Breytingarnar eru því nær allar orðabreytingar og þurfa því ekki útskýringar við. Að eins 2 eru verulegar efnisbreytingar, breytingarnar á 29. og 33. gr.

Um fyrri efnisbreytinguna nægir að geta þess, að seinni málsgr. 29. gr. virðist ekki eiga heima í frumvarpinu, og ætti málsgreinin því þegar af þeirri ástæðu að falla burtu. Eðlilegast, að kveðið sé á um það með sérstökum lögum, hverjir skuli vera embættisgengir hér á landi, svo sem gert er annarsstaðar. Skilyrðinu um aukapróf við lagaskólann fyrir kandídata í lögum frá Kaupmanna hafnarháskóla er þó haldið með breytingu í 33. gr. um gildi 4. gr. í lögum nr. 3 frá 4. marz 1904 og 2. gr. í lögum nr. 37 frá 16. nóv. 1907.

Seinni efnisbreytingin, breytingin á því hvenær lögin skuli öðlast gildi, er gjörð af því, að nefndin telur æskilegt ef ekki nauðsynlegt, að sæmilegt hús sé til taks handa háskólanum þegar hann tekur til starfa. En slíkt hús mundi kosta mikið og svo mundi fjölgun kennara frá því sem nú er og nauðsynleg launahækkun hafa nokkur útgjöld í för með sér. Þess vegna hefir nefndin eftir öllum atvikum ekki þorað að e i n s k o r ð a gildi laganna við 17. júní 1911, svo ljúft sem henni þó hefði verið að geta lagt til að binda stofnun háskólans við þann minnisstæða dag. Nægi efri bygð mentaskólans háskólanum í bráðina, eins og

stungið hefir verið upp á, ætti háskólafrumvarpið að geta öðlast gildi nefndan dag. Enda ekki vonlaust um, að svo geti orðið, enda þó að byggja þyrfti hús yfir skólann.

Að öðru leyti verður gjörð grein fyrir frumvarpinu og breytingartillögunum í framsögunni eftir því sem umræðurnar kunna að gefa tilefni til, en

Breytingartillögurnar eru þessar:

1. við 4. gr., 2. lið: í stað: »aðalkennarar« komi: prófessorar.
2. við 4. gr., 3. lið: í stað: »aðalkennari« komi: prófessor.
3. við 4. gr., 9. lið: í stað: »kensluárs« komi: háskólaárs.
4. við 5. gr., 1. lið: í stað: »nefndin« komi: háskólaráðið.
5. við 5 gr., 2. lið: í stað: »nefndarmenn« komi: menn úr háskólaráði.
6. við 7. gr. Greinin orðist svo:

   Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

   Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sérstaklega skipaðir til kenslunnar.

   Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávalt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.
7. við 8. gr., 1. lið: í stað: »decanus« komi: dekani og í stað: »meðlimur háskólaráðs« komi: í háskólaráðið.
8. við 8. gr., 3. lið: Liðurinn orðist svo:

   Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.
9. við 9. gr., 1. lið: í stað: »jafnt aðalkennarar og aðstoðarkennarar« komi: allir kennarar deildarinnar.
10. við 15. gr.: í stað: »rektor háskólans slíkt fyrirlestrarhald áður«, komi: hann rektor háskólans það áður.
11. við 16. gr., 1, lið: orðið: »hvers« falli burtu.
12. við 17. gr., 1. lið: eftir orðin: »Hver sá«, komi: kona sem karl.
13. við 17. gr., 2. lið: í stað: »utanríkismönnum« komi: útlendingum.
14. við 17. gr., 3. lið: »fyrra« falli burtu.
15. við 19. gr., 2. lið: í stað »tilheyrði« komi: var í.
16. við 19. gr., 3. lið: í stað »kensluárs«, komi: háskólaárs og orðin: »þar til gjörða« falli burt.
17. við 22. gr., 2. lið: í stað orðanna: »hefir orðið aftur rækur við«, komi: stenst ekki, og í stað: »að nýju«: aftur.
18. við 22. gr., 3. lið: í stað: »ganga undir próf af nýju«, komi: endurtaka prófið.
19. við 22. gr., 4. lið: Liðurinn orðist svo: Stúdent greiðir prófgjald svo oft, sem hann segir sig til prófs.
20. við 25. gr.: í stað: »háskólanemanda« komi: háskólastúdent og í stað: »slíkum nemanda« komi: stúdent.
21. við 28. gr., 2. lið: »hlutaðeigandi« falli burtu.
22. við 29. gr., 2. lið: Liðurinn falli burtu.
23. við 31. gr., 1. lið: í stað: »Hver« komi: Að jafnaði skal.

   Orðin: »verður að« falli burtu.

Í stað: »háskólanefndar«, komi: háskólaráðs.

24. við 33. gr.: í stað orðanna: »Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1911 en jafnframt eru«, komi: Háskólinn tekur til starfa þegar veitt er fé til hans í fjárlögunum og ganga þá jafnframt.

Eftir orðin: »um stofnun lagaskóla«, komi: að undantekinni 4. gr.

Og eftir orðin: »lög nr. 37, 16. nóv. 1907«, komi: að undantekinni 2. gr.

Loks komi eftir orðin: »Loks falla« orðið: þá.

Efri deild alþingis 10. marz 1909.

Stefán Stefánsson formaður. Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögum.

Ari Jónsson. Jens Pálsson. Sigurður Hjörleifsson.

Nd. **174. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða (þgskj. 106).

Frá Ólafi Briem.

Sauðárkrókshéraði skal skift í tvö læknishéruð:

Sauðárkrókshérað: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókshreppur, Staðarhreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki.

Reykjahérað: Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Akrahreppur.

Ed. **175. Frumvarp.**

til laga um viðauka við lög 22. nóvember 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar samkvæmt lögum 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 15. og 16. gr., til þess að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt nefndum lögum.

2. gr.

Með byggingarsamþykt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþyktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, sem af ákvæðum samþyktarinn-

ar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrétt og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

3. gr.

Til þess að kaupstaðurinn hér eftir geti orðið bygður eftir ákveðinni reglu, ber bæjarstjórninni eða byggingarnefnd eftir byggingarsamþykt að ákveða, hvar auð svæði eigi að vera og hvar leggja skuli stræti; í því skyni skal bæjarstjórn, á þann hátt, sem nánar skal ákveðið í byggingarsamþykt kaupstaðarins, gjöra skýrslu um lóðir þær, sem þegar eru bygðar, og rita þær ásamt skýrslum um lóðir, sem síðar verði bygðar, í sérstaka bók, sem útvega skal á kostnað bæjarsjóðs.

4. gr.

Hver sá, sem ætlar að byggja hús að nýju, breyta húsi eða gera önnur mannvirki á lóð sinni, skal, áður en hann byrjar á því, fá skrifleg ákvæði bæjarstjórnar, eða byggingarnefndar samkvæmt byggingarsamþykt, um það, hvort hann megi byggja og á hvern hátt; enda skulu ákvæði þessi látin í té innan hæfilegs tíma frá því þeirra var beiðst, eftir því, sem nánara skal ákveðið í byggingarsamþykt kaupstaðarins.

Sá, sem byrjar á umræddri smíði eða mannvirkjum, áður en byggingarleyfi er fengið eða brýtur á móti reglum þeim, sem settar eru í slíku leyfi, greiði 4 til 100 kr. sekt til bæjarsjóðs; ef yfirsmiður stendur fyrir verkum, sætir hann sömu sektum; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið eða mannvirkið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það er ekki lagað eftir þeim reglum, sem settar hafa verið eða fylgja hefði átt að áliti bæjarstjórnar eða byggingarnefndar samkvæmt byggingarsamþykt.

Ef lögreglustjóri kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru eða mannvirki, sem leyfi þarf til, en það hefir ekki verið útvegað, þá skal hann banna að verkum sé haldið áfram, unz leyfið er fengið.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórn þurfa að leggja stræti, breikka eða breyta stefnu þess eða þoka einhverju húsi úr stað til betri varnar gegn húsbruna eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn, þá skal hver sá, sem á óbygða lóð, sem veit að stræti, skyldur til að láta svo mikið af hendi af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess að strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, sem húsið á, vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það úr bæjarsjóði; skal bæjarstjórnin, eftir að hún um það hefir fengið álit byggingarnefndar, meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir við það, að af því hefir verið tekið eða hús flutt til. Sé hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður

með endurgjald það, sem þannig hefir verið ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð stjórnarráðsins.

6. gr.

Með hafnarreglugerð, sem stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn eftir tillögu bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og hafnarmannvirkja; svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot alt að 400 kr. er renna í sama sjóð.

7. gr.

Nú ákveður bæjarstjórnin að koma á vatnsveitu í pípum neðanjarðar til Hafnarfjarðar og um kaupstaðinn, og skulu þá landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórnin ákveður, að vatnsveitan skuli vera, skyldir til að láta í té nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir séu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi biði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annars vegar og landeiganda eða lóðareiganda hins vegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Utan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir bæjarstjórnin einn mann, landeigandi annan og stjórnarráðið hinn þriðja. Tilnefni landeigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans. Innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar skal eignarnámið framkvæmt af dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar greiðir allan matskostnað.

8. gr.

Með reglugjörð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, má setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðunum og um önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir alt að 100 kr. fyrir brot á móti ákvæðum hennar.

Þegar vatnsveitan er komin til framkvæmdar, má eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, leggja alment gjald til bæjarsjóðsins á notendur vatnsins fyrir afnot þess, og skulu gjöld þau hafa lögtaksrétt.

Á þeim svæðum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, þar sem bæjarstjórnin hefir lagt vatnsæðar til afnota, hefir bærinn einkarétt til að selja neyzluvatn.

9. gr.

Með mál út af brotum þeim, sem getur um í 4. gr., og brotum gegn samþyktum þeim og reglugjörðum, sem settar verða, samkvæmt lögum þessum, fer sem um almenn lögreglumál.

Nd. **176. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi (þingskj. 162).

Frá nefndinni.

Í stað orðanna: »þann dag — 12 marz 1909« komi: þegar í stað. Þó skal greiða aðflutningsgjald það, er ræðir um í lögum þessum, af vörum þeim, er flytjast til landsins eftir þann dag, sem þau eru afgreidd frá alþingi, 12. marz 1909.

Ed. **177. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Flutningsmaður Ari Jónsson.

Stranda læknishéraði og Miðfjarðar læknishéraði skal skift í þessi þrjú læknishéruð:

Reykjarfjarðarhérað: Árneshreppur og Kaldrananesshreppur. Læknissetur á Reykjarfirði.

Bitruhérað: Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og ytri hluti Bæjarhrepps að Laxá í Hrútafirði. Læknissetur í Bitruhrepp eða Fellshrepp.

Miðfjarðarhérað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og innri hluti Bæjarhrepps í Strandasýslu að Laxá.

Ed. **178. Breytingartillaga**

við þingsályktunartillögu á þingskjali 164.

Flutningsm.: Gunnar Ólafsson.

Í stað: »efri deild alþingis« komi: alþingi.

Nd. **179. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi (þingskjal 163).

Frá Sigurði Sigurðssyni og Ólafi Briem.

Málsgreinin: »Til vígslukostnaðar . . . . úr ríkissjóði Íslands« falli burt.

Upphaf næstu málsgreinar orðist svo: Vígslubiskupar hafa engin föst laun o. s. frv.

Nd. **180. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga (þingskjal 188).

Í stað »sbr.« í 1. gr. frumvarpsins komi: »og«.

Ed.

181. Frumvarp

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.
(Eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.).

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins, skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

1.	Af alls konar öli	kr. 0,10	af hverjum potti.
2.	Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8^0 styrkleika eða minna	— 1,00	— —— —
	yfir 8^0 og alt að 12^0 styrkleika	— 1,50	— —— —
	yfir 12^0 og alt að 16^0 styrkleika	— 2,00	— —— —
	Af 16^0 vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.		
3.	Af rauðvíni og sams konar borðvínum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni	— 0,50	— —— —
4.	Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft)	— 1,00	— —— —
5.	Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) . .	— 1.00	— —— pela

eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.

6.	Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki	kr. 1,00	af hverju pundi.
7.	Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) .	— 2,60	— — —

Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.

Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.

8.	Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar . .	13	aura af hverju pundi.
9.	Af alls konar brendu kaffi	18	— — — —
10.	Af sykri og sírópi	$6^1/_2$	eyri — — —
11.	Af tegrasi	50	aura — — —
12.	Af súkkulaði	25	— — — —
13.	Af kakaódufti	13	— — — —
14.	Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum . .	40	— — — —

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Þó skal greiða aðflutningsgjald það, er ræðir um í lögum þessum, af vörum þeim, er flytjast til landsins eftir þann dag, sem þau eru afgreidd frá alþingi, 12. marz 1909.

Ed. **182. Framhalds-nefndaràlit**

í málinu um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi (þskj. 181).

Nefndin vill eigi hrekja mál þetta lengur milli deildanna og ræður því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið, eins og það síðast er samþykt í háttv. Nd., óbreytt.

Alþingi 11. marz 1909.

Sigurður Stefánsson, formaður.
Gunnar Ólafsson.
Kristinn Daníelsson.

Með fyrirvara:
Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögum.
Með fyrirvara:
Aug. Flygenring.

Ed. **183. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 3, 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Flutningsmaður: Sigurður Hjörleifsson.

1. gr.

Holdsveikir menn, sem líkþráir eru (með »lepra tuberosa« eða »lepra mixta«) skulu allir settir í holdsveikraspítalann, svo fljótt sem rúm leyfir.

Holdsveikir menn, sem limafallssjúkir eru (með »lepra anæsthetica«) skulu og settir í holdsveikraspítalann, þegar héraðslæknir telur nauðsyn á því vegna sára eða annars lasleika.

Sveitarómögum holdsveikum utan spítala skal komið fyrir á þann hátt, að sem fylst trygging sé fyrir því, að farið verði eftir fyrirmælum 4. gr. laga nr. 3, 4. febr. 1898.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

2. gr.

Kostnað allan við veru holdsveikra í holdsveikraspítalanum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra í spítalann.

3. gr.

Með lögum þessum eru feldar úr gildi 7., 8. og 10. gr. laga nr. 3, 4. febr. 1898.

Nd.

184. Frumvarp

til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.

1. liður 26. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum.

Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkv. prestakallaskipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum, þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögunum, gangi presturinn að þeim breytingum. Enn fremur hafa allir prestar þennan rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.

Nd.

185. Frumvarp

til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að kaupa landssjóði til eignar hið forna biskupssetur Skálholt í Biskupstungum, jafnskjótt sem jörð sú fæst til kaups, fyrir það verð, er þá semur um.

2. gr.

Þegar kaup þessi eru fullgerð, setur landsstjórnin reglur um afnot og ábúð jarðarinnar.

Nd.

186. Frumvarp

til laga um viðauka við lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við nefnd lög.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

Lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við hin sömu lög, og samþyktir samkvæmt lögum þessum, skulu einnig ná til þiljaðra mótorbáta, sem ganga í Vestmannaeyjum og eru ekki stærri en nemi 15 smálestum.

Nd.

187. Frumvarp

til laga um breyting á 2. gr. laga 13. apríl 1894 um fuglaveiðasamþykt í Vestmannaeyjum.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

Í stað fyrra liðs 2. greinar í lögum 13. apríl 1894 nr. 13 um fuglaveiðasamþykt í Vestmannaeyjum komi nýr liður þannig:

Þegar sýslunefndinni virðist nauðsyn til bera að gjöra fuglaveiðasamþykt fyrir sýsluna, skal hún kveðja til almenns fundar, sem auglýstur sé með nægum fyrirvara. Atkvæðisrétt á fundinum eiga allir þeir sýslubúar, er jörð eða jarðarhluta hafa þar til ábúðarafnota.

Nd.

188. Frumvarp

til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 3. gr. laga (nr. 86) 22. nóv. 1907, sbr. 5. gr. laga (nr. 75) 22. nóv. s. á., að því er kemur til kosningarréttar, kjörgengis o. fl. í bæjarmálum í Reykjavík og í Hafnarfirði, skulu og gilda í öðrum kaupstöðum landsins, sem og í hreppsfélögunum hér á landi.

2. gr.

Vinnuhjú hafa og kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga, svo sem segir í 1. gr., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem þar eru sett, að því er snertir karla og konur, sem eigi eru öðrum háð sem hjú.

Nd.

189. Breyting og viðauki

við lög um hagfræðisskýrslur nr. 29, 8. nóv. 1905.

Frá nefndinni í verzlunar- og atvinnulöggjöf.

1. gr.

Forstöðumenn fastaverzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfélaga og pöntunarfélaga, og aðrir, er

vörur kaupa frá útlöndum, eða sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje, sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið til landsins, eða frá því, svo er þeim og skylt að skýra frá innkaupsverði innfluttrar vöru að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru keyptar, allt eptir því, sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landsstjórnin útgefur.

2. gr.

Skipaafgreiðslumenn, sem taka á móti farmskrám (Manifest) frá útlöndum, svo og kaupmenn, pöntunarfjelög, kaupfjelög og aðrir, sem taka á móti farmskrám, eða hleðsluskýrteinum (Conossement) í stað farmskrár yfir innfluttar vörur, sem skipaafgreiðslumenn taka ekki á móti, skulu frá ársbyrjun 1909 skyldir til að láta hlutaðeigandi lögreglustjóra í té staðfestan útdrátt úr þessum farmskrám, eða hleðsluskýrteinum, sem koma í farmskrár stað, yfir innfluttar vörur, er sýni nafn viðtakanda, nafn skipsins, er vörurnar flutti, og stykkjatal, tegund, vigt eða teningsmál allra varanna, sem á farmskrá standa.

Útdráttinn úr farmskránum eða hleðsluskýrteinunum, sem koma í þeirra stað, skal afhentur lögreglustjóra afhenda lögreglustjóra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við lok hvers árs, og varðar það sektum allt að 500 krónum, ef út af er brugðið.

3. gr.

Nú fylgir aðeins ein farmskrá skipi, sem flytur inn vörur að fleiri en einni höfn, og skal þá sá, er síðast veitir vörunum móttöku úr skipinu, afhenda lögreglustjóra útdráttinn úr farmskrá skipsins.

4. gr.

Svo skulu forstöðumenn fastra verzlana, pöntunarfélaga, kaupfélaga, iðnaðarfyrirtækja og aðrir, er reka lánsverzlun að meira eða minna leyti, skyldir til að láta landsstjórninni í té áreiðanlega skýrslu um samanlagðar skuldir og inneignir hérlendra viðskiptamanna sinna, annara en banka, eins og þær eru 31. desember ár hvert.

Landsstjórnin annast um, að skýrslur þessar séu prentaðar ásamt öðrum hagfræðisskýrslum og skulu þær vera þannig, að aðeins sjáist samanlagðar skuldir og inneignir hvers kauptúns eða kaupstaðar fyrir sig, án þess nokkurt verzlunarnafn sje nefnt.

5. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að samin sé árlega skrá, er fylgi hagfræðisskýrslunum yfir aðfluttar vörur, yfir stykkjatölu, tegund, vigt eða teningsmál innfluttrar vöru, sundurliðaða eptir kauptúnum og samanlagða.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Með lögum þessum er 5. gr. laga nr. 29 um hagfræðisskýrslur 8. nóvember 1905 úr lögum numin.

Nd.

190. Frumvarp

til laga um hvalveiðamenn.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Jón Jónsson S.-M.

1. gr.

Enginn hvalveiðamaður má hafa bækistöður hér á landi fyrir útveg sinn.

2. gr.

Enginn maður má flytja á land hérlendis hval, sem hann hefir drepið, né neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra er dauðir finnast.

3. gr.

Enginn maður má leigja, selja né ljá nokkrum manni land til hagnýtingar við nokkra þá athöfn, er bönnuð er í lögum þessum.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5 til 5000 kr. og fangelsi auk þess, ef brot er ítrekað.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1911 og gilda til 1. júlí 1920.

Nd.

191. Frumvarp

til laga um girðingar.

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði svo og aðrar girðingar, er njóta, styrks af almannafé, skulu vera að minsta kosti 42 þuml. á hæð.

Eigi er vírgirðing á jafnsléttu fullgild nema hún sé með 5 strengjum. — Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 2—3 fet á hæð og 3 strengir ofan á honum ef hann er 2 fet, en 2 strengir ef garðurinn er 3 fet á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, skulu vera með $2^1/_2$ faðms millibili, hvort sem girðingin er á jafnsléttu eða garður hlaðinn undir vírinn samkvæmt 1. gr.

Girðing sé gerð að öðru leyti samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða félag og leitar um lán úr landssjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fé það, sem ætlað er á ári hverju til girðinga til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrétt næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr landssjóði, skal vera fullgei innan tveggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda Stjórnarráðinu vottorð um, að hún sé gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim er getur um í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið þegar tvö ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með 6% vöxtum.

5. gr.

Skylt er sérhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða félög, er fengið hafa lán úr landssjóði til girðinga, að viðhalda þeim girðingum og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Þegar um girðing á einstökum jörðum er að ræða, skal girðingin við ábúendaskifti tekin út og fráfarandi skili girðingunni í gildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú fer jörð í eyði svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af landssjóðsláninu.

7. gr.

Girðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sé milli vegarjaðarins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo að 6 álnir séu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. — Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema 3 feta garður sé hlaðinn undir vírinn.

8. gr.

Á öllum girðingum skulu vera nauðsynleg hlið, og skal svo um búið, að þau verði opnuð og lokuð. — Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér. — Vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum.

9. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

10. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 9. gr. og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. — Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

11. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 10. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra, er samþyktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til Stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 9. gr. Er öll meðferð samþyktar þó hin sama og 10. og 11. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

13. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send Stjórnarráðinu til staðfestingar og virðist Stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, er samþyktin endursend án staðfestingar og fylgja henni þá synjunarástæður Stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir Stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er á móti hreppssamþykt.

15. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir.

Vér undirritaðir nefndarmenn, er háttv. neðri deild alþingis hefir kosið til að íhuga landbúnaðarmál, leyfum oss að leggja fyrir deildina meðfylgjandi frumvarp til meðferðar og samþykkis.

Eins og hinni háttv. deild er kunnugt, samþykti alþingi 1903 lög um túngirðingar, er heimiluðu að verja mætti úr landssjóði til lánveitinga 100,000 kr. á ári á tímabilinu 1905—1909 til að kaupa fyrir útlent girðingaefni með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru í nefndum lögum. Lánsheimild þessi er út runnin og lögin sjálf úr gildi fallin við lok þessa árs.

Lög þessi mættu allmikilli mótstöðu á sínum tíma; framkvæmd þeirra virtist nokkrum vandkvæðum bundin og var því frestað um 2 ár á alþingi 1905, og aftur 1907 um 1 ár. Fyrir því hefir lánsheimild laga þessara verið minna notuð en ella.

Það, sem haft var á móti lögunum, var ekki að voru áliti sú hugsun og tilgangur þeirra að greiða fyrir aukinni jarðrækt með túngirðingum, heldur voru það ýms ákvæði laganna, þar á meðal lánsfrestunin o. fl. er mönnum þótti athugavert.

Hins vegar hafa komið fram óskir um það, að lánsheimildin, er felst í túngirðingalögunum, yrði framlengd á einn eður annan hátt. Vér álítum að slíkar raddir hafi við rök að styðjast, og viljum stuðla að því, að framvegis sé kostur á lánum til að kaupa fyrir girðingaefni. Jafnframt teljum vér nauðsynlegt, að til séu almenn lagaákvæði um girðingar. Þessum tilgangi hyggjum vér að verði náð með frumvarpi voru, ef það yrði að lögum.

Frumvarpið er fyrst og fremst bygt á þeirri tillögu vorri til hinnar háttv. fjárlaganefndar, að tekin verði upp í fjárlagafrumvarpið fyrir 1910—1911 heimild til að lána megi bændum og girðingafélögum alt að 20,000 kr. hvort árið til þess að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum.

Að öðru leyti inniheldur frumvarpið ýms ákvæði um girðingar alment og heimild fyrir sýslunefndir og hreppsnefndir til að gera samþyktir um notkun gaddavírs til varnar um samgirðingar, um beit innan samgirðingar o. fl.

Í frumvarpi því, er hér ræðir um, er gert ráð fyrir því, að lánveitingin úr landssjóði nái til girðinga alment, bæði um tún og engjar, og annara girðinga, sem gerðar eru í félagi eða samgirðinga. Ætlumst vér til að lánið veitist í hvert sinn eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, og teljum vér, að þar sé fólgin trygging fyrir því, að lánsheimildin verði eigi vanbrúkuð. Þeir sem fá lán, útvega sjálfir girðingaefnið á sinn kostnað. En

tryggingin fyrir því, að lánið verði notað, eins og til er ætlast, teljum vér að felist í frumvarpinu.

Að því er snertir einstakar greinar, viljum vér taka þetta fram:

Um 1. gr.

Með ákvæðum greinarinnar vill nefndin tryggja það, að girðingar, sem njóta styrks af almanna fé, svo sem búnaðarstyrks og lána úr Ræktunarsjóði Íslands og landssjóði samkvæmt frumvarpinu, séu yfir höfuð varanlega gerðar og veiti trygga vörn. Vírgirðing á jafnsléttu telur nefndin því að eins gilda, að hún sé 5-þætt. Garður undir vírinn er ætlast til að ekki sé hærri en 3 fet, og er það í samræmi við ályktun alþingis 1901 um skilyrðin fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfélaga. Það er og álit nefndarinnar, að garður undir vír ætti ekki að vera lægri en 2 fet. Annars er hætt við, að yfirgirðingin eða vírinn beri garðinn ofurliða og endingin verði lakari.

Um 2. gr.

Bilið á milli stuðla í vírgirðingu álítur nefndin að sé hæfilegt $2^1/_2$ faðmur, jafnvel hvernig sem girðingu er hagað að öðru leyti. — Hér er og gert ráð fyrir, að landsstjórnin semji reglugjörð um hvernig girða skuli þegar ræða er um þær girðingar, sem landssjóður lánar fé til. Ætlast er til, að ákvæði 1. og 2. gr. verði tekin upp í slíka reglugjörð með nánari reglum.

Um 3.—6. gr.

Ákvæði þessara greina snerta sérstaklega þær girðingar, sem lán er veitt til úr landssjóði, samkvæmt tilllögu nefndarinnar. Að öðru leyti má geta þess, að þessar greinar eru í samræmi við sams konar ákvæði í túngirðingalögunum frá 1903.

Um 7. gr. og 8. gr.

Þessar greinar innihalda engin ákvæði um girðing með fram vegum, tröðum og um hlið eins og er í núgildandi vegalögum og túngirðingalögunum. Telur nefndin þessi ákvæði sanngjörn og nauðsynleg.

Um 9.—11. gr.

Hér er gert ráð fyrir að heimila sýslunefndum vald til að gera samþyktir fyrir stærri eða smærri svæði innan sýslu, viðvíkjandi gaddavírsgirðingum. Hér eru sams konar ákvæði og eiga sér stað um heimildarlög til að gera samþyktir.

Um 12. gr.

Ætlast er til með þessari grein, að heimild til að gera samþykt nái einnig til hreppsnefndar innan hrepps, og getur það oft komið sér vel þegar ræða er um samgirðingar.

Við 13.—15. gr.

er ekkert sérstakt að athuga.

Nd. **192. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1905 um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Fyrsta málsgrein í 1. gr. hljóði svo:

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum sauðfénað, nautgripi, hesta, svín, geitur og hunda.

Athugasemd.

Hingað til lands flyzt árlega talsvert af hundum og munu það nær undantekningarlaust vera óþarfa hundar.

Flestir eru þeir fylgjandi útlendum ferðamönnum eða þá »skemti«-hundar, sem einstöku Íslendingar panta sér erlendis frá.

Gagn af þessum innflutningi fyrir landið er alls ekkert, en þar á móti er ógagnið tilfinnanlegt, því að á þann hátt flyzt við og við hingað hundapest, sem oft og tíðum gjörir landsmönnum nær óbætanlegt tjón.

Það virðist engin ástæða til að láta þenna innflutning afskiftalausan af hinu opinbera. —

Ed. **193. Breytingartillaga**

um bráðabyrgðahækkun á aðflutningsgjaldi þingskjal 181.

Frá nefndinni.

Í stað orðanna í 3. gr.: »Þó skal greiða . . . . 12. marz 1909«, komi: Af þeim ofangreindum vörum sem atflutningsgjald er hækkað á, eða nýtt gjald á lagt og flytjast til landsins frá 12. marz þar til lögin öðlast gildi, skal greiða aukagjöld er nemi hækkuninni eða tollgjaldinu.

Sþ. **194. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþykt við eina umr. í Ed.).

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins, skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

1. Af alls konar öli . . . . . kr. 0,10 af hverjum potti.
2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8° styrkleika eða minna . . . . . — 1,00 — —— —
   yfir 8° og alt að 12° styrkleika . . . . . — 1,50 — —— —
   yfir 12° og alt að 16° styrkleika . . . . . — 2,00 — —— —
   Af 16° vínanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.
3. Af rauðvíni og sams konar borðvínum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni . . . . . — 0,50 — —— —
4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) — 1,00 — —— —
5. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) . . — 1.00 — —— pela eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.

   Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum.
6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og óunnu tóbaki . . . . . kr. 1,00 af hverju pundi.
7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigarettum) . — 2,60 — — —

   Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.

   Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.
8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar . . 13 aura af hverju pundi.
9. Af alls konar brendu kaffi . . . . . 18 — — — —
10. Af sykri og sírópi . . . . . 6½ eyri — — —
11. Af tegrasi . . . . . 50 aura — — —
12. Af súkkulaði . . . . . 25 — — — —
13. Af kakaódufti . . . . . 13 — — — —
14. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum . . 40 — — — —

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Af þeim ofangreindum vörum, sem aðflutningsgjald er hækkað á, eða nýtt gjald á lagt og flytjast til landsins frá 12. marz 1909 þar til lögin öðlast gildi, skal greiða aukagjald, er nemi hækkuninni eða tollgjaldinu.

Nd. **195. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd

1. gr.

Á aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. laga um kosningar til alþingis 3. okt. 1903, skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er kjörskrá gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir.

2. gr.

Frestur sá, sem í 21. gr. kosningarlaganna er ætlaður yfirkjörstjórn til að fullgera kjórseðla, skal vera 10 dagar.

3. gr.

Almennar reglulegar kosningar til alþingis, sem með 25. gr. kosningarlaganna er ákveðið að fari fram 10. dag septembermánaðar, skulu hér eftir fram fara fyrsta vetrardag.

4. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sérstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

5. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógilt samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 41. og 48. gr. kosningarlaganna, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

Sþ. **196. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

Flutningsm.: August Flygenring.

Við 1. grein:

1. Undir 4. lið, orðin: »svo og af súrum berjasafa (súrsaft)«, falli burt.
2. Á eftir 14. lið sömu greinar komi nýr liður svo hljóðandi: 15. Af súrum berjasafa (súrsaft) . . . 25 aura af hverjum potti.

Nd. **197. Tillaga**

til þingsályktunar um verzlunarlöggjöf.

Eins og hún var samþykt við eina umræðu í Ed.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að taka til rækilegrar athugunar verzlunarlöggjöf landsins, sérstaklega að því, er snertir réttindi hèrlendra kaup-

manna og verzlunarfélaga, rétt manna, karla sem kvenna, til verzlunar í kaupstöðum, löggiltum verzlunarstöðum og sveitum, sem og rètt til lausakaupaverzlunar og umboðssölu, og leggja fyrir næsta reglulegt alþingi frumvarp til laga um þetta efni.

Ed.

198. Frumvarp

til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Í skuldamálum, er nema eigi meiru en 50 krónum, skal sáttanefnd, ef skuldheimtumaður krefst þess, kveða upp fullnaðarúrskurð:

a. Þegar kærði þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins mætir ekki og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann frá að mæta eða láta mæta fyrir sig.
b. Þegar skuldunautur eftir áskorun sáttanefndar um að gefa skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, viðurkennir afdráttarlaust að hann sé skyldur að borga hana, eða skrifleg viðurkenning liggur fyrir, en hann vill þó ekki sættast, eða eigi er auðið að koma á sætt milli málsaðila um aukaatriði, svo sem borgunartíma, vexti og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við málið.

Sáttanefndin ritar í sáttabókina og les upp fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumanns, viðurkenning skuldunauts og mótmæli hans, svo og sáttaboð þeirra beggja.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda þó eigi:

a. Þegar skuldheimtumaður hefir, til að tryggja kröfu sína, beitt kyrsetning eða banni, sem mótmælt er af skuldunaut.
b. Þegar fleiri en einn hafa verið kærðir fyrir sáttanefndinni um sömu skuld, og allir kannast eigi við að hún sé rétt.

3. gr.

Láti skuldheimtumaður hjá líða að krefjast úrskurðar sáttanefndar, þegar svo á stendur sem segir í 1. gr. b., og haldi hann málinu áfram, getur hann ekki fengið sér dæmdan málskostnað, þótt hann vinni málið. Um leið og slíku máli er vísað til aðgerða dómstólanna, skal þess getið, með hverjum kostum skuldunautur vildi sættast.

4. gr.

Nú mætir kærandi eigi á sáttafundi og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann frá að mæta eða láta mæta

fyrir sig, en kærði mætir og krefst þóknunar fyrir ómak sitt, og skal sáttanefndin þá með úrskurði ákveða honum hæfilega þóknun fyrir ómakið.

5. gr.

Úrskurð eftir lögum þessum ber sáttanefnd að uppkveða þegar á staðnum, ef auðið er, ella í síðasta lagi innan viku. Í úrskurðinum skal það tekið fram, hvort hann hafi verið uppkveðinn í viðurvist málsaðila. Úrskurður sáttanefndar skal ritaður í sáttabókina.

6. gr.

Við hverja sáttanefnd skal skipa varasáttanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni, ef annarhvor sáttanefndarmanna er viðriðinn málið eða hefir forföll, svo og þegar sáttanefndarmenn greinir á, er kveða skal upp úrskurð, og ræður þá afl atkvæða.

7. gr.

Nú úrskurðar sáttanefnd, að kærði skuli borga skuld þá, sem krafist er, eða eitthvað af henni, og skal þá í úrskurðinum tiltaka aðalupphæðina, sem borga ber, og vexti ef þá ber einnig að borga, svo og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við kæru málsins fyrir sáttanefndinni, og fyrir að mæta þar

8. gr.

Úrskurður sáttanefndar hefir sama gildi sem sátt. Fullnægjufrestur úrskurðarins er 4 vikur, nema málsaðilar hafi komið sér saman um annað fyrir sáttanefnd. Frest þennan ber að reikna frá uppsögn úrskurðarins, hafi hann verið uppkveðinn í viðurvist málsaðila, ella frá birtingu hans.

9. gr.

Fyrir uppsögn og bókun úrskurðar greiðist 1 króna til hvers sáttanefndarmanns, er þar á þátt í. Fyrir endurrit úr sáttabókinni greiðist 25 aurar fyrir hverja hálförk eða minna.

10. gr.

Hafi kærði gagnkröfu á hendur kæranda, getur hann komið fram með hana án kæru til sáttanefndar. Sé gagnkrafan viðurkend af kæranda eða stafi af skuld, sem eigi er mótmælt, skal sáttanefnd kveða upp úrskurð um gagnkröfuna jafnframt aðalkröfunni, þó svo, að kærði getur eigi fengið úrskurð fyrir meiru en til að jafna skuldaskiftin.

11. gr.

Úrskurði sáttanefndar samkvæmt lögum þessum verður ekki áfrýjað til dómstólanna. Þó getur dómarinn í því lögsagnarumdæmi veitt leyfisbréf til þess að skjóta úrskurði sáttanefndar til undirréttar, þá er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. ef kærði getur sannað lögleg forföll, er hafi hindrað hann frá að mæta fyrir sáttanefnd. Fyrir slík leyfisbréf skal greiða 10 kr. er renni í landsjóð.

Ed.

199. Frumvarp

til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Auk aðalbiskups skulu tveir vera officiales á landi hér og nefnast þeir vígslubiskupar. Skal annar þeirra vera í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna. Konungur skipar vígslubiskupa eftir tillögu prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi. Skulu þeir hafa biskupsvígslu, og vígir annar þeirra biskup þann, er nú næst kemur, ef svo stendur á, að fráfarandi biskup getur af einhverjum ástæðum ekki gert það. Nú verður ágreiningur um það hvor vígslubiskupa skuli biskup vígja, og skal þá framar ganga vígslubiskup Skálholtsbiskupsdæmis. Vígslubiskupar vígja og presta í forföllum biskups, hvor í sínu umdæmi. Til vígslukostnaðar, þegar þeir vígjast, skulu þeim hvorum fyrir sig greiðast 500 kr. úr landssjóði Íslands. Að öðru leyti hafa þeir engin föst laun, en borga skal þeim úr landssjóði eftir reikningi fyrir embættisverk þau, er þeir inna af höndum í forföllum biskups.

Nd.

200. Frumvarp

til laga um að löggilda verzlunarstað að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

Að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd.

201. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á ákvæðum laga 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Flutningsmaður: Jón Olafsson.

Aftan við frv. bætist ný málsgrein:

»Ósk brúðhjónaefna um, hvar og hvenær hjónavígsla skuli fram fara, skal valdsmaður taka til greina að svo miklu leyti, sem hentugleikar hans leyfa«.

Nd.

202. Breytingartillaga

við viðaukatillögu á þingskjali 150.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Liðurinn *a* orðist svo:

Vitabygging á Akranesi í Borgarfirði.

Nd. **203. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaðar í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð. — (131).

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Fyrir ofan málsgrein frumvarpsins komi 1. gr.
2. Komi ný grein, sem verður 2. gr.:

Lög þessi öðlast gildi þegar Stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd. **204. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um löggilding verzlunarstaðar í Hjallanesi í Staðarfellslandi við Hvammsfjörð (130).

Frá Bjarni Jónssyni frá Vogi.

1. Fyrir ofan málsgrein frumvarpsins komi: 1. gr.
2. Komi ný grein, sem verður 2. gr.:

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd. **205. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Nú verður þjóðjörð seld ábúanda samkvæmt lögum nr. 31, 20. okt. 1905, og gengur hún úr sjálfsábúð kaupanda næstu 10 ár, þá á landssjóður rétt á, ef landsstjórnin kýs, að kaupa jörðina aftur gegn því að endurborga það er greitt var af kaupverði jarðarinnar, og jarðabætur þær og mannvirki, er gerð hafa verið á henni síðan landssjóður seldi hana, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, og skal við það mat meðal annars taka tillit til þess, hvert gagn ábúandi hefir þegar haft af jarðabótinni eða mannvirkinu.

2. gr.

Nú er landstjórninni tilkynt, að eigandinn, sem á jörðu býr, eða erfingjar hans, ef hann er dáinn, hafi í huga að selja jörðina öðrum eða byggja hana öðrum, og skal landsstjórnin þá til segja innan 3 mánaða, hvort hún ætlar að láta landssjóð neyta kaupréttar síns.

3. gr.

Meðan jörð er í eign og ábúð, eða í ábúð, erfingja þess manns, er hana keypti af landsjóði, telst hún eigi gengin úr sjálfsábúð kaupanda.

4. gr.

Nú er jörð seld eða bygð gagnstætt ákvæðum laga þessara, og á þá landssjóður rétt á að rifta sölu sína á jörðunni.

Nd.

206. Frumvarp

til laga um eiða og drengskaparorð.

Flutningsmenn: Jón Þorkelsson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Hverjum manni þeim, er samkvæmt lögum ber skylda til þess að bera vætti fyrir íslenzkum dómstól eða annars kostar, þar sem eiður er unninn, er skylt að staðfesta skýrslu sína eða framburð, ef þess verður krafizt, á þann hátt er lög þessi greina.

2. gr.

Þeir menn, er opinberlega teljast til einhvers kristins trúarfélags, skulu vinna eið að framburði sínum með þvílíkum orðum: Þ»ð segi eg guði að framburður minn fyrir dómi hér í dag er að öllu leyti fullum sannleik samkvæmur. Guð sé mér hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg.

3. gr.

Þeir menn, er teljast eigi opinberlega til neins kristins trúarfélags skulu staðfesta skýrslu sína með því að leggja þar við sæmd sína og drengskap, og sé þeim eiður stafaður á þvílíkan hátt: Svo skýt eg máli mínu til sæmdar minnar og samvizku og svo vil eg sjálfur framast sanninda njótandi verða af öðrum mönnum sem eg fer með fullan sannleik um það, er nú hefi eg flutt og fram borið. Þetta vitni ber eg fyrir engra muna skyld, heldur sökum réttts máls og sanninda. Njóti eg svo drengskapar míns og mannorðs sem eg satt segi. Níðingur ef eg lýg.

4. gr.

Áður eiður sé unninn eða drengskapur lagður við til hæstu sanninda ber dómara að brýna fyrir þeim, er eiðinn vinna eða drengskap við leggja, þýðing hvorstveggja. Eiðvinning og viðlagning drengskapar fer eigi fyrr fram en eftir að vætti er borið.

5. gr.

Eiðvinning og viðlagning drengskapar hafa að öllu sama gildi að lögum. Á þeim er og samur ábyrgðarhluti að lögum.

6. gr.

Nú eru úrslit sakar látin vera undir því komin, að annar hvor málsaðila vinni eið eða einhver annar í þeirra stað, og skal þá fylgt reglum 2. og 3. gr. (sbr. 4. gr.) laga þessara með þeim tilbreytingum, sem atvik heimta.

7. gr.

Eiðsdómur skal vera orðaður á þá leið, að málsaðili vinni annað hvort eið eða leggi drengskap sinn við sannindi þess, er í eiðstaf hans kom. Dómari eiðstöku úrskurðar, hvort fylgt skuli 2. eða 3. gr. laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld tilskipun frá 22. sept. 1846.

Ed.

207. Frumvarp

til laga um erfðaábúð á kirkjujörðum.

Flutningsmaður: Jens Pálsson.

1. gr.

Um umsjón, byggingu og ábúð kirkjujarða fer svo sem fyrir er mælt með lögum þessum.

2. gr.

Kirkjujarðir eru:

1. Jarðir þær, er alment nefnast kirkjujarðir.
2. Jarðir þær, sem verið hafa embættissetur sóknarpresta þjóðkirkjunnar, en að áliti hlutaðeigandi sýslunefndar geta ekki samkvæmt lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907 framar verið prestssetur.
3. Hjáleigur slíkra prestssetra og hjáleigur kirkjujarða, þær er metnar eru til hundraðatals samkvæmt gildandi lögum og jarðabók, og eru að minsta kosti 7,5 hndr. að dýrleika.

3. gr.

Umráðamenn þeir, er byggingarráð hafa á kirkjujörðum, skulu fyrir 1. janúar 1910 hafa leitað álits sýslunefndar um hverja þá kirkjujörð, er þeir hafa í umsjón sinni, hvort hún sé sérstaklega hentug fyrir opinberar stofnanir eða til annara almennings nota, svo og hvort líklegt sé, að á jörðinni myndist innan skamms kauptún eða þorp, eða þar komi upp verksmiðjuiðnaður, og loks um það, hvort jörðin sé sérstaklega fallin til sundurskiftingar milli margra grasbýla. Skal sýslunefnd hver á fyrsta fundi sínum á árinu 1910 láta uppi álit sitt um sérhverja kirkjujörð í sýslunni, að því er til þessara atriða kemur, og tilkynna umráðamönnum jarðanna álit sitt. Á sama fundi skal sýslunefnd og kveða upp álit um, hverjar jarðir geti haldið áfram að vera prestssetur eftir það, er skipun prestakalla samkvæmt lögum lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907 er komin á.

4. gr.

Um ábúð og byggingu allra annara kirkjujarða en þeirra, er að áliti sýslunefndar eru svo vaxnar, sem tekið er fram í 3. gr. laga þessara, skal fara svo sem fyrir er mælt í eftirfarandi greinum.

5. gr.

Byggja skal slíkar jarðir með bréflegum samningi (byggingarbréfi), og verður hann því að eins fullgildur, að sýslumaður riti á hann samþykki sitt.

6. gr.

Þá er slík kirkjujörð losnar úr ábúð, skal í næstu fardögum selja kúgildi þau, er á henni eru.

Byggja skal hana með jarðabótakvöð, er nemi að minsta kosti hálfu jarðabótadagsverki fyrir hvert hundrað að dýrleika hennar að gildandi lögum. Eftirgjaldið skal að öðru leyti gjaldast í peningum, og ákveða óvilhallir dómkvaddir menn upphæð þess, og er það »lögleiga«. Skal svo gert í hvert skifti, er jörð losnar úr ábúð. Síðan skal bjóða hana til ábúðar og jafnframt auglýsa lögleigu hennar í blaði því, er fer með stjórnarvaldaauglýsingar.

Nú byggist jörð eigi fyrir lögleigu fulla, og skal þá byggja hana hverjum þeim hæfum manni, er býður leiguupphæð þá, sem er lögleigu næst.

Gjalddagi eftirgjaldsins er 31. desember, og sé það eigi greitt í þann eindaga, má fyrir því fjárnám gera, án undangenginnar sáttar eða dóms. — Náist eftirgjaldið þá ekki með fjárnámi, enda greiði ábúandi það eigi innan mánaðar frá eindaga, glatar hann ábúðarrétti sínum frá næstu fardögum.

7. gr.

Andvirði seldra kirkjukúgilda skal leggja í hinn sérstaka sjóð, er stofnaður var með lögum um sölu kirkjujarða nr. 50, 16. nóv. 1907, og nefnist kirkjujarðasjóður. Stendur hann beint undir landstjórninni og er stofnfé hans andvirði seldra kirkjujarða, peningaeign prestakalla, og andvirði seldra kirkjukúgilda.

8. gr.

Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í prestalaunasjóð til að launa sóknarprestum þjóðkirkjunnar.

9. gr.

Landstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning kirkjujarðasjóðs fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna, og síðan leggja fyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.

10. gr.

Úr kirkjujarðasjóði skal, svo sem fé hans hrekkur til, lán veita til húsabóta og gripheldra vírgirðinga bændum á jörðum þeim, er bygðar eru samkvæmt lögum þessum. Mega slík lán til hverrar jarðar þó aldrei nema meiru samtals, en hálfu virðingarverði jarðarinnar, og skal af þeim greiða 6% vöxtu árlega. Greiðast skulu þeir með eftirgjaldinu eftir jörðina, og fer um gjalddaga og innheimtu þeirra eftir 5. grein. Af vöxtunum skulu $4^1/_2$% greiðast í kirkjujarðasjóð, en $1^1/_2$% skal sætur á vöxtu undir umsjón sýslumanns, og heita »viðhaldssjóðir húsa og girðinga« tilnefndrar jarðar. Skal þessa getið í skuldabréfi ábúanda, er lánið tekur. Á varðveizlu og ávöxtum sjóðsins ber sýslumaður jafn ríka ábyrgð og á varðveizlu og ávöxtum ómyndugra fjár, — og skal hann leggja fram fyrir sýslunefnd til endurskoðunar og athugunar fullnægjandi skilríki fyrir »viðhaldssjóði húsa og girðinga« hverrar kirkjujarðar í sýslunni um sig og allra saman.

Það af höfuðstóli kirkjujarðasjóðs, sem eigi er í lánum og á vöxtum samkvæmt upphafsákvæðum greinar þessarar skal varðveitt og ávaxtað í Landsbankanum á þann hátt, að jafnan geti laust verið til nefndra lánveitinga.

11. gr.

Hver sá, kona sem karl, er með löglegu byggingarbréfi, samkvæmu 5. gr. laga þessara fær til ábúðar einhverja þeirra kirkjujarða, er í 2. og 4. grein ræðir um, öðlast með því fyrir niðja sína mann frá manni í beinan legg í óslitinni röð allan sama ábúðarrétt, ábúðarskilmála og leigumála, sem hann sjálfur öðlast með byggingarbréfinu og er það erfðaábúð. Kjörsonur eða kjördóttir barnslauss ábúanda, og hver sá, kona sem karl, er hann hefir leitt til arfs eða ættar, skal njóta erfðaábúðarinnar sem barn hans væri. Ekkja ábúanda gengur fyrir barni hans meðan hennar nýtur við, og eldri niðji

fyrir yngri niðja, nema öðru vísi hafi samist með þeim. Nú er sá ófullveðja, er að erfðaábúðinni er borinn, og ræður þá lögráðandi hans, hvort hann afsalar sér erfðaábúðinni eða geymir réttar síns, en fulla ábyrgð hefir lögráðandi þá á ábúðinni í öllum greinum unz ábúðararfi verður fullveðja.

12. gr.

Nú losnar jörð úr erfðaábúð ættar, áður en 25 ár eru liðin frá því, er húr tók ábúðina, og ábúandi hefir gert verulegar túnbætur, engjabætur, eða reist matjurtagarð á stofn á óræktaðri jörðu, um 15 síðustu ár ábúðartímans, og er honum þá rétt, eða dánarbúi hans, að láta óvilhalla dómkvadda menn meta hvorttveggja í senn til peningaverðs, bæði vinnu þá og fé, er til jarðabótanna hefir gengið, og arð þaun, er þær þegar hafa borið honum. Nú er arðurinn af jarðabótunum að matsmanna dómi eigi orðinn fult ígildi til kostnaðarins til þeirra, og skal kirkjujarðasjóður þá bæta hálfan halla, en hálfur fellur niður.

13. gr.

Þá er jörð losnar úr erfaábúð, skal lögleiga hennar ávalt ákveðin af nýju, og hún boðin til ábúðar, hvorttveggja samkv. 5. gr.

Um erfðaábúðarskifti á jörðu fer að öðru leyti svo sem landslög mæla fyrir um venjuleg ábúendaskifti á jörðum, afhending, úttekt og voryrkjur og alt annað, er þar að lýtur.

14. gr.

Þeim, sem eru löglegir ábúendur á kirkjujörðum þeim, er ræðir um í 2. og 4. gr., veitist með lögum þessum réttur til að fá erfðaábúð á ábúðarjörðum sínum, með þeim hætti, sem lög þessi tilskilja.

15. gr.

Verði prestssetur, sem niður er lagt og í erfðaábúð komið samkvæmt lögum þessum, tekið upp aftur með breytingu á lögum um skipun prestakalla nr. 45, 16. nóvbr. 1907, og gert að prestssetri af nýju, hverfur það úr erfðaábúð og skal látið laust prestinum í næstu fardögum, án sérstakrar uppbótar fyrir missi ábúðarinnar.

16. gr.

Það er til annars kemur en þess, er mælt er fyrir um í lögum þessum, skal fara með umsjón yfir jörðum þeim, er ræðir um í 2. og 4. gr. laga þessara, byggingarráð á þeim, og eftirlit með þeim eftir fyrirmælum 8., 9., 10. og 11. gr. laga um laun sóknarpresta nr. 46, 16. nóvbr. 1907.

17. gr.

Erfðaábúendur, samkvæmt lögum þessum, á niðurlögðum prestsetrum, skulu nefndir »óðalshölda«, en erfðaábúendur á öðrum kirkjujörðum »höldar«.

18. gr.

Jafnskjótt sem lög þessi koma í gildi, falla úr gildi lög nr. 50, 16. nóvbr. 1907, um sölu kirkjujarða, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd.

208. Frumvarp

til laga um námsskeið verzlunarmanna.

Frá nefndinni í verzlunarlöggjöf.

Framsögumaður: Magnús Blöndahl.

1. gr.

Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglinga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sé skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sé saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sé ákvæði þetta brotið er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis.

2. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei vera skemra, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.) en 4 ár og aldrei lengra en 5 ár.

4. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sé verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemanda einnig séð fyrir ókeypis kenslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms.

5. gr.

Fyrsta mánuðinn af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sé hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rétt til þess, að heimta að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sé um það gerð í samningnum.

6. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmensku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum alt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráðvendni, skal hann tafarlaust rekinn burt frá náminu.

7. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Að jafnaði má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu, ef því þykir brýn ástæða til þess.

8. gr.

A sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við t. d. um jólaleitið og þegar vörukönnun á sér stað. Nemandi skal fá einnar viku sumarfrí.

9. gr.

Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meðal annars skal hann gæta þess að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skírteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sé lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað.

10. gr.

Nú sýkist nemandi án þess honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila.

11. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kenslu.

12. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er verzlunarstjórnandi deyr.
2. Þá er verzlunarstjórnandi hættir við verzlun sína eða verður gjaldþrota.
3. Þá er báðir samningsaðilar verða ásáttir um það, þó svo að sé nemandinn yngri en 18 ára þá þarf hann einnig samþykki fjárráðamanns síns.

13. gr.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila út af námssamningi, skal það mál útkljá af gjörðardómi. Gjörðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gjörðardómsins er viðkomandi bæjarfógeti eða sýslumaður. Neiti annar málsaðila að útnefna menn í gjörðardóminn, skal hinum partinum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá sem beiðist gjörðar skal snúa sér skriflega eða munnlega til oddamanns og kveður hann málsaðila, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sér ásamt gjörðarmönnum sínum. Skal þá málið útkljáð að fullu og ræður afl atkvæða, þó má veita aðilum frest, alt að 8 dögum, í eitt skifti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Málspartar eru algerlega bundnir við úrskurð gjörðardómsins. Mæti einhver gjörðarmanna ekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gjörðarmönnum, sem mættir eru.

Með gjörðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

Nd.

209. Frumvarp

til laga um atvinnu við vélagæzlu á íslenzkum gufuskipum og gæzlu gufuvéla á landi.

Flutningsmaður: Magnús Blöndahl.

1. gr.

Réttur til að vera vélastjóri á íslenzkum gufuskipum með vélum, sem hafa meira en 75 en minna en 900 indic hestaöfl, skal bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi hafi fengið skírteini sem vélastjóri.

2. gr.

Á íslenzkum gufuskipum, sem hafa vélar með meira en 250 en minna en 900 indic. hestaöflum, skulu vera að minsta kosti 1 yfirvélastjóri og 1 undirvélastjóri, sem fullnægja þeim skilyrðum, sem lög þessi setja. Ef vél skipsins hefir minna en 250 indic. hestaöfl, er nægilegt að á þeim skipum sé einn vélastjóri, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi setja um yfirvélastjóra. Auk vélastjóra skal vera að minsta kosti 1 kyndari á skipunum. Ekkert íslenzkt gufuskip má afgreiða frá nokkurri höfn á Íslandi til siglinga utan lands eða innan, nema á því sé það vélalið, sem segir í grein þessari.

3. gr.

Til þess að geta öðlast skírteini sem undirvélastjóri á íslenzku gufuskipi útheimtist:

a. Að hlutaðeigandi hafi nægilega bóklega þekkingu á byggingu og starfsemi gufuvéla eftir kröfum þeim, sem gerðar verða af stjórnarráðinu; kunnátta þessi skal sönnuð með sérstöku prófi við sjómannaskólann í Reykjavík.
b. Að hann hafi fengist við járnsmíði í 3 ár og fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.
c. Að hann hafi verið kyndari á gufuskipi í 12 mánuði og hafi meðmæli vélastjóra þess eða þeirra, sem hann hefir verið kyndari hjá, fyrir dugnað, reglusemi og þekkingu á hirðingu gufuvéla.
d. Að hann hafi rétt innborinna manna og sé heimilisfastur á Íslandi.
e. Að hann hafi ekki verið dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti.

Ennfremur á maður, sem stjórnað hefir á eigin ábyrgð gufuvél á landi með meira en 25 indic. hestaöflum, heimting á að fá skírteini sem undirvélastjóri, ef hann hefir int af hendi það bóklega próf, sem um getur undir staflið a, og hefir vottorð frá 2 vélameisturum, sem stjórnarráðið tekur gilda, um að hann sé fær um að vera undirvélastjóri á gufuskipi.

4. gr.

Til þess að geta öðlast skírteini sem yfirvélastjóri á íslenzku gufuskipi útheimtist, auk þess sem útheimtist samkvæmt 3. gr. a, að hlutaðeigandi hafi verið undirvélastjóri í 2 ár og hafi meðmæli frá yfirvélastjóra þeim eða yfirvélastjórum þeim, sem hann hefir unnið með, um að hann hafi næga þekkingu á meðferð og hirðingu gufuvéla og sé reglusamur, b., að hann sé fullra 25 ára gamall.

5. gr.

Skylt er öllum vélastjórum á íslenzkum gufuskipum að láta af hendi meðmæli þau, sem um getur í 3. og 4. grein fyrir þann tíma, sem hlutaðeigandi hefir unnið undir umsjón þeirra. Skal meðmælum þessum fylgja drengskaparyfirlýsing vélastjóra um að þau séu gefin eftir beztu vitund og hlutdrægnislaust.

6. gr.

Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 3. og 4. grein, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í nefndum greinum. Svo skulu og þeir Íslendingar, sem eru og hafa verið 1. og 2. vélstjóri á íslenzkum gufuskipum, er lög þessi öðlast gildi, eiga heimting á að fá skírteini þau, sem um getur í nefndum greinum laga þessara, þótt þeir fullnægi eigi skilyrðum þeim, sem sett eru í nefndum greinum; þó skulu þeir sem eru undirvélastjórar því að eins eiga heimting á undirvélastjóraskírteinum, að þeir leggi fram vottorð frá yfirvélastjóra sínum um, að þeir séu færir um að hafa á hendi vélagæzlu sem undirvélastjórar, og hafa int af hendi próf það, sem um ræðir í 3. gr. a. Ennfremur er stjórnarráðinu heimilt, meðan vöntun er á íslenzkum vélastjórum, að veita þeim mönnum greind skírteini, sem fengið hafa vélastjóraskírteini í Danmörku og Noregi samkvæmt þar gildandi lögum. Skírteini þessi skal rita eftir fyrirmynd, sem ráðherra Íslands lætur búa til í samræmi við lög þessi. Skulu þau gefin út af lögreglustjóra á þeim stað, sem umsækjandi er heimilisfastur. Skírteinið gildir um ótakmarkaðan tíma frá dagsetningu þess, nema skírteinishafi brjóti það af sér, sbr. 8. gr.

7. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði lögreglustjóra að því er snertir útgáfu skírteinis, skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins. Við það skerðist þó eigi réttur hans til að leita dómsákvæðis í málinu.

8. gr.

Nú verður maður dæmdur í hegningarvinnu fyrir nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og hefir hann þá fyrirgert skírteini sínu sem vélstjóri.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum; ef brotið er ítrekað, geta sektirnar hækkað alt upp í 500 kr. Brot þessi sæta opinberri rannsókn og skal fara með málin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Ef breytingar verða gerðar á lögum þessum, skal áður leitað álits hins íslenzka vélastjórafélags í Reykjavík.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Nd.

210. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Hjallanesi í Staðarfellslandi við Hvammsfjörð.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Í Hjallanesi í Staðarfellslandi í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

211. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar Stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

212. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um að löggilda verzlunarstað að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis.

Frá Sigurði Gunnarssyni, þm. Snæf.

1. Fyrir ofan málsgrein frumvarpsins komi: 1. gr.
2. Komi ný grein, er verði: 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd.

213. Frumvarp.

til laga um viðauka við lög 22. nóvember 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar samkvæmt lögum 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 15. og 16. gr., til þess að taka sæti í byggingarnefnd og

hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt nefndum lögum.

2. gr.

Með byggingarsamþykt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþyktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, sem af ákvæðum samþyktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrétt og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

3. gr.

Til þess að kaupstaðurinn hér eftir geti orðið bygður eftir ákveðinni reglu, ber bæjarstjórninni eða byggingarnefnd eftir byggingarsamþykt að ákveða, hvar auð svæði eigi að vera og hvar leggja skuli stræti; í því skyni skal bæjarstjórn, á þann hátt, sem nánar skal ákveðið í byggingarsamþykt kaupstaðarins, gjöra skýrslu um lóðir þær, sem þegar eru bygðar, og rita þær ásamt skýrslum um lóðir, sem síðar verði bygðar, í sérstaka bók, sem útvega skal á kostnað bæjarsjóðs.

4. gr.

Hver sá, sem ætlar að byggja hús að nýju, breyta húsi eða gera önnur mannvirki á lóð sinni, skal, áður en hann byrjar á því, fá skrifleg ákvæði bæjarstjórnar, eða byggingarnefndar samkvæmt byggingarsamþykt, um það, hvort hann megi byggja og á hvern hátt; enda skulu ákvæði þessi látin í té innan hæfilegs tíma frá því þeirra var beiðst, eftir því, sem nánara skal ákveðið í byggingarsamþykt kaupstaðarins.

Sá, sem byrjar á umræddri smíði eða mannvirkjum, áður en byggingarleyfi er fengið eða brýtur á móti reglum þeim, sem settar eru í slíku leyfi, greiði 4 til 100 kr. sekt til bæjarsjóðs; ef yfirsmiður stendur fyrir verkum, sætir hann sömu sektum; hinn fyrnefndi verður einnig að sæta því, að húsið eða mannvirkið sé rifið niður á hans kostnað, að því leyti sem það er ekki lagað eftir þeim reglum, sem settar hafa verið eða fylgja hefði átt að áliti bæjarstjórnar eða byggingarnefndar samkvæmt byggingarsamþykt.

Ef lögreglustjóri kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru eða mannvirki, sem leyfi þarf til, en það hefir ekki verið útvegað, þá skal hann banna að verkum sé haldið áfram, unz leyfið er fengið.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórn þurfa að leggja stræti, breikka eða breyta stefnu þess eða þoka einhverju húsi úr stað til betri varnar gegn húsbruna eða til að fá greiðari veg um kaupstaðinn, þá skal hver sá, sem á óbygða lóð, sem veit að stræti, skyldur til að láta svo mikið af hendi af lóð þessari, sem þurfa þykir til

þess að strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, sem húsið á, vera skyldur til, þegar hann endurbyggir það, að færa það eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það úr bæjarsjóði; skal bæjarstjórnin, eftir að hún um það hefir fengið álit byggingarnefndar, meta það eftir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir við það, að af því hefir verið tekið eða hús flutt til. Sé hlutaðeigandi lóðareigandi eða húseigandi óánægður með endurgjald það, sem þannig hefir verið ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð stjórnarráðsins.

6. gr.

Með hafnarreglugerð, sem stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn eftir tillögu bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og hafnarmannvirkja; svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot alt að 400 kr. er renna í sama sjóð.

7. gr.

Nú ákveður bæjarstjórnin að koma á vatnsveitu í pípum neðanjarðar til Hafnarfjarðar og um kaupstaðinn, og skulu þá landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórnin ákveður, að vatnsveitan skuli vera, skyldir til að láta í té nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir séu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annars vegar og landeiganda eða lóðareiganda hins vegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Utan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir bæjarstjórnin einn mann, landeigandi annan og stjórnarráðið hinn þriðja. Tilnefni landeigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans. Innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar skal eignarnámið framkvæmt af dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar greiðir allan matskostnað.

8. gr.

Með reglugjörð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, má setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðunum og um önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir alt að 100 kr. fyrir brot á móti ákvæðum hennar.

Þegar vatnsveitan er komin til framkvæmdar, má eftir gjaldskrá, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, leggja alment gjald til bæjarsjóðsins á notendur vatnsins fyrir afnot þess, og skulu gjöld þau hafa lögtaksrétt.

Á þeim svæðum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, þar sem bæjarstjórnin hefir lagt vatnsæðar til afnota, hefir bærinn einkarétt til að selja neyzluvatn.

9. gr.

Með mál út af brotum þeim, sem getur um í 4. gr., og brotum gegn samþyktum þeim og reglugjörðum, sem settar verða, samkvæmt lögum þessum, fer sem um almenn lögreglumál.

Nd.

214. Stjórnarskrá Finna.

Fylgiskjal við nefndarálit um stjórnarskrárfrumvarpið á þingi 1909.

Þingskipunarlög

stórfurstadæmisins Finnlands. Gefin í Peterhof, 20. júlí 1906.

Vér Nikulás annar, af guðs náð keisari og einvaldshöfðingi alls Rússlands, Pólverja tsar, stórfursti á Finnlandi og meira margt, geri kunnugt. Með því að nauðsyn hefir borið til að rýmka um skipulag hins finska þjóðþings með nýrri stjórnarskrá, og þessi lagabreyting hefir verið rædd, svo sem fyrir er mælt í 71. gr. þinglaganna dags. 3. (15.) apríl 1869, þá viljum vér nú staðfesta, mönnum til eftirbreytni, hin nýju þingskipunarlög fyrir stórfurstadæmið Finnland, þau er þing landsins hefir samþykt eftir náðarsamlegu frumvarpi voru og hljóða orðrétt á þessa leið:

Fyrsti kapituli.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Landsþing stórfurstadæmisins Finnlands er þjóðþing hinnar finsku þjóðar.

2. gr.

Landsþingið er í einni málsstofu og sitja hana tvö hundruð landsþingismenn.

3. gr.

Kosningar til landsþingsins fara fram þriðja hvert ár og á sama tíma á öllu landinu. Umboð landsþingismanna hefst þá er lýst er yfir kosningu hans og helzt til þess er næstu kosningu er lokið.

Heimilt er þó keisarastórfurstanum, ef honum þykir nauðsyn á, að skipa fyrir um nýjar kosningar áður þriggja ára kjörtímabil það sé liðið, sem getið er í fyrri lið þessarar greinar. Þá er svo ber undir, skulu umboð landsþingismanna vera til þriggja ára, ef þing er ekki rofið á þeim tíma.

4. gr.

Landsþingismenn eru kjörnir með beinum hlutfallskosningum; til þeirra kosninga skal landinu skift í kjördæmi ekki færri en tólf og ekki fleiri en átján.

Nú krefjast staðhættir þess, að vikið sé af hlutfallskosningar skipulaginu, og má þá mynda kjördæmi á einum stað eða fleirum til einmenniskosningar, auk kjördæmatölu þeirrar, sem nefnd var.

Við kosningu hafa allir kosningabærir menn jafnan atkvæðisrétt.

Enginn getur veitt öðrum manni umboð til kosningar fyrir sína hönd.

Í sérstökum kosningarlögum skal nákvæmara mælt fyrir um skiftingu kjördæma, nær kosningar skuli fram fara og hversu þeim skuli hagað.

5. gr.

Kosningarrétt til landsþingis á hver finskur borgari, menn og konur, sem er fullra tuttugu og fjögra ára áður það ár hófst (fyrir 1. jan. þess árs), sem kosning fer fram á,

Þó á ekki kosningarrétt:

1) maður, sem á þeim tíma er í herþjónustu;
2) maður, sem er ófullveðja;
3) maður, sem ekki var skráður í manntal í landinu þrjú ár hin síðustu;
4) maður, sem vanrækt hefir tvö næstliðin ár að greiða skyldugjöld sín til ríkissjóðs, og sveitarstjórn vottar, að það var ekki fyrir fátæktar sakir;
5) maður, sem nýtur öreigastyrks og sá styrkur er ekki að eins til bráðabirgða.
6) maður, sem selt hefir af hendi eignir sínar til lúkningar skuldum, missir kosningarrétt alt til þess er hann hefir unnið eið að framtali eigna sinna og skulda:
7) maður, sem dæmdur er í almenna refsingarvinnu fyrir verðgang, og missir hann kosningarrétt síns alt til loka hins þriðja árs eftir það er hann var látinn laus úr refsingarvinnunni;
8) maður, sem sekur hefir orðið með dómi um athöfn, er telja má að skerði mannorð hans, eða hann verði óhæfur fyrir til að vera í þjónustu landsins, eða vera talsmaður annarra manna;
9) maður, sem uppvís verður að því, að hafa keypt eða selt atkvæði við kosningar til landsþingis eða gert tilraun til þess, eða greitt atkvæði á fleirum stöðum en einum eða raskað frelsi kosninga með ofbeldi eða ógnunum, og missir hann kosningarrétt sinn alt til enda hins sjötta almanaksárs eftir það, er úrslitadómur var kveðinn upp í máli hans.

6. gr.

Kjörgengur til landsþingis er hver sá maður, sem kosningarrétt á, og skiftir heimilisfang hans ekki máli.

7. gr.

Ef embættismaður reynir að hafa áhrif á kosningar þingmanna með embættisvaldi sínu, varðar það embættismissi.

Ef maður heftir kosningarfrelsi manna með tillokkunum eða tælingum, sætir hann fangelsisvist, ekki lengri en þriggja mánaða. Neyti hann ofbeldis eða hótana, skal honum refsað með fangelsi, ekki skemur en mánuð og ekki lengur en ár, og missi embætti sitt ef hann var embættismaður.

Nú er maður í þjónustu annars manns og á kosningarrétt, og gefur vinnuveitandi honum ekki færi á að neyta kosningarréttar síns, eftir því er vinnuveitandi má við koma, skal hann sæta fésektum.

8. gr.

Nú er maður talinn rétt kjörinn til landsþings eftir kosningalögunum, og getur hann þá ekki skorast undan þingmensku, ef hann sýnir ekki lögmæt forföll eða aðrar afsakanir, sem landsþing telur réttmætar.

9. gr.

Skyldur er þingmaður til að leysa svo af hendi þingstarf sitt, sem hann veit réttast og sannleikanum samkvæmast. Skyldur er hann sem þingmaður að hlýðnast stjórnarlögunum og er þar ekki háður neinum fyrirmælum öðrum.

10. gr.

Ekki má meina þingmanni að koma á þing og gegna ætlunarverki sínu.

11. gr.

Ekki má höfða sakamál á hönd þingmanni eða setja hann í varðhald fyrir skoðanir sínar eða annað atferli á þingfundum, nema þingið samþykki það með atkvæðagreiðslu og greiði ekki færri en fimm sjöttu hlutar þingmanna atkvæði með ályktuninni.

12. gr.

Ekki má setja þingmann í fangelsi fyrir glæp meðan þing stendur, án samþykkis þingsins, nema það sé skipað með dómi eða hann sé staðinn að glæp, sem ekki varðar minni refsingu en sex mánaða fangelsi.

Nú var þingmaður handtekinn á för sinni til þings fyrir aðrar sakir en nefndar voru í 1. lið greinarinnar, og skal hann látinn laus, ef þingið samþykkir það.

Ef þingmaður er settur í hald, skal þegar segja til þess forseta þingsins.

13. gr.

Ef maður misbýður þingmanni í orðum eða verkum meðan hann er á ferð sinni af þingi eða á, eða meðan þing er háð, og vissi sá maður, að hann aðhafðist það við þingmann, eða maður vinnur ofbeldisverk á þingmanni sakir gerða hans á þingi, þá skal það, að lögbrotið er framið á þingmanni, auka á refsinguna fyrir glæpinn og metið svo, sem »miklar sakir séu til«.

Það sem hér er mælt um þingmann, skal og nú til skrifara eða þjónustumanna þingsins.

14. gr.

Þingmaður fær laun af ríkisfé og að auki ferðakostnað af þingi og á.

Laun þingmanns eru fyrir hvert reglulegt þing eitt þúsund og fjögur hundruð mörk*; en ef þing er rofið, eða ef starfa þingmanna er lokið áður en níutíu dagar sé liðnir frá því er þing var sett, fær hann fimtán mörk fyrir hvern dag. Fyrir reglulegt þing, sem saman kemur eftir þingrof og nýjar kosningar og ekki á lögboðnum tíma, svo og fyrir aukaþing, skulu og laun þingmanns vera þau er nú var sagt, og þó eigi meiri en eitt þúsund og fjögur hundruð mörk að öllu saman lögðu.

15. gr.

Nú kemur þingmaður ekki til þings í tæka tíð, eða er brott af þingfundum án leyfis þingsins og segir ekki til forfalla, sem þingið metur gild, og getur það þá úrskurðað honum að missa laun sín, fimtán mörk fyrir hvern dag, er hann var burtu, og fésekt að auki, og þó ekki meiri en nemur launamissinum. Ef þingmaður lætur ekki skipast við fésektir, getur þingið úrskurðað, að hann hafi fyrirgert þingmensku.

Annar kapítuli.

Þingsetning, þingrof og þinglok.

16. gr.

Landsþing kemur saman í höfuðstað landsins, nema það sé ógerandi sakir þess að óvinir herja á landið eða önnur vandræði tálma, þau er friðhelgi þingsins standi háski af, og ákveður keisarastórfurstinn þá annan samkomustað innanlands.

17. gr.

Reglulegt þing skal háð hvert ár, og skal kvatt saman í hvert sinn sérstaklega til samkomu fyrsta dag febrúarmánaðar, nema keisarastórfurstinn taki til annan dag á því ári, og skulu þinglausnir vera, eftir náðarsamlegum fyrirmælum, á hinum nítugasta degi þaðan frá, nema þá er keisarastórfurstinn ákveður, eftir því sem hann telur happasælast, eða eftir tillögum þingsins, að því skuli slíta áður eða síðar.

Ef þann dag, sem nú var tiltekinn, eða nokkurn þann dag annan, sem einhver athöfn er eindöguð til í lögum þessum, ber upp á helgan dag, skal meta svo sem næsti rúmhelgur dagur væri þar til tekinn.

18. gr.

Nú fyrirskipar keisarastórfurstinn þingrof, meðan setið er á reglulegu þingi, og skal þá þing rofið á þeim degi, sem keisarastórfurstinn vísar til. Þá er svo ber að, skal hið nýkjörna þing koma saman af nýju hinn fyrsta dag í þeim almanaksmánuði, sem næstur hefst eftir að níutíu dagar eru liðnir frá þingrofi, eða þann dag þar á undan, sem keisarastórfurstinn kann að hafa til tekið.

Ef fyrirskipaðar eru nýjar kosningar eftir það er reglulegu þingi er slitið, og geti þær ekki farið fram fyrir fyrsta dag næsta febrúarmánaðar, skal samkomu þingsins frestað til fyrsta dags næsta almanaksmánaðar eftir það er auglýst voru úrslit kosninganna.

---

*Finskt mark er sama sem 1 franki (72 a.).

19. gr.

Keisarastórfurstinn kveður saman aukaþing og kveður á nær því skal slíta.

Ekki má bjóða aukaþingi að koma saman fyrri en á fimtánda degi eftir það er það var kvatt til setu, og ekki má það sitja lengur en til hins næsta helgidags áður reglulegt þing skal hefja.

Á aukaþingi má bera fram þau ein málefni, sem ollu því, að til þess þings var kvatt, svo og þau mál, sem keisarastórfurstinn leggur fyrir það þing, og svo málefni, sem verða ekki við þau mál skilin.

20. gr.

Þær fyrirskipanir keisarans, sem litið er til í 16., 18. og 19. gr., skal birta á þann hátt, sem fyrir er mælt um birtingar stjórnarvaldatilskipana á Finnlandi.

Skipun um nýjar kosningar skal kunngjöra fylkisstjórum, svo og þeim valdsmönnum og nefndum, sem undirbúa skulu kosningarnar.

21. gr.

Þann dag, sem landsþing skal koma saman, skulu þingmenn allir, eftir það er klukkan er ellefu árdegis og eftir því sem nánara hefir verið tiltekið með auglýsingu, leggja kjörbréf sín fyrir þá menn, einn eða fleiri, sem keisarastórfurstinn hefir skipað til að rannsaka kjörbréfin. Þá er kjörbréf er sýnt fyrsta sinn, skal þess gætt, að það sé frá þeim mönnum og í því formi, sem lög bjóða.

Skrá yfir hina réttkjörnu þingmenn skal fengin í hendur þinginu fyrir klukkan ellefu næsta morgun.

Ef þingmaður kemur til þings eftir það er þing var sett, og sýnir hann forseta kjörbréf, sem metið hefir verið lögmætt, eftir því sem segir í fyrsta lið greinar þessarar, og tekur hann þá sæti sitt á þingi.

22. gr.

Nú var kjörbréf þingmanns ekki metið gilt, og skal þinginu þá heimilt að rannsaka, hvort hann getur ekki tekið eftir því sæti sitt á þingi eigi að síður.

Nú er vefengt á þingi lögmæti kosningar þingmanns með skírskotun til þessara laga, og skal þá þingið rannsaka það mál, nema kosning sú hafi kærð verið eða verði borin undir rétt úrskurðarvald í því máli.

Annars má þingið ekki takast á hendur að gefa úrskurð á kosningarlögmæti þingmanns, nema það sé borið fram, að augljós glæpsamleg athöfn hafi verið framin við kosninguna eða einhverja atbeiningu að henni, eða einhver bersýnileg misgrip hafi á orðið úrskurði kjörstjórnar um kosninguna. Nú er það ljóst, að lögleysan eða misgripið hafa getað haft áhrif á úrslit kosningarinnar og ekki verður framar fengin breyting á henni með kæru, og skal þá þingið gera þær ráðstafanir því máli til leiðréttingar, sem kosningarlög mæla fyrir.

Nú er vefengt lögmæti kosningar þingmanns, og heldur hann þó sæti sínu sem þingmaður til þess, er þingið hefir felt kosning hans.

23. gr.

Næsta dag árdegis klukkan tíu koma þingmenn allir saman á fund, og hefst hann með því, að upp eru lesin nöfn þeirra eftir skrá þeirri, sem nefnd var í 21. gr. Á þeim fundi kýs þingið sér forseta og tvo varaforseta meðal þingmanna sjálfra.

Því næst gefa forseti og varaforsetar hver eftir annan þinginu svolátandi drengskaparheit:

»Eg N. N. heiti því, að eg skal í forsetastarfi mínu halda uppi, eftir mætti mínum, rétti keisarastórfurstans, þingsins og hinnar finsku þjóðar, eftir stjórnarlögunum.«

Alt til þess er hér er komið, skal sá þingmaður stýra fundi, sem elztur er að áratölu. Hann nefnir og til skrifara, er riti í gjörðabókina.

Þingið ákveður sjálft, hversu velja skuli skrifara þess og skrifstofumenn.

24. gr.

Á þeim degi og þeirri stund, sem keisarastórfurstinn hefir boða látið, skulu þingmenn safnast saman í hásætissalnum og hafa hlýtt áður tíðum. Í salnum heilsar keisarastórfurstinn þinginu eður sá maður, sem hann hefir sett til þess í sinn stað, og lýsir yfir því, að þing sé sett, og ber síðan forseti fram fyrir þing-ins hönd þegnlega lotningu þess.

25. gr.

Þá er slíta skal þingi, hlýða þingmenn tíðum og safnast þá saman í hásætissalnum á þeirri stund, sem keisarastórfurstinn hefir tiltekið, og ber þá forseti fram fyrir keisarastórfurstann, eða þann mann, sem hann hefir sett í sinn stað, þegnlega lotningu þingsins og hamingjuóskir og fær honum í hendur ályktanir þingsins; keisarastórfurstinn, eða sá, er hann hefir skipað til þess í sinn stað, segir því næst þingi slitið.

Þriðji kapítuli.

Um uppburð mála á þingi.

26. gr.

Við þingsetninguna lætur keisarastórfurstinn skýra frá, hver þau lagafrumvörp eru, sem hann leggur þá fyrir þingið.

Í byrjun hvers reglulegs landsþings skal leggja fyrir þingið frumvarp til laga um öflun þess fjár, sem við þarf til nauðsynja þeirra, sem hinar reglulegu ríkistekjur hrökkva ekki til að greiða; til yfirlits yfir þetta skal fylgja frumvarpinu áætlun um tekjur og gjöld ríkisins fyrir næsta fjárhagstímabil.

Frumvörp, sem gátu þá ekki orðið lögð fyrir þingið, má þó og fá því síðar til meðferðar.

Þau lagafrumvörp og erindi keisarastórfurstans, sem lögð eru fyrir þingið eftir að það var sett, skal einhver ríkisráðsmanna bera upp fyrir þinginu.

27. gr.

Þegar er reglulegt landsþing er sett, skal leggja fyrir það skilagrein um fjárhagsstjórn ríkisins, svo að þingið geti kynt sér, hversu ríkistekjunum hefir verið varið landinu til gagns og góða.

28. gr.

Eftir rétti þeim, sem stéttaþingið hefir átt til þessa, hefir landsþingið heimild til að bera fram bænarskrár, sem keisarastórfurstinn tekur svo það tillit til, sem hann telur þarflegt landinu.

Frumvörp til ávarpa, sem þingið ætlar að senda stórfurstanum við óvenjuleg tækifæri, eða sérstök atvik liggja að, skal ræða í nefnd með sama hætti, sem mælt er fyrir um bænarskrár.

29. gr.

Landsþingið á rétt á, að taka til meðferðar af þingmönnum löglega framborna tillögu um nýmæli þau, svo og breytingar og afnám laga þeirra, sem keisarastórfurstinn og landsþingið eiga samþyktarvald á í sameiningu.

Þó má ekki bera fram tillögur, sem snerta stjórnarlög eða fyrirkomulag landvarna eða sjóvarna; og um setningu kirkjulaga skal það standa, sem sérstaklega er um það lögboðið.

30. gr.

Frumvörp að þingmannatillögum eður bænarskrám skal einhver þingmanna leggja fram skrifuð áður fjórtán dagar sé liðnir frá því er þing var sett. Eftir þann tíma er þingmanni ekki heimilt að bera fram tillögu til laga eða bænarskrár, nema einhver samþykt þingsins, sem þegar er gerð, gefi beinlínis efni til tillögunnar, eða einhver atvik, sem að hafa borið meðan þing stóð yfir.

Tillaga skal vera í lagafrumvarps formi, og skulu henni fylgja undirstöður þær, sem tillagan er reist á.

Ekki mega óskyld málefni vera í einu frumvarpi.

31. gr.

Nú æskir keisarastórfurstinn álits landsþingis um málefni, sem hann gat skipað fyrir um án hluttöku landsþingis, og skal þá þingið taka það málefni til meðferðar og semja álit sitt um.

32. gr.

Nú vill þingmaður gera fyrirspurn til ríkisráðsmanns um málefni, sem liggur til embættis hans, og ætlar þingmaður að bera þá fyrirspurn fram á þingfundi, þá skal hann fá forseta hana í hendur skrifaða og ákveðna að efni. Þá er fyrirspurnin hefir verið borin áður um til þingmanna, skal þingið á fundi þar á eftir úrskurða umræðulaust, hvort gera megi fyrirspurnina eða ekki. Ef leyfð er fyrirspurnin, fær forseti hana í hendur þeim embættismanni, sem í hlut á, og ef honum virðist sem ekki megi synja fyrirspurninni svars, semur hann við forseta um, hvenær henni skuli svara.

33. gr.

Kveðið skal á í sérstökum lögum um rannsóknarheimild landsþingis á embættisathöfnum yfirvalda og um meðferð slíkra málefna á þinginu.

Fjórði kapítuli.

Um meðferð mála á þingi.

34. gr.

Áður þrír dagar sé liðnir frá þingsetningu, skal landsþingið velja kjörmenn, ekki færri en þrjátíu og fimm að tölu, og svo marga varakjörmenn, sem þurfa þykir, til kosningar á mönnum í þingnefndir.

Kjörmenn og varamenn þeirra skal velja með hlutfallskosningu. Landsþingið gerir sjálft nánari skipanir á kosningaraðferðinni, sem standi þar til er annað verði ákveðið um þær.

35. gr.

Þá er reglulegt landsþing er setið og áður fimm dagar sé liðnir frá því er það var sett, skal kjósa stjórnarskrárnefnd, laganefnd, fjárhagsnefnd og ríkisnefnd, og skulu í hverri nefndinni vera ekki færri menn en sextán, og enn bankanefnd og sé ekki færri en tólf menn. Í sama sinn skal og kjósa varamenn ekki færri að tölu en fjórða hlut nefndarmanna.

Svo má og landsþing skipa aðrar nefndir, ef þess gerist þörf; ef í slíkri nefnd eru ekki færri en tólf, má og vísa til hennar málum, sem ætti þó samkvæmt eðli þeirra að ræða í lögboðinni nefnd.

Frjálst á nefnd að skifta sér í deildir, ef störf hennar krefjast þess, og semja þær deildir álit hver um sig fyrir hönd nefndarinnar. Ef þá þykir nauðsyn á að auka tölu nefndarmanna, skal því skjóta til atgjörða þingsins.

Um afgreiðslunefnd og umsjónarnefnd er mælt fyrir í 76. gr.

Aukaþing skipar þær nefndir, er það þarfnast við meðferð mála þeirra, sem það hefir með höndum.

36. gr.

Geti kjörmenn ekki orðið á eitt sáttir um kosningu nefndar, haga þeir kosningunni svo sem fyrir er mælt í 34. gr.

37. gr.

Áður liðnir sé fimm dagar frá því er landsþing var sett, skipar það stórnefnd til slíkrar meðferðar sérstakra mála, sem til er tekin í 57. gr. og skal þá nefnd skipa sextíu mönnum og kjósa svo sem mælt var fyrir um kosningu kjörmanna.

38. gr.

Ekki má velja ríkisráðsmenn í nefndir.

Ekki má heldur velja mann í þá nefnd, sem til meðferðar getur fengið rannsókn á embættisathöfnum hans.

Á kosningu stórnefndarmanna skal þó að eins vera sú takmörkun, sem til er tekin í fyrsta lið þessarar greinar.

39. gr.

Þingnefndirnar velja sér hver um sig formann og varaformann og taka sér skrifara og aðstoðarmenn svo sem þurfa þykir.

Sá sem elztur er nefndarmanna kveður þá til fyrsta fundar og stýrir fundi til þess er kjörinn er formaður.

Frjálst á nefnd að velja sér framsögumenn í máli, einn eða fleiri, til að gera grein fyrir því, er þörf krefur við meðferð málsins á þingfundum eða í stórnefnd.

40. gr.

Það er ætlunarverk stjórnarskrárnefndar, að ræða og undirbúa þær tillögur, sem til hennar er vísað, um nýmæli, breytingar, skýringar eða afnám á stjórnarlögunum.

Stjórnarskrárnefnd skal og ræða og undirbúa málefni, sem rót sína eiga að rekja til heimildar þeirrar, sem landsþing hefir til rannsóknar á embættisathöfnum stjórnarvalda.

41. gr.

Laganefnd skal bera fram nefndarálit um þær tillögur, sem til hennar hefir verið vísað um nýmæli, breytingu, skýringar eða afnám almennra laga.

42. gr.

Fjárhagsnefnd skal ræða og undirbúa tillögur, sem til hennar hefir verið vísað, um atvinnuvegi og almenna fjárhagsmeðferð ríkisins.

43. gr.

Ríkisnefnd skal kynna sér stjórnarhagi framkvæmdarvaldsins og eiga aðgang að öllum reikningum ríkisins og skjölum. Nefndin skal í áliti sínu láta sérstaklega í ljósi skoðun sína á því, hversu varið hefir verið fé, sem þingið ætlaði til sérstakra áforma, og skal landsþingið bera fram fyrir keisarastórfurstann þær tillögur í þessu efni, sem þurfa þykir.

Ríkisnefnd skal fá til meðferðar þau lagafrumvörp keisarastórfurstans, sem ræðir um í 2. lið 26. gr., svo og þau frumvörp önnur og þingmannatillögur um fjárhagsmálefni, þau er landsþing á samþyktarrétt á. Í nefndaráliti sínu um þau lagafrumvörp keisarastórfurstans, sem nú voru nefnd, skal nefndin taka saman í heild allar þær ætlunartillögur, sem koma undir álit og samþykki landsþingis, einnig þær, sem sérstök nefndarálit hafa verið birt um. Í sama nefndarálitinu skal nefndin gera tillögur um það, hversu afla skuli fjár til greiðslu gjaldanna, að svo miklu leyti sem hinar reglulegu tekjur ríkisins hrökkva ekki.

Ef nauðsyn ber til um nýjar skattaálögur, skal nefndin semja sérstök álit um þær og láta þar í vera reikningsáætlanir um tekjur þær, sem vænta má af þeim sköttum.

Ríkisnefnd skal og gera tillögur um það, hversu mikið fé skal áætla forseta til kostnaðar þess, sem hann hefir um þingið. Nefndin skal og ákveða ferðakostnað þingmanna; hún skal tiltaka, eftir tillögum forseta og hlutaðeigandi nefndarmanna, laun skrifara og aðstoðarmanna þings og nefnda, svo og þóknun nefndarmanna, afgreiðslunefndar og umsjónarnefndar fyrir störf þeirra eftir þinglausnir.

44. gr.

Bankanefnd ber að rannsaka ráðsmensku stjórnar Finnlandsbanka og stofnana þeirra og sjóða, sem háðir eru ábyrgð og eftirliti landsþingis, og að gefa skýrslu um þá, svo og að gera tillögur um fyrirskipanir um ráðsmensku þeirra, sem nauðsynlegar þykja.

45. gr.

Nefnd skal eiga fund með sér ekki síðar en tveim dögum eftir það er hún var valin og fá þinginu í hendur það álit sitt um hvert mál, sem ásigkomulag málsins þarfnast jafnóðum og hún hefir lokið meðferð málanna.

Nú fatlast nefndarmaður frá hlutdeild í meðferð máls og skal þá kalla til varamann. Nefnd er því að eins samþyktarbær, að ekki færri en fjórir fimtu hlutar nefndarmanna sé viðstaddir.

Nú er nefndarmaður ósamþykkur tillögu nefndarinnar og er honum þá heimilt að láta fylgja nefndarálitinu skrifað ágreiningsatkvæði sitt; þó má það ekki dvelja nefndarálitið.

Formaður og varaformaður nefnda skulu vera viðstaddir fundi þeirra.

Fyrirmæli í öðrum lið þessarar greinar taka ekki til stórnefndar landsþingis.

46. gr.

Nú telur nefnd sér nauðsyn á að geta kynt sér skilríki, sem eru í vörzlum embættismanna eður alþjóðarstofnana, sem eru ekki í umsjá landsþingis, eða að afla sér skýrslna munnlegra eða bréflegra af embættismönnum eða slíkum stofnunum, eða að nálgast skilríki, sem eru í höndum sveitarstjórna, eða leita sér annarra skýrslna um sveitarstjórnarhagi, og skal þá formaður ríkisráðsins, eftir kröfu nefndarinnar, gera ráðstafanir til þess, að nefndin fái slík skilríki eða skýrslur, svo sem kostur er á.

Fimti kapítuli.

Meðferð mála í þingsal og stórnefnd.

47. gr.

Forseti lætur boða þingfundi, ber þar fram málin og stjórnar umræðum, ber upp tillögur til samþyktar og gætir reglu á fundum; hann annast og um, að ekki komi neitt það til umræðu, sem í bága fari við stjórnarlögin; hann slítur og fundum.

Ekki má forseti eiga þátt í umræðum né atkvæðagreiðslu og ekki bera upp annað en það, sem þarf til framkvæmdar stjórnarlögum, samþyktum þingsins eða þingsköpum.

Í forföllum forseta gengur fyrri varaforseti í hans stað, en annar varaforseti, ef hinir eru báðir forfallaðir.

48. gr.

Rétt eiga þingmenn á að fá sér hljóð á þingfundum í sömu röð, sem þeir báðu sér hljóðs; þeim er og heimilt að láta þess getið í gjörðabók, sem þeir óska, svo og álits síns um öll atriði, sem þá eru til meðferðar, og enn um lögmæti alls þess, sem fram fer í þinginu. Enginn má taka til máls áður honum sé leyft og ekki tala um annað en það, sem þá er til umræðu.

Þingmenn skulu koma fram sæmilega og með alvörugefni, og leyfi sér enginn að fara meinsömum, hæðilegum eða ókurteisum orðum um stjórnina eða einstaka menn. Nú óhlýðnast maður þessu og skal þá forseti áminna hann, og skipist hann ekki við það, skal forseti varna honum máls. Að öðru leyti sker þingið úr því, hvort forseti skal veita áminning og viðvörun þingmanni, sem mótþróa hefir sýnt, eða skal meina honum þingfundi um tiltekinn tíma, og þó ekki lengur en tvær vikur, eða kæra fyrir dómi, eða þá hvort málið skuli falla niður.

49. gr.

Umræður á þinginu fara fram í heyranda hljóði, nema þingið ákveði annað um einstök mál.

Allir þingmenn eiga rétt á að vera viðstaddir umræður stórnefndar.

50. gr.

Allar umræður á þingi fara fram á finska tungu eða sænska.

51. gr.

Heimilt er formanni ríkisráðs, varaformanni þess og öðrum ríkisráðsmönnum að vera viðstaddir umræður þingsins og taka þar til máls, en engan eiga þeir þar atkvæðisrétt, ef þeir eru ekki landsþingismenn. Æski ríkisráðsmaður að taka til máls, skal hann að því ganga fyrir öðrum mönnum.

Stórnefnd ræður því sjálf, að hve miklu leyti leyfa skuli ríkisráðsmönnum að vera við fundi nefndarinnar og umræður.

52. gr.

Ekki mega aðrir menn en játendur lútherstrúar eiga þátt í meðferð frumvarpa, sem snerta kirkjulög lúterstrúarsafnaða í landinu, eða kirkjuhagi þeirra að öðru leyti.

53. gr.

Eiga má þingmaður hlut í umræðum um mál, er snerta sjálfan hann, en ekki atkvæðagreiðslu um þau.

54. gr.

Ekki má taka til ályktunarumræðu lagafrumvörp keisarastórfurstans, né tillögur þingmanna áður nefnd hafi komið fram með álit sitt um þau mál.

Nefndum skal og fá til undirbúnings þau mál, sem þinginu eru að eins fengin í hendur til álita og getið er í 31. gr.

55. gr.

Ef frumvarpi eða tillögu er ekki vísað þegar til nefndar í einu hljóði, þá er þau eru rædd hið fyrsta sinn, þá skulu þau liggja á borði (skal þeim frestað) til einhvers af hinum næstu fundum og vísað þá til nefndar. Bænarskrárfrumvarpi skal og vísa til nefndar, nema það sé felt þegar í stað eða eftir að það lá á borði.

56. gr.

Þá er nefndarálit er borið fram fyrsta sinn, skal leggja það á borð. Þá er það er borið fram næsta sinn, þá skal enn leggja það á borð, ef tveir eða fleiri þingmenn æskja, hvort sem það var rætt þá eða ekki; en þá er málið er borið fram hið þriðja sinn, má ekki leggja það oftar á borð.

57. gr.

Nú ræðir nefndarálit um nýmæli, sem orðið er til við lagafrumvarp keisarastórfustans eða við þingsfrumvörp og skulu þá fara fram um það þrjár umræður á þingfundum.

Við fyrstu umræðu skal leggja frumvarpið fram og veita þingmönnum kost á að segja álit sitt um málið. Engin er gerð ályktun í málinu við þá umræðu, og þá er henni er lokið, er málið fengið í hendur stórnefnd þingsins, til að segja um það sitt álit og koma með þær tillögur, sem nefndinni þykir henta.

Við aðra umræðu skal bera fram nefndarálit stórnefndar og ræðir þá þingið frumvarpið og gengur til atkvæða um hverja einstaka grein þess. Ef nefndarfrumvarpið er þá samþykt óbreytt, er því lýst, að annari umræðu sé þá lokið. Nú var breyting gerð á nefndarfrumvarpinu, og skal þá fá frumvarpið stórnefnd aftur til meðferðar svo skapað sem þingið samþykti, og er þá á nefndarinnar valdi að mæla með frumvarpinu með breytingum eða án þeirra, eða ráða frá samþykt á því. Nú mælir stórnefnd með breytingum, og samþykkir þingið þær þá eða fellir, og er því næst sagt lokið annari umræðu.

Meðan önnur umræða máls stendur yfir, getur þingið, svo og stórnefnd, ef nauðsyn þykir til bera, krafist nýrrar umsagnar um málið af nefnd þeirri, sem fyrst hafði það mál til meðferðar.

Þriðja umræða fer fram ekki fyr en á þriðja degi eftir það er annari umræðu var lokið og skal þá bera málið fram til úrslita; getur þá þingið, hvort er vill, samþykt frumvarpið óbreytt, svo sem það varð við aðra umræðu, eða felt það, nema þess sé eindregið krafist, að því sé frestað og það sé gert áður borin var upp tillagan um að fella málið. Nú kemur slík krafa fram og skal málið þá lagt á borð til næsta fundar; ef þá

fylgja svo margir menn kröfunni á þeim fundi, að ekki sé færri en einn þriðjungur allra þingmanna, þá skal fresta því máli, svo sköpuðu, sem það var við aðra umræðu, til þess er næsta landsþing kemur saman eftir að nýjar kosningar hafa farið fram.

Þó má ekki þann veg fresta þeim málum, sem fram eru komin við frumvörp frá keisarastórfurstanum til aukaþings, og skal ráða þeim til lykta þegar á því sama þingi.

58. gr.

Nú var frumvarpi þann veg frestað til ákveðins landsþingis og skal þá fara með það á því þingi svo sem það hefði verið borið þá upp. Þó má ekki fresta því máli enn á því þingi, nema breytingar sé gerðar á frumvarpinu.

59. gr.

Ekki má frumvarp, sem frestað var, tálma framkomu nýrrar tillögu eða frumvarps í því máli, sem hið gamla frumvarp fekst við.

60. gr.

Til þess að frumvarp til nýmælis, skýringar, afnáms eður breytingar á stjórnarlögum sé löglega afgreitt af þinginu, skal fyrst fara með það svo sem fyrir er mælt í 57. gr. og því næst samþykkja við þriðju umræðu með meiri hlut atkvæða, að málinu skuli fresta til næsta landsþingis sem saman kemur eftir nýjar kosningar, og skal þá hið nýkjörna þing samþykkja það óbreytt með atkvæðagreiðslu og skal það fá tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.

Landsþing getur og samþykt frumvarp til stjórnarlaga án þess að frestun fari fram á því, ef þingið lýsir yfir því á undan með atkvæðagreiðslu, að mjög ríði á að flýta málinu, og finm sjöttu hlutar greiddra atkvæða samþykkja yfirlýsinguna, og frumvarpið sé síðan samþykt við þriðju umræðu með tveim þriðju hlutum greiddra atkvæða.

Um lög um stéttaréttindi skal fara svo sem að framan er mælt um stjórnarlög.

61. gr.

Það sem mælt er í 57. gr. skal og ná til þeirra lagaboða, er kveða á um fjárveitingar eða fasta skatta eða ríkislán og til úrslita landsþingis koma; þó má ekki samþykkja frestun á slíku máli; svo skal og slíkt frumvarp um nýjar fjárveitingar eða auknar, eða um fasta skatta, eða um ríkislán vera fallið, nema það fái við þriðju umræðu tvo þriðju hluta þeirra atkvæða, sem greidd eru.

62. gr.

Heimilt er og þinginu að vísa til stórnefndar öðrum málum en þeim, sem ræðir um í 57., 60. og 61. gr. Þá er svo er gert, skal beita ákvæðum 57. gr. á þá leið, að um mál þau sé að eins tvær umræður og að ályktun sé gerð á málinu við síðari umræðuna. Í málum, sem ekki var vísað til stórnefndar, skal þinginu heimilt að ályktа, að um þau fari fram tvær umræður og að ályktun skuli tekin um þau við síðari umræðuna, og skal hún þá fara fram ekki fyr en á þriðja degi frá fyrri umræðunni.

Í slíkum málum má eigi bera fram tillögu um það, að málinu skuli fresta til næsta landsþingis.

63. gr.

Nú hefir þingið tekið til meðferðar tillögu um áætlun fjár, sem landsþing hefir ráð yfir, eða tillögu um fjárbeiðnir, sem ríkið snerta og tekur tillöguna til umræðu áður ríkisnefnd hefir birt álit sitt um tekjur og gjöld landsins, og skal þá líta svo á, sem ályktun í því máli sé gerð til bráðabirgða, og fullnaðar ályktun gerð um það þá er þingið hefir til meðferðar álit ríkisnefndar, það er nú var nefnt, nema þingið ákveði annað eftir atvikum.

64. gr.

Ekki má ganga til atkvæða í neinu máli, því er rætt hefir verið, áður þingið hefir lýst yfir því, eftir tillögu forseta, að umræðu sé lokið.

65. gr.

Þá er mál er fyrir þinginu til úrslita, skal forseti orða svo tillöguna undir atkvæðagreiðslu, eftir því sem umræðum um málið var farið, að ályktun þingsins komi í ljós við það, að þingmenn segi j á eða n e i. Þá er svarið er gefið, skýrir forseti frá því, hver niðurstaðan varð að áliti hans, og skal þetta vera ályktun landsþingis, nema krafist sé að atkvæðagreiðsla fari fram leynilega á miðum. Nú er krafist slíkrar atkvæðagreiðslu eða hennar verður þörf eftir atvikum þar sem vera skal ákveðinn meiri hluti atkvæða, eftir því sem fyrir kann að vera mælt í lögum þessum, og skal þá leynileg atkvæðagreiðsla fara fram.

Ef fleiri tillögur eru bornar upp til atkvæða en ein, skal setja eina tillöguna sem andstæðistillögu annarar, þar til atkvæði er greitt á þann veg um þær allar, og skal þingið hafa fallist á orðalag og röðun á slíkum tillögum áður þær sé bornar upp til atkvæða. Gera má athugasemdir um orðalag og niðurskipun á tillögunum, en ekki má þá ræða málið sjálft.

66. gr.

Þá er atkvæðagreiðsla fer fram á miðum, skal og tillagan vera skrifuð og þingið hafa fallist á orðalag hennar og skal þá þegar ganga til atkvæða.

Ekki má hafa atkvæðagreiðslu um það, hvort fara skuli fram atkvæðagreiðsla.

67. gr.

Leynileg atkvæðagreiðsla fer fram á miðum, og skal vera prentað á miðana j á og n e i, og þeir að öllu eins.

Þá er atkvæðagreiðsla fer fram um tillögu, sem samþykkja má með eins atkvæðis mun, skal formaður leggja afsíðis einn miðann áður þeir sé lesnir upp. Ef þá verða jöfn atkvæðin, er þau eru lögð saman, skal opna afsíðis miðann og ræður hann þá úrslitum.

68. gr.

Nú greiddi maður ekki atkvæði um ályktun og er honum heimilt að gera grein í gjörðabókinni fyrir ágreiningsatkvæði sínu; þó mega ekki verða umræður um þá greinargerð.

69. gr.

Ekki má forseti færast undan að láta taka málefni til umræðu né heldur að bera upp tillögur, nema hann telji þær fara í bág við stjórnarlög eða önnur lög eða ályktanir, sem þingið hefi gert áður, og skal forseti gera grein fyrir undanfærslu sinni.

Nú vill þingið ekki hlíta úrskurði forseta og skal þá bera málið fyrir stjórnarskrárnefnd og hún tafarlaust láta uppi rökstutt og ákveðið álit sitt um það, hvort það sé gagnstætt stjórnarskrá eða nokkurum áður gerðum ályktunum þingsins, að taka málið til meðferðar eða bera það upp; og skal þá hlíta þeirri yfirlýsingu nefndarinnar.

70. gr.

Ekki má umsjónarnefnd gera breytingu á ályktunum; þó má gera við þær viðauka, ef þeir brjála ekki ályktunina.

Ummæli þingmanns og umræður, sem af þeim spunnust, má umsjónarnefnd draga út úr gerðabók með samþykki ræðumanns og þingsins, ef ályktunin styðst ekki berlega við þau ummæli.

71. gr.

Nú var þingmaður ekki viðstaddur þá er ályktun var gerð í máli og á hann þá heimilt að skýra frá því í gerðabók, að hann átti ekki þátt í ályktuninni, en enga athugasemd má hann gera við hana.

72. gr.

Þingið setur sér sjálft reglur þær, er þörf þykir á til framkvæmdar athöfnum sínum, svo og fundarsköp fyrir þing og nefndir. Ekkert má í þeim ákveðum andstætt vera stjórnarlögum né öðrum lögum.

Frumvörp keisarastórfurstans skulu jafnan ganga fyrir öðru til umræðu á þingfundum og nefndarfundum.

73. gr.

Frumvarp til þingskapa, slíkra sem mælt er fyrir um í 72. gr., skal forsetaráðið semja; það og gera tillögur til þingsins um verkaskipun þings og nefnda.

Í forsetaráði sitja forseti þingsins og varaforsetar, svo og formenn nefnda.

Sjötti kapítuli.

Ákvæði um Finnlandsbanka.

74. gr.

Landsþing skipar bankafulltrúa til að hafa umsjón með innstæðum þeim, sem eru í Finnlandsbanka í vernd og ábyrgð landsþingis og setur hann þeim erindisbréf. Sex skulu vera bankafulltrúar, og er þó rétt, að þrír fulltrúar fáist við málefni bankans, ef reglugerð tekur ekki annað til.

Bankafulltrúa skal velja á reglulegu landsþingi og taka þeir við störfum þegar sem þeir eru kjörnir. Tveir fulltrúar ganga úr ár hvert. Nú gengur fulltrúi úr áður árið sé fullt og skal þá kjósa nýjan fulltrúa fyrir þann tíma, sem sá átti eftir, er úr fór.

Bankafulltrúa velur bankanefnd og kjörmenn þingsins, þannig, að í stað þeirra, sem úr fara eftir því sem að þeim kemur, skal velja með leynikosningu jafnmarga fulltrúa hinum úrförnu, annan er eigi hlut að öllum þeim málefnum, sem undir fulltrúa ber, og hinn með sérstakri kosningu til að eiga hlut að þeim málum, sem bankafulltrúarnir geta að eins allir sameiginlega ráðið til lykta. Nú hlýtur enginn meiri hluta greiddra atkvæða við kosninguna og skal þá kjósa af nýju um þá menn tvo, er flest atkvæði hlutu.

Með sama hætti skulu og bankanefnd og kjörmenn þingsins velja ár hvert á reglulegu þingi fjóra endurskoðunarmenn, þá er framkvæma skulu endurskoðun á þess árs reikningum þeirra fjárinnstæðna, sem nú voru nefndar, og skylt er að endurskoða við lok reikningsársins; kjósa skal og varamenn fyrir bankafulltrúa og endurskoðendur, svo marga sem þarf.

Sjöundi kapítuli.

Um afgreiðslu ályktana og álita landsþings.

75. gr.

Nú samþykkir landsþing frumvarp til laga upp úr frumvörpum keisarastórfurstans til nýmæla, breytinga, skýringa eða afnáms stjórnarlaga, eða upp úr frumvörpum eða tillögum, sem lög þau snerta önnur, er háð eru beggja samþykki, keisarastórfursta og landsþingis, og skal þá afgreiða lagafrumvarpið til keisarastórfurstans með bréfi frá þinginu, en hann tekur ákvæði um staðfestingu og birtingu laganna. Ef keisarastórfurstinn staðfestir lagafrumvarpið ekki óbreytt og frumvarpið fellur því niður af þeim sökum, þá skal skýra frá því þingi því, sem næst kemur saman eftir það er keisarastórfurstinn skipaði fyrir um málið.

Skýra skal og keisarastórfursta með bréfi landsþingis frá ályktunum þeim og umsögnum þingsins, sem eru andsvör frumvarpa hans eða þess, sem hann leitaði álits þingsins um; svo skal og skýra honum frá þeim tillögum öðrum, sem landsþing kann að hafa samþykt og bréf fylgja frá þinginu.

76. gr.

Sérstök afgreiðslunefnd skrifar og afgreiðir bréf þau og ályktanir, sem þingið lætur frá sér fara.

Ekkert má afgreiða frá þinginu, nema þing eða afgreiðslunefnd hafi áður lagt á það samþykki sitt.

Í afgreiðslunefndum og umsjónarnefndum skulu vera níu menn í hverri og varamenn svo margir sem þarf.

77. gr.

Undir ályktanir landsþingis og bænarskrár skulu allir þingmenn skrifa nöfn sín, en undir annað skrifar forseti einn og varaforsetar.

Attundi kapítuli.

Sérstök ákvæði.

78. gr.

Prenta skal frumvörp keisarastórfursta, nefndarálit öll, bréf landsþings til keisarastórfurstans, gjörðabók þingsins og svo ályktanir þess.

79. gr.

Landsþingiskostnað allan skal greiða af ríkisfé.

Niðurlags-ákvæði.

80. gr.

Með landsþingis skipan þessari er úr lögum numin landsþingis skipun fyrir stórfurstadæmið Finnland, dagsett 15. apríl 1869; svo og opin bréf, dagsett 20. marz 1879, 25. júní 1886 og 14. desember 1897, og skal landsþingis skipan þessi standa í öllum sínum greinum sem óhagganleg grundvallarlög, alt til þess er þeim verður breytt eða þau verða afnumin með sameiginlegri ályktun ríkisstjórnanda Finnlands og landsþingis þess.

Haldast skulu þau lög sem nú eru um stéttaþing landsins og skulu þau lög, að því leyti sem þessi landsþingislög gera ekki aðra skipan á, sveigð til eftir því, sem landsþing er sett saman nú eftir þessum lögum.

Til enn fyllri tryggingar höfum vér ritað nafn vort undir þetta með eigin hendi.

NIKOLAI.

Í Peterhof, 7. (20.) júlí 1906.

A. Langhoff.

Nd. 215. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Flutningsm.: Jón Ólafsson, Björn Þorláksson, Ólafur Briem.

Aftan við 1. gr. bætist (jafnframt og punktur breytist í kommu): »nema hann hafi rétt til hærri eftirlauna samkvæmt öðrum lögum«.

Nd. 216. Nefndarálit

um frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenzkum þilskipum.

Nefnd sú, er háttv. neðri deild kaus til að íhuga lífsábyrgðarfrumvarpið, hefir rætt það á fundum sínum og orðið sammála um, að ráða deildinni eindregið til að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum.

Breytingarnar eru aðallega orðabreytingar.

Breytingatillögurnar eru þessar:

1. Við 5. gr. 1. lið: á eftir orðinu »deyr« komi: af slysförum á skipi eða af veikindum er hann hefir fengið um borð.
2. Við sömu gr. í staðinn fyrir: »systkyna« komi systkina.
3. Við 7. gr. í staðinn fyrir »12000« komi: 15000.
4. 8. gr. orðist þannig:

   Landsstjórnin ákveður nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. gr.
5. Við 9. gr. í staðinn fyrir »Seð« komi: Með.

Neðri deild alþingis 13. marz 1909.

Jón Þorkelsson, formaður. Magnús Blöndahl, skrifari og framsögum. Stefán Stefánsson Eyf.

Pétur Jónsson. Bjarni Jónsson frá Vogi.

Ed.

217. Frumvarp

til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykt við eina umræðu í neðri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir það eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Ósk brúðhjónaefna um, hvar og hvenær hjónavígsla skuli fram fara, skal valdsmaður taka til greina að svo miklu leyti, sem hentugleikar hans leyfa.

Ed.

218. Frumvarp

til laga um viðauka við lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við nefnd lög.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

Lög 14. desbr. 1877 nr. 28 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, lög 10. nóvbr. 1905 nr. 53 um viðauka við hin sömu lög, og samþyktir samkvæmt lögum þessum, skulu einnig ná til þiljaðra mótorbáta, sem ganga í Vestmannaeyjum og eru ekki stærri en nemi 15 smálestum.

Ed.

219. Frumvarp

til laga um breyting á 2. gr. laga 13. apríl 1894 um fuglaveiðasamþykt í Vestmannaeyjum.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

Í stað fyrra liðs 2. greinar í lögum 13. apríl 1894 nr. 13 um fuglaveiðasamþykt í Vestmannaeyjum komi nýr liður þannig:

Þegar sýslunefndinni virðist nauðsyn til bera að gjöra fuglaveiðasamþykt fyrir sýsluna, skal hún kveðja til almenns fundar, sem auglýstur sé með nægum fyrirvara. Atkvæðisrétt á fundinum eiga allir þeir sýslubúar, er jörð eða jarðarhluta hafa þar til ábúðarafnota.

Ed.

220. Frumvarp

til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 3. gr. laga (nr. 86) 22. nóv. 1907, og 5. gr. laga (nr. 75) 22. nóv. s. á., að því er kemur til kosningarréttar, kjörgengis o. fl. í bæjarmálum í Reykjavík og í Hafnarfirði, skulu og gilda í öðrum kaupstöðum landsins, sem og í hreppsfélögunum hér á landi.

2. gr.

Vinnuhjú hafa og kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga, svo sem segir í 1. gr., ef þau fullnægja skilyrðum þeim, sem þar eru sett, að því er snertir karla og konur, sem eigi eru öðrum háð sem hjú.

Ed.

221. Beytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á ákvæðum laga 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Frá Kristni Daníelssyni.

Síðari málsgrein frumvarpsgreinarinnar falli burt.

Ed.

222. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbankans til að gefa út þriðja flokk (seriu) bankavaxtabréfa.

Vér undirritaðir, sem kosnir höfum verið í nefnd til þess að íhuga ofangreint frumvarp, höfum athugað það og séð að það er samhljóða lögunum um annan flokk

bankavaxtabréfanna með þeim breytingum, sem af því leiða að hér er um þriðja flokk nefndra bréfa að ræða, og finnum vér ekki ástæðu til að stinga upp á neinum breytingum við það.

Vér leyfum oss því hér með að leggja það til að hin háttvirta efri deild samþykki umrætt frumvarp óbreytt.

Alþingi 13. marz 1909.

Gunnar Olafsson,	Eiríkur Briem,	Ari Jónsson.
formaður.	skrifari og framsögum.	

Ed.

223. Nefndarálit

í málinu: Tillaga til þingályktunar um stofnun gagnfræðaskóla á Ísafirði.

Vér, sem hin háttvirta efri deild kaus í nefnd til að íhuga mál þetta, höfum rætt það og athugað á nokkrum fundum og er álit vort á þessa leið.

Nefndin er öll á einu máli um það, að sem fullkomnust gagnfræðakensla sé einn meginþátturinn í alþýðumentun vorri, og þess vegna sé því fé vel varið, sem varið er til að verða við réttmætum óskum og þörfum þjóðarinnar í því efni. En sé á hinn bóginn litið á það, hvað gert hefir verið hin síðustu ár af hálfu þingsins til að efla gagnfræðakenslu í landinu, þá getum vér meðnefndarmenn h. flutningsmanns þessarar tillögu ekki verið honum alls kostar samdóma um, að brýna þörf beri til þess að stofna bráðlega gagnfræðaskóla á Ísafirði. Færum vér það til þess, að tveir gagnfræðaskólar eru fyrir, sem landssjóður kostar, auk skólans í Flensborg. Með þessum stofnunum vel úr garði gerðum, teljum vér þörf þjóðarinnar borgið að minsta kosti í bráðina.

Þótt flutningsmaður tillögunnar játi, að þetta hafi við nokkur rök að styðjast, getur hann ekki talið það ótímabæra eða óréttláta kröfu, sem þingsályktunin fer fram á, einkum þegar litið er á, hve Vestfirðingar eru afskiftir öðrum landsmönnum í öllum mentamálum. Á Vesturlandi er ekki ein einasta mentastofnun, og þar af leiðir, að Vesturland fer alveg á mis við þau mentunaráhrif, sem slíkar stofnanir hafa jafnan mest á þá, sem umhverfis þær búa.

En þrátt fyrir þennan meiningamun, vill flutningsmaður ekki rjúfa nefndina, það því síður, sem það er samhuga álit allrar nefndarinnar, að nokkuð megi þó bæta úr þeirri ósk, er kemur fram í tillögunni á annan hátt, að minsta kosti í bráðina.

Á síðustu árum hafa komið fram óskir frá landsmönnum, að landssjóður styrki að einhverju leyti unglingafræðslu eða unglingaskóla í landinu. Þessir skólar standa eins og mitt á milli barnaskólanna og gagnfræðaskólanna, hlutverk þeirra ætti að vera, að taka við þar sem barnaskólarnir eða fræðsla ungmenna fram að fermingaraldri hættir.

Þótt vænta megi, að fræðsla sú, er barnaskólarnir veita, verði fullkomnari hér eftir en hingað til, ef góðs árangurs má vænta af hinum nýju fræðslulögum, þá mun þó naumast mega við því búast, að sú fræðsla geri börn alment

fær um að ganga í gagnfræðaskólann án frekari undirbúnings, allra sízt þá nema í neðstu bekkina.

Meginþorri þeirra manna, sem hingað til hafa gengið í norðlenzka gagnfræðaskólann og Flensborgarskólann, hafa verið blátátækir menn, sem ekki hafa við annað haft að styðjast til námsins en handafla sinn, og má ætla að svo verði framvegis. Fyrir þennan fjölmenna flokk æskulýðsins íslenzka er það mjög mikils vert, að hann eigi sem auðveldastan kost á því, að geta stytt sér námið á gagnfræðaskólunum með því að verða svo undirbúinn, að hann geti sezt í annan bekk þeirra. Hér koma unglingaskólarnir í góðar þarfir, og það ekki einungis sem undirbúningur undir efri bekki gagnfræðaskólanna, heldur og sem nokkurs konar undirbúningur undir lífið.

Á 15 til 18 ára aldrinum eru æskumenn vorir alment orðnir svo þroskaðir að skilningi og vitsmunum, að þeir, að öðru jöfnu, hafa yfirleitt meira gagn af eins árs námi en af tveimur og enda fleiri námsárum á 10 til 14 ára aldrinum. Er þetta eitt ærið meðmæli með því, að gera unglingum á þessu reki sem auðveldast að afla sér frekari mentunar en barnafræðslan fær veitt.

Í sambandi við þetta vill nefndin benda á það, að fjölgi þessum svo nefndu unglingaskólum, sem styrktir eru með landsfé, þá beri nauðsyn til að þeir séu háðir eftirliti fræðslumálastjórnarinnar og kenslunni að svo miklu leyti sem unt er hagað svo, að hún geti gert nemendurna færa um að ganga í annan bekk gagnfræðaskólanna án mikillar aukafræðslu. Nefndin telur því rétt, að samin sé reglugjörð fyrir þessa skóla, er gangi í þessa átt. Með þessu móti yrðu unglingaskólarnir að miklu leyti sambandsliður milli barnaskólanna og gagnfræðaskólanna. En nefndin tekur það jafnframt fram, að hún ætlast ekki til, að slikir unglingaskólar séu lögskipaðir, heldur að eins, að styrkur úr landssjóði til unglingaskóla þeirra, sem stofnaðir eru af frjálsum hvötum, sé bundin ákveðnum frekari skilyrðum, án þess þó að hefta góðan vilja landsmanna í þessu efni um skör fram. Hér er að eins um það að ræða, að þingið mæti réttmætum óskum þjóðarinnar með hollum ráðum og fjárstyrk, eftir því sem ástæður leyfa.

Nefndinni blandast ekki hugur um þörfina á þessum unglingaskólum og nytsemi þeirra, einkum í þéttbýlum og fjölmennum sjávarsveitum, og eins sjálfsagt eins og það er, að landssjóður styrki þá, eins sjálfsagt telur nefndin, að héruðin leggi sinn skerf að mörkum við þessa skóla.

Á Ísafirði hefir unglingaskóli eður framhaldsskóli af barnaskólanum fyrir sveina og meyjar úr kaupstaðnum og sýslunni verið haldinn undanfarna þrjá vetur á kostnað kaupstaðarins, og hefir, að því er flutningsmanni tillögunnar er kunnugt, borið góðan árangur. Nefndin virðir þessa viðleitni Ísafjarðarkaupstaðar mjög mikils og vill hlynna að henni.

Ísafjarðarkaupstaður hefir nýlega kostað afarmiklu fé til stækkunar barnaskóla síns, sem gerð var með sérstaku tilliti til þessarar framhaldskenslu, og nú þarf hann aftur að stækka skólann um meira en helming til þess að geta fullnægt skyldum þeim, er fræðslulögin leggja honum á herðar. Þessi stækkun skólans kostar samkvæmt áætlun húsameistara Rögnvalds Ólafssonar alt að 50,000 krónum eða jafnvel meira, sé framhaldsskólanum ætlað rúm í húsinu. Auðvitað er þessi áætlun miðuð við nýtízku skólabygging með íbúð fyrir kennara ásamt öllum útbúnaði, baðherbergi, leikfimishúsi, slöidkenslustofu o. s. frv.

Nefndin leggur því til, að þingið veiti að þessu sinni 2000—2500 kr. hvort árið á næsta fjárhagstímabili til unglingakenslu eða framhaldsskóla á Ísafirði, og er sú upphæð lítið meiri en til að launa kenslustarfið, verði þessi skóli sóttur framvegis eins og hingað til.

Háttvirt deild vísaði til nefndarinnar í þessu máli Frumvarpi til laga um breyting á lögum um gagnfræðaskólann á Akureyri 10. nóvbr. 1903.

Frumvarp þetta fer fram á, að bæta einum kennara við skóla þennan og hækka laun hinna undirkennaranna. Flutningsmaður frumvarpsins lýsti því við 1. umræðu þessa máls, hve brýn nauðsyn væri á þessarri breytingu, og er nefndin honum samdóma um það; telur hún það sjálfsagða skyldu þingsins, að birgja þessa sem aðrar kenslustofnanir landsins svo að kenslukröftum, að þær geti sómasamlega int af hendi hlutverk sitt. Eftir því sem aðsóknin er nú að skólanum, þar sem skifta verður bekkjum í deildir, þá veitir raunar ekki af tveim föstum kennurum í viðbót, en nokkuð bætti það úr, að einum kennara væri bætt við, og telur nefndin það alveg óhjákvæmilegt, með því allsendis er óvíst, að tímakensla fáist framvegis svo við megi hlíta. Auk þess er það um tímakenslu na að segja, að hún getur aldrei orðið skólanum jafn holl til frambúðar og föst kensla, þar sem nota verður þá kenslukrafta, sem fáanlegir eru í þann og þann svipinn, án þess að nokkur trygging sé fyrir því, að þeir séu svo góðir sem vera skyldi og sannarlegt gagn skólans útheimtir. Í vetur eru yfir 90 nemendur í skólanum. Fyrsta bekk varð að skifta í tvær deildir, svo kenslan fer fram í 4 deildum, og búast má við að svo verði framvegis, jafnvel líklegt, að deildirnar verði fleiri, ef sama aðsókn helzt eða heldur eykst. Nú eru því 144 kenslustundir á viku. Af þeim má ekki ætla föstu kennurunum þremur fleiri en tæpar 70, svo rúmur helmingur af allri kenslunni verður að vera tímakensla; nær slíkt engri átt og má ekki lengur við svo búið standa. Nefndin leggur því til, að bætt sé við einum kennara og laun hans ákveðin 2000 kr. En þrátt fyrir þessa viðbót, kemst skólinn ekki af án tímakenslu með sömu aðsókn, en vitaskuld verður hún minni, svo að hér er ekki um alla þessa upphæð að ræða sem útgjaldaauka fyrir landssjóð.

Hitt atriðið, launahækkun hinna föstu kennara, telur nefndin að vísu á fullum rökum bygt, þegar á það er litið, hve miklu dýrara lífsframfæri kennaranna er á Akureyri en á Möðruvöllum, þar sem skólinn var áður og kennararnir höfðu hærri laun. En þegar litið er á fjárhag landsins og svo hitt, að bráðlega mun reka að því, að hækka verði alment laun kennaranna við aðra skóla landsins, þá telur meiri hluti nefndarinnar varhugavert, að hækka nú laun þessarra kennara einna, og vill fresta því í þetta sinn.

Nýmæli frumvarpsins í 2. gr., 5 króna gjaldið, fellst nefndin á, en vill hækka það í 6 krónur; verður gjaldið hið sama og nú fyrir heimavistina, en heimavistarsveinar gjalda þá 1 krónu í skólasjóð eins og aðrir nemendur skólans, er ekki njóta heimavistarhlunnindanna.

Nefndin telur rétt, að taka upp öll lögin frá 10. nóvember með þessum breytingum, og mun flutningsmaður frumvarpsins því taka frumvarp sitt aftur. Sama er að segja um þingsályktunartillöguna, að flutningsmaður mun taka hana

aftur. — En hins vegar mun nefndin flytja þá tillögu, er fjárlögin koma til deildarinnar, að til unglingaskóla á Ísafirði séu veittar 2500 krónur.

Alþingi, 15. marz 1909.

Stefán Stefánsson, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.	Jósef Björnsson.

Ed.

224. Tillaga

til þingsályktunar um reglugjörðir fyrir unglingaskóla.

Frá nefndinni í gagnfræðaskólamálinu.

Efri deild alþingis ályktar, að skora á stjórnina að semja reglugjörðir fyrir unglingaskóla og setja ákveðin skilyrði fyrir styrkveitingu til þeirra úr landsjóði.

Nd.

225. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903 (þskj. 95).

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 1. gr.: Fyrir orð.n: »Í eftirlaun hefir hann 1000 kr. á ári« komi: Í eftirlaun hefir hann 2,000 kr. á ári í jafnmörg ár sem hann hefir þjónað því embætti, en eigi lengur.

Ed.

226. Frumvarp

til laga um gagnfræðaskólann á Akureyri.

Frá nefndinni í gagnfræðaskólamálinu.

1. gr.

Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrétti og landsstjórn, reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfræðinnar og heilsufræðinnar; ennfremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, handavinna og leikfimi.

2. gr.

Kennarar skólans eru 4 og einn er þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og öllum eignum,

Hann hefir að árslaunum 3000 krónur og auk þess leigulausan bústað, ljós og hita, í skólahúsinu. Fyrsti og annar kennari 2000 kr. og þriðji kennari 1600 kr. að árslaunum.

3. gr.

Í skólanum eru alt að 50 heimavistir. Skulu nemendur, er heimavist hafa, greiða 6 kr. en allir aðrir nemendur 1 kr. árlega í skólasjóð í byrjun hvers skólaárs. Skólasjóð skal varið skólanum til stuðnings og eflingar samkvæmt skipulagsskrá, er stjórnarráðið semur eftir tillögum skólastjóra.

4. gr.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann. Laun og annar kostnuður til skólans greiðist úr landssjóði.

5. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 38, 10. nóv. 1903 um gagnfræðaskóla á Akureyri úr gildi numin.

Nd.

227. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum 10. nóv. 1905 um þingsköp handa alþingi.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við undirskrifaðir leyfum okkur að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frv. þetta með þeim einum breytingum er standa á þingskjali 228.

Alþingi 15. marz 1909.

Björn Jónsson form.	Bjarni Jónsson frá Vogi skrifari og framsm.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Það stendur svo einkennilega á fyrir minnihlutanum í þessari nefnd, að meirihlutinn hefir ekki einu sinni gefið mér kost á að ræða málið við sig á nefndarfundi, og hefir formaður látið mig á sér skilja, að það væri með öllu óþarft.

Meirihlutinn, sem eru sjálfir flutningsmenn þessa frumvarps, hafa ritað nokkrar línur um málið, sem þeir kalla nefndarálit, og ráða þeir þar þingdeildinni auðvitað til þess að fallast á þetta frumvarp sjálfra þeirra; en ekki er þar með einu orði færð nokkur ástæða fyrir frumvarpinu. Svo að ef meirihlutamenn í nefndinni fá vilja sínum framgengt, að umræðurnar um málið verða eigi birtar á prenti, þá er öllum landsmönnum fyrirmunað að sjá, á hverjum rökum þetta óheyrilega tiltæki, sem frumvarpið fer fram á, er bygt.

Því fremur finst mér það skylda mín að rita þetta álitsskjal mitt um málið nokkuð ítarlegra, en eg hefði ella gert eða annars hefði borið nauðsyn til. Því að mér

finst það óheyrilegt, að þjóðin fái eigi að sjá málsástæður í máli, sem að minu áliti varðar hana svo miklu sem þetta mál. En í mínum augum er mál þetta ekkert smámál, heldur eitt af merkustu málunum, sem fyrir þetta þing hafa komið, að fráskildu sambandslagamálinu og stjórnarskrármálinu. Mér virðist svo sem frumvarp þetta fari fram á að losa jarðveginn undan einum hyrningarsteininum undir öllu sönnu þjóðfrelsi.

Í umræðum, þeim sem orðið hafa í þingdeildinni um þetta mál, hefir því miður á báðar hliðar verið blandað inn umræðum um atvinnu og persónulegar hvatir. Þessar umræður virðist mér að helzt hefðu aldrei átt fram að koma. Allar spurningar um atvinnu og persónulegar hvatir liggja svo lágt, að þær ættu engin áhrif að hafa á slíkt mál sem þetta.

Hvað er það sem frumvarp þetta (þingskjal 110) fer fram á? Það fer fram á það, að nema úr gildi 49. grein í lögum 10. nóv. 1905 um þingsköp handa alþingi; en í þessari grein er svo fyrir mælt, að umræður alþingismanna um málin á þingi skuli prenta í Alþingistíðindunum. Verði þetta frumvarp meirihlutans að lögum, verður það eftirleiðis alveg á valdi forsetanna á hverju þingi, hvort umræðurnar verði prentaðar eða ekki.

Í nefndaráliti meirihlutans er nú komin fram ný breytingartillaga, við 10. gr. þingskapanna, sem að vísu mundi gefa alþingi atkvæði um það í hvert sinn, hvort ræðurnar verði prentaðar í þingtíðindunum eða ekki. En þrátt fyrir þetta verður það þó á valdi meirihlutans á sérhverju þingi að stinga öllum umræðum undir stól, með því að láta vera að skrifa þær eða prenta, ef meirihlutanum svo sýnist, en það mundi oft merkja sama sem: ef stjórn, þeirri sem við völd er, þykir svo hlýða. Því að enginn efi getur á því leikið, að ófyrirleitinni stjórn g e t i tekist að hafa svo harðan flokksaga á flokksmönnum sínum, bæði hásigldum og »lítitsigldum«, að hún geti haft þetta fram, ef hún leggur mikið ofurkapp á það.

Og það hefir ekki farið neitt dult í umræðunum um þetta mál af hendi flutningsmanna, að sá væri tilgangurinn, ef frumvarp þetta næði fram að ganga, að nota það nú þegar til þess að hætta við prentun á þingræðunum. Hitt hefir verið gefið í skyn, að takandi kynni að vera í mál að prenta eitthvert hrafl af umræðum um eitt eða tvö stórmál á þessu þingi. En fyrir því er engin trygging, að einu sinni þetta verði gert. Og þ ó a ð það yrði gert, þá er það alls ófullnægjandi. Bæði hafa umræðurnar í þessu máli sýnt það, að menn getur greint mjög svo á um það, hvað sé stórmál og hvað sé smámál; og oft getur svo farið, að mál, sem í öndverðu virtist vera smámál, reynist síðar, er stundir líða, merkilegt og mikilvægt stórmál, þó að hávaði þingmanna sæi það ekki fyrir í fyrstu. Til þessa mætti finna dæmi bæði úr þingsögu vorri og annara þjóða. Og enn er þess að gæta, að hvernig sem þessu yrði beitt á þessu þingi, þá er engin minsta trygging fyrir því, hvernig hver meiri hluti á hverju ókomnu þingi kann að beita því valdi, sem frumvarp þetta fær honum í hendur.

Þegar alþingi var endurreist 1843, þótt að eins væri það ráðgjafaþing, þá kvað stjórnin svo á, að þing skyldi heyja fyrir luktum dyrum. Þjóðin átti eigi að eiga neinn kost á að vita neitt um tillögur fulltrúa sinna eða ástæðurnar fyrir þeim. Þetta vakti í þá tíð þá gremjuöldu yfir land, að inn flóðu áskoranir og bænarskrár úr öllum áttum lands um það, að þingið yrði háð í heyranda hljóði. Þeir menn, er þá greindi mest á um alþjóðleg mál þessa lands, Fjölnismenn og Félagsritamenn (Jón Sigurðsson), voru þar á eitt mál sáttir, að þetta væri in mesta óhæfa, þótt að eins ætti í hlut ráðgjafarþing þjóðarinnar, en eigi löggjafarþing svo sem nú er.

Þó má það með sanni segja, að það, hvort örfáir menn hér í Reykjavík fái að hlusta á ræður þingmanna, er, eins og allir sjá, harla lítilsvert og ómerkilegt mál, í samanburði við hitt, hvort þjóðin, alþjóð Íslendinga, megi fá að hlusta á ræðurnar eða ekki; en til þess fær þjóðin í heild sinni að eins færi með því að lesa ræður þingmanna í þingtíðindunum.

Vér vitum það, að þegar áheyrendum er troðið á áheyrendapall neðri deildar eins þétt og síld í tunnu, þá eru það 70 til 80 manns, sem þar rúmast, og þar sem þeir einir ná inngöngu, sem ötulastir eru að olnboga sig áfram við þinghúsdyrnar, þá er auðsætt, hverjir þeir munu verða, er helzt ná hér uppgöngu á áheyrendapallinn. Áheyrendapallur efri deildar rúmar ekki nema helming við áheyrendapall neðri deildar. Auk þess fá þingmenn 2 aðgöngumiða hver, sem þeir geta gefið mönnum, sem hleypt er inn í lestrarsalinn og eitt nefndarherbergið, svo að þeir geti hlýtt þar á gegnum opnar dyr. En þeir sem þessa njóta, eru eðlilega ekki nema næstu venzlamenn þingmanna. Og þingmenn þurfa ekki annað en renna augunum yfir þennan litla áheyrendahóp, hvort heldur er á pallinum eða í herbergjunum, til þess að sjá þegar í stað, að það er að jafnaði ekki nema einn fjórði hluti áheyrenda, sem eru kjósendur til alþingis; hitt er kvenfólk, en langflest börn og unglingar.

Hafi nú ekki að eins Jóni Sigurðssyni og öllum öðrum stjórnmálamönnum, er honum voru samtíða á Íslandi, heldur öllum almenningi, allri alþýðu þessa lands, þótt það óþolandi frelsisskerðing fyrir þjóðina og óþolandi prælamark á þinginu, að heyja það fyrir luktum dyrum, jafnvel þótt alþýða fengi þá kost á að lesa umræður þingmanna eftir á í þingtíðindunum, — hvað mundu þeir hinir sömu þá, og hvað munu allir frjálshugsandi menn nú, segja um það, að taka upp það þúsund sinnum verra launpukur, að leyna öllum umræðum þingsins með því að stinga þeim undir stól og prenta þær ekki? Mér er sem ég sjái Jón Sigurðsson snúa sér í gröf sinni.

Það hefir verið sagt af hendi flutningsmanna þessa frumvarps, að þjóðinni væri nægt, að sjá þingskjölin, frumvörpin, breytingartillögurnar og lögin frá þinginu og atkvæðagreiðsluna um þau. En hvað sér þjóðin í raun réttri af þessu? Lögin þarf hún ekki að sjá í Alþingistíðindunum, því að hún fær þau prentuð í Stjórnartíðindunum. Um atkvæðagreiðslu sér hún venjulega ekki annað en það, að svo og svo margir hafa verið á móti, og svo og svo margir með hverri tillögu. Það er langsjaldnast að nafnakall er við haft, svo að það sjáist, hverjir þeir þingmenn eru, sem atkvæði hafa greitt með og móti í hverju máli. Og jafnvel í þessum fáu tilfellum getur oft verið minstur, eða nær enginn, fróðleikur í að sjá, hverjir atkvæði greiddu á hvorn veg, þegar ekkert sést um það, hverjar ástæður menn höfðu til að greiða atkvæði eins og þeir gerðu. Þó að 10, 12 menn greiði atkvæði á sama veg í einhverju máli, þá getur hver haft sérstaka og hver öðrum ólíkar ástæður fyrir atkvæði sínu, sumar gildar, sumar miður gildar og sumar bersýnilega einskisverðar. Vilji meiri hluti beita ósvífnu gerræði og hlutdrægni, sem hann getur engar frambærilegar ástæður fyrir borið, þá er honum með þessu pukri haganlega tilbúið koldimt skúmaskot til að skríða inni í og dyljast þar fyrir kjósendum sínum og öllum landslýð.

Þegar kjósendur fá ekki að sjá ræður þingmanna, þá eiga þeir engan kost á að sjá, hversu þingmaður þeirra hefir reynst. Þeir verða þá að láta sér lynda sögusögn sjálfs hans um framkomu hans; þeir eru sviftir öllum skilríkjum til að prófa hve réttorður hann er, þegar hann ber vitni í sjálfs síns sök. Þeir eiga engan kost á að sjá, hvort hann hefir efnt þau heitorð, er hann hefir gefið þeim heima í héraði, eða hvort

hann hefir algerlega svikið allar efndir á þeim og ef til vill unnið í alveg gagnstæða átt við það sem hann hafði heitið. Það tjáir ekki að svara þessu því, að enginn þingmaður sé eftir stjórnarskránni bundinn við vilja kjósenda sinna eða neitt annað en sannfæringu sjálfs sín; því að kjósendur eiga þó fullan rétt á að sjá, hvort þingmaður þeirra hefir haft skoðanaskifti, og þá af hverjum ástæðum. Og þegar um það er að ræða, að þingmaður leitar kosningar á ný til alþingis, á hverju eiga kjósendur þá að byggja álit sitt á honum og atkvæði, ef þeim er synjað um alla vitneskju um framkomu hans á þingi? En þetta verður þeim þó að langmestu eða mest öllu leyti meinað, ef þeir eiga ekki kost á að sjá og lesa ræður hans og dæma þannig um framkomu hans og röksemdir fyrir henni.

Flutningsmenn frumvarps þessa hafa bygt mikið á því, að annar þeirra, þingmaður Barðstrendinga, ritstjóri Ísafoldar, hafði í vetur (í pukri?) sent út til nokkurra flokksbræðra sinna hér og hvar um landið fyrirspurn um, hvort þeim litist eigi það vera mikið fjársparnaðartiltæki, að hætta við að prenta ræðurnar í Alþingistíðindunum. Og þó að eg auðvitað geri ráð fyrir því að þessari (pukurprentuðu?) fyrirspurn hafi ekki fylgt neinar heimullegar bendingar um það, í hverja átt hann óskaði að svarið gengi, þá er fyrirspurnin sjálf svo einhliða fram sett og órökrædd frá inni almennari hlið, að engum, sem fyrirspurnina fekk, gat dulist, hvers svars spyrjandinn vænti og óskaði. Enginn sanngjarn maður getur lagt neitt upp úr slíkri einhliða pukurs málaleitun. Eg segi fyrir mig, og margir mér fremri menn geta án efa með enn meiri rökum sagt hið sama, að ég teldi það harla auðunnið verk að senda út fyrirspurnir um þetta sama efni og fá frá jafn mörgum eða fleirum jafnmerkum mönnum víðsvegar um land rökstudd svör alveg gagnstæð þeim er inn háttvirti ritstjóri Ísafoldar kveðst hafa fengið. Mér er það persónulega kunnugt, að það er alls ekki rétt hermt, sem sumir hafa sagt í svörum sínum til ritstjóra Ísafoldar, að Alþingistíðindin lægju víðast hvar ólesin og óuppskorin og væru sumstaðar seld eða notuð fyrir umbúða-pappír. Ég skal nú ekki fást um það, að þar sem þingtíðindin eru eign hreppanna, þá væri það hrein og bein óráðvendni eða þjófnaður, ef oddvitarnir seldu þau eða notuðu í umbúðapappír. En ég veit til þess, að Alþingistíðindin eru, þar sem ég þekki til, varðveitt, víða bundin inn og falin lestrarfélögum til varðveizlu. Allir vita það líka, hve einatt kom.a kvartanir úr hreppunum um það til útsendingamanna tíðindanna og einnig í blöðunum, þar á meðal í Ísafold, um það, ef seint þykir ganga útsendingu tíðindannna. Eg get um þetta borið, þar sem ég hafði útsendingu tíðindanna á hendi í 10 ár. Þessar umkvartanir bera þess allar vott, að þeir sem þær senda, og fleiri en þeir, þreyja útkomu tíðindanna, þreyja að fá að lesa þau, því að ekki geri ég ráð fyrir að það sé umbúðapappírsskortur í sveitunum, er slíkum kvörtunum hefir valdið, enda hefi ég aldrei séð þá ástæðu fyrir borna.

Hitt er satt, að það var meinleg ákvörðun, er þingið gerði fyrir fám árum að breyta svo til um niðurskipun á ræðupartinum, að eigi varð auðið að byrja prentun á honum fyrri en eftir þinglok. Meðan þing var háð að sumarlagi og eigi úti fyrri en í september, þá leiddi af þessu, að ræðuparturinn komst ekki út meðal almennings fyrri en næsta vor, nærri því ári eftir þing. En væri ræðurnar, eins og vera bæri, prentaðar undir eins, svo að eigi væri ætluð nema vika eða 10 dagar til ræðuleiðréttinga eftir að fundir væru fram lagðir á lestrasalnum, þá gætu ræðurnar farið að berast út um land, jafnvel meðan á þinginu stæði, og verið allar prentaðar og út sendar svo sem 14 til 20 dögum eftir þinglok. Með þessu móti yrðu ræðurnar landsmönnum að miklu meiri nýjung, og það mundi stórum auka lestur tíðindanna.

Ég skal fara svo varlega í áætlun, sem með nokkurri sanngirni verður gert, og ætlast á, að ekki lesi nema tveir, þrir menn í hverjum hreppi Alþingistíðindin, en þá verða þetta þó um 5 hundruð manna, víðsvegar um alt land. Og ég veit með vissu, að áætlun þessi er langt of lág. Alt um það, þessi 5 hundruð eru þó einmitt það súrdeig, sem sýrir út frá sér stjórnmálaþekkingu og þjóðmálaskoðanir landsmanna. Ræðurnar í Alþingistíðindunum eru því nær in eina fróðleiksuppspretta um almenn mál, sem almenningur á kost á. Er stjórnmálaþekkingin svo mikil, þjóðmálaþroskinn svo stór í þessu landi, að vert sé að byrgja ina einu uppspettulind hans?

Ég vil biðja sérhvern alþingismann, sem á þessu þingi situr og atkvæði á að greiða um þetta mál, að stinga hendinni í sinn eiginn barm og spyrja sjálfan sig, hvort hann hafi eigi margsinnis orðið að kynna sér umræðurnar í Alþingistíðindunum, til þess að fá fyllri þekkingu á sögu og gangi þeirra mála, sem hann hefir búist við að verða um að fjalla. Og eg þori að fullyrða það, að sá alþingismaður, sem samvizkulega getur svarað þessari spurningu neitandi, hann hefir i l l a búið sig undir það starf, sem hann hefir á hendur tekist.

Ein ástæðan, sem færð hefir verið fyrir frumvarpi þessu, er sú, að ræðurnar séu ekki hraðritaðar, þingmenn leiðrétti þær og breyti þeim, svo að þær séu alls ekki í trúu samræmi við það sem þeir hafa talað á þinginu. Alt þetta játa ég satt að vera. En þó að þingmeun lagfæri smáskekkjur hjá sér, einkanlega það er orðahnippingar spinnast út af, þá getur þó enginn neitað því með sanni, að ræðurnar sýna þó að mestu leyti, hvað þingmaðurinn h e f i r sagt, og í hinum, færri, tilfellunum, að minsta kosti hvað hann v i l d i sagt hafa. Þær standa því sem órækur vottur skoðana hans og röksemda í öllum verulegum atriðum. Þær eru svo nákvæmur spegill af framkomu hans, sem eftir atvikum er auðið að veita. Þá er þess síðast en ekki sízt að geta, að ræður Alþingistíðindanna geyma in dýrmætustu drög til stjórnmálasögu landsins og jafnframt til persónusögunnar, til einkenna og sögu allra þeirra merkismanna þjóðarinuar, sem sæti hafa átt á Alþingi. Eins og minst hefir verið á í umræðum þessa máls, þá mundi víða skarð fyrir skildi í sögu manna og málefna þjóðar vorrar, ef þessum brunni væri lokað. Til þessa hafa verið nefnd tvö dæmi: annað er in nýútkomna stórmerkilega bók: Æfisaga Péturs byskups Péturssonar, sem, eins og alt, sem höfundur þeirrar bókar ritar, er gullnáma að drögum til sögu landins Nálega á hverri síðu í þeirri bók sjáum vér þess merki, að höfundurinn hefir lesið umræðurnar á Alþingi um öll helztu mál landsins á þeirri tíð. Vér vitum allir, að í ráði, er að æfisaga Jóns Sigurðssonar komi út á hundrað ára afmæli hans. Getur nokkur skynbær maður hugsað sér, að sú bók gæti orðið rituð, svo að í nokkru lagi sé, án þess að höfundur hennar hefði lesið allar ræður Jóns Sigurðssonar í Alþingistíðindunum? Þegar einn nýr þingmaður gaf það í skyn í ræðu hér um daginn, að Jón Sigurðsson hefði oftast verið forseti á Alþingi og því sjaldan haldið ræður á þingi, þá ber þetta að eins vott um gersamlegan ókunnugleika þess mikilsvirta þingmanns á því sem hann talaði um. Í fyrsta lagi var Jón Sigurðsson eigi ávalt forseti á Alþingi um sína tíð; hann mátti líka lifa það einn kafla ævi sinnar að vera talinn stjórnartól og óvinur landsins; þá var honum ekki hleypt í forsetastólinn; þá var þvert á móti ort níð um hann og svo kveðið að orði:

»Hann elskaði á ð u r frónið fríða,
nú ber hann sinn kross og býr oss tjón.«

Í annan stað veik Jón Sigurðsson oft forsetasæti, til að taka þátt í umræðum mála. Í þriðja lagi hafði hann þann sið, sem ekki tíðkast á löggjafarþinginu, að hann tók þátt í

umræðum málanna og hélt langar og stórmerkar ræður frá forsetastólnum. Að þessu höfum vér inir eldri menn oft verið sjónarvottar og heyrnarvottar. Enda kvað svo mikið að ræðuhöldum hans úr forsetastólnum, að eina blaðið, sem þá kom hér út í Reykjavík, hafði orð á því.

Þá hefir það verið til týnt til stuðnings frumvarpi þessu, að til væru nokkur smáríki, þar sem umræður þingmanna væru eigi prentaðar í þingtíðindum, og því mætti vel una við ið sama hér hjá oss. En slíkur samanburður er svo fjarstæður sem verða má. Í þeim smáríkjum, þar sem þetta á sér stað, þar eru þó til mörg og stór d a g blöð, ekki smáblöð, sem koma út einu sinni og tvisvar í viku eins og hjá oss, heldur blöð, sem koma út að minsta kosti einu sinni á hverjum degi, sexfalt, tífalt, fimtánfalt og þaðan af stærri á hverjum degi, heldur en stærstu blöðin hér. Þessi blöð hafa hraðritara á þingunum og prenta orðréttar allar helztu ræðurnar, eða þær sem nokkurt mark er að, svo að landsmenn geta lesið þær samdægurs. Það er jafnvel altítt, þegar löng og merk ræða er haldin í stórmáli, að upphaf ræðunnar er komið út, og það jafnvel í fjarlægum bæjum, áður en þingmaðurinn er seztur niður og hefir lokið máli sínu.

Eins og til hagar hér á landi, þarf ekki að ganga gruflandi að því, að gangi frumvarp þetta fram, þá er miklu verra verk unnið og skaðvænlegra þjóðinni, heldur en þótt ákveðið væri að heyja Alþingi jafnan fyrir luktum dyrum. Þar sem hér eru engin blöð til, sem með bezta vilja g æ t u flutt einn tíunda hluta úr tuttugustu hverri ræðu, sem hér er haldin, þá hefði þjóðin enga vitneskju um, hvað fram fer á þingi, nema *meira og minna hlutdrægar og ósannar frásögur einhliða flokksblaða um örfá mál.* Og svo framarlega sem ósannindi eru verri en engin vitneskja, þá yrði þjóðin verr farin en algerlega vitneskjulaus um alla framkomu alþingismanna.

Þá yrði Alþingi Íslendinga l j ó s f æ l i ð p u k u r s þ i n g, s e m e n g a n æ t t i s i n n l í k a m e ð a l þ i n g f r j á l s r a þ j ó ð a h e i m s i n s.

Því er það tillaga mín til innar virðulegu þingdeildar, að hún felli frumvarp þetta.

Alþingi, 11. Marz 1909.

Jón Ólafsson,
2. þm. S.-Múlasýslu.

Nd. **228. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 22. nóv. 1905 um þingsköp handa alþingi.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. gr.

Síðasta málsgrein 10. gr. orðist sem hér segir:

Sömuleiðis ráðstafa þeir nauðsynlegri prentun fyrir þingið eftir fyrirmælum þess, ráða útsölumann þess prentaðs máls, sem selja skal og annast geymslu á því og um skjalasafn alþingis og bókasafn, hafa umsjón með alþingishúsinu, munum þess og þinghúsgarðinum jafnt milli þinga, sem um sjálfan þingtímann, og sjá um, að alt sé í lagi í þinghúsinu, þegar þing kemur saman (við þingsetning).

2. gr.

49. gr. laganna er numin úr gildi.

Ed.

229. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Hjallanesi í Staðarfellslandi við Hvammsfjörð.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Í Hjallanesi í Staðarfellslandi í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed.

230. Frumvarp

til laga um að löggilda verzlunarstað að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Að Klettsvík í Neshreppi innan Ennis skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed.

231. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Á aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. laga um kosningar til alþingis 3. okt. 1903, skulu þeir settir, sem ekki hafa kosningarrétt, þá er kjörskrá gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir að fullnægja muni þeim skilyrðum, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir.

2. gr.

Frestur sá, sem í 21. gr. kosningarlaganna er ætlaður yfirkjörstjórn til að fullgera kjórseðla, skal vera 10 dagar.

3. gr.

Almennar reglulegar kosningar til alþingis, sem með 25. gr. kosningarlaganna er ákveðið að fari fram 10. dag septembermánaðar, skulu hér eftir fram fara fyrsta vetrardag.

4. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sérstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

5. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógilt samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 41. og 48. gr. kosningarlaganna, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

Ed.

232. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar Stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

233. Breytingartillaga

við þingskjal nr. 189 (Breyting og viðauki).

frá nefndinni í verzlunar og atvinnulöggjöf.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp

til laga um breytingar og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur nr. 29, 8. nóv. 1895 og lög nr. 20, 30. okt. 1903.

Nd.

234. Breytingartillaga

við frumv. til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða o. s. frv.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Fyrir orðin í frumvarpsgreininni:

»Skal einnig ná til hjáleigna þeirra« o. s. frv., komi:

Skal einnig ná til hjáleigna prestssetra ef þær eru sérstakt býli og hafa sérstök ummerki á engjum og túni.

Ed.

235. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þskj. 173.

Frá háskólanefndinni.

Við 24. Í stað orðanna: »að undantekinni 4. gr.«, og: »að undantekinni 2. gr.«, komi eftir: »lög nr. 38, frá sama degi«: þó að áskildu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911.

Ed.

236. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um stofnun háskóla.

Frá háskólanefndinni.

Við 33. gr. Orðið: »numin« falli burtu.

Ed.

237. Nefndarálit

um frumvarp til laga um laun háskólakennara.

Frumvarp þetta er nátengt frumvarpi til laga um stofnun háskóla, er nefndin hefir nýlega skilað deildinni áliti um.

Launafrumvarpið fer aðallega fram á tvennar breytingar frá því, sem nú er: fjölgun kennara og breytingu á launakjörum þeirra.

Kennarafjölgunin stafar einkum af því, að bæta á nýrri deild við þær 3 sem fyrir eru, og eiga 3 kennarar að vera í henni, 2 prófessorar og 1 dósent.

Annars er aðeins bætt við 2 föstum kennurum, sínum í hvorri deild, lagadeild og læknadeild, en í notum þess, er 1 föstum kennara fækkað í guðfræðisdeildinni, eða réttara sagt, kennari með eftirlaunarétti er gerður að dósent. En sá er munur á prófessorum og dósentum, að prófessorar eru skipaðir af konungi og hafa eftirlaunarétt, en dósentar eru skipaðir af ráðherra og hafa eigi eftirlaun.

Launabreytingin er aðallega fólgin í j ö f n u n embættislaunanna og h æ k k a n d i launum með hækkandi embættisaldri.

Nú hafa forstöðumenn embætta skólanna 4000 kr. árslaun, en dósentarnir 2800 og 2400 kr.

Forstöðumanna embættin leggjast niður samkvæmt háskólafrumvarpinu, en í stað þeirra og dósentanna, sem nú eru, koma prófessorar og dósentar.

Frumvarpið ætlar prófessorunum 3200 byrjunarlaun og dósentunum 2400 kr. óbreytileg laun.

Nefndinni þykja dósentalaunin of lág, meðal annars af því, að þeim embættum fylgir ekki eftirlaunaréttur, og leggur nefndin til, að þau sé hækkuð um 400 kr. á mann. Dósentarnir eru 2, og nemur sú hækkun þannig 800 kr. á ári upp úr því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Hins vegar þykist nefndin eftir atvikum geta lagt það til, að byrjunarlaun prófessoranna verði lækkuð um 200 kr. á mann, sérstaklega vegna þess, að þeim eru ætluð hækkandi laun með hækkandi embættisaldri. Frumvarpið gjörir ráð fyrir 9 prófessorum og ynnust þannig 1800 kr. á ári við þá lækkun, eða 1000 kr. nettó, þegar launabót dósentanna er dregin frá.

Nefndin er þannig samþykk stjórninni í öllum aðalatriðum og ræður háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið, þó með nokkrum breytingum, auk þeirra, sem nú voru nefndar.

1. gr. virðist óþörf, þar sem er 7. gr. háskólafrumvarpsins.

Og samkvæmt orðalagi síðarnefndrar greinar, verður hér að breyta orðinu: aðstoðarkennarar« (nir) í: aukakennarar (nir).

Loks er í samræmi við tillögu nefndarinnar um háskólafrumvarpið lagt til, að launafrumvarpið öðlist gildi þegar háskólinn tekur til starfa, og jafnframt haldið sama skilorði um aukapróf í lögum fyrir kandídata frá Kaupmannahafnarháskóla í þeirri grein.

Þessu samkvæmt ræður nefndin til eftirfarandi b r e y t i n g a á frumvarpinu:

1, 1. gr. falli burtu.

2, við 2. gr.: »Aðstoðarkennarar« á tveim stöðum verði: aukakennararnir, og »aðstoðarkennararnir« verði: aukakennararnir.

3, — 3. gr.: »3200 kr.« verði: 3000 kr. og »2400 kr.« verði 2800 kr.

4, — 4. gr.: Í stað »17. júní 1911« komi: þegar háskólinn tekur til starfa.

5, — — — Eftir orðin: »lög nr. 38 frá sama degi« komi: þó að áskildu nánara ákveðnu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911.

6, — — — Eftir orðin »Loks eru« komi: þá.

Fyrir breytingartillögum þessum og frumvarpinu að öðru leyti verður gerð nánari grein í framsögunni, eftir því sem ástæður renna til.

Efri deild alþingis 15. marz 1911.

Stefán Stefánsson formaður	Lárus H. Bjarnason skrifari og framsögum.
Sigurður Hjörleifsson	Ari Jónsson

Jens Pálsson.

Nd.

238. Nefndarálit

um frumvarp til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Kenslumálanefnd neðri deildar alþingis hefir fengið til umsagnar frumv. til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Nefndin játar, að hér sé að ræða um þá stétt þjóðfélags vors, sem á komanda tíma er ætlað að hafa á hendi mikið hlutverk og veglegt, þar sem fræðsla ungmenna er og að það skifti mjög miklu, að nýtir menn og góðir ráðist í þá stétt. En þar sem hér hlýtur, vegna staðhátta vorra, að vera um allfjölmenna stétt að ræða í hlutfalli við tölu landsmanna, þá er ekki unt að veita þau launakjör, er æskilegt hefði verið, til þess að starfið sé fýsilegt. Frumvarp þetta er ofurlítið spor í þá átt, að tryggja snauðum barnakennurum lítils háttar styrk á efri árum þeirra, eða þegar sjúkdóma ber að höndum, þar sem laun barnakennara eru lítil og ekki líkur til, að þau geti orðið hækkuð fyrst um sinn, þá er auðsætt, að ekki er sanngjarnt að ætlast til, að þeir leggi meira fram af launum sínum árlega til þess að tryggja sér lífeyri, en frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar ekki fært að ætla svo fjölmennri stétt eftirlaunarétt. Þær raddir auk þess allmargar, sem fremur vilja takmarka eftirlaunaréttinn en auka hann.

Þess vegna leggur nefndin til, að háttv. neðri deild samþykki frumv. þetta með orðabreytingum þeim, sem hér greinir:

Við 4. gr. Greinin orðist svo: Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóði þessum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna o. s. frv., eins og í 4. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 16. marz 1909.

Björn Jónsson, formaður.	Jón Magnússon.	Hálfdán Guðjónsson, skrifari og framsögum.
Bjarni Jónsson frá Vogi.	Eggert Pálsson.	Stefán Stefánsson Eyf.
	Jón Jónsson N.-M.	

Nd.

239. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

Frumvarp þetta snertir sérstaklega 6. gr. laga um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907, er ræðir um, hvernig undanþágur verði veittar frá því að senda börn í skólahéraði í hinn fasta skóla héraðsins.

Aðalbreytingin, sem í frumvarpinu felst, er þessi, að stjórnarráðinu er veitt heimild sú, er lögin veita skólanefndinni.

Nefndin, sem hefir haft frumvarp þetta til athugunar, fær eigi betur séð en að það sé óhætt að samþykkja þessa breytingu á fræðslulögunum og að það sé jafnvel heppilegra, að stjórnarráðið hafi heimild þá, sem hér er um að ræða, en að hún sé hjá skólanefndinni, sem kynni að þykja full mikið við málið riðin.

Fyrir því leyfir nefndin sér að ráða háttvirtri þingdeild til að samþykkja frumvarp þetta með litils háttar breytingum, þeim er hér fara á eftir:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »sérstökum fræðslureglum« í niðurlagi greinarinnar komi: »sérstakri reglugjörð, samþyktri af yfirstjórn fræðslumála og staðfestri af stjórnarráðinu«.
2. Við 2. gr. Miðkafli greinarinnar: »Þó skulu skóla- og fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuhætti« orðist svo: »og skulu skóla- eða fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuháttum«.

Alþingi, 16. marz 1909.

Björn Jónsson, formaður.	Jón Magnússon.	Hálfdán Guðjónsson, skrifari og framsögum.	Bjarni Jónsson frá Vogi.
Eggert Pálsson.	Stefán Stefánsson Eyf.	Jón Jónsson N.-M.	

Nd.

240. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breytingar og viðauka við hagfræðisskýrslur (þingskjal 189).

Frá nefndinni í verzlunar og atvinnulöggjöf.

Við 2. gr. 2. málslið: Orðin »afhentur lögreglustjóra« falli burt.

Við 7. gr. Fyrir ártalið »1905« komi: 1895.

Ed.

241. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 63 frá 22. nóv. 1907, 3. gr., um kennaraskóla í Reykjavík.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

Námstíminn í kennaraskólanum byrjar fyrsta vetrardag og endar síðasta vetrardag.

Ed.

242. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903, og á 1. gr. í lögum um eftirlaun frá 4. marz 1904 og öðrum almennum ákvæðum þeirra laga, að því er tekur til embættis ráðherrans.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Ráðherra Íslands skal hafa að launum 8,000 kr. á ári á meðan hann gegnir embætti, auk 2000 kr. þeirra, sem honum eru ætlaðar til risnu og 2000 kr. til húsaleigu, á meðan hann hefir ekki embættisbústað. Í eftirlaun hefir hann 2000 kr. á ári í jafnmörg ár sem hann hefir þjónað því embætti, en eigi lengur, og mega þau ekki hærri vera, nema hann hafi rétt til hærri eftirlauna samkvæmt öðrum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **243. Nefndar-álit**

um frumvarp til fjárlaga 1910—1911 og frumvarp til fjáraukalaga 1908—1909.

Vegna örðugs fjárhags landssjóðs um þessar mundir höfum vér gert oss alt far um að stinga upp á sparnaði þar sem það hefir verið nokkurt viðlit, en ekki talið hyggilegt né beint óhjákvæmilegt að láta hætta við að feta sig áfram með hægð og gætni framfarabraut þá, er landið hefir fyrir þó nokkuð mörgum árum lagt út á, í samgöngumálum hvað helzt og ýmsu öðru.

T e k j u r landssjóðs hafa orðið að vísu furðu-drjúgar árið sem leið, komist víðast nokkuð fram úr áætlun. En alt um það þykir oss of djarft að færa upp áætlun stjórnarfrumvarpsins til nokkurra muna. — Tekjuliðunum 18.—19. í 2. gr. teljum vér óþarft að halda út af fyrir sig, og finst mega slengja því lítilræði saman við 20. lið. Það hækkar hann upp í 6 þús. á ári. En þar við viljum vér bæta eins og nú væntanlegum sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa og andvirði upptæks afla og veiðarfæra þeirra, sem nam fullum 60,000 kr. árið sem leið, en vér viljum þó fyrir varúðar sakir gera það helmingi minna. Þá verður sá liður (óvissar tekjur) 36,000 kr. alls á ári.

Þá þykir oss og engin þörf á að vera að kljúfa 1. lið 2. gr. í tvent: köllum hann ábúðar- og lausafjárskatt, eins og allir gera í daglegu tali.

Athugasemdina við 1. lið 4. gr. um eftirgjöf til prestsins í Kirkjubæjarprestakalli viljum vér fella burt, með því að sjá má í síðustu þingtíðindum (1907), að þar nefnd eftirgjöf átti ekki að standa lengur en til þ. á. loka.

Breytingar vorar á tekjunum færa þær alls upp um 38 þús. fyrra árið og 33 þús. hið síðara.

Mjög lék oss hugur á að benda á mikið og margt, er spara mætti í ú t g j ö l d u m, en verðum nú við það að kannast að loknu verki, að lítt hefir oss lánast það.

Vér gerum grein fyrir þeim fáu útgjaldaliðum, sem oss þykir helzt takandi í mál að fella burt eða draga eitthvað úr til muna, og þá jafnframt hinu, ef vér höfum þózt til knúðir að rífka eitthvað framlag eða auka inn í.

Oss þykir bezt henta að ræða í þessu nefndaráliti í einu lagi fjárveitingar eftir fjáraukalögum og fjárlögum, enda stingum upp á að færa sumar fjárhæðir til í milli þeirra.

Vér rekjum þá grein fyrir grein í fjárlagafrumvarpinu og hnýtum þar við því sem stendur í fjáraukalögum og heyrir þeirri sömu grein.

En breytingartillögur vorar (sér á blaði) miðum vér við hvor lögin um sig.

9. gr. Þar má sleppa 8. tölulið, með því að stjórnin skýrir oss frá, að þess fjár þarfnist ekki framar.

11. gr. Með því að bæjarfógetinn í Reykjavík hefir verið losaður við þau skrifstofustörf öll, er snerta borgarstjórnina sjálfa, telur meiri hlutinn enga ósanngirni að færa ritfé hans niður um nær $^1/_3$, eða úr 1400 kr. í 1000. Enda munu aukatekjur þess embættis vera orðnar svo miklar, að vel mundi raunar mega komast af með að leggja því embætti ekkert ritfé úr landssjóði, fremur en

sýslumönnum. — Hin smásmugulega sundurliðun í A. 3. finst oss alveg óþörf og nóg að vísa í stjórnarfrumvarpið þetta um staflið c—f, en steypum staflið b saman við staflið a.

11. gr. Vér viljum benda stjórninni á, að líklega mundi mega spara þóknunina handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn (A. 5. a), þegar um þá er skift næst, með því að nú er orðið allmargt um manninn hér við það starf og þá næg samkepni.

Fjárveitingin í sömu gr. B. 6. til eftirlits úr landi með fiskveiðum útlendinga höfum vér spurnir af að muni hafi verið mjög lítið notuð og ætlum að hana muni mega færa niður um helming.

12. gr. Beðið er um í fjáraukal. (2. gr.) nál. 2300 kr. viðauka við áður veitta fjárhæð til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði, og er helmingur af því raunar endurveiting. Vér sjáum ekki fært að synja um þessa viðbót. En ilt þykir oss, hve sjaldan standast áætlanir stjórnarinnar, jafnvel í smámunum til þess að gera.

Það er eitt dæmi um óhöndulegan frágang á fjárlögunum, að kostnaður til geðveikishælisins (6. tölubl.) er talinn allur í einu lagi, en alveg sams konar kostnaður til holdveikisspítalans (5. tl.) sundurliðaður í ekki færri en 15 — fimtán — undirliði. Oss finst vel mega eitt yfir báðar ganga þessar stofnanir og leggjum það til, að látið sé duga um holdsveikisspítalann að biðja stjórnina að hafa hliðsjón á sundurliðuninni í frumvarpinu (stafl. a—p).

Heilsuhælisfélagið sækir um 12000 kr. hvort árið til reksturkostnaðar við þá stofnun, sem búist er við að komist upp á næsta hausti eða snemma vetrar, til viðbótar við meðgjöf með sjúklingum, sem er áætluð 27,000 kr. um árið, og þær 10,000 kr. tekjur, er það gerir sér von um að hafa saman í árstillögum frá félagsmönnum. Með því að hér á í hlut mesta nytsemdar fyrirtæki, er nýtur almenns stuðnings landsmanna, viljum vér mæla með 10,000 kr. styrk til þess hvort árið.

Fyrstu stafliðina fjóra (a—d) og fimta lið (j) undir 8. tölulið viljum vér draga saman í eitt og kalla hann: styrk til sjúkrahúsa (alment), enda færa hann upp í 2000 kr., og ætlumst til, að stjórnin miðli honum eftir því sem þörfin kallar og eins og bezt þykir henta, jafnt öðrum sjúkrahúsum sem þeim 4, er frv. til nefnir, og miða hann yfirleitt við sjúkradaga.

Eftir vel og rækilega rökstuddri umsókn frá stjórn Akureyrarspítala viljum vér láta veita honum 2000 kr. styrk til óhjákvæmilegra húsabóta.

Íslandi hefir verið boðin hlutdeild í alþjóðafundi sérfræðinga í holdsveiki í Björgvin í sumar. Nefndinni finst sjálfsagt að þiggja það sæmdarboð, sem getur auk þess orðið oss til nytsemdar, og vill veita 600 kr. til ferðakostnaðar á þann fund, handa holdveikisspítalalækni Sæmundi Bjarnhéðinssyni.

Andrés Fjeldsteð héraðslæknir sækir um utanfararstyrk til að fullkomna sig í augnlækningum og sérþekking á heyrnarveiki og meðferð hennar. Með því að stórmikil þörf er á sérfræðing í síðartalinni veiki og vér höfum að eins einn mann á öllu landinu í hinni, en læknir þessi hefir kostað miklu fé frá sjálfum sér til að búa sig undir þannig vaxið starf, enda hefir almennings orð á sér fyrir alúð og áhuga, viljum vér mæla með 2000 kr. styrk til hans í þessu skyni fyrra árið.

13. gr. Þeir hafa sótt um launabót, tveir af þremur póstafgreiðslumönnum í Reykjavík, er hafa að eins 1200 kr. laun; og viljum stinga upp á, að þau séu hækkuð upp í 1500 kr. hjá þeim sem lengur hefir haft þann starfa á hendi, en 1400 hjá hinum.

Vér leggjum eindregið í móti 3000 kr. fjárveitingu í fjáraukal. til miðstöðvarhitunar í pósthúsinu (A. 4), með því að vér höfum gengið úr skugga um, að það er óþarfur kostnaður að sinni — ofnar í húsinu flestir góðir og allir vel nýtilegir.

En vér stingum upp á alt að 800 kr. í fjáraukal. til peningageymsluklefa með sterkri járnhurð fyrir í pósthúskjallaranum, með því að peningageymsla og verðbréfa m. m. í vörzlum póststjórnarinnar er mjög ótrygg fyrir eldsvoða, ekki nema 1 lélegur peningaskápur gamall og lausir járnkassar tveir á póststofugólfinu, en fyrnefnt verðmæti nemur stundum 200,000 kr. eða þaðan af meira, auk þess sem allar reikningsbækur póststjórnarinnar eru í sömu hættu. Og er sjálfsagt að geyma þær líka í hinum eldtrausta kjallaraklefa.

Fjárveitinguna A. 3., til póstvagnaferða austur á Rangárvöllu, þykir oss rétt að láta fela í næsta lið á undan, hinni almennu póstflutningafjárveitingu.

Tillöguna am 500 kr. launahækkun til landsverkfræðingsins (B. 1. a.) teljum vér óþarfa, með því að vér fáum eigi séð, að manni þeim sé ókleift að halda áfram forstöðu iðnskólans og teljum ilt að missa hann frá henni, en við það er tillaga stjórnarinnar miðuð.

Við flutningsabrautaféð (B. II.) viljum vér bæta 11,000 kr. fyrra árið til að byrja á Húnvetningabrautinni frá Blönduósi vestur að Víðidalsá, þann veg, að ætlaðar séu 3,500 kr. til að leggja akbraut frá Blönduósbryggjunni upp að brúnni á Blöndu, 6,500 kr. til brúar á Laxá, helztu torfærunni á fyrnefndri braut, og 1000 kr. til að gera við lökustu ójöfnur á spottanum þar í milli.

Nefndin er því meðmælt, að síðara árs fjárveitingin í stj.frv. til að byrja á Reykjadalsbrautinni (II 3) sé færð yfir í *fjáraukalögin*, svo að verja megi þeim 10,000 kr. á þessu ári til þess að koma sem fljótast brú á Laxá skamt frá Laxamýri og fullgera veginn að henni frá Húsavík.

Til að fullgera Fagradalsbrautina (II. 1) vantar 11,500 kr., sem vér leggjum til að veitt sé í *fjáraukalögum*.

Eftir tillögu landsverkfræðings viljum vér veitast 15,000 kr. í *fjáraukalögum* til nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkavegi, Eyjafjarðarbraut m. m., til þess að þeir geti orðið afhentir sýslunum til viðhalds í góðu standi. Holtavegur var svo gerður í upphafi, fyrir mörgum árum, að hann hefir verið lítt verjandi miklum skemdum á hverju ári.

Með því að á liggur að bæta torfærur á syðsta kafla Grímsnesbrautarinnar (II. 5), beggja megin Sogsbrúarinnar, viljum vér flytja seinna árs fjárveitingunni, 10,000 kr., til þeirrar vegabótar, yfir í *fjáraukalögin*.

Nefndinni hefir borist bænarskrá um fjölgun á vörðum á Þorskafjarðarheiði, sem er mjög villugjarn og mannhættur fjallvegur, og önnur beiðni um nauðsynlegar bætur á þjóðveginum milli Þingvalla og Geysis, og viljum vér þeim til úrlausnar hækka 6. (síðasta) tölulið í þjóðvegafjárveitingunni um 5000 kr. fyrra árið.

Fella vill meiri hluti nefndarinnar í fjáraukal. 47 þús. kr. fjárveitinguna til brúargjörðar á Ytri-Rangá, en veita það fé í fjárlögunum síðara árið.

Eftir VII. lið í þessari grein viljum vér skjóta inn 5000 kr. fjárveiting til kaupstaðarvegar út í Hvammstanga, fyrir Múlann, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að.

Og ennfremur alt að 2000 kr. styrk til vegagerðar í Breiðdal, gegn jafnmiklu annars vegar; hreppsmenn naumast menn fyrir meira, þótt farið hafi fram á miklu hærri fjárveiting, enda segja kunnugir, að gera megi veginn vel færan með því fé.

Vér leggjum til, að flutningabrautir og þjóðvegir þeir, sem nefndir eru í II.—III. tölul. B í 13. gr., séu látnir heita: Fagradalsbraut (II. 1), Borgarfjarðarbraut (II. 2), Reykjadalsbraut (II. 3), Eyjafjarðarbraut (II. 4), Grímsnesbraut (II. 5), Holtavegur (II. 6), Stykkishólmsvegur (III. 2), Lagarfljótsbrúarvegur (III. 3) og Skaftártunguvegur (III. 4); og röð á þeim breytt á þá leið, að þeir séu taldir frá Reykjavík sólarsinnis kringum land.

Vér getum ekki lagt með því, að verið sé að veita fé til aðstoðarverkfræðings til rannsókna og mælinga viðvíkjandi járnbrautarlagning austur, með því að vér teljum engar líkur til, að neitt verði átt við þá járnbrautarlagning fyrst um sinn.

Vér erum mjög hræddir um, að lítið vit muni vera í að veita 750 kr. styrk til mótorbátsferða frá Borgarnesi upp eftir Hvítá, og viljum fella þann lið (l. 2. b).

Tillögum um gufuskipaferðastyrk verðum vér að fresta að sinni vegna ónógs undirbúnings.

Gufubátsferðastyrkinn telur meiri hluti nefndarinnar ekki hyggilegt, að láta þingið hluta niður, heldur beri að fela það stjórninni, er á að eiga miklu hægra að koma þar að hagfeldri skifting og niðurröðun á umferðasvæði hvers báts um sig. Vér viljum og hækka þann styrk (C. 2) upp í 45,000 kr. á ári, og ætlumst til, að þar af sé varið alt að 1000 kr. til gufu- eða mótorbátsferða milli Vestmanneyja og Rangársands (C. 3).

Þá breytingu viljum vér gera á fyrirhuguðum Stykkishólmssíma (D. II. 2), að hann verði lagður ekki frá Búðardal, heldur Borgarnesi til Stykkishólms, með því að þá hafi hans bein not margar sveitir og fjölbygðar, þ. e. útsveitir Mýrasýslu og Hnappadalssýsla öll, en miklu minni bygð á hinni leiðinni, frá Búðardal. Síminn verður að vísu 6 þús. kr. dýrari þá leið, eftir áætlun símastjórans; en það meira en vinnur sig upp bæði fyrir miklu meiri not hans á syðri leiðinni og þess annars, að þá verður framhald hans út í Ólafsvík 12 þús. kr. kostnaðarminna.

Meiri hluti nefndarinnar getur ekki mælt með hinni miklu fjárveiting (í fjáraukal.frv.) til sæsíma út í Vestmanneyjar, frá Eystri-Garðsauka. Vér teljum miklu hyggilegra að bíða þess, að á komist loftskeytasamband milli Vestmanneyja og Reykjavíkur. Þess mundu verða margfalt meiri not, enda líkur til, að það yrði ódýrara.

Fjárveiting til talsíma milli Bolungarvíkur (fjárv.frv. 13. gr. D. II. 3) leggjum vér til að flutt sé yfir í *fjáraukalögin*, þ. e. síminn lagður á þessu ári (1909).

Stjórnarfrv. fer fram á töluverða fjárveiting, í 3 liðum, til kostnaðar við stjórn og undirbúning vitamála. Eftir samtal við annan verkfræðing landsins hyggjum vér muni vel mega komast af með í þetta sinn 1500 kr. fjárveiting hvort árið með eftirliti með vitum.

Vitunum (E. II.—XV.) þykir oss betur fara að raða öðru vísi en gert er í stj.frv., — rekja þá frá Reykjavík sólarsinnis —, og eins virðist oss mega steypa saman í eitt minni háttar kostnaði til þeirra hvers um sig, þó svo, að höfð sé hæfileg hliðsjón á sundurliðuninni í stjórnarfrv.

14. gr. Eftir bending frá biskupi viljum vér hækka liðinn A. b. 4. í þeirri grein, viðbót við eftirlaun fátækra presta m. m., upp í 4000 kr., vegna nauðsynlegrar viðbótar við styrk handa veikum presti (G. K.) o. fl.

Stjórnin stingur upp á þriðjungs hækkun á námsstyrk við prestaskólann (B. I. 62.), til hvers nemanda, eða að færa hann upp í 300 kr. úr 200. Nefndin vill láta duga að hafa hann 250 kr.

Sama er að segja um námsstyrk við læknaskólann.

Annar kennari við hinn nýja lagaskóla (E. Á.) sækir nú þegar, á 1. ári, um 700 kr. launahækkun, sem vèr sjáum ekki ástæðu til að sinna að svo stöddu.

Til aukakenslu við sama skóla fer stjórnin fram á 1800 kr. fjárveiting hvort árið. Oss finst það nokkuð snemt, að fara nú þegar að létta vinnu á kennurum skólans, nýskropnum í embætti. Vér höfum og fregnað úr áreiðanlegum stað, að aukakennaranum muni vera ætlað eingöngu eða aðallega að vera það sem kallað er Manuduktör (leiðbeinandi) nemenda, og erum ekki alveg fráhverfir því, að veita í því skyni 800 kr. hvort árið.

Lagaskólaforstöðumaðurinn biður um í fjáraukal. 1000 kr. til bókakaupa við skólann, í viðbót við áður veittar 500 kr. á ári. Vér höfum séð reikning yfir þegar keyptar bækur og rit handas kólanum, og því næst skýrslu um, hvað hugsað er til að kaupa fyrir þessar 1000 kr. eða réttara sagt fyrir þær um 800 kr., sem eftir eru óeyddar af þeirri fjárveiting, og teljum ekkert efamál, að vel megi spara þá fjárveiting.

Almenna launahækkun fara þeir fram á, kennararnir við Mentaskólann almenna. Vér berum engar brigður á, að laun þeirra séu nú orðið stórum ódrýgri þeim til framflutnings og þeirra skylduliði en fyrstu árin, er þeir lifðu við þau hin sömu laun. En oss virðist enginn jöfnuður né réttlæti að taka þá eina út úr öllum þeim hóp embættismanna, er eins stendur á um, og hækka laun þeirra. Enda þykir oss réttara, að slík erindi komi heldur frá stjórn landsins en embættismönnunum sjálfum.

Forstöðumaður kennaraskólans ber sig upp undan, að þar vanti fyrirskipaðan æfingabekk; án hans komi kenslan þar varla að hálfum notum. Enda vanti þar að auki alveg mann til að kenna þetta. Fræðslumálastjóri hafði talið óhjákvæmilegt að reisa nýtt hús handa slíkum skóla, við hlið aðalskólans, og gizkaði á, að það mundi kosta 12,000 kr. En forstöðum. gerir grein fyrir þeim allra ódýrustu bráðabirgðarráðstöfunum, er hann gæti hugsað sér til að bæta úr bráðustu þörf. Hún er sú, að setja ofn, borð og bekki í stofu í kjallaranum undir skólanum er kenna mætti í 20 börnum, og muni það kosta 200 kr. Þetta þyrfti að veita í fjáraukalögum, og þar að auki nokkurt fé handa kennara í þeim bekk. Forstöðumaður kveðst hafa augastað á mjög efnilegum ungum

manni í þá stöðu, Jónasi Jónssyni frá Hriflu, sem nú er erlendis einmitt til að undirbúa sig undir það starf, og hygst munu geta fengið hann að skólanum á næsta hausti, ef hann fái veittar til þess 500 kr. þ. á.

Nefndin telur einn kost nauðugan að verða við þessari málaleitun heldur en láta kensluna ekki verða að hálfum notum.

Um námsstyrk til sama skóla (VI. 4) vill nefndin taka það fram, að hún vill láta nemendur úr sveit vera í fyrirrúmi.

Kvennaskólinn í Reykjavík sækir um 7000 kr. ársstyrk, með þeim ástæðum og eftir sundurliðun þeirri, er lesa má í aths. við stjórnarfrv. Svo fúslega sem nefndin kannast við, að skóli þessi er mikils góðs maklegur, treystir meiri hluti hennar sér ekki til að ætla honum nema 3000 kr. á ári, auk 40 kr. tillags fyrir hverja námsmey alt að 2000 kr., svo og 300 kr. námsstyrk til sveitastúlkna. Enn fremur vill hún veita helming þess fjár, alt að 3000 kr., er beðið er um til að kaupa fyrir húsbúnað, rúmföt og matreiðsluáhöld, eða alt að 1500 kr.

Þá hefir og kvennaskólinn á Blönduósi borið sig upp undan of naumt skömtuðum ársstyrk, og vill meiri hluti nefndarinnar eftir atvikum gera honum alveg jafnt undir höfði sem Reykjavíkurskólanum, þó svo, að tillagið fyrir námsmey hverja sé þar 50 kr. og alt að 2000 kr. alls.

Þann hluta af barnaskólafjárveitingunni, (VIII. B 1.) sem er ánöfnuð kaupstöðum, telur meiri hl. óhætt að færa niður um 1000 kr.

Liðurinn VIII. b., til vitfirtrar dóttur Þ. Hr., fellur burtu, með því að hún er dáin.

Jónasi Jónssyni frá Hriflu viljum vér veita 500 kr. styrk í fjáraukalögum til að lúka kennaranámi erlendis, með því að hans er brýn þörf í haust við æfingadeild kennaraskólans og hann hefir sannað, að hann hefir varið mjög vel styrk þeim, er honum var veittur í síðustu fjárlögum.

15. gr. Til bókakaupa og handrita við Landsbókasafnið vill meiri hl. láta duga 5000 kr. hvort árið.

Dyraverði við safnið (Þjóðmentasafnið) virðist oss ekki vit að ætla minna en 1400 kr.

Fjárveitinguna til kaupstaðarbókasafnanna fjögurra (2. a.—d.) vill meiri hl. hafa ósundurliðaða.

Oss þykir réttara að ætla styrk til lestrarsala (I. 3.) í kauptúnum fremur en kaupstöðum einum.

Í stað nýrrar 800 kr. þóknunar fyrir aðstoð handa landsskjalaverði hækkum vér staflið b. upp í alt að 1200 kr. og bætum aftan við: »og til aðstoðar«.

Flutningur Forngripasafnsins í hið nýja húsnæði í Þjóðmentasafninu hefir gert það að verkum, að fornmenjaverði er ókleift orðið einum að gæta safnsins, og leggjum vér til, að verja megi alt að 600 kr. hvort árið eftir reikningi til aðstoðar við það starf.

Liðinn c. við Forngripasafns fjárveitinguna ætlum vér að megi færa niður um helming frá því sem farið er fram á í stjórnarfrv.

Goodtemplararreglan tjáir sig hafa safnað stórskuldum undanfarin missiri, er bardaginn stóð sem hæst til stuðnings aðflutningsbanni, og sækir því um 8000 kr. styrk fyrra fjárhagsárið, en 2000 hið síðara, í stað þess að hún hefir fengið

áður 2000 kr. hvort árið. Meiri hl. vill veita henni helming þess sem um er beðið fyrra árið, eða 4000 kr., en 2000 hið síðara.

Margra ára fjárveiting handa Boga Melsteð til að semja Íslandssögu (22. tölul.) finst meiri hl. ekki hafa borið meiri ávöxt en það, að vér leggjum til að hann falli burt með árslokum 1910.

Meiri hl. nefndarinnar hefir ekki þá trú á tilætluðum notum af orðabókarfjárveitingunni handa Jóni Ólafssyni, eða þá að svo miklu verði af kastað í því starfi að miklu sé til kostandi úr landssjóði, og stingur upp á að sú fjárveiting sé færð niður í 720 kr.

Einar Hjörleifsson skáld hefir sótt um 2000 kr. ársstyrk til ritstarfa, einkum til að semja skáldsögur. Nefndin kannast við hina miklu yfirburði hans í þeirri list, en treystir sér ekki til að hafa styrkinn hærri en 1200 kr. hvort árið.

Guðm. G. Bárðarson, bóndi á Kjörseyri, hefir fengist nokkuð við jarðfræðislegar rannsóknir, einkum á hinu forna skeldýralífi Íslands við innanverðan Húnaflóa, og hefir að dómi skynbærra manna gert mikilsverðar uppgötvanir í þeirri grein. Hann sækir um styrk til utanfarar í því skyni að gerast hæfari til þess starfs, og hefir sér til stuðnings mikið góð meðmæli frá þeim dr. Þorv. Thoroddsen og dr. Helga Péturss o.fl. Meiri hl. leggur til að hann fái 1000 kr. fyrra árið.

Einar Jónsson myndasmiður býður landinu að gjöf höggmyndir sínar, 40 að tölu, með því skilyrði, að það láti reisa hús yfir þær. Meiri hlutinn ætlast til, að gerð verði þingsályktun um það mál. En þykir hlýða að votta gefandanum, bláfátækum listamanni og þó svo höfðinglyndum, þakklætis-viðurkenning fósturjarðar hans með 1500 kr. styrk hvort árið.

16. gr. Bændaskólarnir báðir, á Hvanneyri og Hólum, telja sig þurfa mikilla húsabóta, og vilja fá, annar 46,000 kr. (Hvanneyrar) og hinn (Hóla) 27,000 til þeirra f. árið. Meiri hl. hyggur þann mikla kostnað vera ekki beint óhjákvæmilegan þegar í stað, og vill því hlífa landssjóði við honum að þessu sinni. Enda hafa húsakynnin handa skólum þessum orðið landssjóði ærið dýr frá upphafi vega þeirra.

Laun Hvanneyrarskólakennaranna leggur meiri hl. til að hækkuð séu um 300 kr. hvort árið handa fyrrum skólastjóra Hirti Snorrasyni persónulega, sem er mjög heilsubilaður orðinn af lúa og ofreynslu meðan hann stóð fyrir skólanum.

Umsókn kom til þingsins frá unglingaskóla á Húsavík um 700 kr. árlegan fjárstyrk úr landssjóði. Þar var gert ráð fyrir, að skólinn stæði 6—7 mánuði og skiftist í 2 kensluskeið. Fjárhagsáætlun fylgdi og sýndi hún að skólinn gæti alls eigi komist af með minni árskostnað en tvöfalt það, er um var sótt. Með því að styrkkeiðni þessi var vel rökstudd og nefndinni er að öðru leyti kunnugt um áhuga viðs vegar um land að koma á unglingafræðslu, stingur hún upp á að hámark fjárveitinganna til hvers skóla sé hækkað um þriðjung og fjárhæðin alls nokkurn veginn að sama skapi eða upp í 5000 kr.

Í sambandi við þetta vill nefndin geta þess, að henni virðist ekki rétt að áskilja lengra aldursskeið á vetri *fyrir hvern nemanda* en 3 mánuði, þann veg að sami skóli *gæti* haft 2 kensluskeið á vetri og væri hið síðara áframhald hins fyrra.

Styrkurinn til hvers skóla ætti að fara eftir nemendafjölda og námstíma aðallega.

Handa verklegu búnaðarkenslunni á Eiðum hefir verið sótt um aukinn styrk, 1000 kr. á ári, og ennfremur annan 1000 kr. ársstyrk til þess að halda þar uppi húsmæðrakenslu og sýnt fram á, að það muni ókleift fyrir minna, og leggur meiri hlutinn til að það sé veitt hvorttveggja. En 20,000 kr. styrk til að koma upp nýju skólahúsi, helming þess, er það hefir kostað, sjáum vér ekki fært að veita.

Af 11,000 kr. fjárveiting til skóggræðslu (8. tölul.) hyggjum vér spara megi þær 500 kr., er ætlaðar eru til eftirlits við Rauðavatn og Þingvelli.

Ungmennafélag Íslands sækir um allmikinn landssjóðsstyrk, einkum til að vinna að skóggræðslu. Vér hyggjum félagsskap þennan, er upp hefir runnið og vel dafnað hin síðustu missiri, styrks maklegan, og viljum láta félagið fá 2000 kr. styrk hvort árið til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu, einkum heima við híbýli manna.

Tveir menn ungir og efnilegir hafa sótt um styrk til að halda áfram námi í rafmagnsfræði, annar, Indriði Helgason, sérstaklega um meðferð á rafmagnsgeymurum, hinn, Jón Sigurðsson, um notkun vatnsafls til raflýsingar. Með því að oss skortir mjög verulega þekking á hagnýting rafmagns á ýmsa lund, viljum vér mæla með 500 kr. handa hvorum þeirra á þessa árs fjáraukalögum.

Hjálpræðisherinn er að því leyti — og fleiru þó, — mikil nytsemdarstofnun, sem hann veitir ferðamönnum, sem koma til Reykjavíkur, mjög ódýra gistingu og greiða. Hann hefir sótt í þess notum um 500 kr. styrk úr landssjóði. Meiri hlutinn leggur til að það sé veitt að hálfu gegn öðru eins úr bæjarsjóði Reykjavíkur.

Stjórnin stingur upp á 300 kr. fjárveiting hvort árið til aðstoðar og annarar vinnu við efnarannsóknarstofuna í Reykjavík, auk launa forstöðumanns og aukatekna. Vér skiljum ekki að þess sé nokkur þörf, og viljum fella hana. —

Grasgarð í Reykjavík finst oss liggja næst að Landsbúnaðarfélagið taki að sér, og viljum því fella 26. lið þessarar greinar. —

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík biður um alt að 2000 kr. styrk síðara árið til iðnsýningar í Reykjavík það ár, aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Því viljum vér mæla með. Slíkar sýningar eru mikil og ómissandi framfarahvöt, og vel til fundið, að vilja minnast hins mikla þjóðskörungs á þá lund meðal annars.

Vér teljum viðbúið, að undanfarnar tvær greinar, 15. og 16. gr., muni þykja vera ekki alveg hreinar af bitlingum nú fremur en vant er. En það er sannast að segja, að alþektur og almennur ímugustur á svo nefndum »bitlingum« er oft ekki annað en missýning. Þeir hafa margir orðið þjóðinni til stórmikillar nytsemdar, miklu meira en margar sjálfsagðar fjárveitingar, sem svo er litið á, hvort heldur eru lögum bundnar eða ekki.

Nefndin hefir þó talið sér skylt að bæta sem fæstum bitlingum við hina eldri, vegna venju fremur örðugs fjárhags landssjóðs, en ekki fyrir það, að ekki hefði verið ánægjulegt að geta sint þeim fleiri miklu, og að öllum líkindum affarasælt fyrir land og lýð, er stundir líða. Eldri bitlingarnir sumir þykir nefndinni sem aldrei hefði átt í fjárlögum að sjást. En ekki er auðgert við þá að losna, er þeir eru þar einu sinni inn komnir.

18. gr. Háöldruðum merkispresti, Hjörleifi prófasti Einarssyni, er nú er kominn á grafarbakkann eftir langt og mjög nytsamt líf kyrkju vorri og þjóð, viljum vér veita 500 króna eftirlaunaviðbót (í stað 300 kr. áður).

þá leggjum vér til að ekkjufrú Elinborg Friðriksdóttir, sem er gjörþrotin að heilsu og eignalaus, fái 600 kr. eftirlaunastyrk, meðal annars í notum höfðinglegrar gripagjafar þeirrar, er sonur hennar, Jón heitinn Vídalín, ánafnaði landinu eftir sinn dag.

Heilsuþrotnum pósti, Böðvari Jónssyni, er fór margt ár póstferð milli Vopnafjarðar og Skinnastaðar, viljum vér veita 100 kr. ellistyrk.

19. gr. Með því að engin lög eru fyrir fjárgreiðslu í ríkissjóð til kostnaðar við eftirlitsskipið danska, $^2/_3$ af sektum fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendinga m. m., leggur meiri hlutinn til, að sú fjárveiting, er nam 40 þúsund kr. árið sem leið, falli burtu.

22. gr. Borist hafa þessu þingi sem hinum fyrri allmargar lánbeiðnir úr viðlagasjóði, eða þá tilmæli um lántökuábyrgð.

Meðal þeirra leggjum vér með þeim, sem nefndar eru í breytingartillögum vorum og með þar greindum kjörum og skilmálum.

Vér leyfum oss að fara fram á umbætur á ólögulegum frágangi á fjárlögunum og ógreiðum yfirlits og vísum á breytingartillögur vorar í þá átt. Vér vonum, að háttv. deild verði oss sammála um, að miklu betur fari á að draga saman í eina grein aftan við fjárlögin hinar mörgu og miklu athugasemdir og skilyrðis-klausur við ýmsar fjárveitingar, en að dreifa þeim innan um þær allar með miklu klastri og villugjörnu, en girða fyrir allan rugling með glöggum tilvísunum á báða bóga. Og mun þetta sjást glegst, er frumvarpið verður hreinprentað eftir 2. umræðu.

Neðri deild alþingis, 16. marz 1909.

Skúli Thoroddsen, formaður. Björn Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Björn Sigfússon. Jón Jónsson (þm. S.-M.). Sigurður Sigurðsson.

Eggert Pálsson. Pétur Jónsson.

Nd.

244. Breytingartillögur

fjárlaganefndar við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

1. Aftan við 2. gr. bætist: Farareyrir fulltrúa héðan á alþjóða-holdsveikisfund í Björgvin 600 kr.
2. Við 3. gr.. Fjárveitingin til miðatöðvarhitunar í pósthúsinu, 3000 kr., falli burt.
3. — sömu gr.: til peningageymsluklefa í pósthúskjallaranum veitast alt að 800 kr.
4. — — — — Reykjadalsbrautar með brú á Laxá veitast 10,000 kr.
5. — — — — að fullgera Fagradalsbrautina veitast 11,500 kr.
6. — — — — nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut. m. m. veitast 15,000 kr.
7. — — — — að bæta torfærur á Grímsnesbraut, beggja megin Sogsbrúar, veitast 10,000 kr.

8. Við 3. gr. til brúargerðar á Ytri-Rangá falli burt.
9. — — — — aðstoðarverkfræðings 2700 kr. falli burt.
10. — — — — Vestmanneyjasíma 34,200 kr. falli burt.
11. — — — — Bolungarvíkur talsíma frá Ísafirði veitast $^3/_4$ kostnaðar eða 6000 kr.
12. Við 4. gr. til bókakaupa handa lagaskólanum 1000 kr. falli burt.
13. — sömu — aftan við liðina 3—6 við B. V. bætast orðin »alt að«.
14. — 5. gr. 7. lið: fyrir 1000 kr. komi 500 kr.

Nd.

245. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 2. gr. 1: Fyrir: »skattur á ábúð — — 58,000« komi: »Ábúðar- og lausafjárskattur — 50,000 — 50,000 — 100,000«.
2. Húsaskattur (2. gr. 2) teljist 12,000 kr. hvort árið.
3. — - — 7: Liðurinn nefnist leyfisbréfagjöld.
4. — - — 8: Liðurinn nefnist fiskitollur og lýsistollur m. m.
5. — - — 9: Liðurinn nefnist áfengistollur.
6. — - — 10: Liðurinn nefnist tóbakstollur.
7. — - — 11: Sá liður nefnist kaffi- og sykurtollur.
8. — - — 12: Liðurinn nefnist tetollur m. m.
9. — - — 15: Sá liður nefnist póstferðatekjur og hækki upp í 80,000 kr. hvort árið.
10. — - — 16: Liðurinn nefnist símatekjur og lækki niður í 75,000 kr. síðara árið.
11. — - — 18—19: Þeim liðum sé slengt saman í einn tekjulið, er nefnist óvissar tekjur og verða 36,000 kr. hvort árið, vegna sektanna fyrir landhelgisbrot.
12. — 4. — 1: Athugasemdin falli burt.
13. — 9. — 7: Aftan við liðinn bætist innan striks: »alt að«.
14. — - — 8: Liðurinn falli burt.
15. — 11. — A 2 (ritfé bæjarfóg. í Rvík): Sú fjárveiting færist niður í 1000 kr. hvort árið.
16. — — — A 3 a (laun fangavarðar): Fjárveitingin færist upp í 1230 kr.
17. — — — A 3 b: Liðurinn falli burtu.
18. — — — A 3 c—f og i: Fyrir þá liði alla komi: »ýmislegur kostnaður 2825—2825«.
19. — — — stafliðirnir g—h nefnist c—d og færist upp fyrir »Ýmisl. kostn.«, sem nefnist e.
20. — — — B c: Orðin »alt að« bætist aftan við, á undan tölunni.
21. — — — B 1 e: Aftan við liðinn á undan tölunni bætist: »alt að«.
22. — — — 6: Sú fjárveiting færist niður í 500 kr.
23. — 12. — 2: Orðin »Styrkurinn — -hrepps« falli burt.
24. — — — 3 A: Orðin frá »með skyldu — mánuði« (þ. e. endi klausunnar) falli burt.
25. — — — 3 B: Orðin »með því — — alt að 300 kr.« falli burt.
26. — — — 4: Fyrir »styrkur til tannlæknis« komi: »styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft«.
27. — — — 5: Fyrir »útgjöld við holdsveikraspítalann — — 61,751.20« (bls. 8) komi: Holdsveikisspítalinn — 30,875 — 30,875 — 61,750«.

28. Við 12. gr. 6: fyrir »Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi 35,195« komi: »Geðveikishælið á Kleppi 17,600—17,600—35,200«.
29. — — — 8: liðirnir a—d og j orðist svo: Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla 3000 kr.
30. — — — 8: Sjúkrahúsið á Akureyri, til aðgerðar á húsinu 2000 kr. f. á.
31. — — — 8: liðurinn k, sem verður h, orðist svo: »Styrkur til að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum« 3000 kr.
32. — — — 8 l.: Orðin »stjórnarráðið — utan lands« falli burt.
33. Aftan við 12. gr. bætist: Héraðslækni Andrési Féldsteð til utanfarar til að fullkomnast í augnlæknun og eyrna 1500 kr. f. á.
34. Við 13. gr. A 1. b. 1: fyrir »4,400« komi »4,900«.
35. — — — sama lið: athugasemdin falli burt.
36. — — — 2: athugasemdin falli burt.
37. — — — 3: liðurinn falli burt.
38. — — — 4 a: athugasemdin falli burt.
39. — — — 4: liðunum b—i sé steypt saman í eitt, sem verður b, og nefnist »önnur útgjöld, 7,300«.
40. — — — B I 1 a: fyrir 3500 komi 3000 (tvisvar).
41. — — — B II 3: fyrir 15,000—10,000 komi aðeins 15,000 fyrra árið.
42. — — — B II 5: fyrir 10,000—10,000 komi aðeins 10,000 f. á.
43. — — — B II: við bætist ný braut, Húnvetningabraut, og veitist til hennar 11,000 fyrra árið.
44. — — — B II: nöfnin á flutningabrautunum II 1—6 séu þessi og í þessari röð: Borgarfjarðarbraut, Húnvetningabraut, Eyjafjarðarbraut, Reykjadalsbraut, Fagradalsbraut og Grímsnesbraut.
45. — — — B III: vegaheitin séu Mosfellssveitarvegur, Stykkishólmsvegur, Holtavörðuheiðarvegur (brýr á hana), Lagarfljótsbrúarvegur og Skaftártunguvegur.
46. — — — B III: Eftir 5. lið komi nýr liður sem verður hinn 6: Brú á Rangá ytri 47,000 síðara árið.
47. — — — B III: síðasti (6.) liður sem verður 7. liður nefnist: Aðrar vegabætur og viðhald, og hækki upp í 15,000 f. á.
48. — — — B VII: athugasemdin falli burtu.
49. — — — B: aftan við VII. lið komi nýr liður sem verður hinn VIII. og nefnist Hvammstanga-kaupstaðarvegur (fyrir Múlann) 5000 kr. f. á.
50. — — — B: enn bætist þar aftan við nýr liður, sem nefnist Breiðdalsvegur, með 2000 kr. f. á.
51. — — — C. 2: sá liður nefnist Gufubátsferðastyrkur alt að 45,000 hvort árið.
52. — — — C: öll klausan: »Fénu má verja — — endurgjalds« (bls. 14) falli burt.
53. — — — D. I: Sá liður orðist svo: Ritsímafélagið mikla norræna . . . 35,000—35,000.
54. — — — D. II. 1: Sá liður nefnist: Búðardals-talsími frá Borðeyri: 17,000.
55. — — — D. II. 2: Sá liður orðist: Stykkishólmstalsími frá Borgarnesi.
56. — — — Til þeirrar símalagningar veitast 55,000 kr.
57. — — — D. II. 3: Sú fjárveiting falli niður.
58. — — — E. I. orðist: til eftirlits með vitum 1500 kr. hvort árið.
59. — — — E. II—XV: vitunum sé raðað þannig og þeir nefndir sem hér segir: Skipaskagaviti, Elliðaeyjarviti, Arnarnesviti, Siglunesviti, Rifstangaviti, Langanesviti, Dalatangaviti, Dyrhólaeyjarviti, Vestmanneyjaviti, Reykjanesviti, Skagatáarviti, Gerðatangaviti, Hafnarfjarðarvitar, Gróttuviti.
60. — — — Styrkurinn til Hafnarfjarðarvitanna falli burt síðara árið.
61. — — — A. b. 4: sá liður hækki upp í 4000 kr. hvort árið.

62. Við 13. gr. B. I. 2: athugasemdirnar báðar falli burt.
63. — — — B. II. 2: athugasemdirnar báðar falli burt.
64. — — — B. III b: fyrir 1800 kr. komi 800 kr. hvort árið.
65. — — — B. III. 2: athugasemdin falli burt.
66. — — — B. IV. c. 7: athugasemdirnar báðar falli burt.
67. Við 14. gr. B. VIII. a. 1: fyrir 7000 kr. komi 3000 kr. hvort árið.
68. — — — B. 2: aftan við þann lið, sem verður 4. tl., bætist orðin »alt að«.
69. — — — B. 2: Fjárveitingin í þessum lið sé 1500 kr.
70. — — — B. 3. tölul., sem verður 5. tl.: fjárveitingin sé 3000 kr. hvort árið.
71. — — — B. 4. tl., sem verður 6. tl.: fyrir »alt að 1120 kr.« komi: alt að 2000 kr. hvort árið.
72. — — — B. VIII. b. 1: fyrir 6000 kr. komi 5000 kr.
73. — — — B. VIII. b. 2: athugasemdin falli burt.
74. — — — B. VIII. b. 3: Til að koma upp barnaskólum utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar.
75. — — — VIII. 5. b.: liðurinn falli burt.
76. — — — VIII. c. fyrir 500 kr. (innan striks) komi: 750 kr.
77. — — — VIII. c.: fjárveitingin 3500 kr. breytist í 5000 kr. hvort árið.
78. — — — VIII. c.: athugasemdin falli burt.
79. — — — VIII. k.: liðurinn falli burt.
80. — — — IX. a—b.: athugasemdirnar báðar falli burt.
81. — 15. — 1. d.: fyrir 6000 kr. komi 5000 kr. hvort árið.
82. — — — 1. k.: fyrir 800 kr. komi 1400 kr. hvort árið.
83. — — — 2. a.—d.: liðurinn orðist: 2. Til kaupstaðabókasafna 2000 kr. hvort árið.
84. — — — 2.: athugasemdin falli burt.
85. — — — 3.: liðurinn orðist: Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum alt að 1500 kr. hvort árið.
86. — — — sama lið: orðin »gegn — stofnana« falli burt.
87. — — — 4. b.: aftan við liðinn bætist: »og til aðstoðar«.
88. — — — 4. b.: fyrir 1000 kr. komi 1200 kr. hvort árið.
89. — — — 4. e.: liðurinn falli burt.
90. — — — 5.: athugasemdin falli burt.
91. — — — 7.: eftir 7. a. komi nýr liður, sem verður b.: Til aðstoðar eftir reikningi alt að 600 kr. hvort árið.
92. — — — 7.: aftan við 7. b., sem verður 7. c., bætast orðin: »alt að«.
93. — — — 7. b.: athugasemdin næsta falli burt.
94. — — — 7. c.: liðurinn sá, sem verður d., orðist svo: Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að.
95. — — — 7. c (sem verður d): fjárveitingin í þeim lið breytist úr 1000 í 500 kr. hvort árið.
96. — — — 8.: athugasemdin falli burt.
97. — — — 9.: athugasemdirnar falli burt.
98. — — — 10.: Orðin »með því skilyrði — komið út« falli burt.
99. — — — 11.: Fyrir 600 komi 300 kr. hvort árið.
100. — — — Eftir 12. lið bætist inn nýr liður, sem verður hinn 13.: Til Einars skálds Hjörleifssonar 1200 kr. hvort árið, og töluliðirnir á eftir breytast eftir því.
101. — — — Eftir 17. lið (sem verður 18.) bætist inn nýr liður: Til Einars myndasmiðs Jónssonar 1500 kr. hvort árið, og liðirnir á eftir breytast eftir því.
102. — — — 19.: Fjárveitingin verði 4000 kr. f. á.
103. — — — 19.: athugasemdin falli burt.

104. Við 15. gr. 21.: athugasemdin falli burt.
105. — — — 22.: Fjárveitingin falli burt síðara árið.
106. — — — 22.: athugasemdin falli burt.
107. — — — 23.: Fjárveitingin breytist í 720 kr. hvort árið.
108. — — — Eftir 28. lið (sem verður hinn 30.) bætist inn nýr liður, sem verður 31: Til Guðm. G. Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisrannsóknanáms 1000 kr. f. á., og liðatalan á eftir breytist eftir því.
109. Við 16. gr. 1. c. 6: liðurinn falli burt.
110. — — — 2. a.: liðurinn hækki upp í 3000 kr. hvort árið.
111. — — — 2. c. 6: liðurinn falli burt.
112. — — — 4.: Liðurinn hækki upp í 2,500 kr. hvort árið.
113. — — — 4.: Eftir þann lið bætist inn nýr liður, sem verði hinn 5., o. s. frv.: Til húsmæðraskóla á Eiðum 1000 kr. hvort árið.
114. — — — 5.: Fjárveitingin hækki upp í 22,000 hvort árið.
115. — — — 8.: Fjárveitingin lækki um 500 kr. hvort árið.
116. — — — 8. þar næst bætist inn nýr liður: Handa Ungmennafélagi Íslands til efleflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu 2000 kr. hvort árið,
117. — — — 15: Fyrir »tekniskan skóla« komi »iðnskóla«.
118. — — — Eftir 19. tölulið komi nýr liður: Handa Indriða Helgasyni og Jóni Sigurðssyni til að halda áfram námi í rafmagnsfræði.
119. — — — 20. lið: fyrir 5000 komi 3000 kr. hvort árið.
120. — — — 22. Athugasemdin »þegar skip« o. s. frv. falli burt.
121. — — — 24. b.: Liðurinn falli burt.
122. — — — 26.: Liðurinn fallí burt.
123. — — — Við bætist nýr liður: Hjálpræðisherinn í Reykjavík 250 kr. hvort árið gegn öðru eins úr bæjarsjóði Reykjavíkur.
124. — — — 27.: Athugasemdin falli burt.
125. — — — Eftir 27. tl. bætist inn: Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til iðnsýningar 2000 kr. síðara árið.
126. — 18. — Ellistyrkur til síra Hjörleifs Einarssonar hækki upp í 500 kr.
127. — — — Sömul. til Elinborgar Friðriksdóttur upp í 600 kr.
128. — — — Böðvari Jónssyni pósti veitist 100 kr. ársstyrkur.
129. — 19. — Þriðja málsgrein: »Upphæð, er svarar« o. s. frv. falli burt.
130. Við 21. gr. bætist:

a) Sláturfélagi Suðurlands má lána úr viðlagasjóði 45,000 kr. gegn jafnmiklu stofnfé (hlutafé) og ábyrgð sýslunefndanna í V.-Skaftafells, Rangárvalla, Árness, Kjósar, Borgarfjarðar og Mýra sýslna, og $4^1/_2$% vöxtum og afborgun á 15 árum.

b) Öðrum sláturfélögum má lána úr viðlagasjóði 25,000 kr. gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda og öðrum kjörum hinum sömu.

c) Ullarverksmiðjunni á Akureyri má lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. með ábyrgð bæjarstjórnar og sýslunefnda Eyfirðinga gegn $4^1/_2$% vöxtum og afborgunarlaust 5 ár hin næstu.

d) Handa Heilsuhælisfélaginu má ábyrgjast 150 þús. kr. láutöku til að koma upp heilsuhæli á Vífilstöðum yfir 50 sjúklinga.

e) Fljótshlíðarhreppi má veita úr viðlagasjóði 5 þús. kr. lán gegn ábyrgð sýslunefndar Rangæinga með $4^1/_2$% vöxtum og 15 ára afborgun.

f) Alt að 6000 kr. má lána úr viðlagasjóði kirkjusjóði Íslands, ef á þarf að halda til að hlaupa undir bagga til að endurreisa 2 kirkjur í Árnessýslu, er fuku í vetur.

g) Til umbótar á bryggjunni á Blönduósi má veita sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. láni úr viðlagasjóði.

h) Í stað 30,000 kr. kornforðabúrslánsheimildarinnar í síðustu fjárlögum komi heimild fyrir alt að 10,000 kr. láni hvort ár hin næstu.

131. Aftan við fjárlögin bætist svolátandi ný grein, sem verður 22. gr.:

Þessar áætlanir og fjárveitingar eru þeim skýringum háðar og þeim skilðögum bundnar, sem hér segir:

1. Tollar þeir, er taldir eru í 2. gr. 8.—13., eru áætlaðir að frádregnum innheimtulaunum.

2. Styrkurinn í 12. gr. 2. greiðist hreppsnefnd Hofshrepps í Öræfum.

3. Styrknum í sömu gr. 3. a. til Björns augnlæknis Ólafssonar fylgir sú kvöð, að veita stúdentum í læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minsta kosti einu sinni á mánuði.

4. Styrkur til sama manns í sömu gr. 3. b. er því skilyrði bundinn, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomu stað, eftir samráði við landsstjórn, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr.

5. Styrknum til tannlæknis Vilh. Bernhöfts (12. gr. 4.) fylgir sú kvöð, að hann veiti stúdentum í læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, og að hann haldi ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.

6. Sjúkraskýla byggingarkostnaðurinn (12. gr. 8. k.) má vera mest þriðjungur byggingarkostnaðar og fara aldrei fram úr 1000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa.

7. Styrkinn til utanferða héraðslækna (12. gr. 8. l.) veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

8. Af fjárveitingunni í 13. gr. A. 1. b. 1. eru 500 kr. launabót handa fyrsta póstafgreiðslumanni Þorleifi Jónssyni.

9. Af póstflutninga-fjárveitingunni (13. gr. A. 2.) eru 8000 kr. ætlaðar hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) með skipum, sem ekki njóta fasts tillags, milli Íslands og útlanda, og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skipin sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram.

10. Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag, og 1 stund á helgum dögum.

11. Keflavíkurvegarfjárveitingin (13. gr. B. VII.) er því skilyrði bundin, að jafnmiklu fé að minsta kosti sé varið til vegarins annarstaðar frá.

12. Fjárveitingin til ritsímafélagsins norræna (13. gr. C. 1.) eru umsamdar fjárgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 1906 fyrir að halda uppi ritsímasambandi milli Íslands og Hjaltlands og fyrir 300,000 kr. tillag félagsins til landssímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur.

13. Koparþráð í talsímann nýja milli Reykjavíkur og Ísafjarðar (13. gr. D. II. 4) er stjórninni heimilt að kaupa, er henni þykir bezt henta vegna verðsins.

14. Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar séu talsímastöðvar til almenningsnota á símaleiðunum (13. gr. D. II. 1. 2. 4. 5.), að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landssímastöðva og stjórnin nánara ákveður.

15. Styrkurinn til hvers nemanda við prestaskólann (14. gr. B. I. b. 2) má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið.

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.

16. Styrkur til hvers nemanda við læknaskólann (14. gr. B. II. b. 2) má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið.

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalftlum nemendum. og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendnm.

17. Námsstyrkurinn við lagaskólann (14. gr. B. III. c. 2) veitist með sömu skilyrðum sem við prestaskólann og læknaskólann.

18. Námsstyrkur til hvers nemanda við mentaskólann (15. gr. B. IV. c. 7) má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.

19. Styrkur til barnaskóla (14. gr. B. VIII. b. 1.) veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.

20. Styrkur til farskóla (14. gr. B. IV. b. 2.) veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.

21. Styrkurinn til að koma upp barnaskólum utan kaupstaða (14. gr. VIII. b. 3.) veitist með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu.

22. Styrkurinn til unglingaskóla utan kaupstaða (14. gr. VIII. c.) veitist með því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði annarsstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.

23. Sundkenslustyrkurinn til Rvíkur (14. gr. B. IX. a.) er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.

24. Sundkenslustyrkurinn utan Reykjavíkur (14. gr. B. IX. b.) veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.

25. Kaupstaðabókasafnastyrkurinn (15. gr. 2. a—d) veitist með því skilyrði, að bæjar- og sýslufélög veiti minst jafnmikið í móti.

26. Sýslubókasafnastyrkurinn (15. gr. 3) er bundinn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, og sé landsstjórninni sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.

27. Af Bókmentafélagsstyrknum (15. gr. 5) veitast 500 kr. með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni eða sem því svarar af registri.

28. Forngripasafnið (15. gr. 7) sé opið frá 15. júní til 15. sept. 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 1 tíma á dag.

29. Fornleifafélagsstyrkurinn (15. gr. 8) greiðist því að eins, að Árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.

30. Af Náttúrufræðisfélagsstyrknum (15. gr. 9) greiðast 200 kr. á ári til umsjónar við Náttúrugripasafnið. Að öðru leyti er styrkurinn bundinn því skilyrði, að Náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni í viku.

31. Fornbréfasafnsstyrkurinn er því skilyrði bundinn, að gefið verði út sams konar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út.

32. Goodtemplara-stórstúkan og Bindindis-sameining Norðurlands (15. gr. 18—19) geri stjórninni reikning fyrir, hversu varið er styrknum til þeirra.

33. Styrkurinn til leikfélags Reykjavíkur (15. gr. 21) er því skilyrði bundinn, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.

34. Af launafjárveitingunni við bændaskólann á Hvanneyri (16. gr. 2. a.) eru 300 kr. launabót handa Hirti Snorrasyni, fyrrum skólastjóra þar.

35. Við 22. lið 16. greinar gildir sú regla, að þegar skip, sem eiga að flytja fisk farma til Spánar eða Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík eða Ísafirði, ber lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirfiskimatsmannsins um gæði vörunnar sé ritað á hleðsluskjöl þeirra, eða rita

á þau vottorð sitt um það, að sendandi vörunnar hafi, þrátt fyrir áskorun, neitað að láta yfirfiskimatsmanninn meta gæði hennar.

36. Það er að segja um Fiskiveiðasjóðinn, að ef stofnað verður útgerðarmannafélag, er nái til allra eða flestra innlendra síldarútvegsmanna, þá skal jafnan leita álits þess félags um úthlutun á því fé í Fiskiveiðasjóði, sem ætlað er til eflingar síldarútvegi.

Nd.

246. Frumvarp

til laga um friðun silungs í vötnum.

Frá landbúnaðarnefndinni, framsögumaður Pétur Jónsson.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um friðun á silungi og um veiðiaðferðir í vötnum, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er 3 menn eða fleiri eiga rétt til silungsveiði í sama vatni, getur meiri hluti þeirra krafist, að sýslunefndin gangist fyrir samþykt, slíkri sem um er rætt í 1. gr. Atkvæðisrétt hafa allir þeir, er veiðirétt hafa með höndum á því svæði, er samþyktin verður að ná til. Þó kemur atkvæði landsdrottins, ef hann kemur til fundar, í stað leiguliða.

3. gr.

Þá er krafist er samþyktar samkv. 2. gr., skal sýslunefnd taka til meðferðar á fyrsta fundi sínum frumvarp til samþyktarinnar og gera það úr garði eins og henni virðist rétt. Síðan kveður oddviti hennar til fundar, á þeim stað er sýslunefnd til tekur og með nægum fyrirvara, alls þá, er atkvæði eiga um samþykt þá. Stýrir oddviti fundinum eða sá maður annar, er hann kveður til þess.

4. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktarinnar, eins og sýslunefndin hefir samþykt það. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, fer um það sem fyr segir. Að öðrum kosti er frumvarpið fallið. Eigi má fallið samþyktarfrumvarp eða fallnar breytingartillögur bera upp á ný fyrir næsta aðalfund sýslunefndar.

5. gr.

Nú er gerð samþykt, eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, er samþyktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og til tekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla, er silungsveiði stunda á því svæði er hún nær til.

6. gr.

Nú vilja menn breyta löggiltri samþykt um silungsfriðun eða nema úr gildi, og þarf til þess alla sömu aðferð og að koma henni í gildi.

7. gr.

Í samþyktum þessum má ákveða um friðun á riðasilungi og riðastöðvum (gotstöðvum) um ákveðinn tíma árs eftir mismunandi staðháttum, ennfremur um friðun á ófullþroska silungi og um tilhögun netja og annara veiðivéla. Þar má og ákveða sektir fyrir brot á samþyktinni alt að 100 krónum. Í samþykt skal ákveðið um eftirlit, er nauðsynlegt þykir, til þess að ákvæða hennar sé gætt, og hversu kostnað við það skal greiða.

8. gr.

Brot gegn samþyktum þessum sæta sömu meðferð sem opinber lögreglumál.

Nd.

247. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs (þskj. 98).

Hugsunin, er liggur til grundvallar fyrir frumv. þessu, er sú að stíga spor í áttina til þess að útrýma úr sögu landbúnaðar vors á komanda tíma einhverjum hryggilegasta og skaðlegasta viðburði, sem þar getur átt heima, en sem því miður hefir of oft komið fyrir á líðnum tíma, þeim viðburði, að búfé landsmanna hefir farist fyrir hungur og fóðurskort, þegar harðindi og óáran hafa gengið yfir landið. — Hinar auknu og bættu samgöngur við önnur lönd og símasambandið milli vor og annara þjóða tryggja það að nokkru, að oftast verður kostur þess að bæta úr fóðurskorti í harðindum í þeim héruðum landsins, sem sótt geta að íslausum höfnum. En einatt ber svo við, — einkum þegar harðast er í ári og fóðurskortinn því mest að óttast — að allmikill hluti landsins er luktur hafís langan tíma, svo að engin skip komast þar að landi. Þar sem fæstir kaupmanna sjá sér fært að hafa meiri kornforða undir veturinn en ætla má að nægi til manneldis fram undir vorið, þá eru mönnum allar leiðir luktar í þessum héruðum búfé sínu til bjargar, ef fóðurskortur verður. Þess vegna er það hið mesta nauðsynjamál, að mynduð séu fóðurforðabúr í þessum héruðum. Tilgangur frumvarps þessa er að vekja áhuga á þessu nauðsynjamáli og jafnframt að tryggja það með lögum, að veita megi fé á fjárlögum til þess að lána til stofnunar slíkra forðabúra, og að þeim sé við haldið og stjórnað á fullnægjandi hátt.

Fyrir allmörgum árum hefir alþingi haft til meðferðar frumvarp, sem fór í líka átt (á þingunum 1887 og 1889). Það náði ekki að verða að lögum. En þá komu fram litlu síðar lögin um horfelli á skepnum, sem eiga skylt við þetta mál. Síðan hefir Búnaðarfélag Íslands aftur vakið máls á stofnun fóðurforðabúra á búnaðarþingunum, samið sýnishorn af reglum fyrir þau, sem prentað er í síðustu fundargjörð búnaðarþingsins. Búnaðarfél. Íslands hefir enn fremur komið því til leiðar, að fé er ætlað á fjárlagafrumv. því, er lagt er fyrir þetta þing, til þess að lána til stofnunar kornforðabúra og heitið nokkrum styrk til þeirra. Loks hefir nú frumv. þetta verið lagt fyrir þingið og afhent búnaðarmálanefndinni til athugunar og umsagnar.

Nefndin hefir öll verið á einu máli um það að ráða háttv. neðri deild til að samþykkja frumv. En jafnframt leyfir hún sér að gera þessar breytingartillögur við það:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna: »innan sýslu viðvíkjandi kornforðabúrum til skepnufóðurs« komi: »um kornforðabúr til skepnufóðurs«.
2. Við 2. gr. Fyrri hluti greinarinnnar orðist svo: »Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði því, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrétt á þeim fundi« o. s. frv.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna í annari málsgrein: »Fallist fundurinn« komi: »Fallist fundarmenn«.
   Í stað »þó« í 3. málsgrein komi »þótt«.
   Í stað »kveða til« komi »kveðja til«.
   Í stað síðustu orða 3. gr.: »að ári liðnu« komi: »á næsta aðalfundi sýslunefndar«.
4. Við 4. gr. Í stað orðanna », og virðist« komi: ». Virðist«.
   Í stað »og fylgja« komi: ». Fylgja«.
   Í stað orðanna: »Er hún upp frá því skuldbindandi« komi: »Gildir hún upp frá því«.
5. Við 5. gr. Í stað orðanna: »skal tiltekið« komi: »skulu þar vera ákvæði«.
   Í stað orðanna: »kostnað við það« komi: »kostnað við forðabúrið«.
6. Þá bætist inn ný grein, er verður

6. gr.

»Árlega skal stjórn forðabúrsins senda sýslunefnd fyrir aðalfund skýrslu um útlán forðabúrsins og ársreikning þess.«

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Alþingi, 16. marz 1909.

Hálfdán Guðjónsson. formaður og framsögum. Pétur Jónsson. Stefán Stefánsson þm. Eyf.

Sigurður Sigurðsson. Jón Jónsson þm. N. M.

Nd.

248. Frumvarp

til laga um lækningaleyfi.

Flutningsmaður Jón Magnússon.

1. gr.

Rétt til að fást við lækningar hér á landi hafa þeir, er staðist hafa próf í læknaskólanum í Reykjavík eða háskólanum í Kaupmannahöfn.

Þó mega þeir eigi gera sér að atvinnu að hjálpa konum í barnsnauð, fyr en þeir hafa lokið námsskeiði í fæðingarhúsinu í Kaupmannahöfn, eða fæðingahúsi hér á landi ef það kemst á fót.

2. gr.

Ráðherra Íslands getur veitt mönnum, er eigi hafa staðist þau próf, sem nefnd eru í 1. gr., ótakmarkað eða takmarkað lækningaleyfi, ef þeir sanna að þeir hafi næga kunnáttu og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

3. gr.

Allir þeir, er hafa lækningaleyfi, skulu háðir eftirliti landlæknis. Ber landlækni að gæta þess, að þeir haldi öll ákvæði í heilbrigðislöggjöf landsins, og má hann heimta af þeim þær sjúkdómsskýrslur, er hann telur nauðsynlegar, þótt þeir hafi ekkert embætti á hendi.

4. gr.

Ef landlæknir verður þess var, að einhver læknir vanrækir læknisskyldur sínar, gerir sig sekan í einhverri óhæfu er við kemur lækningastarfi hans, eða breytir út af fyrirmælum heilbrigðislaga landsins, þá skal hann áminna þann lækni um að bæta hegðun sína.

Nú er lækni veitt áminning og kemur ekki að haldi, má þá landlæknir svifta hann lækningaleyfi, en skýra skal hann jafnframt stjórnarráðinu frá öllum málavöxtum.

5. gr.

Ef einhver sá, er hefir takmarkað lækningaleyfi, samkvæmt 2. gr., tekst á hendur lækningu á öðrum sjúkdómum en þeim, sem honum er leyft að fást við, eða beitir öðrum lækningaaðferðum, en þeim, sem hann hefir leyfi til að iðka, og verður hann uppvís að því, að hafa gert sjúklingi mein, þá skal hann sæta sektum, eða fangelsi og hafa fyrirgert lækningaleyfi sínu.

6. gr.

Ef einhver sá, er hefir ekkert lækningaleyfi, tekur sjúklinga til meðferðar og auk þess kallar sig lækni, eða notar lyf, sem lyfsalar mega ekki selja án lyfseðils, eða flakkar sveit úr sveit, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi.

Ef einhver, sem hefir ekki ótakmarkað lækningaleyfi, sbr. 1. og 2. gr., tekur til meðferðar sjúkling með næmum sjúkdóm, sem lög skipa varnir við, varðar sektum eða fangelsi.

7. gr.

Þær hegningar, sem sem ákveðnar eru í þessum lögum koma ekki til greina, ef brotið er þannig vaxið, að harðari refsing liggur við í öðrum lögum.

8. gr.

Lög 29. febrúar 1884, er breyta tilskipun 5. sept. 1794 og sú tilskipun, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af landlækni og fylgja því eftirritaðar athugasemdir um hverja grein, samdar af honum.

Við 1. gr.

Fult lækningaleyfi (jus practicandi) er hér bundið þeim hinum sömu skilyrðum, sem felast beinleiðis eða óbeinleiðis í ýmsum eldri lögum og tilskipunum.

Við 2. gr.

Ef það her til að erlendir læknar vilja setjast hér að og hafa staðist læknapróf, þótt annarsstaðar sé, en í ríkjum Danakonungs, t. d. í Noregi eða Þýzkalandi, þá virðist ekkert mæla móti því, að þeim geti orðið veitt ótakmarkað lækningaleyfi.

Þó er það alsiða nú á dögum, að leikmönnum er veitt sú mentun sem með þarf, til að fást við einstaka sjúkdóma, t. d. tannsjúkdóma, eða beita einhverri einni lækningaraðferð, t. d. nuddlækningu.

Þeim mönnum er veitt takmarkað lækningaleyfi í öðrum löndum og ætti það einnig að vera í lögum hér á landi.

Við 3. gr.

Það er mjög mikils vert fyrir þjóðfélagið, að þess sé gætt, að allir læknar haldi sér við þau lög, er lúta að læknisstörfum. Landlæknir verður að hafa það eftirlit. Nú er einnig áríðandi að vita um útbreiðslu næmra sjúkdóma, og í öðrum löndum er öllum læknum gert að skyldu, að láta í té þær skýrslur, sem heilbrigðisstjórn heimtar. Hér í Reykjavík eru ýmsir læknar, sem engin embætti hafa á hendi. Hafa sumir þeirra neitað að láta í té skýrslur um næma sjúkdóma sem þeir hafa séð. Hér er bætt úr þessu.

Við 4. gr.

Það er afaráríðandi allri alþýðu, að mega bera fult traust til þeirra manna, er lækningaleyfi hafa, og þess vegna nauðsynlegt að þeir læknar, sem misbeita læknisþekkingu sinni, eða verða óhæfir til læknisverka t. d. vegna mikillar drykkjuskaparóreglu eða annarar brjásemi, séu sviptir lækningaleyfinu.

Þar sem landlækni ber að hafa gát á öllum læknum landsins, verður að veita honum heimild til að svifta lækni lækningaleyfi tafarlaust, ef bráðan ber að, en sjálfsagt að ráðherran felli fullnaðarúrskurð.

Við 5. gr.

Það ber til að þeir sem hafa lært einhverja eina lækningaraðferð t. d. nuddlækningu, taka það fyrir að beita þessari aðferð í gróðaskyni, við alla, sem til þeirra leita, enda þótt þeir viti, að þeir gera sumum sjúklingunum ekkert gagn. Yfirleitt má búast við, að það vilji til, að þeir menn, sem hafa takmarkað læknisleyfi, geri sig seka í því að taka til meðferðar sjúkdóma, sem þeir mega ekki fást við og hafa ekkert vit á, eða beiti lækningaraðferðum, sem þeir kunna ekki með að fara; oft vinna þeir þá sjúklingum stór mein.

Slíkt samvizkuleysi hlýtur að varða missi lækningaleyfisins.

Við 6. gr.

Ef læknisstarfið er öllum frjálst, þá fer jafnan svo, að ýmsir óvandaðir menn gera sér það að atvinnu, kalla sig lækna, telja fólki trú um að þeir séu mjög fróðir, þótt þeir séu allsendis ófróðir, tæla fé út af fáfróðri alþýðu og vinna mörgum sjúklingi mein, beinleiðis eða óbeinleiðis, en fáum eða engum gagn. Þetta má ekki líða. Sumir þessara manna eru að vísu sómamenn, hnýsast í lækningabækur, og halda að þeir séu svo færir að hjálpa sjúklingum. Þeir vinna engum mein vísvitandi, en oft óafvitandi.

Einna verst fer á því, að skottulæknar eða menn er hafa takmarkað lækningaleyfi, megi taka til meðferðar sjúklinga með næma sjúkdóma. Það truflar allar sóttvarnarráðstafanir og verður til stórtjóns.

Nd. **249. Frumvarp**

til námulaga.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.

1. kafli.

Um málmleit.

1. gr.

Sérhverjum skal heimilt samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir að leita málma og málmblendinga í jörðu eða landi, sem er óskift eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs- og lénskirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi, og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Sá, sem vill málmleit gera, skal hafa málmleitarbréf og sýna það jarðarábúanda áður en hann byrjar málmleit. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er bréfið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótast af málmleitinni. Tryggingu þessa getur málmleitarmaður þó komist hjá að setja, ef hann lýsir því yfir skriflega, að hann ætli sér ekki að gera neitt jarðrask á túnum eða í matjurtagörðum jarðanna, þar sem hann ætlar sér að leita, og skal það þá tekið fram í málmleitarbréfinu, að hann hafi ekki rétt til að leita að málmum, sem jarðrask fylgir í túnum eða matjurtagörðum, nema trygging sé sett. Eigi má þó krefjast hærri tryggingar en sem nemur 200 krónum.

Málmleitarbréf gefur lögreglustjóri, og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir, eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna hverir þeir séu.

Málmleitarbréf gildir 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda.

Leyfisbréf til málmleitar á almenningum og öðrum landsvæðum, sem eigi

eru metin til dýrleika, gefur lögreglustjóri sá einnig út, sem næstur er, og skal leitarsvæðið til tekið.

Útlendingar og innlendir menn, sem dvelja langvistum erlendis, skulu um leið og þeir beiðast málmleitarbréfs og tilkynna málmfund, tilkynna lögreglustjóra skriflega, hver sé umboðsmaður þeirra hérlendis; að öðrum kosti má eigi veita þeim málmleitarbréf né taka málmfundartilkynningu þeirra til greina.

Fyrir málmleitarbréf skal greiða 2 krónur í landssjóð.

3. gr.

Á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, sem liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra, má málmleit eigi gera með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða öðrum áþekkum áhöldum, án leyfis jarðarábúanda. Á alfaravegum má ofanjarðar málmleit eigi fara fram, og alls enginn málmgröftur í kirkjugörðum eða grafreitum.

Ef málmleit fer fram með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða áþekkum áhöldum, í minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður, að viðlagðri hæfilegri sekt, alt að 50 krónum, gera íbúum hússins viðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja vörð á veginn til að viðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk sektarinnar, bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

4. gr.

Nú er gerð gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gerði, hvort sem er á eigin landi eða annarra, halda uppi gripheldri girðingu um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sér að voða. Ef hætt er grefti, skal sá er gerði annaðhvort fylla gryfjuna, eða girða hana tryggilega. Vanræki hann þetta, sæti hann alt að 50 króna sekt og bæti skaða þann, sem af kann að hljótast.

5. gr.

Sá sem hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum 5—50 króna, og bæti þar að auki málmleitarmanni allan skaða, sem hann sannar, að hann hafi beðið við það.

6. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess að fyrir sé málmur, og skal hann þá, svo framarlega sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynningu í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra. Í tilkynningunni skal nákvæmlega tilgreina fundarstaðinn, málmtegundina og tilnefnda 2 votta, er á hann geti vísað. Lögreglustjóri skal rita á tilkynningarnar ár og dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar maður síðustu 2 árin þar á undan sent á lögmætan hátt tilkynningu um málmfund á sama svæði, skal lögreglustjóri rita athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð, en lögreglustjóri ritar hitt eintakið orðrétt með athugasemdum sínum í námubréfabókina.

Finnandi skal því næst annast um, að þeim, sem landið hefir til nytja, sé birt innan 8 vikna að viðstöddum 2 vottum, að tilkynning um málmfund hafi fram farið.

Tilkynning um málmfund skal tekin fullgild, þótt finnandi hafi eigi fengið málmleitarbréf áður en hann tilkynti málmfundinn, svo framarlega sem hann hefir eftir lögum þessum rétt til að fá greint bréf.

2. kafli.
Um málmgraftarbréf.

7. gr.

Heimill er málmgröftur til allra málma og málmblendinga á landssvæðum þeim, sem getur um í 1. grein.

8. gr.

Nú vill sá, sem fundið hefir vott um að málmur sé fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 2 ára frá tilkynningu um fundinn, sbr. 6. gr., senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra. Í umsókninni skal tilgreint til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa.

Frá þeim tíma er tilkynningin um fundinn fór fram, samkvæmt 6. gr., og til loka þessara 2 ára getur síðari málmfundur ekki svift fyrri finnanda rétti til útmælingar þeirrar, er 3. kafli laga þessara heimilar honum.

Sé aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan þessara 2 ára, er hverjum heimilt að hagnýta sér málmfundinn, sem finnandi væri.

Lögreglustjóri ritar þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst honum, og gefur síðan út málmgraftarbréf. Skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og í hvaða jörð eða hvar málmfundarstaðurinn sé.

Eigi má neita neinum um málmgraftarbréf, sem tilkynt hefir málmfund, en fari svo, að fleiri en eitt bréf verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgangsrétt, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraftarbréf skal innfæra orðrétt í námubréfabók.

9. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandaréttur að, eða gera tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr námum og við námur, sem hætt hefir verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 12 mánaða frá því tilkynningin var gerð, skal tilkynnandi, að viðlögðum réttarmissi, fá málmgraftarbréf hjá lögreglustjóra.

10. gr.

Fyrir málmgraftarbréf skal greiða 25 kr. í landssjóð. Fái sá, er málmgraftarbréf hefir fengið, fleiri útmælingar en eina á því svæði, greiði hann aðeins leigugjaldið til landssjóðs samkvæmt 17. gr. fyrir hvern námuteig.

3. kafli.

Um útmæling undir námu og um námubrunna.

11. gr.

Hver sá, sem fengið hefir málmgraftarbréf fyrir málmfundarstað (8. gr.) á heimtingu á að fá útmælt námusvæði, og næga lóð undir hús fyrir námuverkafólk, námuafurðir, vélar og uppgröft, annaðhvort á sjálfu námusvæðinu eða utan við það.

Sá, sem fengið hefir útmælt námusvæði, samkvæmt ákvæðum þessa kafla á einn rétt til málmnáms á því.

Hver sá, sem fyrst hefir tilkynt málmfund, og rétt hefir samkvæmt lögum þessum til að fá útmælingu, getur krafist að fá 2 útmælingar, sem nefnast námuteigar, á sama námusvæði (í æð eða lagi), fyrir utan lóð undir hús fyrir verkafólk, námuafurðir, vélar og fyrir uppgröft. Sá sem síðar tilkynnir málmfund á sama stað, og rétt hefir til að fá útmælingu, skal eig ifá meira en 1 námuteig.

12. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra; framkvæmir hann útmælingarnar og færir gerðina í námubréfabókina og afhendir beiðanda staðfesta útskrift úr henni. Útmælingarbeiðandi lætur lögreglustjóra í té nauðsynleg áhöld og aðstoð.

13. gr.

Námuteigur skal vera rétthyrndur ferhyrningur, 100,000 ferhyrnings metrar að flatarmáli, ef málmurinn liggur í lagi, en liggi hann í æð eða æðum, skal sá, er útmælingar beiðist, sjálfur tiltaka lengd, breidd og stefnu námuteigsins.

Takmörk útmælingar skulu vera lóðrétt í jörð niður.

14. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en mæla má í hverja þá stefnu er sá óskar, er útmælingar beiðist, svo framarlega sem það ekki kemur í bága við réttindi annara eftir lögum þessum.

15. gr.

Innan 6 mánaða í síðasta lagi frá því útmælingar hefir verið krafist, skal lögreglustjóri láta hana fram fara, ef óviðráðanlegar tálmanir hindra ekki.

16. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvaða dag útmælingin skuli fara fram, og tilkynnir það beiðanda í tækan tíma, svo hann geti verið viðstaddur eða umboðsmaður fyrir hann; svo skal lögreglustjóri og tilkynna það með ábyrgðarbréfi þeim, sem hefir umráðarétt yfir landinu, og þeim, sem rétt hafa til málmgraftar, eða lýst hafa málmfundi á sama stað, svo og umboðsmönnum þeirra manna, sem eiga að hafa umboðsmenn á hérlendis (2. gr.)

17. gr.

Fyrir útmæling hvers námuteigs, 100.000 ferhyrnings metra, skal greiða

lögreglustjóra 40 krónur og að auki ferðakostnað og dagpeninga samkvæmt lögum nr. 2, 2. febrúar 1894, 4. og 6. gr.

Enn fremur greiði námuhafi til jarðareiganda, (landssjóðs eða kirkju) árlegt leigugjald, 50 krónur fyrir hvern námuteig, og til jarðarábúanda 10 krónu. Auk þess greiði námuhafi jarðarábúanda lóðargjald fyrir hús og byggingar á námustaðnum, 5 aura fyrir hvern ferhyrningsmeter.

18. gr.

Innan 2 ára frá því útmæling fór fram skal námuhafi byrja á reglulegum námugrefti, ef náman liggur ekki lengra frá sjó en 10 kílómetra, þar sem þilskip geti tekið málminn, innan 3 ára, ef náman liggur fulla 20 kílómetra frá slíkum hafnastað, og svo einu ári síðar fyrir hverja 10 kílómetra úr því, sem vegalengdin eykst, þó eigi lengur en 8 ár. Eftir þann tíma missir námuhafi rétt sinn nema hann vinni árlega í námunni fyrir að minsta kosti 150 krónur til rannsóknar henni, eða greiði árlega 100 krónur í landssjóð auk gjalda þeirra, sem ákveðin eru í 2. málslið 17. gr.

Nú er ekki byrjað á reglulegum námurekstri 8 árum eftir að námurekstur skyldi byrja, eða að námurekstur legst niður 8 ár samfleytt eftir að reglulegur námurekstur var byrjaður og hefir námuhafi þá að fullu fyrirgert námurétti sínum.

Vegalengdin skal talin eftir því sem almennir vegir liggja að hafnarstaðnum frá námunni, séu þar nokkurir vegir, en annars beinustu leið, þar sem torfærur eru minstar að hafnastaðnum.

Verði ágreiningur um vegalengdina, getur lögreglustjóri látið mæla hana á kostnað námuhafa

19. gr.

Nú ganga menn í félag, er útmælingar hafa fengið, og er þá eigi skylt fyrir námugraftarins sakir, að hafa nema einn námubrunn á félagssvæðinu.

4. kafli.

Um vegi, vatnsafnot og bryggjugerð.

20. gr.

Sérhver sá, er fengið hefir útmælt námusvæði, á rétt á að leggja vegi yfir land jarðarinnar fyrir flutning að og frá námunni, hvert sem hann þarfnast, svo og að gera fyrirhleðslu fyrir vatn. Vegir þessir og fyrirhleðslur mega þó ekki liggja yfir tún eða matjurtagarða, nema ábúandi samþykki; og verði að leggja veg eða fyrirhleðslu yfir engjar jarðar, getur lögreglustjóri heimtað að hæfileg trygging sé sett fyrir því að jarðspell, sem af vegalagningu eða fyrirhleðslu stafar, verði bætt að fullu.

21. gr.

Heimilt er námuhafa að nota vatn eftir þörfum við námureksturinn, en

eigi má hann að neinu leyti rýra vatnsból né áveituvatn ábúanda, ef náman liggur á ábúðarjörð, nema með hans samþykki.

Ennfremur er námuhafa heimilt að nota vatn og vatnsafl til reksturs véla og til málmþvottar við námuna, að svo miklu leyti sem það ekki þegar er notað til reksturs annars iðnaðar.

Nú er skortur á vatni á námustaðnum eða í nánd við hann, og á sá, er fyrstur tilkynti málmfund forgangsrétt að afnotum vatns og vatnsafls eftir þörfum.

22. gr.

Ef jörð, sem náma finst í, liggur að sjó, á námuhafi rétt á að byggja bryggju eða hafnarkví við sjóinn, til þess að greiða fyrir fermingu og affermingu skipa, þó svo, að eigi sé spilt æðarvarpi eða laxveiði jarðar.

23. gr.

Nú spillist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en geri hann það ekki, hefir hann fyrirgert námurétti sínum; þó nær þetta ekki til þess, er fyrst hefir tilkynt málmfund á þessu svæði.

24. gr.

Reksturs frestur sá, sem um getur í síðasta málslið 18. greinar fellur burt. ef náma veldur vatnsrensli í nágranna námur, nema námurekandi sá, sem fyrir vatnsaðsókninni verður, láti það óátalið eða úr sé bætt. Ákvæði þessi gilda þó ekki fyrir þann, sem fyrstur tilkynti málmfund á þeim stað.

5. kafli.

Um rekstur námu og eftirlit.

25. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugjörð um rekstur námu, skal þar meðal annars sett ákvæði er miða að því, að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur séu tryggilega grafnar, að greinileg mörk séu sett í kringum útmæld námusvæði og um afrensli vatns frá námu; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda.

Fyrir brot á móti reglugerð má ákveða sektir alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

26. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefir borið, eða tekið hefir verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sérstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur til stjórnarráðsins.

Stjórnarráðinu skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gera

nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metra, og síðar verði bætt við uppdráttinn er náman stækkar.

6. kafli.
Um niðurlagning námu.

27. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda þeim, er hættir við námuna, heimilt að nota uppgröftinn úr henni, þótt annar byrji að reka námuna, ef hann byrjar eigi síðar að nota uppgröftinn en 12 mánuðum eftir að náman lagðist niður.

28. gr.

Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt, tilkynna það lögreglustjóra 2 mánuðum áður, svo og hvort hann ætli að nota uppgröftinn. Jafnframt skal hann senda uppdrátt þann, sem gerður kann að hafa verið af námunni. Tilkynningar þessar skulu innfærðar í námubrjefabókina.

29. gr.

Nú er námurekstri hætt, eða rétturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því, eða flytja neitt burt af því, sem gert hefir verið til að halda námunni og göngum hennar tryggum. En loka skal hann námunni tryggilega, svo að menn eða alidýr geti ekki farið sér að voða.

Brot á móti ákvæðum þessarar greinar varða sekt alt að 1000 kr.

7. kafli.
Almenn ákvæði.

30. gr.

Fyrir jarðspell, er málmleit og námurekstur kann að hafa í för með sér, skal, ef hlutaðeigendur verða eigi á annað sáttir, greiða fullar bætur eftir mati þriggja óvilhallra dómkvaddra manna. Bæturnar greiði málmleitandi eða námueigandi, og renna þær til jarðeiganda, og bæti hann ábúanda halla þann, er hann kann að verða fyrir.

31. gr.

Auk námubréfabókar þeirrar, er gert er ráð fyrir í lögum þessum, skal lögreglustjóri hafa námuregistur, þar sem hver námustaður hefir sinn sérstaka dálk, og skal alt það, sem að einhverju leyti leggur námuréttarbönd innfært á dálk staðarins og jafnframt vísað til gerðarinnar í námubréfabókinni.

Samkvæmt þessum bókum skal lögreglustjóri gefa hverjum, sem þess æskir, námubréfabókarvottorð gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð.

32. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubækur lögreglustjóra.

33. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er getur um í 25. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er þau eru birt í Stjórnartíðindunum og frá sama tíma eru námulög nr. 61, 22. nóv. 1907 úr gildi fallin.

Nd.

250. Frumvarp

til laga um verzlunarbækur.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.

1. gr.

»Kaupmenn« táknar í lögum þessum þá menn, sem reka verzlun sér til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabréfi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir er reka verksmiðju-iðnað sér til atvinnu. Það á jafnt við félög sem einstaklinga, alla þá sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskifta-framleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu-atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sín.

2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti önnur en þau, er hönd selur hendi í frumbók (Prima Nota, Memorial eða Journal), daglega jafnsnart sem þau fara fram, og skal sú bók vera gegnumdregin, innsigluð og löggilt af notarius publicus og blaðsíður allar tölumerktar.

3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók-sjóð (Konto Kurant, Ledger) og Bréfabók. Í Sjóðbók skal rita allar sjóðsgreiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita reikninga einstakra skiftavina. Í Bréfabók skal vera samrit bréfa, er snerta viðskifta-atvinnuna, þeirra er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum hérlendis eða öðrum, er viðskifta-atvinnu reka.

4. gr.

Það varðar refsingu, sektum, fangelsi eða betrunarhússvinnu eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlunarbók, eða að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því sem eitt sinn er ritað, skal leiðrétta það, annaðhvort með annari innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við er vanritast hafði, eða þá á þann hátt, að stryka út það sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það er út var strykað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spázziu eftir því sem bezt hentar.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru til að halda löggiltar bækur skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni á ári hverju, í sama mund hver, og færa það inn í sér staka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjálfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu efnum fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi eða betrunarhússvist.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún féll í gjalddaga, ef hún er til orðin fyrir 1. júlí, eða innan þriggja missira, ef hún er til orðin síðari hluta árs, og skal þá það sem skráð er í löggilta frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þviuml., og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sérstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sín innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi, er bækur beggja eru löggiltar, þær er innfærslurnar eru í.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hagnýta sér sönnunar-gildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaranum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni, sem máli skiftir), er staðfest sé af notarius publicus. Sé endurrit notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sé, að því er af útliti verður séð, löglega rituð og skipulega.

Nd.

251. Frumvarp

til laga um fiskimat.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Allur saltfiskur, sem fluttur er héðan af landi og fara á til Spánar eða Ítalíu, hvort heldur beina leið eða um önnur lönd, skal metinn og flokkaður eftir gæðum af fiskimatsmönnum undir umsjón yfirfiskimatsmanns. Yfirfiskimatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun, hleðslu og meðferð fiskjarins í útflutningsskipunum og gefa fyrirskipanir hér að lútandi, er þeim er skylt að hlýða, er hlut eiga að máli. Hverjum fiskfarmi skal fylgja vottorð yfirfiskimatsmanns ritað á farmskrárnar.

Nánari reglur um matið og meðferð vörunnar bæði við útskipun og í útflutningsskipunum skulu settar í erindisbréfum yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna, sem stjórnarráðið gefur út.

2. gr.

Ráðherrann skipar yfirmatsmennina, og skulu þeir hafa aflað sér þekkingar á fiskimati, verkun og meðferð fiskjar, annaðhvort með því að hafa starfað sem fiskimatsmenn eða á annan hátt.

Þeir skulu rita undir eiðstaf, um að þeir vilji hlýða ákvæðum þeim, sem sett eru viðvíkjandi starfi þeirra, og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla í stöðu þeirra.

3. gr.

Þessir yfirfiskimatsmenn skulu þegar skipaðir og laun þeirra greidd úr landssjóði:

1. Yfirfiskimatsmaðurinn í Reykjavík. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið austan frá Þjórsá vestur að Öndverðarnesi: árslaun hans eru 2000 kr. Hann er jafnframt ráðunautur stjórnarráðsins í þeim málum, sem viðkoma fiskimati og fiskverkun.

2. Yfirmatsmaðurinn á Ísafirði. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá Öndverðarnesi norður til Reykjarfjarðar í Strandasýslu; árslaun hans eru 1800 kr.

3. Yfirfiskimatsmaðurinn á Akureyri. Umdæmi hans skal ná yfir svæðið frá og með Reykjarfirði austur að Langanesi; árslaun hans eru 1600 kr.

4. Yfirfiskimatsmaðurinn á Seyðisfirði. Umdæmi hans skal ná norðan frá Langanesi suður að Hornafirði, að þeim firði meðtöldum, árslaun hans eru 1600 kr.

5. Yfirfiskimatsmaðurinn í Vestmanneyjum. Umdæmi hans eru Vestmanneyjar og Vík í Mýrdal og árslaun 800 kr.

Tölu yfirfiskimatsmanna má auka með fjárveiting á fjárlögum og verður þá gerð nauðsynleg breyting á umdæmum þeirra með konungsúrskurði.

4. gr.

Fiskimatsmenn skipar lögreglustjóri á hverjum fiskiútflutningsstað svo marga, sem yfirfiskimatsmaður telur þurfa, og eftir tillögum hans. Þeir skulu, áður en þeir taka til starfa, rita undir eiðstaf, sem stjórnarráðið fyrirskipar.

5. gr.

Þegar yfirfiskimatsmenn takast ferð á hendur út fyrir lögsagnarumdæmi það, sem þeir eru búsettir í, til þess að meta saltfisk til útflutnings, skulu útflytjendur greiða þeim í fæðispeninga 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir nauðsynlega þurfa að vera að heiman í þeim erindum, og ferðakostnað, hvorttveggja eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman. Nú er í sömu ferðinni metinn fiskur fyrir fleiri en einn útflytjanda og skal þá jafna þessum kostnaði niður á þá í réttu hlutfalli.

Kaup fiskimatsmanna fyrir störf þeirra við fiskimat greiða útflytjendur saltfisksins þeim, eftir því sem nánara verður ákveðið í erindisbrjefum fiskimatsmanna.

6. gr.

Yfirfiskimatsmenn og fiskimatsmenn mega ekki taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum á útflutningsskipinu eða öðrum, sem við skipið eru riðnir, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í lögum þessum eða erindisbréfi þeirra.

Þeir mega ekki heldur vera í þjónustu kaupmanna eða annara, sem láta meta fisk til útflutninga.

7. gr.

Auk starfa sinna við mat á saltfiski til útflutnings, skulu yfirfiskimatsmennirnir skyldir að ferðast um í umdæmum sínum eftir samráði við stjórnarráðið og leiðbeina mönnum í fiskimeðferð og líta eftir henni. Á þessum ferðum fá þeir ferðakostnað greiddan úr landssjóði eftir reikningi, sem stjórnarráðið úrskurðar. Nú framkvæma þeir jafnframt fiskimat á þessum ferðum og skal þá tiltölulegur hluti ferðakostnaðarins greiddur af útflytjendum þeim, sem fiskur hefir verið metinn fyrir.

8. gr.

Sá sem flytur út eða lætur flytja út saltfisk til Spánar eða Ítalíu, án þess að láta meta hann eða fá matsvottorð um hann samkvæmt þessum lögum, sæti 100 til 3000 kr. sektum til landssjóðs.

Um mál út af brotum þessum fer sem um almenn lögreglumál.

9. gr.

Um hegningu fyrir brot yfirfiskimatsmanna og fiskimatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer eftir hinum almennu hegningarlögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Nd. **252. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911

Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 13. gr. B. Á eftir VIII. lið komi nýr liður, sem verður hinn IX., þannig orðaður: Til akvegar frá Dalvík inn Svarfaðardal 2000 kr. gegn 4000 kr. tillagi að minsta kosti annarstaðar frá.

Nd. **253. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1908 og 1909.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

3. gr. við B. II.: Til að vernda Eyrarbakkabrautina niður Breiðumýri fyrir skemdum af vatnságangi, 1600 kr.

Nd. **254. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1910 og 1911.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Í 13. gr. B. III., milli 5. og 6. töluliðs, komi:

6. Til brúar á Hölkná í Þistilfirði kr. 4,500.
7. Til brúar á Sandá í Þistilfirði kr. 10,000.

Ed. **255. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sóknartekjur.

Nefndin hefir ekki getað orðið alls kostar á eitt mál sátt um frumvarp þetta, og skýrir meiri hlutinn frá áliti sínu sem hér segir:

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi því, er milliþinganefndin í skattamálum samdi og prentað er í tillögum hennar. Það fer fram á afnám allra hinna núverandi prests og kirkjugjalda. Gjöld þessi eru samkvæmt núgildandi lögum 12 að tölu auk 5 niðurjafnana á sérstökum kostnaði í safnaðar og kirkjuþarfir.

Flest þessara gjalda eru afargömul. Á sínum tíma voru þau góð og réttlát gjöld, en nú verður það ekki sagt um allmörg þeirra. Atvinnuvegir og lifnaðarhættir þjóðarinnar, sem þau í fyrstu voru miðuð eftir, hafa stórum breyzt. Nú koma þau óréttlátlega niður og um sum þeirra er orðin töluverð réttaróvissa.

Nokkur af gjöldum þessum eru eignarskattur, svo sem fasteignar- og

lausafjártíundin til prests og kirkju og kirkjugjald af húsum, önnur þeirra mega teljast persónuleg gjöld, án þess þó að þau nái til allra stétta, og enn önnur mega fremur teljast kvaðir en gjöld, í eiginlegum skilningi. Gjöld þessi eru því orðin óþarflega margbrotin, óviss og koma ójafnt niður, enda hafa óvinsældir þeirra óðum aukist að undanförnu.

Það ber því brýna nauðsyn til að ráða bætur á þeim agnúum, sem orðnir eru á gjöldum þessum.

Í þá átt fer frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Samkvæmt því á að steypa öllum þessum gjöldum saman í tvö gjöld, prests- og kirkjugjald. Gjald þetta á hvort fyrir sig að vera persónulegt, jafnt á hvern safnaðarlim, sem er 15 ára að aldri.

Þá aðferð mætti auðvitað hafa í þessu máli, að því er til sóknartekna prestanna kemur, að fella þær niður án þess að láta nokkurt gjald koma í þeirra stað. Prestarnir yrðu þá launaðir beint úr landssjóði eins og aðrir embættismenn landsins. En bæði er örðugur fjárhagur landsins nú þessu til fyrirstöðu og svo lítur meiri hluti nefndarinnar svo á, að embættisstörf prestanna í þarfir safnaðanna og samband þeirra og safnaðanna sé þess eðlis, að persónulegt gjald eigi þar betur við en þegar um aðra embættismenn þjóðarinnar er að ræða. Hann aðhyllist þar þá stefnu frumvarpsins, að láta persónulegt gjald koma í staðinn fyrir hin núverandi prests- og kirkjugjöld. Í fljótu bragði virðist það ef til vill miður réttlátt, að gjald þetta sé jafnhátt á ríkum og fátækum, konum og körlum, en þegar þess er gætt, að allir hafa sama rétt til prestsins og kirkjunnar, og svo hins, að allir fullveðja menn, konur sem karlar, hafa atkvæðisrétt í safnaðarmálum, þá virðist þettaekki ósanngjarnt. Þessi gjöld verða og næstum einu beinu gjöldin, sem mikill hluti safnaðanna innir af hendi í opinberar þarfir.

Samkvæmt frumvarpinu er prestsgjaldið 1 kr. 50 aur. og kirkjugjaldið 75 aurar á hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri. Með gjöldum þessum næst upphæð hinna núverandi prests- og kirkjugjalda þótt 6% innheimtulaun séu frá dregin. Sóknartekjur presta munu nema um 75 þús. krónum og sóknartekjur kirknanna um 38 þús. krónum.

Með prestalaunalögunum nýju er sóknarnefndum gert að skyldu að innheimta sóknartekjur presta, að aukatekjum undanteknum. Þessi innheimta er erfið og vafningssöm að ýmsu leyti sakir þess, hve gjöld þessi eru mörg og vafasöm, og óvinsæl er hún af því, hve þau eru úrelt og ósanngjörn. Alt öðru máli er að gegna um innheimtuna samkvæmt þessu frumvarpi; hún yrði ólíkt greiðari.

Í kirkjugjaldinu er ætlast til að fólginn verði venjulega allur sá kostnaður, sem söfnuðirnir nú bera í ýmsum myndum, svo sem kostnaður við kirkjubygging, viðhald kirkjugarða, kostnaður við prestkosning, söng og orgelgjald og borgun til safnaðarfulltrúa. Allan þennan kostnað verður nú að lúka með sérstökum niðurjöfnunargjöldum á söfnuðina og er sú niðurjöfnun umsvifamikil og óþægileg bæði fyrir innheimtumenn og gjaldendur. Þessi niðurjöfnun hverfur alveg úr sögunni, þar sem söfnuðir hafa tekið að sér umsjón og fjárhald kirknanna og þar geta þeir líka sniðið gjaldið alveg eftir þörfum sínum og kirkjunnar með því að hækka það og lækka. Að vísu verður þessu ekki við komið, þar sem kirkjur standa undir umráðum einstakra manna, en þeim kirkjum fer vonandi stöðugt fækkandi og þar af leiðandi þeim umsvifum og óþægindum, sem þessi margbrotnu gjöld og kvaðir hafa í för með sér.

Að öllu þessu athuguðu telur meiri hluti nefndarinnar rétt að samþykkja frumvarp þetta. Nokkrar breytingar vill nefndin þó gera á því, og eru sumar þeirra að eins orðabreytingar og til skýringar. Helztu efnisbreytinganna vill hún geta að nokkru.

Í 3. gr. er vísað til prestalaunalaganna um reikningsskil sóknarnefndanna fyrir prestsgjaldinu. Nefndinni þykir rétt að taka þá grein úr nefndum lögum í frumvarpið með lítilli breytingu, sóknarnefndunum til hægðarauka; hafa þær þá alt í sömu lögunum um skyldur þeirra í þessu efni.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að söfnuðir geti hækkað kirkjugjöld og lækkað. Til hækkunar kemur auðvitað þá helzt, er kirkja er bygð og lúka þarf byggingarkostnað hennar; getur sú hækkun, sem af því leiðir, orðið allmikil og fátækum söfnuðum allþung. Til þess að létta þeim að nokkru þá byrði, leggur nefndin til að þessum kostnaði sé að hálfu leyti jafnað niður eftir efnum og ástæðum. Að vísu er með þessu gengið á móti meginreglu frumvarpsins, persónugjaldinu. En í þessu tilfelli lítur nefndin meira á það, að efnamennirnir beri á þennan hátt tiltölulega meira en fátæklingarnir, enda munu efnamennirnir oftast ráða meiru um það, hve þessi kostnaður verður mikill, en fátæklingarnir, og því sanngjarnt, að þeir beri nokkru meira.

7. gr. frumvarpsins telur nefndin ekki nógu ljósa. Hún vill, að það komi ljóslega fram, að forráðamenn þeirra kirkna, sem ekki eru undir umsjón safnaðanna, geti ekki mót vilja safnaðanna grætt á breytingunni á kirkjugjöldum, því að vitanlega yrði sá gróði tekinn úr vasa safnaðanna. Hins vegar má kirkjan heldur einskis í missa og vill nefndin, að hvorttveggja þetta atriði sé tekið fram með skýrum ákvæðum.

Þá telur nefndin heppilegt, að aukaniðurjöfnun sú, sem ráðgerð er í breytingartillögu hennar við 6. gr., geti farið fram á hverjum tíma árs sem er, en sé ekki bundin sömu ákvæðum og hið fastákveðna kirkjugjald. Getur það á ýmsan hátt verið haganlegra fyrir söfnuðinn og sóknarnefndina.

Við 9. gr. vill nefndin bæta ákvæði um rétt sóknarnefnda til að ganga að gjaldendum kirkjugjalds sjálfum, ef heimilisráðandi er örelgi. Ennfremur að aldurstakmark gjaldenda í 10. gr. sé miðað við næsta nýár á undan gjalddaga en ekki gjalddagann sjálfan. Hvað gjaldskylduna snertir, hefir þetta sárlítil áhrif, en áreiðanleg vissa um aldur gjaldandans auðfengnari með þessu móti.

Í 15. gr. vill nefndin breyta 10 ára meðaltali sóknartekjanna í 5 ára meðaltal, með því að svo langt tímabil geti bakað prestum í sumum prestaköllnokkurn tekjumissi.

Að öðru leyti mun nefndin gera frekari grein fyrir breytingartillögum sínum í framsögu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að háttv. Ed. samþykki frumvarpið með eftirfylgjandi breytingartillögum.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um sóknargjöld.

1. Við 2. gr. Orðin: »er telst til þjóðkirkjunnar« falli burtu.
2. — — Í stað orðanna: »Til þjóðkirkjunnar teljast allir þeir sem ekki« komi: »Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem«.

3. Við 3. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar falli burtu.

4. — — Á eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr., svohljóðandi:
»Sóknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, eða kvittun sóknarprests ins fyrir því fé, er sóknarnefndin hefir greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.
Prófastur getur haldið sóknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma«. Greinatalan breytist eftir þessu.

5. — 5. gr. Fyrir orðin: »eru fullra 15 ára að aldri« komi: »sem gjaldskyldir eru«.

6. — — Fyrir orðin: »15 ára að aldri« komi: «gjaldskyldur er til kirkju« í niðurlagi greinarinnar.

7. — 6. gr Orðin: »í þjóðkirkjunni« í upphafi greinarinnar falli burtu.

8. — — Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:
»Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu«.

9. — — Aftan við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
»Nú er kirkjugjald hækkað, og jafnar þá sóknarnefndin gjaldaukanum niður þannig, að helmingurinn greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern gjaldskyldan safnaðarlim«.

10. — 7. gr. Aftan við 1. málsgrein bætist svohljóðandi málsgrein:
»Ákvörðun þessi skal þó því að eins gilda, að kirkjuforráðandi eða söfnuður hafi beiðst þess, enda hafi hin nýja skipun rýrt eða aukið tekjur kirkjunnar til muna«.

11. — — Fyrri málsgrein síðari liðs falli burtu.

12. — 8. gr. Á eftir þriðju málsgrein (innheimtulaun) í 8. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:
»Aukaniðurjöfnun þá, er ræðir um í síðustu málsgr. 6. greinar, má sóknarnefnd gera á hverjum tíma árs sem er, og er gjalddagi þess gjalds sex vikum eftir að niðurjöfnunin er auglýst«.

13. — 9. — Á eftir fyrri málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:
»Nú er heimilisráðandi öreigi að áliti sóknarnefndar og hefir hún þá rétt til að ganga að gjaldanda sjálfum«.

14. — 10. — Fyrir: »eindaga gjaldanna« í niðurlagi greinarinnar komi: »næsta nýár á undan gjalddaga«.

15. — 11. — Fyrir: »10« komi: »5« og fyrir: »1899« komi: »1904«.

16. — 12. — Fyrir: »16« í 6. málsgr. komi: »17«.

Alþingi 17. marz 1909.

Eiríkur Briem, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.
Steingrímur Jónsson.	Jósef Björnsson.

Agreiningsálit minni hlutans.

Um það er eg háttv. meiri hluta samdóma, að breytingartillögur hans við frv. séu því til bóta.

Samdóma er eg og meiri hlutanum um, að hin fornu sóknargjöld til presta séu að sumu leyti ójafnaðargjöld og að öðru leyti úrelt vegna breytts ástands, og að dagar þeirra eigi sem fyrst að vera taldir.

Um önnur meginatriði málsins, að því er til prestsgjaldanna kemur, er eg meiri hlutanum ósamdóma.

Alt fram á yfirstandandi þing virtist þjóð og þing og stjórn samdóma um, að þetta þing ætti ekki að taka tillögur milliþinganefndarinnar i skattamálum landsins til meðferðar. Hafi það verið vel og rétt ráðið, sem eg tel vafalaust að verið hafi, þá verð eg að telja fljótráðið, ef ekki misráðið, að slita nú skattamál þetta, þann veg sem meiri hlutinn ræður til, út úr heildarsambandi því við önnur skattamál landsins, sem það var sett í, er það var lagt í hendur milliþinganefndarinnar, og ráða því fyrirfram einu um sig til lykta með persónuskatti, er þjóðin ekki hefir fengið ráðrúm til að ræða og láta uppi álit sitt um.

Hinum eigi óverulega persónuskatti (nefskatti), er farið er fram á, er eg eindregið mótfallinn af ástæðum þeim er eg nú skal telja:

1. hann er í sjálfum sèr og út af fyrir sig mesti ójafnaðarskattur; er og
2. fyrir þá sök allra skatta óvinsælastur og verst fallinn til greiðslu embættismannalauna, og mundi sú óvinsæld gjaldsins bitna að ósekju og ómaklega á prestastétt landsins, og loks
3. yrði innheimtan afar umsvifasöm og dýr.

Þau tel eg aftur á móti hagkvæmust og heppilegust úrslit þessa prestgjaldamáls, að prestsgjöld þessi (sóknartekjur) verði úr gildi feld, og upphæð sú, er þau nema, c. 75,000 kr., verði greidd úr landssjóði árlega í prestlaunasjóð, og gangi þaðan til að launa prestastétt landsins, — og að þessi skipun komist á jafnframt því er skattamálunum í heild þeirra verður af nýju skipað með lögum.

Um hina nýju skipun kirkjugjalda, er háttv. meiri hluti ræður til, get eg verið honum samdóma að því er bændakirkjur snertir.

Aftur á móti vil eg skylda söfnuði til að taka lénskirkjur til umsjónar, og gefa sóknarnefndum vald til að ákveða árlega nauðsynlega tekjuupphæð til handa kirkjum þeirra, og sé þá beitt sömu aðferð og reglum, sem meiri hlutinn leggur til að beitt sé við aukaniðurjöfnun gjalds til kirkju.

En þótt mig í verulegum atriðum greini á við háttv. meiri hluta í þessu máli, ber eg eigi að þessu sinni fram sérstakt frumvarp né breytingartillögur, af því eg álít það eitt ráðlegt, að mál þetta bíði eftir aðgerðum löggjafarvaldsins í skattamálinu í heild þess.

Alþingi 17. marz 1909.

Jens Pálsson.

Nd. **256. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911 21. gr.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 20,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlönd-

um gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi ávaxtast með 4% og eru að því er snertir samgirðingar og ábúendur á jörðum einstakra manna, afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en afborgast síðan á 20 árum með jafnri afborgun 1 ári. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum fá lán þessi gegn 6% árgjaldi í vöxtum og afborgunum í 28 ár. Lán þessi veitast eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Girðingar sem lánað er til skulu gerðar eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

Nd.

257. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911, 21. gr.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Heimilt er að framlengja um 5 ár frest á afborgun af láni Erlendar Þórðarsonar, Guðmundar Jónssonar og Guðna Jónssonar til tóvinnuverksmiðju að Reykjafossi í Ölfusi, sem veitt er á fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, að upphæð 20,000 kr.

Nd.

258. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. B. III. Aftan við 4. lið komi nýr liður svohljóðandi:

a. Til brúar á Laxá í Hornafirði 10,000 kr. fyrra árið.

b. Til framhalds þjóðvegarins frá Laxá að Bjarnanesi 5000 kr. síðara árið.

Ed

259. Frumvarp

til laga um stofnun háskóla.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

I. Stjórn háskólans.

1. gr.

Í Reykjavík skal setja á stofn háskóla.

Skólinn nefnist »Háskóli Íslands«.

2. gr.

Í háskólanum skulu fyrst um sinn vera þessar fjórar deildir:
guðfræðisdeild,
lagadeild,
læknadeild og
heimspekisdeild.

Koma hinar þrjár fyrstu í stað hinna æðri mentaskóla, sem nú eru, prestaskóla, lagaskóla og læknaskóla. En í fjórðu deildinni skal kenna heimspeki, íslenzka málfræði, sögu Íslands og sögu íslenzkra bókmenta að fornu og nýju.

3. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Háskólaráðið hefir úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta starfsemi háskólans, samkvæmt reglugjörð, sem konungur setur. Háskólaráðið fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð, og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í té allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sérstaklega.

4. gr.

Rektor er kosinn á almennum háskólakennarafundi fyrir eitt ár í senn.

Prófessorar einir eru kjörgengir, en kosningarrétt eiga allir kennarar háskólans.

Sá prófessor er rétt kjörinn rektor, sem fengið hefir meiri hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram í lok hvers háskólaárs.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rétt kosinn, sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri fyr en ár er liðið frá því er hann lét af rektorsstörfum.

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Verði rektor að fara frá áður en rektorsár hans er úti, skal sá af deildarforsetum háskólans, sem elztur er að embættisaldri, hafa störf hans með höndum þangað til nýr rektor getur tekið við.

Rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

5. gr.

Rektor og forsetar deildanna fjögra eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins. En varaforseta kýs háskólaráðið sér sjálft úr sínum hóp.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skyldur að boða til þess fundar. Svo er og ef einn þriðji hluti kennara æskja fundar. Sé fundur haldinn eftir ósk kennara, er ekki eiga sæti í ráðinu, eiga hvatamenn fundar rétt á að senda jafnmarga fulltrúa á fund-

inn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

6. gr.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsvið sitt og rektors og eru þær reglur gildar, er staðfesting stjórnarráðs kemur til.

II. Háskólakennarar og háskóladeildir.

7. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sérstaklega skipaðir til kenslunnar.

Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávalt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

8. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hóp deildarforseta (decani) og er hann jafnframt sjálfkjörinn í háskólaráðið.

Deildarforseta skal kjósa til eins árs í senn. Þó má endurkjósa deildarforseta, en rétt hefir hann til að neita endurkjöri þangað til ár er liðið frá því er hann síðast gegndi deildarforsetastörfum.

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.

9. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi og eiga þar sæti allir kennarar deildarinnar.

Heimilt er rektor að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum eftir því sem honum lízt sjálfum, en atkvæðisrétt hefir hann þó að eins í sinni deild.

10. gr.

Hver deild semur lestrar- og kensluáætlun fyrir sig og skal þar gjörð nákvæm grein fyrir því, hvað heimtað er til embættisprófs og skýrt frá því hvernig hennarar hagi kenslu sinni.

11. gr.

Deildarforsetar skula sjá um, að til séu í tæka tíð nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og æfingar, sem halda á innan hverrar deildar á kenslumissiri því, sem í hönd fer. En rektor athugar áður en skýrslurnar eru prentaðar, hvort þær séu í samræmi við kensluáætlanir deildanna.

12. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefir á hendi reikn-

ingsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast og hefir umsjón með byggingum háskólans og innanhúsmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.

III. Kenslan og nemendurnir.

13. gr.

Kensluár háskólans skiftist í tvö kenslumissiri; nær annað frá 1. október til 15. febrúar, en hitt frá 15. febrúar til 30. júní.

14. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar eru þó fyrir stúdenta eina.

Alla fyrirlestra, æfingar og próf skal halda á háskólanum sjálfum að svo miklu leyti sem því verður við komið.

15. gr.

Heimilt skal hverjum kennara háskólans að halda fyrirlestra á háskólanum um sjálfvalin efni, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við skyldukenslu, en tilkynna skal hann rektor háskólans það áður.

16. gr.

Öll lögskipuð háskólapróf, hvort heldur eru undirbúningspróf eða fullnaðarpróf, skulu haldin í síðasta mánuði kenslumisseris.

Hver deild ræður sjálf hvort hún heldur uppi kenslu meðan á prófi stendur eða ekki.

17. gr.

Hver sá, kona sem karl, er lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna mentaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólasjóðs, enda sé mannorð hans óflekkað.

Sama rétt getur háskólaráð veitt útlendingum, er fullnægja ofangreindum skilyrðum.

Hver sá, er æskir skrásetningar, skal fyrir byrjun kenslumissiris tilkynna það ritara háskólans, og tekur ritari við skrásetningargjaldinu.

Skrásetningargjaldið er 15 krónur.

18. gr.

Skrásettur stúdent fær háskólaborgarabréf hjá rektor.

19. gr.

Skrásettur stúdent segi forseta þeirrar deildar, sem hann ætlar að stunda nám í, til sín þegar eftir skrásetninguna, en forseti ritar nafn hans á skrá yfir nemendur þeirrar deildar.

Skifti stúdent um námsgrein ber honum að tilkynna það forseta þeirrar deildar, sem hann áður var í, jafnframt því sem hann lætur skrásetja sig af nýju í deild þeirri, sem hann ætlar sér eftirleiðis að stunda nám í.

Í byrjun hvers háskólaárs skulu allir stúdentar háskólans rita nafn sitt, bústað sinn og námsgrein í bók, sem geymd er á skrifstofu háskólans.

20. gr.

Stúdentar mega ganga undir embættispróf þegar þeim sýnist, hafi þeir áður staðist fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvísindum.

Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minsta kosti tveim missirum áður en þeir ganga undir embættispróf.

21. gr.

Þeir, sem ganga vilja undir embættispróf, skulu hafa tilkynt það ritara háskólans að minsta kosti þrem vikum áður en próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram skulu þeir gjalda 20 krónur til háskólasjóðs og tekur ritari háskólans við fénu.

Hætti stúdent við að taka próf eftir að hann hefir látið innrita sig til prófs, á hann heimtingu á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður en prófið byrjar.

En gangi stúdent frá embættisprófi, verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

22. gr.

Stúdentar, sem byrjað hafa á embættisprófi, en gengið frá því, geta ekki gefið sig fram til prófs af nýju fyr en eftir ár, nema sérstakar ástæður mæli með því.

Stúdent, sem stenzt ekki embættispróf, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr en að ári liðnu.

Æski stúdent, sem staðist hefir embættispróf, að endurtaka prófið, til þess að öðlast hærri prófseinkunn, er honum það heimilt, en þó ekki fyr en að ári liðnu.

Stúdent greiðir prófgjald svo oft, sem hann segir sig til prófs.

23. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði á háskólanum og utan hans.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráð gjört honum hegningu. En hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemri tíma eða fyrir fult og alt.

24. gr.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

25. gr.

Hver valdsmaður, sem stefnt hefir háskólastúdent fyrir glæp, skal tilkynna það þegar í stað rektor háskólans. Svo er og þegar hafin er réttarrannsókn gegn stúdent fyrir glæp.

26. gr.

Afskiftum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefir hætt námi að fullu og öllu og tilkynt ritara háskólans það, eða hefir ekki sótt háskólann í fjögur kenslumissiri samfleytt.

27. gr.

Háskólakennararnir standa fyrir öllum prófum, en hver deild ræður fyrirkomulagi prófanna hjá sér.

Öll próf skulu haldin í heyranda hljóði.

28. gr.

Við embættispróf og undirbúningspróf þau, er koma til greina við fullnaðarpróf, skulu jafnan vera tveir prófdómarar og skal annar þeirra ávalt vera utanháskólamaður.

Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, er ekki eru háskólakennarar, eftir tillögu háskóladeildar og skulu þeir gegna dómarastarfinu í 6 ár.

29. gr.

Að loknu embættisprófi skal gefa þeim, sem staðist hafa prófið, kandidatsvottorð gegn 25 króna gjaldi, og rennur það í háskólasjóð.

IV. Doktorar.

30. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rétt til að veita doktorsnafnbót, og er slík nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi.

Háskólaráð semur reglur um doktorspróf.

31. gr.

Að jafnaði skal sá, er æskir doktorsnafnbótar, hafa lokið embættisprófi. Hann verður að láta umsókn sinni fylgja vísindalega ritgjörð um eitthvert ákveðið efni. Skal umsóknin stíluð til háskólaráðs, en það selur ritgjörðina í hendur hlutaðeigandi háskóladeild til álita og umsagnar.

Nú er ritgjörðin talin fullnægja þeim kröfum, sem gjöra ber til slíkra vísindalegra ritgjörða, og skal þá umsækjandi láta prenta hana og síðan verja hana á háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður.

Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófsvottorð.

Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr. og renna þær í háskólasjóð.

32. gr.

Hver sá, er hlotið hefir doktorsnafnbót, hefir rétt til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rétti sínum, getur háskólaráð svift hann réttinum.

33. gr.

Háskólinn tekur til starfa, þegar veitt er fé til hans í fjárlögunum, og ganga þá jafnframt þau lög og lagaákvæði, sem hér fara á eftir, úr gildi: konungsúrskurður 21. maí 1847 um stofnun prestaskóla; lög nr. 5, 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla, nema 4. gr.; lög nr. 31, 8. nóvbr 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1 gr.; 5. gr. laga nr. 23, 9. desbr. 1889; lög nr. 3, 4. marz 1904 um stofnun lagaskóla eg lög nr. 37, 16. nóvbr. 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó að áskildu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks falla þá úr gildi öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Nd. **260. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890.

Flutningsmaður Stefán Stefánsson Eyf.

Eigi er sóknuði, sem tekið hefir að sér umsjón og fjárhald kirkju sinnar, skylt að ávaxta sjóð hennar í hinum almenna kirkjusjóði, ef sóknuðurinn getur ávaxtað sjóðinn, með meiri hagnað fyrir kirkjuna, í öðrum sjóði, sem hlutaðeigandi prófastur telur fulltryggilegan; enda hafi prófastur og héraðsfundur árlegt eftirlit með ávöxtun sjóðsins og tryggingum.

Nd. **261. Viðaukatillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1908—1909.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson, Jóh. Jóhannesson, Jón Jónsson N.-M., Jón Ólafsson.

Við 3. gr.: A eftir: Til brúargjörðar á Ytri-Rangá o. s. frv. komi:

B. III. Til Lagarfljótsbrúarvegar 4000 kr.

Við sömu gr.: Á eftir: Til aðstoðarverkfræðings o. s. frv. komi:

Til brúarinnar á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum kr. 258,93. (Endurveiting kr. 0,79)

Nd. **262. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmenn: Björn Þorláksson, Jóh. Jóhannesson, Jón Jónsson N.-M., Jón Olafsson.

1. Við 13. gr. B. III. 3. Liðurinn falli burt.
2. — — — B. Á eftir VI. lið bætist við nýr VII. liður svohljóðandi:

Til dragferjuhalds á Lagarfljóti 300—300.

3. Við 16. gr. 4. Liðurinn orðist þannig:
Til Eiðaskólans:
a. Byggingarstyrkur 10,000—10,000.
b. Til verklegrar búnaðarkenslu 3,000—3,000.

Nd. **263. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Ólafi Briem og Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 13. gr. D. II. Á eftir 2. lið komi nýr liður:

Siglufjarðartalsími frá Vatnsleysu	35,000 kr.
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum . .	10,000 —
	25,000 kr.

Nd. **264. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga 1910—1911 (þsk. 245).

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 131 lið, sem lagt er til að verði 22. gr.

Við 11. liðinn. Liðurinn orðist svo: Keflavíkur fjárveitingin (13. gr. B VII. er því skilyrði bundin að $^1/_4$ að minsta kosti sé varið til vegarins annarsstaðar frá. Til vara: að í staðinn fyrir $^1/_4$ í ofangreindri tillögu komi $^1/_8$.

Nd. **265. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. B I. 3. liðurinn falli burt.

Við 13. gr. B III. Aftan við 5. lið komi nýr liður svo hljóðandi: Til brúargjörðar á Bleikdalsá 3,900 síðara árið.

Við 13. gr. D II. Aftan við 5. lið bætist nýr liður svo hljóðandi: Til símalagningar frá Keflavík að Kotvogi og Reykjanesi 5,400—6,600. Til vara: Til símalagningar frá Keflavík að Kotvogi 5400 síðara árið.

Við 14. gr. VIII b 5. Fyrir: laun »umsjónarmanns« komi: laun ráðunauts.

Við 14. gr. VIII d. Fyrir 3,500—3,500 komi 7,200—7,200.

Vig 16. gr. Aftan við 28. lið komi 2 nýir liðir svo hljóðandi:

29. Til Ólafs Jónssonar til þess að læra að gera myndamót (chlisheer) 1200—1200.

30. Handa hæfum manni til þess að læra að grafa námubrunna og að fara með jarðbora (demantsbora), 1500—1500.

Nd. **266. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Á eftir 25. lið í 16. gr. komi nýr liður:

Til Odds Oddssonar og Helga Magnússonar í »Regin« á Eyrarbakka til að afborga með verkfæri, sem notuð eru við aðgerð á skilvindum o. fl.

Nd. **267. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1910 og 1911.

Frá Sigurði Sigurðssyni og Birni Kristjánssyni.

15. gr. Á eftir 29. lið komi nýr liður:

Til Ísólfs Pálssonar til utanfarar í þeim tilgangi að afla sér tekniskrar mentunar 1200 kr. 1200 kr.

Til vara: 1500 kr. í eitt skifti.

Ed. **268. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um að leggja jörðina Naust í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu undir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

Vér, sem hin háttvirta deild fól að íhuga frumvarp þetta, höfum athugað rækilega sjálft frumvarpið og borið það saman við samning þann, milli Akureyrarkaupstaðar og Hrafnagilshrepps, sem frumvarpið byggist á.

Er ekkert fram tekið í frumvarpi þessu, er fari lengra á nokkurn hátt, en orð samningsins hljóða og ekkert það undan skilið, er nokkru máli skiftir.

Ráðum vér hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 18. d. marzm. 1909.

J. Havsteen, formaður.	Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögum.	Ari Jónsson.

Ed. **269. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 3, 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Nefnd sú, er hin háttvirta deild fól að íhuga mál þetta, er samhuga um

að ráða henni til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt og telur brýna þörf á því, að ákvæði þess nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

Alþingi, 18. marz 1909.

J. Havsteen, formaður.	Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögum.	Kristinn Daníelsson.

Ed.

270. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá nefndinni um frumvarp til laga um lögaldur.

Efri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að rannsaka gildandi lög um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika, og leggja fyrir næsta alþingi frumv. til laga um alt það efni.

Ed.

271. Nefndarálit

um frumvarp til laga um lögaldur.

Nú er reglan um fjárráð manna sú, að maður verður hálfráður fjár síns 18 ára, en fullráður 25 ára. Og á það jafnt við konur sem karla og gifta sem ógifta. Þó verða ekkjur og konur, sem skilið hafa við menn sína, hvort heldur fyrir fult og alt eða að borði og sæng, fullráðar fjár síns um leið og hjónabandið eða sambúðin slitnar að lögum, hversu ungar sem eru. Og í annan stað geta menn fengið lögaldursleyfi og á þann hátt náð sömu fjárráðum og lögaldri fylgja.

Þessu vill frumvarpið breyta. Eftir því eiga menn að vera eitt af tvennu, annaðhvort alls óráðir um fé sitt eða einráðir.

Og í annan stað eiga menn að verða fullráðir fjár síns 21 árs.

Enda þó að óánægja muni eigi vera mikil og sízt almenn yfir ástandi því, sem er, hefir þó líkum breytingum og frumv. fer fram verið hreyft á alþingi oftar en einu sinni. Og er því þegar af þeirri ástæðu rétt að athuga frumvarpið, svo sem kostur er á.

Frumv. fer ekki fram á neina nýjung, sé litið til eldri laga vorra. Samkvæmt þeim voru menn annaðhvort óráðir eða einráðir um fé sitt, og urðu fullráðir fjár síns enda fyr en frumv. ætlar mönnum að verða það.

Og sé litið til annara þjóða, finnast víða líkar reglur og frumv. heldur fram. Þannig eru menn annaðhvort óráðir eða einráðir um fé sitt í Sviaríki og á Englandi. Aftur á móti er hálfræði lögmælt í Danmörku, Noregi og Þýzkalandi. Og fullráðir fjár síns verða menn í öllum þessum löndum 21 árs gamlir, nema í Danmörku. Þar er fullræði bundið við 25 ár á sama hátt og hjá oss.

Það er að vísu nokkuð vafasamt, hvort 21 árs gömlum mönnum yfirleitt er treystandi til að fara vel með fullræði í fjármálum. Einkum getur efi leikið

á því, hvort svo ungum mönnum er ætlandi að vara sig svo sem skyldi á ábyrgðum og öðrum líkum gjörðum. En þó er líklegt, að það kæmi ekki mikið fremur að baga hér en í Noregi og Svíþjóð. Mannþroski þar og hér mun vera nokkuð líkur, enda hafa ekki heyrst umkvartanir þaðan.

Hitt er vafasamara, hvort rétt sé í einu, að lækka fullræðismarkið svo mjög og fella hálfræðið burtu. Hálfræði í fjármálum á að vera nokkurs konar undirbúningur undir fullræði, og slíkum undirbúningi mundi mörgum manni yngri en 21 árs ekki veita af. Í annan stað stofnaði slík breyting til afturfarar, ef lögin ætti að ná til þeirra, er væri orðnir hálfráðir fjár síns, er þau gengi í gildi. Af henni mundi og leiða meiri umsvif fyrir skiftaráðendur og yfirfjárráðendur, þar sem búskiftum fjölgaði og umsjón með ómyndugum ykist.

En auk þessa leysir frumv. ekki úr ýmsum spurningum, er eðlilegast væri að fáða fram úr samtímis, svo sem því, hvort 21 ára aldur ætti að nægja til forráðamensku fyrir aðra, hvort ekkjur og fráskildar konur ætti að vera háðar sömu reglum og aðrar o. s. frv.

Jafnframt gæti komið til mála, að breyta núgildandi reglum um sviftíng fjárforræðis í líka átt og nú gerist með flestum þjóðum, taka það vald af umboðsstjórninni og fela það dómatólunum.

Og ætti þá helzt um leið, að breyta ýmsum öðrum úreltum en gildandi reglum í lögum Christians V. og ýmsum yngri lögum.

Og væri á annað borð svo langt farið, væri réttast að semja nýjan bálk laga, er tæki til hvorstveggja myndugleikans í einu, fjárhagslegs og persónulegs.

Slíkt verk væri þarft verk og í rauninni nauðsynjaverk, en á hinn bóginn ókleift þingnefnd.

Stjórnin ætti hins vegar að geta annað því milli þinga.

Fyrir því hefir það orðið að samkomulagi milli flutningsmanns og hinna nefndarmannanna, að hann taki frumvarpið aftur, og nefndin ráði háttv. deild til að samþykkja í þess stað tillögu til þingsályktunar, um að skora á stjórnina að rannsaka gildandi lög um persónulegan og fjárhagslegan myndugleika og leggja fyrir næsta alþingi frumv. til laga um alt það efni.

Tillagan er prentuð sér.

Efri deild alþingis, 17. marz 1909.

Sigurður Stefánsson, formaður.	Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.	Ari Jónsson.

Ed.

272. Lausnarbeiðni varaforseta.

Við undirritaðir varaforsetar efri deildar leyfum okkur hér með að beiðast þess, að hin háttvirta deild veiti okkur lausn frá varaforsetastörfum fyrir þann tíma, sem eftir er af þessu þingi.

Ástæður fyrir þessari beiðni munum vér tilgreina, ef deildin óskar þess.

Alþingi, 18. marz 1909.

Jens Pálsson. Sigurður Stefánsson.

Nd.

273. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Við 15. gr. 13. lið fyrir 800—800 komi 1200—1200.

Nd.

274. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Við 14. gr. B. II b. 6. Á eftir þessum lið komi nýr liður (7. liður) þannig:

Þóknun til Þórðar geðveikralæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði 300.

Við 15. 25. Á eftir þessum lið komi nýr (26. liður) þannig:

Styrkur til að gefa út lagasafn handa alþýðu (áframhald), 20 krónur fyrir örkina, gegn því að áframhald þetta verði eigi selt tiltölulega dýrara en þau bindin (4), sem út eru komin áður, alt að 800.

Nd.

275. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. B, II. A eftir 6. lið komi nýr liður svohljóðandi:

Til akfærs vegar frá Selós milli Árbæjar og Baldurshaga til Kópavogs 5000—5000.

Nd.

276. Viðaukatillögur

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson.

Aftan við 21. gr. komi 2 nýir málsliðir svohljóðandi:

Úr viðlagasjóði má veita alt að 5000 króna lán handa Jóh. J. Reykdal í Hafnarfirði, gegn veði í verksmiðju hans, í viðbót við áður veitt lán úr viðlagasjóði. Lánið ávaxtast með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má veita bæjarsjóði Hafnarfjarðar 28,000 króna lán til þess að koma á stofn vatnsveitu í Hafnarfjarðarkaupstað. Lánið ávaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

Nd.

277. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson.

Við 14. gr. VIII. Á eftir staflið d komi nýr liður svohljóðandi:

Til viðgerðar á gamla skólahúsinu í Flensborg 500 kr. fyrra árið.

Nd.

278. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Frá Þorl. Jónssyni.

Við 16. gr. Eftir 28. lið komi nýr liður svohljóðandi:

Styrkur til ábúandans á Tviskerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd. 400 kr. hvort árið.

Nd.

279. Viðaukatillögur

við frvumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Aftan við 12. gr. bætist:

Styrkur til Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikislæknamót í Bergen 600 kr.

2. Í stað 7. gr. komi:

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Nd.

280. Breytingartillögur

við breytingartillögu á þingskj. 245.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við breytingartillögu 44: Eftir Fagradalsbraut komi: Holtavegur.
2. 46. breytingartillaga verði 45. og orðist svo: B II. 7. Brú á Rangá Ytri 47,000 kr. (síðara árið). Töluliðirnir breytist eftir því.
3. Aftan við 52. breytingartillögu komi: C. 3. liðurinn falli burt.
4. 61. breyt.till. verði: 61.—14.—A. o. s. frv.
5. 62. — — 62.—14.—B. I. b. 2. o. s. frv.
6. 63. — — 63.—14.—B. II. b. 2. o. s. frv.

7. 65. breyt.till. verði: 65.—14.—B. III. c. 1. a. s. frv.
8. Eftir 67. komi 2 nýir liðir: Við 14. gr. B. VIII. a.
   2. til sama skóla: 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið alt að 2000 hvort árið.
   3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla 300 kr. hvort árið.
9. Við 71. breyt.till. fyrir 40 kr. fyr í sama lið komi 50 kr.
10. Eftir 113. komi nýr liður: Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds 1000 kr. hvort árið.
11. Við 130. breyt.till. c) Aftan við tillöguna bætist: En greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.
12. 130 breyt.till. e) orðist svo: Fljótshlíðarhreppi má veita úr viðlagasjóði 5 þús. kr. lán gegn ábyrgð sýslunefndar Rangæinga með 6% í vöxtu og afborgun á 28 árum.
13. 130. breyt.till. h) orðist svo: Í stað 30,000 kr. kornforðabúrslánsheimildarinnar í fjárlagafrumvarpinu komi heimild fyrir alt að 10,000 kr. láni hvort ár.
14. Athugasemd 11. orðist svo: Fjárveitingarnar til Keflavíkurvegar, Hvammstangavegar og Breiðdalsvegar (13. gr. B. VII., VIII. og IX.) eru bundnar því skilyrði að jafnmiklu fé að minsta kosti sé varið til veganna annarstaðar frá.

Nd.

281. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 11. gr. A. 5. a.: í stað »1600 kr.« komi: »800 kr.«
2. — 13. — A. 4. a.: fyrir »5000« komi »4000«.
3. — — — B. I. 2.: — »2700« — »2000«.
4. — — — B. I. 3.: — »800« — »500«.
5. — — — B. III. 5.: eftir 5. liðinn komi nýr liður, sem verður 6. liður:
   Frá Dalsmynni yfir Bröttubrekku að Þórólfsstöðum 5000 kr.
   7. Frá Ljárskógum til Svínadals 1000 kr.
   8. Frá Höskuldsstöðum til miðrar Laxárdalsheiðar (skal verða þjóðv.) 2000 kr.
6. — — — 6. liður verði 9.
7. — — — D. 1. 2. 3.: Ráðgerð fjárframlög héraðanna falli burt.
8. — 14. — A. b. 2.: liðurinn falli burt.
9. — — — A. b. 3.: liðurinn falli burt.
10. — — — IV. b.: fyrir »dyraverði—skólans 200« komi: »fyrir dyravörzlu, umsjón yfir húsum og munum skólans og hjúahalds til þessa 1000«.
11. — — — IV. C. 4.: fyrir »1600« komi: »1800«.
12. — — — B. VIII. b. 4.: liðurinn falli burt.
13. — — — B. VIII. l.: liðurinn falli burt, en í þess stað komi: Til unglingaskóla Benedikts Björnssonar í Húsavík 700 kr. hvort árið.

14. Við 15. — 1. b.: fyrir »1500—1500« komi: »2500—2500«.
15. — — — 13.: fyrir 800—800« komi: »1500—1500«.
16. — — — 14.: liðurinn falli burt.
17. — — — 18—19.: falli burt.
18. — — — 22.: falli burt.
19. — — — 23.: falli burt.
20. — — — 24.: falli burt.
21. — — — Eftir 17. lið komi nýr liður, sem verður 18. Til Einars skálds Hjörleifssonar 1500—1500.
Og enn nýr liður: Til Guðm. skálds Guðmundssonar 600—600, sem verður 19.
22. — — — 25. verður 20. o. s. frv.
23. — — — 29.: fyrir 1200—1200 komi: 1500—1500.
24. — — — Aftan við gr. komi nýr liður: Námsstyrkur til Jóns H. Ísleifssonar 600 kr. fyrra árið.
25. — — — Aftan við gr. komi enn nýr liður: Til Jóhannesar málara Sveinssonar 600—600.
26. — — — Nýr liður: Til Jóns Ofeigssonar 1000—1000 til þess að gera þýzk-lenzka orðabók.
27. — 16. — 6. b.: falli burt.

Nd.

282. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga 1908 og 1909.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Aftan við 3. gr. komi nýr liður:
Til að mæla skipaleið í Ísafjörð 10000 kr.
Aftan við 5. gr. bætist:
Námsstyrkur til Jóns H. Ísleifssonar 600 kr.

Nd.

283. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður Jón Jónsson þm. N.-M.

Við 14. gr. B. VIII. b. 2.:
Á eftir »Til farskóla alt að 200 kr. til hvers« komi: og farkennara, þar sem ekki eru lögskipaðir farskólar, alt að 100 kr. til hvers.

Nd.

284. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908—1909.

Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 6. gr.:

Eftir 16. lið komi

Við 24. Viðbótarstyrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi 5000 kr.

Samlagningin breytist samkvæmt því.

Nd.

285 Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 3. gr.:

Við B. III. Til brúargjörðar á Grishólsá og svokölluðu Síki í Helgafellssveit 3000 kr.

Nd.

286. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1908 og 1909, 3. gr.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við D. II, 6. A eftir »Árnes- og Rangárvallasýslum« komi: Tillaginu frá Arnessýslu skal verja til hliðarlínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Nd.

287. Breytingartillaga

við breytingartillögu fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911. (Þingskjal 245).

Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 14. grein B. VIII. b. 1. Fyrir »5000 kr.« komi: 6000 kr.

Nd.

288. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Einari Jónssyni.

Við 21. gr. bætist:

Kaupfélagið Ingólfur á Stokkseyri má fá lán úr viðlagasjóði 60,000 kr. gegn

jafnmiklu hlutafé og veði í húseignum og mannvirkjum félagsins á Stokkseyri og Eyrarbakka eða sjálfskuldarábyrgð ýmsra félagsmanna með $4^1/_2$% vöxtum og afborgun á 10—15 árum.

Nd. **289. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir 1910 og 1911.

Aftan við 14. gr. bætist:

XI. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn, munnlega og verklega, stúlkum, svo að þær verði færar um að k e n n a leikfimi 480—480.

Jón Ólafsson. M. Th. S. Blöndahl.

Nd. **290. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Frá Sigurði Sigurðssyni og Eggert Pálssyni.

Við 16. gr., 10. lið:

Í staðinn fyrir 14,000—12,000 kr. komi: 16,000—15,000.

Nd. **291. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 21. gr.
Frá Eggert Pálssyni, Einari Jónssyni og Sigurði Sigurðssyni.

Úr viðlagasjóði má lána Björgvin Vigfússyni sýslumanni í Rangárvallasýslu alt að 12000 kr. til að koma sér upp embættisbústað gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast og endurborgist með 6% á 28 árum.

Lánið er bundið því skilyrði, að bústaðurinn sé á heppilegum stað fyrir sýsluna, og að alt lánið falli í gjalddaga, ef ekki um semur með honum eða búi hans um kaup á húsi og jörð við eftirmann hans í embættinu á sínum tíma.

Sþ. **292. Frumvarp**
til laga um breyting á ákvæðum l. 19. febr. 1886, að því er kemur til lýsinga (birtingar) á undan borgaralegu hjónabandi.

Eins og það var samþykt við eina umræðu í efri deild.

Undanþágu frá hjúskapar-auglýsingu þeirri, sem 3. og 4. gr. l. 19. febr. 1886 um utanþjóðkirkjumenn mæla fyrir um, má fá með konunglegu leyfisbréfi, og fer um gjald fyrir það eftir sömu reglum, sem nú eru eða settar kunna verða um slík leyfisbréf fyrir þjóðkirkju-hjónaefni (sbr. l. 22. sept. 1899).

Nd.

293. Viðaukatillaga

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

Við 21. gr. Á eftir staflið h komi:

»Ingvari E. Ísdal stórkaupmanni má lána úr viðlagasjóði 12000 kr. gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda, til þess að koma á fót tréverksmiðju á Seyðisfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega. Það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum«.

Nd.

294. Viðaukatillögur

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Frá Jóni Þorkelssyni og Einari Jónssyni.

Við 12. gr. Eftir tölulið 4 komi nýr liður:

5. Til Brynjólfs tannlæknis Björnssonar 1000 kr. (eitt þúsund krónur) hvort árið til þess að veita fátækum ókeypis tannlæknishjálp einu sinni í viku og til þess að halda almenna fyrirlestra um hirðing og verndun tannanna, og gefa út leiðbeiningar í því efni.

Nd.

295. Breytingatillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni og Jóni Olafssyni.

1. 15. gr. 1. i. liðurinn falli hér niður.
2. — — 1. k. sömuleiðis.
3. — — 7. Eftir staflið b., en á undan athugasemdinni, komi nýr staflður:
   c. til umsjónar og gæzlu forngripasafnsins 1000—1000.
4. — — Aftan við athugasemdina bætist: Skylt er forngripaverði að hafa sér fastan aðstoðarmann og launa honum af þessari upphæð 600 kr. hvort árið.
5. — — stafliður c. verði stafliður d.
6. — — Töluliður 4 verði töluliður 2.
7. — — — 7 — — 3.
8. — — — 9 — — 4.
9. — — Á eftir þeim tölulið komi nýr töluliður:
   5. Til safnhússins:
   a. til eldiviðar, áhalda o. fl, 2200—2200.
   b. til dyravarðar 1400—1400.
10. — — Tölulíðirnir 2, 3, 5, 6, 8 verði tölulíðir 6, 7, 8, 9, 10.
11. — — Við tölulið 30, sem verður töluliður 11. Fyrir 600—600 komi 800—800.

Nd. **296. Viðaukatillögur**
við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá Jóni Þorkelssyni og Jóni Ólafssyni.

Við 5. gr. Eftir orðið »veitist« bætist:
Við 1. Til dyravarðar við Safnahúsið (síðara árið) 600 kr.
Við 7. Til aðstoðar við umsjón á Forngripasafninu (síðara árið) 500 kr.

Nd. **297. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 14. gr VIII. Eftir staflið 4 komi nýr stafliður (sem nefnist eftir því, sem staflið-breytingin segir til):
til Sigurðar bóksala Erlendssonar í viðurkennningarskyni fyrir það, að hann hefir verið umferðabóksali hér á landi á vetrum í meira en 25 ár
250 kr. fyrra árið.

Nd. **298. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Frá Jóni Þorkelssyni og Jóni Ólafssyni.

Við 18. gr. til ekkjufrúar Thorfhildar Holm:
Fyrir 200 kr. komi 360 kr.

Nd. **299. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 18. gr. til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds:
Fyrir 200 kr. komi 300 kr.

Nd. **300. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. Eftir 30. lið komi nýr liður:
31. Til Einar Páls Jónssonar til að fara utan og fullkomna sig í tónlist (fyrra árið) 1500 kr.

Nd. **301. Viðaukatillaga**

við breytingartilögur fjárlaganefndar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl.

Við 130. breytingartillögu við 21. gr.:

Eftir tölulið b. bætist nýr töluliður c.: Sláturhúsi Gunnars kaupmanns Einarssonar í Reykjavík má lána 10,000 kr. úr viðlagasjóði gegn 2. veðrétti í allri sláturhúseigninni, þyki landsstjórninni það nægileg trygging, eða þá gegn ábyrgð bæjarfélags Reykjavíkur, og að öðru leyti með sömu kjörum.

Nd. **302. Atkvæðaskrá**

við 2. umræðu við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Stjórnarfrumvarp.

Nefndarálit 243.

Breytingartillögur fjárlaganefndar 245, 279, 280. Þar sem einskis þingskjals er getið, eru breytingartillögurnar frá nefndinni, á þingsk. 245. N merkir breytingartill. nefndar.

Breytingartillögur (annara) 252, 253, 254, 256, 257, 258, 262, 263, 264, 265, 266, 267, 273, 274, 275, 276, 277, 278, 281, 284, 287, 288, 289, 290, 291, 293, 294, 295, 297, 298, 299, 300, 301.

1. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu.

2. gr.

1. Við 1.: Fyrir: »skattur á ábúð — 58,000« komi: Ábúðar og lausafjárskattur — 50,000 — 50,000 — 100.000.
2. — 2.: Húsaskattur teljist 12,000 kr. hvort árið.
3. — 7.: Liðurinn nefnist Leyfisbréfagjöld.
4. — 8.: Liðurinn nefnist Fiskitollur og lýsistollur m. m.
5. — 9.: Liðurinn nefnist Áfengistollur.
6. — 10.: Liðurinn nefnist Tóbakstollur.
7. — 11.: Sá liður nefnist Kaffi- og sykurtollur.
8. — 12.: Liðurinn nefnist Tetollur m. m.
9. — 15.: Sá liður nefnist Póstferðatekjur og hækki upp í 80,000 kr. hvort árið.
10. — 16.: Liðurinn nefnist Símatekjur og hækki niður í 75,000 kr. síðara árið.
11. — 18—20.: Þeim liðum sé slengt saman í einn tekjulið, er nefnist Óvissar tekjur, og verða 36,000 kr. hvort árið, vegna sektanna fyrir landhelgisbrot.

3. gr.

Óbreytt.

4. gr.

Við 1.: Athugasemdin falli burt.

5. gr.

Óbreytt.

6. gr.

Óbreytt.

7. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu.

8. gr.

Óbreytt.

9. gr.

1. Við 7.: Aftan við liðinn bætist innan striks »alt að«.
2. — 8.: Liðurinn falli burt.

10. gr.

Óbreytt.

11. gr.

1. Við A. 2. (Ritfé bæjarfógeta í Rvík): Sú fjárveiting færist niður í 1000 kr. hvort árið.
2. — A. 3. a. (Laun fangavarðar): Fjárveitingin færist upp í 1230 kr.
3. — A. 3. b. Liðurinn falli burt.
4. — A. 3. c.—f. og i.: Fyrir þá liði alla komi: Ýmislegur kostnaður 2825—2825.
5. — A. Stafliðirnir g.—h. nefnist c.—d. og færist upp fyrir »Ýmislegan kostnað«, sem nefnist e.
6. Breyt.till. 281 (I.):
   Við A. 5. a.: Í stað »1600 kr.« komi: 800.
7. Við B. 1. c.: Orðin »alt að« bætist aftan við á undan tölunni.
8. — B. 1. d.: Aftan við liðinn á undan tölunni bætist »alt að«.
9. — B. 6.: Sú fjárveiting færist niður í 500 kr.

12. gr.

1. Við 2.: Orðin: »Styrkurinn — hrepps« falli burt.
2. — 3. a.: Orðin frá: »með skyldu — mánuði« (þ. e. endi klausunnar) falli burt.
3. — 3. b.: Orðin: »með því — alt að 300 kr.« falli burt.
4. — 4.: Fyrir: »styrkur til tannlæknis« komi: styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft.
5. Viðaukatillaga 294. Eftir tölulið 4. komi nýr liður:
   5. Til Brynjólfs tannlæknis Björnssonar 1000 kr. (eitt þúsund krónur) hvort árið til þess að veita fátækum ókeypis tannlæknishjálp einu sinni í viku og til þess að halda almenna fyrirlestra um hirðing og verndun tannanna, og gefa út leiðbeiningar í því efni.
6. Við 5.: Fyrir »útgjöld við holdsveikraspítalann — — 61,751.20« (bls. 8) komi: Holdsveikisspítalinn — 30,875 — 30,875 — 61,750.
7. — 6.: Fyrir »tillag til geðveikrahælisins á Kleppi 35,195« komi: Geðveikishælið á Kleppi 17,600 — 17,600 — 35,200.
8. — 8.: Liðirnir a.—d. og j. orðist svo: Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla 3000 kr.

9. Við 8.: Sjúkrahúsið á Akureyri til aðgerðar á húsinu 2000 kr. f. á.
10. — 8.: Liðurinn k., sem verður h, orðist svo: Styrkur til að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum 3000 kr.
11. — 8. l.: Orðin: »Stjórnarráðið — utanlands« falli burt.
12. Aftan við greinina bætist: Héraðslækni Andrési Féldsted til utanfarar til að fullkomnast í augnlækning og eyrna 1500 kr. f. á.

13. gr.

1. Við A. 1. b. 1.: Fyrir »4,400« komi: 4,900
2. — sama lið: Athugasemdin falli burt.
3. — A. 2.: Athugasemdin falli burt.
4. — A. 3.: Liðurinn falli burt.
5. — A. 4. a.: Athugasemdin falli burt.
6. Breytingartillaga 281 (2.):
   Við A. 4. a.: Fyrir »5,000« komi: 4000.
7. Við A. 4.: Liðurinn b.--i. sé steypt saman í eitt, sem verður b, og nefnist »Önnur útgjöld. 7,300«.
8. — B. I. a.: Fyrir 3,500 komi 3000 (tvisvar).
9. Breytingartillaga 281 (3.):
   Við B. I. 2.: Fyrir 2,700 komi: 2000.
10. Breytingartillaga 265:
   Við B. I. 3.: Liðurinn falli burt.
11. Breytingartillaga 281 (4.):
   Við B. I. 3.: Fyrir 800 komi: 500.
12. Við B. II. 3.: Fyrir 15,000 — 10,000 komi: 15,000 fyrra árið.
13. — B. II. 5.: Fyrir 10,000 — 10,000 komi. 10,000 fyrra árið.
14. — B. II.: Við bætist ný braut, Húnvetningabraut, og veitast til hennar 11,000 fyrra árið.
15. — B. II.: Nöfnin á flutningabrautunum, II. 1.—6., séu þessi og í þessari röð: Borgarfjarðarbraut, Húnvetningabraut, Eyjafjarðarbraut, Reykjadalsbraut, Fagradalsbraut og Grímsnesbraut.
16. N, 280 (1.)
   Við B. II.: Eftir Fagradalsbraut komi: Holtavegur.
17. N, 280 (2.)
   Við B. II.: Nýr liður komi, sem verður 7. liður: Brú á Rangá ytri 47,000 kr. (síðara árið). Töluliðirnir breytist eftir því.
18. Viðaukatillaga 275.:
   Við B. II.: Á eftir 6. lið komi nýr liður svohljóðandi: Til akfærs vegar frá Sélós milli Árbæjar og Baldurshaga til Kópavogs 5,000 — 5,000.
19. Við B. III.: Vegaheitin séu: Mosfellssveitarvegur, Stykkishólmsvegur, Holtavörðuheiðarvegur (brýr á hana), Lagarfljótsbrúarvegur og Skaftártunguvegur.
20. Breytingartillaga 262. (1.):
   Við B. III. 3.: Liðurinn falli burt.
21. Breytingartillaga 258.:
   Við B. III.: Aftan við 4. lið komi nýr liður svohljóðandi:
   a. Til brúar á Laxá í Hornafirði 10,000 kr. f. á.
   b. Til framhalds þjóðvegarins frá Laxá að Bjarnanesi 5,000 kr. síðara árið.
22. Breytingartillaga 265.:
   Við B. III.: Aftan við 5. lið komi nýr liður svohljóðandi:
   Til brúargjörðar á Bleikdalsá 3,900 síðara árið.

23. Viðaukatill. 254:
    Við B. III.: Milli 5. og 6. töluliðs komi:
    6. Til brúar á Hölkná í Þistilfirði kr. 4,500.
    7. Til brúar á Sandá í Þistilfirði kr. 10,000.
24. Breytingartill. 281 (5):
    Við B. III.: Eftir 5. liðinn komi nýr liður, sem verður 6. liður:
    Frá Dalsmynni yfir Bröttubrekku að Þórólfsstöðum 5.000 kr.
    7. Frá Ljárskógum til Svínadals 1,000 kr.
    8. Frá Höskuldsstöðum til miðrar Laxárdalsheiðar (skal verða þjóðvegur) 2,000 kr.
    6. liður verði 9. liður.
25. Við B. III.: Síðasti (6.) liður, sem verður 7. liður, nefnist: »Aðrar vegabætur og viðhald« og hækki upp í 15,000 f. á.
26. Breytingartill. 282 (2.):
    Við B.: Eftir VI. lið bætist við nýr VII. liður svohljóðandi:
    Til dragferjuhalds á Lagarfljóti 300—300 kr.
27. — B. VII.: Athugasemdin falli burt.
28. — B.: Aftan við VII. lið komi nýr liður, sem verður VIII. og nefnist Hvammstanga-kaupstaðarvegur (fyrir Múlann) 5,000 kr. f. á.
29. Viðaukatillaga 283:
    Við B.: Á eftir VIII. lið komi nýr liður, sem verður IX. þannig orðaður:
    Til akvegar frá Dalvík inn Svarfaðardal 2,000 kr. gegn 4,000 kr. tillagi að minsta kosti annarstaðar frá.
30. — B.: Enn bætist þar aftan við nýr liður, sem nefnist Breiðdalsvegur með 2,000 kr. f. á.
31. — C. 2.: Sá liður nefnist Gufubátsferðastyrkur alt að 45,000 hvort árið.
32. — C. 2.: Öll klausan: »Fénu má verja — endurgjalds« falli burt.
33. N. 280:
    Við C. 3.: Liðurinn falli burt.
34. — D. I.: Sá liður orðist svo: Ritsímafélagið mikla norræna . . . 35,000—35,000.
35. — D. II. 1.: Sá liður nefnist Búðardalstalsími frá Borðeyri 17,000.
36. — D. II. 2.: Sá liður orðist: Stykishólmstalsími frá Borgarnesi.
37. — D. II. 2.: Til þeirrar símalagningar veitast 55,000 kr.
38. Viðaukatill. 263:
    Við D. II.: Á eftir 2. lið komi nýr liður:

Siglufjarðartalsími frá Vatnsleysu	35,000 kr.
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum	10,000 —
	25,000 kr.

39. — D. II. 3.: Sú fjárveiting falli niður.
40. Breytingartill. 265:
    Við D. II.: Aftan við 5. lið bætist nýr liður svohljóðandi:
    Til símalagningar frá Keflavík að Kotvogi og Reykjanesi 5,400—6,600.
    Til vara:
    Til símalagningar frá Keflavík að Kotvogi 5.400 síðara árið.
41. — E. I. orðist: Til eftirlits með vitum 1500 kr. hvort árið.
42. — E. II.—XV.: Vitunum sé ráðað þannig og þeir nefndir sem hér segir:
    Skipaskagaviti, Elliðaeyjarviti, Arnarnesviti, Siglunesviti, Rifstangaviti, Langanesviti, Dalatangaviti, Dyrhólaeyjarviti, Vestmannaeyjaviti, Reykjanesviti, Skagatáarviti, Gerðatangaviti, Hafnarfjarðarvitar, Gróttuviti.

14. gr.

1. Breytingartill. 281. (8):
   Við A. b. 2.: Liðurinn falli burt.
2. Br.till. 281. (9.):
   Við A. b. 3.: Liðurinn falli burt.
3. N. 280.:
   Við A. b. 4.: Sá liður hækki í upp 4,000 hvort árið.
4. N. 280.:
   Við B. I. b. 2.: Athugasemdirnar báðar falli burt.
5. N. 280.:
   Við B. II. b. 2.: Athugasemdirnar báðar falli burt.
6. Br.till. 274.:
   Við B. II. b. 6.: Á eftir þessum lið komi nýr liður (7. liður) þannig:
   Þóknun til Þórðar gæðveikralæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði 300.
7. N. 280.:
   Við B. III. b.: Fyrir 1,800 komi 800 kr. hvort árið.
8. Br.till. 281. (10.):
   Við B. IV. b.: Fyrir »dyraverði — skólans 200« komi: Fyrir dyravörzlu, umsjón yfir húsum og munum skólans og til hjúahalds 1,000
9. Br.till. 281. (11.):
   Við B. IV. c. 4.: Fyrir 1,600 komi 1,800.
10. Við B. IV. c. 7.: Athugasemdirnar báðar falli burt.
11. — B. VIII. a. 1.: Fyrir 7,000 komi 3,000 kr. hvort árið.
12. N. 280.:
   Við B. VIII. a. 1.: »Þar af — 300 kr.« falli burt.
13. N, 280.:
   Við B. VIII. a.: Á eftir tölul. 1 komi tveir nýir liðir:
   2. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2000 hvort árið.
   3. námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla 300 kr. hvort árið.
14. Við B. VIII. a: 2.: Aftan við þann lið, sem verður 4. töluliður, bætist orðin »alt að«.
15. Við B. VIII. a. 2.: Fjárveitingin í þessum lið sé 1,500 kr.
16. — B. VIII. a. 3, sem verður 5. töluliður: Fjárveitingin sé 3,000 kr. hvort árið.
17. — B. VIII. a. 4, sem verður 6. töluliður: Fyrir »alt að 1,120 kr.« komi: alt að 2,000 kr. hvort árið.
18. N. 280.:
   Við B. VIII. a. 4.: Fyrir »40 kr.« komi 50 kr.
19. Við B. VIII. b. 1.: Fyrir »6,000 kr.« komi: 5,000 kr.
20. Br.till. 287 (við næstu breytingartill. hér á undan):
   Fyrir 5,000 kr. komi 6,000 kr.
21. Br.till. 283.:
   Við B. VIII. b. 2.: Á eftir »til farskóla, alt að 200 kr. til hvers« komi: og farkennara, þar sem ekki eru lögskipaðir farskólar, alt að 100 kr. til hvers.
22. Við B. VIII. b. 2.: Athugasemdin falli burt.
23. Við B. VIII. b. 3.: Liðurinn orðist svo: Til að koma upp barnaskólum utan kaupstaða, alt að þriðjungi kostnaðar.
24. Br.till. 281. (12.):
   Við B. VIII. b. 4.: Liðurinn falli burt.

25. Br.till. 265.:
Við B. VIII. b. 5. a.: Fyrir »laun umsjónarmanns« komi: laun ráðunauts.
26. Við B. VIII. b. 5. b. Liðurinn falli burt.
27. — B. VIII. c.: Fyrir »500 kr.« (innan striks) komi: 750.
28. — B. VIII. c.: Fjárveitingin 3,500 kr. breytist í 5,000 kr. hvort árið.
29. — B. VIII. c.: Athugasemdin falli burt.
30. Breytingartill. 265.:
Við B. VIII. d.: Fyrir 3,500 — 3,500 komi: 7,200 — 7,200.
31. Viðaukatill. 277.:
Á eftir B. VIII. d.: Til viðgerðar á gamla skólahúsinu í Flensborg 500 kr. fyrra árið.
32. Við B. VIII. k.: Liðurinn falli burt.
33. Br.till. 281. (13.):
Við B. VIII. l.: Liðurinn falli burt, en í þess stað komi: Til unglingaskóla Benedikts Björnssonar í Húsavík 700 kr. hvort árið.
34. Viðaukatill. 297.:
Við B. VIII. l.: Eftir þann lið komi nýr liður: Til Sigurðar bóksala Erlendssonar, í viðurkenningarskyni fyrir það, að hann hefir verið umferðabóksali hér á landi á vetrum í meira en 25 ár, 250 kr. fyrra árið.
35. Við B. IX. a.—b.: Athugasemdirnar báðar falli burt.
36. Br.till. 289:
Aftan við 14. gr. bætist:
XI. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leifimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega stúlkum, svo að þær verði færar um að k e n n a leikfimi· 480 — 480.
37. N. 307. (við næstu breytingartill. hér á undan):
Á undan »stúlkum« komi: utanbæjar.

15. gr.

1. Breytingartill. 281. (14):
Við 1. b.: Fyrir 1,500 — 1,500 komi: 2,500 — 2,500.
2. Við 1. d.: Fyrir 6,000 kr. komi: 5,000 hvort árið.
3. Br.till. 295. (1.):
Við 1. i.: Liðurinn falli hér niður.
4. Við 1. k.: Fyrir 800 kr. komi: 1,400 kr. hvort árið.
5. Br.till. 295. (2.)
Við 1. k.: Liðurinn falli hér niður.
6. Við 2. a.—d.: Liðurinn orðist: 2. Til kaupstaðabókasafna 2000 kr. hvort árið.
7. — 2.: Athugasemdin falli burt.
8. — 3.: Liðurinn orðist: Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum alt að 1,500 kr. hvort árið.
9. — 3.: Orðin »gegn — stofnana« falli burt.
10. — 4. b.: Aftan við liðinn bætist: »og til aðstoðar.«
11. Við 4. b.: Fyrir 1000 kr. komi: 1200 hvort árið.
12. — 4. e.: Liðurinn falli burt.
13. — 5.: Athugasemdin falli burt.
14. — 7.: Eftir 7 a. komi nýr liður, sem verður b.: Til aðstoðar eftir reikningi alt að 600 kr. hvort árið.
15. Breytingartill. 295. (3.):
Við 7: Eftir staflið b. á undan athugasemdinni komi nýr stafliður:
c. Til umsjónar og gæzlu forngripasafnsins 1000 — 1000.

16. Breytingartill. 295. (4.):
Við 7.: Aftan við athugasemdina bætist: Skylt er fongripaverði að hafa fastan aðstoðarmann og launa honum af þessari upphæð 600 kr. hvert árið.
17. Breytingartill. 295. (5.):
Við 7.: Stafliður c, verði stafl. d.
18. Við 7.: Aftan við 7. b., sem verður 7. c., bætast orðin: »alt að«.
19. — 7. b.: Athugasemdin falli burt.
20. — 7. c.: Liðurinn sá, sem verður d., orðist svo: Til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að.
21. — 7. c. (sem verður d.): Fjárveitingin í þeim lið breytist úr 1000 í 500 kr. hvort árið.
22. — 8.: Athugasemdin falli burt.
23. — 9.: Athugasemdirnar falli burt.
24. Breytingartill. 295 (9.):
Á eftir 9. tölul., sem verður 4., komi nýr töluliður:
5. Til safnahússins:
a. Til eldiviðar, áhalda o. fl. 2,200 — 2,200.
b. Til dyravarðar 1,400 — 1,400.
25. Við 10.: Orðin: »með því skilyrði — komið út« falli burt.
26. — 11.: Fyrir 600 komi 300 kr. hvort árið.
27. Eftir 12. lið bætist inn nýr liður, sem verður 13.: Til Einars skálds Hjörleifssonar 1200 kr. hvort árið, og töluliðirnir á eftir breytist eftir því.
28. Breytingartill. 281 (15):
Við 13.: Fyrir 800 — 800 komi 1500 — 1500.
29. Breytingartill. 273:
Við 13.: Fyrir 800 — 800 komi 1200 — 1200.
30. Breytingartill. 281 (16):
Við 14.: Liðurinn falli burt.
31. Eftir 17. lið (sem verður 18.) bætist inn nýr liður: Til Einars myndasmiðs Jónssonar 1500 kr. hvort árið, og liðirnir á eftir breytast eftir því.
32. Brtill. 281. (21):
Eftir 17. l. komi nýr liður, sem verður 18. Til Einars skálds Hjörleifssonar 1500—1500
33. Br.till, 281. (21.):
Og enn nýr liður: Til Guðm. skálds Guðmundssonar 600 — 600, sem verður 19
34. Br.till. 281. (17.):
Við 18. og 19.: Liðirnir falli burt.
35. Við 19.: Fjárveitingin verði 4000 kr. f. á.
36. Við 19.: Athugasemdin falli burt.
37. Við 21.: Athugasemdin falli burt.
38. Breytingartill. 281. (18.):
Við 22.: Liðurinn falli burt.
39. Við 22.: Fjárveitingin falli burt síðara árið.
40. Við 22.: Athugasemdin falli burt.
41. Breytingartill. 281. (19.):
Við 23.: Liðurinn falli burt.
42. Við 23.: Fjárveitingin breytist í 720 kr. hvort árið.
43. Breytingartill. 281. (20.):
Við 24.: Liðurinn falli burt.
45. Breytingartill. 281. (22.):
Við 25.: Liðurinn verður 20. liður o. s. frv.

46. Breytingartill 274.:
Við 25.: Á eftir þessum lið komi nýr (26. liður) þannig:
Styrkur til að gefa út lagasafn handa alþýðu (áframhald), 20 krónur fyrir örkina, gegn því að áframhald þetta verði eigi selt tiltölulega dýrara en þau bindin (4), sem út eru komin áður, alt að 800.

47. Eftir 28. lið (sem verður hinn 30.) bætist inn nýr liður, sem verður 31.: Til Guðm. G. Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisrannsóknanáms 1000 kr. f. á., og liðatalan á eftir breytist eftir því.

48. Breytingartill. 281 (23):
Við 29.: Fyrir 1200 — 1200 komi: 1500 — 1500.

49. Viðaukatill. 267:
Á eftir 29. lið komi nýr liður: Til Ísólfs Pálssonar til utanfarar í þeim tilgangi að afla sér tekniskrar mentunar 1200 kr. — 1200 kr.
Til vara: 1500 kr. í eitt skifti.

50. Breytingartill. 295:
Við 30. lið, sem verður 11. Fyrir 600 — 600 komi: 800—800.

51. Viðaukatill. 300:
Eftir 30. lið komi nýr liður:
31. Til Einars Páls Jónssonar til að fara utan og fullkomna sig í tónlist (fyrra árið) 1500 kr.

52. Breytingartill. 295 (6.—8.):
Töluliður 4 verði tölul. 2
— 7 — — 3
— 9 — — 4

53. Breytingartill. 295 (10.):
Tölulíðirnir 2., 3., 5., 6., 8. verði töluliðir 6., 7., 8., 9., 10.

54. Breytingartill. 295 (11.):
Töluliður 30. verði tölul. 11.

55. Breytingartill. 281 (24.):
Aftan við greinina komi nýr liður: Námsstyrkur til Jóns H. Ísleifssonar 600 kr. fyrra árið.

56. Breytingartill. 281 (25):
Aftan við greinina komi annar nýr liður: Til Jóhannesar málara Sveinssonar 600 — 600.

57. Breytingartill. 281 (26.):
Aftan við greinina komi enn nýr liður: Til Jóns Ófeigssonar 1000 — 1000 til að gera þýzk-íslenzka orðabók.

16. gr.

1. Við 1. c. 6.: Liðurinn falli burt.
2. — 2. a.: Liðurinn hækki upp í 3000 kr. hvort árið.
3. — 2. c. 6.: Liðurinn falli burt.
4. Breytingartill. 262. (3):
Við 4: Liðurinn orðist þannig:
Til Eiðaskólans:
a. Byggingarstyrkur 10,000 — 10,000.
b. Til verklegrar búnaðarkenslu 3,000 — 3,000.
5. Við 4.: Liðurinn hækki upp í 2,500 hvort árið.
6. — 4.: Eftir þann lið bætist inn nýr liður, sem verður hinn 5., o. s. frv.:
Til húsmæðraskóla á Eiðum 1000 kr. hvort árið.

7. N. 280.:
Eftir 4. lið komi nýr liður: Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskóla halds 1000 kr. hvort árið.
8. Við 5.: Fjárveitingin hækki upp í 22,000 hvort árið.
9. Br.till. 281. (27.):
Við 66. b.: Falli burt.
10. Við 8.: Fjárveitingin lækki um 500 kr. hvort árið.
11. — 8.: Þar næst bætist inn nýr liður: Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu 2000 kr. hvort árið.
12. Breytingartill. 290.:
Við 10.: Í staðinn fyrir 14,000 — 12,000 kr. komi 16,000 — 15,000.
13. Við 15.: Fyrir »tekniskan skóla« komi »iðnskóla.«
14. Eftir 19. tölulið komi nýr liður: Handa Indriða Helgasyni og Jóni Sigurðssyni til að halda fram námi í rafmagnsfræði.
15. Við 20.: Fyrir 5,000 komi 3,000 kr. hvort árið.
16. — 22.: Athugasemdin »þegar skip« o. s. frv. falli burt,
— 24. b.: Liðurinn falli burt.
17. Viðaukatill. 266.:
Eftir 25. lið komi nýr liður: Til Odds Oddssonar og Helga Magnússonar í »Regin« á Eyrarbakka til að afborga með verkfæri, sem notuð eru við aðgerð á skilvindum o. fl.
18. Við 26.: Liðurinn falli burt.
19. Viðbætist nýr liður: Hjálpræðisherinn í Reykjavík 250 kr. hvort árið gegn öðru eins úr bæjarsjóði Reykjavíkur.
20. Við 27.: Athugasemdin falli burt.
21. Eftir 27. tölul. bætist inn: Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til iðnsýningar 2000 kr. síðara árið.
22. Br.till. 265.: Aftan við 28. lið komi tveir nýir liðir svohljóðandi:
29. Til Ólafs Jónssonar til þess að læra að gera myndamót (clichéer) 1200—1200.
30. Handa hæfum manni til þess að læra að grafa námubrunna og að fara með jarðbora (demantsbora), 1500—1500.
23. Br.till. 278:
Eftir 28. lið komi nýr liður svohljóðandi:
Styrkur til ábúandans á Tvísakerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd, 400 kr. hvort árið.
24. N. 307. (breyt.till. við næsta lið hér á undan):
Fyrir 400 komi 200.

17. gr.
Óbreytt.

18. gr.
1. Ellistyrkur til síra Hjörleifs Einarssonar hækki upp í 500 kr.
2. Ellistyrkur til Elinborgar Friðriksdóttur upp í 600 kr.
3. Böðvari Jónssyni veitist 100 kr. ársstyrkur.
4. Breytingartill. 298.:
Til ekkjufrú *Torfhildar Hólm*: Fyrir 200 kr. komi 360.

5. Br.till. 299.:

Til Ragnhildar Björnsdóttur ekkju Páls Ólafssonar skálds: Fyrir 200 kr. komi 300 kr.

19. gr.

Þriðja málsgrein: »Upphæð, er svarar« o. s. frv. falli burt.

20. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Við 21. gr. bætist:

1) Sláturfélagi Suðurlands má lána úr viðlagasjóði 45,000 kr. gegn jafnmiklu stofnfé (hlutafé) og ábyrgð sýslunefndanna í V. Skaftafells, Rangárvalla, Árness, Kjósar, Borgarfjarðar og Mýra sýslna, og $4^1/_2$% vöxtum og afborgun á 15 árum.

2) Öðrum sláturfélögum má lána úr viðlagasjóði 25,000 kr. gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslnefnda og öðrum kjörum hinum sömu.

3) Viðaukatillaga 301:

Eftir tölulið b. bætist nýr töluliður c.: Sláturhúsi Gunnars kaupmanns Einarssonar í Reykjavík má lána 10,000 kr. úr viðlagasjóði gegn 2. veðrétti í allri sláturhúseigninni, þyki landsstjórninni það nægileg trygging, eða þá gegn ábyrgð bæjarfélags Reykjavíkur, og að öðru leyti með sömu kjörum.

4) Ullarverksmiðjunni á Akureyri má lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. með ábyrgð bæjarstjórnar og sýslunefnda Eyfirðinga gegn $4^1/_2$% vöxtum og afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

5) Handa Heilsuhælisfélaginu má ábyrgjast 150 þús. kr. lántöku til að koma upp heilsuhæli á Vífilstöðum yfir 50 sjúklinga.

6) Fljótshlíðarhreppi má veita úr viðlagasjóði 5 þús. kr. lán gegn ábyrgð sýslunefndar Rangæinga með 6% í vöxtu og afborgun á 28 árum.

7) Alt að 6000 kr. má lána úr viðlagasjóði kirkjusjóði Íslands, ef á þarf að halda til að hlaupa undir bagga til að endurreisa 2 kirkjur í Árnessýslu, er fuku í vetur.

8) Til umbótar á bryggjunni á Blönduósi má veita sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. láni úr viðlagasjóði.

9) Viðaukatillaga 309:

Eftir stafl. »g« komi nýr stafl. (h): »Til þess að gera Krossavík á Hellissandi að mótorbátakví má veita hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis alt að 8500 króna úr viðlagasjóði«.

Stafl. »h« verður stafl. »i«.

10) Í stað 30,000 kr. kornforðabúrsláusheimildarinnar í fjárlagafrumvarpinu komi heimild fyrir alt að 10,000 kr. láni hvort ár hin næstu.

11) Viðaukatillaga 276:

Úr viðlagasjóði má veita alt að 5000 kr. lán handa Jóh. J. Reykdal í Hafnarfirði, gegn veði í verksmiðju hans, í viðbót við áður veitt lán úr viðlagasjóði. Lánið ávaxtast með 4% árlega, sé afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

12) Viðaukatillaga 276:

Úr viðlagasjóði má veita bæjarsjóði Hafnarfjarðar 28,000 króna lán til þess að koma á stofn vatnsveitu í Hafnarfjarðarkaupstað. Lánið ávaxtist og afborgist með 6% á 28 árum.

13) Breytingartillaga 288:

Kaupfélagið Ingólfur á Stokkseyri má fá lán úr viðlagasjóði 69,000 kr. gegn jafnmiklu hlutafé og veði í húseignum og mannvirkjum félagsins á Stokkseyri og Eyrarbakka eða sjálfskuldarábyrgð ýmsra félagsmanna með $4^1/_2$% vöxtum og afborgun á 10—15 árum.

14) Breytingartillaga 291:

Úr viðlagasjóði má lána Björgvin Vigfússyni sýslumanni í Rangárvallasýslu alt að 12,000 kr. til að koma sér upp embættisbústað gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast og endurborgist með 6% á 28 árum.

Lánið er bundið því skilyrði, að bústaðurinn sé á heppilegum stað fyrir sýsluna, og að alt lánið falli í gjalddaga, ef ekki um semur með honum eða búi hans um kaup á húsi og jörð við eftirmann hans í embættinu á sínum tíma.

15) Viðaukatillaga 256:

Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 20,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi ávaxtast með 4% og eru að því er snertir samgirðingar og ábúendur á jörðum einstakra manna, afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en afborgist síðan á 20 árum með jafnri afborgun á ári. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum fá lán þessi gegn 6% árgjaldi í vöxtum og afborgunum í 28 ár. Lán þessi veitast eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Girðingar sem lánað er til skulu gerðar eftir reglugerð, er stjórnarráðið semur.

16) Viðaukatillaga.

»Ingvari E. Ísdal snikkara má lána úr viðlagasjóði 12.000 kr. gegn þeirri ábyrgð er stjórnin tekur gilda, til þess að koma á fót tréverksmiðju á Seyðisfirði. Af láninu greiðast 4% vextir árlega. Það sé afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum.«

17) Viðauktillaga 257.

Heimilt er að framlengja um 5 ár frest á afborgun af láni Erlendar Þórðarsonar, Guðmundar Jónssonar og Guðna Jónssonar til tóvinnuverksmiðju að Reykjafossi í Ölfusi sem veitt er á fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, að upphæð 20,000 kr.

Aftan við fjárlögin bætist svolátandi ný grein, sem verður 22. gr.:

Þessar áætlanir og fjárveitingar eru þeim skýringum háðar og þeim skilyrðum bundnar, sem hér segir:

1. Tollar þeir, er taldir eru í 2. gr. 8.—13., eru áætlaðir að frádregnum innheimtulaunum.

2. Styrkurinn í 12. gr. 2. greiðist hreppsnefnd Hofshrepps í Öræfum.

3. Styrknum í sömu gr. 3. a. til Björns augnlæknis Ólafssonar fylgir sú kvöð, að veita stúdentum í læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minsta kosti einu sinni á mánuði.

4. Styrkur til sama manns í sömu gr. 3. b. er því skilyrði bundinn, að hann hafi á hverri hringferð að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomu stað, eftir samráði við landsstjórn, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr.

5. Styrknum til tannlæknis Vilh. Bernhöfts (12. gr. 4.) fylgir sú kvöð, að hann veiti stúdentum í læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, og að hann haldi ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.

6. Sjúkraskýla byggingarkostnaðurinn (12. gr. 8. k.) má vera mest þriðjungur byggingarkostnaðar og fara aldrei fram úr 1000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa.

7. Styrkinn til utanferða héraðslækna (12. gr. 8. l.) veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis og má hann ekki fara fram úr 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.

8. Af fjárveitingunni í 13. gr. A. 1. b. 1. eru 500 kr. launabót handa fyrsta póstafgreiðslumanni Þorleifi Jónssyni.

9. Af póstflutninga-fjárveitingunni (13. gr. A. 2.) eru 8000 kr. ætlaðar hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) með skipum, sem ekki njóta fasts tillags, milli Íslands og útlanda, og milli hafna á Ís-

landi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skipin sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sé fyrir fram.

10. Pósthúsið í Reykjavík sé opið 9 stundir hvern virkan dag, og 1 stund á helgum dögum.

11. Fjárveitingarnar til Keflavíkurvegar, Hvammstangavegar og Breiðdalsvegar (13. gr. B. VII. VIII. og IX.) eru bundnar því skilyrði, að jafnmiklu fé að minsta kosti sé varið til vegarins annarsstaðar frá.

Breytingartillaga 264:

Við 11. liðinn. Liðurinn orðist svo: Keflavíkurfjárveitingin (13. gr. B. VII.) er því skilyrði bundin að $^1/_4$ að minsta kosti sé varið til vegarins annarsstaðar frá. Til vara: að í stað inn fyrir $^1/_4$ í ofangreindri tillögu komi $^1/_3$.

12. Fjárveitingin til ritsímafélagsins norræna (13. gr. C. 1.) eru umsamdar fjárgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 1906 fyrir að halda uppi ritsímasambandi milli Íslands og Hjaltlands og fyrir 300,000 kr. tillag félagsins til landssímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur.

13. Kaupverð í talsímann nýja milli Reykjavíkur og Ísafjarðar (13. gr. D. II. 4) er stjórninni heimilt að kaupa, er henni þykir bezt henta vegna verðsins.

14. Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar séu talsímastöðvar til almenningsnota á símaleiðunum (13. gr. D. II. 1. 2. 4. 5.), að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfrækslunа eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landssímastöðva og stjórnin nánara ákveður.

15. Styrkurinn til hvers nemanda við prestaskólann (14. gr. B. I. b. 2) má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið.

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.

16. Styrkur til hvers nemanda við læknaskólann (14. gr. B. II. b. 2) má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið.

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalftlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.

17. Námsstyrkurinn við lagaskólann (14. gr. B. III. c. 2) veitist með sömu skilyrðum sem við prestaskólann og læknaskólann.

18. Námsstyrkur til hvers nemanda við mentaskólann (15. gr. B. IV. c. 7) má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.

Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.

19. Styrkur til barnaskóla (14. gr. B. VIII. b. 1.) veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.

20. Styrkur til farskóla (14. gr. B. IV. b. 2.) veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.

21. Styrkurinn til að koma upp barnaskólum utan kaupstaða (14. gr. VIII. b. 3.) veitist með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki uppdrátt að húsinu.

22. Styrkurinn til unglingaskóla utan kaupstaða (14. gr. VIII. c.) veitist með því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði annarsstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.

23. Sundkenslustyrkurinn til Rvíkur (14. gr. B. IX. a.) er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.

24. Sundkenslustyrkurinn utan Reykjavíkur (14. gr. B. IX. b.) veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.

25. Kaupstaðabókasafnastyrkurinn (15. gr. 2. a—d) veitist með því skilyrði, að bæjar- og sýslufélög veiti minst jafnmikið í móti.

26. Sýslubókasafnastyrkurinn (15. gr. 3) er bundinn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, og sé landsstjórninni sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.

27. Af Bókmentafélagsstyrknum (15. gr. 5) veitast 500 kr. með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni eða sem því svarar af registri.

28. Forngripasafnið (15. gr. 7) sé opið frá 15. júní til 15. sept. 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 1 tíma á dag.

29. Fornleifafélagsstyrkurinn (15. gr. 8) greiðist því að eins, að Árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.

30. Af Náttúrufræðisfélagsstyrknum (15. gr. 9) greiðast 200 kr. á ári til umsjónar við Náttúrugripasafnið. Að öðru leyti er styrkurinn bundinn því skilyrði, að Náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni í viku.

31. Fornbréfasafnsstyrkurinn er því skilyrði bundinn, að gefið verði út sams konar registur sem við fyrsta bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út.

32. Goodtemplara-stórstúkan og Bindindis-sameining Norðurlands (15. gr. 18—19) geri stjórninni reikning fyrir, hversu varið er styrknum til þeirra.

33. Styrkurinn til leikfélags Reykjavíkur (15. gr. 21) er því skilyrði bundinn, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.

34. Af launafjárveitingunni við bændaskólann á Hvanneyri (16. gr. 2. a.) eru 300 kr. launabót handa Hirti Snorrasyni, fyrrum skólastjóra þar.

35. Við 22. lið 16. greinar gildir sú regla, að þegar skip, sem eiga að flytja fisk farma til Spánar eða Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík eða Ísafirði, ber lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirfiskimatsmannsins um gæði vörunnar sé ritað á hleðsluskjöl þeirra, eða rita á þau vottorð sitt um það, að sendandi vörunnar hafi, þrátt fyrir áskorun, neitað að láta yfirfiskimatsmanninn meta gæði hennar.

36. Það er að segja um Fiskiveiðasjóðinn, að ef stofnað verður útgerðarmannafélag, er nái til allra eða flestra innlendra síldarútvegsmanna, þá skal jafnan leita álits þess félags um úthlutun á því fé í Fiskiveiðasjóði, sem ætlað er til eflingar síldarútvegi.

Nd.

303. Atkvæðaskrá

við 2. umræðu um frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

[Stjórnarfrumvarp;
Nefndarálit 243;
Breytingartillögur nefndarinnar 244; 279 (þar sem einskis þingskjals er getið, eru breytingartillögurnar frá nefndinni);
Breytingartillögur (annara) 253; 261; 282; 284; 285; 286; 296].

1. gr.

Óbreytt.

2. gr.

1. Brt.till. Aftan við 2. gr. bætist: Fararеyrir fulltrúa héðan á alþjóðaholdsveikisfund í Björgvin 600 kr.
2. Viðaukatill. — — 2. gr. — Styrkur til Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikislæknamót í Björgvin.

3. gr.

1. Brt.till. við A. 4.: Fjárveitingin til miðstöðvarhitunar falli burt.
2. — — — — — — Til peningageymsluklefa í pósthúskjallaranum veitast alt að 800 kr.
3. — — — B. III.: Til Reykjadalsbrautar með brú á Laxá veitast 10,000 kr.
4. — — — — — — að fullgera Fagradalsbrautina veitast 11,500 kr.
5. — — — — — — nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut m. m. veitast 15,000 kr.
6. Viðaukatill. 253 við B. II.: Til að vernda Eyrarbakkabrautina niður Breiðumýri fyrir skemdum af vatnságangi 1600 kr.
7. Brt.till. við B. III.: Til að bæta torfæru á Grímsnesbraut beggja megin Sogsbrúar veitast 10,000 kr.
8. — — — — — — Til brúargjörðar á ytri-Rangá, falli burt.
9. Viðaukatill. 261 við B III: Á eftir: til brúargjörðar á Ytri-Rangá o. s. frv. komi: til Lagarfljótsbrúarvegar 4000 kr.
10. — — 285 — B III: Til brúargerðar á Grímhólsá og svo kölluðu Síki í Helgafellssveit 3000 kr.
11. Brt.till. við B. VIII: Til aðstoðarverkfræðings 2700 kr. falli burt.
12. Viðaukatill. 261 við B. VIII: Á eftir: Til aðstoðarverkfræðings o. s. frv. komi: Til brúarinnar á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum kr. 258,93 (Endurveiting kr. 0,79).
13. Viðaukatill. 286 við D. II. 6.: Á eftir »Árnes- og Rangárvallasýslum« komi: Tillaginu frá Árnessýslu skal verja til hliðarlínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.
14. Brt.till. við D. II. 6.: Til Vestmanneyjasíma 44,200 kr. falli burt.
15. — — — — — — — Til Bolungarvíkur talsíma frá Ísafirði veitast $^3/_4$ kostnaðar eða 6000 kr.
16. Viðaukatillaga 282: Aftan við 3. gr. komi nýr liður:
Til að mæla skipaleið í Gilsfjörð 10,000.

4. gr.

1. Breit.till. við B. III. Til bókakaupa handa lagaskólanum 1000 kr. falli burt.
2. — — — — V.: Aftan við liðinn 3—6 bætast orðin »alt að«.

5. gr.

1. Viðaukatillaga 296.: Eftir orðið »veitist« bætist:
Við 1. Til dyravarðar við Safnhúsið (síðara árið) 1400 kr.
2. Breit.tillaga — 7. Fyrir 1000 kr. koni 500.
3. Viðaukatill. 296 við 7. Til aðstoðar við umsjón á Forngripasafninu (síðara árið) 500 kr.
4. — — 282 Aftan við 5. gr. bætist:
Námsstyrkur til Jóns H. Ísleifssonar 600 kr.

6. gr.

1. Viðaukatillaga 284. Eftir 16. lið komi:
Við 24. Viðbótastyrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi 5000 kr. Samlagningin breytist samkvæmt því.

7. gr.

1. Viðaukatillaga. Í stað 7. gr. komi:
Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Nd. **304. Nefndarálit**

meiri hlutans í málinu: Frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Vér undirritaðir nefndarmenn höfum eigi getað orðið sammála meðnefndarmönnum vorum um þetta mál.

Baráttan gegn áfengisbölinu hefir nú verið háð með þjóð vorri um síðastliðna hálfa öld, eður meir, en þó eigi með fullu fylgi nema síðasta aldarfjórðung, eftir það er málið komst í hendur Good-Templarreglunni. Í höndum hennar hefir málinu þokað fram með sívaxandi hraða frá örlítilli byrjun. Ávöxturinn af starfinu er sá, að stórmikill meiri hluti þjóðarinnar hefir gersamlega horfið frá áfengisátrúnaðinum og sannfærst um, að áfengið er ekkert annað en eitur, er að eins á að vera til í lyfjabúðum, sem önnur eiturefni; en hvar sem það er notað til drykkjar, sé það skaðlegt lífi og heilsu manna. Reyndin hefir og um allar aldir að undanförnu í sögu mannkynsins verið sú, að bölið, sem áfengisnautnin hefir valdið, hefir verið eitt allra sárasta og átakanlegasta mein einstaklinga og þjóða, stórvirkara en jafnvel drepsóttir og styrjaldir. Ávextirnir hafa jafnan verið: heilsutjón, eignatjón, stórbilun á siðferðislegu þreki mannsins, ásamt mörgu öðru sem óþarft er hér að telja. Læknar vorir, ekki síst þeir, er framarlega standa í sinni ment, staðfesta þennan vitnisburð um áhrif áfengisins ótvíræðlega. Svo er og um allan hinn mentaða heim.

Hvílíkur gróði væri það þá eigi á allan hátt fyrir oss og niðja vora að losna við þennan þjóðaróvin, áfengið. Hvílíkur sómi þjóð vorri að verða þar á undan flestum öðrum þjóðum. Og það vill svo vel til að lega lands vors er oss í því efni til stórhagræðis.

Vér hikum ekki við, að ráða alþingi voru Íslendinga til að nota nú færið til þess að samþykkja alger bannlög gegn innflutningi áfengis, og erum þess fulltrúa að þjóðinni muni margfaldlega bætast víntollsmissirinn, ekki í eina átt, heldur í margar áttir.

Vér færum þetta fram, ekki að eins í voru eigin nafni, heldur þjóðarinnar. Sé hægt að segja um nokkurt mál, að það hafi verið rækilega undirbúið, þá er það þetta mál. Sé hægt að segja í nokkru máli: »Þjóðin vill það«, þá er það í þessu máli. Í þessu efni skírskotum vér til hinnar almennu atkvæðagreiðslu um málið 10. sept. síðastl., þar sem 60 af hverjum 100 kjósendum, er atkvæði greiddu, tjáðu sig fylgjandi áfengisbannlögum. En við þessa tölu bannvina má bæta hinum fjölmenna skara íslenzkra kvenna, sem í þessu máli, sem mörgum öðrum, eru næmar á þjóðarsómann. Enn má benda á æskulýð vorn, sveina jafnt og meyjar, er áreiðanlega, að stórmiklum hluta, fylgja af alúð þessu máli.

Í stuttu máli: áfengis-bannlög fela í sér ekkert annað en réttmæta sjálfsvörn gegn þjóðspillingu, og eru því þjóðarsómi og þjóðarnauðsyn.

Af því sem nú hefir verið tekið fram, má öllum vera ljóst, að vér föllumst í öllum aðalatriðum á frumvarp það um aðflutningsbann á áfengi, er hér er til meðferðar. Hins vegar höfum vér þó talið rétt, að gera við það allmargar breytingar. Sumar þeirra eru aðallega orðabreytingar eða miða að því að skýra ýms ákvæði frumvarpsins. Aðrar eru efnisbreytingar, er miða að því, að gera ýms ákvæði frumvarpsins sanngjarnari, og koma meiru samræmi á þau.

Skal svo nánari grein gerð fyrir aðalbreytingunum, svo sem hér segir:

1. breytingin við 2. gr. er að nokkru leyti efnisbreyting, nauðsynleg til tryggingar því, að vínandi, ætlaður til iðnaðarfyrirtækja eða efnarannsókna verði ekki notaður til drykkjar.

2. efnisbreytingin við sömu grein miðar til þess að gera smáskamtalækningum mögulegt að halda lækningum áfram.

Nefndin ræður ennfremur til þess, að upp verði tekinn sá siður, að hafa óáfengt vín við altarisgöngur, og er henni kunnugt, að biskup landsins er því hlyntur.

3. og 4. breyting við 4. gr. þykja mannúðlegri og frjálslegri gagnvart þeim, er áfengi hefir pantað.

Þar sem stungið er upp á því í 6. gr., að »hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra« komi í staðinn fyrir »strandgæzlumaður«, þá er það sprottið af því að strandgæzlu á yfirleitt hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra að hafa á hendi.

Ennfremur hefir nefndin talið nauðsynlegt, að bæta einum lið inn í greinina, er taki fram, hversu að skuli fara, er um skipsforða er að ræða og skipseigandi er erlendis.

Fyrri liður 8. greinar miðar að því að gera óheimild þess að veita, gefa, selja eða láta á annan hátt af hendi áfengi, almenna og ótvíræða.

Síðari liður sömu greinar er svo orðaður eftir samráði við landlækni, og miðar breytingin til þess, að gera alþýðu manna léttara og kostnaðarminna að ná í ýms nauðsynleg húsmeðul, er í er meira af vínanda en $2^1/_4\,\%$.

Fyrri breytingin við 9. gr. er mannúðlegri og frjálslegri en ákvæði frumvarpsins.

Síðari breytingin við sömu grein tryggir það, að vínveitingamenn og vínsalar yfir höfuð fái bættan skaða þann, er þeir annars kynnu að verða fyrir, er lögin kæmu til framkvæmdar.

Við 10. gr. þótti rétt að setja ákvæði í þá átt, að sá, er áfengi fyndist hjá og ekki gæti eða vildi sýna sönnunargögn þess, hvaðan honum hefði komið áfengi, skyldi teljast sekur, svo sem hann hefði brotið gegn 1. gr.

Að öðrum kosti er ekki annað sýnna en að slík rannsókn, er um ræðir, yrði einatt árangurslítil eða árangurslaus.

Annar liður 12. greinar virðist vera óþarfur, með því líkt ákvæði finst í almennum hegningarlögum.

Með breytingunni í 13. gr. vill nefndin meðal annars tryggja það, að ölvaður maður sé ekki leiddur fyrir dómara, og jafnframt hitt, að hann sæti sjálfur ábyrgð, nema skýrsla hans leiði til þess, að upp komi, hver seldi honum eða veitti. Að öðrum kosti yrði rannsókn um þetta efni einatt árangurslaus með öllu.

Með breytingunum á 14. gr. eru sektarákvæðin færð stórkostlega niður, og hlýtur það að gera frumvarpið miklu aðgengilegra. Sama er að segja um niðurfærslu sekta annarstaðar eða í 15. gr.

Við 15. gr. Þykir oss nauðsynlegt, að orðið »vísvitandi« falli burt Ástæðan er sú, að skipstjóri, sem síðar reyndist hafa gefið ranga skýrslu, gæti þótt sekur væri í raun réttri um vísvitandi brot, skotið sér undan sektum, með því að halda því fast fram, að hann hafi ekki vitað betur.

Orsökin til þess, að nefndin leggur til að 18. gr. falli burt, er sú, að fyrri liður hennar er beint vanhugsaður, og síðari liðurinn óþarfur, vegna ákvæða almennra hegningarlaga.

Nefndinni þykir hæfilegt að láta $^1/_5$ hluta sekta renna til uppljóstanda. Mundi það ákvæði gefa talsverða tryggingu fyrir því, að brot komust upp, án þess þó að freista manna til að gera sér atvinnu af því, að ljósta upp brotum.

Ákvæði 19. greinar eru samhljóða við ákvæði ýmissa annara laga.

21. gr. hefir sams konar ákvæði og eru í lögum 11. nóv. 1899, nr. 26.

Í 22. gr., sem verður 23. gr., leggur nefndin til að í stað orðanna »öðlast gildi« komi: »koma til framkvæmdar«. Það er ljóst, að þessi lög sem önnur öðlast gildi, þegar konungur hefir staðfest þau og birtingarfrestur er liðinn.

En hins vegar er ætlast til, að þau komi ekki til framkvæmda fyr en 1. jan. 1912, og er sá frestur þó lengri en mikill hluti þjóðarinnar mundi vel við una.

Með þessum breytingum ræður meiri hlutinn deildinni til að samþykkja frumvarpið.

Neðri deild alþingis 15. marz 1909.

Björn Jónsson, form.	Sigurður Gunnarsson, skrifari.	Stefán Stefánsson, Eyf.

Björn Kristjánsson.

Hinir 3 nefndarmennirnir munu gera grein fyrir sínu ágreiningsatkv. síðar.

Nd.

305. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Við 1. gr.

Í stað orðanna: »eftir það . . . áfengan drykk« komi: »Engan áfengan drykk má«.

Við 2. gr.

1. Í staðinn fyrir orðin: »en þó . . . að hann« komi: »Báðar þessar heimildir eru bundnar því skilyrði að vínandinn«.
2. Í stað orðanna: »Loks skal . . . kirkjudeild í landinu« komi: »Loks skal smáskamtalæknum heimilt að flytja frá útlöndum vínanda til lyfjablöndunar og smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests«.

Við 4. gr.

1. Í stað orðsins: »aðflytja« komi: »fá«.
2. Í stað orðsins: »innsigli« komi: »embættisinnsigli«.
3. Í stað: »3 mánuðir« komi: »6 mánuðir«.
4. Aftan við orðin: »selja umbúnir þess« komi: »nema sá er pantað hefir, kjósi heldur að áfengið verði á sinn kostnað endursent seljanda«.

Við 5. gr.

1. Í stað orðanna: »láta aðra . . . láta af hendi« komi: »leyfi öðrum skipverjum að láta af hendi«.
2. Í stað orðsins: »innsigli« (2. l. 3. lið) komi: »embættisinnsigli«.

Við 6. gr.

1. Í stað orðsins: »strandgæzlumaður« komi: »hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra«.
2. (4. l. 1. lið). Í stað orðsins: »innsigli« komi: »embættisinnsigli«.
3. Eftir 1. lið greinarinnar komi nýr liður svohljóðandi: »Sé um skipsforða að ræða og skipseigandi sé erlendis, skal áfengið sent úr landi til hans á hans kostnað, nema hann kjósi heldur að því sé helt niður«.
4. Annar liður greinarinnar verði 3. liður.

Við 7. gr.

1. Í stað orðanna: »hér innanlands . . . og landi« komi: »né í landhelgi«.
2. Í stað orðanna: »innsigli« komi: »embættisinnsigli« (á tveim stöðum).

Við 8. gr.

8. gr. orðist svo: »Öllum mönnum er óheimilt að veita, gefa, selja eða láta af hendi á annan hátt áfengi til annara manna.

Þó mega lyfsalar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðlum löggiltra lækna, en þó eigi oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra,

sem áfengi er í, setur landlæknir lyfsölum reglur því til tryggingar að áfeng lyf verði eigi höfð til nautnar, heldur eingöngu til lækninga«

Við 9. gr.

1. Í stað: »8 vikur« komi: »4 mánuðir«.
2. Aftan við greinina bætist nýr liður svohljóðandi: »Nú er vínveitingaleyfi eða vínsöluleyfistími einhvers manns ekki útrunninn, er lög þessi koma til framkvæmda, og hefir hann þá rétt til endurgreiðslu úr landssjóði á tiltölulegum hluta hins upphaflega leyfisgjalds«.

Við 10. gr.

Í staðinn fyrir annan lið greinarinnar komi: »Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sýna sönnunargögn þess, hvaðan honum eru komnar birgðirnar. Geti hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

Við 11. gr.

Í stað orðanna: »veitt er« komi: »hann selur eða veitir«.

Við 12. gr.

Síðari liður greinarinnar falli burtu.

Við 13. gr.

13. grein orðist svo: »Nú sést maður ölvaður, og skal þá heimilt að leiða hann fyrir dómara, er af honum er runnið. Skal hann skyldur til að skýra frá, hvar hann hafi fengið áfengi það, er hann varð ölvaður af. Geri hann það ekki, eða leiði skýring hans ekki til fullrar sönnunar á hendur seljanda eða veitanda, skal hann sæta sektum frá 50—200 kr.

Við 14. gr.

1. Í stað: »300—5000 kr.« komi: »200—2000 kr.«
2. Í staðinn fyrir: »varðar fangelsi« komi: »varðar sektum eigi minni en 500—5000 kr.«
3. Í staðinn fyrir: »betrunarhúsvinnu« komi: »ekki minna en 8 mánaða fangelsi«.
4. 4. liður orðist svo: »Áfengi það er ólöglega er flutt inn í landið, skal ávalt gert upptækt og því helt niður«.

Við 15. gr.

1. Orðið: »vísvitandi« (í 1. línu) falli burt.
2. Í staðinn fyrir: »500—2000 kr.« komi: »200—1000 kr.«
3. Í staðinn fyrir: »200—1000 kr.« komi: »100—2000 kr.«
4. Í staðinn fyrir: »alt að . . . 8 mánaða fangelsi« komi: »sektum frá 250—2500 kr.«

Við 16. gr.

Í staðinn fyrir: »Svo skulu . . . gert upptækt« komi: »Svo skulu og flutningstækin, ef aðalflutningurinn var áfengi, gerð upptæk«.

Við 18. gr.

18. gr. falli burt.

Við 19. gr.

19. gr., sem verður 18. gr., hljóði svo: »Allar sektir eftir lögum þessum renni að $^4/_5$ hlutum í landssjóð, en að $^1/_5$ hluta til uppljóstanda«.

19. gr. hljóði þannig: »Séu sektir eigi greiddar, skulu þær afplánaðar með fangelsisvist«.

Við 20. gr.

Í stað orðsins: »sakamál« komi »lögreglumál«.

Við 21. gr.

Í stað 21. greinar komi ný grein svo hljóðandi: «Sveitarstjórnum og lögreglustjórum er sérstaklega skylt að sjá um að lögum þessum sé hlýtt«.

21. grein frumvarpsins verður 22. gr.

Við 22. gr.

1. 22. gr. verður 23. gr.
2. Í stað orðanna: »öðlast gildi« komi: »koma til framkvæmdar«.

Ed.

306. Breytingartillaga

við frv. til laga um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands m. m. á þgskj. 242.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi frá og með ráðherraskiftunum 1909.

Nd.

307. Breytingartillögur

frá fjárlaganefndinni.

1. Við brtill. á þingskjali 278:
   fyrir 400 kr. komi 200 kr.
2. Við brtill. á þingskjali 289:
   Á undan »stúlkum« komi: utanbæjar.

Ed.

308. Tillaga

til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga fjármál landsins.

Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson. Kristinn Daníelsson. Jósef Björnsson. Sigurður Hjörleifsson. Ari Jónsson.

Efri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga fjármál landsins.

Nd.

309. Viðaukatillaga

við breytingartillögur fjárlaganefndar á þskj. 245.

Frá Sigurði Gunnarssyni.

Við 21. gr.

Eftir stafl. »g« komi nýr stafl. (h.): »Til þess að gera Krossavík á Hellissandi að mótorbátakví má veita hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis alt að 8500 króna úr viðlagasjóði.«

Stafl. »h« verður stafl. »i«.

Ed.

310. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að annast um útgáfu hentugra skólabóka.

Vér, sem kosnir vorum af hinni háttvirtu deild til þess að láta upp álit vort um þetta mál, erum einhuga á því að brýna nauðsyn beri til þess að bæta sem allra fyrst úr hinum tilfinnanlega skorti, sem nú er, á góðum íslenzkum kenslubókum. Beinustu og greiðustu leiðina til þessa teljum vér þá, að skipuð sé nefnd manna, er annist um að samdar séu og gefnar út góðar, velritaðar skólabækur eins og tillagan fer fram á. Ætlumst vér til að nefnd þessi sé skipuð skólafróðum mönnum er hafi sérþekkingu í hinum ýmsu fræðigreinum, sem kendar eru í skólum vorum. Sérstaklega er áríðandi að sem flestir nefndar manna séu vel að sér í íslenzku og hafi næman smekk fyrir góðu máli. Því vér teljum það miklu máli skifta, að skólabækur allar séu ritaðar á hreinu og fögru máli.

Nefndinni ætlum vér að taka til yfirvegunar, hvaða bækur þurfi nauðsynlega að rita. Þegar hún er orðin ásátt um það, útvegar hún menn til að rita þær. Lætur hún auðvitað þær bækurnar sitja í fyrirrúmi, sem sízt má án vera, og færir menn fást til að semja. Höfundarnir senda svo handrit sín til nefndarinnar. Hún yfir fer handritin og gerir við þau athugasemdir eftir þörfum. Þegar handritin eru orðin svo vel úr garði gerð, sem frekast er auðið, sér nefndin um útgáfu bókanna. Yrði það að líkindum venjulegast á þann hátt að hún fengi einhverjum útgáfuréttinn ókeypis eða gegn einhverju gjaldi, eftir því hve bókin væri útgengileg. Búast má við að styrkja þurfi útgáfu sumra bókanna, t. d. náttúrfræðis og landafræðisbóka, sem þurfa að vera með mörgum og góðum myndum. Nefndin ákveður hve há ritlaun skulu goldin fyrir hvert handrit og ætlumst vér til að ritlaunin séu alt að 45 kr. fyrir hverja prentaða örk. Bækur þær, sem út koma frá nefndinni, teljum vér sjálfsagt að verði lögskipaðar kenslubækur í hinum æðri mentaskólum landsins. Upplagið af hverri bók ætti ekki að vera mjög stórt, því skólabækur úreldast tiltölulega fljótt. Auðvitað hefir það nokkurn kostnað í för með sér, að gefa oft út sömu bókina

í endurbættum og breyttum útgáfum, eftir því sem þarfir tímans krefjast, en það ætti fyllilega að svara kostnaði.

Einu af oss nefndarmönnum hefir haldið því fram, að æskilegt væri að nefnd þessi hefði einnig eftirlit með útgáfu kennslubóka fyrir barnaskóla og unglingaskóla og höfum vér fallist á að gera það að tillögu nefndarinnar. Ekki ætlumst vér þó til að skóla kókanefndin gangist fyrir því, að þessar bækur verði ritaðar. Teljum vér þess ekki þörf fyrir þá sök, að það er miklu arðvænlegra að gefa út þessar bækur, en kenslubækur handa æðri skólunum. Ætti það eitt að vera mönnum nægileg hvöt til þess að gefa út þessar bækur, ekki síst ef þeir fengju einhvern styrk til þess af opinberu fé. En vilji menn fá bók löggilta sem kenslubók við barna og unglingafræðslu, ætti það að vera bundið því skilyrði að kenslubókanefndin veitti því eindregin meðmæli sín. Mundi þá svo fara, að út gefendum þessara bóka þætti vissara að leita álits nefndarinnar um bækurnar áður en þær væru prentaðar. Þeir mundu ekki vilja eiga það á hættu að nefndin lýsti bókina óhæfa eftir á. Yrði þetta til þess, þegar tímar liðu, að koma í veg fyrir að óhæfar kenslubækur yrðu útgefnar og notaðar í hinum lægri skólum vorum, og yfirleitt við barnafræðslu. Í sambandi við þetta skal þess getið, að vér teljum nálega sjálfsagt að umsjónarmaður fræðslumálanna eigi sæti í nefndinni.

Loks skulum vér geta þess, að vér teljum æskilegt að nefnd þessi starfi fyrst um sinn um alllangt árabil. Stjórnarráðið gefur henni að sjálfsögðu erindisbréf, og ætti það að vera á valdi þess, til hve langs tíma nefndin yrði skipuð.

Skulum vér ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en leggjum til að tillagan verði orðuð á þennan veg:

Alþingi ályktar, að fela stjórninni, að skipa 5 manna nefnd, er annast um að samdar verði og gefnar út hentugar, íslenzkar skólabækur á vönduðu máli fyrir æðri menta skóla landsins. Nefnd þessi hafi og eftirlit með útgáfu kenslubóka þeirra, er notaðar eru við barna og unglingafræðslu.

Efri deild alþingis 18. marz 1909.

Jósef Björnsson	Stefán Stefánsson
form.	skrifari og framsögum.

Kristinn Daníelsson.

Ed. **311. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Álit meiri hlutans.

Til þess að gerð sé grein fyrir máli þessu, er hin háttvirta deild fól oss til íhugunar, þarf það fyrst að vera ljóst, hvert samband muni vera milli laganna frá 20. okt. 1905 um þjóðjarðasölu og laganna frá 20. okt. 1905 um forkaupsrétt leiguliða. Þetta er nauðsynlegt til þess að vita hvort alþingi og landsstjórn hafi ekki fullan rétt til þess að ráðstafa jörðinni og hvort einstakir menn eða sveitarfélög hafi nokkurn forkaupsrétt á henni.

Eins og lögin um þjóðjarðasölu ná til allra þjóðjarða og ekki til annara jarða, eins er í lögunum um forkaupsrétt leiguliða settar ákveðnar reglur viðvíkjandi sölu annara jarða en þjóðjarða. Þessi tvenn lög eru bliðstæð og gilda hvor á sínu sviði. Lögin um forkaupsrétt leiguliða gilda alls ekki um þjóðjarðir fremur en lögin um sölu þjóðjarða gilda um jarðir þær, er ræðir um í lögum um forkaupsrétt leiguliða.

Lögin um forkaupsrétt leiguliða ná til þeirra jarða, sem gangast kaupum og sölum, veita ábúendum þessara jarða sérstök forréttindi, að því er snertir kaup á þeim, og sveitarfélögunum, að ábúanda frágengnum. Lögin um þjóðjarðasölu veita ábúanda rétt til þess að ná kaupi á þjóðjörð og fela landsstjórninni að standa fyrir sölunni, en veita sveit-

arfélögum engan forkaupsrétt á þeim jörðum. Auk þess undanskilja lögin um þjóðjarðasölu sérstakar jarðir, er ekki má selja nema með sérstöku lagaboði og heimila engum forkaupsrétt á þeim jörðum.

Hvað hinar fyrnefndu þjóðjarðir snertir, sem landsstjórninni er heimilað selja, þá er það bert, að lögin um forkaupsrétt leiguliða og sveitarfélaga ná ekki til þeirra, þegar af þeirri ástæðu, að þær jarðirnar eru aldrei boðnar sveitarfélögunum, að leiguliða fragengnum, engin heimild til þess í lögunum og engin venja fyrir því. En að því er snertir þær þjóðjarðir, er eigi má selja nema með sérstöku lagaboði, þá er auðsætt, að lögin um forkaupsrétt leiguliða ná, ef svo mætti segja, ennþá síður til þeirra. Væri svo, þá væri lögin um forkaupsrétt leiguliða gerð rétthærri en hein ákvæði þjóðjarðasölulaganna sjálfra (sbr. 2. gr.), svo þau lög gætu alls ekki náð tilgangi sínum; þá takmarkaði loggjöfin (í lögunum um forkaupsrétt leiguliða) þann umráðarétt yfir jörðunum, sem áskilinn er löggjafarvaldinu á þann hátt, að framkvæmd á aðalhugsun ákvæðanna í þjóðjarðasölulögunum yrði oft og tíðum ómöguleg. Það liggur í augum uppi (samkv. 2. gr. þjóðjarðasölulaganna), að vilji löggjafarvaldið afhenda einhverja jarðeign þjóðarinnar með sérstöku lagaboði til einhverra almennings nota, þá fer það ekki þá kynlegu krókaleið, að spyrja fyrst ábúanda og síðan hlutaðeigandi hreppsfélag að því, hvort þau ekki vilji svifta það tækifærinu til þess. Eftir því gæti landsstjórnin t. d. ekki afhent Búnaðarfélagi Íslands þjóðjörð til ræktunar, nema með því móti, að ábúandi og hreppsfélag afsali sér þessum ímyndaða forkaupsrétti á jörðinni. Slík löggjöf mundi líklega af mörgum verða talin fremur hjákátleg.

Það liggur líka í augum uppi, að ekki er hægt að segja, að sú jörð gangi kaupum og sölum, sem landsstjórnin afhendir til almennings nota með sérstöku lagaboði, þó landsjóður þiggi fyrir hana hæfilegt verð.

Þó mörg fleiri rök megi færa til stuðnings því, sem hér hefir verið sagt, þá hyggjum við, að þetta muni nægja til þess að sýna það, að löggjafarvaldið stendur algjörlega með óbundnar hendur í þessu máli, og að enginn einstaklingur né sveitarfélag hefir nokkurn minsta lagarétt til þjóðjarðarinnar Kjarna, ef þingið vill selja hana til almennings nota með sérstökum lögum.

En að því er mál þetta snertir að öðru leyti, þá þykir okkur sem löggjafarvaldið eigi fyrst og fremst að líta á það á hvern hátt jörðin muni verða að mestum notum, og erum við ekki í neinum vafa um það, að hún verður langfyrst ræktuð upp og verður að langmestum notum fyrir landbúnaðinn í heild sinni, ef hún verður eign Akureyrarkaupstaðar. Með því móti verður hún líka langflestum mönnum að notum.

Að sjálfsögðu ber líka að líta á það, að Akureyrarkaupstaður hefir brýna þörf fyrir jörðina. Jarðarkaupin eru áhugamál nálega allra kjósenda kaupstaðarins. Bæinn vantar mjög tilfinnanlega beitiland. Hefir áður fengið það að nokkru leyti í Kjarnalandi, en á ekki von á því að fá það þar framvegis. Fari svo, verður það til stórhnekkis fyrir hinn blómlega landbúnað kaupstaðarbúa.

Beztu sönnunina fyrir því, hve bæjarbúum er það mikið áhugamál að eignast jörðina, er það, að í vetur gerði bæjarstjórn kaupstaðarins samning við ábúanda jarðarinnar, ekkjuna Kristjönu Jónsdóttur, um að hún afsalaði sér til kaupstaðarins forkaups og ábúðarrétti sínum til jarðarinnar með því skilyrði, að Akureyrarkaupstaður greiði henni árlega 200 kr. meðan hún lifir; var þetta gert í fullu trausti til þess, að hið háa alþingi mundi vilja líta á það, hve vel bærinn vildi láta sér farast við hinn fyrri búanda landsjóðseignarinnar og að það að öllu leyti mundi gera löggjafarvaldið fúsara til þess að láta jörðina af hendi við kaupstaðinn. Samningur þessi er samþyktur og undirritaður af öllum bæjarfulltrúum kaupstaðarins, og gengur þegar í gildi, er jörðin verður afhent kaupstaðnum til eignar. — En varla verður annað sagt, en að bærinn hafi með þessu sýnt, að kaupin og umráðaréttur yfir jörðinni eru honum áhugamál, er hann vill vinna til að borga svo hátt gjald árlega og auk þess borga landsjóði jörðina fullu verði.

Full ástæða er líka til þess að líta á það, að eftir því sem lög ganga nú hér í landi, hafa allir rétt til þess að setjast að í bæjunum, án þess að leita sér ábúðarleyfis (sbr. lög nr. 60 frá 1907 um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn). Þetta eykur aðstreymið að bæjunum af blásnauðu fólki. Bæirnir hafa það háleita hlutverk að gera nýta borgara úr þessu fátæka fólki og börnum þeirra, en heill þjóðfélagsins er að ekki sé litið leyti undir því komið, hvernig þeim tekst það. Til þess að inna þetta hlutverk af hendi, verður hver bærinn að neyta þeirra náttúruskilyrða, sem fyrir hendi eru og er það ekki lítilsvert fyrir Akureyri, að hafa nokkurt land til umráða í þessu skyni, en löggjafarvaldinu sízt ætlandi að það vilji vera meinsmaður bæjanna, er þeir leitast við að leysa þetta hlutverk sitt sem bezt af hendi.

En hvað Hrafnagilshrepp snertir, þá hefir hann alls enga alvöru sýnt í því að ná eignarhaldi á jörð þessari. Enginn lögmæltur undirbúningur hefir farið fram af hálfu hreppsins, ekkert lagafrumvarp hefir verið borið upp í þinginu um að selja hreppnum jörðina, og engin rétt rök verða fyrir því færð, að honum sé það nokkurt þroskaskilyrði, að fá eignarráð á jörð þessari. Hrafnagilshreppsbúar hafa yfir að ráða þeim kynstrum af ágætis ræktunarlandi, að þeim endist það sennilega þessa öldina út og — því miður — líklega vel það, þó þeir sleptu því við Akureyrarbúa að rækta upp Kjarnalandið.

Við lítum svo á, sem landsstjóði sé það með öllu meinfangalaust að selja jörðina, ef hann fær fyrir hana hæfilegt verð; en hvað verði því viðvíkur, sem ákveðið er á henni í frumvarpinu, þá er haldið sér við mat dómkvaddra, óvilhallra manna, sem skipaðir voru í vetur, eftir leyfi stjórnarráðs, til þess að meta jörðina. Vorum vér allir nefndarmenn — líka háttvirtur minni hluti — sammála um, að jörðin væri fremur hátt en lágt metin. Hún er 41,2 hundruð að nýju mati, og er þá hvert jarðarhundrað metið á 200 kr. Er það langt yfir meðalverð jarðarhundraða hér á landi og óvenjulega hátt verð á hlunnindalausri jörð. Samt þykir okkur ekki ástæða til þess að færa verðið niður, enda má fullyrða, að Akureyrarkaupstaður sætti sig við það.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru hér að framan, ráðum við háttvirtri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1909.

Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögumaður. Ari Jónsson.

Álit minni hlutans.

Eg hefi eigi getað komið mér saman við samnefndarmenn mína um úrslit þessa máls.

Beiðni Akureyrarkaupstaðar um það, að ráðherra Íslands veitist heimild til þess að selja kaupstaðnum þjóðjörðina Kjarna er bygð á því, að ábúandinn hefir afsalað kaupstaðnum forkaupsrétt sinn eða rétt til þess að fá jörðina keypta.

Svo er tilfærð nauðsyn sú, sem sé til þess, að Akureyri eignist jörðina og gagnsemi fyrir kaupstaðarfélagið, eins og nánara er skýrt frá í framanrituðu áliti meiri hlutans. Að því leyti, er snertir þessa ástæðu, þá get eg ekki með neinu móti séð, að hún sé nægileg. Það þarf meira til þess, að landssjóður selji aðra eins jörð frá sér sem Kjarni er. Akureyri hefir meir en nóg land í því flæmi, sem kaupstaðurinn hefir fengið úr Hrafnagilshreppi frá því á árinu 1893, sem sé Eyrarlandstorfuna með Barði og Hamarkoti, 54,9 hndr. að dýrleika, og Naust 21,8 hndr.; þetta land er allmikið, og nú fylgja þessum jörðum stórir slægjuhólmar í Eyjafjarðará. Eg get ómögulega séð, að Akureyrarkaupstaður geti haft meir upp úr Kjarna, eða réttara sagt gjört meir úr jörðunni, en sveitarfélagið, sem leikur hugur á að fá hana líka. Auk þess er jörðin líkleg til gagns fyrir héraðið alt, enda kom það á sínum tíma til tals, að setja annan bændaskóla landsins þar. Hvernig sem litið er á rétt eða tilkall Hrafnagilshrepps til Kjarna nú sem stendur, þá er ekki rétt, að hann sé fyrir borð borinn vegna kaupstaðarins. Kjarni verður eflaust talin með þeim jörðum, sem heimfærast undir 2. gr. laga 20. oktbr., um sölu þjóðjarða.

Þegar *ég svo sný mér að hinni hlið málsins, þeirri aðferð*, sem kaupstaðurinn eða bæjarstjórnin hefir viðhaft til þess að ná eignarréttinum yfir Kjarna, þá er þess að gæta, að afsal ábúandans til kaupstaðarins á forkaupsréttinum er gagnstætt grundvallar reglum laganna um »delegation«. Það er alt annað, að ábúinn getur slept forkaupsrétti sínum gagnvart landsdrotni.

I 4. gr. laga 20. oktbr. 1905, um forkaupsrétt leiguliða, er svo fyrir mælt, að ef leiguliði á jörðu afsali sér forkaupsrétti sínum, þá öðlist sveitarfélag það, sem jörð liggur í, forkaupsréttinn. Ákvæði þetta nær nú ekki til þjóðjarða, en ef mætti heimfæra það »analogice« upp á þjóðjörð, þá lægi það næst, að forkaupsrétturinn til Kjarna lenti hjá Hrafnagilshreppi. Hann hefir nú fastlega mótmælt því, að Kjarni yrði seldur, og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu eömuleiðis.

Úr því hér er að ræða um afhending þjóðjarðar, liggur nær að íhuga fyrirmæli laga 20. oktbr. 1905 um sölu þjóðjarða. Þau eiga að vísu eigi hér við, því ábúandinn

hefir ekki falað jörðina af landsdrotni, en lög þessi sýna samt svo mikið, að sýslunefndir hafa hönd í bagga með, þegar um sölu þjóðjarða er að ræða, og sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir látið til sín heyra í þessu máli; svo mikið er komið fram, að jörðin Kjarni sé þess eðlis, að hún eigi að verða og geti orðið til almennings nota fyrir sýslufélagið eða hreppsfélag það, sem hún liggur í.

Það er ekki rétt, að selja þessa jörð að svo stöddu frá landssjóði.

Eg leyfi mér því að leggja það til, að hin háttvirta þingdeild felli frumvarpið.

Alþingi, 18. dag marzmán. 1909.

J. Havsteen,
formaður.

Nd. **312. Viðaukatilaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl.

Við 130. breytiugartillögu við 21. gr.:

Eftir tölulið b. bætist nýr töluliður c.: Sláturhúsi Gunnars kaupmanns Einarssonar í Reykjavík má lána 25,000 kr. úr viðlagasjóði gegn 1. veðrétti í allri sláturhúseigninni, sem er úr steini, svo og 1. veðrétti í annari fasteign, er báðar væri metnar eigi minna til peningaverðs en 50,000 kr., og borgist lánið á 28 árum með 6% árlega.

Nd. **313. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Breytingartillaga á þingskjali 264 orðist svo:

Við 13. gr. B. VII athugasemdin orðist svo:

Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði að $^1/_3$ sé að minsta kosti varið til vegarins annarstaðar frá.

Nd.

314. Frumvarp

til laga um stofnun háskóla.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

I. Stjórn háskólans.

1. gr.

Í Reykjavík skal setja á stofn háskóla.
Skólinn nefnist »Háskóli Íslands«.

2. gr.

Í háskólanum skulu fyrst um sinn vera þessar fjórar deildir:
guðfræðisdeild,
lagadeild,
læknadeild og
heimspekisdeild.

Koma hinar þrjár fyrstu í stað hinna æðri mentaskóla, sem nú eru, prestaskóla, lagaskóla og læknaskóla. En í fjórðu deildinni skal kenna heimspeki, íslenzka málfræði, sögu Íslands og sögu íslenzkra bókmenta að fornu og nýju.

3. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Háskólaráðið hefir úrskurðarvald í öllum þeim málum, er snerta starfsemi háskólans, samkvæmt reglugjörð, sem konungur setur. Háskólaráðið fer með undirbúning þeirra mála, er leggja á fyrir konung, löggjafarvald eða stjórnarráð, og snerta háskólann. Það lætur stjórnarráðinu í té allar þær upplýsingar, sem það þarf á að halda og snerta háskólann sérstaklega.

4. gr.

Rektor er kosinn á almennum háskólakennarafundi fyrir eitt ár í senn.

Prófessorar einir eru kjörgengir, en kosningarrétt eiga allir kennarar háskólans.

Sá prófessor er rétt kjörinn rektor, sem fengið hefir meiri hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram í lok hvers háskólaárs.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rétt kosinn, sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri fyr en ár er liðið frá því er hann lét af rektorsstörfum.

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Verði rektor að fara frá áður en rektorsár hans er úti, skal sá af deildarforsetum háskólans, sem elztur er að embættisaldri, hafa störf hans með höndum þangað til nýr rektor getur tekið við.

Rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

5. gr.

Rektor og forsetar deildanna fjögra eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins. En varaforseta kýs háskólaráðið sér sjálft úr sínum hóp.

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skyldur að boða til þess fundar. Svo er og ef einn þriðji hluti kennara æskja fundar. Sé fundur haldinn eftir ósk kennara, er ekki eiga sæti í ráðinu, eiga hvatamenn fundar rétt á að senda jafnmarga fulltrúa á fundinn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

6. gr.

Háskólaráð setur nánari reglur um starfsvið sitt og rektors og eru þær reglur gildar, er staðfesting stjórnarráðs kemur til.

II. Háskólakennarar og háskóladeildir.

7. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sérstaklega skipaðir til kenslunnar.

Áður en kennari er settur eða skipaður við háskólann, skal ávalt leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

8. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hóp deildarforseta (dekani) og er hann jafnframt sjálfkjörinn í háskólaráðið.

Deildarforseta skal kjósa til eins árs í senn. Þó má endurkjósa deildarforseta, en rétt hefir hann til að neita endurkjöri þangað til ár er liðið frá því er hann síðast gegndi deildarforsetastörfum.

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.

9. gr.

Hver háskóladeild heldur fundi eftir þörfum. Deildarforseti boðar fundi og eiga þar sæti allir kennarar deildarinnar.

Heimilt er rektor að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum eftir því sem honum lízt sjálfum, en atkvæðisrétt hefir hann þó að eins í sinni deild.

10. gr.

Hver deild semur lestrar- og kensluáætlun fyrir sig og skal þar gjörð nákvæm grein fyrir því, hvað heimtað er til embættisprófs og skýrt frá því hvernig hennarar hagi kenslu sinni.

11. gr.

Deildarforsetar skula sjá um, að til séu í tæka tíð nákvæmar skýrslur um alla fyrirlestra og æfingar. sem halda á innan hverrar deildar á kenslumissiri því, sem í hönd fer. En rektor athugar áður en skýrslurnar eru prentaðar, hvort þær séu í samræmi við kensluáætlanir deildanna.

12. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara við háskólann. Ritarinn hefir á hendi reikningsfærslu sjóða þeirra, er háskólinn eignast og hefir umsjón með byggingum háskólans og innanhúsmunum. Hann annast nauðsynlegar útveganir og endurbætur, tekur á móti skrásetningargjöldum stúdenta og prófgjöldum.

III. Kenslan og nemendurnir.

13. gr.

Kensluár háskólans skiftist í tvö kenslumissiri; nær annað frá 1. október til 15. febrúar, en hitt frá 15. febrúar til 30. júní.

14. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar eru þó fyrir stúdenta eina.

Alla fyrirlestra, æfingar og próf skal halda á háskólanum sjálfum að svo miklu leyti sem því verður við komið.

15. gr.

Heimilt skal hverjum kennara háskólans að halda fyrirlestra á háskólanum um sjálfvalin efni, að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bága við skyldukenslu, en tilkynna skal hann rektor háskólans það áður.

16. gr.

Öll lögskipuð háskólapróf, hvort heldur eru undirbúningspróf eða fullnaðarpróf, skulu haldin í síðasta mánuði kenslumisseris.

Hver deild ræður sjálf hvort hún heldur uppi kenslu meðan á prófi stendur eða ekki.

17. gr.

Hver sá, kona sem karl, er lokið hefir stúdentsprófi við hinn almenna mentaskóla eða annan lærðan skóla honum jafngildan, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólasjóðs, enda sé mannorð hans óflekkað.

Sama rétt getur háskólaráð veitt útlendingum, er fullnægja ofangreindum skilyrðum.

Hver sá, er æskir skrásetningar, skal fyrir byrjun kenslumissiris tilkynna það ritara háskólans, og tekur ritari við skrásetningargjaldinu.

Skrásetningargjaldið er 15 krónur.

18. gr.

Skrásettur stúdent fær háskólaborgarabréf hjá rektor.

19. gr.

Skrásettur stúdent segi forseta þeirrar deildar, sem hann ætlar að stunda nám í, til sín þegar eftir skrásetninguna, en forseti ritar nafn hans á skrá yfir nemendur þeirrar deildar.

Skifti stúdent um námsgrein ber honum að tilkynna það forseta þeirrar deildar, sem hann áður var í, jafnframt því sem hann lætur skrásetja sig af nýju í deild þeirri, sem hann ætlar sér eftirleiðis að stunda nám í.

Í byrjun hvers háskólaárs skulu allir stúdentar háskólans rita nafn sitt, bústað sinn og námsgrein í bók, sem geymd er á skrifstofu háskólans.

20. gr.

Stúdentar mega ganga undir embættispróf þegar þeim sýnist, hafi þeir áður staðist fyrirskipuð undirbúningspróf, þar á meðal próf í heimspekilegum forspjallsvísindum.

Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum er öllum stúdentum heimilt að ganga undir eftir tveggja missira nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minsta kosti tveim missirum áður en þeir ganga undir embættispróf.

21. gr.

Þeir, sem ganga vilja undir embættispróf, skulu hafa tilkynt það ritara háskólans að minsta kosti þrem vikum áður en próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram skulu þeir gjalda 20 krónur til háskólasjóðs og tekur ritari háskólans við fénu.

Hætti stúdent við að taka próf eftir að hann hefir látið innrita sig til prófs, á hann heimtingu á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður en prófið byrjar.

En gangi stúdent frá embættisprófi, verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

22. gr.

Stúdentar, sem byrjað hafa á embættisprófi, en gengið frá því, geta ekki gefið sig fram til prófs af nýju fyr en eftir ár, nema sérstakar ástæður mæli með því.

Stúdent, sem stenzt ekki embættispróf, getur ekki fengið að ganga undir próf aftur fyr en að ári liðnu.

Æski stúdent, sem staðist hefir embættispróf, að endurtaka prófið, til þess að öðlast hærri prófseinkunn, er honum það heimilt, en þó ekki fyr en að ári liðnu.

Stúdent greiðir prófgjald svo oft, sem hann segir sig til prófs.

23. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði á háskólanum og utan hans.

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráð gjört honum hegningu En hegningin er annaðhvort áminning eða styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemri tíma eða fyrir fult og alt.

24. gr.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.
Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

25. gr.

Hver valdsmaður, sem stefnt hefir háskólastúdent fyrir glæp, skal tilkynna það þegar í stað rektor háskólans. Svo er og þegar hafin er réttarrannsókn gegn stúdent fyrir glæp.

26. gr.

Afskiftum háskólans af skrásettum stúdentum er þá fyrst lokið, er stúdent hefir hætt námi að fullu og öllu og tilkynt ritara háskólans það, eða hefir ekki sótt háskólann í fjögur kenslumissiri samfleytt.

27. gr.

Háskólakennararnir standa fyrir öllum prófum, en hver deild ræður fyrirkomulagi prófanna hjá sér.
Öll próf skulu haldin í heyranda hljóði.

28. gr.

Við embættispróf og undirbúningspróf þau, er koma til greina við fullnaðarpróf, skulu jafnan vera tveir prófdómarar og skal annar þeirra ávalt vera utanháskólamaður.
Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, er ekki eru háskólakennarar, eftir tillögu háskóladeildar og skulu þeir gegna dómarastarfinu í 6 ár.

29. gr.

Að loknu embættisprófi skal gefa þeim, sem staðist hafa prófið, kandídatsvottorð gegn 25 króna gjaldi, og rennur það í háskólasjóð.

IV. Doktorar.

30. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rétt til að veita doktorsnafnbót, og er slík nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu sérstöku prófi.
Háskólaráð semur reglur um doktorspróf.

31. gr.

Að jafnaði skal sá, er æskir doktorsnafnbótar, hafa lokið embættisprófi. Hann verður að láta umsókn sinni fylgja vísindalega ritgjörð um eitthvert ákveðið efni. Skal umsóknin stíluð til háskólaráðs, en það selur ritgjörðina í hendur hlutaðeigandi háskóladeild til álits og umsagnar.

Nú er ritgjörðin talin fullnægja þeim kröfum, sem gjöra ber til slíkra vísindalegra ritgjörða, og skal þá umsækjandi láta prenta hana og síðan verja hana á háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður.

Standist umsækjandi prófið, fær rektor og deildarforseti honum prófsvottorð.

Fyrir prófsvottorð greiðir doktorinn 100 kr. og renna þær í háskólasjóð.

32. gr.

Hver sá, er hlotið hefir doktorsnafnbót, hefir rétt til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Þyki einhver misbeita þessum rétt sínum, getur háskólaráð svift hann réttinum.

33. gr.

Háskólinn tekur til starfa, þegar veitt er fé til hans í fjárlögunum, og ganga þá jafnframt þau lög og lagaákvæði, sem hér fara á eftir, úr gildi: konungsúrskurður 21. maí 1847 um stofnun prestaskóla; lög nr. 5, 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla, nema 4. gr.; lög nr. 31, 8. nóvbr 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, 9. desbr. 1889; lög nr. 3, 4. marz 1904 um stofnun lagaskóla eg lög nr. 37, 16. nóvbr. 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó að áskildu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks falla þá úr gildi öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Nd.

315. Frumvarp

Ef orðið »cirka« er notað eða »hér um bil«, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að ræða, ella 5%.

67. gr.

Nú er seldur »farmur«, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum.

68. gr.

Nú er svo tilskilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka »í byrjun« (»primo«), í »miðju« (»medio«) eða «í lok« («ultimo») mánaðar, og er það þá að skilja, eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

Þá er verðskjöl eru seld, þýðir »primo« fyrsta sýknan dag í mánuði, »medio« fimtánda dag í mánuði, eða næsta sýknan dag, ef sá dagur er heilagur, »ultimo» síðasta sýknan dag í mánuði.

69. gr.

Nú hefir seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning innan ákveðins frests, og skal þá álíta að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef

henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, innan þess tíma.

Nú er hleðsluskírteini gerð um sendinguna, og ber hún ekki með sér að varan hafi afhent verið á réttum tíma, og getur þá kaupandi hafnað vörunni.

70. gr.

Nú er áskilin »borgun út í hönd«, og er þá kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til viðtöku (sbr. 14. og 15. gr.).

71. gr.

Nú hefir kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirði við móttöku hleðslu-skírteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent hleðslu-skírteini, og má hann þá ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

Þá er borgunar eða víxilsamþykkis er krafist gegn afhendingu hleðslu-skírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátryggja varninginn, verður vátryggingarskírteini að fylgja hleðslu-skírteini.

Það sem hér er ákveðið, á einnig við þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku slíks hleðslu-skírteinis, sem um er getið í 16. gr.

Ástæður.

Frumvarp þetta er þýðing laga, sem nú eru nýlega á komin á Norðurlöndum; þau lög eru samin af nefnd verzlunarfróðra og lögfróðra manna af öllum löndunum, og munu fylgja mjög samkynja lögum í Þýzkalandi og öðrum heldri verzlunarlöndum. Til þessara laga hefir sýnilega verið mjög vandað og þau eru svo vel og samræmilega hugsuð, að vér höfum eigi viljað breyta þeim, með því að það er afaráríðandi, að löggjöf í slíkum efnum sé sem mest samhljóða í sem flestum löndum.

Á einum stað aðeins höfum vér breytt 3 vikna fresti í 4 vikna, en þó að eins hér í innanlands-viðskiftum, og er það gert sakir samgangnanna.

Nd.

323. Nefndarálit

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Til skýringar einstökum útgjaldaliðum, sem ekki eru nefndir í athugasemdum við frumvarpið, skal tekið fram:

4. gr. Í hinni miklu umframgreiðslu til útgjalda við póststjórnina fyrir prentun á ýmsu kr. 12547,17 er meðal annars fólginn kostnaður við prentun á frímerkjum og bréfspjöldum, er fæst endurgoldinn jafnóðum og þau seljast.
— — Hinn gífurlegi aukakostnáður til flutningabrauta kr. 30305,72 stafar aðallega af viðgerð flutningabrautanna frá Reykjavík að Þingvöllum og Geysi og austur í Rangárvallasýslu, er stóð í sambandi við konungskomuna, og er þannig eitt af því, sem ekki dugir að sakast um eftir á.

6. gr. Til útrýmingar fjárkláðanum hefir verið varið umfram fjárveitingu kr. 52389,00. Í þessari afarmiklu umframgreiðslu er fólgið verð fyrir tóbak til fjárböðunar. Mun nokkuð af því vera ónotað enn, undir hendi lögreglustjóra víðsvegar um landið. Nefndin gerir ráð fyrir að stjórnin hlutist til um sölu á téðu tóbaki, með afslætti ef ekki vill betur til, áður en það fer forgörðum eða skemmist við geymslu.

8. gr. Á alþingi 1905 við meðferð á frumvarpi til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905 var borin upp og samþykt í neðri deild tillaga um að veita síra Gísla Skúlasyni 1000 kr. styrk til utanfarar til að læra að kenna heyrnar- og málleysum. Þegar fjáraukalagafrumvarpið kom til efri deildar, var styrkurinn færður niður í 600 kr., og frumvarpið síðar samþykt af neðri deild með þeirri breytingu. Eftir atvikum getur nefndin að vísu ekki séð gildar ástæður til þess, að 400 kr. viðbótarstyrkur, sem farið er fram á, verði veittur. En með því að hér er ekki um mikla upphæð að ræða og krafa um endurgreiðslu mundi valda óþægindum, vill nefndin mæla með því, að við svo búið verði látið standa í þetta sinn.

Með bréfi stjórnarráðsins dag. 27. f. m. hefir nefndinni borist erindi með 2 fylgiskjölum frá fyrverandi sýslumanni í Skaftafellssýslu Björgvin Vigfússyni, þar sem hann fer þess á leit að alþingi veiti heimild til þess, að ábyrgð samkvæmt úrskurðum stjórnarráðsins um manntalsreikninga Skaftafellssýslu fyrir árin 1906 og 1907 samtals að upphæð kr. 460,98 verði látin falla niður. Að vísu sér nefndin sér ekki fært að mæla með téðri beiðni, en til þess að þingmenn geti áttað sig á málinu og verið við því búnir að greiða atkvæði um þar að lútandi tillögu, ef hún kemur fram, verður áminst bréf stjórnarráðsins prentað með nefndarálitinu, og erindi sýslumanns Björgvins Vigfússonar með fylgiskjölum lagt fram á lestrarsal þingsins.

Samkvæmt framanrituðu er það tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Alþingi 23. marz 1909.

Hálfdán Guðjónsson, form. og framsögum.	Ólafur Briem, skrifari.	Stefán Stefánsson Eyf.

Stjórnarráð Íslands

Reykjavík, 27. febr. 1909.

Hinn 19. desbr. 1904 fekk Björgvin Vigfússon umboðsmaður veitingu fyrir Skaftafellssýslu og tók hann við sýslunni í júní árið eftir. Þau 3 ár, er hann þjónaði sýslunni árin 1905, 1906 og 1907, hefir ábúðar- og lausafjárskattur verið reiknaður eftir röngum verðlagsskrám, nfl. árið 1905 eftir verðlagsskrá þeirri, er gilti fyrir árið frá 16. maí 1904 til jafnlengdar 1905, árið 1906 eftir verðlagsskránni fyrir árin 1905—1906 og árið 1907 eftir verðlagsskránni fyrir árið 1906—1907, en öll þessi ár hefir meðalalin farið hækkandi og ábúðar- og lausafjárskatturinn því orðið hærri, en reikningshaldari hefir talið og hann hefir innheimt.

Ábyrgð sú, er samkvæmt þessu féll á reikningshaldara árið 1905, var 68 kr. 49 aur., en árið 1906 312 kr. 65 aur. og árið 1907 148 kr. 33 aur. Hina fyrstnefndu upphæð hefir reikningshaldari þegar greitt í landssjóð, en hinar síðartöldu upphæðir eru enn ógreiddar, og hefir nefndur sýslumaður í bænarskrá til alþingis, dags. 22. f. m., er hér með fylgir, farið fram á það, að honum verði þessar ógreiddu upphæðir eftirgefnar.

Í svörum reikningshaldara upp á athugasemdir yfirirskoðunarinnar við manntalsreikningana 1906 og 1907 hefir reikningshaldari tekið fram þau atvik, er valdið hafa villu þessari eða misskilningi hans um gildi verðlagsskránna. Þar sem misskilningur þessi virðist afsakanlegur og upphæðir þær, er hér ræðir um, hafa runnið til almennings, þá er stjórnarráðið fyrir sitt leyti hlynt því, að ábyrgðarupphæðir þessar verði eftirgefnar og við svo búið verði látið standa, en hins vegar hefir stjórnarráðið ekki talið sér heimilt að fella niður ábyrgðir þessar án samþykkis alþingis.

Með þessum ummælum leyfir stjórnarráðið sér að senda hinni heiðru reikningslaganefnd umgetna bænaskrá ásamt athugasemdum við manntalsreikninga Skaftafellssýslu 1906 og 1907, og væntir stjórnarráðið þess, ef nefndin fyrir sitt leyti getur fallist á að sanngirni mæli með því, að ábyrgðir þessar falli niður, að nefndin komi fram með ályktun þar að lútandi á þann hátt, er nefndinni þykir bezt við eiga.

H. Hafstein.

Eggert Briem.

Til
reikningslaganefndarinnar á alþingi 1909.

Nd.

324. Nefndarálit

um athugasemdir og tillögur yfirskoðunarmanna alþingis við landsreikningana fyrir árin 1906 og 1907.

Reikningurinn 1906.

Tekjubálkurinn.

2.—11. Ábúðar- og lausafjárskattur o. fl.

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að í ýmsum sýslum landsins séu eftirstöðvar af sköttum og tollum alt of háar, og sumstaðar óhæfilega sein skil á þeim, þar sem greiðsla þeirra dragist stundum alt að 4 mánuði eftir lok reikningsársins eða jafnvel engur. Benda þeir á, að það sé ekki svo lítið vaxtatap, sem landssjóður verður fyrir við þetta, þegar um miklar eftirstöðvar sé að ræða, eins og á flestum aðflutningsgjalds tekjuliðum, og halda því fram, að gjöldum til landssjóðs ætti að vera lokið ekki síðar en á fyrsta ársfjórðungi árið eftir að síðustu gjöldin áfalla. Í svörum ráðherra er skýrt frá, að sumir gjaldheimtumenn landssjóðs hafi verið víttir fyrir sein skil, en jafnframt er það tekið fram, að oft og tíðum sé það eðlilegt, að tolltekjur, sem greiddar eru með ávísunum erlendis, komi ekki inn í aðalféhirzlu fyr en 3—4 mánuðum eftir áramót.

Út af þessu hafa yfirskoðunarmenn lagt til, að stjórnin brýni stranglega fyrir sýslumönnum og öðrum gjaldheimtumönnum landssjóðs að borga gjöld sín í tæka tíð. Þessari tillögu er nefndin samþykk, með þeim fyrirvara, að áminningin nái að eins til þeirra, er hafa gerst sekir um vanskil.

13. Sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar.

Út af því að stjórnarráðið telur sig hafa fulla heimild til þess að selja upptækan afla án uppboðs eftir mati óvilhallra manna, þegar víst er að ekki hefst meira upp úr honum á annan hátt, hafa yfirskoðunarmenn skotið því til athugunar löggjafarvaldsins, hvort þetta sé leyfilegt, þar sem ekki séu nein lagaákvæði er heimili það, og jafnframt bent á að viðkunnanlegra væri, að um þetta væri skýlaust ákvæði í lögum. Nefndin efast ekki um, að landsstjórnin hagi þessu eftir því, sem bezt á við í hvert skifti, og telur lagafyrirmæli um það óþörf.

15. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs.

1. Við innheimtu jarðarafgjaldanna í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði þykir það einkum athugavert, að þar eru árlega tilfærðar útistandandi skuldir hjá leiguliðum er stundum verða meira en 3 ára gamlar, áður en þær annaðhvort greiðast í landssjóð eða eru feldar úr eftirstöðvum sem ófáanlegar. Þetta fyrirkomulag er alt annað en í öðrum umboðum landsins, þar sem umboðsmenn bera ábyrgð á öllum jarðarafgjöldum, nema að því leyti sem þau reynast ófáanleg við lögtak, er framkvæmt sé í tæka tíð. Nefndin telur nauðsynlegt, að betra skipulagi verði komið á innheimtuna í áðurnefndu umboði, og aðhyllist þá tillögu yfirskoðunarmanna, að stjórnin brýni fyrir umboðsmanni að gera sitt ítrasta til að innheimta gjöldin á réttum tíma, og láta sem minst safnast fyrir af eftirstöðvum frá fyrri árum.

3. Um jarðarafgjöldin í Múlaumboði ber reikningurinn með sér að meira en þriðjungur af nettótekjum ársins var ekki greiddur fyr en 4. júní árið eftir. Nefndin aðhyllist þá tillögu yfirskoðunarmanna, að umboðsmaður sé ámintur um að gera fljótari skil eftirleiðis.

5. Á reikningsárinu hefir verið veittur styrkur til húsabóta á nokkrum þjóðjörðum, ýmist samkvæmt 3. gr. fjárlaganna án afgjaldshækkunar gegn því, að ábúandi legði fram að minsta kosti $^1/_3$ kostnaðar, eða með þeim skilyrðum, sem tiltekin eru í ráðgjafabréfi 25. maí 1880, gegn hækkun eftirgjaldsins um 4 % af styrksupphæðinni og að minsta kosti $^1/_4$ kostnaðarins frá ábúandanum.

Um hinar fyrnefndu styrkveitingar samkvæmt 3. gr. fjárlaganna er ekki framar að ræða, með því að þar að lútandi ákvæði er felt burt úr fjárlögunum, en að því er snertir áminst ráðgjafabréf hafa yfirskoðunarmenn haldið því fram, að það eigi alls ekki við húsabætur heldur að eins við jarðabætur í eiginlegum skilningi. Að vísu er það vafalaust, að í téðu ráðgjafabréfi eru húsabætur ekki nefndar sérstaklega, en á hinn bóginn verður því ekki neitað, að reglur þær, sem þar eru settar, hafa frá upphafi verið látnar gilda um styrkveitingar til húsabóta, og það réttlætt með því, að þær gætu heyrt undir jarðabætur í víðtækustu merkingu. Hvort sem þetta er rétt eða ekki, hefir því að undanförnu verið fylgt með samþykki fjárveitingarvaldsins. Nefndin finnur ekki nægja ástæðu til að framfylgja gagnstæðum skilningi í þessu efni eða koma fram með tillögu um breytingu á núverandi fyrirkomulagi. Hins vegar má vænta þess, að landsstjórnin fari varlega í umræddum fjárveitingum, og það því fremur sem sú stefna er ráðandi, að þjóðjarðir séu seldar með litlum takmörkunum, og hæpið þykir að landssjóður fáir það fé endurgoldið í hækkuðu söluverði, er nemur styrk þeim, sem lagður er til húsabygginga á þjóðjörðum, er seldar verða.

16. Tekjur af kirkjum.

Í reikningi Reykjavíkur dómkirkju er allhá upphæð talin innistandandi hjá reikningshaldara. En fyrir því er gerð sú grein, að mikið af því, sem þannig er talið í sjóði við árslok, hafi í raun réttri ekki goldist fyr en á árinu 1907 og jafnóðum verið útborgað í þarfir kirkjunnar á því ári. Í þessu sambandi hafa yfirskoðunarmenn hreyft því, að reikningshaldari sé látinn setja veð fyrir innheimtunni. Jafnvel þó nefndin hafi ekkert verulegt á móti téðri tillögu, verður hún eftir atvikum að telja nægilegt að stjórninni sé falið að heimta slíka tryggingu, ef henni þykir þess þörf.

Gjaldabálkurinn.

22. Til kostnaðar við alþingi o. fl.

Yfirskoðunarmenn hafa fundið ástæðu til að hreyfa ýmsum spurningum áhrærandi alþingiskostnað, og hefir stjórnarráðið leyst úr þeim, en jafnframt látið þess getið, að þar sem forsetar alþingis ávísi til útborgunar reikningum er snerti þann kostnað, eigi slíkar fyrirspurnir að vera stílaðar til þeirra. Með því að kostnaðarreikningar alþingis eru teknir inn í landsreikninginn og þar með háðir eftirliti yfirskoðunarmanna, virðist það leiða af sjálfu sér að það heyri undir verksvið stjórnarráðsins, er hefir á hendi reikningshald landssjóðs, að útvega og leggja fram þær skýringar, sem nauðsynlegar eru til þess að yfirskoðun landsreikningsins geti í öllum greinum orðið fullnægjandi.

33. Til vegabóta.

3. Af fjárveitingu til brúargerðar 1907 hefir nokkuð verið útborgað 1906 til undirbúnings verki, sem átti að fullgera árið eftir. Yfirskoðunarmenn líta svo á, að til þess skorti fulla heimild í fjárlögunum. En stjórnin telur sig hafa heimild til þess að borga á fyrra ári fjárhagstímabilsins kostnað við nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmda á verki, sem fé er veitt til síðara ártð. Með því að það hefir verið stöðug venja, að slíkar útborganir hafa verið samþyktar af fjárveitingarvaldinu, og téð fyrirkomulag getur oft verið til hagsmuna fyrir landssjóð en naumast valdið neinum skaða nema ef til vill óverulegum vaxtamissi, verður nefndin að hallast að því, að ekki sé þörf á sérstöku lagaákvæði eða frekari heimild í því efni.

Yfirleitt getur nefndin ekki séð neitt varhugavert við það, að þeirri reglu sé fylgt, þá er um fjárveiting fyrir eitt ákveðið ár er að ræða, þá sé stjórninni heimilt að láta einhvern hluta útgjaldanna lenda á næsta ári á undan eða eftir á sama fjárhagstímabili.

38. Til læknaskólans.

Ferðastyrkur handa læknaefnum til utanfarar að afloknu embættisprófi hefir verið útborgaður með sömu upphæð eins og að undanförnu 300 kr. til hvers. Yfirskoðunarmenn hafa leitt athygli að því, að í fjárlögunum sé beinlínis ákveðið, að styrkur til hvers nemanda megi ekki fara fram úr 80 kr. En með því að það er upplýst, að téð málsgrein í frumvarpi fjárlaganna átti einungis við húsaleigustyrk handa nemendum, en komst inn í hin gildandi fjárlög á þeim stað, sem hún nú stendur, að eins fyrir vangá við prentun þeirra, virðist ekki geta komið til mála, að þessi villa eigi að hafa nein áhrif á fjárveitingu þá, sem hér um að ræða.

40. Til gagnfræðaskólans á Akureyri.

2. Fyrir áhöld til skólans og aukavinnu við húsið er greitt kr. 786,50, sem engin veiting er fyrir í fjárlögunum. Í svari ráðherra er því haldið fram, að heimild fyrir þessari fjárveiting sé að finna í lögum 10. nóvbr. 1903 um gagnfræðaskóla á Akureyri, og mun þar vera átt við 5. gr., er hljóðar á þá leið að kostnaður við skólann greiðist úr landssjóði. Þennan skilning laganna getur nefndin alls ekki aðhylst, en lítur svo á, að í téðri lagagrein felist ekkert annað eða meirs en það, að fé til útgjalda skólans skuli veita í fjárlögum. Nefndin verður því að telja það misráðið, að ekki hefir verið leitað aukafjárveitingar fyrir téðri upphæð, og væntir þess að það verði gert eftirleiðis þegar líkt stendur á.

3. Í ársbyrjun hefir skólastjóri fengið útborgaðar 2000 kr. til að hafa í sínum eigin vörslum um lengri tíma til útborgunar smátt og smátt. Og er það upplýst, að áður hafa tíðkast svipað fyrirkomulag á fjárgreiðslum til þessa skóla og fleiri stofnana, sem kostaðar eru af landssjóði. Eðlilegast virðist að útgjöld til slíkra stofnana séu greidd í hvert skifti samkvæmt ávísuðum reikningum, og vill nefndin leggja það til, að þeirri aðalreglu sé fylgt eftirleiðis.

42. Til landsbókasafnsins.

Til að kaupa bækur og handrit hefir verið varið umfram fjárveitingu kr. 288,00 sem ekki er leitað aukafjárveitingar fyrir, og það borið fyrir, að engin umframgreiðsla

hafi átt sér stað í fjárveitingunni til landsbókasafnsins í heild sinni. Út af þessu vill nefndin taka það fram, að sparnaður á einum undirlið réttlæti ekki umframgreiðslu á öðrum lið óskildum.

51. Fjárgreiðslur samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum.

Yfirskoðunarmenn hafa fundið að því, að nokkuð af því fé, sem veitt er í fjáraukalögum 20. okt. 1905 fyrir árin 1904 og 1905, hafi ekki verið útborgað fyr en árið 1906, og lögin þannig teygð út yfir þann tíma, er þau áttu að gilda fyrir. Að vísu er nefndin því samþykk, að sú aðalregla eigi jafnt við fjáraukalög sem við fjárlög, að fjárveitingar samkvæmt þeim séu bundnar við þann tíma, sem lögin gilda fyrir. En eftir þeim átvikum, sem hér eru fyrir hendi, virðist mega við svo búið standa.

Reikningurinn 1907.

Tekjubálkurinn.

13 Óvissar tekjur.

1. Fyrir einkarétt til að birta stjórnarvaldaauglýsingar árið 1907 eru talið með tekjum kr. 303,47. Þá er téður einkaréttur var á sínum tíma boðinn út, kom hæsta boð frá blaðinu »Reykjavík«, er hrepti auglýsingaréttinn fyrir kr. 811,50. Frá 1. okt: s. á. var blaðið svift réttinum samkvæmt áður settu skilyrði. Fyrir þann hluta ársins, er blaðið hafði auglýsingarnar, átti gjaldið, miðað við tímalengd, að vera kr. 608,62, og standa þá eftir kr. 305,15. Þennan mismun hafa útgefendur blaðsins neitað að borga af ástæðum, sem teknar eru fram í svari ráðherra. Ástæður þær getur nefndin ekki tekið gildar, en hvað rétt sé í því efni, verður ekki skorið úr til fullnustu nema með dómi. Nefndin verður því að halda fram þeirri kröfu, að síðastnefnd upphæð, kr. 305,15 sé innheimt með málssókn, ef ekki næst samkomulag um greiðslu skuldarinnar.

14. Afgjöld af jarðeignum landssjóðs.

3. Af jarðarafgjöldum í Múlaumboði 1907 eru enn ógreiddar kr. 351,76. Jafnvel þó upphæðin sé ekki mikil, er drátturinn svo langur að eigi er við unandi. Nefndin verður því að ætlast til, að stjórnin veiti umboðsmanni áminningu og hafi vakandi auga á því að hann geri betri skil eftirleiðis.

17. Skýrsla um innstæðu viðlagasjóðs 31. des. 1907.

Í bréfi frá gjaldkera Fiskiveiðasjóðs Íslands, sem er prentað aftan við landsreikninginn bls. 112, er sögð saga viðlagasjóðsláns að upphæð 15,000 kr., er Þorvaldur Bjarnarson fékk út á botnvörpuskipið »Sea Gull« árið 1906, og endar með því að upp í lánið hafi, við sölu skipsins, er það strandaði á ferð í Vestmanneyjum árið eftir, að eins fengist kr. 3326.76 og lítil von um frekari greiðslu upp í eftirstöðvar lánsins.

Ástæður til þess að svo hefir tiltekist eru þær, að síðari eigandi skipsins varð gjaldþrota og ábyrgðarupphæð fekst eigi útborguð sökum þess, að skipið hafi ekki verið vátrygt til að koma við í Vestmannaeyjum.

Þetta er ljóst dæmi þess, hve ófullnægjandi er veð í skipum, nema önnur trygging sé samfara, ekki sízt ef skipunum er annaðhvort illa við haldið eða vátrygging er eigi

í sem beztu lagi. Ætti það meðal annars að vera bending um, hve viðsjált er það ákvæði í reglugjörð Fiskiveiðasjóðsins, að lán út á skip megi vera afborgunarlaus alt að 3 ár, og í annan stað sýnist fjarri lagi að hafa vexti af slíkum lánum ekki nema 3 af hundraði á ári. Virðist fylsta ástæða til að téðum ákvæðum reglugjörðarinnar sé breytt og yfirleitt verði beitt allri varfærni við lánveitingar úr sjóðnum.

Gjaldabálkurinn.

22. Til kostnaðar við alþingi o. fl.

Í athugasemdum við reikninga yfir kostnað við alþingi hafa yfirskoðunarmenn meðal annars látið þess getið, að einn af slíkum reikningum að upphæð kr. 959,04 finnist ekki. Ennfremur hafa þeir fundið að því, að útklippur úr erlendum blöðum á greinum viðvikjandi ferð alþingismannanna til Danmerkur árið 1906 hafi verið keyptar óhæfilega háu verði (500 kr.). Nefndin álítur eftir atvikum, að við svo búið verði að standa.

24. Önnur útgjöld.

Yfirskoðunarmenn hafa vakið máls á því, hvort muni fært að spara 1600 kr árlega þóknun úr landssjóði handa tveim settum málaflutningsmönnum við landsyfirdóminn, með því að ávalt megi gera þeim að skyldu, er fá einkaleyfi til málflutnings við yfirdóminn samkvæmt lögum nr. 32, 20. okt. 1905, að þeir taki að sér málfærslu í opinberum málum. Nefndin væntir þess að stjórnin taki til athugunar þá tillögu yfirskoðunarmannanna, að téð þóknun sé látin falla burt, þegar sýslanir þessar losna næst, og leggja fyrir alþingi frumvarp til laga um þar að lútandi breyting á áðurnefndum lögum um málaflutningsmenn við landsyfirdóminn í Reykjavík.

38. Til læknaskólans.

3. Eins og áður hefir tíðkast, er ferðastyrkur handa læknaefnum til utanfarar að afloknu námi útborgaður með 300 kr. til hvers, sem sé 150 kr. er þeir fara utan og 150 kr. er þeir halda heimleiðis. Að vísu hafa yfirskoðunarmenn látið í ljós efa um, að það hafi verið tilgangur þingsins, að ferðastyrkur til hvers læknisefnis væri meiri en 150 kr. alls. En hvað sem um það er, álítur nefndin að venju undanfarandi ára verði ekki raskað nema með beinu skilyrði í fjárlögunum.

42. Til landsbókasafnsins.

Eftir skýrslu stjórnarráðsins hefir útborgun á styrk til landsbókasafnsins verið hagað svo, að bókasafnsnefndin hefir fengið í hendur talsvert fé í einu, er nefndin hefir síðan ráðstafað til útborgana smátt og smátt, og lagt nokkuð í sparisjóð til ágóða fyrir safnið. Viðkunnanlegra þykir, að féð væri ávaxtað til hagsmuna fyrir landssjóð og ekki útborgað fyr en jafnóðum og þörf krefur.

44. Til forngripasafnsins.

Fyrir seldan aðgang að sýningu á forngripasafninu hafa komið inn 8 kr., er gengið hafa til safnsins í stað þess að samkvæmt ákvæði fjárlaganna átti gjald þetta að falla í landssjóð. Með því að hér er um smámuni að ræða, virðist mega við svo búið standa, og það því fremur sem téður aðgangseyrir er afnuminn í síðari fjárlögum.

45. Styrkur til Benedikts Gröndals.

Umræddur styrkur hefir verið útborgaður með fullri upphæð, án þess að haldið væri eftir tilltölulegum hluta fyrir það sem eftir var af árinu, þá er Benedikt Gröndal andaðist í ágústmánuði 1907, og munar það 266 kr. 67 au. Fyrir þessu er færð sú ástæða, að eftir ósk Gröndals hafi honum undanfarin ár verið greiddur styrkurinn tvisvar á ári í byrjun hvers missiris. Nefndin aðhyllist þá tillögu yfirskoðunarmanna, að við svo búið megi standa í þetta sinn, en eftirleiðis ætti landsstjórnin að fylgja fram þeirri föstu reglu, að greiða ekki fasta ársstyrki úr landssjóði öðruvísi en mánaðarlega eins og laun embættismanna.

46. Til Búnaðarfélags Íslands.

Yfirskoðunarmenn hafa lagt það til, að ágrip af reikningum Búnaðarfélags Íslands, Ræktunarsjóðs, Fiskiveiðasjóðs og Byggingarsjóðs séu tekin upp í hvern landsreikning sem fylgiskjöl með nauðsynlegum athugasemdum.

Að því er snertir þrjá hina síðastnefndu sjóði, er það beinlínis fyrirskipað í lögum eða skipulagsskrám sjóðanna, að reikningar þeirra skuli árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis. Nefndin treystir því, að bæði landstjórn og yfirskoðunarmenn fullnægi þeirri lagaskyldu framvegis.

50. Óviss útgjöld.

2. Yfirskoðunarmönnum þykir óviðkunnanlegt, að landsjóður þurfi að borga prestum þjóðkirkjunnar fasteignatíund fyrir utanþjóðkirkjumenn, er á reikningsárinu nema rúmum 200 kr. En með því að hér er um gjöld að ræða, er hlutaðeigandi prestar eiga heimting á samkvæmt lögum, verður naumast unt að koma betri skipun á þetta fyr en um leið og breyting verður gerð á sóknartekjum presta.

Af þeim ástæðum, er yfirskoðunarmenn hafa fram fært, aðhyllist nefndin þá tillögu, að eftirleiðis verði landsreikningurinn fyrir síðara ár fjárhagstímabilsins afgreiddur svo snemma til yfirskoðunarmannanna, að þeir hafi lokið athugasemdum við hann, áður en fjáraukalög fyrir það fjárhagstímabil eru fullsamin.

Alþingi 23. marz 1909.

Hálfdán Guðjónsson	Ólafur Briem
form. og framsögum.	skrifari

Stefán Stefánsson Eyf.

Nd. **325. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907.

Með því að landsreikningurinn er að öllu leyti saminn eftir reikningum þeim, þeim, er yfirskoðunarmenn hafa haft til rannsóknar og nefndin hefir ekki fundið næga ástæðu til breytinga á einstökum tekjuliðum eða gjaldliðum, leggur hún til að frumvarpið sé samþykt óbreytt.

Alþingi 23. marz 1909.

Hálfdán Guðjónsson, form. og framsögum. Ólafur Briem, skrifari.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Ed. **326. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi.

Stjórnin lagði fyrir neðri deild á þessu þingi frumvarp til laga um skipun varabiskups. Markmið þess frumvarps var að tryggja það nokkurn veginn, að biskupsvígsla gæti ávalt farið fram hér á landi. Neðri deild hefir breytt frumvarpi þessu í það horf, sem það nú er í. Eiga vígslubiskupar samkvæmt því að vera tveir. Nefndin telur þessa breyting til bóta. Með henni er markmið stjórnarfrumvarpsins enn betur trygt. Nefndinni þykir og vel fara á því, að þessir vígslubiskupar séu sinn í hvoru hinna fornu biskupsdæma. Hin önnur ákvæði frumvarpsins felst nefndin einnig á að mestu leyti, en telur það sumstaðar miður vel orðað; leggur hún til að meginmáli þess sé skift í þrjár greinar og ræður því deildinni til að samþykkja eftirfylgjandi breytingartillögur:

Í stað meginmáls frumvarpsins komi þrjár greinar svo hljóðandi:

1. gr.

Auk aðalbiskups skulu vera hér á landi tveir vígslubiskupar (officiales), annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

2. gr.

Konungur skipar vígslubiskupana eftir tillögum prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi; skulu þeir hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er þeir vígjast, skulu hvorum þeirra greiddar 500 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Annar vígslubiskupa vígir aðalbiskup, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum aðalbiskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi.

Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum aðalbiskups, greiðist þeim úr landssjóði borgun eftir reikningi.

Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp
til laga um vígslubiskupa.

Alþingi 23. marz 1909.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.

Jósef Björnsson.

Með fyrirvara: Steingrímur Jónsson. Með fyrirvara: Kristinn Daníelsson.

Nd. **327. Frumvarp**

til laga um að leggja jörðina Naust í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Jörðin Naust í Hrafnagilshreppi skal lögð undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Akureyrarkaupstaðar frá 6. júní 1909.

2. gr.

Frá sama tíma skal Akureyrarkaupstaður greiða Hrafnagilshreppi eftirfarandi 25 ár sextíu og fimm kr. árlega.

3. gr.

Að öðru leyti taki Hrafnagilshreppur að sér allar skyldur og kvaðir, þar með talið fátækraframfæri, er af því stafa, eða grundvallast á því, að Naust heyrðu áður til hreppnum. Þó skulu þeir menn eiga framfæri í Akureyrarkaupstað er dvelja á Naustum þegar samningur þessi gengur í gildi og vinna sér þar hreppshelgi með óslitinni dvöl þar framvegis.

Ed. **328. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Nefnd sú, er háttvirt Ed. kaus til að athuga frv. til laga um kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga, sem komið er til deildarinnar frá háttv. Nd., hefir rætt málið og er álit hennar á þessa leið:

Nefndin er háttv. Nd. samdóma um að mál þetta eigi fram að ganga á þessu þingi, og eru til þess einkum tvær ástæður.

Önnur ástæðan er sú, að nokkrar af konum landsins hafa þegar fengið þann rétt, sem frumvarpið veitir, og er því nú sem stendur misrétti í þessu efni milli kvenna landsins, en slíkt verður að teljast óhæfilegt.

Hin ástæðan er sú, að telja verður óheppilegt og ranglátt, að nokkur sé útilokaður frá kosningarrétti í málefnum kaupstaða og sveita fyrir þá sök eina, að hann hefir ráðist sem ársvistarhjú til vinnuveitanda, þegar sá hefir kosningarrétt, sem ræður sig til styttri tíma eða er lausamaður eða lausakona. Með þessu liggur réttarmissir við því, að ráðast í vist. En slíkt er að áliti nefndarinnar alt annað en heppilegt, þegar jafntregt gengur og nú er að fá nauðsynlegustu hjú vistráðin.

Eins og frumv. liggur fyrir frá Nd. telur nefndin efni þess eigi svo aðgengilegt almenningi, sem æskilegt væri. Hún hefir því leyft sér að taka ákvæðin um kosningarrétt og kjörgengi inn í frumv. sjálft að öllu leyti. Af þessu leiðir að frumvarpið verður í fjórum greinum í stað tveggja.

Þá eina efnisbreytingu hefir nefndin leyft sér að gera, að ákveða hvenær lögin öðlist gildi.

Nefndin leyfir sér því að ráða háttv. Ed. til að samþykkja frumv. með eftirfylgjandi breytingartillögum.

1. Breytingartill. Í stað 1. og 2. gr. komi 2 nýjar gr. svo hljóðandi:

1. gr.

Kosningarrétt í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga hafa allir kaupstaðarbúar og hreppsbúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, séu þeir 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í kaupstaðnum eða hreppnum síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa ekki í skuld fyrir sveitarstyrk og greiða gjald í bæjarsjóð eða hreppssjóð.

Kona gift kjósanda hefir kosningarrétt, þó hún sé ekki fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins og þótt hún ekki greiði sérstaklega gjald í bæjarsjóð eða sveitarsjóð, uppfylli hún að öðru leyti áður greind skilyrði fyrir kosningarrétti.

2. gr.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir. Hjón mega þó aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, heldur eigi foreldrar og börn, né móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

2. Breytingartill. Tvær nýjar gr., sem verða 3. og 4. gr., bætist við.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 4. gr. laga nr. 22 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 23 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 15 frá 8. maí 1894, 8. gr. laga nr. 43 frá 10. nóvbr. 1905, 3. gr. laga nr. 86 frá 22. nóvbr. 1907, 5. gr. laga nr. 75 frá 22. nóvbr. 1907 og alt annað það í lögum, sem í bága kemur við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.

3. Breytingartill. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:

Frumvarp til laga um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Alþingi, 24. marz 1909.

J. Havsteen, formaður.	Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.	Sigurður Stefánsson.

Nd.

329. Alit

um frv. til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá 1. þm. S.-M. og 1. þm. N.-M.

Nefnd sú, sem neðri deild alþingis kaus til þess að athuga þetta stórmál, hefir að vísu haldið nokkra fundi, en ekki hafa höfuðatriði málsins verið rædd þar, að heitið geti. Meiri hluti nefndarinnar tók þegar á fyrsta fundi þá afstöðu gegn okkur, minni hlutanum, að það var ótvírætt, að allar umræður um aðalefni málsins, bann eða ekki bann, voru taldar með öllu gagnslausar. Og þegar til þess kom, að gera tillögur um breytingar á einstökum atriðum frumvarpsins, þá var komið með prentaðar tillögur um það á nefndarfund. Meiri hlutinn hafði samið þær tillögur utan funda, eða líklega réttara sagt, látið semja þær, því að til þess fékk meiri hlutinn aðstoð eins þingmanns, sem ekki var kosinn af þingdeildinni til þess. Sýnist okkur rétt að benda á þetta, af því að það er nokkuð óvanalegt og einkennilegt, þótt við annars vegar teljum ekki líklegt, að það hafi haft veruleg áhrif á niðurstöður þær, sem meiri hlutinn hefir komist að. Enn er þess að geta, að við vitum ekki til að nokkuð hafi verið borið upp til atkvæða á nefndarfundum, nema kosning formanns og skrifara.

Við tökum þetta fram, til þess að það verði ljóst, að í raun og veru var okkur fyrirmunað að fá hjá meðnefndarmönnum okkar þá æðri og betri þekking á þessu merkilega máli, sem til þess hefði þurft, að við skiftum um skoðun á því. Nefndarálit meiri hlutans, sem útbýtt hefir verið prentuðu, flytur ekki heldur neitt nýtt eða merkilegt, að okkur sýnist, og því er það, að öllu þessu athuguðu, að við teljum líklegt að það þyki ekki neitt undarlegt, þótt við höfum ekki getað fylgt meiri hlutanum, og að skoðun okkar sé sú sama og fyr, að þetta frumvarp eigi alls ekki að verða að lögum.

Svo viljum við, með sem allra fæstum orðum, lýsa nokkrum af aðalástæðunum fyrir tillögum okkar í þessu máli:

1. Frumvarpið gengur út fyrir þau takmörk, sem rétt er eða heppilegt að löggjafarvaldið setji um athafnarétt einstaklinganna. *Bannlög mega ekki ganga svo langt, að þau stefni að því, að varðveita fullþroskaðan, fullveðja og fullvita mann fyrir sjálfum sér.*

2. Þegar gengið er svo nærri persónulegu frelsi og athafnarétti manna, sem hér er gert ráð fyrir, þá verða slík þvingunarlög illa þokkuð og óvinsæl. Freistingin til að brjóta þau verður afarmikil, þar sem menn eru sér þess annars vegar meðvitandi, að hér sé ekki um neina ósæmilega athöfn að ræða. Eigi lögin að ná tilgangi sínum, þá verða njósnarmenn og böðlar á hverju strái, reiðubúnir til að draga sjálfstæða og góða drengi fyrir lög og dóm, þótt um reglulega smámuni sé að tefla. Þetta leiðir aftur til meinsæra og mannorðsspillis, og kveikir í mönnum miður góðar og frjálsmannlegar hvatir til þess að koma vilja sínum fram með leynd eða ofríki, þrátt fyrir allar torfærur.

Þetta er sálfræðislegur sannleiki og söguleg reynsla, sem ekki dugir móti að mæla né horfa framhjá, þegar ræða er um slíka lagasetning sem þessa. Allar þessar bannlagakenningar hér og annarsstaðar bera vott um þroskaleysi og skort og ótrú á sannri menning, og svona líta t. d. beztu og vitrustu menn Noregs, okkar nánustu þjóðfrændur, á þetta. Þeir hafa nýlega myndað »Landsfélag fyrir frelsi og menning gegn banni og nauðung«, og eitt af aðalatriðunum í stefnuskrá félagsins er að vinna gegn aðflutningsbanninu, sem G. T. reglan hefir barist kappsamlega fyrir í Noregi eins og hér. Í ávarpi því, er félagið hefir gefið út til þjóðarinnar, segja þeir meðal annars:

»Aðflutningsbannið, markmið Goodtemplara, mundi að eins leiða til hræsni, launverzlunar, laundrykkju og lagabrota. Og *út á við* mundi það baka oss ófyrirsjáanleg fjárhagsleg vandræði og hættur.

Það er þess vegna tími til kominn að hefjast handa gegn þessari stefnu, sem er stórhættuleg fyrir land og lýð.

Með þá skoðun fyrir augum, að lögboðið frelsi eigi framvegis að ráða í þjóðfélagi voru, og að bannstefnan fjarlægi oss frá því markmiði, og sé ekki sæmandi þjóð, sem ber nokkra virðing fyrir sjálfri sér, biðjum vér konur og karla í bæjum og bygðum lands vors að ganga með oss í þennan flokk, sem á að ná yfir alt landið«.

Í broddi fylkingar í þessum félagsskap eru hinir frægustu og ágætustu Norðmenn, svo sem Michelsen, Björnstjerne Björnson, Fridthjof Nansen, prófessor Sars o. s. frv. Hikum við ekki við að gera hin tilfærðu orð að okkar orðum, og beina þeim til Íslendinga, og við sjáum ekki betur, en að þau eigi að öllu við það ástand, sem nú er hér með oss.

3. Hingað til hefir landssjóðurinn haft mjög verulegan hluta af tekjum sínum af aðflutningsgjaldi áfengis. Fyrir það fé hefir margt og mikið þarft verið unnið á landi voru til andlegra og verklegra framfara. Og verði þessi tekjulind byrgð, svo sem frumvarp þetta ætlast til, þá verður auðvitað óhjákvæmilegt að fylla skarð það er verður í landssjóðinn með því að láta landsmenn borga jafnmikla upphæð á einhvern annan veg, og munu varla finnast vænni ráð, en að fá það fé með því að hækka mjög aðflutningsgjald á þeim vörum, sem þegar eru tollskyldar, og allir kaupa, og mundi það verða all-tilfinnanleg verðhækkun á þeim vörum, svo sem kaffi og sykri, sem flestir verða að kaupa, jafnvel ekki

sízt margir þeirra, sem fátækir eru og með stórar fjölskyldur. Flestir þeir menn kaupa ekki vínföng, og borga því ekki vínfangatollinn í landssjóð; þann toll borgar að mestu efnaðri hluti landsmanna, og svo útlendingar að verulegu leyti. Hér er því beint stefnt að því, að láta fátækasta hluta landsmanna bera miklu meira af útgjöldum landsins en hingað til hefir verið, en létta þeim gjöldum að sama skapi af efnuðustu mönnunum og af útlendingum. Þessa stefnu teljum við ranga, og teljum vínföngin einn hinn bezta tollstofn.

Væri myndaður sérstakur sjóður, með ákveðnu markmiði, af öllu því fé sem inn kæmi fyrir aðflutning vínfanga, eins og háttv. 1. þm. Skagf. hefir lagt til með frumvarpi því um Heilsuhælissjóð, er deildin fól bannlaganefndinni að athuga, þá sæju menn gleggst, hve miklu mætti áorka með þessu. Annars skulum við geta þess, að nefndin hefir ekki enn þá gefið sér tíma til að athuga það frumvarp. Væri t. d. myndaður sérstakur víntollssjóður til þess að efla sannarlegt sjálfstæði landsins í verzlun og viðskiftum við aðrar þjóðir, til þess að eignast skip til millilandaferða og flutninga, til þess að eignast sjálfir skip til strandvarna o. fl., þá mundi enginn geta neitað því, að hér væri þarfaverk unnin með léttu og ótilfinnanlegu móti. Er nú rétt að meina útlendingum og efnamönnum landsins, sem neyta víns í vinahóp til gleði og saklausra skemtana, að leggja óbeinan en mjög verulegan skerf til sjálfstæðis og þreklegra framkvæmda fyrir landið?

4. Við vitum vel, að bannmennirnir bæði hér á þinginu og utan þings hafa marglýst yfir því, að þær ástæður, er við höfum drepið á hér að framan, og aðrar þær ástæður, er fram hafa verið færðar gegn banninu, séu allar einskisvirði. Þeir segja að áfengisnautnin skapi svo mikið böl, þjóðarböl, að til þess að bæta það böl, og það ætla þeir banninu að gera, megi ekki taka tillit til neinna löggjafarprinsípa, né til fjárhagslegra óþæginda eða þess, að beint liggur við að ætla, að bannlögin baki fátækum reglumönnum — einmitt þeim — mjög verulega byrði. Þjóðarbölið, áfengisbölið er svo mikið, segja þeir, að alt verður að víkja. Þetta eru þeir búnir að segja svo lengi og svo oft, að sjálfir þeir, og mjög margir landsmenn, trúa þessu rannsóknarlaust.

Vér lítum nú svo á, að það sé fjarstæðu næst að tala um áfengisnautnina, eins og hún nú er orðin í landinu, sem *þjóðarböl*. Það stóryrði á alls ekki við, hvort sem miðað er við ástand sjálfra vor áður, né því síður við það, hversu ástatt er í þeim efnum meðal annara þjóða. Hvort sem litið er til þess, *hvað mikils* áfengis hér er neytt, eða *hvernig* þess er neytt, sannar einmitt það, að vér stöndum mjög framarlega með tilliti til bindindissemi og þess siðgæðis, sem henni er samfara nú orðið, og að drykkjuskaparóregla er einmitt mjög fátíð meðal vor, og er þetta, að mjög miklu leyti, að þakka starfsemi G. T. reglunnar. Hún hefir hingað til unnið með hinum mesta áhuga og tilsvarandi árangri að því að vekja þann hugsunarhátt meðal vor, að nautn áfengis sé með öllu óþörf, og ofnautn þess sé skaðleg og ósamboðin siðuðum mönnum. Og nú er svo komið, að þessi er orðinn hugsunarháttur flestra uppvaxandi manna og með því er áfengisnautnin í landi voru ekki orðin *þjóðarböl* lengur, og verður það ekki ef G. T. reglan heldur áfram starfsemi sinni á sama hátt og hingað til.

5. En nú telja bannlagamenn svo komið, að líkindum, að litlu skifti, hvort hinar fyrri ástæður þeirra verði taldar gildar og góðar eða ekki, því að

nú sé komin ný ástæða, sem ein nægi til að leggja að velli allar mótbárur þeirra, er kjósa frjálsa framþróun siðgæðisins fremur en bann og kúgun. Þessi nýja ástæða er *þjóðviljinn*, sem á að hafa komið svo skýrt í ljós við atkvæðagreiðsluna 10 sept. í haust.

Já, svo er það að vísu, að við atkvæðagreiðslu þá um aðflutningsbannið, sem fór fram í haust eftir ráðstofunum þings og stjórnar, urðu þeir fleiri, sem greiddu atkvæði með banni en móti, þótt foringjar bannmanna hafi víst búst við, að sá atkvæðamunur yrði meiri en raun varð á. En undirbúningur þeirrar atkvæðagreiðslu var svo einkennilegur og ólíkur því, sem venja er til, að við verðum að fara um hann nokkrum orðum.

Langstærsta og sterkasta félag landsins, Goodtemplarfélagið, hefir í mörg ár, bæði með ritum, ræðum og fortölum, unnið að því, að innræta öllum þá skoðun, að það að banna algerlega aðflutning alls áfengis til landsins, væri hreint og beint lífsnauðsynjamál fyrir þjóðina; en af því að starfsemi félagsins að *öðru leyti* til útrýmingar ofdrykkjunni hefir notið samhygðar flestra góðra manna, hafa flestir kinokað sér við að vekja baráttu móti félaginu að því er til bann-»agitiónanna« kemur.

Auk þess má geta þess, að afl og ofsi G. T. félagsins hefir á síðari árum verið svo mikið, að margir hafa talið þann kost vænstan, að sitja hjá og hafast ekki að gegn bannstefnunni, og þeir fáu, sem til sín hafa látið heyra í þá átt, hafa verið, ef svo má að orði komast, æptir niður.

Á þingi 1907 er þessu máli svo langt komið, að meiri hluti þingmanna samþykkir áskorun til stjórnarinnar, um að láta fram fara leynilega atkvæðagreiðslu um bannið, samhliða alþingiskosningunum 1909, og við þeirri áskorun varð stjórnin, eins og kunnugt er.

Jafnframt því að samþykkja þessa áskorun til stjórnarinnar eftir ósk Goodtemplara, veitti hið sama þing félaginu talsverðan aukinn fjárstyrk, einmitt til »agitatióna« fyrir þessa atkvæðagreiðslu, eftir því sem helztu fylgismenn þess máls skýrðu frá. Og það hefir Goodtemplarafélagið svikalaust gert, eins og sýnir sig meðal annars á því, að nú hefir félagið farið fram á mjög aukinn styrk næsta ár, til þess að borga skuldir þær, er félagið nú er í, vegna kostnaðarins við »agitatiónirnar« í fyrra.

Þetta, að veita fé úr landssjóði, til þess að vinna að því að fá ákveðinni stefnu í ákveðnu *löggjafarmáli* sem mest fylgi, er nýtt með oss, og, að því er okkur sýnist, vel þess vert, að það sé athugað dátítið, því það er víst, að hægt er að hafa áhrif á úrslit mála með fé, og sé opinberu fé varið til að hafa áhrif á stjórnmál eða löggjafarmál, þá getur það hæglega leitt til spillingar, er á útlendum málum nefnist »Corruption«. Venjulega eru það stjórnirnar, sem gera sig sekar í þeirri spilling. En hér hjá oss hefir þingið stigið spor í þessa átt, sjálf sagt þó í fullu grandleysi í þetta sinn, enda ekki um flokksmál að ræða.

En ef þvílíkt sem þingið 1907 gerði í þessu efni tíðkaðist með oss, gæti svo farið, að meiri hluti sem er að missa fylgi kjósenda, eða hefir þegar mist það, veiti fé undir einhverju yfirskini, til þess að »agitera« með eða móti því pólitisku máli, sem það veltur á, hvort stjórnin geti haldist við völd eða ekki.

Væri nú bannlögin »Kabinetspursmál«, og það geta þau ef til vill orðið, hvað er þá, sem hér hefir verið aðhafst, og hvað mörg atkvæði *með* banninu eru óbeinlínis fengin fyrir landsjóðsfé?

En það er enn þá fleira, sem við teljum athugavert við atkvæðagreiðsluna 10. sept. Skipulag G. T. félagsins er svo sterkt og aginn svo ríkur, að þegar meiri hlutinn hefir ályktað eitthvað, verður minni hlutinn að beygja sig, og hlýða því, sem ákveðið hefir verið, og það er *víst*, að margir einstakir félagsmenn hafa gefið atkvæði nauðugir með bannstefnunni, og neyddir til þess af ályktunum þeim, er félagið, sem heild, hafði tekið í málinu. Öll þau atkvæði, sem svo eru til komin, ættu aðvitað að teljast frá, þegar um það er að ræða að ákveða hinn sanna þjóðvilja í þessu máli. Og hvað skyldu þeir vera margir utanfélags, sem hafa gefið bannstefnunni atkvæði, af því að þeir hafa gugnað fyrir einhliða málsútlistun þeirra prédikara, er félagið hafði víðs vegar um land, gugnað fyrir frekyrðum þeirra og staðhæfingum, því að varla mun því verða neitað með rökum, að bannmenn hafa gert bannmálið að hreinu ofstækismáli, sem útrýmt hefir skynsamlegri og óhlutdrægri íhugun.

Það verðum við enn að benda á, að alt fram að afkvæðagreiðslunni í haust var það alment látið heita svo, að eigi yrði um það að tala að halda fram banninu sem löggjafarmáli, fyr en *mjög mikill* hluti landsmanna krefðist þess. Oft var sagt, að fyrst yrði að fá fylgi $^3/_4$ eða jafnvel $^4/_5$. Nú láta flutningsmenn sér nægja með $^3/_5$, eins og þau atkvæði eru til komin.

Kjósendur voru víst ekki álment spurðir um það, hversu fljótt þeir óskuðu að bannlögin kæmust á, og enn síður hafa þeir fengið nokkuð um það að vita fyr en nú, *hvernig* ákvæði bannlaganna ættu að verða, og við viljum fullyrða, að mörgum muni bregða í brún, er þeir nú fá að sjá, hvernig forsprakkarnir ætlast til að lögin verði í hinum einstöku greinum þeirra.

Við lýsum yfir því, að atkvæðagreiðslan í haust er enginn sannur eða áreiðanlegur mælikvarði fyrir þjóðviljanum í þessu máli. Til þess er undirbúningur hennar alt of meingallaður.

Við krefjumst þess, fyrir hönd allra þeirra, er atkvæði greiddu móti banninu, að þingið verndi þá fyrir þeirri kúgun, sem stofnað er til með þessu frumvarpi, og við krefjumst þess fyrir hönd *allra* Íslendinga, að þeim verði af nýju gefinn kostur á að lýsa vilja sínum í þessu máli.

Verði frumvarpið samþykt og afgreitt sem lög frá alþingi, þá teljum við miklum mun hyggilegra og hagfeldara að láta þau ekki koma til framkvæmdar fyr en við árslok 1915. Það ár er útrunninn vínverzlunarleyfistími ýmsra þeirra, er nú hafa það leyfi, eg við teljum þann tekjumissi, er landssjóður bíður við þessi lög, fullmikinn og tilfinnanlegan, þótt ekki bætist þar á ofan stór fjárlát til skaðabóta handa þeim, er sviftir verða vínsöluleyfinu áður en lögákveðinn tími er tilkominn. Þetta hefir líklega vakað fyrir 1. þm. Skagfirðinga, er hann kom fram með frumvarp sitt um heilsuhælissjóðinn, er við höfum nefnt hér að framan.

Eins og við upphaflega sögðum leggjum við það til, að hin háttv. deild felli frumvarpið, en verði frumvarpið eigi felt þá leyfum við okkur að koma fram með þessar varatillögur:

1. Við 22. gr. Í stað: »1912« komi: »1916«.

2. Aftan við frumvarpið bætist svohljóðandi

Bráðabirgðarákvæði.

Áður en lög þessi verða borin upp fyrir konungi til staðfestingar, skulu þau lögð fyrir alþingi 1911. Samþykki það þing lögin óbreytt, skuln þau lögð

undir atkvæði allra kjósenda landsins, og skal þeirri atkvæðagreiðslu hagað eins og gert var 1908. Verði við þá atkvæðagreiðslu meira en $^1/_5$ greiddra atkvæða atkvæða móti lögunum, skulu þau falla niður. Að öðrum kosti skal leita konungsstaðfestingar á þeim.

Neðri deild alþingis 26. marz 1909.

Jón Jónsson, þm. S.-M. Jón Jónsson, þm. N.-M.

Nd.

330. Breytingartillaga

við frumvarp um námsskeið verzlunarmanna.

Frá nefndinni.

Við 13. gr. Á eftir orðunum: »Gjörðardóminn skipa« komi: í kaupstöðum.

Í stað orðanna »bæjarfógeti eða sýslumaður« komi: bæjarfógeti. Utan kaupstaða skipar sýslumaður gjörðardómsmenn.

Aftan við frumvarpið komi ný grein, sem verður 14. gr. svohljóðandi:

Með lögum þessum er úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því er verzlunarnemendur og verzlunarstjórnendur snertir.

Nd.

331. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsm.: Jón Jónsson þ. m. N.-M.

Við 3. gr. D. 2.

»Í fjárlaganna 13. gr.« o. s. frv. orðist svo:
Í 13. gr. D. II. 1., 2., 4., 5., 7., 8., 9. og 10. í fjárlögunum.

Ed.

332. Frumvarp

til laga um sóknargjöld.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

I. Um prestsgjald.

1. gr.

Presttíund af fasteign og lausafé, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk skal af numið frá fardögum 1909.

2. gr.

Hver maður 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestslaunasjóð 1 kr. 50 aura á ári.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

3. gr.

Eindagi gjalds þessa er 15. október ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða, og skal það greitt í peningum. Sóknarnefndir innheimta gjaldið í fyrsta skifti árið 1909, og fá þær 6 % af upphæðinni í innheimtulaun.

4. gr.

Sóknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, eða kvittun sóknarprestsins fyrir því fé, er sóknarnefndin hefir greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.

Prófastur getur haldið sóknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma.

II. Um kirkjugjald.

5. gr.

Kirkjutíund af fasteign og lausafé, kirkjugjald af húsum, ljóstollur, lausamannsgjald, legkaup og skilduvinna sóknarmanna við kirkjubyggingu skal af numið frá fardögum 1909.

6. gr.

Í sóknum, þar sem söfnuður hefir tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, skal frá sama tíma af numin niðurjöfnun kostnaðar við kirkjusöng samkvæmt lögum 22. maí 1890 um stjórn safnaðarmála, niðurjöfnun kostnaðar til kirkjugarða samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, niðurjöfnun kostnaðar við prestskosningu samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um veitingu presta-

kalla, og niðurjöfnun á borgun til safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Allan þann kostnað, er hér ræðir um, skal greiða úr sjóði sóknarkirkjunnar. Ef kostnaðurinn hvílir á fleiri kirkjum eða sóknum í sameiningu, skal honum skift niður á þær eftir tölu safnaðarlima í hverri kirkjusókn, þeirra sem gjaldskyldir eru.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir eigi á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skal öllum þeim kostnaði, sem um er rætt í þessari grein, jafnað niður á þann hátt, að sama gjald komi á hvern safnaðarlim, sem gjaldskyldur er til kirkju.

7. gr.

Hver maður, sem er 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, 75 aura á ári.

	2. Laun aðstoðarmanns ...	2,000	2,000		
	3. Skrifstofukostnaður	500	500		
	4. Til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna ...	1,500	1,500		
	5. Til eftirlits með vegaviðhaldi	»	200		
				7,500	7,700
II.	Til flutningabrauta:				
	1. Borgarfjarðarbraut	30,000	10,000		
	2. Húnvetningabraut	11,000	»		
	3. Eyjafjarðarbraut	10,000	10,000		
	4. Reykjadalsbraut	15,000	»		
	5. Fagradalsbraut.....	3,000	3,000		
	6. Holtavegur	5,000	»		
	7. Grímsnesbraut	10,000	»		
	8. Til viðhalds flutningabrauta	7,000	7,000		
				91,000	30,000
III.	Til þjóðvega:				
	1. Mosfellssveitarvegur.....	6,000	6,000		
	2. Stykkishólmsvegur	6,000	6,000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur (brýr á hana)	»	16,000		
	4. Skaftártunguvegur	5,000	5,000		
	5. a. Til brúar á Laxá í Hornafirði	10,000	»		
	b. Til framhalds þjóðvegarins frá Laxá að Bjarnanesi	»	5,000		
	6. Til brúar á Hölkná í Þistilfirði	4,500			
	7. Til brúar á Sandá í Þistilfirði	10,000			
	Flyt ...	41,500	38,000	98,500	37,700	194,950

	1910	1911	1910.	1911.	Alls
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	41,500	38,000	98,500	37,700	194,950
8. Frá Ljárskógum til Svínadals	1,000				
9. Aðrar vegabætur og viðhald	15,000	10,000			
			57,500	48,000	
IV. Til fjallvega			5,000	5,000	
V. Til áhalda			2,000	2,000	
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum			300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			300	300	
VIII. Hvammstanga- kaupstaðarvegur (fyrir Múlann)			5,000		
IX. Til akvegar frá Dalvík inn Svarfaðardal, gegn 4000 kr. tillagi að minsta kosti annarsstaðar frá			2,000		
X. Breiðdalsvegur			2,000		
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ...			7,500	7,500	
Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til vegarins annarsstaðar frá.					
			180,100	100,800	
					280,900
C.					
1. Til gufuskipaferða alt að			40,000	40,000	
Stjórninni veitist heimild til að gjöra samninga um gufuskipaferðirnar, er gildi alt að 8 árum, að því tilskildu:					
Að strandferðir og millilandaferðir verði að minsta kosti jafn miklar og fult eins hagkvæmar hinum einstöku landshlutum eins og þær hafa beztar verið, svo sem strandferðir hins Sameinaða gufuskipafélags 1904 og 1905, og millilandaferðir sama félags nú, að fráskildum utanferðum strandferðaskipanna.					
Að tvö af millilandaskipunum, að minsta kosti, séu ný, fullnægi kröfum tímans sem farþegaskip, hafi stór kælirúm fyrir flutning á kjöti, fiski og smjöri, og séu að miklum mun stærri og auk þess hraðskreiðari en »Vesta« og »Laura«.					
Flyt ...			40,000	40,000	475,850

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar ...	40,000	40,000	475,850
	Að til strandferðanna verði höfð eigi minni né lakari skip en »Hólar« og »Skálholt«, en með stærra og hagfeldara farþegarúmi.				
	Að viðkomur í Færeyjum séu ekki fleiri en í gildandi ferðaáætlun hins Sameinuða gufuskipafélags.				
	Að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, og				
	Að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og ennfremur að því tilskildu, að fluttir séu innflytjendur (immigrantar) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem hið Sameinaða gufuskipafélag hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi, milli Íslands og Skotlands.				
2	Gufubátsferðastyrkur alt að		45,000	45,000	
			85,000	85,000	
					170,000
	D.				
	Til ritsíma og talsíma.				
I.	Ritsímafélagið mikla norræna		35,000	35,000	
II.	Til nýrra landsímalagninga o. fl.				
	1. Búðardalstalsími frá Borðeyri 17,000				
	Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum alt að 4,000				
		13,000			
		Flyt ... 13,000	35,000	35,000	645,850

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...		13,000	35,000	35,000	645,850
2. Stykkishólmstalsími frá Borgarnesi	55,000				
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héraði alt að	10,000				
		45,000			
3. Siglufjarðartalsími frá Vatnsleysu ...	35,000				
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum	10,000				
		25,000			
4. Til þess að strengja talsíma					
a. milli Reykjavíkur og Borðeyrar		48,390			
b. Milli Borðeyrar og Ísafjarðar.					
Stjórninni heimilast að kaupa koparþráðinn þegar hún álítur það hentugt verðsins vegna		68,025			
5. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til þess að fjölga notenda línum á Akureyri og Seyðisfirði og til stofnunar nýrra stöðva m. fl.		10,000	10,000		
			141,390	78,025	
Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar séu talsímastöðvar til almennings nota á framangreindum símaleiðum, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva og stjórnin nánara ákveður.					
		Fluttar ...	176,390	113,025	645,850

				1910.	1911.	Alls.
				kr.	kr.	kr.
			Fluttar ..	176,390	113,025	645,850
III.	Til starfrækslu landsímanna:					
	1. laun forstjóra landsímanna	5,000	5,000			
	2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,000	10,000			
	3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímkerfinu	6,700	6,700			
	4. ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímkerfinu	8,150	8,150			
	5. ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímkerfi	5,450	5,450			
	6. símastöð á Borðeyri	2,550	2,550			
	7. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar	1,400	1,400			
				39,250	39,250	
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			4,000	4,000	
V.	Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna og til utanfarar forstjóra f. á.			2,500	1,500	
VI.	Viðhald landsímanna			10,000	12,000	
VII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern			400	400	
				232,540	170,175	402,715
						1,048,565
	E.					
	Til vita.					
I.	Til eftirlits með vitum			1,500	1,500	
II.	Skipaskagaviti			300	300	
III.	Elliðaeyjarviti			400	400	
IV.	Arnarnesviti:		kr.			
	1. til vitavarðar		500			
	2. fyrir olíu		200			
	3. — steinkol		100			
	4. ýmisleg útgjöld		260			
				1,060	1,060	
			Flyt ...	3,260	3,260	1,048,564

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	3,260	3,260	1,048,565
V.	Siglunessviti: kr.			
	1. til vitavarðar 600			
	2. fyrir olíu 250			
	3. — steinkol 50			
	4. ýmisleg útgjöld 150			
	———	1,050	1,050	
VI.	Til þess að reisa Rifstangaviti, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin		25,000	
VII.	Til þess að setja sjálf-hreifandi vitaljósker á Langanesvita	3,500		
VIII.	Dalatangaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 400			
	2. fyrir olíu 250			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg gjöld 250			
	———	1.000	1,000	
IX.	a. Til þess að reisa Dyrhólaeyjarvita, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin	25,000		
	b. Til kostnaðar við vitann sið. á.		1.000	
X.	Vestmannaeyjaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 700			
	2. fyrir olíu 200			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 175			
	5. hús handa vitaverði f. á. 2,000			
	———	3,175	1,175	
XI.	Reykjanesviti: kr.			
	1. til launa vitavarðar 1,500			
	2. fyrir olíu 500			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 875			
	5. til að endurbæta lending við Kistur f. á. 2,000			
	———	4,975	2,975	
	Flyt ...	41,960	35,460	1,048,565

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ..	41,960	35,460	1,048,565
XII.	Skagatáarviti: kr.			
	1. til vitavarðar 600			
	2. fyrir olíu 200			
	3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl. ... 300			
	4. fyrir steinkol 100			
	5. ýmisleg útgjöld 116			
		1,316	1,316	
XIII.	Gerðatangarviti	100	100	
XIV.	Hafnarfjarðarvitar: kr.			
	1. til vitavarðar 400			
	2. fyrir olíu 125			
	3. — steinkol 50			
	4. ýmisleg gjöld 100			
		675		
XV.	Gróttuviti: kr.			
	1. til vitavarðar 500			
	2. fyrir olíu 150			
	3. — steinkol 60			
	4. ýmisleg gjöld 240			
		950	950	
		45,001	37,826	82,827
	Samtals ...	.....	.....	1,131,392

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast kr. 474,000.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	
	A.			
	Í þarfir andlegu stéttarinnar: kr.			
a.	1. laun biskupsins 5,000			
	2. skrifstofukostnaður 1,000			
		6,000	6,000	
	Flyt ...	6,000	6,000	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	6,000	6,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	6,500	6,500	
2. Til bráðabirgðaruppbótar brauðum ..... Ráðherrann úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti ...	600	600	
4. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	4,000	4,000	
5. framlag til prestlaunasjóðs	24,000	24,000	
	46,100	46,100	
			92,200

B.

Til kenslumála.

	1910.	1911.		
I. Til prestaskólans:				
a. laun			9,200	9,200
b. önnur útgjöld:	kr.	kr.		
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, alt að 80 kr. til hvers	960	960		
2. námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.	1,000	1,000		
3. til tímakenslu	100	100		
4. til bókakaupa	300	300		
5. til eldiviðar og ljósa	150	150		
6. til umsjónar	100	100		
7. ýmisleg útgjöld	250	250		
8. til þess að gefa út kenslu-				
Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200
bækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250			
			3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur gjöld:		kr.			
1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers		1,200			
2. námsstyrkur ..... Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.		1,600			
3. eldiviður, ljós og ræsting		550			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda		700			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum ...		300			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		400			
7. þóknun til Þórðar geðveikralæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði		300			
8. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« alt að		200			
9. ýmisleg útgjöld		200			
			5,450	5,450	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum ...			1,000	1,000	
			9,650	9,650	19,300
Flyt ...			.....	.....	136,120

				1910.	1911.	Alls.
				kr.	kr.	kr.
			Fluttar ...	.....	.....	136,120
III.	Til lagaskólans:	1910. kr.	1911. kr.			
	a. laun	6,800	6,800			
	b. til aukakenslu	800	800			
	c. önnur útgjöld:					
	1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers	640	640			
	2. námsstyrkur ..... Styrkurinn veitist með sömu skilyrðum og við prestaskólann og læknaskólann.	1,000	1,000			
	3. eldiviður, ljós og ræsting ..	250	250			
	4. til bókakaupa	500	500			
	5. húsaleiga	500	500			
	6. önnur útgjöld	200	200			
	7. til útgáfu kenslubóka	500	500			
				11,190	11,190	
						22,380
IV.	Til hins almenna mentaskóla:					
	a. laun			19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:		kr.			
	handa söngkennaranum		600			
	— fimleikakennaranum		700			
	fyrir dyravörzlu, umsjón yfir húsum og munum skólans og til hjúahalds		1,000			
				2,300	2,300	
	c. önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.			
	1. til bókasafns skólans	400	400			
	2. til eldiviðar og ljósa	1.400	1,400			
	3. til skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
	4. til fasts aukakennara	1,600	1,600			
	5. til annarar tímakenslu og prófdómenda	1,200	1,200			
	6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720			
	7. námsstyrkur	2,000	2,000			
	Flyt ...	8,920	8,920	21,500	21,500	158,500

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
	Fluttar...	8,920	8,920	21,500	21,500	158,500
	Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið					
	Húsaleigustyrk og náms styrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnem endur fyrir bæjarnemendum.					
8.	Þóknun handa lækni	100	100			
9.	Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
10.	Til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450			
11.	Til þess að gefa út kenslubækur handa hinum almenna mentaskóla 30 kr. fyrir örkina.....	600	600			
12.	Til áhalda við fimleika kenslu	100	100			
13.	Til verðlaunabóka	300	300			
				11,470	11,470	
				32,970	32,970	65,940
V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:					
a.	Laun			6,600	6,600	
b.	Önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.			
1.	Til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2.	Til eldiviðar og ljósa.....	600	600			
3.	Til tímakenslu og aukakenslu	2,500	2,500			
4.	Til styrkveitinga námspiltum	800	800			
5.	Ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,400	1,400			
				5,900	5,900	
				12,500	12,500	25,000
VI.	Til kennaraskólans:					
a.	Laun	6,600	6,600			
b.	Önnur útgjöld:					
	Flyt...	6,600	6,600	.. ..	.....	249,440

		1910.	1911.	1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	6,600	6,600	.....	.. ..	249,440
1.	Tímakensla	1,000	1,000			
2.	Eldiviður og ljós	800	800			
3.	Bókakaup og áhöld	300	300			
4.	Námsstyrkur	1,500	1,500			
5.	Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
				11,200	11,200	
						22,400
VII.	Til stýrimannaskólans:					
a.	Laun			3,200	3,200	
b.	Önnur útgjöld:					
1.	Til tímakenslu	1,000	1,000			
2.	Til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400			
3.	Til eldiviðar og ljósa ...	400	400			
4.	Ýmisleg útgjöld	600	600			
				2,400	2,400	
				5,600	5,600	
						11,200
VIII.	Til annarar kenslu:					
a.	Til kvennaskóla:					
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík	3,000	3,000			
2.	Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að.....	2,000	2,000			
3.	Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	300	300			
4.	Til sama skóla til kaupa á húsbúnaði, rúmfötum og matreiðsluáhöldum f. á. alt að.....	1,500	»			
5.	Til kvennaskólans á Blönduósi	3,000	3,000			
6.	Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	2,000	2,000			
				11,800	10,300	
b.	1. Til barnaskóla			21,000	21,000	
	Þar af til barnaskóla í kaupstöðum 5,000 kr.					
	Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda,					
	Flyt...			32,800	31,300	283,040

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	32,800	31,300	283,040
og með því skilyrði, að skólarnir njóti móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
2. Til farskóla, alt að 200 kr. til hvers, og farkennara, þar sem ekki eru lögskipaðir farskólar, alt að 100 kr. til hvers	15,000	15,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
3. Styrkur til að byggja barnaskóla utan kaupstaða alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu að húsinu ...	20,000	20,000	
4. Til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
5. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. Til eftirlitsferða eftir reikningi.....	600	600	
c. Til unglingaskóla, utan kaupstaða, þó eigi yfir 750 kr. til hvers, alt að.....	5,000	5,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.			
d. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	3,500	3,500	
e. Til viðgerðar á gamla skólahúsinu í Flensborg f. á.	500	»	
f. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
g. Til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
h. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
i. Til kenslu heyrnar- og málleysingja	6,500	6,500	
k. Til kenslu 3 blindra barna í Danmörku ...	900	900	
Flyt...	91,600	89,600	283,040

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	91,600	89,600	283,040
l.	Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði ..... kr. 1,500 Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að .. 600	2,100	2,100	
m.	Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	480	480	
		94,180	92,180	186,360
IX.	Til sundkenslu:			
a.	Í Reykjavík..... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b.	Til sundkenslu annarsstaðar ... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annars staðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
		1,300	1,300	2,600
X.	Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	.....	.....	474,000

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 134,120.

		1910.	1911.	1910.	1911.	Alls.
1.	Landsbókasafnið:	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
a.	Laun bókavarðar.....	3,000	3,000			
b.	— 1. aðstoðarmanns	1,500	1,500			
c.	— 2. aðstoðarmanns	1,000	1,000			
	Flyt...	5,500	5,500			

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
fluttar...	5,500	5,500	.....	.....	
d. til að kaupa bækur og handrit	6,000	6,000			
e. til bókbands	1,400	1,400			
f. til samningar spjaldskrár (eftir reikningi)	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
			15,760	15,760	
2. til Landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar	1,200	1,200			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu...	600	600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250			
			3,850	3,850	
3. til Forngripasafnsins:					
a. laun fornmenjavarðar	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að	600	600			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,000	1,000			
Safnið sé opið frá 15. júní til 15. sept., 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 1 tíma á dag.					
d. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að ...	1,000	1,000			
			4,400	4,400	
4. til Náttúrufræðisfélagsins			800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni á viku.					
5. til safnahússins:	1910. kr.	1911. kr.			
a. til eldiviðar, áhalda o. fl.....	2,200	2,200			
b. til dyravarðar	1,400	1,400			
			3,600	3,600	
6. til kaupstaðarbókasafna			2,000	2,000	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að bæjar- og sýslufélög veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.					
Flyt...			30,410	30,410	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	30,410	30,410	
7. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði alt að ..... Landstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.	1,500	1,500	
8. til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík ... 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.	2,000	2,000	
9. Til Þjóðvinafélagsins.....	750	750	
10. Til Fornleifafélagsins ... Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.	400	400	
11. Til Sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	600	600	
12. Til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út sams konar registur sem við fyrstu bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út.....	800	800	
13. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
14. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
15. Til Einars skálds Hjörleifssonar.....	1,500	1,500	
16. Til Þorsteins Erlingssonar skálds	1,500	1,500	
17. Til síra Valdimars Briem's	800	800	
18. Styrkur til Guðmundar skálds Magnússonar	600	600	
19. Til Guðm. skálds Guðmundssonar	600	600	
20. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
21. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
Flyt...	43,660	43,660	

	1910	1911	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	43,660	43,660	
22. Til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
23. Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi. Bæði þessi tvö síðastnefndu félög gjöri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.	2,000	2,000	
24. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
25. Til leikfélags Reykjavíkur, alt að. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	1,000	1,000	
26. Til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000		
27. Styrkur til Jóns ritstjóra Ólafssonar til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að	1,500	1,500	
28. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands	1,000	1,000	
29. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
30. Styrkur til að gefa út lagasafn handa alþýðu (áframhald), 20 kr. fyrir örkina, gegn því að áframhald þetta verði eigi selt tiltölulega dýrara en þau bindin (4), sem út eru komin áður, f. á. alt að	800		
31. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
32. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
33. Til dr. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna	1,500	1,500	
34. Til Guðm. G. Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisrannsóknanáms f. á.	1,000		
35. Til Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna	1,500	1,500	
Flyt...	61,610	58,810	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	61,610	58,810	
36. Til Ísólfs Pálssonar til utanfarar í þeim tilgangi að afla sér tekniskrar mentunar f. á.	1,500		
37. Til jarðskjálftarannsókna	300	300	
38. Til veðurathugana innanlands	4,800	4,800	
39. Til Jóns Ófeigssonar til að gera þýzk-íslenzka orðabók	1,000	1,000	
	69,210	64,910	
Samtals...	.....	.....	134,120

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 402,720.

		1910.	1911.		Alls.
		kr.	kr.		kr.
1.	Til bændaskólans á Hólum:				
	a. Laun			2,700	2,700
	b. Til aðstoðarkennara			1,000	1,000
	c. Önnur útgjöld:	1910.	1911.		
		kr.	kr.		
	1. Til verklegrar kenslu	1,000	1,000		
	2. Til kensluáhalda	500	500		
	3. Til eldiviðar og ljósa	600	600		
	4. Til styrkveitinga nemendum	400	400		
	5. Ýmisleg útgjöld	600	600		
				3,100	3,100
2.	Til bændaskólans á Hvanneyri:				
	a. Laun			3,000	3,000
	Af þessari fjárveiting eru 300 kr. launabót handa Hirti Snorrasyni fyrrum skólastjóra þar.				
	b. Til aðstoðarkennara			1,000	1,000
	c. Önnur útgjöld:				
	1. Til verklegrar kenslu	1,000	1,000		
	2. Til kensluáhalda	500	500		
	3. Til eldiviðar og ljósa	400	400		
	Flyt...	1,900	1,900	10,800	10,800

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
	fluttar...	1,900	1,900	10,800	10,800	
4.	Til styrkveitinga nemendum ...	400	400			
5.	Ýmisleg útgjöld	600	600			
6.	Til byggingar skólahúss úr steinsteypu.....	46,000				
				48,900	2,900	
3.	Til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu			1,500	1,500	
4.	Til Eiðaskólans:	1910. kr.	1911. kr.			
	a. Byggingarstyrkur	10,000	10,000			
	b. Til verklegrar búnaðarkenslu	3,000	3,000			
				13,000	13,000	
5.	Til húsmæðraskóla á Eiðum			1,000	1,000	
6.	Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds			1,000	1,000	
7.	Til búnaðarfélaga			22,000	22,000	
8.	a. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið			54,000	54,000	
	b. Til nánari undirbúningsrannsókna og mælinga viðvíkjandi áveitu úr Þjórsá og Hvítá á Skeið og Flóa			4,000	4,000	
9.	Laun skógræktarstjóra			3,000	3,000	
10.	Til skóggræðslu.....			10,500	10,500	
11.	Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu.....			2,000	2,000	
12.	Til sandgræðslu.....			4,000	4,000	
13.	Styrkur til samvinnusmjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905			14,000	12,000	
14.	Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum	1910. kr.	1911. kr.			
	a. Laun	3,000	3,000			
	b. Ferðakostnaður eftir reikningi...	500	500			
				3,500	3,500	
15.	a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
	b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík.....			400	400	
16.	Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
17.	Styrkur til manns til að nema dýralækningar..... .			600	600	
18.	Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík			5,000	5,000	
19.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar			1,000	1,000	
	Flyt...			202,900	154,900	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	202,900	154,900	
20. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds	600	600	
21. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds	300	300	
22. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,000	2,000	
23. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík	5,000	5,000	
24. Styrkur til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við húsabyggingar	800	800	
25. a. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði .. (1910. kr. 2,000; 1911. kr. 2,000)			
b. Til Þorsteins Guðmundssonar, launaviðbót (1910. kr. 400; 1911. kr. 400)			
	2,400	2.400	
Þegar skip, sem eiga að flytja fiskfarma til Spánar eða Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík eða Ísafirði, ber lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirmatsmannsins um gæði vörunnar sé ritað á hleðsluskjöl þeirra, eða rita á þau vottorð sitt um það, að sendandi vörunnar hafi, þrátt fyrir áskorun, neitað að láta yfirmatsmanninn meta gæði hennar.			
26. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
27. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. Til húsaleigu	700	700	
c. Til ljósa og eldsneytis	300	300	
28. Styrkur til tveggja íslenzkra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn	300	300	
29. Til fiskiveiðasjóðs Íslands	6,000	6,000	
Ef stofnað verður útgerðarmannafélag, er nái til allra eða flestra innlendra síldarútvegsmanna, þá skal jafnan leita álits þess félags um úthlutun á því fé í Fiskiveiðasjóði, sem ætlað er til eflingar síldarútvegi.			
30. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til iðnsýningar...		2,000	
31. Leiga eftir Gullfoss	300	300	
32. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	400	400	
	224,360	178,360	402,720
Samtals...	.....	.....	402,720

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna framgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 126,720 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til síra Hjörleifs Einarssonar 500 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þorkelsdóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til Elínborgar Friðriksdóttur 600 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 800 kr.; til barnakennara Tómasar Davíðssonar 200 kr.; til Böðvars Jónssonar 100 kr. — til allra þeirra hvort árið.

Eftirlaun amtmanns Júlíusar Havsteens teljast frá þeim tíma, er hann var settur amtmaður 1881.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 348,043,10, er ætlast til að jafnist með tollauka samkvæmt frumvarpi því, sem lagt er fyrir þingið um bráðabirgðahækkun á ýmsum tollum.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1909 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 10,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Sláturfélagi Suðurlands má lána úr viðlagasjóði 45,000 kr. gegn jafnmiklu stofnfé (hlutafé) og ábyrgð sýslunefndanna í V.-Skaftafells, Rangárvalla, Árness, Kjósar, Borgarfjarðar og Mýra sýslna, og $4^1/_2$% vöxtum og afborgun á 15 árum.

Öðrum sláturfélögum má lána úr viðlagasjóði 25,000 kr. gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda og öðrum kjörum hinum sömu.

Ullarverksmiðjunni á Akureyri má lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. með ábyrgð bæjarstjórnar og sýslunefndar Eyfirðinga gegn $4^1/_2$% vöxtum og afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Handa Heilsuhælisfélaginu má ábyrgjast 150 þús. kr. lántöku til að koma upp heilsuhæli á Vífilsstöðum yfir 50 sjúklinga.

Fljótshlíðarhreppi má veita úr viðlagasjóði 5 þús. kr. lán gegn ábyrgð sýslunefndar Rangæinga með 6% í vöxtu og afborgun á 28 árum.

Alt að 6000 kr. má lána úr viðlagasjóði kirkjusjóði Íslands, ef á þarf að halda, til að hlaupa undir bagga til að endurreisa 2 kirkjur í Árnessýslu. er fuku í vetur.

Úr viðlagasjóði má lána Björgvin Vigfússyni sýslumanni í Rangárvallasýslu alt að 12,000 kr. til að koma sér upp embættisbústað gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast og endurborgist með 6% á 28 árum.

Lánið er bundið því skilyrði, að bústaðurinn sé á heppilegum stað fyrir sýsluna, og að alt lánið falli í gjalddaga, ef ekki um semur með honum eða búi hans um kaup á húsi og jörð við eftirmann hans í embættinu á sínum tíma.

Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 20,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi ávaxtast með 4% og eru, að því er snertir samgirðingar og ábúendur á jörðum einstakra manna, afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en afborgist síðan á 20 árum með jafnri afborgun á ári. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum fá lán þessi gegn 6% árgjaldi í vöxtum og afborgunum í 28 ár. Lán þessi veitast eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, er ávaxtist með 4% árlega, og endurborgist á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 40,000 kr.

Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum. Lán þessi ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 15 árum.

Nd.

344. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908—1909 (317).

Frá Eggert Pálssyni og Einari Jónssyni.

Á eftir orðunum í 3. gr. »beggja megin Sogsbrúar kr. 10.000.00« komi nýr liður svohljóðandi:

Til brúargjörðar á Ytri-Rangá	kr. 47.000.00	
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héraði alt að	— 5.000.00	
		kr. 42.000.00

Ed.

345. Nefndarálit

um frumvarp til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Nefnd sú er háttvirt deild fól lagafrumvörp þessi til íhugunar, hefir orðið á eitt sátt um það, að réttast sé að samþykkja þær löggildingar sem hér er farið fram á.

Eigi að síður lítur, að minsta kosti nokkur hluti nefndarinnar svo á, að það sé gagnslítið að löggilda alla þá staði, sem um er beðið á hverju þingi, án tillits til þess hvort þeir eru hæfir eða óhæfir verzlunarstaðir.

En þar sem það virðist oftast nær ógjörningur fyrir þingið að rannsaka eða dæma um það, hvort þessi eða hinn staðurinn, sem löggildingar er beiðst á, sé framtíðar verzlunarstaður eða eigi, og þar sem það er ótækt að hindra eðlilegar og sjálfsagðar framkvæmdir, jafnt í þessu sem öðru, þá virðist nefndinni að þingið v e r ð i nær undantekningarlaust að löggilda þá staði sem um er beðið og fela svo tímanum og reynzlunni að skera úr því, hvar verzlun geti þrifist eða eigi að vera.

Þesskonar úrval, er tíminn og reynzlan gerir, virðist nefndinni verða réttara en ákvarðanir þingsins mundu verða ef það tæki sér fyrir hendur að velja úr á þann hátt, að löggilda suma staðina en aðra ekki.

Nefndin leggur því til, að háttvirt deild samþykki þau löggildingarfrumvörp, er hér um ræðir með þeirri einu breytingu, að frumvörpin sem eru 5 að tölu verði færð saman í eitt frumvarp.

Alþingi 26. marz 1909.

Sigurður Stefánsson	Gunnar Ólafsson.
form.	skrifari og framsögum.

Aug. Flygenring.

Ed.

346. Frumvarp

til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Frá nefndinni.

1. gr.

Eftirtaldir staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

Við Skaftárós í Vestur-Skaftafellssýslu,
— Kúðaós í sömu sýslu,
að Kletsvík í Neshreppi innan Ennis,
í Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu og
- Hjallanesi í Staðarfellssandi í sömu sýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

347. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga 1908—1909.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 4. gr. Framan við greinina komi nýr liður svohljóðandi:

Til að mála og gera við Langholts og Þykkvabæjarklausturs kirkjur alt að 400 kr.

Aftan við 7. gr. komi svohljóðandi athugasemdir:

a. Eftirstöðvar af láni jafnaðarsjóðs Suðuramtsins til viðlagasjóðs til brúargjörðar á Ölvesá falli niður ásamt vöxtum frá 6. sept. 1907.

b. Stjórninni veitist heimild til að lána úr viðlagasjóði til byggingarsjóðs 10,400 kr. til lúkningar ógreiddum kostnaði við hitaleiðslu í safnahúsbygginguni til hlutafélagsins »Völundur«.

Ed.

348. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. nóvember 1907.

Frá nefndinni í málinu: »Frumvarp til laga um Bókasafn Vesturlands«

Bókasafni Ísafjarðarkaupstaðar skal veittur sami réttur og önnur bókasöfn landsins hafa, samkvæmt lögum nr. 80, 22. nóvember 1907.

Ed.

349. Frumvarp

til laga um laun háskólakennara.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Í guðfræðisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent.

Í lagadeildinni eru 3 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar og 6 aukakennarar. Aukakennarar eru: Héraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, geðveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði. Aukakennararnir eru skyldir til að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann. Auk nefndrar kenslu má ráða lækni til þess að veita tilsögn í lækningum á sjúkdómum í eyrum, nefi og hálsi, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Í heimspekisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent. Annar prófessorinn kennir heimspeki en hinn íslenzka málfræði og menningarsögu. Dósentinn kennir íslenzka sagnfræði að öðru leyti.

2. gr.

Prófessorarnir hafa 3000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á

hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári, og verða þannig 4800 kr. eftir 24 ára embættisþjónustu.

Dósentarnir hafa 2800 kr. árslaun.

Þeir kennarar, sem höfðu hærri laun meðan þeir höfðu á hendi kenslu við embættaskólana, skulu þó einskis í missa, en njóta hinsvegar nýnefndrar luunahækkunar með hækkandi embættisaldri.

Laun kennaranna greiðast úr landssjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar háskólinn tekur til starfa og eru þá jafnframt eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: konungsúrskurður 21. maí 1847, um stofnun prestaskóla; lög nr. 5 frá 11. febr. 1876, um stofnun læknaskóla; lög nr. 31, frá 8. nóvember 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, frá 9. desember 1889; lög nr. 3, frá 4. marz 1904, um stofnun lagaskóla og lög nr. 37, frá 16. nóvember 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó að áskildu nánara ákveðnu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks eru þá ógild öll önnur ákvæði, er koma kunna í bága við hin nýju lög.

Ed.

350. Frumvarp

til laga um vígslubiskupa.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Auk aðalbiskups skulu vera hér á landi tveir vígslubiskupar (officiales), annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

2. gr.

Konuugur skipar vígslubiskupana eftir tillögum prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi; skulu þeir hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er þeir vígjast, skulu hvorum þeirra greiddar 500 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Annar vígslubiskupanna vígir aðalbiskup, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum aðalbiskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi.

Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum aðalbiskups, greiðist þeim úr landssjóði borgun eftir reikningi.

Ed.

351. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um vígslubiskupa
Frá nefndinni.

1. 1. gr. Fyrir: »aðaloiskups« komi: »biskups landsins«.

2. 3. gr. Fyrir: »aðalbiskup« komi: »biskup landsins«.
3. — — Fyrir: »aðalbiskups« komi: »biskups«.
4. — — Fyrir: »aðalbiskups« komi: »biskups«.

Ed. **352. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um laun háskólakennara.

Frá háskólanefndinni.

Við 2. gr. Í stað orðanna »og verða þannig 4800 kr. eftir 24 ára embættisþjónustu« komi: upp í 4800 kr.

Nd. **353. Frumvarp**

til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Styrktarsjóð skal stofna handa barnakennurum landsins. Stofnfé hans, 5,000 krónur, leggur landssjóður til.

2. gr.

Hver sá kennari, er ráðinn er til kenslustarfa eftir lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1902, greiðir í sjóðinn á hverju ári 1% af kennaralaunum sínum.

3. gr.

Sjóðurinn fær 1,000 kr. styrk úr landssjóði á hverju ári.

4. gr.

Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóð þessum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kýs.

5. gr.

Því að eins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sé styrkþurfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kenslustörfum sakir heilsubilunar.

6. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20,000 kr., en síðan $^3/_4$ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuð-

stólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðru vísi sé ákveðið af gefanda.

7. gr.

Nánari reglur um starfsemi sjóðsins, innheimtu, styrkveiting og reikningsskil semur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið tillögu þar um frá forstöðunefnd hans.

Nd.

354. Frumvarp

til laga um sóknargjöld.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

I. Um prestsgjald.

1. gr.

Preststiund af fasteign og lausafé, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk skal af numið frá fardögum 1909.

2. gr.

Hver maður 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestslaunasjóð 1 kr. 50 aura á ári.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

3. gr.

Eindagi gjalds þessa er 15. október ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða, og skal það greitt í peningum. Sóknarnefndir innheimta gjaldið í fyrsta skifti árið 1909, og fá þær 6 % af upphæðinni í innheimtulaun.

4. gr.

Sóknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, eða kvittun sóknarprestsins fyrir því fé, er sóknarnefndin hefir greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.

Prófastur getur haldið sóknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma.

II. Um kirkjugjald.

5. gr.

Kirkjutíund af fasteign og lausafé, kirkjugjald af húsum, ljóstollur, lausamannsgjald, legkaup og skilduvinna sóknarmanna við kirkjubyggingu skal af numið frá fardögum 1909.

6. gr.

Í sóknum, þar sem söfnuður hefir tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, skal frá sama tíma af numin niðurjöfnun kostnaðar við kirkjusöng samkvæmt lögum 22. maí 1890 um stjórn safnaðarmála, niðurjöfnun kostnaðar til kirkjugarða samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, niðurjöfnun kostnaðar við prestskosningu samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um veitingu prestakalla, og niðurjöfnun á borgun til safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Allan þann kostnað, er hér ræðir um, skal greiða úr sjóði sóknarkirkjunnar. Ef kostnaðurinn hvílir á fleiri kirkjum eða sóknum í sameiningu, skal honum skift niður á þær eftir tölu safnaðarlima í hverri kirkjusókn, þeirra sem gjaldskyldir eru.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir eigi á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skal öllum þeim kostnaði, sem um er rætt í þessari grein, jafnað niður á þann hátt, að sama gjald komi á hvern safnaðarlim, sem gjaldskyldur er til kirkju.

7. gr.

Hver maður, sem er 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, 75 aura á ári.

Undan þegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

Nú hefir söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má sóknarnefnd þá með jákvæði lögmæts safnaðarfundar og samþykki héraðsfundar hækka og lækka kirkjugjöld fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árabil.

Nú er kirkjugjald hækkað, og jafnar þá sóknarnefndin gjaldaukanum niður þannig, að helmingurinn greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern gjaldskyldan safnaðarlim.

8. gr.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er landstjórninni veitt heimild til að ákveða kirkjugjald þannig, að það, miðað við tölu allra safnaðarlima, er náð hafa 15 ára aldri 1. janúar 1909, nemi minst jafn mikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið að meðaltali um 10 ár, 1899—1909.

Ákvörðun þessi skal þó því aðeins gilda, að kirkjuforráðandi eða söfnuður hafi beiðst þess, enda hafi hin nýja skipun rýrt eða aukið tekjur kirkjunnar til muna. Auglýsing um hið ákveðna kirkjugjald í hverri sókn skal birt í A-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Eindagi á kirkjugjaldi er 15. október ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða. Skal það greitt í peningum, og innheimt í fyrsta sinn árið 1909. Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skulu sóknarnefndir innheimta gjaldið, og fá þær 6% af upphæðinni í innheimtulaun. Aukaniðurjöfnun þá, er ræðir um í síðustu málsgrein 7. greinar, má sóknarnefnd gera á hverjum tíma árs sem er, og er gjalddagi þess gjalds sex vikum eftir að niðurjöfnunin er auglýst. Í öðrum sóknum greiðist gjald þetta forráðamanni kirkjunnar. Þó má hann fela sóknarnefnd innheimtuna gegn 6% innheimtulaunum.

III. Almenn ákvæði.

10. gr.

Sóknargjald til prests og kirkju og niðurjöfnunargjald í safnaðarþarfir skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á rétt til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum. Nú er heimilisráðandi öreigi að áliti sóknarnefndar og hefir hún þá rétt til að ganga að gjaldanda sjálfum. Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

11. gr.

Presti og hreppstjóra eða bæjarfógeta í kaupstöðum er skylt að láta sóknarnefnd í té skýrslur þær, er hún þarf að nota við útreikning og innheimtu sóknargjalda. Aldurstakmark gjaldskyldra manna samkvæmt lögum þessum skal miðað við næsta nýjár á undan gjalddaga.

12. gr.

Prestar þeir, sem taka laun eftir eldri ákvæðum, en lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta, skulu fá uppbót úr prestlaunasjóði, svo að jafngildi sóknartekjunum eftir meðaltali þeirra síðustu 5 ár frá 1904—1909, að frádregnum innheimtulaunum 6%.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:

Reglugjörð 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna.

Lög 27. febr. 1878 um kirkjutíund í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi.

Lög 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum, og lög 2. oktbr. 1891 um breyting á téðum lögum.

Lög 3. apríl 1900 um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju.

12.—17. gr. laga 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.

5. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um umsjón og fjárhald kirkna.

Ennfremur eru af numin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Nd. **355. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

Við 16. gr., 21.:

Í staðinn fyrir »300—300« komi: »400—400«.

Nd. **356. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 3, 4. febr. 1898 um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum og flutning þeirra á opinberan spítala.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Holdsveikir menn, sem líkþráir eru (með »lepra tuberosa« eða »lepra mixta«) skulu allir settir í holdsveikraspítalann, svo fljótt sem rúm leyfir.

Holdsveikir menn, sem limafallssjúkir eru (með »lepra anæsthetica«) skulu og settir í holdsveikraspítalann, þegar héraðslæknir telur nauðsyn á því vegna sára eða annars lasleika.

Sveitarómögum holdsveikum utan spítala skal komið fyrir á þann hátt, að sem fylst trygging sé fyrir því, að farið verði eftir fyrirmælum 4. gr. laga nr. 3, 4. febr. 1898.

Börnum holdsveikra foreldra, þeirra er sveitarstyrks njóta, skal jafnan komið í fóstur á önnur heimili.

Ekki má sveitarstjórn setja sveitarlimi niður á heimili, þar sem holdsveikir eru fyrir, nema læknir leyfi.

2. gr.

Kostnað allan við veru holdsveikra í holdsveikraspítalanum skal greiða úr landssjóði, svo og flutning þeirra í spítalann.

3. gr.

Með lögum þessum eru feldar úr gildi 7., 8. og 10. gr. laga nr. 3, 4. febr. 1898.

Nd.

357. Viðaukatillaga

við breytingartillögu á þingskjali 150.

Frá Þorl. Jónssyni.

Á eftir e. komi nýr liður:
f. Bátalending við Skinneyjarhöfða og Hornsvík í Austur-Skaftafellssýslu.

Nd.

358. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 13. gr. B. Aftan við XI. lið komi nýr liður:
Til aðstoðarverkfræðings til rannsókna og mælinga viðvíkjandi járnbrautarlagningu austur 2500 kr. (fyrra árið).

Nd.

359. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 13. gr. D. II. 1. liðurinn falli niður.
— — — — — 2. liðurinn falli niður.
— — — — — 3. liðurinn falli niður.
— — — — — 4. liðurinn falli niður.
— — — — — 5. liðurinn falli niður.
Athugasemdin aftan við 1.—5 falli burt.

Nd.

360. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni og Einari Jónssyni.

1. Við 15. gr. tölulið 2 b. Fyrir »1200—1200« komi: 1700—1700.
2. — — — — 3 b. Eftir þenna staflið bætist nýr liður: c. til þess að raða myntasafni Forngripasafnsins og semja skrá yfir það 500—500 kr.
3. — — — — 11 (til sögufélagsins). Fyrir »600—600« komi: 750—750.

Fylgiskjal.

Forngripasafnið.
Reykjavík, 26. marz 1909.

Hér með leyfir undirritaður sér allravirðingarfylst að fara þess á leit við hið háa

alþingi, að ákveðin verði í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár eða í fjárlögum fyrir næsta ár *500 króna upphæð handa forstöðumanni Forngripasafnsins til þess að raða myntasafninu og semja skrá yfir það.*

Myntasafnið er sérstakt safn undir umsjón forstöðumanns Forngripasafnsins. Það er þann veg til orðið, að bræður tveir danskir, dr. M. Lund og C. F. Lund, gáfu Íslandi 2800 myntir. Áður voru á Forngripasafninu um 500 myntir, og um 230 miðaldamyntir að auk; voru þær gjöf frá hr. bankastjóra Tryggva Gunnarssyni 1891—92, en ekki teknar með í tölusetningu gripanna á safninu, heldur geymdar sér og aldrei sýndar, þareð þeim gat ekki orðið raðað. Öll þessi myntasöfn mynda nú eitt safn, um 3500 myntir, og er ætlast til að það verði geymt og sýnt í sérstöku herbergi á safnahúsloftinu. Myntir þessar eru ekki í neinni röð eða reglu og engin skrá til yfir þær. Til þess að hægt verði að sýna þetta dýrmæta og merkilega safn, svo að nokkur maður geti haft þess nokkur not, er óhjákvæmilegt að raða því og semja skrá yfir það með lýsingum á myntunum og áletrunum, sem á þeim eru, að svo miklu leyti sem unt er. Sú niðurröðun og skrásetning er svo mikið og vandasamt starf, að öllum hlýtur að þykja það ósanngjarnt að ætlast til að forstöðumaður Forngripasafnsins leysi það af hendi án sérstakrar borgunar; enda mun naumast unt að ákveða allar myntirnar hér á landi, þareð ekki eru ætíð sams konar myntir til samanburðar og verður því þörf á að leita aðstoðar erlendra myntfræðinga. — Þriðjungur safnsins eru fornmyntir, grískar og rómverskar; um 500 eru frá miðöldum.

Allravirðingarfylst

Matthías Þórðarson.

Nd.

361. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um girðingar.

Flutningsmaður: Björn Þorláksson.

7. gr. Orðin »Eigi má . . . undir vírinn« falli burt.

Nd.

362. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Við 16. gr. 39. Innan stryks bætist við:
»40 kr. fyrir prentaða örk, alt að«.

Jón Ólafsson.

Nd.

363. Breytingartillaga

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá sambandslaganefndinni.

Við 15 gr. Eftir tölul. 11. komi nýr liður svo látandi:

12. Til þess að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins, er þingið kýs 3 manna nefnd til að semja og sjá um, alt að 5000 kr. fyrra árið.

Nd.

364. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Flutningsmenn: Jón Olafsson, Benedikt Sveinsson.

15. gr. 18. (Guðm. Magnússon): Fyrir »600—600« komi: 800—800.

Nd.

365. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir 1908 og 1909.

Við 15. gr. 1. Fyrir spjaldskrín (Card Cabinet) [síðara árið] kr. 720.00.

Jón Ólafsson.

Nd.

366. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911. (Þingskj. 343).

Frá Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl.

Við 21. gr. Á undan orðunum: »Sláturfélagi Suðurlands o. s. frv.« komi ný málsgrein:

Sláturhúsi Gunnars kaupmanns Einarssonar í Reykjavík, er jafnframt verði sameignarsláturhús fyrir Reykvíkinga, má lána 25,000 kr. úr viðlagasjóði gegn 1. veðrétti í allri sláturhúseigninni, sem er úr steini, svo og 1. veðrétti í annari fasteign, er báðar væri metnar eigi minna til peningaverðs en 50,000 kr. auk ábyrgðar sameignarfélagsins, ef þörf gerist. Lánið borgist á 28 árum með 6% árlega.

Nd.

367. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 13. gr. D. VI. Eftir þenna lið komi nýr liður svolátandi:

VII. Til Guðmundar Hávarðssonar uppbót fyrir fjárhalla, er hann hefir orðið fyrir við flutning á símastaurum 800 kr. fyrra árið.

Ed.

368. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um laun háskólakennara.

Frá háskólanefndinni.

Framan við 1. gr. bætist:

Háskóli Íslands skiftist í 4 deildir: Guðfræðisdeild, lagadeild, læknadeild og heimspekisdeild.

Nd.

369. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 16. gr.

Aftan við tölulið 32 komi nýr liður svolátandi:

33. Til þess að taka á móti og leiðbeina þeim Íslendingum, er koma frá Ameríku í þeim tilgangi að setjast hér að, sem og einnig til þess að láta hæfan mann hérlendan, sem kunnugur er í Ameríku, ferðast um landið með agentum þeim, er Canadastjórn sendir í þeim tilgangi að tæla fólk héðan af landi burt, alt að 1000 kr. hvort árið.

Framfarafélag Reykjavíkur hefir á fundi sínum í gær, falið stjórn sinni, að skrifa — fyrir félagsins hönd— erindisbréf til alþingis á þessa leið:

Félagið telur mjög þarflegt að alþingi veiti landsstjórninni heimild til að verja nokkurri fjárupphæð, annaðhvort með sérstakri fjárveitingu, eða af óvissum útgjöldum, til þess að taka á móti og leiðbeina þeim Íslendingum, er koma frá Ameríku, í þeim tilgangi að setjast hér að sem og einnig til þess að láta hæfan mann hérlendan, sem kunnugur er í Ameríku, ferðast um landið með agentum þeim, er Canadastjórn sendir í þeim tilgangi að tæla fólk héðan af landi burt til Ameríku með gildandi fortölum.

Félagið telur þetta rétt og mjög nauðsynlegt og óskar að háttvirt alþingi taki þetta til athugunar og framkvæmdar.

Virðingarfylst.

Reykjavík 22. marz 1909.

Tryggvi Gunnarsson, formaður.	Gísli Þorbjarnarson, skrifari.	Asgr. Magnússon, féhirðir.

Til

alþingis 1909.

Nd.

370. Frumvarp

til laga um vígslubiskupa.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Auk biskups landsins skulu vera hér á landi tveir vígslubiskupar (officiales), annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

2. gr.

Konungur skipar vígslubiskupana eftir tillögum prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi; skulu þeir hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er þeir vígjast, skulu hvorum þeirra greiddar 500 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Annar vígslubiskupanna vígir biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum biskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi.

Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum biskups, greiðist þeim úr landssjóði borgun eftir reikningi.

Ed.

371. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Frá Stefáni Stefánssyni, Aug. Flygenring og Lárusi H. Bjarnasyni.

1. Við 2. gr.
   Eftir orðin: »sem kosningarrétt hefir« komi: sé hann ekki vistráðið hjú.
2. 2. liður 2. gr. falli burtu.

Ed.

372. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »séu þeir« komi: ef þeir eru.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist: Vistráðnir karlmenn geta og skorast undan kosningu.

Ed.

373. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.

Nefndin, sem háttv. Ed. kaus til að athuga mál þetta hefir rætt það á nokkrum fundum. Alit hennar er á þessa leið:

Nefndin er samhuga í því, að mjög varhugavert sé að fara inn á þá braut, sem frumv. afmarkar. Til rökstuðnings þessu áliti sínu vill nefndin benda á nokkur helztu atriðin, sem mæla á móti frumv., ekki að eins í þeirri mynd, sem það hefir, heldur á móti stefnu þess.

1. Að fá sáttanefndum í hendur úrskurðarvald það, sem frumv. ætlast til að þeim sé fengið, er ófært að áliti nefndarinnar. Sáttanefndirnar eru skipaðar ólögfróðum mönnum, sem af þeim sökum má telja miður vel fallna til þess að fara með dómsvald það, er frumv. ætlast til að þeim sé fengið í skuldamálum. Þetta verður að álítast því viðsjárverðara, sem ætlast er til, að úrskurðir sáttanefndanna sé yfirleitt fullnaðarúrslit og hafi því sama gildi og væri það hæstaréttardómur.

Og þegar sáttanefndunum er ekki að eins ætlað að fella úrskurð um skuldina sjálfa heldur einnig um málskostnað, taka til greina gagnkröfur og meta mótmæli er koma fram o. s. frv., og fella úrskurð um alt slíkt, er fyrir kann að koma annaðhvort strax eða innan viku, þá væri ekki óeðlilegt þó réttindum manna yrði stundum misboðið. Með svona stuttum fresti eða engum fresti er og farið fram á breytingu á almennum réttarfarsreglum og er það ótækt, af því ekki virðist neina nauðsyn bera til þess. Vitanlega mætti breyta þessu í eðlilegra horf og ýmsum atriðum öðrum í frumv. svo að það batnaði nokkuð, en eigi að síður yrði það þó óaðgengilegt að áliti nefndarinnar.

2. Verksvið sáttanefnda er og hefir verið, að draga úr deilum og missætti manna á meðal. Óneitanlega hefir sáttanefndunum oft tekist að leysa þetta vandastarf vel af hendi. En sé þeim fengið dómsvald í hendur er hætt við að vinsældir þeirra bíði hnekki við það, og afstaða þeirra verði þess vegna lakari en nú til að kæfa niður missætti og byrjun málaferla. Á það atriði leggur nefndin mikla áherslu, að *ekkert sé gjört, sem rýri áhrif sáttanefndanna til sátta.*

3. Eins og sáttanefndum nú er varið eru prestarnir fyrri sáttanefndarmenn. Þetta starf stendur heldur engum nær en þeim. Þeir ættu ætíð að láta sér öðrum fremur umhugað um að kæfa niður hvers konar missætti. En með því að sáttanefndirnar hafa þau verk að inna af hendi, sem frumv. ætlast til, telur nefndin mjög sennilegt að prestarnir mundu vilja losna við sáttanefndarstörfin, þessum nefndum til hnekkis. Og nefndin telur eigi að eins líklegt að prestar myndu vilja vera lausir við sáttanefndarstörf heldur líka hitt, að örðugt myndi reynast að fá aðra góða menn og nýta í sáttanefndirnar.

Af þeim ástæðum, sem hér eru teknar fram og ýmsum ástæðum öðrum, sem nefndinni virðist mæla á móti frumv., hikar nefndin ekki við að ráða háttv. Ed. til að fella frumvarpið.

Alþingi, 29. marz 1909.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsögumaður.

Ari Jónsson.

Ed.

374. Frumvarp

til laga um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Kosningarrétt í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga hafa allir kaupstaðarbúar og hreppsbúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, séu þeir 25

ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í kaupstaðnum eða hreppnum síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa ekki í skuld fyrir sveitarstyrk og greiða gjald í bæjarsjóð eða hreppssjóð.

Kona gift kjósanda hefir kosningarrétt, þó hún sé ekki fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins og þótt hún ekki greiði sérstaklega gjald í bæjarsjóð eða sveitarsjóð, uppfylli hún að öðru leyti áður greind skilyrði fyrir kosningarrétti.

2. gr.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir. Hjón mega þó aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, heldur eigi foreldrar og börn, né móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 4. gr. laga nr. 22 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 23 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 15 frá 8. maí 1894, 8. gr. laga nr. 43. frá 10. nóvbr. 1905, 3. gr. laga nr. 86 frá 22 nóvbr. 1907, 5. gr. laga nr. 75 frá 22. nóvbr. 1907 og alt annað það í lögum, sem í bága kemur við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.

Nd. **375. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild alþingis skorar á landsstjórnina að hlutast til um það, að eintak það af Guðbrandsbiblíu, er Mrs. H. W. Bannon, þá búandi í Queens Gate 169, London C. W., var í óheimild biskups selt árið 1903 frá Hálskirkju í Fnjóskadal fyrir £ 18 (324 kr.), verði sem fyrst náð aftur og síðan afhent bókasafni landsins til æfinlegrar geymslu.

Nd. **376. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911
(eins og það var samþykt í nd. við 2. umr.).

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Við 13. gr. D. II. 3.

Eftir 3. lið komi nýr (4. liður) þannig:

Vestmannaeyjatalsími		
frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja	42,200	
Héraf væntist úr Vestmannaeyjum....	8,000	
		34,200

Við 21. gr.

Á eftir málsgreininni:

»Ullarverksmiðjunni á Akureyri — — — 15 árum« komi ný málsgrein þannig:

Ishúsfélagi Vestmannaeyja má lána úr viðlagasjóði alt að 20,000 krónur á ábyrgð sýslufélags Vestmannaeyja gegn $4^1/_2{}^0/_0$ ársvöxtum, afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd.

377. Tillaga

til þingsályktunar um 100 ára leigu á tveim húslóðum á Arnarhólstúni.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson og Jón Olafsson.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til að stjórnin leigi:

a. Héraðslæknunum í Reykjavík alt að 1000 ferálna lóð á Arnarhólstúni með eftirfarandi skilmálum:
   1. Að árlegt eftirgjald sé eigi minna en 10 aurar af feralin,
   2. að leigutíminn sé eigi lengri en 99 ár.
b. Verzlunarskóla Íslands alt að 1200 ferálna lóð á Arnarhólstúni með sömu skilmálum og undir staflið a, 1. og 2. til þess að reisa á henni skólahús sér til afnota.

Nd.

378. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907. (Þingskj. 59).

Frá meiri hluta fræðslumálanefndar.

Eftir 3. gr. komi ný grein, sem verður:

4. gr.

Frestur sá, sem veittur er í 15. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907, lengum 2 ár, til 1. jan. 1912.

4. gr. gr. frumv. verður því 5. gr.

Ed.

379. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. tölulið 13. Fyrir 300—300, komi: 450—450.

Nd.

380. Frumvarp

til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um kornforðabúr til skepnufóðurs.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrétt hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim er getur um í 2. gr. leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um stjórn kornforðabúrsins. Þar skal og kveða á um tillög til forðabúrsins, útlán á korni og endurgreiðslu þess, endurnýjun kornsins og viðhald forðabúrsins. Enn fremur skulu þar vera ákvæði um eftirlit það, er þarf til þess, að samþyktarinnar sé gætt, og hvernig kostnað við forðabúrið skuli greiða.

6. gr.

Árlega skal stjórn forðabúrsins senda sýslunefnd fyrir aðalfund skýrslu um útlán forðabúrsins og ársreikning þess.

7. gr.

Öll gjöld til kornforðabúrsins, svo og útistandandi skuldir þess, má taka lögtaki samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

8. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20, kr. er renna til kornforðabúrsins.

9. gr.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed.

381. Frumvarp

til laga um girðingar.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði svo og aðrar girðingar, er njóta, styrks af almannafé, skulu vera að minsta kosti 42 þuml. á hæð.

Eigi er vírgirðing á jafnsléttu fullgild nema hún sé með 5 strengjum. — Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 2—3 fet á hæð og 3 strengir ofan á honum ef hann er 2 fet, en 2 strengir ef garðurinn er 3 fet á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, skulu vera með $2^1/_2$ faðms millibili, hvort sem girðingin er á jafnsléttu eða garður hlaðinn undir vírinn samkvæmt 1. gr.

Girðing sé gerð að öðru leyti samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða félag og leitar um lán úr landssjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fé það, sem ætlað er á ári hverju til girðinga til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrétt næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr landssjóði, skal vera fullgei innan tveggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda Stjórnarráðinu vottorð um, að hún sé gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim er getur um í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið þegar tvö ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með 6% vöxtum.

5. gr.

Skylt er sérhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða félög, er fengið hafa lán úr landssjóði til girðinga, að viðhalda þeim girðingum og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Þegar um girðing á einstökum jörðum er að ræða, skal girðingin við ábúendaskifti tekin út og fráfarandi skili girðingunni í gildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú fer jörð í eyði svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af landssjóðslániuu.

7. gr.

Girðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sé milli vegarjaðarins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo að 6 álnir séu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. — Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema 3 feta garður sé hlaðinn undir vírinn.

8. gr.

A öllum girðingum skulu vera nauðsynleg hlið, og skal svo um búið, að þau verði opnuð og lokuð. — Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér. — Vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum.

9. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

10. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 9. gr. og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. — Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

11. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 10. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra, er samþyktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til Stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þæi. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 9. gr. Er öll meðferð samþyktar þó hin sama og 10. og 11. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

13. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send Stjórnarráðinu til staðfest-

ingar og virðist Stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, er samþyktin endursend án staðfestingar og fylgja henni þá synjunarástæður Stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir Stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er á móti hreppssamþykt.

15. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **382. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1905 um bann gegn innflutningi á útlendu kvikfé.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

Fyrsta málsgrein í 1. gr. hljóði svo:

Það er öllum bannað að flytja hingað til lands frá útlöndum sauðfénað, nautgripi, hesta, svín, geitur og hunda.

Ed. **383. Frumvarp**

til laga um breyting og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur nr. 29, 8. nóv. 1895 og lög nr. 20, 30. okt. 1903.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Forstöðumenn fastaverzlana, lausakaupmenn, þar með taldir hrossakaupmenn og fjárkaupmenn, forstöðumenn kaupfélaga og pöntunarfélaga, og aðrir, er vörur kaupa frá útlöndum, eða sem selja vöru eða sölu annast til útlanda, skulu skyldir til að láta hlutaðeigandi stjórnarvöldum í tje, sem nákvæmastar skýrslur um það, hverjar vörutegundir og hve mikið af hverri vörutegund þeir flutt hafi eða flytja látið til landsins, eða frá því, svo er þeim og skylt að skýra frá innkaupsverði innfluttrar vöru að viðbættum flutningskostnaði til landsins, og innkaupsverði innlendrar vöru, og tilgreina frá hverju landi vörurnar eru keyptar, allt eptir því, sem eyðublöð þau greina og reglugjörðir, er landsstjórnin útgefur.

2. gr.

Skipaafgreiðslumenn, sem taka á móti farmskrám (Manifest) frá útlöndum, svo og kaupmenn, pöntunarfjelög, kaupfjelög og aðrir, sem taka á móti farmskrám, eða hleðsluskýrteinum (Conossement) í stað farmskrár yfir innfluttar vörur, sem skipaafgreiðslumenn taka ekki á móti, skulu frá ársbyrjun 1909 skyldir til að láta hlutaðeigandi lögreglustjóra í té staðfestan útdrátt úr þessum farmskrám, eða hleðsluskýrteinum, sem koma í farmskrár stað, yfir innfluttar vörur, er sýni nafn viðtakanda, nafn skipsins, er vörurnar flutti, og stykkjatal, tegund, vigt eða teningsmál allra varanna, sem á farmskrá standa.

Útdráttinn úr farmskránum eða hleðsluskýrteinunum, sem koma í þeirra stað, skal afhenda lögreglustjóra svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við lok hvers árs, og varðar það sektum allt að 500 krónum, ef út af er brugðið.

3. gr.

Nú fylgir aðeins ein farmskrá skipi, sem flytur inn vörur að fleiri en einni höfn, og skal þá sá, er síðast veitir vörunum móttöku úr skipinu, afhenda lögreglustjóra útdráttinn úr farmskrá skipsins.

4. gr.

Svo skulu forstöðumenn ıastra verzlana, pöntunarfélaga, kaupfélaga, iðnaðarfyrirtækja og aðrir, er reka lánsverzlun að meira eða minna leyti, skyldir til að láta landsstjórninni í té áreiðanlega skýrslu um samanlagðar skuldir og inneignir hérlendra viðskiptamanna sinna, annara en banka, eins og þær eru 31. desember ár hvert.

Landsstjórnin annast um, að skýrslur þessar séu prentaðar ásamt öðrum hagfræðisskýrslum og skulu þær vera þannig, að aðeins sjáist samanlagðar skuldir og inneignir hvers kauptúns eða kaupstaðar fyrir sig, án þess nokkurt verzlunarnafn sje nefnt.

5. gr.

Landsstjórninni ber að annast um, að samin sé árlega skrá, er fylgi hagfræðisskýrslunum yfir aðfluttar vörur, yfir stykkjatölu, tegund, vigt eða teningsmál innfluttrar vöru, sundurliðaða eptir kauptúnum og samanlagða.

6. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Með lögum þessum er 5. gr. laga nr. 29 um hagfræðisskýrslur 8. nóvember 1895 úr lögum numin.

Nd. **384. Nefndaràlit**

um frumv. til laga um sölu kirkjujarða (þingskjal 103).

Vér undirritaðir nefndarmenn höfum athugað frumv. það til breytinga á lögum um sölu kirkjujarða, er lagt var fyrir hina háttvirtu deild, og leyfum oss

að mæla með því að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu, sem fram er tekin á þingskjali 234. Nánari grein verður gjörð fyrir máli þessu við framsöguna. —

Alþingi 29. marz 1909.

Hálfdan Guðjónsson formaður. Stefán Stefánsson Eyf. framsögumaður.

Pétur Jónsson. Sigurður Sigurðsson. Jón Jónsson þm. Nm.

Ed.

385. Frumvarp

til laga um námsskeið verzlunarmanna.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka verzlanir eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglinga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sé skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sé saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sé ákvæði þetta brotið er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis.

2. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei lengra vera, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.), en 5 ár.

4. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sé verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemanda einnig séð fyrir ókeypis kenslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms.

5. gr.

Fyrsta mánuðinn af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sé hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rétt til þess, að heimta að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sé um það gerð í samningnum.

6. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmensku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum alt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráðvendni, skal hann tafarlaust rekinn burt frá náminu.

7. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Að jafnaði má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna. Stjórnarráðið getur veitt undanþágu frá þessu, ef því þykir brýn ástæða til þess.

8. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgðakönnun á sér stað. Nemandi skal fá einnar viku sumarfrí.

9. gr.

Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meðal annars skal hann gæta þess að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skírteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sé lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað.

10. gr.

Nú sýkist nemandi án þess honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist; og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila.

11. gr.

Fyr en námssamningi er löglega slitið, má enginn taka nemanda annars manns til kenslu.

12. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er verzlunarstjórnandi deyr.
2. Þá er verzlunarstjórnandi hættir við verzlun sína eða verður gjaldþrota.
3. Þá er báðir samningsaðilar verða ásáttir um það, þó svo, að sé nemandinn yngri en 18 ára þá þarf hann einnig samþykki fjárráðamanns síns.

13. gr.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila út af námssamningi, skal það mál útkljá af gerðardómi. Gerðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gerðardómsins er viðkomandi bæjarfógeti. Neiti annar málsaðila að útnefna menn í gerðardóminn, skal hinum aðilanum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá sem beiðist gerðar skal snúa sér skriflega eða munnlega til oddamanns og kveður hann málsaðila, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sér ásamt gerðarmönnum sínum. Skal þá málið útkljáð að fullu og ræður afl atkvæða, þó má veita aðilum frest, alt að 8 dögum, í eitt skifti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Málsaðilar

eru algerlega bundnir við úrskurð gerðardómsins. Mæti einhver gerðarmanna ekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gerðarmönnum, sem mættir eru.

Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

14. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því er verzlunarnemendur og verzlunarstjórnendur í kaupstöðum snertir.

Nd.

386. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 2. gr.	Aftan við greinina bætist athugasemd svohljóðandi: Upphæðirnar 8—13. tölulið eru áætlaðar að frádregnum 2 % innheimtulaunum.
Við 2. gr. 18. tölulið.	Fyrir 36000—36000 komi: 18000—18000.
Við 8. gr.	Fyrir 44,970 — til enda greinarinnar, komi: kr. 53,000 fyrra árið, kr. 51,666.67 síðara árið, kr. 104,666.67.
Við 12. gr. 8 b	Á eftir fjárveitingunni komi svohljóðandi athugasemd: Með því skilyrði, að Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla taki að sér að fullu viðhald spítalans framvegis.
Við 13. gr. A. 1. b. 1	Aftan við fjárveitinguna komi: þar af 500 kr. sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.
Við 13. gr. A. 1. C.	Fyrir 7,975 (innanstriks) komi: 8000.
Við 13. gr. B. I. 2.	Liðurinn orðist svo: Til aðstoðarmanns: a. Laun 2000—2000. b. Viðbót við núverandi aðstoðarmann 700—700.
Við 13. gr. B. II. 3.	Liðurinn falli burtu.
Við 13. gr. B. III.	Liðirnir 6. og 7. færist aftur fyrir og verði B. XII. og XIII.
Við 13. gr. B. XI.	Athugasemdin orðist svo: Fjárveitingarnar undir tölulíðum VIII, X og XI veitast með því skilyrði að jafnmiklu fé að minsta kosti sé varið til veganna annars staðar frá.
Við 13. gr. C. 2.	Liðurinn orðist svo: Til gufu- og mótorbátaferða.
Við 14. gr. A. b. 4.	Fyrir »4000—4000« komi: 4200—4200. Aftan við liðinn komi: Þar af til síra Runólfs Runólfssonar 200 kr. hvort árið, nema hann fái atvinnu við prestleg störf.
Við 14. gr. VIII. a. 6.	Fyrir »40 kr.« komi: 48 kr.
Við 15. gr. 4.	Athugasemdin orðist svo: Styrkurinn veitist með því skilyrði, að landsstjórnin fái skírteini fyrir því, að náttúrugripasafnið sé eign landsins. Ennfremur að safnið sé til sýnis á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni í viku.

Við 15. gr. 7.	Fyrir »kaupstöðum« komi: kauptúnum.
Við 15. gr. 3. c.	Fyrir orðin í athugasemdinni: »en hinn tíma ársins 1 tíma á dag« komi: en hinn tíma ársins 6 stundir á viku eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins.
Við 15. gr.	Aftan við 39. tölulið komi nýr liður svohljóðandi: Til Einars Jónssonar myndasmiðs 1200—1200. Fjárveiting þessi er meðfram ætluð til þess, að hann geti varðveitt myndasafn sitt.
Við 16. gr. 4. a.	Fyrir orðin: »Byggingarstyrkur 10,000—10,000« komi: Til afborgunar og vaxtagreiðslu af hálfu byggingarláni, miðað við 28 ár 1500—1500.
Við 16. gr. 5.	Fyrir »húsmæðraskóli« komi: húsmæðrakenslu.
Við 16. gr. 25.	Athugasemdin: »þegar skip« — til enda, falli burt.
Við 18. gr.	Fjárveitingin til Böðvars Jónssonar 100 kr. orðist svo: Til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr., og færist fjárveiting þessi næst á eftir: »Til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.«.
Við 18. gr.	Síðasti málsliður: »Eftirlaun amtmanns Júlíusar Havsteens« — til enda, falli burt.
Við 21. gr.	Á eftir öðrum málslið komi: 22. gr. og lánveitingarnar merkist með töluliðunum 1. 2. o. s. frv.

Nd.

387. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911 (343)

Frá Einari Jónssyni og Jóni Þorkelssyni.

Á eftir 12. gr. 4. lið komi nýr liður svo hljóðandi:

Styrkur til tannlæknis Brynjólfs Björnssonar í Reykjavík með skyldu til að halda fyrirlestra fyrir nemendum kennaraskólans og annara skóla í Reykjavík, er þess kynnu að óska um nauðsynleugsta skilyrði fyrir heilbrigðisvarðveizlu munns og tanna eftir samkomulagi við stjórnendur skólanna svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minsta kosti tvisvar á mánuði kr. 800 hvort árið.

Nd.

388. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Einari Jónssyni og Jóni Þorkelssyni.

Við 18. gr. A eftir »til allra þeirra hvort árið« komi: til fyrverandi alþingismanns Þorvalds Björnssonar í viðurkenningarskyni 1000 kr. fyrra árið.

Nd. **389. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Benedikt Sveinssyni, Jóni Þorkelssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, og Jóni Jónssyni þm. N. M.

Við 15. gr.

Eftir tölulið 35 komi nýr liður svo látandi:

Til Jóns H. Ísleifssonar til að fullnuma sig í notkun vatnsafls og til þess að kynna sér vatnsiðnaðarstofnanir í Noregi 450—450 kr.

Nd. **390. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Við 13. gr. C. 2. bætist þessi athugasemd:
   Af þessari upphæð má verja alt að 1000 kr. hvort árið til þess að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum frá Borgarnesi upp eftir Hvítá að minsta kosti upp að Langholtsvaði.
2. Við 15. gr. 18:
   Fyrir 600—600 komi: 1000—1000.
3. Eftir 39. lið 15. gr. bætist nýr liður svo hljóðandi:
   Til Einars Páls Jónssonar til sönglistarnáms erlendis 1000 kr. fyrra árið.

Nd. **391. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911, eins og það var samþ. við 2. umræðu.

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

1. Við 5. gr. 1. bætist þessi athugasemd: »Heimilt er prestinum í Staðarstaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar.
2. Við 13. gr. A. I. b. 2 (innanstryks). Í stað »18300« komi: »19000«.

Nd.

392. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Eins og það var samþykt við 2. umr.

Flutningsm.: Sig. Gunnarsson.

Við 21. gr.

Á eftir málsliðnum um 10,000 kr. lánveitingu til stofnunar mjólkurbúum komi ný málsgrein svolátandi:

»Neshreppi utan Ennis má veita úr viðlagasjóði 8500 króna lán gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar og sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, til þess að gera Krossavík á Hjallasandi að mótorbátakví. Lánið ávaxtast og endurborgist með 6% á 28 árum«.

Nd.

393. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910 og 1911.

Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson, Jón Jónsson, N.-M.

Við 14. gr. VIII. d.

Fyrir: »3500—3500« komi: »7000—7000«.

Nd.

394. Viðauka- og breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Benedikt Sveinsson.

Við 13. gr. A. 1. b. Fyrir: »4900 kr.« komi: »5000 kr.«
— — — B. III. 6. og 7. töluliður flytjist í nýjan lið: IX. 1. og 2. Rómverzka talan á síðari liðunum breytist samkvæmt því.
— 15. — Eftir tölulið 19 komi nýr liður:
20. Til Jóhanns Sigurjónssonar skálds 1000 kr. fyrra árið.
21. Til Jónasar Guðlaugssonar til þess að fullgera bók um íslenzkan skáldskap á 19. öld 600 kr. fyrra árið.
Tala síðari liða breytist samkvæmt þessu.

Nd.

395. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl.

Við 14. gr. B. VIII. 1. Fyrir: »3000—3000« komi: »4500—4500«.
— — — — — 4. Fyrir: »1500« komi: »2000«.
— — — — — 5. Fyrir: »3000—3000« komi: »4500—4500«.

Nd.

396. Nefndarálit.

um frumvarp til laga um almennan ellistyrk (þskj. 85).

Frumvarp þetta byggir á hinum sama grundvelli sem þegar hefir verið lagður hér á landi með lögum 11. júlí 1890 nr. 29 um styrktarsjóði handa alþýðu, að eins er verksvið þessara styrktarsjóða yfirleitt fært mjög út.

Frumvarpið, eins og það nú hefir verið samþykt af hv. efri deild, er í þessum aðalatriðum frábrugðið áðurnefndum lögum.

Eftir lögunum nær gjaldskyldan aðeins til vinnuhjúa og lausafólks.

Eftir frumvarpinu hvílir gjaldskyldan á öllum stéttum.

Eftir lögunum nemur gjaldið fyrir karlmenn 1 kr., en kvenmenn 30 a., á ári.

Efrir frumvarpinu greiðir karlmaður árlega 1 kr. 50 a, en kvenmaður 75 a.

Eftir lögunum eru takmörkin fyrir gjaldskyldunni að neðanverðu 20 ára aldur.

Eftir frumvarpinu er það aldurstakmark fært niður í 18 ára aldur.

Eftir lögunum leggur landsjóður ekkert í sjóðina.

Eftir frumvarpinu greiðir landssjóður í þessu skyni tæpan helming á móti árgjaldi hinna gjaldskyldu eða um þriðjung hins venjulega ársauka, og er gert ráð fyrir að það tillag landsjóðs muni nema, eins og nú stendur um 18000 kr. á ári.

Eftir lögunum er styrkurinn ætlaður heilsulitlum eða ellihrumum fátæklingum.

Eftir frumvarpinu er styrkurinn ætlaður aðallega ellihrumum fátæklingum 60 ára eða eldri, og er að þessu leyti verksviðið takmarkað.

Eftir lögunum er veitt árlega $^1/_2$ af árgjaldi og $^1/_2$ af vöxtum.

Eftir frumvarpinu á að greiða árlega til styrks $^2/_3$ af árgjaldinu og $^1/_2$ af vöxtum og landsjóðstillagi.

Frumvarpið er stjórnarfrumvarp og að mestu óbreytt frá því er það var lagt fyrir þetta þing, nema í tveim aðalatriðum. Stjórnin lagði til að gjaldið fyrir karlmann væri sett 2 kr. og fyrir kvenmenn 1 kr., en efri deild hefir lækkað þetta gjald um 25 %. Stjórnin lagði til að styrkurinn skyldi aðeins ná til þurfandi gamalmenna, 60 ára eða eldri. Þetta er og aðalregla frumvarpsins, eins og efri deild hefir samþykt það, en þar er þó dregið úr þessari aðalreglu með því að bæta við (í 14. gr.) ákvæði um að þegar sérstakar knýjandi ástæður séu fyrir hendi megi veita styrkinn heilsubiluðum fátæklingum, þótt þeir séu ekki 60 ára að aldri.

Nefndin játar, að þetta frumvarp gjöri mikla bót á því ástandi sem er, og að með því sé stigið allstórt spor í áttina til þess að tryggja fátæklinga gegn örbirgð í elli, en álítur að álögur þær, sem frumvarpið á hinn bóginn leggur á almenning séu eigi svo, að ekki megi við una.

Að vísu hefðum vér óskað að hægt væri að tryggja enn betur og almennara öllum landslýð viðunanlega lífsbjörg, er heilsuleysi eða ellilasleikar bönnuðu mönnum að vinna fyrir sér sjálfir; en vér höfum þó eigi séð oss fært að koma fram með tillögur um það.

Að öðru leyti vísast til ástæðna stjórnarfrumvarpsins og nefndarálits hv. Ed.

Vér erum að vísu ekki allir sannfærðir um að framanneíndar breytingar heiðraðrar efri deildar á stjórnarfrumvarpinu hafi verið nauðsynlegar eða séu til bóta, en viljum samt leggja það til, að háttvirt neðri deild samþykki frumvarpið óbreytt, eins og það nú er.

Alþingi, 30. marz 1909.

Sigurður Sigurðsson, formaður.	Jón Magnússon, skrifari og framsögum.	Sigurður Gunnarsson.
Einar Jónsson.	Þorl. Jónsson.	

Nd. **397. Nefndarálit**

um frv. til laga um meðferð skóga og kjarrs, friðun á lyngi o. fl. (þskj. 83).

Frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl. höfum við rætt og yfirfarið, og ráðum vér háttv. neðri deild alþingis til að samþykkja frumvarpið með breytingartillögum á þingskjali 341.

Alþingi 27. marz 1909.

Hálfdán Guðjónsson formaður.		Sigurður Sigurðsson framsögum.
Pétur Jónsson.	Stefán Stefánsson, Eyf.	Jón Jónsson, þm. N.-M.

Nd. **398. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 15. gr. 33:

Fyrir 1500—1500 komi: 2000—1000.

Eftir 14. lið í 15. gr. komi þessir liðir:

Til Engilberts Gíslasonar til þess að nema leiktjaldagerð 500—500 kr.

Til Ólafs Þorsteinssonar námsstyrkur 500—500 kr.

Til Einars listamanns Jónssonar 1400—1400 kr.

Eftir 16. lið í 16. gr. komi nýir liðir:

Til Eyjólfs Bjarnasonar tamningamanns 200 kr. fyrra árið.

Til Sturlaugs Tómassonar í Akureyjum til viðurkenningar fyrir að hafa átt og komið upp fjölda barna 300 kr. fyrra árið.

Nd.

399. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi, Jóni Magnússyni og Benedikt Sveinssyni.

Eftir 21. lið í 15. gr. komi nýr liður:

Til alþýðufræðslu stúdentafélagsins 500—500 kr.

Nd.

400. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 15. gr. Eftir staflið 36 komi nýr liður svo látandi:

37 til Magnúsar ljósmyndara Ólafssonar til þess að taka myndir af helztu stöðum á Íslandi, íslenzkum mannvirkjum og viðburðum 500—500.

Fylgiskjal.

Reykjavík 2. marz 1909.

Eg leyfi mér hér með að beiðast þess, að hinu háttvirta alþingi mætti þóknast að veita mér 1000 kr. styrk til þess að halda áfram ferðum mínum um Ísland að taka myndir af sem flestum fögrum og einkennilegum stöðum, og ýmsu er að menningu þjóðarinnar lýtur.

Það munu flestir vera á sama máli um það, að fátt sé betur fallið til að glæða föðurlandsást vora, Íslendinga, en það, að almenningur eigi kost á að kynnast hinni afarfjölbreyttu náttúrufegurð landsins. Hitt er og auðsætt, að því meiri þekkingu sem útlendingar fá um náttúrufegurð landsins, því meir eykst ferðamannastraumurinnn inn í landið. Og ennfremur treysti eg engu betur en góðum myndum til þess að tala til tilfinninga landa vorra vestan hafs, og vekja hjá þeim heimþrá og efla ættjarðarástina.

Fyrirætlan mín er að koma öllu Íslandi í rúmsjármyndir (stereóskópmyndir) og hefi eg nú unnið að þessu í undanfarin 6 ár, að öllu leyti á eigin kostnað í þeirri von að fyrirtækið svaraði um leið kostnaði. En reynsaln hefir áþreifanlega sannfært mig um það, að ítarleg framkvæmd þessarar fyrirætlunar verður mér ofvaxin í efnalegu tilliti, og hefi eg því ráðist í að leita hins háttvirta alþingis í þeirri von að það sjái sér fært að sinna málefni þessu og veita mér áminsta fjárhæð sinn helminginn hvort ár fjárhagstímabilsins. Eg skal leyfa mér að geta þess, að ef hinu háttvirta fjárveitingavaldi þóknast að áskilja sér trygging fyrir árangri af framannefndri fjárveitingu, er eg fús á að láta því í té vissa myndatölu, eftir því sem um semur, til þóknanlegrar ráðstöfunar.

Að endingu leyfi eg mér að leggja hérmeð nokkur eintök af lista yfir myndir þær, er eg á framangreindu tímabili hefi tekið. Myndir þessar hefi eg útbreitt hér á landi, í Ameríku og annarsstaðar erlendis, eins rækilega og ástæður hafa leyft, sem rúmsjármyndir. Auk þess sýnt þær sem „laterna magica“ myndir (o: skuggamyndir) hér í Reykjavík og víðar.

Sú hreifing í kenslumálaframkvæmdinni, að farið verði jafnóðum og fjárhagur skólanna leyfir, að viðhafa skuggamyndir við kenslu í ýmsum námsgreinum, eins og tíðkast hefir um mörg undanfarin ár í erlendum skólum, er nú farin að gjöra vart við sig, með því að nokkrir skólar hafa þegar útvegað sér slík sýninga-áhöld. Barnaskóli Rvíkur, Hinn almenni mentaskóli o. fl., en þá þarf að vera kostur á að ná til fjölbreyttra íslenzkra mynda með sem beztum kjörum. Að því verður stutt með því að þetta erindi mitt fái áheyrn.

Virðingarfylst.

Magnús Ólafsson
ljósmyndari Aðalstræti 18.

Til alþingis Íslands.

Nd.

401. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Frá fjárlaganefndinni.

Við 12. gr. Á eftir 6. lið komi nýr liður svohljóðandi:
Til reksturskostnaðar heilsuhælisins kr. 10,000 síðara árið.
Við 13. gr. XII. Fyrir »Skagatáarviti« komi: Garðskagaviti.

Nd.

402. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Magnúsi Blöndahl og Jóni Þorkelssyni.

Við 21. gr. eftir tölulið 4 komi nýr liður svo látandi:

Bergi Einarssyni sútara má lána úr viðlagasjóði alt að 4000 krónum gegn 1. veðrétti í húsi því, er hann ætlar að byggja, og lóð, ásamt áhöldum til sútunar, er alt samanlagt verði eigi virt minna en nemi helmingi hærri upphæð en þeirri, er lánuð verður. Lán þetta ávaxtist og afborgist á 28 árum með 6% á ári.

Nd.

403. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt skal stjórnarráðinu að gefa allsherjar viðurkenningu skóla, sem stofnsettur er af einstökum mönnum og fylgir sérstakri reglugjörð, samþyktri af yfirstjórn fræðslumála og staðfestri af stjórnarráðinu.

2. gr.

Slíkir skólar liggja undir aðalumsjá stjórnarráðsins, og skulu skóla- eða fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuháttum skóla þessara, og sjá um, að fræðslureglum þeirra verði framfylgt.

3. gr.

Börn á skólaaldri, er slíka skóla sækja, þurfa ekki að sækja um leyfi til þess hjá skólanefnd eða fræðslunefnd. En skólastjóri slíks skóla skal við byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd eða fræðslunefnd í té skýrslu um það, hvaða börn munu sækja skólann á því skólaári. Eigi eiga slíkir skólar heimting á styrk af almannafé.

4. gr.

Frestur sá, sem veittur er í 15. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907, lengist um 2 ár, til 1. jan. 1912.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.

Nd.

404. Nefndaràlit

um frumvarp til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Nefndarmenn hafa orðið á eitt sáttir um það, að ráða deildinni til að samþykkja frumv. þetta með þeim breytingum, er segir í breytingatillögum nefndarinnar.

Alþingi 31. marz 1909.

Ólafur Briem, formaður. Bjarni Jónsson frá Vogi, skrifari. Jón Ólafsson.

Jón Magnússon. Með fyrirvara Magnús Blöndahl.

Nd.

405. Breytingatillögur

við frumvarp til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Frá nefndinni.

Framan við frv. skal koma ný grein og verða 1. gr., svo hljóðandi:

Skip er í lögum þessum haft um öll skip og báta, stór og smá.

1. gr. verður 2. gr.

Við 1. gr. a.

Fyrir »$^{40}/_{100}$« komi »$^{2}/_{5}$«.
Fyrir »$^{35}/_{100}$« komi »$^{2}/_{5}$«.
Fyrir »skipa þau, er« komi »skipa, þau er«.
Fyrir »hinna innskráðu skipa« komi »skipanna«.
Fyrir »$^{25}/_{100}$« komi »$^{1}/_{5}$«.

Við 1. gr. c.

Fyrir »Hagsmunatrygging« komi »Trygging«.

Við 2. gr.

2. gr. verður 3. gr.
Fyrir »að viðbættum 4%« komi »að viðbættum 4½%«.
Fyrir »en greiða skal af því 4%« komi »en greiða skal af því 4½%«.
Aftan við greinina skal bæta: »þó svo, að sú upphæð sé ekki skert«.

Við 4. gr.

Fyrir »hagsmunatrygging« komi »trygging eftir 1. gr. c.«

Við 6. gr.

Fyrir »nánar« komi »nánara«.

Við 6. gr. b.

»Ef það sannast — skaðabótafénu« skal flytja fram fyrir.
Fyrir »ásetturáði« komi »ásettu ráði«.
Fyrir »er veitt hafa verið í« komi »er veitt hafa verið gegn veði í«.
Fyrir »enda — helmingi« komi »þó er eigi skylt að greiða meira en nemi ⅘.
3. gr. verður 4. gr.
4. gr. — 5. gr.
5. gr. — 6. gr.
6. gr. — 7. gr.

Þar á eftir komi ný gr., 8. gr., svo hljóðandi:

»Félagið bætir tjón og skaða, er verður af völdum sjávar, storms eða annars óveðurs, af strandi, af því, er skip ber á sker eða grunn, af skipbroti, kollsigling, ásigling, árekstri, eldi og öðrum slysum.«

7. gr. frv. verður 9. gr., og hljóðar svo:

»Halda skal sjóréttarpróf um hvers konar tjón, sem bóta er fyrir krafist eftir lögum þessum, og skal aðalstjórn samábyrgðarinnar gerð vitneskja um það með nægum fyrirvara, ef unt er.«

8. gr. verður 10. gr.
9. gr. — 11. gr.

Við 9. gr. frv.:

Fyrir »farkosti« komi »skipi«.
Fyrir »gengur í 2 ár fyrir veðskuldum« komi »gengur fyrir veðskuldum í 2 ár«.
Fyrir »farkostinn« komi »skipið«.

Við 10 gr., sem verður 12. gr.:

Fyrir »farkostum« komi »skipum«.
»Fyrir hvort öðru« komi »hvert öðru«.
Fyrir nema eigi sé auðið að« komi »ef auðið er að«.

Við 11. gr., sem verður 13. gr.:

»Samandregið« (í þriðju málsgrein) falli burt.

Fyrir »tilsjónarstjórn« komi »eftirlitsstjórn«.
12. gr. verður 14. gr.
13. gr. — 15. gr.

Við 14. gr., sem verður 16. gr.:
Fyrir »eða vátryggjandi« komi »eða vátryggja«.
Fyrir »gjörð« komi »gerð«.
Fyrir »málsaðila« komi »málsaðili«.
Fyrir »dómenda« komi »dómanda«.
Fyrir »sem oddvita« komi »oddvita«.
Fyrir »gjörðardómur« komi »gerðardómur«.
Fyrir »réttarfarið við hann« komi »réttarfar hans«.
Fyrir »En hin nánari« komi »Nánari«.

Nd.

406. Frumvarp

til laga um laun háskólakennara.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Háskóli Íslands skiftist í 4 deildir: Guðfræðisdeild, lagadeild, læknadeild og heimspekisdeild.

Í guðfræðisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent.

Í lagadeildinni eru 3 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar og 6 aukakennarar. Aukakennarar eru: Héraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, geðveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði. Aukakennararnir eru skyldir til að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann. Auk nefndrar kenslu má ráða lækni til þess að veita tilsögn í lækningum á sjúkdómum í eyrum, nefi og hálsi, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Í heimspekisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent. Annar prófessorinn kennir heimspeki en hinn íslenzka málfræði og menningarsögu. Dósentinn kennir íslenzka sagnfræði að öðru leyti.

2. gr.

Prófessorarnir hafa 3000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári, upp í 4800 kr.

Dósentarnir hafa 2800 kr. árslaun.

Þeir kennarar, sem höfðu hærri laun meðan þeir höfðu á hendi kenslu við embættaskólana, skulu þó einskis í missa, en njóta hinsvegar nýnefndrar launahækkunar með hækkandi embættisaldri.

Laun kennaranna greiðast úr landssjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar háskólinn tekur til starfa og eru þá jafnframt eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: konungsúrskurður 21. maí 1847, um stofnun prestaskóla; lög nr. 5 frá 11. febr. 1876, um stofnun læknaskóla; lög nr. 31, frá 8. nóvem-

ber 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, frá 9. desember 1889; lög nr. 3, frá 4. marz 1904, um stofnun lagaskóla og lög nr. 37, frá 16. nóvember 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó að áskildu nánara ákveðnu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks eru þá ógild öll önnur ákvæði, er koma kunna í bága við hin nýju lög.

Nd.

407. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá H. Hafstein, 1. þm. Eyf.

1. Við 2. gr. 8. Í stað orðanna »fiskitollur og lýsistollur m. m.« komi: útflutningsgjald.
2. Við 2. gr. 12. Í stað orðanna »tetollur m. m.« komi: annað aðflutningsgjald.
3. Við 2. gr. 15. Í stað orðsins »Póstferðatekjur« komi: pósttekjur.
4. Við 13. gr. C. 1. Athugasemdirnar falli burt.
5. Við 13. gr. D. 1. Á eftir orðunum »mikla norræna« komi: umsamdar ársgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 1906 að telja, fyrir að halda uppi ritsímasambandi milli Íslands og Hjaltlands og fyrir 300,000 kr. tillag félagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur.
6. Við 14. gr. B. III. b. Í stað »800—800« komi: 1600—1600.
7. Við 14. gr. B. VIII. 5. Við bætist nýr liður:
   Til aðstoðar við samning skýrslna um alþýðufræðslu og önnur skrifstofustörf 500—500.
8. Á eftir 15. gr. 19. komi nýr liður:
   Til Guðmundar Friðjónssonar skálds: 600—600.

Nd.

408. Breytingartillaga

við viðaukatillögu á þingskjali 369.

Frá H. Hafstein, 1. þm. Eyf.

Í stað orðanna: »Canadastjórn sendir í þeim tilgangi að tæla fólk«, komi: telja fólk á að flytja.

Nd.

409. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að hún gangist sjálf fyrir því að taka manntal það, er fram skal fara hér á landi árið 1910, og geri sjálf allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, svo og að hún sjálf sjái um, að unninn sé úr því allur sá hagfræðislegi fróðleikur, sem þörf er á, en Hagfræðisskrifstofan (Statistisk Bureau) í Kaupmannahöfn sé upp héðan leyst af þeim starfa.

Nd.

410. Atkvæðaskrá

við 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frumvarp 343.

Breytingartillögur fjárlaganefndar 386, 401. Þar sem einskis þingskjals er getið, eru breytingartillögurnar frá nefndinni, á þingsk. 386. N. merkir breytingartill. nefndar.

Breytingartillögur (annara) 355, 358, 359, 360, 362, 363, 364, 366, 367, 369, 376, 379, 387, 388, 389, 390, 391, 392, 393, 394, 395, 398, 399, 400, 402, 407, 408.

2. gr.

1. Breytingartillaga 407.:
   Við 8.: Í stað orðanna: »fiskitollur og lýsistollur m. m.« komi: útflutningsgjald.
2. Breytingartillaga 407.:
   Við 12.: Í stað orðanna: »tetollur m. m.« komi: annað aðflutningsgjald.
3. Breytingartillaga 407.:
   Við 15.: Í stað orðsins: »póstferðatekjur« komi: pósttekjur.
4. Við 18.: Fyrir »36,000—36,000« komi 18,000—18,000.
5. Aftan við greinina bætist athugasemd svohljóðandi:
   Upphæðirnar 8.—13. tölulið eru áætlaðar að frádregnum 2 % innheimtulaunum.

5. gr.

Breytingartillaga 391:
Við 1. bætist þessi athugasemd:
Heimilt er prestinum í Staðastaðar prestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar.

8. gr.

Fyrir »44,970« — til enda greinarinnar komi: kr. 53,000 fyrra árið, kr. 51,666,67 síðara árið, kr. 104,666,67.

12. gr.

1. Viðaukatillaga 387.:
   Á eftir 4. lið komi nýr liður svohljóðandi:
   Styrkur til tannlæknis Brynjólfs Björnssonar í Reykjavík með skyldu til að halda fyrirlestra fyrir nemendur kennaraskólans og annara skóla í Reykjavík, er þess kynnu að óska, um nauðsynlegustu skilyrði fyrir heilbrigðisvarðveizlu munns og tanna eftir samkomulagi við stjórnendur skólanna, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum að minsta kosti tvisvar á mánuði kr. 800 hvort árið.
2. N. 401.:
   A eftir 6. lið komi nýr liður svohljóðandi:
   Til reksturskostnaðar heilsuhælisins 10,000 kr. síðara árið.

3. Við 8. b.: A eftir fjárveitingunni komi svohljóðandi athugasemd:
Með því skilyrði, að Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla taki að sér að fullu viðhald spítalans framvegis.

13. gr.

1. Breytingartillaga 394:
Við A. 1. b. 1.: Fyrir »4,900 kr.« komi 5000 kr.
2. — A. 1. b. 1.: Aftan við fjárveitinguna komi:
Þar af 500 kr. sem launaviðbót handa núverandi 1. póstafgreiðslumanni.
3. Breytingartillaga 391.:
Við A. 1. b. 2.: (innanstriks): Í stað »18,300« komi 19,000.
4. — A. 1. c.: Fyrir »7,975« (innanstriks) komi 8,000.
5. — B. 1. 2.: Liðurinn orðist svo:
Til aðstoðarmanns:
a. laun 2,000 — 2,000.
b. viðbót við núverandi aðstoðarmann 700 — 700.
6. Við B. II. 3.: Liðurinn falli burt.
7. — B. III.: Liðirnir 6. og 7. færist aftur fyrir og verði B. XII. og XIII.
8. Breytingartillaga 394:
Við B. III.: 6. og 7. töluliður flytjist í nýjan lið: IX, 1. og 2. Rómverska talan á síðari liðunum breytist samkvæmt því.
9. — B. XI.: Athugasemdin orðist svo:
Fjárveitingarnar undir töluliðum VIII., X. og XI. veitast með því skilyrði, að jafnmiklu fé að minsta kosti sé varið til veganna annarstaðar frá.
10. Breytingartillaga 358.:
Aftan við XI. lið komi nýr liður:
Til aðstoðar verkfræðings til rannsókna og mælinga viðvíkjandi járnbrautarlagningu austur 2500 kr. f. á.
11. Breytingartillaga 407.:
Við C. 1.: Athugasemdin falli burt.
12. — C. 2.: Liðurinn orðist svo:
Til gufu- og mótorbátaferða.
13. Breytingartillaga 390:
Við C. 2. bætist þessi athugasemd:
Af þessari upphæð má verja alt að 1000 kr. hvort árið til þess að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum frá Borgarnesi upp eftir Hvítá, að minsta kosti upp að Langholtsvaði.
14. Breytingartillaga 407.:
Við. D. 1.: Á eftir orðunum »mikla norræna« komi: umsamdar árgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 190.) að telja, fyrir að halda uppi ritsímasambandi milli Íslands og Hjaltlands og fyrir 300,000 kr. tillag til félagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur.
15. Breytingartillaga 359.:
Við D. II. 1.: Liðurinn falli niður.
16. Breytingartillaga 359.:
Við D. II. 2.: Liðurinn falli niður.

17. Breytingartillaga 359.:
Við D. II. 3.: Liðurinn falli niður.
18. Breytingartillaga 376.:
Við D. II. 3.: Eftir 3. lið komi nýr (4.) liður þannig:
Vestmanneyjatalsimi
frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja 42,200
Hér af væntist úr Vestmannaeyjum . . 8,000
34,200
19. Breytingartillaga 359.:
Við D. II. 4.: Liðurinn falli niður.
20. Breytingartillaga 359.:
Við D. II. 5.: Liðurinn falli niður.
21. Breytingartillaga 359.:
Við D. II.: Athugasemdin aftan við 1.—5. falli burt.
22. Breytingartillaga 367.:
Við D. VI.: Eftir þennan lið komi nýr liður svolátandi:
VII. Til Guðmundar Hávarðssonar uppbót fyrir fjárhalla, er hann hefir orðið fyrir við flutning á símastaurum 800 kr. f. á.
23. N. 401.:
Við E. XII.: Fyrir »Skagatáarviti« komi Garðskagaviti.

14. gr.

1. Við A. b. 4: Fyrir »4,000—4,000« komi 4,200—4,200.
Aftan við liðinn komi: Þar af til síra Runólfs Runólfssonar 200 kr. hvort árið, nema hann fái atvinnu við prestleg störf.
2. Breytingartillaga 407.:
Við B. 3. b.: Í stað »800—800« komi: 1600—1600.
3. Breytingartillaga 395.:
Við B. VIII. a. 1.: Fyrir »3,000—3,000« komi: 4,500—4,500.
4. Breytingartillaga 395.:
Við B. VIII. a. 4.: Fyrir »1,500« komi: 2,000.
5. Breytingartillaga 395.:
Við B. VIII. a. 5.: Fyrir »3,000—3,000« komi: 4,500—4,500.
6. Breytingartillaga 407.:
Við B. VIII. 5. bætist nýr liður:
Til aðstoðar við samning skýrslna um alþýðufræðslu og önnur skrifstofustörf 500—500.
7. Við B. VII a. 6.: Fyrir »40 kr.« komi: 48 kr.
8. Breytingartillaga 393.:
Við B. VIII. d.: Fyrir »3,500—3,500 komi: 7,000—7,000.

15. gr.

1. Breytingartillaga 360.:
Við 2. b.: Fyrir »1,200—1,200« komi: 1,700—1,700.
2. Breytingartillaga 360.:
Við 3. b. Eftir þennan staflið bætist nýr liður:

c. til þess að raða myntasafni Forngripasafnsins og semja skrá yfir það, 500—500 kr.

3. Við 3. c.: Fyrir orðin í athugasemdinni: »en hinn tíma ársins 1 tíma á dag« komi: En hinn tíma ársins 6 stundir á viku eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins.
4. Við 4.: Athugasemdin orðist svo:
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að landsstjórnin fái skírteini fyrir því, að náttúrugripasafnið sé eign landsins.
Ennfremur að safnið sé til sýnis á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni í viku.
5. Við 7.: Fyrir »kaupstöðum« komi: kauptúnum.
6. Breytingartillaga 360.:
Við 11. (til Sögufélagsins): Fyrir »600—600« komi: 750—750.
7. Breytingartillaga 363.:
Eftir 11. komi nýr liður svolátandi:
12. Til þess að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins, er þingið kýs þriggja manna nefnd til að semja og sjá um, alt að 5000 kr. f. á.
8. Breytingartillaga 379.:
Við 13.: Fyrir »300—300« komi: 450—450.
9. Breytingartillaga 398.:
Eftir 14. lið komi þessi liðir:
Til Engilberts Gíslasonar til þess að nema leiktjaldagerð 500—500 kr.
Til Ólafs Þorsteinssonar námsstyrkur 500—500 kr.
Til Einars listamanns Jónssonar 1400—1400. kr.
10. Aftan við 39. tölulið komi nýr liður svohljóðandi:
Til Einars Jónssonar myndasmiðs 1200—1200. Fjárveiting þessi er meðfram ætluð til þess, að hann geti varðveitt myndasafn sitt.
11. Breytingartillaga 390.:
Við 18.: Fyrir »600—600« komi: 1000—1000.
12. Breytingartillaga 364.:
Við 18.: Fyrir »600—600« komi: 800—800.
13. Breytingartillaga 407.:
Á eftir 19. komi nýr liður:
Til Guðmundar Friðjónssonar skálds: 600—600.
14. Breytingartillaga 394.:
Eftir tölulið 19 komi nýr liður:
20. Til Jóhanns Sigurjónssonar skálds 1000 kr. fyrra árið.
21. Til Jónasar Guðlaugssonar til þess að fullgera bók um íslenzkan skáldskap á 19. öld 600 kr. fyrra árið.
Tala síðari liða breytist samkvæmt þessu.
15. Breytingartillaga 399.:
Eftir 21. lið komi nýr liður:
Til alþýðufræðslu stúdentafélagsins 500—500 kr.
16. Breytingartillaga 398.:
Við 33.: Fyrir »1500—1500« komi: 2000—2000.

17. Breytingartillaga 389.:
Eftir tölulið 35 komi nýr liður svo látandi:
Til Jóns H. Ísleifssonar til að fullnuma sig í notkun vatnsafls og til þess að kynna sér vatnsiðnaðarstofnanir í Noregi 450—450 kr.
18. Viðaukatillaga 400.:
Eftir staflið 36 komi nýr liður svo látandi:
37 til Magnúsar ljósmyndara Ólafssonar til þess að taka myndir af helztu stöðum á Íslandi, íslenzkum mannvirkjum og viðburðum 500—500.
19. Breytingartillaga 362.:
Við 39. Innan striks bætist við:
»40 kr. fyrir prentaða örk, alt að«.
20. Breytingartillaga 390:
Eftir 39. lið bætist nýr liður svo hljóðandi:
Til Einars Páls Jónssonar til sönglistarnáms erlendis 1000 kr. fyrra árið.

16. gr.

1. Við 4. a. Fyrir orðin: »Byggingarstyrkur 10,000—10,000« komi: Til afborgunar og vaxtagreiðslu af hálfu byggingarláni, miðað við 28 ár 1500—1500.
2. Við 5. Fyrir »húsmæðraskóla« komi: húsmæðrakenslu.
3. Breytingartillaga 398.:
Eftir 16. lið komi nýir liðir:
Til Eyjólfs Bjarnasonar tamningamanns 200 kr. fyrra árið.
Til Sturlaugs Tómassonar í Akureyjum til viðurkenningar fyrir að hafa átt og komið upp fjölda barna 300 kr. fyrra árið.
4. Breytingartillaga 355.:
Við 21. Í staðinn fyrir »300—300« komi: 400—400.
5. Við 25.: Athugasemdin: »Þegar skip« — til enda, falli burt.
6. Breytingartillaga 408.:
Við viðaukatillögu 369.: Í stað orðanna: »Canadastjórn sendir í þeim tilgangi að tæla fólk«, komi: telja fólk á að flytja.
7. Viðaukatillaga 369.:
Aftan við tölulið 32 komi nýr liður svo látandi:
Til þess að taka á móti og leiðbeina þeim Íslendingum, er koma frá Ameríku í þeim tilgangi að setjast hér að, sem og einnig til þess að láta hæfan mann hérlendan, sem kunnugur er í Ameríku, ferðast um landið með agentum þeim, er Canadastjórn sendir í þeim tilgangi að tæla fólk héðan af landi burt, alt að 1000 kr. hvort árið.

18. gr.

1. Fjárveitingin til Böðvars Jónssonar 100 kr. orðist svo: Til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr., og færist fjárveiting þessi næst á eftir: »Til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.
2. Viðaukatillaga 388:
Á eftir »til allra þeirra hvort árið« komi: til fyrverandi alþingismanns Þorvalds Björnssonar í viðurkenningarskyni 1000 kr. fyrra árið.

3. Síðasti málsliður: »Eftirlaun amtmanns Júlíusar Havsteens« — til enda, falli burt.

21. gr.

1. Á eftir öðrum málslið komi:

22. gr.

og lánveitingarnar merkist með töluliðunum 1. 2. o. s. frv.

2. Viðaukatillaga 392.:
Á eftir málsliðnum um 10,000 kr. lánveitingu til stofnunar mjólkurbúum komi ný málsgrein svolátandi:
Neshreppi utan Ennis má veita úr viðlagasjóði 8500 króna lán gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar og sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, til þess að gera Krossavík á Hjallasandi að mótorbátakví. Lánið ávaxtast og endurborgist með 6% á 28 árum.

3. Viðaukatillaga 366:
A undan orðunum: »Sláturfélagi Suðurlands o. s. frv.« komi ný málsgrein:
Sláturhúsi Gunnars kaupmanns Einarssonar í Reykjavík, er jafnframt verði sameignarsláturhús fyrir Reykvíkinga, má lána 25.000 kr. úr viðlagasjóði gegn 1. veðrétti í allri sláturhúseigninni, sem er úr steini, svo og 1. veðrétti í annari fasteign, er báðar væri metnar eigi minna til peningaverðs en 50,000 kr. auk ábyrgðar sameignarfélagsins, ef þörf gerist. Lánið borgist á 28 árum með 6% árlega.

4. Breytingartillaga 376:
Á eftir málsgreininni:
»Ullarverksmiðjunni á Akureyri — — — 15 árum« komi ný málsgrein þannig:
Íshúsfélagi Vestmannaeyja má lána úr viðlagasjóði alt að 20,000 krónur á ábyrgð sýslufélags Vestmannaeyja gegn $4^1/_2$% ársvöxtum, afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed.

411. Frumvarp

til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Styrktarsjóð skal stofna handa barnakennurum landsins. Stofnfé hans, 5,000 krónur, leggur landssjóður til.

2. gr.

Hver sá kennari, er ráðinn er til kenslustarfa eftir lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1902, greiðir í sjóðinn á hverju ári 1% af kennaralaunum sínum.

3. gr.

Sjóðurinn fær 1,000 kr. styrk úr landssjóði á hverju ári.

4. gr.

Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóð þessum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kýs.

5. gr.

Því að eins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sé styrkþurfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kenslustörfum sakir heilsubilunar.

6. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20,000 kr., en síðan $^3/_4$ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðru vísi sé ákveðið af gefanda.

7. gr.

Nánari reglur um starfsemi sjóðsins, innheimtu, styrkveiting og reikningsskil semur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið tillögu þar um frá forstöðunefnd hans.

Nd.

412. Viðaukatillaga

við breytingartillögur á þingskjali 376.

Flutningsm.: Jón Magnússon.

Aftan við tillöguna bætist: (fyrra árið).

Ed.

413. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 veitast kr.: 169,715,10 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 10. lið 1.

Til þess að fullgera sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði (þar af endurveiting 1168 kr. 69 aur.) ..... kr. 2295,00

Styrkur til Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikislæknamót í Björgvin ..... — 600,00

kr. 2895,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitist

Við A. 4.	Til peningageymsluklefa í pósthúskjallaranum alt að	kr.	800,00
Við B. II.	Til Reykjadalsbrautar með brú á Laxá	—	10,000,00
	Til að fullgera Fagradalsbrautina	—	11,500,00
	Til nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut m. m.	—	15,000,00
	Til að vernda Eyrarbakkabrautina niður Breiðumýri fyrir skemdum af vatnságangi, gegn því tillagi annarstaðar frá, sem nægi til að fullgera verkið	—	1,600,00
	Til að bæta torfærur á Grímsnesbraut beggja megin Sogsbrúar	—	10,000,00
	Til brúargjörðar á Ytri-Rangá ..... kr. 47,000,00		
	Hér af væntist frá hlutaðeigandi héraði alt að ... — 5,000,00		
		—	42,000,00
Við B. III.	Til Lagarfljótsbrúarvegar	—	4,000,00
	Til brúargerðar á Gríshólsá og svo kölluðu Síki í Helgafellssveit	—	3,000,00
	Til brúarinnar á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum (þar af endurveiting kr. 0,79)	—	258,93
Við C. 2 e.	Til viðbótar við styrk árið 1909 til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar	—	4,000,00
Við D. II. 6.	Gegn því, að í stað ráðgjörðs $3._8$ m/m koparsíma frá Reykjavík til Selfoss og 4 m/m járnsíma þaðan að Eystri-Garðsauka, sé notaður $4._5$ m/m járnþráður alla leið, má draga 10,000 krónur frá tillagi því, sem heimtað er í fjárlögunum til símalínu þessarar af Árnes og Rángárvallasýslum. Tillaginu frá Árnessýslu skal verja til hliðarlínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.		
	Til Bolungarvíkur talsíma frá Ísafirði $^3/_4$ kostnaðar eða	—	6,000,00
Við D. bætast 2 nýir liðir:			
	1. Af kostnaði við símalínu frá Kalastaðakoti til Akraness	—	7,400,00
	Veitist með því skilyrði, að Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla greiði samtals 5,400 krónur til þessarar línu og til línunnar frá		
		flyt	**kr. 115,558,93**

flutt: kr. 115,558,93

Grund eða Varmalæk til Borgarness, og fellur þá burtu það sérstaka tillag, sem í fjárlögunum er áskilið til Borgarnesálmunnar.

2. Fé því, sem sparast hefir af þeim upphæðum, sem veittar eru í 13. gr. D. II. 1., 2., 4., 5., 7.,8., 9. og 10. í fjárlögunum má verja til þess að kaupa landssjóði til handa einkalínurnar frá Seyðisfirði og Egilsstöðum til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þannig, að hlutaðeigandi sýslufélög, auk þeirra 4000 kr., sem lagðar hafa verið til Eskifjarðarlínunnar, taki að sér 5000 kr. af landssjóðsláni því, er á símunum hvílir. Í viðbót má verja alt að . — 6,000,00

Það skal í skilyrðum haft við stofnsetning og framhald talsímastöðva til almenningsnota á framangreindum símaleiðum, að hrepparnir ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva, og stjórnin nánar ákveður.

Við E.	1.	Til þess að setja lítinn aukavita við Reykjanesvitann	— 2,500,00
	2.	Til þess að setja bráðabirgðavita á Öndverðarnes	— 3,500,00
	3.	Til útgjalda við vitann á Siglunesi haustið 1908 og árið 1909	— 1,400,00
	4.	Til aðgerðar á Elliðaeyjarvitanum	— 700,00
	5.	Til þess að endurreisa innsiglingarvarðann á Grímsey í Steingrímsfirði	— 300,00
	6.	Til þess að mæla skipaleið í Gilsfjörð	— 10,000,00
			kr. 139,958,93

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitist:

Við A. b.	Til að mála og gera við Langholts og Þykkvabæjarklausturskirkjur alt að	kr.	400,00
Við A. b. 4.	....	—	500,00
Við B. III.	Til lagaskólans:		
	b. 6. önnur útgjöld	—	400,00
Við B. V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:		
	1. Til aðgerðar á skólahúsinu 1908	—	850,00
	2. Til aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbótar þeim s. á (þar með baðáhöld)	—	1,250,00
	3. Til leikfimishúss alt að	—	2,000,00
	4. Til lampa og ljósáhalda alt að	—	800,00
	5. Til kennarapúlta o. fl. alt að	—	500,00
	6. Til tímakenslu alt að	—	500,00
Við B. VII. f.	Til viðbótar við námsstyrk við kennaraskólann	—	900,00
	Til viðgerðar við lóð skólans	—	1,000,00
	Til stofnunar æfingabekks við kennaraskólann og til kenslu í þeim bekk	—	500,00
	Til Jónasar Jónssonar frá Hriflu til þess að ljúka kennaranámi í Englandi	—	500,00
		kr.	10,100,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta, veitist:

Við	1.	Til dyravarðar við Safnahúsið (síðara árið)	kr.	600,00
		Fyrir spjaldskrín (Card Cabinet) síðara árið	—	720,00
Við	7.	Til rannsókna og undirbúnings skrásetning fornmenja samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, eftir reikningi alt að	—	500,00
		Til aðstoðar við umsjón á Forngripasafninu (síðara árið)	—	500,00
Við	38.	Fyrir veðursímskeyti til stöðvanna á Húsavík, Fáskrúðsfirði, Keflavík, Gerðum, Ísafirði, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal og Patreksfirði; frá 1. nóvember 1903—31. desember 1909	—	2,800,00
			kr.	5,120,00

6. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Við	7.	Til þess að byggja fjós á Hallormsstað og gjöra að bæjarhúsum á Ormstöðum	kr.	1,200,00
Við	8.	1. Til vegar fram hjá sandgræðslusvæði við Reyki á Skeiðum 1908	—	541,17
		2. Til vegar fyrir austan sama sandgræðslusvæði sumarið 1909, gegn því að það, sem á vantar, verði borgað annarstaðar frá	—	2,000,00
Eftir	16.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kveldskólahalds	—	300,00
Við	24.	Viðbótarstyrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi	—	5,000,00
Eftir	31.	1. Til Hallgríms Benediktssonar, Jóhannesar Jósepssonar o. fl. til þess að sýna glímu við olympisku leikina í London sumarið 1908	—	2,000,00
		2. Til Tómasar Tómassonar, leiga fyrir Gullfoss árin 1908 og 1909	—	600,00
			kr.	11,641,17

7. gr.

Eftirstöðvar af láni jafnaðarsjóðs Suðuramtsins til viðlagasjóðs til brúargjörðar á Ölfusá falli niður ásamt vöxtum frá 6. sept. 1907.

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Stjórninni veitist heimild til að lána úr viðlagasjóði til byggingarsjóðs 10,400 kr. til lúkningar ógreiddum kostnaði við hitaleiðslu í safnahúsbyggingunni til hlutafélagsins »Völundur«.

Búðarhreppi í Fáskrúðsfirði má veita 4000 kr. lán úr viðlagasjóði til símalagningar, með sömu kjörum, sem sýslufélögum eru veitt lán til landsímalagninga, samkvæmt 21. gr. núgildandi fjárlaga.

Nd.

414. Breytingartillögur

við breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga 1910—1911 á þingskjali 407.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 5. lið. Orðin: »fyrir að halda uppi ritsíma« — til enda málsgreinarinnar falli burt.
2. Við 8. lið. Fyrir »600—600« komi: 300—300.

Ed. **415. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um löggildingu verzlunarstaða (346).

Frá Aug. Flygenring.

Við 1. gr.:

1. Í stað orðanna: »að Kletsvík« komi: við Klettsvík.
2. Orðið »í« á undan Skarfsstaðanesi og Hjallanesi verði: á.
3. Orðið »og« á eftir Dalasýslu falli burt.
4. Aftan við greinina bætist: og á Viðey í Kjósarsýslu.

Ed. **416. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu (þingskjal 74).

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

Í stað »8200« komi: 12000.

Nd. **417. Frumvarp**

til laga um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Engan áfengan drykk má flytja til Íslands til annarra nota en þeirra, sem getið er um í 2. grein, og farið sé með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4\,\%$ af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva, og í sér hafa fólgið slíkt áfengi, skal telja áfengan drykk.

2. gr.

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis eða efnarannsóknarstofu eða annars því líks fyrirtækis að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Báðar þessar heimildir eru bundnar því skilyrði, að vínandinn sé blandinn því efni, sem að áliti landlæknis gerir hann óhæfan til drykkjar. Lyfsölum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem lyfsölum er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá. Loks skal smáskamtalæknum heimilt að flytja frá útlöndum vínanda til lyfjablöndunar og smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests.

3. gr.

Alt áfengi, sem flutt er til landsins frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, skal fyrst flytja á land í Reykjavík. Þar skal landsstjórnin skipa sérstakan umsjónarmann áfengiskaupa, og hefir hann á höndum umsjón og eftirlit með áfengiskaupum, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Umsjónarmaður hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðast úr landssjóði. Svo fær hann og ókeypis húsnæði fyrir áfengisbirgðir, burðargjald bréfa og alla nauðsynlega aðstoð.

4. gr.

Nú hefir maður heimild til áfengisflutnings frá útlöndum eftir lögum þessum, og vill hann neyta þessarar heimildar sinnar, og skal hann þá í tæka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar áfengi og hve mikið hann vill fá og frá hverju verzlunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni flutningskostnaður til Reykjavíkur. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða þeim vínsölumanni, sem hún er stíluð til, og beiðist þess, að áfengið sé sent til sín. Skal umsjónarmaður, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sér með rannsókn, að áfengissendingin sé eigi önnur eða meiri en um var beðið. Skal hann þá merkja það með embættisinnsigli sínu og segja eiganda til. Eiganda skal þá heimilt að vitja þess, en gjalda skal hann þá um leið þann sérstakan kostnað, er af aðflutningnum kann að hafa leitt, þó ekki húsnæðisgjald í Reykjavík (sbr. 3. gr.).

Nú hirðir sá ekki áfengið, er pantað hefir, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því er hann fekk tilkynning umsjónarmanns um aðflutning áfengisins, og er umsjónarmanni þá heimilt að hella niður áfenginu og selja umbúðir þess, nema sá, er pantað hefir, kjósi heldur að fá áfengið á sinn kostnað endursent seljanda. Allan ógreiddan kostnað, er leitt hefir af aðflutningnum, má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfengið hefir pantað, samkvæmt lögum 16. desember 1885.

Umsjónarmaður ber enga ábyrgð á greiðslu andvirðis fyrir það áfengi, sem aðflutt er.

5. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort hann hafi nokkurt áfeng til flutnings fyrir aðra menn, og þá hve mikið. Hann skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfengi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum, meðan hann er í höfnum inni eða í landhelgi við Ísland, að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi eða leyfa öðrum skipverjum að láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til annarra manna en þeirra, sem eru lögskráðir skipverjar.

Skipstjóri er sekur við lög þessi, ef hann brýtur það, er nú var mælt.

Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi, sem ekki er ætlað til skipsforða og eigi á að fara til neins af þeim mönnum, er heimild hafa til áfengisaðflutnings frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát og ábyrgist skipstjóri, að innsiglin séu ekki brotin eða úr ílátunum tekið fyr en skipið er farið alfarið burt frá landinu.

6. gr.

Nú strandar skip hér við land og hefir meðferðis áfengi annaðhvort til flutnings eða það er skipsforði, og skal hreppstjóri í forföllum löreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og gæta þess, að ekki sé í þau farið. Hann skýrir þegar í stað lögreglustjóra frá, en lögreglustjóri setur embættisinnsigli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annarra manna, en skýra skal hann með fyrstu ferð réttum eiganda strandmunanna frá björgun áfengisins og senda honum það til ráðstöfunar á hans kostnað, nema hann kjósi heldur að því sé helt niður.

Sé um skipsforða að ræða og skipseigandi sé erlendis, skal áfengið sent úr landi til hans á hans kostnað, nema hann kjósi heldur að því sé helt niður.

Nú er ókunnugt um eigarda strandgóss og skal þá, eftir að lögskipaður auglýsingafrestur er liðinn og eigandi hefir ekki sagt til sín, hella því áfengi niður, er finnast kann meðal strandmunanna.

7. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið né landhelgi annan en þann, sem annaðhvort er merktur embættisinnsigli umsjónarmanns áfengiskaupa, svo sem fyrir er mælt í 4. grein laga þessara, eða þá þann drykk, sem um getur í 5. og 6. grein og merktur er með embættisinnsigli lögreglustjóra þess er í hlut á.

8. gr.

Öllum mönnum er óheimilt að veita, gefa, selja eða láta af hendi á annan hátt áfengi til annara manna.

Þó mega lyfsalar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðlum löggiltra lækna, en þó eigi oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur landlæknir lyfsölum reglur því til tryggingar að áfeng lyf verði eigi höfð til nautnar, heldur eingöngu til lækninga.

9. gr.

Veitingamenn og vínsölumenn, þeir sem leyfi hafa til vínsölu hér á landi samkv. lögum nr. 26, 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega ekkert selja hér á landi, gefa, veita eða láta af hendi á annan hátt til annarra manna af áfengisbirgðum þeim, er þeir hafa, þegar lög þessi öðlast gildi. Skulu lögreglustjórar hver í sínu umdæmi skyldir til að rannsaka áfengisbirgðirnar og innsigla þær. Áður en 4 mánuðir eru liðnir, skulu eigendur áfengisins skyldir að flytja birgðirnar eða láta flytja þær burt af landi, og skulu lögreglustjórar hafa nákvæmt eftirlit með að svo sé gert. Öllu því áfengi, sem þá er ekki útflutt, skal tafarlaust hella niður án nokkurs endurgjalds til eiganda.

Ákvæði þessarar greinar um óheimild til sölu, gjafa eða veitinga áfengis, nær og til annarra einstakra manna, er áfengisbirgðir kunna að hafa í sínum vörzlum, er lög þessi öðlast gildi.

Nú er vínveitingaleyfi eða vínsöluleyfistími einhvers manns ekki útrunninn, er lög þessi koma til framkvæmda, og hefir hann þá rétt til endurgreiðslu úr landssjóði á tiltölulegum hluta hins upphaflega leyfisgjalds.

10. gr.

Ef nokkur maður er grunaður með rökum um óleyfilegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis, þá skal gera heimilisrannsókn hjá honum, ef það er talið nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið. Skal rannsóknin gerð af lögreglustjóra þeim, er í hlut á.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sýna sönnunargögn þess, hvaðan honum eru komnar birgðirnir. Geti hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

11. gr.

Hve nær sem hafin er ákæra út af ólöglegri sölu eða veitingu áfengis, má stefna kaupanda eða þeim, sem hann selur eða veitir, til vitnisburðar um málið, ef engir meinbugir eru annars á, og er rétt, að hann staðfesti framburð sinn með eiði, ef krafist er.

12. gr.

Hver sá, sem dæmdur er sekur um brot á ákvæðum þessara laga, skal auk lögboðins málskostnaðar greiða kæranda og vitnum allan þann kostnað, er þau hafa haft af málinu.

13. gr.

Nú sést maður ölvaður, og skal þá heimilt að leiða hann fyrir dómara, er af honum er runnið. Skal hann skyldur til að skýra frá, hvar hann hafi fengið áfengi það, er hann varð ölvaður af. Geri hann það ekki, eða leiði skýring hans ekki til fullrar sönnunar á hendur seljanda eða veitanda, skal hann sæta sektum frá 50—200 kr.

14. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum eigi minni en 200—2000 kr.

Brot í annað sinn varðar sektum eigi minni en 500—5000 kr.

Brjóti nokkur oftar gegn ákvæðum þessarar greinar varðar það einföldu fangelsi. —

Þau eru og viðurlög á brotum þessarar greinar, að jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi gert upptækt og því helt niður.

15. gr.

Nú sannast það á skipstjóra, að hann skýrir lögreglustjóra rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 200—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er óheimila að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum 100—2000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum. Ef brot er ítrekað, varðar það sektum frá 250—2500 kr.

Sama hegning liggur og við því, ef lyfsali lætur áfengi af hendi án skriflegrar læknisforskriftar eða oftar en einu sinni eftir sama læknisseðli.

16. gr.

Brot gegn 7. gr. laga þessara varða sektum 50—1000 kr. og skal hið flutta áfengi ásamt ílátum gert upptækt og því helt niður og skal andvirði ílátanna renna í landssjóð.

17. gr.

Nú verður læknir sannur að sök um að hafa látið af hendi læknisseðil um áfengi til þess að það sé notað til einhvers annars en sem læknislyf, og skal hann þá sekur 200—2000 kr. í fyrsta sinn, og skal sektin tvöfaldast sé brotið endurtekið. Lækni þann, er í hlut á, má og svifta læknisleyfi hér á landi 2—10 ár eða að öllu, ef miklar sakir eru.

18. gr.

Allar sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð.

19. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Sveitarstjórnum og lögreglustjórum er sérstaklega skylt að sjá um að lögum þessum sé hlýtt.

21. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku og svo mörg eintök að nægi til að senda dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum.

22. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. jan. 1912, og eru með þeim numin úr gildi lög nr. 26, 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, svo og öll önnur lög og tilskipanir, er koma í bága við lög þessi.

Ed.

418. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga. (þskj. 374).

Flutningsmenn: Steingrímur Jónsson og Stefán Stefánsson.

1. Orðin í 1. lið 1. gr.: »í hverri stöðu sem þeir eru« falli burt.
2. Á eftir orðunum í sama lið sömu greinar »fjár síns ráðandi«, bætist inn í: eru ekki öðrum háðir sem hjú.

Nd.

419. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa. (Þingskjal 370).

Vér, sem hin háttvirta deild hefir kosið til að íhuga þetta mál, höfum nú tekið það til nýrrar athugunar eftir að það er aftur komið frá efri deild. Deild sú hefir að vísu breytt frumvarpinu all-mikið að forminu til en efnisbreyting hefir hinsvegar engin á því gerð verið frá því, sem samþykt var hér í deildinni. Vér leyfum oss því að ráða háttvirtri neðri deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi 1. apríl 1909.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Jón Þorkelsson, skrifari.

Eggert Pálsson, framsögum.

Nd.

420. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Flutningsm.: Þorl. Jónsson og Jón Jónsson þm. N.-M.

Við 14. gr. VII. d. Liðurinn orðist svo:

Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg		
1. Laun m. m.	5,135	5,135
2. Til afborgana og vaxta . .	1,865	1,865

Nd.

421. Varatillaga

við frv. til fjárlaga 1910 og 1911.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Við 21. gr.

Málsgreinarnar tvær: »Sláturfélagi Suðurlands . . . hinum sömu« falli niður.

Ed.

422. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 3. október 1903.

Vér, sem háttvirt deild hefir kosið til þess að íhuga frumvarp þetta, er háttvirt neðri deild hefir samið og samþykt, erum sammála um, að breytingar þær á kosningarlögunum frá 3. okt. 1903 sem þar er stungið uppá séu allar til bóta, og sumar nauðsynlegar, og ráðum vér deildinni til að sampykkja þær. En jafnframt teljum vér rétt að gera fleiri breytingar á nýnefndum kosningarlögum.

Vér teljum rétt að aukakjörskrá sé samin nokkru síðar en aðalkjörskrá og leggjum til að það sé gert í byrjun maímánaðar. Þá er hreppsnefndum og bæjarstjórnum vorkunnarlaust, að vita nákvæmlega hverjir öðlast kosningarrétt að vorinu og á kjörskrár árinu, en í janúarmánuði mun það víða vera örðugt. Þannig er það í janúarmánuði oft óráðið, hvort bændur bregði búi og fari í vinnumennsku eða vinnumenn taka við búsforráðum eða verða lausamenn á næsta vori, enda allmörg dæmi þess að kjörskrár hafa verið rangt færðar í þessu efni, þannig að sumstaðar hefir verið slept þeim, sem í fardögum fullnægðu skilyrðunum fyrir kosningarrétti, en á öðrum stöðum voru menn teknir á kjörskrá, sem, þegar til kom, ekki fullnægðu þessum skilyrðum, af því að hreppsnefnd eða bæjarstjórn áleit (í janúar er kjörskráin var samin) að þeir mundu gera það. En um miðjan maí er þetta alt ráðið.

Þá má búast við að hreppsnefndum og bæjarstjórnum sjáist oft yfir menn sem standa eiga á kjörskrá og að sumir þessara manna ekki geti kært í tæka tíð Teljum vér rétt að þessir menn séu settir á aukakjörskrá svo þeir eigi missi kosningarrétt.

Vér ætlumst til að með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá verði farið eins og fyrir er mælt í 14. og 15. gr. kosningarlaganna, en teljum rétt að stytta frestina. Á aukakjörskrám verða jafnaðarlega aðeins örfáir menn í hverjum hreppi eða kaupstað og auk þess léttara að koma fram kærum og sækja fundi í maí og júní en í febrúar og marz, en hinsvegar nauðsynlegt að tryggja það, að aukakjörskráin geti komist til oddvita yfirkjörstjórnar fyrir 1. júlí.

Þá virðist oss nauðsynlegt að taka upp í frumvarp þetta ákvæði um það hvað gera skuli, þegar frambjóðandi deyr, eftir að framboðsfrestur er liðinn, eða svo skömmu áður, að þingsmannsefni getur eigi boðið sig fram í hans stað í tæka tíð. Þegar svo ber til er stjórnmálaflokki þeim, er veitti hinum látna kjörfylgi, oftast nær fyrirmunað, að neyta kosningarréttar síns, sem sé þegar aðeins einn maður býður sig fram fyrir hvern stjórnmálaflokk og má búast við að það verði svo venjulegast í flestum kjördæmum landsins. Þetta er að vorri hyggju óþarft misrétti og leggjum vér því til, að þegar þannig stendur á, skuli uýjum manni heimilt að bjóða sig fram til þingmensku, en þó að því tilskildu að stuðningsmenn hins látna sýni það í verkinu, að þeir einnig vilji styðja hið nýja þingmannsefni. Það mun oft mega komast hjá að færa kjördaginn, þó þannig lagað framboð komi fram, en sé tíminn of naumur verður að fresta kosningunni og stofna til nýrrar kosningar í kjördæminu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 54. gr. kosningarlaganna.

Nefndin viðurkennir að 10 september sé óheppilegur kjördagur fyrir suma landshluta, sérsjaklega fyrir sjómannastéttina á Suður- og Vesturlandi, en hinsvegar má segja

hið sama um fyrsta vetrardag fyrir Norður- og Austurland. Vér komum þó eigi fram með breytingartillögu við 3. gr. við þessa umræðu en áskiljum oss rétt til að gera það við 3. umræðu.

Í 51. gr. kosningarlaganna er gert ráð fyrir að kosning farist fyrir í einhverjum hreppi, af því að kjörseðlasending ekki kemur til skila, og skal þá stofna til kosninga að nýju svo fljótt sem verða má. Verði kjördagur ákveðinn seint í október má búast við að kosningar geti farist fyrir ef til vill í mörgum hreppum, sökum óveðurs, og auk þess geta aðrir óvæntir atburðir, svo sem jarðskjálftar, eldgos, stórbrunar o. s. frv. hamlað kosningum. Þegar svo fer, er sjálfsagt að beita ákvæðum 51. gr. og teljum vér rétt að taka það fram berum orðum í frumvarpi þessu.

Samkvæmt þessu ráðum vér háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum er hér fara á eftir, og mun gerð nánar grein fyrir þeim við framsögu málsins.

1. 1. gr. orðist þannig:

Aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. laga um kosningu til alþingis 3. okt. 1903, skal semja í maímánuði, svo að hún sé fullbúin 15. dag þess mánaðar, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á sama eða sömu stöðum og aðalkjörskrá og liggja frammi næstu 7 daga. Á aukakjörskrá skulu þeir settir, er ekki hafa kosningarrétt þá er kjörskrá gengur í gildi (1. júlí) en vitanlegt þykir, að fullnægja muni skilyrðum þeim, sem til kosningarréttar þurfa, einhverntíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, svo og þeir, er eigi var vitanlegt um, þá er aðalkjörskrá var samin, að mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí. Ennfremur skal setja á aukakjörskrá þá kjósendur, er fallið hafa burt af aðalkjörskrá og einhverra orsaka vegna ekki hafa átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

2. Aftan við 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá skal fara sem við aðalkjörskrá, en þó þannig, að frestir allir séu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí.

3. Aftan við 2 gr. (nú 3. gr.) komi ný grein, er verður 4. gr., svohljóðand:

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark. Má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt sem fyrir er mælt í 54. gr. kosningarlaganna.

4. Aftan við 5. gr. (nú 7. gr.) komi ný grein, sem verður 8. gr., svohljóðandi.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. kosningarlaganna.

Alþingi 3. apríl 1909

Kristinn Daníelsson formaður.	Steingrímur Jónsson skrifari og framsögumaður.
Stefán Stefánsson.	Sigurður Hjörleifsson.

Gunnar Ólafsson.

Nd. **423. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Kosningarrétt í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga hafa allir kaupstaðarbúar og hreppsbúar, karlar og konur, í hverri stöðu sem þeir eru, ef þeir eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í kaupstaðnum eða hreppnum síðastliðið ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa ekki í skuld fyrir sveitarstyrk og greiða gjald í bæjarsjóð eða hreppssjóð.

Kona gift kjósanda hefir kosningarrétt, þó hún sé ekki fjár síns ráðandi sökum hjónabandsins og þótt hún ekki greiði sérstaklega gjald í bæjarsjóð eða sveitarsjóð, uppfylli hún að öðru leyti áður greind skilyrði fyrir kosningarrétti.

2. gr.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir, sé hann ekki vistráðið hjú. Hjón mega þó aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, heldur eigi foreldrar og börn, né móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

Konum er jafnan heimilt að skorast undan kosningu.

3. gr.

Með lögum þessum er úr lögum numin 4. gr. laga nr. 22 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 23 frá 8. okt. 1883, 5. gr. laga nr. 15 frá 8. maí 1894, 8. gr. laga nr. 43. frá 10. nóvbr. 1905, 3. gr. laga nr. 86 frá 22 nóvbr. 1907, 5. gr. laga nr. 75 frá 22. nóvbr. 1907 og alt annað það í lögum, sem í bága kemur við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.

Nd. **424. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess, að selja Akureyrarkaupstað þjóðjörðina Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu fyrir 8200 krónur.

Ed.

425. Frumvarp

til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Eftirtaldir staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:
Við Skaftárós í Vestur-Skaftafellssýslu,
— Kúðaós í sömu sýslu,
við Klettsvík í Neshreppi innan Ennis,
á Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu.
á Hjallanesi í Staðarfellslandi í sömu sýslu og á Viðey í Kjósarsýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

426. Álit

um tillögur til þingsályktana á þingskjali 100 (Sbr. og 150, 160, 171, 202, 357).

Frá samgöngumálanefndinni.

Ýmsir háttvirtir þingmenn hafa borið fram þingsályktanatillögur hér í deildinni, þar sem skorað er á stjórnina að láta rannsaka vegastæði, brúastæði, hafnir, lendingar o. fl. þess háttar, og var samgöngumálanefndinni falið að segja skoðun sína um tillögur þessar.

Enda þótt nefndin viðurkenni, að full nauðsyn sé á því, að stjórnin láti sem allra fyrst rannsaka til hlítar staði þá, sem tilgreindir eru í tillögunum, að því leyti, sem það er ekki þegar gert, þá telur hún því máli nægilega borgið þótt þær málaleitanir komi fram á annan hátt.

Vér höfum átt tal við verkfræðinga landsins um öll þau atriði, sem skorað er á stjórnina að láta þá rannsaka, og kveðast þeir munu skoða þessa staði af sjálfsdáðum eftir samráði við stjórnina, svo fljótt sem tími vinst til. Suma þessa staði hafa þeir þegar skoðað eða skoða innan skamms, sum mannvirkin segja þeir að eiga muni svo langt í land, að ekki bráðliggi á að gera áætlanir um þær. Svo er t. d. um brú á Þverá í Rangárþingi, sem að sjálfsögðu verður ekki gerð fyrr en brúaðar eru Rangárnar og Hróarslækur.

Til þess að markmið flutningsmanna náist teljum vér nægja að þingdeildin samþykki rökstudda dagskrá, er vér berum fram.

Alþingi 2. apríl 1909.

Björn Sigfússon, formaður. Benedikt Sveinsson, skrifari og framsögumaður.

Björn Kristjánsson. Jóh. Jóhannesson. Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson. Olafur Briem.

Nd.

427. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

(Frá umboðsmanni ráðherra).

Aftan við frumv. bætist svo hljóðandi athugasemd:

Reikningsábyrgð á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu árið 1906 að upphæð kr. 312,65 falli niður.

Ed.

428. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.

I. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1910 og 1911 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,654,530 kr.. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 2,362,000 kr.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2.	Húsaskattur	12,000	12,000	24,000
3.	Tekjuskattur	23,000	23,000	46,000
4.	Aukatekjur	50,000	50,000	100,000
5.	Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6.	Vitagjald	20,000	20,000	40,000
7.	Leyfisbréfagjöld	5,000	5,000	10,000
8.	Útflutningsgjald	120,000	120,000	240,000
9.	Áfengistollur	190,000	190,000	380,000
10.	Tóbakstollur	140,000	140,000	280,000
11.	Kaffi- og sykurtollur	350,000	350,000	700,000
12.	Annað aðflutningsgjald	17,000	17,000	34,000
13.	Gjald af innlendri vindlagjörð og bittergjörð	» »	» »	» »
14.	Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	12,500	12,500	25,000
15.	Pósttekjur	80,000	80,000	160,000
16.	Símatekjur	75,000	80,000	155,000
17.	Tekjur af Íslandsbanka	13,000	13,000	26,000
18.	Óvissar tekjur	18,000	18,000	36,000
	Samtals...	1,178,500	1,183,500	2,362,000

Upphæðirnar í 8.—13. tölulið eru áætlaðar að frádregnum 2% innheimtulaunum.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 45,330 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 35,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu, húsabótastyrk o. fl., alls ... .. 14,000 —	21,000	21,000	42,000
2.	Tekjur af kirkjum	65	65	130
3.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli...	1,600	1,600	3,200
	Samtals...	22,665	22,665	45,330

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 118,000 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins .... Upp í lán verður borgað: á árinu 1910 30,025 kr. 05 a. - — 1911 32,187 — 55 - 62,212 kr. 60 a.	44,000	43,000	87,000
2.	Leigur af láni landssjóðs til Landsbankans.....	7,500	7,500	15,000
3.	Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
	Samtals...	59,500	58,500	118,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2.	Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
	Samtals...	4,600	4,600	9,200

Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar.

6. gr.

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1910 og 1911 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—19. gr. 3,014,923,67.

8. gr.

Til greiðslu vaxta og afborgana af láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur kr. 53,000 fyrra árið, kr. 51,666,67 síðara árið, kr. 104,666,67.

9. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 100,000 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Til ráðherrans:			
	a. Laun ..... 8,000 kr.			
	b. Til risnu ..... 2,000 —			
	c. Uppbót fyrir embættisbústað ..... 2,000 —			
		12,000	12,000	24,000
2.	Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3.	Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4.	Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5.	Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	16,000	16,000	32,000
6.	Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu alt að	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	50,000	50,000	100,000

10 gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 60,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr. alls 61,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 217,930 kr.:

				1910.	1911.	Alls.
				kr.	kr.	kr.
	A.					
	Dómgæzla og lögreglustjórn:					
1.	Laun:					
	a.	Til dómara og sýslumanna		67,300	67,300	
	b.	Til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík			1,400	1,400	
3.	Til hegningarhússins í Reykjavík:					
			1910. 1911.			
	a.	Laun fangavarðar	1,230 kr. 1,230 kr.			
	b.	Þóknun handa dóm kirkjuprestinum	100 — 100 —			
	c.	Þóknun handa lækni ...	60 — 60 —			
	d.	Ýmislegur kostnaður ...	2,825 — 2,825 —			
				4,215	4,215	
4.	Kostnaður við viðhald fangelsanna			300	300	
5.	Önnur útgjöld:					
	a.	Þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1,600 kr.			
	b.	Laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —			
	c.	Til eldiviðar á yfirréttarstofunum	50 —			
	d.	Til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —			
	e.	Kostnaður við sakamal og lögreglumál	3,000 —			
	f.	Kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g.	Útgjöld við sáttamál	50 —			
				5,100	5,100	
				86,315	86,315	
						172,630
			Flyt..	... .	....	172,630

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	.....	172,630
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m.fl. 450 kr.			
b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðandanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ..... 2,600 —			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að ... 3,600 —			
d. Til kostnaðar við sending með póst um alt að ... . 1,000 —			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímskeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. Til embættiseftirlitaferða.....	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga...	500	500	
7. Til aðstoðar löggæzlu um síldveiðatímann ...	1,000	1,000	
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	3,000	3.000	
	22,650	22,650	45,300
Samtals ..	... .	.....	217,930

12 gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast kr. 298,950.

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	75,200	75,200	150,400
2. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis ..... Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.	150	150	300
Flyt...	75,350	75,350	150,700

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar...	75,350	75,350	150,700
3.	a.	Styrkur til augnalæknis Björns Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	
	b.	Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa með því skilyrði, að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr.	300	300	4,600
4.		Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
5.		Holdsveikisspítalinn	30,875	30,875	61,750
6.		Geðveikishælið á Kleppi	17,600	17,600	35,200
7.		Til reksturskostnaðar heilsuhælisins síð. á.		10,000	10,000
8.		Útgjöld við bólusetningar	1,000	1,000	2,000
9.		Önnur útgjöld:			
	a.	Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ..... 3,000 kr.			
	b.	Sjúkrahúsið á Akureyri, til aðgerðar á húsinu f. á. ..... 2,000 — Með því skilyrði, að Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla taki að sér að fullu viðhald spítalans framvegis.			
	c.	Til náms yfirsetukvenna ..... 2,000 —			
	d.	Til verkfæra handa yfirsetukonum 400 —			
	e.	Gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma ..... 4,000 —			
	f.	Gjöld samkvæmt 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Islands ..... 1,000 —			
	g.	Styrkur til sjúkrahúsa til að halda lærðar hjúkrunarkonur, alt að 200 kr. til hvers ..... 600 —			
	h.	Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 1000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnar-			
		Flyt...	128,125	138,125	266,250

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	128,125	138,125	266,250
	ráðið ssamþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs ..... 3,000 kr.			
i.	Styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar. Stjórnarráðið veitir þennan styrk eftir tillögum landlæknis og má ekki verða meira en 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl utanlands ..... 600 kr.			
j.	Héraðslækni Andrési Féldsted til utanfarar til að fullkomnast í augnlæknun og eyrna f. á. .... 1,500 kr.			
		18,100	14,600	32,700
	Samtals...	146,225	152,725	298,950

13. gr.

Til samgöngumála veitast kr. 1,064,817.

		1910.	1911.	Alls.
	A.			
	Til útgjalda við póststjórnina:	kr.	kr.	kr.
1.	Laun:			
	a. Handa póstmeistaranum ..... 4,000 kr.			
	b. 1. Handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ..... 4,900 — Þaraf 500 kr. sem launaviðbót handa núverandi 1. póstafgreiðslumanni.			
	2. Handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur ..... 18,300 —			
	c. Handa bréfhirðingamönnum..... 8,000 —			
		35,200	35,200	
2.	Póstflutningur	50,000	50,000	
	Þar af alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) með skipum, sem ekki njóta fasts tillags, milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skipin sigli með fastri ferðaáætlun sem auglýst sé fyrir fram.			
3.	Önnur útgjöld:			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara eftir reikningi alt að 5,000 kr. Pósthúsið sé opið 9 stundir hvern virkan dag, og 1 stund hvern helgan dag.			
	b. Önnur útgjöld .... 7,300 —			
		12,300	12,300	
		97,500	97,500	
				195,000
	Flyt...	.....	....	195,000

			1910.	1911:	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar ...	.....	.....	195,000
	B.				
	Til vegabóta.				
I.	Til kostnaðar við stjórn og gjörða:	undirbúning vega- 1910	1911		
	1. Til verkfræðings landsins:	kr.	kr.		
	a. laun	3,000	3,000		
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500		
	2. Til aðstoðarmanns:				
	a. laun	2,000	2,000		
	b. viðbót við laun núverandi aðstoðarmanns...	700	700		
	3. Skrifstofukostnaður	500	500		
	4. Til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna ...	1,500	1,500		
	5. Til eftirlits með vegaviðhaldi	»	200		
				8,200	8,400
II.	Til flutningabrauta:				
	1. Borgarfjarðarbraut	30,000	10,000		
	2. Húnvetningabraut	11,000	»		
	3. Eyjafjarðarbraut	10,000	10,000		
	4. Reykjadalsbraut	15,000	»		
	5. Fagradalsbraut...	3,000	3,000		
	6. Holtavegur	5,000	»		
	7. Grímsnesbraut	10,000	»		
	8. Til viðhalds flutningabrauta	7,000	7,000		
				91,000	30,000
III.	Til þjóðvega:				
	1. Mosfellssveitarvegur...	6,000	6,000		
	2. Stykkishólmsvegur ...	6,000	6,000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur (brýr á hana)	»	16,000		
	4. Skaftártunguvegur	5,000	5,000		
	5. a. Til brúar á Laxá í Hornafirði	10,000	»		
	b. Til framhalds þjóðvegarins frá Laxá að Bjarnanesi	»	5,000		
	Flyt ...	27,000	38,000	99,200	38,400	195,000

	1910 kr.	1911 kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls kr.
Fluttar ...	27,000	38,000	99,200	38,400	195,000
6. Frá Ljárskógum til Svínadals	1,000				
7. Aðrar vegabætur og viðhald	15,000	10,000			
			43,000	48,000	
IV. Til fjallvega			5,000	5,000	
V. Til áhalda			2,000	2,000	
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum			300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			300	300	
VIII. Hvammstanga- kaupstaðarvegur (fyrir Múlann)			5,000		
IX. Til akvegar frá Dalvík inn Svarfaðardal, gegn 4000 kr. tillagi að minsta kosti annarsstaðar frá			2,000		
X. Breiðdalsvegur			2,000		
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ...			7,500	7,500	
Fjárveitingarnar undir töluliðum VIII, X og XI veitast með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til veganna annarsstaðar frá.					
XII. Til brúar á Hölkná í Þistilfirði			4,500		
XIII. Til brúar á Sandá í Þistilfirði			10,000		
			180,800	101,500	282,300
C.					
1. Til gufuskipaferða alt að			40,000	40,000	
2 Til gufu- og mótorbátaferða			45,000	45,000	
Af þessari upphæð má verja alt að 1000 kr. hvort árið til þess að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum frá Borgarnesi upp eftir Hvítá, að minsta kosti upp að Langholtsvaði.			85,000	85,000	
					170,000
D.					
Til ritsíma og talsíma.					
I. Ritsímafélagið mikla norræna umsamdar ársgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 1906 að telja ...			35,000	35,000	
II. Til nýrra landsímalagninga o. fl.					
1. Búðardalstalsími frá Borðeyri 17,000					
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum alt að 4,000					
		13,000			
Flyt ...		13,000	35,000	35,000	647,300

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	13,000		35,000	35,000	647,300
2. Stykkishólmstalsími frá Borgarnesi	55,000				
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héraði alt að	10,000				
		45,000			
3. Siglufjarðartalsími frá Vatnsleysu ...	35,000				
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum	10,000				
		25,000			
4. Til þess að strengja talsíma milli Reykjavíkur og Borðeyrar		48,390			
Stjórninni heimilast að kaupa koparþráðinn þegar hún álítur það hentugt verðsins vegna.					
5. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til þess að fjölga notenda línum á Akureyri og Seyðisfirði og til stofnunar nýrra stöðva m. fl.	10,000	10,000			
			141,390	10,000	
Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar séu talsímastöðvar til almennings nota á framangreindum símaleiðum, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva og stjórnin nánara ákveður.					
		Fluttar ...	176,390	45,000	647,300

				1910.	1911.	Alls.
				kr.	kr.	kr.
			Fluttar ..	176,390	45,000	647,300
III.	Til starfrækslu landsímanna:					
	1. laun forstjóra landsímanna	5,000	5,000			
	2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,000	10,000			
	3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímkerfinu ...	6,700	6,700			
	4. ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímkerfinu ...	8,150	8,150			
	5. ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímkerfi	5,450	5,450			
	6. símastöð á Borðeyri	2,550	2,550			
	7. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar ...	1,400	1,400			
				39,250	39,250	
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			4,000	4,000	
V.	Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna og til utanfarar forstjóra f. á.			2,500	1,500	
VI.	Viðhald landsímanna			10,000	12,000	
VII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern			400	400	
				232,540	102,150	334,690
	E.					
	Til vita.					
I.	Til eftirlits með vitum			1,500	1,500	
II.	Skipaskagaviti			300	300	
III.	Elliðaeyjarviti			400	400	
IV.	Arnarnesviti:		kr.			
	1. til vitavarðar		500			
	2. fyrir olíu		200			
	3. — steinkol		100			
	4. ýmisleg útgjöld		260			
				1,060	1,060	
			Flyt ...	3,260	3,260	981,990

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ..	3,260	3,260	981,990
V.	Siglunessviti: kr.			
	1. til vitavarðar 600			
	2. fyrir olíu 250			
	3. — steinkol 50			
	4. ýmisleg útgjöld 150			
	———	1,050	1,050	
VI.	Til þess að reisa Rifstangavita, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin		25,000	
VII.	Til þess að setja sjálf-hreifandi vitaljósker á Langanesvita	3,500		
VIII.	Dalatangaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 400			
	2. fyrir olíu 250			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg gjöld 250			
	———	1.000	1,000	
IX.	a. Til þess að reisa Dyrhólaeyjarvita, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin	25,000		
	b. Til kostnaðar við vitann síð. á.		1.000	
X.	Vestmannaeyjaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 700			
	2. fyrir olíu 200			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 175			
	5. hús handa vitaverði f. á. 2,000			
	———	3,175	1,175	
XI.	Reykjanesviti: kr.			
	1. til launa vitavarðar 1,500			
	2. fyrir olíu 500			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 875			
	5. til að endurbæta lending við Kistur f. á. 2,000			
	———	4,975	2,975	
	Flyt ...	41,960	35,460	981,990

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar	41,960	35,460	981,990
XII.	Garðskagaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 600			
	2. fyrir olíu 200			
	3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl. ... 300			
	4. fyrir steinkol 100			
	5. ýmisleg útgjöld 116			
		1,316	1,316	
XIII.	Gerðatangarviti	100	100	
XIV.	Hafnarfjarðarvitar: kr.			
	1. til vitavarðar 400			
	2. fyrir olíu 125			
	3. — steinkol 50			
	4. ýmisleg gjöld 100			
		675		
XV.	Gróttuviti: kr.			
	1. til vitavarðar 500			
	2. fyrir olíu 150			
	3. — steinkol 60			
	4. ýmisleg gjöld 240			
		950	950	
		45,001	37,826	82,827
	Samtals ...	....	.....	1,064,817

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast kr. 481,500.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	
	A.			
	Í þarfir andlegu stéttarinnar: kr.			
a.	1. laun biskupsins 5,000			
	2. skrifstofukostnaður 1,000			
		6,000	6,000	
	Flyt ...	6,000	6,000	

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar ...	6,000	6,000	
b.	önnur útgjöld:				
	1.	til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	6,500	6,500	
	2.	Til bráðabirgðaruppbótar brauðum ..... Ráðherrann úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
	3.	til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti ...	600	600	
	4.	viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	4,000	4,000	
	5.	framlag til prestlaunasjóðs	24,000	24,000	
			46,100	46,100	
					92,200
		B.			
		Til kenslumála.			
I.	Til prestaskólans:				
	a.	laun	9,200	9,200	
	b.	önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.	
	1.	húsaleigustyrkur handa lærisveinum, alt að 80 kr. til hvers	960	960	
	2.	námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.	1,000	1,000	
	3.	til tímakenslu	100	100	
	4.	til bókakaupa.....	300	300	
	5.	til eldiviðar og ljósa	150	150	
	6.	til umsjónar	100	100	
	7.	ýmisleg útgjöld	250	250	
	8.	til þess að gefa út kenslu-			
		Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200
bækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur gjöld:		kr.			
1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers		1,200			
2. námsstyrkur		1,600			
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið.					
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.					
3. eldiviður, ljós og ræsting		550			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda		700			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum ...		300			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		400			
7. þóknun til Þórðar geðveikralæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði		300			
8. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« alt að		200			
9. ýmisleg útgjöld		200			
			5,450	5,450	
þess að leigja hús handa læknaskólanum ...			1,000	1,000	
			9,650	9,650	19,300
Flyt ...			.....	.....	136,120

				1910.	1911.	Alls.
				kr.	kr.	kr
		Fluttar ...		.....	.....	136,120
III.	Til lagaskólans:	1910.	1911.			
		kr.	kr.			
	a. laun	6,800	6,800			
	b. til aukakenslu	800	800			
	c. önnur útgjöld:					
	1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers	640	640			
	2. námsstyrkur ..... Styrkurinn veitist með sömu skilyrðum og við prestaskólann og læknaskólann.	1,000	1,000			
	3. eldiviður, ljós og ræsting	250	250			
	4. til bókakaupa	500	500			
	5. húsaleiga	500	500			
	6. önnur útgjöld	200	200			
	7. til útgáfu kenslubóka	500	500			
				11,190	11,190	
						22,380
IV.	Til hins almenna mentaskóla:					
	a. laun			19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:		kr.			
	handa söngkennaranum		600			
	— fimleikakennaranum		700			
	fyrir dyravörzlu, umsjón yfir húsum og munum skólans og til hjúahalds		1,000			
				2,300	2,300	
	c. önnur útgjöld:	1910.	1911.			
		kr.	kr.			
	1. til bókasafns skólans	400	400			
	2. til eldiviðar og ljósa	1.400	1,400			
	3. til skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
	4. til fasts aukakennara	1,600	1,600			
	5. til annarar tímakenslu og prófdómenda	1,200	1,200			
	6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720			
	7. námsstyrkur	2,000	2,000			
	Flyt ...	8,920	8,920	21,500	21,500	158,500

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
	Fluttar...	8,920	8,920	21,500	21,500	158,500
	Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið					
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.					
8.	Þóknun handa lækni	100	100			
9.	Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
10.	Til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450			
11.	Til þess að gefa út kenslubækur handa hinum almenna mentaskóla 30 kr. fyrir örkina.....	600	600			
12.	Til áhalda við fimleika kenslu	100	100			
13.	Til verðlaunabóka	300	300			
				11,470	11,470	
				32,970	32,970	65,940
V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:					
a.	Laun			6,600	6,600	
b.	Önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.			
1.	Til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2.	Til eldiviðar og ljósa.....	600	600			
3.	Til tímakenslu og aukakenslu	2,500	2,500			
4.	Til styrkveitinga námspiltum	800	800			
5.	Ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,400	1,400			
				5,900	5,900	
				12,500	12,500	25,000
VI.	Til kennaraskólans:					
a.	Laun	6,600	6,600			
b.	Önnur útgjöld ·					
	Flyt...	6,600	6,600	....	.....	249,440

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
	Fluttar...	6,600	6,600	.....	.....	249,440
1.	Tímakensla	1,000	1,000			
2.	Eldiviður og ljós	800	800			
3.	Bókakaup og áhöld	300	300			
4.	Námsstyrkur	1,500	1,500			
5.	Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
				11,200	11,200	
						22,400
VII.	Til stýrimannaskólans:					
a.	Laun			3,200	3,200	
b.	Önnur útgjöld:					
1.	Til tímakenslu	1,000	1,000			
2.	Til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400			
3.	Til eldiviðar og ljósa ...	400	400			
4.	Ýmisleg útgjöld	600	600			
				2,400	2,400	
				5,600	5,600	
						11,200
VIII.	Til annarar kenslu:					
a.	Til kvennaskóla:					
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík	3,000	3,000			
2.	Til sama skóla 48 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að.....	2,000	2,000			
3.	Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	300	300			
4.	Til sama skóla til kaupa á húsbúnaði, rúmfötum og matreiðsluáhöldum f. á. alt að.....	2,000	»			
5.	Til kvennaskólans á Blönduósi	3,000	3,000			
6.	Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	2,000	2,000			
				12,300	10,300	
b.	1. Til barnaskóla			21,000	21,000	
	Þar af til barnaskóla í kaupstöðum 5,000 kr.					
	Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda,					
	Flyt...			33,300	31,300	283,040

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	33,300	31,300	283,040
og með því skilyrði, að skólarnir njóti móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
2. Til farskóla, alt að 200 kr. til hvers, og farkennara, þar sem ekki eru lögskipaðir farskólar, alt að 100 kr. til hvers ...	15,000	15,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annars staðar að, að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
3. Styrkur til að byggja barnaskóla utan kaupstaða alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu að húsinu ...	20,000	20,000	
4. Til framhaldskenslu handa kennurum ..	2,500	2,500	
5. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. Til eftirlitsferða eftir reikningi.....	600	600	
c. Til unglingaskóla, utan kaupstaða, þó eigi yfir 750 kr. til hvers, alt að	5,000	5,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.			
d. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	7,000	7,000	
e. Til viðgerðar á gamla skólahúsinu í Flensborg f. á.	500	»	
f. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
g. Til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
h. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
i. Til kenslu heyrnar- og málleysingja	6,500	6,500	
k. Til kenslu 3 blindra barna í Danmörku ...	900	900	
Flyt...	95,600	93,100	283,040

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	95,600	93,100	283,040
l. Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði .... kr. 1,500 Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að .. 600	2,100	2,100	
m. Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	480	480	
	98,180	95,680	193,860
IX. Til sundkenslu:			
a. Í Reykjavík..... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b. Til sundkenslu annarsstaðar ... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
	1,300	1,300	2,600
X. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
Samtals...	....	....	481,500

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 143,820.

	1910.	1911.	1910.	1911.	Alls.
	1910. kr.	1911. kr.	kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. Laun bókavarðar.....	3,000	3,000			
b. — 1. aðstoðarmanns	1,500	1,500			
c. — 2. aðstoðarmanns	1,000	1,000			
Flyt...	5,500	5,500			

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
fluttar...	5,500	5,500	.....	.....	
d. til að kaupa bækur og handrit	6,000	6,000			
e. til bókbands	1,400	1,400			
f. til samningar spjaldskrár (eftir reikningi)	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
			15,760	15,760	
2. til Landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar	1,200	1,200			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu...	600	600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250			
			3,850	3,850	
3. til Forngripasafnsins:					
a. laun fornmenjavarðar	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að	600	600			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,000	1,000			
Safnið sé opið frá 15. júní til 15. sept., 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 6 stundir á viku eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins.					
d. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að ...	1,000	1,000			
			4,400	4,400	
4. til Náttúrufræðisfélagsins			800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að landsstjórnin fái skírteini fyrir því, að náttúrugripasafnið sé eign landsins.					
Ennfremur að safnið sé til sýnis á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni í viku.					
5. til safnahússins:	1910. kr.	1911. kr.			
a. til eldiviðar, áhalda o. fl.....	2,200	2,200			
b. til dyravarðar	1,400	1,400			
			3,600	3,600	
6. til kaupstaðarbókasafna			2,000	2,000	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að bæjar og sýslufélög veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.					
		Flyt...	30,410	30,410	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	30,410	30,410	
7. til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði alt að ..... Landstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.	1,500	1,500	
8. til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík ... . 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.	2,000	2,000	
9. Til Þjóðvinafélagsins.....	750	750	
10. Til Fornleifafélagsins .... Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.	400	400	
11. Til Sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	750	750	
12. Til þess að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins, er þingið kýs þriggja manna nefnd til að semja og sjá um, alt að	5,000		
13. Til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út sams konar registur sem við fyrstu bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út.....	800	800	
14. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
15. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
16. Til Einars skálds Hjörleifssonar.....	1,500	1,500	
17. Til Þorsteins Erlingssonar skálds	1,500	1,500	
18. Til síra Valdimars Briem's	800	800	
19. Styrkur til Guðmundar skálds Magnússonar	800	800	
20. Til Guðm. skálds Guðmundssonar	600	600	
21. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds	300	300	
22. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
23. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
Flyt...	49,310	44,310	

	1910	1911	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	49,310	44,310	
24. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins	500	500	
25. Til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
26. Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi .... Bæði þessi tvö síðastnefndu félög gjöri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.	2,000	2,000	
27. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
28. Til leikfélags Reykjavíkur, alt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	1,000	1,000	
29. Til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000		
30. Styrkur til Jóns ritstjóra Ólafssonar til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að	1,500	1,500	
31. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands	1,000	1,000	
32. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
33. Styrkur til að gefa út lagasafn handa alþýðu (áframhald), 20 kr. fyrir örkina, gegn því að áframhald þetta verði eigi selt tiltölulega dýrara en þau bindin (4), sem út eru komin áður, f. á. alt að ..	800		
34. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
35. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
36. Til dr. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna ...	2,000	1,000	
37. Til Guðm. G. Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisrannsóknanáms f. á.	1,000		
38. Til Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna	1,500	1,500	
Flyt...	68,260	59,460	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	68,260	59,460	
39. Til Ísólfs Pálssonar til utanfarar í þeim tilgangi að afla sér tekniskrar mentunar f. á.	1,500		
40. Til jarðskjálftarannsókna	300	300	
41. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
42. Til Jóns Ófeigssonar til að gera þýzk-íslenzka orðabók	1,000	1,000	
43. Til Einars Jónssonar myndasmiðs	1,200	1,200	
Fjárveiting þessi er meðfram ætluð til þess, að hann geti varðveitt myndasafn sitt.			
	77,060	66,760	
Samtals...	.....	.....	143,820

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 402,720.

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	2,700	2,700	
b. Til aðstoðarkennara	1,000	1,000	
c. Önnur útgjöld:	1910.	1911.	
	kr.	kr.	
1. Til verklegrar kenslu	1,000	1,000	
2. Til kensluáhalda	500	500	
3. Til eldiviðar og ljósa	600	600	
4. Til styrkveitinga nemendum	400	400	
5. Ýmisleg útgjöld	600	600	
	3,100	3,100	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:			
a. Laun	3,000	3,000	
Af þessari fjárveiting eru 300 kr. launabót handa Hirti Snorrasyni fyrrum skólastjóra þar.			
b. Til aðstoðarkennara	1,000	1,000	
c. Önnur útgjöld:			
1. Til verklegrar kenslu	1,000	1,000	
2. Til kensluáhalda	500	500	
3. Til eldiviðar og ljósa	400	400	
Flyt...	1,900	1,900	10,800	10,800	

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
fluttar...	1,900	1,900	10,800	10,800	
4. Til styrkveitinga nemendum ...	400	400			
5. Ýmisleg útgjöld	600	600			
6. Til byggingar skólahúss úr steinsteypu.....	46,000				
			48,900	2,900	
3. Til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu			1,500	1,500	
4. Til Eiðaskólans:	1910. kr.	1911. kr.			
a. Bygggingarstyrkur	10,000	10,000			
b. Til verklegrar búnaðarkenslu ...	3,000	3,000			
			13,000	13,000	
5. Til húsmæðrakenslu á Eiðum...			1,000	1,000	
6. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds			1,000	1,000	
7. Til búnaðarfélaga			22,000	22,000	
8. a. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið ...			54,000	54,000	
b. Til nánari undirbúningsrannsókna og mælinga viðvíkjandi áveitu úr Þjórsá og Hvítá á Skeið og Flóa			4,000	4,000	
9. Laun skógræktarstjóra			3,000	3,000	
10. Til skóggræðslu.....			10,500	10,500	
11. Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu.....			2,000	2,000	
12. Til sandgræðslu.....			4,000	4,000	
13. Styrkur til samvinnusmjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905			14,000	12,000	
14. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum	1910. kr.	1911. kr.			
a. Laun	3,000	3,000			
b. Ferðakostnaður eftir reikningi...	500	500			
			3,500	3,500	
15. a. Laun handa 2 dýralæknum ...			2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík.....			400	400	
16. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
17. Styrkur til manns til að nema dýralækningar....			600	600	
18. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík			5,000	5,000	
19. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar			1,000	1,000	
Flyt...			202,900	154,900	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	202,900	154,900	
20. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds	600	600	
21. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds	300	300	
22. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,000	2,000	
23. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík	5,000	5,000	
24. Styrkur til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við húsabyggingar	800	800	
25. a. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði .. (1910. kr. 2,000; 1911. kr. 2,000)			
b. Til Þorsteins Guðmundssonar, launaviðbót (400 400)	2,400	2.400	
26. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
27. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. Til húsaleigu	700	700	
c. Til ljósa og eldsneytis	300	300	
28. Styrkur til tveggja íslenzkra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn	300	300	
29. Til fiskiveiðasjóðs Íslands	6,000	6,000	
Ef stofnað verður útgerðarmannafélag, er nái til allra eða flestra innlendra síldarútvegsmanna, þá skal jafnan leita álits þess félags um úthlutun á því fé í Fiskiveiðasjóði, sem ætlað er til eflingar síldarútvegi.			
30. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til iðnsýningar...		2,000	
31. Leiga eftir Gullfoss	300	300	
32. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	400	400	
	224,360	178,360	402,720
Samtals			402,720

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna framgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 127,720 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til síra Hjörleifs Einarssonar 500 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þorkelsdóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til Elinborgar Friðriksdóttur 600 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 800 kr.; til barnakennara Tómasar Davíðssonar 200 kr. — til allra þeirra hvort árið. Til fyrverandi alþingismanns Þorvalds Björnssonar í viðurkenningarskyni 1000 kr. f. á.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 360,393,67, er ætlast til að jafnist með tollauka samkvæmt frumvarpi því, sem lagt er fyrir þingið um bráðabirgðahækkun á ýmsum tollum.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1909 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði má verja alt að 10,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

2. Neshreppi utan Ennis má veita úr viðlagasjóði 8500 kr. lán gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar og sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, til þess að gera Krossavík á Hjallasandi að mótorbátakví. Lánið ávaxtast og endurborgist með 6 % á 28 árum.

3. Sláturfélagi Suðurlands má lána úr viðlagasjóði 45,000 kr. gegn jafnmiklu stofnfé (hlutafé) og ábyrgð sýslunefndanna í V.-Skaftafells, Rangárvalla, Árness, Kjósar, Borgarfjarðar og Mýra sýslna, og $4^1/_2$% vöxtum og afborgun á 15 árum.

4. Öðrum sláturfélögum má lána úr viðlagasjóði 25,000 kr. gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda og öðrum kjörum hinum sömu.

5. Ullarverksmiðjunni á Akureyri má lána úr viðlagasjóði alt að 50,000 kr. með ábyrgð bæjarstjórnar og sýslunefndar Eyfirðinga gegn $4^1/_2{}^0/_0$ vöxtum og afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Íshúsfélagi Vestmannaeyja má lána úr viðlagasjóði alt að 20,000 krónur á ábyrgð sýslufélags Vestmannaeyja gegn $4\frac{1}{2}$ % ársvöxtum, afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

7. Handa Heilsuhælisfélaginu má ábyrgjast 150 þús. kr. lántöku til að koma upp heilsuhæli á Vífilsstöðum yfir 50 sjúklinga.

8. Fljótshlíðarhreppi má veita úr viðlagasjóði 5 þús. kr. lán gegn ábyrgð sýslunefndar Rangæinga með $6^0/_0$ í vöxtu og afborgun á 28 árum.

9. Alt að 6000 kr. má lána úr viðlagasjóði kirkjusjóði Íslands, ef á þarf að halda, til að hlaupa undir bagga til að endurreisa 2 kirkjur í Árnessýslu. er fuku í vetur.

10. Úr viðlagasjóði má lána Björgvin Vigfússyni sýslumanni í Rangárvallasýslu alt að 12,000 kr. til að koma sér upp embættisbústað gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast og endurborgist með $6^0/_0$ á 28 árum.

11. Lánið er bundið því skilyrði, að bústaðurinn sé á heppilegum stað fyrir sýsluna, og að alt lánið falli í gjalddaga, ef ekki um semur með honum eða búi hans um kaup á húsi og jörð við eftirmann hans í embættinu á sínum tíma.

12. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 20,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi ávaxtast með $4^0/_0$ og eru, að því er snertir samgirðingar og ábúendur á jörðum einstakra manna, afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en afborgist síðan á 20 árum með jafnri afborgun á ári. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum fá lán þessi gegn $6^0/_0$ árgjaldi í vöxtum og afborgunum í 28 ár. Lán þessi veitast eftir tillögum Búnaðarfélags Islands.

13. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2{}^0/_0$, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

14. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, er ávaxtist með $4^0/_0$ árlega, og endurborgist á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 40,000 kr.

15. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum. Lán þessi ávaxtist með $4^0/_0$ árlega og endurborgist á 15 árum.

Nd.

429. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 16. nóv. 1907, fyrir árin 1906 og 1907 veitist 278,655 kr. 13 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 8. gr. fjárlaganna veitast:

Við tölulið 5. til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	kr.	1,345,39	
Við tölulið 7. til viðhalds stjórnarráðshússins	—	1,917,99	
	Kr.	3,263,38	

3. gr

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna veitast:

Við B. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1 b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna	kr.	5,658,66	
Við tölulið 1 e. til pappírs og prentunar og aukavinnu við landshags-skýrslur	—	1,142,46	
Við tölulið 1 d. flutningsgjald með póstum	—	872,45	
Við tölulið 1 e. til að gefa út registur við stjórnartíðindin	—	799,20	
Við tölulið 3 fyrir 3 kemiskar slökkvidælur	—	500,93	
	Kr.	8,973,70	

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:

Við tölulið 1 b.	1.	handa póstafgreiðslumönnum utan Rvíkur	kr.	368.00	
— —— 1 c.		handa bréfhirðingamönnum.....	—	603,00	
— —— 2.		Póstflutningur	—	9 013,25	
— —— 4. d.		fyrir prentun á ýmsu	—	12,547,17	
	e.	til áhalda	—	4,063,50	
	f.	til bréfburðar í Reykjavík	—	400,00	
	h.	óviss útgjöld	—	514,55	
	i.	til viðhalds húsi og áhöldum	—	2,462,36	kr. 29,971,83

Við B. Til vegabóta:

Við tölulið 1 b.		ferðakostnaður verkfræðings	kr.	616,19	
— —— 3		til flutningabrauta	—	30,305,72	
— —— 6		til áhaldakaupa og verkfæra	—	9,758,22	
		Eftirstöðvar af kostnaði við Lagarfljótsbrú ...	—	3,425,75	
		Kostnaður við brúargjörð á Hvítá og Tungufljót	—	10,089,09	— 54,194,97
				Flyt kr.	84,166,80

			Flutt kr.	84,166,80
	Við D. Til ritsíma og málþráða:			
Við tölulið 2—3.	Til landsímalagningar frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur	kr. 67,527,57		
— —— 4.	Til að mæla upp landsímalínuna og setja upp kílómetramerki	— 1,733,46		
— —— 5.	Til starfreksturs landsímasambandsins	— 3,772,30	kr.	73,033,33
	Við E. Til vita:			
Við staflið d. 7.	Til að byggja varðklefa við vitann á Skagatá	kr. 388,45		
— —— m.	Til að byggja vita í Vestmannaeyjum	— 363,25	—	751,70
			Kr.	157,951,83

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kennslumála veitast:

Við B. III. c. 3.	viðgjörð á húsi hins almenna mentaskóla	kr.	17,777,69
— - V. b.	ýmisleg útgjöld stýrimannaskólans	—	149,59
	Við sama lið sbr. fjáraukalög fyrir árin 1906 og 1907, 16. nóvbr. 1907, til stækkunar og endurbóta á kjallaranum undir stýrimannaskólanum	—	366,07
		Kr.	18,293,35

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við tölulið 2.	ferðakostnaður verkfræðingsins	kr.	178,95
— —— 6.	til útrýmingar fjárkláðanum	—	52,389, »
	Leiga fyrir Gullfoss frá $^{1}/_{9}$—$^{31}/_{12}$ 1907	—	100, »
		Kr.	52,667,95

7. gr.

Í viðbót við gjöld þau, er ræðir um í 18. gr. fjárlaganna veitast:

1.	Fyrir gullkrans á kistu konungs og önnur útgjöld í tilefni af andláti hans	kr.	2,694,15
2.	Kostnaður við milliþinganefnd í kirkjumálum	—	778,79
3.	Fyrir gullúr með ágreftri sem verðlaun fyrir að bjarga skipshöfn úr sjávarháska	—	225, »
4.	Styrkur til Sigurðar Péturssonar til að kynna sér fangavarðarstorf erlendis	—	500,00
5.	Fyrir einkennisbúning handa fangaverði	—	102,25
6.	Andvirði fyrir smásjá handa dýralækni	—	300, »
		Kr.	4,600,19

8. gr.

Í viðbót við styrk þann, er síra Gísla Skúlasyni var veittur með fjáraukalögum 20. október 1905, fyrir árin 1904 og 1905, til utanfarar til að læra að kenna heyrnar- og málausum veitast 400 kr.

9. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt var í fjáraukalögum 16. nóvbr. 1907 fyrir árin 1906 og 1907 veitast:

1.	Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi	kr.	2,800, »
2.	Til að byggja hús undir áhöld landsjóðs	—	639,72
		Kr.	3,439,72

10. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt er til að koma upp geðveikrahæli og útbúa það sbr. lög nr. 33, 20. okt. 1905, veitast kr. 9,285,01.

11. gr.

Sem viðbót við útgjöld landssjóðs á árunum 1906 og 1907 veitast:

1.	Andvirði 2 húsa á Þingvöllum, sem bygð voru í tilefni af komu konungs og ríkisdagsmannanna ..... kr.	15,000, »
2.	Fyrir 2 vagna, er keyptir voru konungi til afnota ... . —	4,780, »
	Alls kr.	19,780, »

Stjórninni veitist heimild til þess að selja ofangreind hús fyrir það verð, er 2 dómkvaddir menn meta.

Reikningsábyrgð á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu árið 1906 að upphæð kr. 312,65 falli niður.

Nd.

430. Nefndarálit

um frumvarp til laga um eiða og drengskaparorð.

Frumvarp þetta höfum vér athugað, og teljum stefnu þess rétta, og viljum vér ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja það með nokkurum breytingum.

Tvær af breytingum þessum eru efnisbreytingar, en hinar aðrar eru að eins orðabreytingar, sem flestar leiðir af þessum tveim meginbreytingum.

Önnur aðalbreytingin, sem vér leggjum til, er sú, að tekinn verði upp fyrir kristna menn bókareiðurinn, sem gekk hér í landi fram í byrjun 18. aldar og enn tíðkast hjá öllum þjóðum, er enska tungu mæla eða brezku valdi lúta.

En hin aðalbreytingin frá núgildandi lögum er sú, að eiður skuli unninn og drengskapur við lagður á ð u r en vætti sé borið, sem einnig tíðkast með enskum þjóðum.

Form fyrir viðeigandi áminningu við eiðatökur ætlumst vér til, að landsstjórnin sjái um, að samið sé. Vér álítum það ekki hlutverk nefndarinnar. Hins vegar látum vér til hliðsjónar og fróðleiks fylgja þessu nefndaráliti 3 fornar útskýringar eiða frá ýmsum tímum. Að öðru leyti verður gerð grein fyrir þessu efni í framsögu málsins.

Alþingi 1. Apríl 1909.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Jón Þorkelsson, skrifari.	Skúli Thoroddsen.
Einar Jónsson.	Jón Olafsson.	

B r e y t i n g a r t i l l ö g u r.

1. Við 2. gr. Eftir orðin »framburði sínum« bætist: »með þeim hætti, að þeir leggja höndina þá ena hægri á heilaga ritning, og skal eiðstafur þeirra vera«.
2. —»— Eftir »þvílíkum orðum« bætist inn: »Til þess legg eg hönd á helga bók og«.
3. —»— Fyrir orðin »í dag er« komi: »í dag skal að mínu viti vera«.

4. Við 3. gr. Fyrir »skulu« (í 1. línu) komi: »mega«.
5. —»— Fyrir orðin: »er nú hefi eg flutt og framborið« komi: »er eg nú flyt og fram ber«.
6. —»— Eftir orðin »eg fer« bætist: »að mínu viti«.
7. —»— Fyrir orðin »engra muna skvld« komi: »hvorki fyrir vild né óvild né fyrir nokkurra hagsmuna sakir«.
8. Við 4. gr. Fyrir orðin: »eigi fyrr fram en eftir að vætti er borið« komi: »fram áður vætti sé borið.«

Fylgiskjöl

við nefndarálit um frumv. til laga um eiða og drengskaparorð.

1.

Utskýring eiðs frá 14. (og 15.) öld.

[Eftir lögbók Skálholtsdómkirkju hinni fornu á skinni í safni Árna Magnússonar 351. Fol. bl. 125 b, skrifaðri nál. 1360.]

Ef maðr sverr rangt.

Hverr sá, sem sverr úsæran eið ok rangan, þá gerir hann þrjá luti.

Fyrst sem hann segi at öll þau orð, er rituð eru heilug í þessi bók, þá verði mér alldri til hjálpar hvárki ný lög né forn, ef ek lýgr í þessum mínum eiðstaf.

Sá er annar lutr, er hann leggr hendr sínar upp á bók, sem hann svo segi, at öll mín góð verk, er ek hefer gert, verði mér alldri til nytsemdar í augliti guðs, ef ek segi æigi satt í mínum eiði.

Þriði lutr er sá er hann kyssir bókina, sem hann svá segi at allar þær góðar bæner, er ek hefer beðit með mínum munni at hjálpa sál minni, þá stoði mér ekki þær, ok æigi heilagra manna bænastaðir, ef ek lýgr í þessum mínum eiðstaf.

2.

Eiðskýring frá 16. öld.

[Eftir lögbók á pappír í Uldalssafni 320. 4to í bókhlöðu konungs í Kaupmannahöfn, ritaðri 1603 með hendi Björns málara Grímssonar sýslumanns í Árnesþingi.]

Um rangan bókareið.

Hver, sem sver rangan bókareið, þá undirstandast þar inni þreföld misbrot.

Hinn fyrsti sem hann svo segði, að alt það, sem ritað er í helgum ritningum, verði honum aldrei að gagni, þar með hvorki ný lög né forn, ef hann lýgur í sínum eiðstaf.

Annar partur í eiðstafnum er sá, að hann leggur hönd á bókina, sem segði hann, að öll þau góðverk, sem hann hefur gert eða gerir héðan af, verði honum aldrei að neinu góðu í guðs augliti, ef hann lýgur í sínum eiðstaf, því að með hendinni gerir hann góðverk.

Hin þriðja grein er þessi, er hann kyssir bókina, sem gert var að fornu, sem hann segði, að allar þær góðar bænir, sem hann segir með sínum munni, þá duga hon-

um alls ekki til sálarinnar gagnsemi, ef hann segir fals í sínum eiðstaf, og á hans orðum [1]) verði aldrei trúnaður lagður, — sem Júdas griðníðingur, þá hann kysti Christum.

Um sannan bókareið.

Af því að guð sjálfur er sannleikurinn, þá vill hann að hvers manns hjarta og munnur vitnist með sannindum. Því skulu það vera já, sem já er, og það nei, sem nei er. En sökum mannsins breyzkleika, er varla trúa berum orðunum, þar fyrir heimtist þessi staðfesting orðanna og framburður, sem er eiðurinn. Er því eingin synd, þá satt er svarið, og fyrir því eru þeir skipaðir til sættar og samþykkis og að guð hafi sinn heiður í því, að sannindin hafi framgang, en lygarnar verði keyrðar tilbaka, fólkið fær náðir, friðurinn styrkist, því þeir, sem fyrr voru óvinir, verða vinir, sannindin birtast fyrir vottanna heyrslu, skýrslu og undanfærslu, það sem dómurinn dæmir. Enn þó að eiðanna séu margfaldar greinir, þá skal þó yfir alt þessar varðveittar:

Fyrst sannleikurinn með hreinni samvizku, að mann sverji ekki hvatskeytlega, svo það skeði jafnlega fyrir nauðsynjar.

Annað, sem er réttvísra, að það sé svarið, sem löglegt er og rétt til staðfestu guðs laga og landsins.

Þriðja, ef maðurinn er svo blindaður og af djöflinum setinn, að hann sver til þess að drýgja nokkra skömm eður vanheiður og mannilsku, sverjandi ólögligt, leggjandi svo skömm fyrir skömm, þann eið má sektalaust rjúfa með beztu manna ráði.

Meður þessu, þá sé nú hver og einn kristinn maður við varaður fyrir fölskum og ósönnum eiði, svo hann mætti ekki með það síðsta verða djöfulsins eign og hans meðfylgjari, hverjum hann gefur sig fyrir einn falskan eið og tekur sig í frá guði, sínum skapara og heilsugjafara, — þá hinu dýrmætu sálu, fyrir hverju oss guð bivari. Amen.

3.

Eiðskýring frá 17. öld.

[Eftir dómakók í handritasafni Kaupmannahafnardeildar Bókmentafélagsins 315 B 4to, skrifaðri nál. 1680 eða nokkru fyrri],

Hverninn út skal þýðast bókareiður.

Hver, sem sver rangan bókareið, sá gerir þrjá hluti, sem hér fylgir:

Fyrst svo sem hann segi, að allir þeir góðir hlutir og orð, sem á öllum bókum eru rituð, verði honum aldrei til hjálpar né nytsemdar, hvorki ný lög né forn, þau sem guð hefur skipað, ef hann lýgur í þessum sínum eiðstaf.

Sá er annar hlutur, að þá hann leggur hendur sínar á bókina og heldur á henni, er sem hann segi, að öll þau góðverk, sem hann hefur gert, verði honum aldrei til gagns og nytsemdar í guðs augliti, ef hann segir ekki satt í þessum sínum eiðstaf, því hönd táknar góðverk.

Hinn þriðji hlutur er sem hann segi, þá hann minnist við bókina, að allar þær bænir, sem hann hefur beðið góðar með sínum munni, eður annara bænastaðir stoði honum eður dugi alls ekki til sáluhjálpar, ef hann segir fals í þessum sínum eiðstaf.

Svo er og sá útlægur af landinu til Noregs um þrjá vetur og ekki dómsætur né vitnisbær, og enginn má honum vitni bera, nema í lífsnauðsyn og með þess manns leyfi, er kongs vald hefur í hendi. Svo og er sá sekur fjórum mörkum við kong, og aldrei þá þykir hann jafngóður dreingur.[2])

Og í guðs nafni fyrirbýð eg þér að sverja, ef ekki er sært. Abyrgi þér, en afsynja mér, ef hér er fals í þessum eiðstaf.

[1]) Svo handritið.

[2]) Sbr. Þjófabálk Jónsb., kap. 21.

Nd. **431. Álit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi.

(Þingskjal 144.)

Frá samgöngumálanefndinni.

Álit meiri hlutans:

Vér höfum ekki getað orðið hinum háttv. flutningsmanni frumvarpsins, sem í nefndinni situr, sammála um réttmæti þess.

Mjög þykir oss viðsjárvert, að farið sé að leggja á landssjóð viðhaldsskyldu vegarins frá Reykjarétt í Ölfusi austur að Ytri-Rangá. Þetta mannvirki er Árnesingum og Rangæingum til svo mikilla hagsmuna, að oss finst ekki annað hlýða, en að sýslurnar sjái um viðhald þess eins og vegalögin ætlast til, nema grundvelli þeirra laga sé þá með öllu raskað og landssjóður takist á hendur viðhald allra slíkra vega á landinu að meira eða minna leyti. Viljum vér benda á það, að Norður-Múlasýsla á að kosta viðhald Fagradalsbrautarinnar af sinni hálfu, enda þótt brautin sé öll í Suður-Múlasýslu, og yrði þá jafnframt að demba þeim kostnaði á landssjóð, til þess að samræmi héldist, ef farið væri á annað borð að breyta lögunum í þessa átt.

Ekki getum vér heldur fallist á breytingartillögur þær, er frumv. vill gera um afhending flutningabrauta og úttekt á þeim. Um það atriði látum vér nægja að vísa til umsagnar verkfræðings landsins, hr. Jóns Þorlákssonar, í bréfi hans til landsstjórnarinnar 22. f. m. og er það prentað hér sem fylgiskjal. Höfum vér fallist á röksemdir hans gegn því að breytt sé ákvæðum þeim, er nú gilda um þetta efni.

Samkvæmt því, sem hér er sagt, ráðum vér hinni háttvirtu deild frá því að samþykkja fyrrgreint frumvarp.

Alþingi 1. apríl 1909.

Björn Sigfússon, formaður.	Benedikt Sveinsson, skrifari og framsögum.	Jóh. Jóhannesson.
Ólafur Briem.	Björn Kristjánsson.	Þorl. Jónsson.

Álit minni hlutans.

Eg hefi ekki getað orðið háttvirtum meðnefndarmönnum mínum samferða hvað snertir skoðun þeirra á framangreindu frumvarpi. Eg hefi ekki getað sannfærst um að það innihaldi ekki í aðalatriðunum fylstu sanngirniskröfu, þar sem það ætlast til að landssjóður kosti viðhald vegarins úr Reykjavík og austu að Ytri-Rangá. Að mínu áliti ætti það að vera aðalreglan að landssjóður kostaði að sem mestu leyti viðhald allra aðalpóstvega í landinu og það því fremur sem póstferðirnar gefa landssjóði nú orðið talsverðar beinar tekjur, en íþyngja sem minst hlutaðeigandi sýslufélögum með fjárútlátum til viðhalds slíkra vega. Og þar sem hér er um slíkan veg að ræða, þá gæti það ekki skoðast öðru vísi en sem réttmætt að landssjóður héldi honum við fyrir eigin reikning. En eftir að hafa heyrt undirtektir háttv. meðnefndarmanna minna undir frumvarpið og séð

umsögn verkfræðings landsins um það, sé eg mér samt sem áður ekki fært að halda því til streitu í því formi sem það nú er í. Eg leyfi mér því nú að leggja það til að viðhaldsskylda Rangárvallasýslu á $^1/_3$ Flóavegarins sé afnumin og viðhaldstakmörk landssjóðsins verði í þess stað lengd frá Reykjarétt í Ölfusi austur að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall og kem með breytingartillögu á 1. gr. frumvarpsins í þá stefnu. Eg álít að Rangárvallasýsla hafi frekari ástæðu en nokkur önnur sýsla til að krefjast þess. Fyrst og fremst af því, að sú sýsla hefir sárlítið fé fengið úr landssjóði til vegalagninga — aðeins illa gjörðan ca. 15 km. veg frá Þjórsá að Rauðalæk — og hefir þessvegna orðið að leggja hart á sig með vegagjörðir upp á eigin spýtur. Í öðru lagi af því, að þó að Rangæingar noti óneitanlega Flóaveginn mikið, þá er hitt víst, að bæði Skaftfellingar og eigi síður Reykvíkingar hafa hans einnig mjög mikil not, og ættu þá, frá þeirri hlið skoðað, ekki síður en Rangæingar að taka þátt í viðhaldskostnaði hans. En með því að slíkt getur ekki álitist kleift, að dreifa viðhaldskostnaði þessa vegar á öll þau sýslu- og bæjarfélög, sem not hafa af honum, þá virðist ekki nema sanngjarnt, að landsjóður taki ríflegan þátt í viðhaldi hans. Með þessu virðist öll sanngirni mæla, ekki síst þegar á það er litið, að nefndar sýslur — Rangárvalla og Árnessýslur — fara að mestu leyti varhluta af öllum beinum notum strandferðanna, og vegaviðhaldskostnaðurinn hlýtur að verða þeim með tímanum alltilfinnanleg byrði, þótt sú tilhliðrun væri sýnd sem hér farið fram á.

Þess skal getið, að verkfræðingur landsins, J. Þ., hefir tjáð sig samþykkan því, að Rangárvallasýsla verði leyst frá viðhaldi vega utan sinna takmarka, og Árnessýsla taki að öllu leyti á sig viðhald Flóavegarins, en landssjóður sjái í þess stað um viðhald Ölfusvegarins frá Reykjaréttum að vegamótum við Ingólfsfjall, svo sem hér er farið fram á.

Breytingartillögur mínar við frumvarpið, sem eg ræð hinni háttvirtu deild til að fallast á, verða því þessar:

1. gr. orðist þannig:

Landssjóður kostar viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur um Ölfus að vegamótum Grímsnesbrautarinnar við Ingólfsfjall. Rangárvallasýsla tekur ekki þátt í viðhaldi flutningabrautarinnar utan Þjórsár.

Við 2. gr.

Tvær síðustu málsgreinarnar: »Afhending .... öðlast gildi«, falli burt.

Alþingi 3. apríl 1909.

Einar Jónsson.

Fylgiskjal.

Verkfræðingur landsins.

Reykjavík 22. marz 1909.

Hérmeð skal eg virðingarfylst leyfa mér að láta í ljósi álit mitt um nokkur atriði í frv. því til trygginga á vegalögunum, sem þeir Sigurður Sigurðsson og Einar Jónsson hafa borið fram í neðri deild alþingis á þingskj. 144.

1. gr. leggur á landssjóð viðhaldsskyldu vegarins frá Reykjarétt í Ölfusi austur að Ytri-Rangá, sem er að lengd 50$^1/_2$ km., en samkvæmt vegalögunum hvílir viðhald þessa kafla á Árness- og Rangárvallasýslum, og má ætla að árlegur kostnaður við það, verði ekki minni en 4000 kr, þarmeð talinn viðhaldskostnaður brúnna. Ennfremur fer greinin fram á að leggja á landssjóð kostnaðinn við gæzlu brúnna yfir Þjórsá og Ölfusá, en sá kostnaður hefir ekki hvílt á landssjóði til þessa, heldur

á sýslufélögunum og veit eg ekki hve mikill hann er árlega. Sérstaklega skal eg leyfa mér að taka það fram, að með ákvæðum greinar þessarar í sambandi við önnur ákvæði vegalaganna, sem standa eiga óhögguð, verður létt af Rangárvallasýslu öllu viðhaldi aðalvegarins gegnum sýsluna, sem á henni hefir hvílt að nokkru síðan 1894, um leið og viðhaldsskylda allra annara sýslna á landinu, sem flutningabrautir eða akfærir þjóðvegir liggja um, er aukin að miklum mun.

2. gr. gerir m. a. þá breytingu á 10. gr. vegalaganna, að ekki má afhenda flutningabraut til viðhalds, nema hún sé öll fullgerð fyrir 2 árum. Nú stendur sumstaðar svo á, að nokkur kafli brautarinnar, sá, sem næstur er kauptúninu, getur gert gagn út af fyrir sig, án þess að öll brautin sé lögð, og getur því verið ástæða til fyrir fjárveitingarvaldið að veita fé til þess að fullgera þann kaflann, en svo geta liðið mörg ár þangað til ástæða þykir að halda áfram. Dæmi þessa er Eyjafjarðarbrautin, fullger fyrir löngu fram að Grund, og kemur að miklum notum en óveitt fé enn þá til framhalds að Saurbæ. Svo stendur á, bæði um Húnvetningabraut og Grímsnesbraut, að full ástæða getur verið til að hraða sem mest lagningu fyrri helmingi hvorrar brautarinnar, þó seinni hlutarnir þurfi að bíða. Svo framarlega, sem það yfir höfuð þykir rétt að láta sýslufélögin annast viðhald akvega sinna, sýnist mér enginn efi á því, að rétt sé að þau taki til viðhalds slíka flutningabrautakafla, sem gera svo mikið gagn út af fyrir sig að ástæða þykir til að leggja þá út af fyrir sig, þó framhald þeirra verði að bíða. Ef ástæða þykir til að fresta afhendingu einhvers brautarkafla, þá er fjárveitingarvaldinu það ávalt í lófa lagið, með því að veita fé úr landssjóði til viðhalds þess kafla sérstaklega, sem óskað er að frestað verði að afhenda.

Akvæðin um úttekt brautanna í frv. eru nokkuð óljós, en meining flutningsmanna mun vera sú, að ef úttektarmenn finna eitthvað, sem er ábótavant að þeirra dómi, þá á afhending brautarinnar að bíða, þangað til úr því er bætt, og landssjóður þá væntanlega að kosta viðhaldið á meðan, hvort sem nokkuð hefir verið veitt til þess í fjárlögum eða ekki. Ef slík úttekt ætti að fara fram, þá væri alveg óhjákvæmilegt að setja fyrirfram fastar og ítarlegar reglur um það, hvernig flutningabrautir eigi að vera gerðar svo gilt sé, og verða sömu reglur þá líklega að gilda fyrir land alt.

Ef ekki eru fastar reglur að fara eftir, hlýtur úttektin að verða handahófsverk, engin trygging fyrir samræmi í úttektunum, og úttektamenn geta alls ekki eftir öðru farið en sinni eigin tilfinningu, og væri það í rauninni hið sama, sem leggja vald það í hendur úttektamannanna, sem 7. gr. vegalaganna leggur á hendur stjórnarráðsins, ákvörðunarvaldið um það hvernig vegirnir skuli gerðir. En þessu valdi fylgja svo mikil umráð yfir fé landssjóðs, að mér sýnist ekki geta komið til mála að fela það neinum öðrum en stjórninni.

Að setja fastar og algildar reglur um gerð brautanna væri hins vegar óhentugt og mjög örðugt ef ekki ómögulegt, því að fjarri fer því að hið sama eigi alstaðar við; má nefna það, sem dæmi, að sumstaðar er rétt að púkka vegarkafla, af því að viðhald með malarofaníburði tómum mundi verða ofdýrt, en þar, sem nógur og góður ofaníburður er við hendina og umferð ekki úr hófi, er ekkert vit í að púkka, sumstaðar má koma við steinbrúm og steinræsum, sumstaðar járnbrúm, sumstaðar verða menn jafnvel að sætta sig við trébrýr og tréhlemma yfir ræsum, þótt slík ómynd ætti raunar að hverfa sem fyrst. — Að setja fastar reglur um þetta og því um líkt er ekki til annars en að hindra og hefta eðlilega framför í vegagerðinni, og gera þeim, sem framkvæmdina eiga að annast, ómögulegt að neyta hagsýni sinnar til þess að velja það fyrirkomulag í hverju einstöku atriði, sem hentugast virðist þegar tekið er tillit bæði til stofnkostnaðar og viðhaldskostnaðar, og væri slíkt hvorki til hagsmuna fyrir landssjóð eða sýslufélög.

Auk þessa hefir úttektarfyrirkomulagið þann höfuðgalla, að aðfinningarnar koma þá eftir á, og verður oft miklu meiri kostnaður fyrir það en þyrfti; t. d. ef bygð hefir verið trébrú, en úttektamenn heimta járnbrú; þá er auðskilið að kostnaðarminna hefði verið að byggja í upphafi járnbrú.

Eg álít því að hugsun flutningsmanna, að útvega sýslufélögunum með úttekt, slíkri sem hér ræðir um, tryggingu fyrir því, að flutningabrautirnar séu vandlega gerðar[1]), sé óframkvæmanleg. Ef óskað væri mundi eg geta bent á þá einu leið til þess að ná tilgangi flutningsmanna, sem mér virðist vera fær.

Jón Þorláksson.

Til

Stjórnarráðs Íslands.

---

[1]) *góðar*, handr.

Ed.

432. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908—1909.

Nefndin leggur til að gjöra nokkrar breytingar á frumvarpi þessu, miða þær einkum til að lækka gjöldin. Nefndinni eða að minsta kosti meiri hluta hennar virðist full ástæða til þessara lækkana, þegar litið er á gjaldaauka þann, sem frumvarp þetta hefir í för með sér, í sambandi við hinn áætlaða tekjuhalla í fjárlagafrumvarpi neðri deildar. Samkvæmt þessu frumvarpi og fjárlagafrumvarpinu verður tekjuhallinn við lok næsta fjárhagstímabilsins um 530 þúsund krónur. Til þess að draga að nokkrum mun úr þessari voða-upphæð, sér nefndin ekki önnur ráð en að fresta sem frekast má verða, þjóðinni að stórbagalausu, ýmsum þeim fyrirtækjum, sem ráðgjörð eru, bæði í þessu frumvarpi og á næsta fjárhagstímabili, er mikinn kostnað hafa í för með sér, þótt þau í sjálfu sér séu nauðsynjaverk. Frekari grein fyrir þessari stefnu sinni mun nefndin gera í fjárlaganefndaráliti sínu og vikur því að frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Við 3. gr. B. II. Neðri deild hefir tekið í frumvarpið 11,500 krónur til að fullgera Fagradalsbrautina; er upphæð þessi samkvæmt tillögum landsverkfræðingsins. Nefndin getur eftir atvikum fallist á þennan viðauka en tekur það jafnframt skýrt fram, að hún ætlast til að landsstjórnin láti ekki dragast úr hömlu að afhenda braut þessa héruðunum til viðhalds jafnskjótt og lög heimila (haustið 1911).

Sama er að segja um næsta lið, þar sem 15,000 kr. eru ætlaðar til umbóta á nokkrum flutningabrautum, sem eru Holtavegur, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut, Borgarfjarðarbraut að Skarðslæk og brautin frá Ingólfsfjalli að Þjórsá. Nefndin ætlast til að allar þessar brautir verði afhentar er umbótum þeim er lokið, sem hér eru ráðgerðar.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að því sé frestað að þessu sinni að byggja brú á Ytri-Rangá. Telur hann ekki svo bráða nauðsyn á þessari vegabót, að ekki megi dragast og það einnig um næsta fjárhagstímabil. Áin er að öllum jafnaði ekki stórkostlegur farartálmi og þeir menn, sem aðallega hafa brúarinnar not, eru ekki meira en 1200—1500 að tölu.

Við B. III. Þessar 4000 kr. til vegagjörðar við Lagarfljót leggur nefndin til að fella. Vegarspotti þessi er hvorki flutningabraut né þjóðvegur og að því leyti landssjóði óviðkomandi, enda ekki brýn nauðsyn á vegabót þessari.

Brú á Grímsá kostar eftir áliti verkfræðingsins 2000 krónur.

Nefndin telur að dragast megi að brúa hin svokölluðu Síki í Helgafellssveit; liðurinn má því lækka um 1000 krónur.

Við 3. gr. E. 6. Þennan lið vill nefndin fella, telur lítil líkindi til að þessi leið verði nokkurn tíma fjölfarin stórskipaleið.

Við 4. gr. A. b. Nefndin leggur til að þessi liður sé feldur. Fyrir fáum árum fór fram aðalviðgerð á kirkjum þessum, voru þá málaðar utan og innan, að því er nefndinni er tjáð, og járnvarðar. Lítilfjörlegar aðgerðir telur nefndin mega gjöra með tekjum þeirra.

Við 4. gr. B. III. Nefndinni þykir ástæða til að verða við þeirri ósk forstöðumanns lagaskólans að auka styrk til bókakaupa við skólann að nokkrum mun; hér vantar nær því allar bækur í þeim sérfræðigreinum, sem kendar eru við skólann; telur nefndin fjárveitingarvaldinu það skylt, að gera þessa sem aðrar skólastofnanir

alls landsins svo úr garði, að þær samsvari sem bezt tilgangi sínum. Tillaga nefndarinnar er því, að 800 krónur séu veittar í þessu skyni.

Við 6. gr. Efri deild hefir samþykt að þessu sinni þingsályktunartillögu, sem fer fram á að stjórnin skipi 2 matsmenn á útflutningssíld á næsta sumri. Er þetta gjört eftir óskum síldarútvegsmanna á Eyjafirði. Mönnum þessum verður að ætla sómasamlega þóknun fyrir þennan starfa, sem að mestu leyti fellur á mesta annatíma ársins, auk þess verður að vera sem mest trygging fyrir því, að mennirnir séu þessum starfa vel vaxnir og hafi þekkingu á hvað til þess útheimtist að síld verði talin góð vara í útlöndum. Nefndin telur 600 króna þóknun fyrir hvern þessara manna sómasamlega borgun, en vill jafnframt að 800 kr. utanfararstyrkur sé ætlaður þeim báðum til þess að kynna sér verkun á síld.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður lækkun á gjöldum frumvarpsins kr. 57,400
en hækkun . . . . . — 2,800
Gjöldin því lækkað um . . . . kr. 54,600

Breytingartillögur nefndarinnar eru sem hér segir:

1. Við 3. gr. A. 4. Fyrir: »pósthúskjallaranum«, komi: »pósthúsinu«.
2. Við 3. gr. B. II. Liðurinn »Til brúargerðar á Ytri-Rangá kr. 42,000,00« ásamt innanstrikstölunum falli burtu.
3. Við 3. gr. B. III. »Lagarfljótsbrúarvegur kr. 4,000,00« falli burt.
4. Við 3. gr. B. III. Orðin »og svo kölluðu Síki í Helgafellssveit« falli burtu og í stað »3,000,00« komi »2,000,00«.
5. Við 3. gr. C. 2. e. Aftan við liðinn komi svo látandi athugasemd: »Að því tilskildu, að báturinn fari eftir samkomulagi við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu að minsta kosti 3 ferðir til Víkur og Vestmanneyja«.
9. Við 3. gr. D. II. 6. Í stað: »Til Bolungarvíkur . . . 6,000,00« komi:
»Til talsímalagningar frá Ísafirði til Hnífsdals og Bolungarvíkur kr. 8,000,00
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum — 2,000,00 6,000,00«.
7. Við 3. gr. E. 6. Liðurinn falli burtu.
8. Við 4. gr. A. b. Liðurinn falli burtu.
9. Við 4. gr. B. III. Á undan »b. 6.« komi nýr liður svo hljóðandi, sem verður b. 4.:
»Til bókakaupa 800,00«.
10. Við 6. gr. Á eftir liðnum: »Til iðnaðarmannafélagsins o. s. frv.« komi nýir liðir sem verða 21 a og 21 b svo hljóðandi:
»Þóknun til tveggja matsmanna á síld, öðrum á Siglufirði, hinum á Akureyri, 600 kr. til hvors, kr. 1,200,00«.
»Utanfararstyrkur til sömu manna, til þess að kynna sér verkun á síld 800,00«.

Alþingi 8. apríl 1609.

Eiríkur Briem, formaður.
Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.
Steingrímur Jónsson. Gunnar Ólafsson. Sigurður Hjörleifsson

Nd. **433. Álit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter frá 16. nóv. 1907, svo og 1. gr. laga frá 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipan millipinganefndar. (Þingskjal 153.)

Tollmálanefndin, sem háttvirt Nd. fal mál þetta til íhugunar, hefir nú rætt það og athugað, og hefir meiri hlutinn komist að þeirri niðurstöðu, að það sé eigi æskilegt að frumvarp þetta verði að lögum.

Þegar lögin um gjald af innlendri vindlagjörð lágu fyrir þinginu 1907, var málið rækilega íhugað, og verður nefndin að vera á þeirri skoðun, að hlunnindi þau, sem veitt eru vindlagjörðarmönnum með þeim lögum, hefðu átt að vera næg til þess, að þeir hefðu haldið vindlagjörð sinni áfram.

Nefnd sú, sem skipuð var í tollmálinu í Nd. alþingis 1907 segir í áliti sínu meðal annars þetta:

»Vindlagjörðarmaður hér í bænum hefir tjáð nefndinni, að úr hverjum 100 pd. af ónunnu tóbaki fáist til uppjafnaðar 75 pd. af vindlum; úrgangurinn 25 af hundraði, er annarsvegar rusl og sandur, hinsvegar leggir úr tóbaksblöðunum (um 20 %). Nú er aðflutningsgjaldið samkvæmt tolllögum fyrir Ísland 8. nóv. 1901 50 aurar af pundi af ónunnu tóbaki, en 2 kr. af vindlapundi. Ef gjaldið af innlendri vindlagjörð er sett helmingur af aðflutningsgjaldi og endurgoldinn tollurinn af leggjunum, ef út eru fluttir, þá verður hlutfallið þannig:

Ónnið tóbak 100 pd. aðflutningsgjald	50 kr.
Vindlar unnir úr því 75 pd.: ½ aðflutningsgjald .	75 —
Samtals . . .	125 kr.
Leggir 20 pd. endurgoldið aðflutningsgjald . . .	10 —
Eftir . . .	115 kr.

Um leggina er það að segja að fyrir þá fæst meira verð í Danmörku en nemi innflutningsgjaldi af þeim þar í landi.

Útkoman er því sú, með þessum hætti, að af innlendum vindlum yrðu goldnar um 115 kr. af hverjum 75 pd en 150 kr. af jöfnum þunga útlendra vindla.« (Sjá þingskjal 162 — 1907).

Nú hafa vindlaverksmiðjurnar, þrátt fyrir þessi miklu hlunnindi sem þeim voru veitt í nefndum tolllögum, lagt niður vindlagjörð sína, og þrátt fyrir það þó eigendurnir þá ættu öll áhöld til vindlagjörðarinnar.

Það er því ljóst, að ef landssjóður ætti að missa enn meira af tolli af vindlum frá útlöndum, en hér er gert ráð fyrir, til þess að verksmiðjurnar gætu svarað kostnaði, þá yrði það mjög tilfinnanlegt tap fyrir landssjóð, og atvinnuaukning sú, sem slík vindlagjörð veitir, gæti alls ekki vegið upp á móti þeim halla.

Meiri hluti nefndarinnar verður því að leggja til að frumvarp þetta verði felt.

Neðri deild alþingis, 5. apríl 1909.

Ólafur Briem, formaður. Björn Kristjánsson, skrifari. Jóh. Jóhannesson. Einar Jónsson.

Jón Ólafsson. Jón Sigurðsson.

Eg hefi ekki getað orðið háttvirtum meiri hluta nefndarinnar samdóma, og mun færa ástæður fyrir því, er málið kemur til umræðu í deildinni.

Magnús Blöndahl.

Ed.

434. Nefndarálit

um frumvarp til laga um verzlunarbækur (þskj. 340).

Vér undirskrifaðir, sem háttv. efri deild kaus til þess að íhuga ofannefnt frumvarp, höfum rætt það með oss á nokkrum fundum og orðið á einu máli um að frumvarp þetta sé nauðsynlegt, þar sem álitamál er um hvort verzlanir nú á tímum eru skyldar að halda nokkrar verzlunarbækur, og þó svo væri (samanb. Tilsk. frá 13. júní 1787, kap. II), þá eru þau lagaákvæði fallin í gleymsku, enda ópraktisk orðin og á eftir tímanum.

Nefndin hefir þó eigi að öllu leyti getað fallist á frumvarpið og leggur því til að gjörðar séu á því nokkrar breytingar. Hin helzta þeirra er sú, að gera eigi kaupmönnum að skyldu að láta löggilda frumbókina. Við margar verzlanir hér á landi er sú regla við höfð nú, að hafa frumbókina svo útbúna, að hvert blað hafi viðfest samritsblað þannig, að það, sem skrifað er á fremra blaðið, kemur fram á aftara helmingi blaðsins í samriti. Frumritið er þá auðvelt að rífa frá og afhenda viðskiftavin. Þetta fyrirkomulag álítur nefndin hið ákjósanlegasta og tryggilegasta fyrir því að ekki misritist, gleymist eða aflagist á neinn hátt það, sem um er samið, þegar bókfærð viðskifti eiga sér stað, að því viðbættu að verð á vörunni, sem seld er eða keypt, sé strax sett við í frumbókina og samritið, eða ef ekki er hægt að ákveða það strax, þá það, sem um það kann að vera samið. Með þessu móti er bezt komið í veg fyrir deilur, er oft eiga sér stað manna á meðal, útaf viðskiftum og verðlagi, er ýmist gleymist viðskiftamönnum, eða jafnvel hefir verið þeim hulið þegar kaup voru gerð. Löggilding frumbókarinnar útaf fyrir sig álítur nefndin hvorki nauðsynlega né gefa þá trygging, sem til er ætlast fyrir því, að viðskifti manna séu rétt skráð. Gæti miklu fremur oft orðið að skæðu vopni í höndum miður hlutvandra manna gagnvart viðskiftavinum, er má ske aldrei hefðu haft fulla hugmynd um verðlag m. m., er þar hefði verið skráð, en hefði þó fult sönnunargildi, jafnvel eftir 3 missiri.

Þá vill nefndin breyta ákvæðum 8. gr. að því er snertir hinn ákveðna tíma, sem frumbókinni er ætlað að hafa fult sönnunargildi. Í frumvarpinu er þessi frestur settur mismunandi eftir því hvenær á árinu að skuldin hefir myndast, og er víst meint með því, að viðskifti manna séu ekki gerð upp eða reikningur (skiftavina) ekki afskrifaður nema einu sinni á ári. En því fer fjarri að því er flest verzlunarviðskifti snertir nú orðið. Enda hefir hver skiftavinur ætíð fulla vissu um viðskifti sín samkvæmt þeim breytingum, er nefndin stingur upp á að gerðar séu á 2. gr. og leiðir því aftur þar af, að fyr áminstur frestur eigi ætíð að vera jafn langur, og telur hæfilegt að hann sé í lengsta lagi ákveðinn 1 ár frá því, er skuldin varð til.

Aftan við frumvarpið vill nefndin bæta nýrri grein til þess að nema úr gildi 17. og 18. gr. í tilskipun frá 13. júní 1787 um viðskiftabækur (Kontrabækur), með því að þær virðast með öllu óþarfar, ef frumvarpið nær fram að ganga ásamt breytingum þeim, sem nefndin stingur upp á, enda hefir og reynzlan sýnt að þær hafa á síðari árum verið lítið notaðar, sökum þess að örðugt er að halda þeim í því lagi sem til er ætlast.

Breytingartillögur.

Við 2. gr.

1. Útlendu orðin innan sviga — (Prima, Nota, o. s. frv.) — falli burt.
2. Í stað orðanna — »og skal sú bók vera gegnumdregin, —« til enda greinarinnar, komi: Í bók þessa skal rita nöfn þeirra er hafa afhent og móttekið vöruna er hún

var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn) og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða innlögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætíð látið skiftavin í té í hvert sinn og einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

Við 4. gr.

3. Orðið refsing í fyrstu línu þessarar greinar falli burt.

Við 5. gr.

4. Í stað orðsins »löggiltar« í fyrstu línu greinarinnar komi: lögskipaðar.

Við 7. gr.

5. Á eftir orðinu »fangelsi« komi: við vatn og brauð.

Við 8. gr.

6. Fyrri hluti greinarinnar orðist svo: Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún varð til og skal þá það sem skráð er í lögskipaða frumbók, o. s. frv.
7. Niðurlag greinarinnar (síðustu málsgreinar) »er bækur beggja eru löggiltar, þær er innfærslurnar eru í« falli burt.
8. Aftan við frumvarpið bætist ný grein, svo hljóðandi: Tilskipun frá 13. júní 1787 II. kapítuli 17. og 18. gr. um viðskiftabækur er úr gildi feld.

Efri deild alþingis 7. apríl 1909.

J. Havsteen, formaður. Aug. Flygenring, skrifari og framsögumaður. Gunnar Ólafsson.

Ari Jónsson. Sigurður Stefánsson.

Ed.

435. Nefndarálit

um frumvarp til laga um námsskeið verzlunarmanna (Þingskjal 385).

Nefndin, sem háttv. Ed. fal að athuga frumvarp þetta, hefir fallist á ákvæði þess, og telur það til stórra bóta frá gildandi lögum um iðnaðarnám frá 16. sept. 1893, sem ekki verða heimfærð til verzlunarnáms, nema í einstökum atriðum. Frumvarpið er þó samið í líkingu við nefnd lög og inniheldur að mestu leyti samskonar ákvæði. Það nær að eins til kaupstaðanna, en ekki kauptúna alment, og mun orsökin til þess vera sú, að flutningsmenn hafa talið all-torvelt, ef ekki ómögulegt, að veita nemendum nauðsynlega fræðslu annarsstaðar en í kaupstöðunum. En þó mun mega ganga út frá því sem vísu, að frumvarpið, ef það verður að lögum, verði notað í ýmsum öðrum verzlunarstöðum hér á landi, þar sem nauðsynleg skilyrði eru fyrir hendi, að því er snertir kenslu fyrir nemendur, enda virðist ekkert á móti því, þó skyldan til þess að notfæra sér lögin hvíli eingöngu á verzlunarforstjórum í kaupstöðum.

Nefndin leyfir sér að stinga upp á nokkrum smábreytingum við frumvarpið. Hin fyrsta þeirra er sú, að reynslutími nemenda sé lengdur úr 1 mánuði í 3 mánuði. Vér lítum svo á sem 1 mánaðar reynslutími sé altof stuttur; á einum mánuði getur nemandi ekki fengið neina hugmynd um það starf, sem hann hefir bundist til að læra, má ske í 5 ár, og ætti að gera að lífsstarfi sínu, og hins vegar getur húsbóndi tæplega séð á þeim tíma hvort nokkurt efni eða hæfilegleiki býr í nemandanum til þess að hann geti orðið að dugandi verzlunarmanni.

Í 6. gr. er húsbónda nemenda gert að skyldu að reka hann burt úr vistinni (ɔ: frá náminu) strax og hann verður uppvís að einhverri óráðvendni. Þetta ákvæði þykir nefndinni of hart, og vill í þess stað að eins gefa húsbónda heimild til þessa. Því hugsanlegt er, að piltur eða stúlka — má ske innan fermingaraldurs — fyrir skort á góðu uppeldi eða af gáleysi sýni af sér óráðvendni í fyrstu, einkum þar sem freisting er mikil fyrir óþroskaðar persónur, eins og við verzlanir, án þess þó að í þeim búi meðfædd tilhneiging til óráðvendni. En slíka óráðvendni ætti húsbónda að vera skylt og auðvelt að uppræta.

Þá vill nefndin gera litla breyting á 7. gr. Fella í burtu heimild þá, sem þar er veitt stjórninni til undanþágu frá ákvæðum þeim, er greinin setur um hvíldartíma nemanda. — Nefndin fær eigi betur séð, en að ákvæði greinarinnar um vinnutíma nemenda gangi full-langt, þar sem svo er að orði komist: »að jafnaði má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna,« — þótt ekki sé við það bætt undanþágurétti, sem stjórnarráðinu er ætlað að veita til að skerða þennan hvíldartíma enn meir. Það álítur nefndin vægast sagt óráðlegt, og um nokkra brýna nauðsyn til þess getur alls eigi verið að ræða.

Breytingartillögur.

Við 5. gr.

1. Í stað orðanna »Fyrsta mánuðinn«, í upphafi greinarinnar, komi: Fyrstu 3 mánuðina.

Við 6. gr.

2. Í stað orðanna: »skal hann tafarlaust rekinn burt frá náminu«, í niðurlagi greinarinnar, komi: má reka hann burt frá náminu.

Við 7. gr.

3. Síðasti málsliður þessarar greinar: »Stjórnarráðið getur veitt undanþágu«, o. s. frv. til enda greinarinnar, falli burt.

Við 13. gr.

4. Orðið »viðkomandi« í 4. línu falli burt.

Efri deild alþingis 10. apríl 1909.

J. Havsteen	Aug. Flygenring
formaður.	framsögumaður og skrifari.

Sigurður Stefánsson. Ari Jónsson. Gunnar Ólafsson.

Ed.

436. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð undir skólahúsbygging.

Flutningsmaður Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð undir barnaskólahúsbygging og aðrar nauðsynlegar byggingar og svæði í sambandi við skólann.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni. Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

Nd.

437. Nefndaràlit

um frumvarp til laga um stofnun hæstaréttar á Íslandi.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild hefir kosið í þetta mál, er öll sammála um það, að nauðsyn beri til þess að dómsvald það alt, er menn hér á landi verða að hlíta, sé í landinu sjálfu, og telur hún því tilgang frumvarpsins réttan. Nefndin er og í öllum meginatriðum samþykk flestum ákvæðum frumvarpsins. Það sem nefndina hefir helzt greint á um er það, hvort málfærsla fyrir hæstarétti á landi hér skyldi heldur vera munnleg eða skrifleg. Hafa sumir nefndarmenn heldur hallast að munnlegri málfærslu, jafnvel í öllum málum, en einkum í meiðyrða og sakamálum. Þó hefir ekki úr þessu efni orðið ágreiningur til þrautar að sinni, heldur hefir öll nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að málflutningur skyldi vera skriflegur við dóm þenna fyrst um sinn, þangað til að dóminum sjálfum litizt hentara að munnleg málfærsla væri tekin upp, sem öll nefndin kannast við, að öllu leyti sé viðkunnanlegast, að verða mætti.

Vér leyfum oss því að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarp þetta, með nokkrum breytingum að vísu, sem vér komum fram með jafnframt þessu nefndaráliti. Að öðru leyti verður væntanlega í framsögunni gerð frekari grein fyrir hverju einstöku atriði, er þykja kynni aðgæzluvert í þessu efni.

Alþingi 10. apríl 1909.

Skúli Thoroddsen formaður. Jón Þorkelsson skrifari.

Jón Magnússon. Benedikt Sveinsson. Jóh. Jóhannesson.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um stofnun hæstaréttar á Íslandi.

1. Við 3. gr. Fyrir orðin: »lagapróf . . . . einkunn« komi: lagapróf með fyrstu einkunn við laga skóla á Íslandi eða Kaupmannahafnarháskóla.
2. — » — 4. línu: Orðin »4. gr. með 1. einkunn« falli niður.
3. — » — 6. línu: Fyrir »stáðist« komi »staðist«.
4. — » — 7. línu: Orðið »hafa« falli niður.
5. — 4. gr. Fyrir: »Stjórnarráðið ákveður nánar« komi: »Dómurinn sjálfur ákveður nánara«.
6. — 5. gr. Á eftir orðin »stýrir dómi« komi: »en í forföllum hans 1. meðdómandi«.
7. — 6. gr. Fyrir orðin »gefur afrit« komi: »láti í té afrit«.
8. — 7. gr. Orðin »að sitja dóm« falli niður.
9. — 9. gr. Eftir »dómsvaldsins« bætist inn: »nema þau beri undir landsdóm«.
10. — 10. gr. Fyrir »nemi« (á fyrra stað í 1. málsgr.) komi: »nema«.
11. — » — Í fyrstu málsgr. Fyrir »20 krónum« komi: »100 krónum«.
12. — » — Í 2. málsgr. Eftir orðið »mannorð« bætist inn: »eða er höfðað til refsingar af hálfu einstakra manna eða valdstjórnarinnar«.
13. — » — 3. málsgrein falli niður.
14. — » — í 4. málsgr. Fyrir orðin »eftir beiðni . . . sama er og um ákærða«, komi: »ef sá, sem sakfeldur er, æskir þess«.
15. — » — 4. málsgr. (í síðustu línu): Fyrir orðið »hegningarvinnu« komi »tiptunarhússvinnu«.

16. Við 10.gr. í 6. málsgr. Fyrir »stjórnarráðið« komi »hæstiréttur«.
17. — 11 gr. í 1. málsgr. Orðin »sbr. . . . 16. gr.« falli niður.
18. — » — 5. málsgr. (»Áfrýjunarfresti . . . . gefin út«) falli niður.
19. — 13.— í 2. málsgr. Fyrir »skal stefna gefin út« komi: »skal hæstaréttarstefna fengin«.
20. — » — í 3. málsgr. Orðin »til að leggja það til hæstaréttar« falli niður.
21. — » — í 3. málsgr. Fyrir orðin: »ef stefna er gefin út«, komi: »ef hæstaréttarstefna er fengin«.
22. — 15.gr. Greinin orðist svo: »Til staðfestu hæstaréttarstefnum skal vera undir þeim nafn dómsmálaritara og innsigli dómsins«.
23. — 20.gr. Fyrir orðin »að rétt afrit . . . . dóminum« komi: »að endurrit af dóminum sé lagt fram í fógetaréttinum, og sé það staðfest af dómsmálritara, og innsigli dómsins undir því.«
24. — 21.gr. Fyrir orðin »hér eftir« komi: »þangað til önnur skipan verður á gerð með lögum«.
25. — 22.gr. Aftan við greinina bætist: »og að þau hækki samkvæmt lögum þessum, miðað við embættisaldur þeirra í landsyfirrétti. Þeir skulu og taka embætti í sömu röð í hæstarétti sem þeir höfðu áður í landsyfirréttinum, og taka skal þá dómstjóri landsyfirréttar dómstjórn í hæstarétti«.
26. — 23.gr. Fyrir »1849« komi: 1749.
27. — » — Orðin »lög 2. jan. 1871 . . . hæstarétt Dana« falli niður.
28. — 24.gr. Orðin »lög þessi öðlast gildi« falli niður.

Nd. **438. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenzkum þilskipum. (Þskj. 339).

Eins og tekið var fram við framh. fyrstu umræðu þessa máls hafði nefnd þeirri, er háttvirt neðri deild kaus til að íhuga lífsábyrgðafrumvarpið, borist nokkrar uppástungur til breytinga á téðu frumvarpi frá yfirmanninum á »Islands Falk«. Nefndin hefir nú rætt þessar breytingauppástungur á fundum sínum og orðið sammála um, að ráða deildinni eindregið til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingum:

Breytingartillögurnar eru þessar:

1. Aftan við 1. gr. bætist:

Ennfremur er skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélarbátum eða opnum bátum er stunda fiskiveiðar minst eina vertíð á ári.

2. Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar formaður á vélarbát eða opnum bát hefir fullráðið háseta sína, skal hann eða útgerðarmaður tilkynna það hlutaðeigandi skráningarstjóra (þ: sýslumanni eða hreppstjóra) og skal þá skráningarstjóri fara eins að og fyrir er mælt í fyrri málsgrein þessarar greinar.

3. Við 3. gr.:

Orðin »frá 1. október — — — 30. september« falli burt.

Í staðinn fyrir 15 aurum, komi: 18 aurum.

A eftir orðinu »Lögskráði« komi: »eða ráðinn í skipsrúm«
I staðinn fyrir »helming« komi: þriðjung.

4. Við 5 gr.
Orðin: »eða af veikindum — — — á því tímabili.«, falli burt.

Neðri deild Alþingis 10. apríl 1909.

Jón Þorkelsson
formaður.

Magnús Blöndahl
skrifari og framsögumaður.

Pjetur Jónsson

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Stefán Stefánsson
Eyf.

Nd.

439. Breytingartillögur

við frv. til laga um aðflutningsbann á áfengi,
eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.
Frá meirhluta nefndarinnar

Við 2. gr.

Í staðinn fyrir orðin (í 4. l.): »Báðar þessar . . . . sem lyfsölum er skylt«, komi: »Lyfsölum og héraðslæknum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem þeim er skylt«

Við 3. gr.

Í stað orðanna í 2. lið: »svo fær hann . . . . nauðsynlega aðstoð« komi: »Svo fær hann og borgun fyrir húsrúm undir áfengisbirgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald bréfa. Ennfremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar«.

Við 4. gr.

1. Í stað orðanna: »flutningskostnaður til Reykjavíkur« komi: »borgun fyrir flutning til Reykjavíkur og uppskipun þar«.

2. Í stað orðanna: »Skal hann þá merkja það«, komi: «Að því búnu skal hann, eftir fyrirsögn efnafræðings landsins, sem skyldur er að láta honum aðstoð sína í té, blanda það áfengi, er til iðnaðarfyrirtækja eða eldsneytis er ætlað, þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar, án þess það þó missi notagildi sitt til þess sem það er ætlað. Því næst skal umsjónarmaður merkja áfengið.

3. Í staðinn fyrir orðin: »þann sérstakan kostnað . . . sbr. 3. gr.« komi: »Kostnað þann, er af blönduninni hefir leitt.

4. Í stað orðanna: »Nú hirðir . . . endursent seljanda«, komi: »Nú líða svo 12 mánuðir frá tilkynningu umsjónarmanns áfengiskaupa um aðflutning áfengis, að sá hirðir ekki áfengið, er pantað hefir, né lýsir heldur yfir þeirri ósk, að áfengið sé á hans

kostnað endursent seljanda, og er þá rétt að áfengið með umbúðum sé gert upptækt. Andvirðið rennur í landsjóð.

Við 5. gr.

Í stað orðanna: »Nú hefir . . . lögum þessum«, komi: »Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi frá útlöndum, sem ekki er ætlað til skipsforða og ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa«

6. grein orðist svo:

»Nú strandar skip hér við land og hefir meðferðis áfengi til umsjónarmanns áfengiskaupa eða frá honum, og skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og gæta þess að ekki sé í þau farið. Hann skýrir þegar í stað lögreglustjóra frá, en lögreglustjóri setur embættisinnsigli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Afengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annara manna; en skýra skal hann með fyrstu ferð réttum eiganda frá björgun áfengisins. Kjósi hann innan 6 mánaða að það sé sent sér á sinn kostnað, skal það gert; en sé upptækt ella.

Sé um skipsforða að ræða, fer um meðferð áfengisins og tilkynningu til skipseiganda svo sem fyrir er mælt í grein þessari hér að framan, og skal það áfengi gert upptækt, nema það hafi verið gert óhæft til drykkjar undir umsjón lögreglustjóra, eða eigandi hafi látið flytja það úr landi innan 8 mánaða.

Nú er ókunnugt um eiganda strandgóz, og skal þá gera áfengið upptækt, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn«.

Við 7. gr.

1. Orðin í 1. l.: »né landhelgi« falli burt.

2. Í stað orðanna: »5. og 6. grein . . . í hlut á.«, komi: »6. og 11. gr., og merktur er eftir fyrirmælum þeirra greina.«

Ný grein bætist inn í, er verður 8. gr., svolátandi: »Um leið og ákvæði 1. gr. um bann gegn aðflutningi áfengis hér til lands ganga í gildi, skulu lögreglustjórar rannsaka áfengisbirgðir þeirra manna, sem vínsöluleyfi eða vínveitingaleyfi hafa. Jafnframt skulu þeir semja nákvæma skýrslu yfir áfengisbirgðirnar og merkja öll áfengisílát glöggu heimildarmerki á þann hátt, er stjórnarráðið skipar fyrir um.

Þessi rannsókn áfengisbirgða skal endurtekin á 6 mánaða fresti, meðan vínsölumenn og vínveitingamenn halda söluheimild innan lands, og skulu þá jafnframt ónýtt heimildarmerkin á þeim ílátum, sem tæmd eru«.

8. gr., er verður 9. gr., orðist svo:

»Öllum, sem samkvæmt lögum þessum hafa heimild til innflutnings á áfengi, er óheimilt að veita það, gefa, selja eða láta af hendi til annara manna, nema það sé áður gert óhæft til drykkjar«.

»Þó mega lyfsalar og héraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna, en þó ekki oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, er áfengi er í, setur landlæknir reglur því til tryggingar, að áfeng lyf verði eigi höfð til neyzlu, heldur eingöngu til lækninga«.

9. grein, er verður 10. gr., orðist þannig:

»Veitingamenn og vínsölumenn, þeir er leyfi hafa til vínsölu hér á landi, sam-

kvæmt lögum nr. 26, 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega, eftir 1. jan. 1915, ekkert selja hér á landi af áfengisbirgðum þeim, er þeir þá hafa, gefa, veita eða láta af hendi til annara manna. Skulu lögreglustjórar hver í sínu um dæmi þá þegar skyldir til að rannsaka áfengisbirgðirnar, og innsigla þær. Áður en 12 mánuðir eru liðnir skulu eigendur áfengisins skyldir að flytja birgðirnar eða láta flytja þær burt af landi, og skulu lögreglustjórar hafa nákvæmt eftirlit með að það sé gert. En alt það áfengi, sem þá er ekki útflutt, skal tafarlaust gert upptækt.

Frá þeim degi er lög þessi verða staðfest, má ekkert leyfi til vínsölu né vínveitinga veita hér á landi.«

Ný grein bætist inn í, er verður 11. grein, svolátandi:

»Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. jan. 1915, er ekki skylt að flytja burt úr landinu. En með slíkar áfengisbirgðir skulu lögreglustjórar eða umboðsmenn þeirra fara á sama hátt og ákveðið er í 8. grein að fara skuli með áfengisbirgðir vínsala og vínveitingamanna.

Áfengi það, er hér ræðir um, má aldrei flytja burtu af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum, eða það sé gert áður óhæft til drykkjar.«

Við 10. gr., sem verður 12. gr.

1. Í stað orðanna: »Ef nokkur . . . þá skal« komi: Nú er maður grunaður um óleyfilegan aðflutning eða óleyfilega sölu, eða veitingu áfengis, og skal þá«

2. Í stað organna: »hvaðan honum . . . . . Geti, komi: »hvernig standi á birgðunum. Geri.«

Við 11. gr., sem verður 13. gr.

Í stað orðanna: »hann selur eða veitir« komi: »veitt er«.

12. gr. verður 14. gr.

13. gr., sem verður 15. gr., orðist þannig:

»Nú sést maður ölvaður, og skal þá heimilt að leiða hann fyrir dómara. Skal hann skyldur til að skýra frá, á hvern hátt haun hafi ölvaður orðið, og sé það af áfengi, þá hvernig og hjá hverjum hann hafi fengið það. Óhlýðnist hann að mæta fyrir dómara, eða svara spurningum, er dómari leggur fyrir hann, skal dómari halda honum til hlýðni með hæfilegum sektum, þó ekki lægri en 10 krónum í hvert skifti.«

14. gr., sem verður 16. gr., orðist svo:

»Brot gegn 1. gr. laga þessara varða í fyrsta sinn sektum frá 200—1000 kr.

Brot í annað sinn varða sektum frá 500—2000 kr.

Brjóti nokkur oftar gegn ákvæðum þessarar greinar, varðar það sektum frá 1000—5000 kr.

Fjárnám fyrir sekt á hendur skipstjóra má gera í skipi hans.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi gert upptækt«

Við 15. gr., sem verður 17. gr.

1. Aftan við 1. lið greinarinnar komi: »og má gera fjárnám fyrir sektunum í skipi hans«.

2. Í stað orðanna: »100—2000 kr. komi: »50—500 kr.

3. Í stað orðanna: 250—2500 kr.« komi: »200—1000 kr.

Við 16. gr., sem verður 18. gr.

Orðin: »og því helt . . . í landsjóð« falli burt.

17. grein, sem verður 19. gr., orðist svo:

»Nú verður læknir sannur að sök um að hafa látið af hendi læknisseðil um

áfengi í þeim tilgangi að það verði notað öðruvísi en sem læknislyf, og skal hann þá í fyrsta sinn sekur um 100—1000 krónur, og skal sektin tvöfaldast, sé brotið endurtekið. Verði læknir sannur að sök um slíkt oftar en tvisvar, má svipta hann læknisleyfi um stundarsakir, eða að öllu, ef miklar sakir eru«.

18. gr. verður 20. grein.

19 gr., sem verður 21. gr. orðist svo:
»Með brot gegn lögum þessum skal að öðru leyti fara sem almenn lögreglumál.

20. gr. verður 22. gr.

21. gr. verður 23. gr.

22. gr., sem verður 24. gr. orðist svo:
»Lög þessi koma til framkvæmdar 1. jan. 1912 með þeim takmörkum, er leiða af ákvæðum 10. og 11. greinar, og eru með þeim numin úr gildi öll lög og tilskipanir, er koma í bága við þessi lög.«

Nd.

440. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um vígslubiskupa (þskj. 370).

Frá Jóni Jónssyni þm. N. M.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
Auk biskups landsins skal hér á landi vera einn vígslubiskup.

Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
Konungur skipar vígslubiskupinn eftir tillögum prestastéttarinnar. Skal hann hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er hann vígist, skulu honum greiddar 500 kr. úr landssjóði.

Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
Vígslubiskupinn vígir biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum biskups vígir hann presta.
Fyrir biskupsverk er hann vinnur í forföllum biskups greiðist honum úr landssjóði borgun eftir reikningi.
Í stað »vígslubiskupa« í fyrirsögn frumvarpsins komi: vígslubiskup.

Nd.

441. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um vígslubiskupa (þskj. 370).

Frá Hálfdáni Guðjónssyni.

Við 2. gr. Orðin: »skulu þeir hafa biskupsvígslu« og til enda greinarinnar falli burt.

Nd.

442. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þingskjali 430.

Frá nefndinni um eiða og drengskaparorð.

Við 1. lið (2. lína). Fyrir »hægri« komi: »vinstri«

Nd.

443. Nefndaràlit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl.

Nefnd sú, er háttvirt neðri deild alþingis kaus, til að íhuga og láta uppi álit sitt um ofangreint frumvarp, hefir eigi orðið á eitt mál sátt.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að enda þótt gerð væri all-mikil breyting á læknaskipun landsins með lögum 16. nóv. 1907, þá bresti þó enn nokkuð á, að læknaskipunin sé í sumum héruðum landsins komin í það horf, er við megi una til langframa. — Meiri hlutinn verður og að vera þeirrar skoðunar, að þær óskir landsmanna er lúta að því, að þeim sé eigi gert það ókleift, eða því sem næst, að verða aðnjótandi læknishjálpar, séu flestum krófum réttmætari, þó að fjárhagsástandið, sem og læknafæðin, sem enn er, verði að valda því, að eigi sé bætt úr allra þörfum í einu og verði því að fara þá leiðina, að bæta úr henni smám saman, og láta þá þau héruðin sitja í fyrirrúmi, þar sem þörfin virðist brýnust.

Að því er nú kemur til skiftingar núverandi Ísafjarðarlæknishéraðs í tvö læknishéruð: Ísafjarðarhérað og Nauteyrarhérað, lítur meiri hlutinn svo á, að hér sé um svo afar-brýna nauðsyn að ræða, að það væri beinlínis að stofna lífi margra manna í hættu, að verða eigi við þeim óskum, er alþingi hafa borist úr héruðunum umhverfis innanvert Ísafjarðardjúp, um endurreisn Nauteyrarhéraðs, sem sérstaks læknishéraðs. — Áskoranir þær, er alþingi hafa borist, bera það með sér, að það getur tekið marga daga, og jafnvel vikur, að nálgast lækni frá Ísafirði, auk þess er kostnaðurinn, sem af því leiðir, meiri en svo, að íbúarnir (nær 1200 að tölu), sem allflestir eru efnalitlir, fái undir risið.

Vér ráðum því alþingi eindregið til þess, að samþykkja frumvarpið með þeim viðauka — þar sem eigi verður ef til vill kostur á lækni í þetta nýja læknishérað þegar í stað —, að lögin komi eigi til framkvæmdar, fyr en sérstakur læknir fær veitingu fyrir embættinu, svo að það baki landssjóði engan kostnað, fyr en sérstakur læknir fæst.

Auk ofannefnds frumvarps, er nefndinni fyrst var falið til meðferðar, hefir þessum frumvörpum verið vísað til hennar:

1. Um skiftingu Sauðárkrókshéraðs í tvo læknishéruð: Sauðárkrókshérað og Reykjahérað;
2. Um stofnun sérstaks læknishéraðs milli Seyðisfjarðar- og Reyðarfjarðarhéraða, er nefnist Norðfjarðarhérað, og
3. Um stofnun sérstaks læknishéraðs í Rangárvallasýslu, er nefnist Eyjafjallahérað.

Meiri hlutinn játar að vísu, að æskilegt væri, að geta orðið við þeim óskum, er í nefndum þrem frumvörpum felast, en sér þó, samkvæmt framansögðu, eigi fært að ráða þinginu til þess að samþykkja neitt þeirra að þessu sinni.

Aftan við frumvarpið á þingskjali 106. bætist svolátandi málsgrein.

Lög þessi koma eigi til framkvæmdar, fyr en sérstakur læknir er skipaður í Nauteyrarhérað.

Alþingi 13. apríl 1909.

Skúli Thoroddsen, form. og framsögum. Jón Sigurðsson, skrifari. Þorl. Jónsson.

Með fyrirvara
Jón Magnússon. Pétur Jónsson.

Ed.

444. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907.
Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.

	I. Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé . .	86,000, »	109,236, 31
2.	Húsaskattur	20,000, »	23,453, 25
3.	Tekjuskattur	32,000, »	47,579, 87
4.	Aukatekjur	76,000, »	115,134, 86
5.	Erfðafjárskattur	6,000, »	7,334, 69
6.	Vitagjald	20,000, »	34,472, 95
7.	Gjöld fyrir leyfisbréf	7,600, »	11,514, 97
8.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	130,000, »	324,806, 32
9.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	286,000, »	427,707, 64
10.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	286,000, »	303,246, 95
11.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	624,000, »	800,754, 94
12.	Aðflutnigsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	20,800, »	37,332, 43
13.	Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	36,000, »	31,000, »
14.	Tekjur af póstferðum	80,000, »	197,346, 43
15.	Tekjur af símum landsins	22,500, »	55,092, 43
16.	Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	1,200, »	965, 53
17.	Sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi . .	» »	98,290, 51
18.	Óvissar tekjur	10,000, »	7,154, 74
19.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	46,000, »	53,855, 77
20.	Tekjur af kirkjum	130, »	189, 36
21.	Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli . .	4,000, »	4,160, 71
22.	Tekjur af brennisteinsnámum	1,980, »	» »
23.	Tekjur af Eldey	2,000, »	1,500, »
24.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs . . . . . Borgað upp í lán, fjárveiting: 89,036 kr. 12 a. reikningur: 132,906 kr. 73 a.	79,000, »	85,639, 51
25.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .	15,000, »	15,000, »
26.	Leigur af innstæðufé í bönkum	19,000, »	27,304, 92
27.	Arður landssjóðs af rekstri Íslands banka . . .	» »	14,321, »
	Flyt kr.	1911,210,00	2834,395,89

		Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
	Flutt	1911,210, 00	2834,395, 89
28.	Innb. frá prestaköllum samkv lögum 27. febr. 1880	4,000, »	6,549, 67
29.	Endurgjald skyndilána til embættismanna . . .	1,200, »	2,415, 62
30.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . .	4,000, »	37,043, 39
31.	Tillag úr ríkissjóði	120,000, »	120,000, »
32.	Tekjuhalli	» »	111,832, 49
	Samtals	2,040,410, »	3,112,237,06

	II. Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar landsins	96,000, »	99,144, 39
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	41,600, »	63,453, 60
3.	Til útgjalda við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.		
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	180,330, »	173,728, 66
	B. Ýmisleg útgjöld	23,350, »	39,835, 17
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	240,956, 64	241,386, 01
5.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	159,200, »	189,127, 21
	B. Til vegabóta	184,900, »	220,257, 97
	C. Til Gufuskipaferða	117,100, »	111,100, »
	D. Til ritsíma	444,888, 53	476,067, 19
	E. Til vita	35,532, »	31,580, 92
6.	Til kirkju og kenslumála		
	A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	54,400, »	54,733, 92
	B. Til kenslumála	253,296, »	242,814, 84
7.	Til vísinda og bókmenta.	99,060, »	94,406, 38
8.	Til verklegra fyrirtækja	340,020, »	367,420, 27
9.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200, »	28,484, 28
10.	Eftirlaun og styrktarfé	108,900, »	119,737, 55
11.	Til óvissra útgjalda	3,000, »	25,872, 97
12.	Útborganir samkv. fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	533,085, 73
	Samtals	2,387,733,17	3,112,237,06

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desbr.	1,210,428,32
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d.	77,400,42
Peningaforði landssjóðs s. d.	340,068,29
þar af:	
í Landsbankanum á hlaupareikningi s. d. . . . kr. 328,000 »	
í Íslandsbanka - — - - - - - — 153,381 »	

Ed.

445. Frumvarp

til laga um friðun silungs í vötnum.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um friðun á silungi og um veiðiaðferðir í vötnum, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er 3 menn eða fleiri eiga rétt til silungsveiði í sama vatni, getur meiri hluti þeirra krafist, að sýslunefndin gangist fyrir samþykt, slíkri sem um er rætt í 1. gr. Atkvæðisrétt hafa allir þeir, er veiðirétt hafa með höndum á því svæði, er samþyktin verður að ná til. Þó kemur atkvæði landsdrottins, ef hann kemur til fundar, í stað leiguliða.

3. gr.

Þá er krafist er samþyktar samkv. 2. gr., skal sýslunefnd taka til meðferðar á fyrsta fundi sínum frumvarp til samþyktarinnar og gera það úr garði eins og henni virðist rétt. Síðan kveður oddviti hennar til fundar, á þeim stað er sýslunefnd til tekur og með nægum fyrirvara, alla þá, er atkvæði eiga um samþykt þá. Stýrir oddviti fundinum eða sá maður annar, er hann kveður til þess.

4. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktarinnar, eins og sýslunefndin hefir samþykt það. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, fer um það sem fyr segir. Að öðrum kosti er frumvarpið fallið. Eigi má fallið samþyktarfrumvarp eða fallnar breytingartillögur bera upp á ný fyrir næsta aðalfund sýslunefndar.

5. gr.

Nú er gerð samþykt, eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, er samþyktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og til tekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla, er silungsveiði stunda á því svæði er hún nær til.

6. gr.

Nú vilja menn breyta löggiltri samþykt um silungsfriðun eða nema úr gildi, og þarf til þess alla sömu aðferð og að koma henni í gildi.

7. gr.

Í samþyktum þessum má ákveða um friðun á riðasilungi og riðastöðvum (gotstöðvum) um ákveðinn tíma árs eftir mismunandi staðháttum, ennfremur um friðun á

ófullþroska silungi og um tilhögun netja og annara veiðivéla. Þar má og ákveða sektir fyrir brot á samþyktinni alt að 100 krónum. Í samþykt skal ákveðið um eftirlit, er nauðsynlegt þykir, til þess að ákvæða hennar sé gætt, og hversu kostnað við það skal greiða.

8. gr.

Brot gegn samþyktum þessum sæta sömu meðferð sem opinber lögreglumál.

Ed.

446. Frumvarp

til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um kornforðabúr til skepnufóðurs.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrétt hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim er getur um í 2. gr. leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um stjórn kornforðabúrsins. Þar skal og kveða á um tillög til forðabúrsins, útlán á korni og endurgreiðslu þess, endurnýjun kornsins og viðhald forðabúrsins. Enn fremur skulu þar vera ákvæði um eftirlit það, er þarf til þess, að samþyktarinnar sé gætt, og hvernig kostnað við forðabúrið skuli greiða.

6. gr.

Árlega skal stjórn forðabúrsins senda sýslunefnd fyrir aðalfund skýrslu um útlán forðabúrsins og ársreikning þess.

7. gr.

Öll gjöld til kornforðabúrsins, svo og útistandandi skuldir þess, má taka lögtaki samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

8. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20, kr. er renna til kornforðabúrsins.

9. gr.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Ed.

447. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 16. nóv. 1907, fyrir árin 1906 og 1907 veitist 278,655 kr. 13 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 8. gr. fjárlaganna veitast:

Við tölulið 5. til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	kr.	1,345,39
Við tölulið 7. til viðhalds stjórnarráðshússins	—	1,917,99
	Kr.	3,263,38

3. gr

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna veitast:

Við B. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1 b.	til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna	kr.	5,658,66	
Við tölulið 1 e.	til pappírs og prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur	—	1,142,46	
Við tölulið 1 d.	flutningsgjald með póstum	—	872,45	
Við tölulið 1 e.	til að gefa út registur við stjórnartíðindin	—	799,20	
Við tölulið 3	fyrir 3 kemiskar slökkvidælur	—	500,93	
		Kr.	8,973,70	

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:

Við tölulið 1 b.	1. handa póstafgreiðslumönnum utan Rvíkur	kr.	368,00		
— —— 1 c.	handa bréfhirðingamönnum	—	603,00		
— —— 2.	Póstflutningur	—	9,013,25		
— —— 4. d.	fyrir prentun á ýmsu	—	12,547,17		
e.	til áhalda	—	4,063,50		
f.	til bréfburðar í Reykjavík	—	400,00		
h.	óviss útgjöld	—	514,55		
i.	til viðhalds húsi og áhöldum	—	2,462,36	kr.	29,971,83

Við B. Til vegabóta:

Við tölulið 1 b.	ferðakostnaður verkfræðings	kr.	616,19		
— —— 3	til flutningabrauta	—	30,305,72		
— —— 6	til áhaldakaupa og verkfæra	—	9,758,22		
	Eftirstöðvar af kostnaði við Lagarfljótsbrú	—	3,425,75		
	Kostnaður við brúargjörð á Hvítá og Tungufljót	—	10,089,09	—	54,194,97

Við D. Til ritsíma og málþráða:

Við tölulið 2—3.	Til landsímalagningar frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur	kr.	67,527,57		
— —— 4.	Til að mæla upp landsímalínuna og setja upp kílómetramerki	—	1,733,46		
— —— 5.	Til starfreksturs landsímasambandsins	—	3,772,30	kr.	73,033,33

Við E. Til vita:

Við staflið d. 7.	Til að byggja varðklefa við vitann á Skagatá	kr.	388,45		
— —— m.	Til að byggja vita í Vestmannaeyjum	—	363,25	—	751,70
				Kr.	157,951,83

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála veitast:

Við B. III. c. 3.	viðgjörð á húsi hins almenna mentaskóla	kr.	17,777,69
— - V. b.	ýmisleg útgjöld stýrimannaskólans	—	149,59
	Við sama lið sbr. fjáraukalög fyrir árin 1906 og 1907, 16. nóvbr. 1907, til stækkunar og endurbóta á kjallararnum undir stýrimannaskólanum	—	366,07
		Kr.	18,293,35

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við tölulið	2.	ferðakostnaður verkfræðingsins	kr. 178,95
— ——	6.	til útrýmingar fjárkláðanum	— 52,389, »
		Leiga fyrir Gullfoss frá $^{1}/_{9}$—$^{31}/_{12}$ 1907	— 100, »
			Kr. 52,667,95

7. gr.

Í viðbót við gjöld þau, er ræðir um í 18. gr. fjárlaganna veitast:

1.	Fyrir gullkrans á kistu konungs og önnur útgjöld í tilefni af andláti hans	kr. 2,694,15
2.	Kostnaður við milliþinganefnd í kirkjumálum	— 778,79
3.	Fyrir gullúr með ágreftri sem verðlaun fyrir að bjarga skipshöfn úr sjávarháska	— 225, »
4.	Styrkur til Sigurðar Péturssonar til að kynna sér fangavarðarstörf erlendis	— 500,00
5.	Fyrir einkennisbúning handa fangaverði	— 102,25
6.	Andvirði fyrir smásjá handa dýralækni	— 300, »
		Kr. 4,600,19

8. gr.

Í viðbót við styrk þann, er síra Gísla Skúlasyni var veittur með fjáraukalögum 20. október 1905, fyrir árin 1904 og 1905, til utanfarar til að læra að kenna heyrnar- og mállausum veitast 400 kr.

9. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt var í fjáraukalögum 16. nóvbr. 1907 fyrir árin 1906 og 1907 veitast:

1.	Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi	kr. 2,800, »
2.	Til að byggja hús undir áhöld landsjóðs	— 639,72
		Kr. 3,439,72

10. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt er til að koma upp geðveikrahæli og útbúa það sbr. lög nr. 33, 20. okt. 1905, veitast kr. 9,285,01.

11. gr.

Sem viðbót við útgjöld landssjóðs á árunum 1906 og 1907 veitast:

1.	Andvirði 2 húsa á Þingvöllum, sem bygð voru í tilefni af komu konungs og ríkisdagsmannanna	kr. 15,000, »
2.	Fyrir 2 vagna, er keyptir voru konungi til afnota	— 4,780, »
		Alls kr. 19,780, »

Stjórninni veitist heimild til þess að selja ofangreind hús fyrir það verð, er 2 dómkvaddir menn meta.

Reikningsábyrgð á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu árið 1906 að upphæð kr. 312,65 falli niður

Ed.

448. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt skal stjórnarráðinu að gefa allsherjar viðurkenningu skóla, sem stofnsettur er af einstökum mönnum og fylgir sérstakri reglugjörð, samþyktri af yfirstjórn fræðslumála og staðfestri af stjórnarráðinu.

2. gr.

Slíkir skólar liggja undir aðalumsjá stjórnarráðsins, og skulu skóla- eða fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuháttum skóla þessara, og sjá um, að fræðslureglum þeirra verði framfylgt.

3. gr.

Börn á skólaaldri, er slíka skóla sækja, þurfa ekki að sækja um leyfi til þess hjá skólanefnd eða fræðslunefnd. En skólastjóri slíks skóla skal við byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd eða fræðslunefnd í té skýrslu um það, hvaða börn munu sækja skólann á því skólaári. Eigi eiga slíkir skólar heimting á styrk af almannafé.

4. gr.

Frestur sá, sem veittur er í 15. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907, lengist um 2 ár, til 1. jan. 1912.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.

Ed.

449. Frumvarp

til almennra viðskiftalaga.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ákvæðum laga þessara skal þá að eins beita, er ekkert annað er um samið eða verður álitið fólgið í samningi eða leiðir af verzlunar-tízku eða annari venju.

Lög þessi gilda ekki um fasteignakaup.

2. gr.

Nú eru hlutir pantaðir, þeir er búa þarf til, og á sá að leggja efnið til, sem hlutinn býr til, þá skal pöntunin talin kaup. Þó gilda lög þessi ekki um húsgerð og önnur mannvirki á fasteign.

Alt, það sem í lögum þessum er ákveðið um kaup, á einnig við um vöruskifti.

3. gr.

Þegar í lögum þessum er talað um hluti, sem tilteknir eru eftir tegund, þá er ekki að eins átt við tiltekna mergð hluta af tilgreindri tegund, heldur einnig átt við kaup á tilgreindum hóp eða magni vöru *(Parti)*.

4. gr.

Þá er talað er í lögum þessum um kaupmanna-viðskifti, þá er átt við kaup, sem gerast milli kaupmanna í atvinnu þeirra eða í hennar þágu.

Kaupmaður er hver sá talinn, sem hefir atvinnu af því: *að* láta af hendi vörur, sem hann hefir í því skyni keypt; *að* reka víxlarastarf eða bankastarf, vátryggingarstarf, umboðsverzlun, forlagsverzlun, lyfsölu, veitingar, handiðn eða verksmiðju-iðnað; *að* takast á hendur að reisa hús eða gera önnur mannvirki eða að flytja fólk, muni eða orðsendingar. Þó er sá maður ekki talinn kaupmaður, sem rekur veitingar, handiðn, flutninga, eða þess kyns smásölu, sem ekki þarf borgarabréf til eða annað sérstakt leyfi, svo framarlega sem ekki vinna aðrir að þeirri atvinnu með honum en konan með manni sínum eða maðurinn með konu sinni, börn atvinnurekanda innan 16 ára aldurs og vinnuhjú hans.

Um ákvæði kaupverðs.

5. gr.

Nú eru kaup gerð, en ekkert fastákveðið um upphæð kaupverðsins, og ber þá kaupanda að greiða það verð, sem seljandi heimtar, ef eigi verður að álíta það ósanngjarnt.

6. gr.

Nú er í kaupmanna-viðskiftum reikningur sendur kaupanda og hann mótmælir ekki, það fyrsta sem hann fær því við komið, verði því sem tilgreint er í reikningnum, og er hann þá skyldur til að borga það verð, sem í reikningnum stendur, nema sannað verði, að um annað lægra verð hafi verið samið, eða reikningurinn er bersýnilega ósanngjarn.

7. gr.

Nú á að reikna kaupverð eftir tölu, máli eða þyngd, og skal þá leggja til grundvallar þá tölu, mál eða þyngd, sem varningurinn hafði á þeirri stund, er hættan við að varan farist flyzt yfir á hendur kaupanda eða í hans ábyrgð.

8. gr.

Nú er kaupverð miðað við þunga vöru, og er þá álitið, að umbúðaþunginn *(tara)* beri frá að draga.

Um staðinn, þar sem skila ber af sér inum selda hlut (afhendingarstaðinn).

9. gr.

Seljandinn á að skila af sér inum selda hlut á þeim stað, þar sem hann átti heima þegar kaupin gerðust. Ef hann rak þá atvinnu og salan stóð í sambandi við hana, þá á hann að skila hlutnum af sér á atvinnustöð sinni.

Nú var hluturinn á öðrum stað, en hér var nefnt, á þeim tíma er kaupin gerðust, og vissu báðir samningsaðilar um það eða áttu að vita um það, og skal þá álíta að hlutnum eigi þar að skila sem hann þá var.

10. gr.

Nú á seljandi að senda inn selda hlut frá einum stað til annars, til að skila honum þar í hendur kaupanda, og er þá álitið, að hann hafi skilað hlutnum, þá er hann hefir afhent hann í hendur farmflytjanda, þess er tekist hefir á hendur að flytja hlutinn þaðan sem hann tekur við honum. Eigi að senda hlutinn með skipi, þá skal telja honum skilað þá er hann er kominn á skipsfjöl.

11. gr.

Nú eiga seljandi og kaupandi báðir heima í sama bæ, kauptúni eða þorpi, og er þá ekki talið, að inum selda hlut sé skilað, fyrri en hann er kominn í vörzlur kaupanda.

Um eindaga samnings.

12. gr.

Nú hefir enginn samningur um það verið gerður, hvenær kaupverð eigi að greiða eða keyptum hlut eigi að skila í hendur kaupanda, og atvik liggja ekki svo til, að af þeim verði ráðið, að þetta skuli gera ið allra bráðasta, og skal þá svo á líta, að andvirði beri að greiða eða hlut að afhenda hvenær sem krafist er.

13. gr.

Nú er frestur ákveðinn fyrir því, hvenær inum selda hlut skuli skila, og er þá seljanda rétt að skila hlutnum á hverjum þeim tíma, er hann kýs, innan þessa frests, nema atvik liggi svo til, að af þeim sjáist, að tímafresturinn var til tekinn kaupanda í hag.

Um réttinn til að krefjast að hönd selji hendi á báðar hliðar.

14. gr.

Nú hefir enginn frestur verið gefinn af hvorugs hendi, og er þá seljandi ekki skyldur að láta af hendi inn selda hlut, nema kaupverðið sé samtímis greitt, enda er kaupandi ekki skyldur að greiða kaupverðið nema hann fái samstundis inn selda hlut til umráða.

15. gr.

Nú hefir svo verið um samið, að hlutinn skuli senda frá afhendingarstaðnum, og heimila þá ummæli næstu greinar hér á undan seljandanum ekki að láta vera að senda hlutinn, en hindra má hann það að kaupandi fái hlutinn í sínar vörzlur meðan kaupverðið er ógreitt.

16. gr.

Nú er um kaupmanna viðskifti að ræða, og er hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, en hleðslu-skírteini það, sem notað er, er svo lagað, að seljandinn missir umráð yfir hlutnum þá er hleðslu-skírteinið er afhent kaupanda, og skal kaupandi þá greiða andvirðið um leið og hann tekur við hleðsluskírteininu samkvæmt reglum þeim sem settar eru í 71. gr. hér á eftir.

Um ábyrgð á hættu fyrir inn selda hlut.

17. gr.

Hættan á því að inn seldi hlutur farist, skemmist eða rýrni, er á ábyrgð seljanda, þar til er hann hefir skilað hlutnum af sér eða afhent hann (sbr. 9.—11. gr.).

Nú er það ákveðinn hlutur, sem seldur var, og átti kaupandi að sækja hann, enda kominn sá tími, er sækja mátti hlutinn, og er hann á reiðum höndum, þá ber kaupandi ábyrgð á hættunni og verður því að borga kaupverðið, þó að svo atvikist að hluturinn farist eða skemmist.

Um arð af inum selda hlut.

18. gr.

Nú ber inn seldi hlutur arð áður en afhendingartími er kominn, og á þá seljandi þann ágóða, nema ástæða hafi verið til að ætla að sá ágóði myndi ekki falla til fyr en síðar.

Þann ágóða, sem inn seldi hlutur gefur eftir að afhendingartími er kominn, eignast kaupandi, nema að ástæða hafi verið til að ætla, að sá ágóði myndi fyrri til falla.

19. gr.

Nú kaupir maður hlutbréf, og er þá í kaupinu sá arður, sem ekki var í gjalddaga fallinn þegar kaup gerðust.

Nú fylgir hlutbréfinu réttur til að skrifa sig fyrir nýju hlutbréfi, eða hlutbréfið fær þann rétt síðar, þá nýtur kaupandi þeirra hagsmuna.

20. gr.

Nú kaupir maður skriflega skuldkröfu, sem ber vöxtu, og eru þá í kaupinu vextir, þeir sem á voru fallnir, en ekki komnir í gjalddaga, þá er kaup gerðust, eða á afhendingardegi, ef afhending skyldi síðar fram fara en kaup. Ef það sést ekki af tvíkum, að krafan hafi verið seld sem óvís krafa, þá á kaupandi að greiða um fram kaupverðið svo mikið fé sem vöxtunum svarar.

Um drátt af seljanda hendi.

21. gr.

Nú afhendir seljandi ekki inn selda hlut á réttum tíma, enda sé þetta ekki kaupanda að kenna eða neinum ósjálfráðum atburði, sem kaupandi ber ábyrgð af hættunni við, og á þá kaupandi kost að kjósa, hvort hann vill heldur heimta hlutinn eða rifta kaupið.

Nú hafði drátturinn lítil áhrif eða óveruleg á hagsmuni kaupanda, eða seljandi hlaut að álíta að svo væri, og getur kaupandi þá ekki rift kaupið, nema hann hafi áskilið sér að hluturinn yrði afhentur sér á nákvæmlega tilteknum tíma.

I kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur álitinn verulegur, nema það sé að eins lítill hluti ins selda, sem afhending hefir dregist á.

22. gr.

Nú er svo um samið, að seljandi skuli afhenda smátt og smátt, og ber svo til, að ein sérstök afhending dregst, þá á kaupandi samkvæmt næstu grein á undan að eins rétt á að rifta kaupin að því er til þeirrar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig riftað kaup að því er til síðari afhendingar kemur, ef vænta má að drætti á afhendingum muni halda áfram, og hann getur jafnvel rift alt kaupið í heild sinni, ef það samband er á milli afhendinganna, að það gefi tilefni til þess.

23. gr.

Nú var kaup gert um ákveðinn hlut, en hann ekki afhentur á áskildum tíma, og á seljandi þá að svara skaðabótum, nema það sannist, að drátturinn var ekki honum að kenna.

24. gr.

Nú eru seldir hlutir, sem tilteknir eru eftir tegund, og er seljandi þá skyldur að svara skaðabótum, enda þótt drátturinn sé ekki honum að kenna, nema hann hafi áskilið sér að vera undan þessari skyldu þeginn, eða álíta verður að atvik, sem ekki voru þess eðlis, að seljandi hefði átt að hafa þau í huga, er kaupin gerðust, hafi valdið því, að honum er alls eigi auðið að efna það sem hann hafði um samið, og má til slíkra atvika telja það, er svo ber undir, að allir hlutir af inni tilteknu tegund eða þeim vöruhóp, er kaup er um gert, hafa af óviðráðanlegum orsökum farist; svo er og ef styrjöld hindrar efndir, eða aðflutningsbann eða annað því um líkt.

25. gr.

Nú hefir kaup verið rift og ber að svara skaðabótum samkvæmt 23. og 24. gr., og skulu þá skaðabæturnar nema því sem verð hluta, af sömu tegund og gæðum sem inir seldu hlutir, er hærra, þá er afhending átti fram að fara, heldur en kaupverðinu nemur, nema sannað sé að annað meira tjón hafi af hlotist. Nú dregur kaupandi ekki að nauðsynjalausu að kaupa aðra hluti í stað þeirra sem kaup var á rift, og kaupir hlutina þar sem viðunanlegur markaður er þeirrar vöru, enda sannar hann, ef hann hefir eigi átt kost á að nota milligöngu brakúns, að hann keypti fyrir það verð, er þá var títt þar á staðnum, og getur seljandi þá eigi neitað því, að verð, það sem kaupandi greiddi, verði álitið verð hlutanna.

26. gr.

Nú er afhendingarfrestur út runninn, en inn seldi hlutur hefir eigi verið afhentur, og verður kaupandi þá, ef hann vill halda fast á kaupinu og eigi rifta það, að svara án ástæðulausrar tafar fyrirspurn um þetta frá seljanda. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að heimta hlutinn sér afhentan. Sama er og þótt hann hafi enga fyrirspurn fengið, ef hann skýrir ekki frá því innan sennilegs tíma, að hann óski að kaupið haldist.

27. gr.

Nú hefir seld vara verið afhent eftir að afhendingarfrestur var liðinn, og verður kaupandi þess vís, þá er varan kemur honum í hendur: eða af því að seljandi skýrir honum frá því, að varan hefir verið síðar afhent, en áskilið var, og verður hann þá, ef um kaupmanna-viðskifti er að ræða, að skýra seljanda frá þegar í stað eða án óþarfrar tafar, að hann ætli sér að neyta réttar síns út af drættinum. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að koma síðar fram með neina kröfu af því tilefni. Ætli kaupandi sér að neyta réttar síns til að rifta kaupið, þá verður hann að skýra seljanda frá þessu án óþarfs dráttar; ella missir hann þann rétt sinn.

Um drátt af kaupanda hendi.

28. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt í ákveðna tíð, eða kaupandi gerir ekki í tæka tíð þá ráðstöfun, sem greiðsla kaupverðsins er undir komin, og má þá seljandi gera hvort er hann vill, halda upp á hann kaupinu eða rifta það. Sé drátturinn óverulegur, verður kaupið þó ekki rift. Í kaupmanna-viðskiftum er sérhver dráttur talinn verulegur.

Nú er það sem selt var þegar komið í vörzlur kaupanda, og getur seljandi þá ekki rift kaupið, nema annað hvort sé, að álíta verður að hann hafi áskilið sér þennan rétt, eða þá að kaupandi neitar að taka við hlutnum.

29. gr.

Nú er svo um samið að seljandi afhendi smátt og smátt, en andvirði sé greitt við hverja afhendingu, en svo verður dráttur á greiðslu andvirðis, sá er álíta má verulegan eftir fyrri málsgr. 28. greinar, þá á seljandi rétt á að rifta kaupin á öllu, því er síðar skyldi afhent, nema engin ástæða sé til að óttast, að dráttur muni aftur fyrir koma. Þetta á sér stað, þó að seljandi geti ekki samkvæmt síðari hluta 28. gr. rift kaupið að því er snertir þá sendingu, sem andvirði dróst fyrir.

30. gr.

Nú riftir seljandi kaup samkvæmt því sem fyrir er mælt í 28. og 29. gr., og á hann þá rétt til skaðabóta samkvæmt reglunum í 24. gr. Bæturnar skal svo ákveða, að þær svari mismuninum á því, hve miklu kaupverðið er hærra heldur en verð vörunnar á þeim tíma, er drátturinn átti sér stað, nema sannað verði að seljandi hafi annað meira tjón af hlotið.

Nú lætur seljandi selja vöruna á þann hátt, er um getur í 25. gr., og getur kaupandi þá eigi mótmælt því, að það verð, er við þá sölu fékst, verði álitið verð vörunnar.

31. gr.

Nú er kaupverð ekki greitt, þó að gjalddagi sé liðinn, eða kaupandi hefir látið hjá líða að gera slíka ráðstöfun, sem um er getið í 28. gr., en inn seldi hlutur er enn ekki afhentur kaupanda, þá verður seljandi, ef hann vill halda kaupinu upp á kaupanda, að skýra kaupanda frá því án óþarfrar tafar innan sennilegs tíma, hvort sem kaupandi hefir sent honum fyrirspurn um það eða ekki.

32. gr.

Nú er kaupverð greitt of seint eða ráðstöfun, sú sem um er getið í 28. gr., gerð of seint, og verður seljandi þá, ef hann vill rifta kaupið af þeirri ástæðu, að skýra kaupanda frá því, þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að ræða, en annars án óþarfs dráttar. Geri hann það ekki, missir hann rétt sinn til að rifta kaupin.

33. gr.

Nú lætur kaupandi hjá líða að vitja ins keypta hlutar eða veita honum viðtöku á réttum tíma, eða hann er þess valdandi á annan hátt, að hluturinn er ekki afhentur í hans hendur í ákveðna tíð, og skal þá seljandi annast hlutinn á

kaupanda kostnað þar til er drætti þessum lýkur, eða seljandi neytir þess réttar, sem 28. gr. kann að veita honum til að rifta kaupið. Nú er hluturinn sendur og kominn á móttökustað, og eiga þá fyrirmæli þessi því að eins við, að þar sé einhver, sem fyrir seljanda hönd getur tekið hlutinn til varðveizlu, enda valdi það seljanda eigi verulegum kostnaði eða óþægindum.

34. gr.

Geti seljandi ekki án verulegs kostnaðar eða óþæginda haldið áfram að annast hlutinn, eða ráðstafi kaupandi honum ekki innan sennilegs tíma eftir að hann hefir fengið áskorun um það, þá er seljanda rétt að selja hlutinn fyrir kaupanda reikning; en gera skal hann kaupanda aðvart áður í tæka tíð, ef auðið er. Nú er löggiltur brakún, sem fengið hefir vitneskju um tegund sölunnar, látinn selja hana á viðunanlegum stað, þar sem markaður er fyrir þá vöru, eða hluturinn er seldur á uppboði, sem auglýst er og haldið á viðunanlegan hátt, og getur kaupandi þá ekki mótmælt því verði, sem við söluna fæst. Nú er eigi auðið að selja hlutinn, eða það er sýnilegt, að söluverðið muni eigi hrökkva fyrir sölukostnaði, og er þá seljanda rétt að flytja hlutinn burt, ef hann vill.

35. gr.

Nú er hlutnum hætt við bráðum skemdum eða geymsla hans hefir í för með sér ýkjamikinn kostnað tiltölulega, og er þá seljanda skylt að selja hann, þó með þeirri takmörkun, sem leiðir af niðurlagi 34. gr. Sé eigi auðið að selja hlutinn skaðlaust á neinn þann hátt, sem þar er sagt, skal selja hann eins og bezt verður.

36. gr.

Nú hefir dráttur af kaupanda hálfu valdið seljanda útgjöldum til varðveizlu hlutarins eða öðrum auknum kostnaði, og á seljandi þá rétt á skaðabótum, og getur hann haldið hlutnum til tryggingar fyrir þeim.

37. gr.

Nú er inn seldi hlutur í ábyrgð seljanda, en kaupandi hefir gerst þess valdur, að hluturinn verður ekki afhentur á réttum tíma, þá flyzt ábyrgðin yfir á kaupanda, ef um þá hluti er að ræða, sem ákveðnir eru eftir tegund, þó ekki fyrri en ákveðnum hlutum hefir verið af skift og þeir til teknir handa kaupanda.

Um vöxtu af kaupverði.

38. gr.

Ef gjalddagi er ákveðinn í kaupmannaviðskiftum og andvirði eigi greitt í ákveðna tíð, þá á kaupandi að svara 6% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga. Nú hefir enginn gjalddagi verið ákveðinn, og á kaupandi þá að svara þessum vöxtum frá þeim degi, er varan var afhent, eða, hafi kaupandi verið þess valdur að dráttur varð á afhendingunni, þá frá þeim degi, er sá dráttur hófst.

I öðrum viðskiftum á kaupandi að svara 5% ársvöxtum af kaupverðinu frá gjalddaga, hvort sem gjalddagi var ákveðinn eða ekki. Nú fær kaupandi reikning frá seljanda á þeim tíma, er kaupverð var gjaldkræft orðið, og falla þá vextir á frá móttöku reikningsins, án þess að aðra kröfu þurfi um að gera.

Eldri venja eða lagaákvæði um vaxtahækkun frá þeim degi, er kröfuhafi leitar réttar síns, skulu eigi gild vera framar, þá er vextir eru taldir samkvæmt þessari grein.

Um það er kaupandi getur eigi borgað.

39. gr.

Nú verður kaupandi gjaldþrota eftir að kaup voru gerð eða samningur er hafinn um þvingunar-afslátt við hann, þá er seljanda rétt að halda inum selda hlut, þó að gjaldfrestur hafi áskilinn verið, og sé hluturinn sendur frá afhendingarstaðnum, þá má seljandi varna því að hann sé afhentur búinu, unz nægileg trygging er sett fyrir greiðslu kaupverðsins í gjalddaga. Nú er afhendingartími kominn, og búið hefir ekki sett slíka tryggingu, þó að seljandi hafi á það skorað, og má hann þá rifta kaup, ef hann vill.

Þessum ákvæðum skal einnig beita

ef það kemur fram við fjárnám eftir að kaup eru gerð, að kaupandi hefir eigi efni til að greiða skuld sína,

eða hann hefir hætt greiðslum, enda sé hann kaupmaður,

eða fjárhagur hans að öðru leyti reynist slíkur, að ætla má að hann geti eigi greitt kaupverðið þá er það fellur í gjalddaga.

40. gr.

Nú er bú kaupanda tekið til gjaldþrotaskifta, en hvorki er kominn sá tími, er inn selda hlut átti að afhenda, eða gjalddagi kaupverðsins, og getur seljandi þá skorað á búið að lýsa yfir því, hvort það vill ganga í kaupin, og lýsi búið þá ekki yfir því svo fljótt sem auðið er og í síðasta lagi innan þriggja vikna, eða fjögra vikna, ef um innlend viðskifti er að ræða, eða þá á afhendingardegi eða gjalddaga, ef það tímamark ber fyrr að höndum, að það vilji í kaupið ganga, þá má seljandi rifta kaupið.

41. gr.

Nú hefir inn seldi hlutur verið afhentur þrotabúinu eftir að búið var framselt til gjaldþrotameðferðar, en kaupverð eigi greitt, og á seljandi þá rétt á að heimta hlut sinn aftur, nema búið lýsi yfir því, að það vilji í kaupið ganga, enda greiði þá kaupverðið eða setji tryggingu fyrir greiðslu þess í gjalddaga, ef krafist er. Nú hefir búið látið hlutinn af hendi eða á annan hátt ráðstafað honum þannig fyrir sinn reikning, að eigi er auðið að skila hlutnum aftur í verulega óbreyttu ástandi, og er seljanda þá rétt að líta svo á sem búið hafi gengið í kaupið.

Um það er seldum hlut er áfátt.

42. gr.

Nú er ákveðinn hlutur seldur og er honum áfátt eða galli á honum, þá má kaupandi rifta kaupin eða heimta afslátt af kaupverði að tiltölu. Nú verður að álíta það óverulegt, sem að hlutnum er, og á kaupandi þá ekki rétt á að rifta kaupið, nema seljandi hafi svik í frammi haft.

Nú hefir hlutinn, er kaupin gerðust, skort einhverja þá eiginleika, er ætla má að áskildir væru, eða það sem hlutnum er áfátt hefir orðið fyrir vanrækt seljanda eftir að kaup voru gerð, eða seljandi hefir haft svik í frammi, og getur kaupandi þá krafist skaðabóta.

43. gr.

Nú eru inir seldu hlutir til teknir eftir tegund og er þeim áfátt þá er þeim er skilað, og getur þá kaupandi rift kaupið eða heimtað aðra hluti ógallaða í hinna stað, eða heimtað tiltölulegan afslátt af kaupverði.

Nú verður að álíta það óverulegt, sem að hlutunum er, og verður þá ekki kaup rift né annara hluta krafist í staðinn, nema seljandi hafi haft svik í frammi eða vitað um það sem áfátt var svo tímanlega, að hann hefði getað útvegað aðra hluti ógallaða án ósanngjarns kostnaðar.

Enda þótt seljanda sé ekki um að kenna það sem að söluhlutunum er, þá er hann þó skyldur að greiða skaðabætur, þó svo, að fara skal eftir ákvæðum 24. gr. eftir því sem við á.

44. gr.

Þá er úr því skal skera, hvort söluhlut sé áfátt, þá verður að miða við það tímamark, er hluturinn fluttist yfir í ábyrgð kaupanda, nema því að eins að vanhirðu seljanda sé um að kenna það sem áfátt er.

45. gr.

Nú er kaup rift sakir þess að söluhlut er áfátt, og skal þá einnig fara eftir ákvæðum 25. gr., er skaðabætur eru ákveðnar.

46. gr.

Hafi svo verið um samið, að seljandi afhendi ina seldu muni smátt og smátt, og reynist einni sérstakri afhendingu áfátt, þá getur kaupandi samkv. 42. og 43. gr. að eins rift kaup að því er til þessarar afhendingar kemur. Þó getur hann einnig rift kaup á því sem eftir er að afhenda, ef við má búast að þeim muni einnig áfátt verða; og hann getur jafnvel rift alt kaupið, ef atvik liggja svo til í sambandi afhendinganna hverrar við aðra.

47. gr.

Nú hefir kaupandi rannsakað söluhlutinn áður en kaup gerðust eða látið fyrir farast án sennilegrar ástæðu að rannsaka hlutinn, þó að seljandi skoraði á hann um það, eða honum var færi á gefið að rannsaka sýnishorn af söluhlutnum áður en kaup gerðust, og getur hann þá ekki borið fyrir sig neina þá galla

á söluhlutnum, sem hann hefði átt að sjá við þá rannsókn, nema seljandi hafi haft svik í frammi.

48. gr.

Nú er hlutur seldur á uppboði, og getur kaupandi þá ekki borið fyrir sig neinn galla á hlutnum, nema hluturinn svari ekki til þess heitis, er hann var táknaður með við söluna, eða seljandi hafi haft svik í frammi. Þessi ákvæði gilda þó ekki þá er kaupmaður selur varning sinn á uppboði.

49. gr.

Nú býðst seljandi til að bæta úr því sem að er inum selda hlut eða láta annan hlut ógallaðan koma í hans stað, og verður kaupandi þá að sætta sig við það, ef það verður gert áður en sá frestur er úti, sem hann var skyldur til að bíða afhendingar (sbr. 21. gr.), enda sé það augljóst, að hann hafi engan kostnað eða óhagræði af þessu.

Ákvæði þessi hafa engin áhrif á rétt kaupanda til skaðabóta.

50. gr.

Ákvæði laga þessara, um það er söluhlut er áfátt eða hann gallaður, eiga einnig við að sínu leyti þá er mergð og stærð eða þungi þess sem selt var, er minni en áskilið er, ef kaupandi má ganga að því vísu, að ætlast sé til að það sem afhent er, séu fullar efndir þess sem um var samið. Þá er þannig stendur á, getur kaupandi ekki samkvæmt 43. gr. krafist annara hluta í stað þeirra sem afhentir voru, en í stað þess getur hann heimtað, að sér sé afhent það sem upp á vantar, hvort sem þetta er meiri eða minni hluti þess sem afhenda átti.

51. gr.

Sé um kaupmanna-viðskifti að ræða, og sé söluhluturinn afhentur og kominn kaupanda í hendur eða tilraunarsýnishorn, sem um var samið, er komið honum í hendur, þá er hann skyldur til að rannsaka hlutinn svo sem góð verzlunartízka heimtar. Eigi að senda hlutinn úr einum stað í annan, er kaupandi þó ekki skyldur að rannsaka hann fyrri en hluturinn er þangað kominn, sem hann á að fara, og kaupanda hefir verið gerður kostur á að veita honum viðtöku á þann hátt, að honum hefði verið skylt að annast hlutinn samkv. 56. gr.

52. gr.

Nú kemur það í ljós, að söluhlut er ábótavant og vill kaupandi bera það fyrir sig, þá skal hann skýra seljanda frá því þegar í stað, ef um kaupmanna-viðskifti er að ræða, en ella án ástæðulauss dráttar. Nú hefir kaupandi orðið þess var, að hlutnum var áfátt, eða hann hefði átt að verða þess var, og skýrir hann eigi seljanda frá, svo sem hér er fyrir mælt, þá getur hann ekki síðar borið það fyrir sig, að hlutnum hafi áfátt verið.

Nú vill kaupandi rifta kaup eða krefjast viðbótar eða nýrra hluta í stað þeirra sem hann hefir fengið, og skal hann þá skýra seljanda frá því án ástæðulauss dráttar, missi ella rétt sinn til þess að hafna hlutnum eða krefjast viðbótar.

53. gr.

Ákvæði 52. gr. um það, að kaupandi missi rétt sinn til þess að bera fyrir sig að söluhlut hafi áfátt verið, gilda þó ekki, ef seljandi hefir haft svik í frammi eða sýnt af sér vítaverða vanhirðu, sem hefir í för með sér talsvert tjón fyrir kaupanda.

54. gr.

Nú er ár liðið frá því er kaupandi fekk söluhlut í hendur og hann hefir ekki skýrt seljanda frá, að hann ætli að bera fyrir sig að söluhlutnum hafi ábótavant verið, og getur hann þá eigi síðar komið fram með neina kröfu af því tilefni, nema seljandi hafi skuldbundið sig til að ábyrgjast hlutinn langan tíma eða hafi haft svik í frammi.

Ákvæði um það, er sölumunum er neitað viðtöku, og um rifting kaupa.

55. gr.

Nú hefir kaupandi fengið hlut í hendur, þann er hann vill neita viðtöku, og er hann þá skyldur að annast um hlutinn, en krafið getur hann seljanda endurgjalds á þeim kostnaði, er af þessu leiðir. Fyrirmæli 34. og 35. gr. eiga við um þetta eftir því sem á stendur.

56. gr.

Nú hefir hluturinn verið sendur svo, að kaupandi á kost á að taka hann til varðveizlu á staðnum, sem hann átti til að fara, en hann vill synja honum viðtöku, og er hann þó skyldugur að taka við honum til varðveizlu á kostnað seljanda.

Þetta á þó ekki við, ef seljandi er sjálfur á viðtökustaðnum eða þar er handhafi hleðslu-skírteinis (*konnossement*) eða annar, sá er fyrir seljanda hönd getur annast um hlutinn. Sama er og ef kaupandi getur ekki fengið hlutinn í sínar vörzlur án þess að greiða andvirði hans eða baka sér annan verulegan kostnað eða óþægindi.

Nú hefir kaupandi tekið hlutinn í sínar vörzlur, og eiga þá við fyrirmælin í næstu grein hér á undan.

57. gr.

Sé kaup rift, á seljandi ekki rétt á að fá hlutinn aftur, nema hann skili aftur því er hann hefir fengið af andvirði hans, og kaupandi á ekki rétt á að fá andvirði endurgreitt, nema hann skili aftur því er hann hafði við tekið, í sama ástandi og mergð eða stærð að öllu verulegu, sem það var í er hann tók við því.

Nú riftir kaupandi kaup eða krefst skifta á hlutum, og á hann þá rétt á að halda þeim hlut, er hann hefir fengið, þar til er seljandi svarar skaðabótum, þeim er honum ber, eða setur nægilega tryggingu fyrir þeim.

58. gr.

Jafnvel þótt hluturinn sé forgörðum farinn eða breyttur, getur kaupandi þó rift kaupið, þrátt fyrir ákvæðin í næstu grein hér á undan, ef það, að hluturinn fór forgörðum eða breyttist, er ósjálfráðri tilviljun að kenna eða ásigkomulagi hlutarins sjálfs eða ráðstöfunum, sem nauðsynlegar voru til að rannsaka hann, eða voru gerðar áður en það kom í ljós eða hefði átt að koma í ljós, að hlutnum var svo ábótavant, að af því leiddi rétt til að rifta kaupin.

Um vanheimild.

59. gr.

Nú kemur það fram, að söluhlutur var annars manns eign en seljanda, þá er kaupin gerðust, og getur þá kaupandi krafist skaðabóta af seljanda, og það þótt seljandi hafi eigi betur vitað en að hann ætti hlutinn. Ef kaupandi hafði fullan grun eða vitneskju um vanheimild seljanda, þá er kaupin gerðust, þá á hann engan rétt til skaðabóta.

Um kaup til reynslu.

60. gr.

Nú er hlutur keyptur til reynslu eður með því skilyrði, að kaupandi megi skoða hlutinn áður en kaupið er fullgert, og hefir hluturinn verið afhentur, þá er kaupandi þó bundinn við kaupin, nema hann skýri seljanda frá innan tiltekins tíma, eða innan hæfilegs frests, ef enginn tími var fast ákveðinn, að hann vilji eigi hlutinn hafa.

Meðan hluturinn er hjá kaupanda til reynslu eða skoðunar, er hann í ábyrgð kaupanda.

Um tilkynningar eftir lögum þessum.

61. gr.

Nú er slík tilkynning frá kaupanda, sem um getur í 6., 26., 27., 52. og 54. gr., afhent til flutnings með ritsíma eða pósti eða með öðrum þeim flutningstækjum, sem gilt þykir að nota, og missir þá tilkynnandi engan rétt við það, að tilkynningunni seinkar eða að hún kemur eigi til skila.

Slíkt hið sama á við um tilkynningar frá seljanda, þær er um er rætt í 31. og 32. gr.

Um það, hvað ýmis söluskilyrði skuli merkja.

62. gr.

Nú er varningur seldur »frítt á skipsfjöl« (fob) á tilteknum stað, og verður þá kaupandi að hafa þar til skip eða áskilið skipsrúm til að flytja varninginn þaðan.

Seljandi á að annast um og kosta flutning varningsins til hleðslustaðarins og gera þær ráðstafanir um flutning varningsins á skip, sem lög áskilja á þeim stað eða viðskiftatízka er til.

Nú er varningur kominn á skipsfjöl, og er hann þá úr ábyrgð seljanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi, því sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd og stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Nú hefir kaupandi skip til taks eða skiprúm til að taka við varningnum, og leiðir þó ekki af því, að kaupandi sé skyldur til að rannsaka varninginn fyrri en hann er komin á viðtökustað; ekki hamlar þetta heldur seljanda frá að neyta þess réttar, sem honum er áskilinn í 15., 28. og 39. gr.

Sé ekki öðruvís um samið, er kaupandi skyldur að greiða andvirði gegn móttöku hleðslu-skírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

63 gr.

Nú er varningur seldur »flutnings-frítt« (Cost and freight, c & f, c f). og skal þá seljandi kosta sendingu hans til viðtökustaðar.

Nú er varningur afhentur farmflytjanda eða honum komið á skipsfjöl samkvæmt fyrirmælum 10. gr., og er hann úr því í ábyrgð kaupanda.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi, því sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Þó að ekki sé sérstaklega svo um samið, er kaupandi skyldur til að greiða andvirði gegn móttöku hleðslu-skírteinis samkvæmt því sem ákveðið er í 71. gr.

Þó að andvirði sé ekki í gjalddaga komið, þá er varningur kemur til kaupanda, er kaupandi þó skyldur til að greiða það flutningsgjald, er seljandi hefir eigi greitt, en draga má hann það frá kaupverðinu, án þess þó að reikna sér vöxtu af því.

64. gr.

Nú er varningur seldur »cif« (cost, insurance, freight) eða »caf« (coût, assurance fret), og gilda þá ákvæðin í næstu grein hér á undan.

Auk þess á seljandi að annast venjulega vátryggingu fyrir kaupanda hönd fyrir þann hluta vegar eða tíma, sem hann ber ekki sjálfur ábyrgð á. Nú lætur

seljandi hjá líða að vátryggja þannig varninginn, enda er kaup þó eigi fyrir þá skuld rift, þá getur kaupandi heimtað bætur fyrir það tjón, er hann kynni að hafa beðið af vanhirðu seljanda, eða hann getur sjálfur vátrygt varninginn og dregið þann kostnað frá andvirði varningsins.

65. gr.

Nú er varningur seldur »afhentur« eða »fritt« (franko) á tiltekinn stað, og er varningurinn þá ekki talinn afhentur fyrri en hann er á þann stað kominn. Seljandi á þá að annast um og kosta sendingu varningsins þangað og ber hann ábyrgð á honum meðan á sendingunni stendur.

Þá er um það skal dæma, hvort varningi sé ábótavant, skal dæma eftir ástandi, því sem hann var í á þeirri stund, er hann fór úr ábyrgð seljanda. Sama er um mergð, þyngd eða stærð þess varnings, er seldur er eftir tölu, þunga eða máli.

Sé orðið »afhent« notað í sambandi við »flutningsfrítt« »c og f« »cf«, »cif« eða »caf«, þá hefir merking orðsins »afhent« engin áhrif á téð söluskilyrði.

66. gr.

Nú er varningur keyptur með þeim ákvæðum, er nokkurt svigrúm gefa um mergð hans, þyngd eða stærð t. d. »cirka«, »frá—til« eða því um líkt, og er þá seljanda frjálst um að kjósa innan þeirra takmarka, nema það sé ljóst af atvikum, að svigrúmið sé ætlað kaupanda til hagsmuna.

Ef orðið »cirka« er notað eða »hér um bil«, þá er svigrúmið 10% fyrir ofan eða neðan, ef um heilan farm er að ræða, ella 5%.

67. gr.

Nú er seldur »farmur«, og má seljandi þá ekki senda annan varning með sama skipi. Geri hann það engu að síður og kaupandi hafi óhagræði af, getur kaupandi rift kaup. Hvort sem kaupandi riftir kaup eða ekki, á hann rétt á skaðabótum.

68. gr.

Nú er svo tilskilið, að varning skuli afhenda eða við honum taka »í byrjun« (»primo«), í »miðju« (»medio«) eða «í lok« («ultimo») mánaðar, og er það þá að skilja, eftir því sem á stendur, um fyrsta til tíunda, ellefta til tuttugasta, eða tuttugasta og fyrsta til síðasta dags í mánuðinum.

Þá er verðskjöl eru seld, þýðir »primo« fyrsta sýknan dag í mánuði,

»medio« fimtánda dag í mánuði, eða næsta sýknan dag, ef sá dagur er heilagur, »ultimo» síðasta sýknan dag í mánuði.

69. gr.

Nú hefir seljandi skuldbundið sig til að senda frá sér varning innan ákveðins frests, og skal þá álíta að varan hafi afhent verið á réttum tíma, ef henni hefir verið komið á skipsfjöl eða önnur þau flutningstæki, er við henni skyldu taka, innan þess tíma.

Nú er hleðsluskírteini gerð um sendinguna, og ber hún ekki með sér að varan hafi afhent verið á réttum tíma, og getur þá kaupandi hafnað vörunni.

70. gr.

Nú er áskilin »borgun út í hönd«, og er þá kaupandi skyldur að greiða andvirðið jafnframt og söluhluturinn er boðinn honum til viðtöku (sbr. 14. og 15. gr.).

71. gr.

Nú hefir kaupandi skuldbundið sig til að greiða andvirði við móttöku hleðsluskírteinis, eða til að samþykkja víxil jafnframt og honum er afhent hleðslu-skírteini, og má hann þá ekki neita greiðslu eða samþykki fyrir það, að varningurinn sé ekki enn til skila kominn eða að hann hafi ekki haft færi á að rannsaka hann.

Þá er borgunar eða víxilsamþykkis er krafist gegn afhendingu hleðslu-skírteinis, verður kaupandi að hafa fengið í hendur reikning yfir varninginn, og hafi seljandi skuldbundið sig til að vátryggja varninginn, verður vátryggingarskírteini að fylgja hleðslu-skírteini.

Það sem hér er ákveðið, á einnig við þegar kaupandi hefir skuldbundið sig til að greiða andvirðið við móttöku slíks hleðslu-skírteinis, sem um er getið í 16. gr.

Ed.

450. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Í nefndaráliti sínu um fjáraukalagafrumvarpið kvaðst nefndin mundu gjöra frekari grein fyrir fjármálastefnu sinni að þessu sinni en þar var gjört, og skal hér farið nokkrum orðum um þetta mál.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar var áætlaður tekjuhalli um 348 þús. kr. og aukafjárveitingar samkvæmt fjáraukalagafrumvarpi hennar um 134 þús. kr. eða alls kr. 482 þúsundir.

Þetta er stórkostlegur halli og mjög athugaverður eins og nú stendur á, enda sá stjórnin ekki annað fært en að reyna að jafna hann, og lagði því fyrir þingið frumvarp um nýja bráðabirgðarhækkun á aðflutningsgjaldi á vínföngum og tóbaki. Eftir áætlun stjórnarinnar nemur þessi tollhækkun um 240 þús. kr. á ári og vegur þannig nokkurn veginn móti tekjuhallanum, ef áætlunin reynist nærri lagi.

Nefndin er stjórninni samdóma um, að ófært sé að láta tekjuhallann á fjárlögunum ár eftir ár ganga á viðlagasjóðinn, er þannig yrði á skömmum tíma eyðslufé og uppausinn. Sjóð þennan má alls ekki skerða nema brýn nauðsyn kalli að, og þá nauðsyn getur hæglega að höndum borið óðar en varir hér á landi. Sjóðurinn ætti í flestum meðalárum fremur að vaxa en minka.

Að því er kemur til hins nýja tollauka, er því varlega treystandi, að hann í reyndinni nægi til að jafna tekjuhallann. Innflutningur á þessum vörum fer mjög eftir því, hvernig árar í verzlun og atvinnuvegum landsmanna. Sé óáran í verzlun og viðskiftum, og einkanlega ef afurðir landsins falla í verði, þá dregur það mjög úr kaupum á þeim vörum, er landslýðurinn má helzt án vera, en við það minka tolltekjur landssjóðsins. Einnig getur tollhækkunin út af fyrir sig haft áhrif í líka átt og það því heldur, ef svo hittist á, að hart er í ári, er hún fyrst kemur á.

Undanfarin ár hafa mátt heita veltiár til lands og sjóar, verzlunin yfirleitt með hagstæðasta móti, og peningar til skamms tíma auðfengnir til atvinnu og framleiðslufyrirtækja. Þessu góðæri er það og mest að þakka, að tekjuhalli landssjóðs síðustu fjárhagstímabil hefir ekki skift mörgum hundruðum þúsundum króna. Útgjöld landssjóðs hafa aukist afarmikið ár frá ári sakir stórfyrirtækja er höfð hafa verið með höndum, en tekjurnar hafa jafnframt aukist fram yfir allar vonir og áætlanir þings og stjórnar.

En sé nú jafnframt litið á hag þjóðarinnar eins og hann nú er eftir þessi góðu ár, þá verður nokkuð annað upp á teningnum en við hefði mátt búast. Hin mesta óáran er í landi í öllu viðskiftalífi þjóðarinnar og skuldir hennar hafa aukist stórkostlega í góðu árunum að undanförnu, en eignirnar ekki að sama skapi, heldur virðist margt benda á, að eyðslan beri framleiðsluna ofurliða. Lánstraustinu hefir hnignað, sem ótvíræðilega bendir á, að það hafi ekki verið notað með þeirri gætni, sem nauðsynleg er, ef vel á að fara.

Síðastliðið ár varð landbúnaðurinn fyrir stórkostlegum hnekki sökum afar mikils verðfalls á ull. Til sjávarútvegsins hefir verið varið stórfé umhverfis land alt, en þrátt fyrir það stendur hann mjög höllum fæti, og það því fremur, sem óttast má fyrir, að töluvert verðfall verði á aðalafurðum hans, fiskinum, er undanfarin ár hefir verið í mjög háu verði. Flest virðist því benda á, að landsmönnum sé sá einn nauðugur, að tak-

marka útgjöld sín meir en að undanförnu. Enginn mun neita því, að það megi vel takast þjóðinni að meinfangalausu, og sé meira að segja hið æskilegasta ráð er hún getur tekið. Á þessari stefnu mun þegar tekið að bóla í ýmsum héruðum, og kemur hún auðvitað fyrst fram í því að minka kaup á munaðarvörum, en af því leiðir, að ekki er eins mikilla tolltekna að vænta fyrir landssjóðinn og að undanförnu.

Þegar þessi nýi tollauki er skoðaður í sambandi við það, sem hér hefir sagt verið, þá eru næsta litlar líkur til, að hann nægi til að jafna tekjuhalla stjórnarfrumvarpanna, hvað þá heldur ef þingið afgreiðir fjárlögin með enn meiri halla, eins og alt útlit er fyrir eftir frumvarpi neðri deildar sem hér liggur fyrir. Það dregur og töluvert úr hinum áætlaða tekjuauka, að nokkrir stærstu vínsalar landsins hafa birgt sig upp til langs tíma, áður en lögin öðluðust gildi. Líka má búast við nokkurri rýrnun í öðrum tolltekjum. Þá verða og á þessu þingi eflaust samþykt nokkur lög er hafa útgjöld í för með sér og sams konar lög frá fyrri þingum, sem enn eru ekki komin í framkvæmd, koma það þá og þegar. Alt þetta getur orðið til að auka tekjuhallann langt fram yfir áætlun fjárlaganna. Hallinn hefir aukist um alt að 60 þúsund kr., þrátt fyrir úrfelling eins stærsta gjaldliðsins 68 þús. kr. til koparsíma frá Borðeyri til Ísafjarðar, úrfelling, sem eftir annari atkvæðagreiðslu deildarinnar um símaútgjöldin var mjög ástæðulítil.

Verði lögleitt bann á innflutningi áfengis á þessu þingi, þá missir landssjóður innan skamms tíma þann toll, sem um langan aldur hefir verið ein stærsta tekjugrein hans. Þótt bannlögin ekki komi til framkvæmdar á þessu fjárhagstímabili, munu þau draga úr innflutningi áfengis eftir því, sem líður að framkvæmd þeirra. En hvað sem því líður, þá er full ástæða fyrir þingið að hafa þetta í huga og búa sig nú þegar undir þann tekjumissi, er bannið hefir í för með sér á sínum tíma, með því að koma í veg fyrir stórkostlegan tekjuhalla á þessu fjárhagstímabili. Til þessa er því meiri ástæða, sem milliþinganefndin í skattamálinu hefir ekki bent á neitt visst ráð til að bæta landssjóði þennan halla, og þingið mun að þessu sinni heldur ekki hafa ráðrúm til þess.

Hér ber því alt að sama brunni. Fjárhag landsins er teflt í hættu, með því að afgreiða fjárlögin nú með miklum tekjuhalla, eða meiri en svo, að vænta megi að tollaukinn jafni hann. Þetta getur því leitt til þess, að demba verði innan skamms stórkostlegum sköttum á þjóðina, miklu hærri en þeim, er milliþinganefndin ráðgerir, og hærri en sá tekjumissir út af fyrir sig nemur, er innflutningsbannið hefir í för með sér, en sá tekjumissir mun nema minst 150 þús. krónum á ári eða 300 þús. kr. á fjárhagstímabili, þótt miðað sé við töluvert minni innflutning á vínföngum en undanfarin ár.

Nefna má auðvitað annað ráð til þess í bráðina að komast fram úr mestu vandræðunum, og það er taka nýtt lán fyrir landið til viðbótar þeirri hálfu miljón króna, er þegar hefir tekin verið. Þegar litið er á gjaldþol þjóðarinnar eins og það nú er og útlit er fyrir að það verði fyrst um sinn, þá virðist lítt tiltækilegt að auka skattabyrði hennar stórkostlega fram yfir það, sem skattamálanefndin ráðgerir og af innflutningsbanninu leiðir. Um lántöku er það að segja, að eins réttmæt sem hún er, sé um framkvæmd beint arðvænna fyrirtækja að ræða, eins athugaverð og óréttmæt getur hún verið, ef verja á láninu til lúkningar skuldum sem stofnaðar hafa verið sökum fjáreyðslu til óarðvænna fyrirtækja.

Þá er ein leið eftir til að firrast vandræði, og hún er sú, að takmarka að þessu sinni sem mest útgjöld landssjóðs með því að fresta sumum þeim fyrirtækjum, er mestan kostnað hafa í för með sér. Neyðarúrræði má slíkt kalla sé um bráðnauðsynleg fyrirtæki að ræða. En þjóðráð getur það líka verið. Enginn hygginn búmaður vílar fyrir

að fresta nauðsynlegum og í sjálfu sér gagnlegum búnaðarframkvæmdum heldur en að steypa sér í fjárkröggur, er hann trauðla fær út úr séð. Sömu ráð verður þjóðin stundum að hafa í búskap sínum, vilji hún sjá fótum sínum forráð.

Þegar litið er á fjárlagafrumvarpið frá þessu sjónarmiði, þá er mörgum stærstu útgjaldaliðunum þannig varið, að engum verulegum sparnaði verður þar við komið. Gjöldin eru ákveðin með sérstökum lögum og verða því að standa óbreytt. Líku máli er að skifta með fjárframlög til skóla og annara stofnana, sem landið á að kosta; þessi fjárframlög má ekki skera svo við neglur sér, að stofnanirnar ekki geti orðið að tilætluðum notum fyrir þjóðina. Fjársparnaður þingsins verður því aðallega að koma niður á þeim gjöldum, sem eingöngu er ákveðin með fjárlögunum, og þá mæta manni þau fyrirtæki og framkvæmdir, sem þjóðin hefir haft með höndum undanfarin ár og sem að sjálfsögðu verður að halda áfram með að meira eða minna leyti. Hér er því vandinn að leggja á rétta vog hverju fresta megi og hverju ekki þjóðinni að sem meinfangaminstu.

Á þessu hefir nefndin viljað sýna viðleitni. Hún er öll á einu máli um það, að full ástæða sé til að viðhafa sem mestan sparnað í útgjöldum landsins að þessu sinni, þótt hana greini nokkuð á um það, hvar spara eigi og hve langt eigi að ganga í þessa átt.

Hæstu útgjaldaliðirnir í frumvarpinu, sem breyta má, eru útgjöldin í 13. gr. til samgöngumála. Þessi útgjöld hafa hækkað ár frá ári og í núgildandi fjárlögum eru þau liðug 1208 þús. krónur og í fjárlagafrumvarpi því, sem hér liggur fyrir um 1065 þús. krónur. Hin gífurlega hækkun þessara gjalda hin síðustu ár stafar mest af símalagningunni um landið, er sú upphæð í gildandi fjárlögum um 375 þúsundir, en mikið hefir og verið kostað til annara samgöngubóta. Þótt mikið sé ógert af því, sem hér þarf að gera, verður nefndin að líta svo á, að svo mikið sé þegar gert, að vel megi við una, þótt nokkuð sé hægt á sér um eitt fjárhagstímabil. Fjölbygðustu héruð landsins hafa flest fengið afarmiklar samgöngubætur í nýjum vegum, brúm á stærstu ám og símum, er þegar eru lagðir um flestar hinar fjölbygðustu sveitir, er tengja saman alla kaupstaði landsins og landið við útlönd.

Hér má því kalla, að bætt sé úr bráðustu og mestu þörfum alls þorra landsmanna. Þótt mikið sé enn ógert, er mörgu af því þannig varið, að því má fresta og verður að fresta um lengri eða skemmri tíma, og þegar fjárhag landsins er eins háttað og nú, verður að líta meira á hann en bráðar framkvæmdir, þótt til umbóta horfi. Auðvitað má ekki leggja árar í bát eða fresta bráðnauðsynlegum umbótum og viðhaldi á þeim verkum, sem áður eru unnin.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því til allmikillar niðurfærslu á gjöldum til flutningabrauta að þessu sinni; sama máli er að gegna um símalagningar þær, sem ráðgerðar eru í frumvarpinu. Meiri hlutinn telur æskilegt, að þessar línur séu lagðar jafnskjótt og efni og ástæður leyfa, en telur rétt að fresta þeim nú og það því fremur, sem naumast verður búist við miklum tekjum af þeim, að undantekinni Siglufjarðarálmunni, er nefndin ræður til að látin sé standa. Hlutaðeigandi bygðarlög hafa sýnt lofsverðan áhuga á lagning þessarar línu, með því að leggja fríviljug á sig framlög til hennar að sínum hluta með frjálsum samskotum frá hreppum og jafnvel einstökum mönnum til að firrast lántöku.

Nokkrar tillögur nefndarinnar hækka útgjöldin; þóttist nefndin vart geta komist hjá þessum hækkunum, til þess að gæta fullrar sanngirni og samkvæmni milli hinna einstöku gjaldliða.

Nefndin hefir að þessu sinni gengið fram hjá gufuskipaferðunum og fjárveiting-

um til þeirra og fjarðabátum, með því að neðri deild hefir enn ekki látið álit sitt uppi um það mál.

Að svo mæltu mun nefndin gera stuttlega grein fyrir helztu breytingartillögum sínum, að svo miklu leyti, sem það ekki er gert hér að framan.

8. gr.

Vaxta og afborgana upphæðirnar af landssjóðsláninu úr ríkissjóði hyggur nefndin ekki rétt tilfærðar. Eftir því, sem henni telst til, er fyrri upphæðin kr. 53,333,33 og síðari upphæðin kr. 52,000,00 eða alls kr. 105,333,33; verður það kr. 666,66 hærra en í frumvarpinu.

12. gr. 9. a.

Neðri deild hefir slegið saman í eitt öllum fjárveitingunum til sjúkrahúsa, sjálfsagt í þeim tilgangi, að styrkurinn til hvers sjúkrahúss yrði miðaður við aðsóknina. Þótt nefndin kannist við, að sú aðferð hafi nokkuð til síns máls, telur hún varhugavert að beita henni hvað sjúkrahúsið á Patreksfirði snertir. Patreksfjörður er sá staður á landinu, þar sem langflest útlend fiskiskip koma og því einna mest hætta þar, að útlendar sóttir flytjist inn í landið. Þar ríður því mjög á að hafa svo vel útbúið hús, að það geti tekið svo á móti útlendum sjúklingum, að sem mest trygging sé fyrir, að erlendar sóttir útbreiðist ekki. Á hinn bóginn mun aðsókn að öllum jafnaði vera töluvert minni að þessu sjúkrahúsi en hinum, og þess vegna yrði það mjög út undan, ef styrkurinn væri eingöngu við það miðaður. Nefndin ræður því til, að þessu sjúkrahúsi sé veittur sami styrkur og að undanförnu og leggur til að bæta athugasemd við liðinn í þá átt.

13. gr. A. 1. b. 2.

Póstmeistarinn hefir skýrt nefndinni frá, að laun sumra póstafgreiðslumanna væri orðin svo lítil í samanburði við hin sívaxandi störf þeirra, að nokkrir þeirra hefðu þegar sagt upp þessum störfum nema þeir fengi launabót; telur hann það mjög óheppilegt að missa vana og duglega menn frá þessum ábyrgðarmiklu störfum og neyðast til að taka óreynda og lítt þekta menn. Nefndin er þessu samdóma og vill því hækka þennan lið um 700 kr. hvort árið og mun sú upphæð aðallega ganga til póstafgreiðslumannanna á Akureyri og Ísafirði, er störfin hafa langmest aukist á nú upp á síðkastið.

13. gr. B. II., III., XIII. og D. II.

Ástæðurnar fyrir breytingum nefndarinnar við þessa töluliði eru tilgreindar í nefndarálitinu hér að framan.

13. gr. E. I.

Nefndinni þykir réttara að sundurliða þessa fjárveiting þannig, að ákveðin upphæð sé ætluð eftirlitsmanninum sem laun og ferðakostnaður með sérstakri upphæð. Krabbe verkfræðingur, sem mun eiga að hafa þetta eftirlit á hendi, hefir að launum 3000 kr. Nefndinni eða meiri hluta hennar þykir nóg að ætla honum 500 kr. um árið fyrir þennan starfa auk verkfræðingslaunanna og leggur því til að upphæðin sé færð það niður.

14. gr. B. III.

Forstöðumaður lagaskólans hefir skýrt nefndinni frá, að skólinn geti ekki komist af án aukinna kenslukrafta með þeirri aðsókn, er líti út fyrir að verði að honum.

Stjórnin hafði í frumvarpi sínu ætlað 1800 krónur til þessarar kenslu, en þá upphæð hefir neðri deild lækkað um 1000 kr. Nefndin telur naumast hægt að fá hæfan mann fyrir öllu minna kaup en 1600 krónur og leggur því til að sú upphæð sé veitt, með því hún telur umsögn forstöðumannsins og stjórnarfrumvarpsins um þetta á fullum rökum bygða. Sama er að segja um húsaleigustyrk og námsstyrk við skóla þennan; það virðist ekki ástæða til að hafa þá öllu lægri en við hina embættisskólana og leggur því til, að upphæðir þessar séu hækkaðar um 320 kr. og 200 kr. á ári.

14. gr. VIII. a. 1.

Húsnæði það, sem kvennaskólinn í Reykjavík hefir haft er löngu orðið allsendis ónógt fyrir skólann. Hann hefir því neyðst til að leigja næstu 5 ár miklu stærra hús; auk þess er í ráði að breyta fyrirkomulagi hans að ýmsu leyti, bæði með því að stofna heimavistir við hann og auka verklega kenslu. Til þessa er styrkur sá sem skólinn hefir haft hingað til allsendis ónógur. Neðri deild hækkaði hann að vísu nokkuð frá því sem áður var, en þó ekki eins mikið eins og bæði stjórnin og forstöðukona skólans fór fram á. Bæði þegar litið er til þess, að þessum elsta kvennaskóla landsins hefir jafnan verið vel stjórnað og átt vinsældum landsmanna að fagna, og svo til hins, hve litlu er varið til mentunar kvenþjóðinni hér á landi á móts við karlmennina, þá telur nefndin rétt að hækka þessa upphæð um 1500 krónur hvort árið með því skilyrði þó, að Reykjavíkurbær leggi til að minsta kosti 500 kr. móts við landssjóðsstyrkinn; telur nefndin bænum skylt að veita þessum skóla þennan styrk með tilliti til þess, að kaupstaðarbúarnir eiga hægast með að nota hann.

14. gr. VIII. b. 1.

Þennan lið vill nefndin hækka um 3000 kr. hvort árið. Sakir fræðsluskyldunnar fjölgar barnaskólum árlega og þar af leiðandi vaxa gjöld landsmanna til skólanna. Af upphæðinni telur nefndin hæfilegt að kaupstaðirnir fái 7000 kr. hvort árið, með því að þeir verða hvað harðast úti eftir hinum nýju fræðslulögum og fá enga hjálp til að standast stórkostlegan byggingarkostnað auk hins stóraukna árlega kostnaðar.

14. gr. VIII. b. 5.

Stjórnin lagði til, að umsjónarmanni fræðslumálanna væru veittar 600 kr. hvort árið til skrifstofukostnaðar af ástæðum, sem tilgreindar eru í frumvarpi hennar. Neðri deild feldi alveg þessa fjárveiting, en nefndin telur nokkura ástæðu til að veita eitthvað í þessu skyni og leggur til að veittar séu 300 kr. árlega eftir reikningi. Í sambandi við þetta vill nefndin benda á, að hún telur það mjög heppilegt, að eftirlit það með kenslumálum, sem þessi maður á að hafa, geti að meira eða minna leyti náð til barnaskólanna á þeim tíma er kensla fer þar fram; telur hún slíkt eftirlit alveg nauðsynlegt og mundi verða barnafræðslunni til miklu meira gagns en ferðir umsjónarmannsins á þeim tíma árs, sem skólarnir eru ekki haldnir.

Bæjarstjórnin á Ísafirði hefir undanfarin ár gengist fyrir og kostað úr bæjarsjóði framhaldsskóla fyrir fermd ungmenni í sambandi við barnaskólana. Þessi framhaldsskóli hefir verið vel sóttur bæði af kaupstaðarbúum og sýslubúum, en húsrúm af skornum skamti. Þinginu barst að þessu sinni erindi frá bæjarstjórninni og sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu um stofnun gagnfræðaskóla á Ísafirði. Fjárlaganefnd neðri deildar sá sér ekki fært að sinna þeirri málaleitun. En jafnframt þessari málaleitun tók bæjarstjórnin það fram, að hún myndi geta lánað hús fyrir framhaldsskóla ungmenna framvegis, ef

styrkur fengist til þessarar kenslu og gagnfræðaskólinn kæmist ekki á. Bæjarstjórnin hefir áformað að stækka barnaskóla kaupstaðarins mjög mikið og mun sú stækkun kosta alt að 50,000 krónum. Til þessarar byggingar sótti hún og um fjárstyrk, en fjárlaganefnd neðri deildar sá sér heldur ekki fært að sinna þeirri umsókn. Þegar þess er gætt, hve Ísafjarðarkaupstaður og sýsla eru afskift í mentamálum landsins, hve miklar tekjur landssjóður hefir þaðan og hve litlar krófur þetta fjölmenna hérað og kaupstaður hafa hingað til gjört til fjárveitingarvaldsins, þá er það næsta sanngjarnt að verða við þeirri ósk bæjarstjórnar og sýslunefndar, að fá þó að minsta kosti nokkurn fjárstyrk til framhalds skólans, þar sem bæjarstjórnin hefir líka að undanförnu léð hús og kennara til þessarar kenslu. Nefndin leggur því til, að veittar séu hvort árið 2500 kr. til unglingaskóla á Ísafirði í sambandi við barnaskólann.

Nefndinni barst bréf frá amtmanni J. Havsteen, þar sem skýrt er frá því, að eitt af hinum blindu börnum, Erlendur Páll, sem njóta kenslustyrks í Danmörku af landssjóði og sem tilfærður er undir staflið k með 900 kr. hvort árið, sé orðinn flogaveikur og því útskrifaður úr blindraskólanum 31. f. m. og tekinn á flogaveikishælið »Philadelphia Dianalund«. Styrkurinn til þessa barns á blindraskólanum þetta ár, sem er 300 kr., fellur því niður að undanteknum 75 krónum fyrir fyrsta ársfjórðunginn, og eru þannig 225 krónur afgangs. En fyrir hönd föður barnanna, Jóns Jónssonar, fer amtmaður þess á leit, að þingið veiti 400 kr. hvort árið til meðgjafar dreng þessum á flogaveikishælinu þangað til að hann yrði ferðafær heim hingað. Þótt nefndin sjái ekki beina ástæðu til þessarar fjárveitingar, þar sem blindrakenslu drengsins mun vera lokið að fullu og framfærslusveit hans sé því skylt að annast hann, ef föður hans þrýtur, þá vill hún þó eftir atvikum leggja það til, að honum verði veittar alt að 300 kr. fyrra árið auk þessara 225 kr., bæði til væntanlegrar dvalar þar sem hann nú er og sérstaklega til heimflutnings.

15. gr 6.

Hér leggur nefndin til að bætt sé við tveimur fjárveitingum í eitt skifti fyrir öll til bókasafnanna á Ísafirði og Akureyri. Á Ísafirði hefir ekkert bókasafn verið þar til fyrir nokkrum árum, að einstakir menn stofnuðu dálítið safn, hefir safn þetta ekki aukist að neinu ráði þar til hin síðustu ár, enda haft úr litlu að spila nema lítilfjörlegum fjárstyrk frá kaupstaðnum og sýslunni, þar til það á síðasta þingi fekk nokkurn fjárstyrk. Heppilegast hefði það verið, að flytja amtsbókasafn Vesturamtsins til þessa langfjölmennasta kaupstaðar á Vesturlandi, en af ástæðum, sem hér skal ekki farið út í, hefir því ekki orðið framgengt. Það er mikil þörf fyrir gott alþýðubókasafn á þessum stað, sem meðal annars má marka af því, að síðastliðið ár voru 3000 útlán úr þessu litla safni, sem þegar er til og sem aðeins á um 2000 bindi, og vantar allan fjölda hinna nauðsynlegustu bóka. Sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og bæjarstjórnin á Ísafirði hafa farið fram á 5000 kr. fjárveiting til bókakaupa fyrir safnið. Hér er að eins lagt til að veita 2000 kr., sem nefndin verður að telja mjög hóflega í sakirnar farið.

Um hina fjárveitinguna, 1000 kr. til bókasafnsins á Akureyri, er það að segja, að safnið hefir undanfarin ár verið aukið mjög af góðum bókum, sem það mátti ekki án vera, til þess að geta fullnægt hinum sjálfsögðustu krófum, veglegur lestrarsalur hefir verið lagður til þess. Kaupstaðurinn hefir lagt því allríflegan styrk á ári hverju, en þrátt fyrir það hefir það ekki getað varist skuldum.

Þegar litið er á, hve ágæt menningartæki bókasöfn á fjölmennum stöðum eru, þá má kalla því fé vel varið, sem til þeirra gengur.

Nefndin hefir fært nokkuð niður ýmsar persónulegar fjárveitingar í þessari grein og mun verða gerð grein fyrir ástæðum nefndarinnar fyrir þessum lækkunum í framsögu málsins eftir því sem þurfa þykir.

15. gr. 12.

Þennan lið leggur nefndin til að fella, ekki af því að hún telji það ekki þarft verk að semja slíkt rit sé það gjört með vísindalegra nákvæmni, glöggskyggni og óhlutdrægni, heldur af því, að hún gjörir sér litla von um að slíkt megi verða með þeim undirbúningi er neðri deild vill hafa á máli þessu. Nefndin telur miklu minni trygging fyrir því, að þeir menn, sem alþing skipar í nefnd til að semja slíkt rit, geti gjört það eins vel og einn maður. Þeir geta verið gagnólíkrar skoðunar á ýmsum mikilvægum atriðum þessa máls og átt því mjög örðugt með að sameina skoðanir sínar, þótt þeir að öðru leyti hefði einlægan áhuga á að leita sannleikans. Verkið yrði ólíkt hægra einum manni er öllum væri óháður, nema sinni eigin skoðun og sannfæringu og vilja á að finna hið sannasta og réttasta í þessu merkilega viðfangsefni. Auk þess telur nefndin það mundu draga mjög úr áliti annara þjóða á þessari ritsmíð, ef alþingi ákvæði það fyrirfram fyrir ákveðna borgun, hverjir skyldu ritið semja, og gildi þess í augum erlendra vísindamanna því verða miklu minna. Á hinn bóginn telur nefndin engan vafa á því, að alþingi myndi fúslega verðlauna slíkt rit eftir á, ef það þætti þess vert að dómi fróðra manna um þetta efni, og stjórninni vítalaust, ef svo bæri undir, að lofa verðlaunum, þótt til þess þyrfti aukafjárveiting.

16. gr. 1.

Í frumvarpi stjórnarinnar var ætlað fé til byggingar báðum bændaskólunum, en neðri deild feldi bygginguna á Hólum. Nefndin sér ekki, að því megi lengur fresta að fullnægja bændaskólalögunum, er ákveða, að skólarnir skuli geta veitt móttöku 40 piltum hvor, en það getur hvorugur þeirra gjört með þeim húsakynnum sem þar eru nú. Hér er um beina skyldu að ræða, er löggjafarvaldið verður að inna af hendi til þess að ónýta ekki sín eigin verk. Piltum hefir að undanförnu orðið að vísa frá skólunum sökum rúmleysis. Nefndin leggur því til, að veittar verði 18,500 kr. til skólahúsbyggingar á Hólum, en vill fresta öðrum byggingum þar að þessu sinni, sem stjórnin hefir viljað ljúka við á næsta fjárhagstímabili, með því að þær eru ekki eins bráðnauðsynlegar.

16. gr. 4. a. og b.

Byggingarstyrk til Eiðaskólans vill nefndin færa allan á fyrra árið, jafnframt því, sem hún tekur það fram, að hún ætlast ekki til, að þingið veiti þessum skóla nokkurn frekari byggingarstyrk, eins og alt það mál er í garðinn búið. Verklegu búnaðarkensluna við sama skóla leggur nefndin til, að færa niður um helming og veita einungis þá upphæð, 1500 kr., sem þingið hefir áður fastákveðið til þessarar kenslu, bæði á Eiðum og í Ólafsdal; var því ráðið til lykta með bændaskólalögunum, að á þessum stöðum skyldi ekki önnur kensla fram fara á kostnað landssjóðs.

16. gr. 11.

Þennan styrk til Ungmennafélaga Íslands vill nefndin færa niður um 1000 krónur á fjárhagstímabilinu. Nefndin kannast við hinn lofsverða tilgang þessa félagsskapar og telur rétt að hlynna að honum. En henni er ekki ljóst, hvernig þessari skóggræðslu-

tilraun á að verða varið eða hvort hún verði framkvæmd af því viti og þekkingu, sem nauðsynlegt er til þess, að hún geti orðið að verulegum notum fyrir skógrækt landsins.

22. gr.

Neðri deild hefir bætt 10 lánsheimildum við tillögur stjórnarinnar í þessari grein; nemur upphæðin, er heimild er veitt til að lána, samkvæmt greininni, eins og hún nú er, alt að 250 þús. kr., auk 150 þús. kr. ábyrgðar fyrir Heilsuhælisfélagið. Það eru sárlitlar líkur til að stjórnin geti nokkuð til muna sint þessum lánbeiðslum. Mikill hluti viðlagasjóðsins er fastur í löngum afborgunarlánum og vextir hans að eins rúmar 40 þús. kr. á ári, sem landssjóður þarfnast vissulega sjálfur fyrir. Nefndin leggur þó ekki til að heimildir þessar séu feldar, en það telur hún ástæðulaust, að lán þessi séu veitt yfirleitt með betri vaxtakjörum en hann hefir sjálfur; eins þykir henni rétt að stytta afborgunarfrestinn svo, að hann að jafnaði sé ekki lengri en 25 ár, og fara breytingartillögur hennar við greinina í þessa átt. Eina lánsheimild til Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir nefndin tekið upp.

Þótt nefndin hafi ekki lagt það til, að fella ábyrgð landssjóðs fyrir lántöku Heilsuhælisfélagsins til að koma upp heilsuhæli fyrir berklaveika menn, vill hún þó benda þinginu á, að farið sé inn á mjög hættulega braut með slíkum ábyrgðum. Þessar ábyrgðir hljóta að draga úr lánstrausti þjóðarinnar, sem henni ríður lífið á að varðveita sem bezt. Að þessu leyti geta þær orðið skaðlegar, auk þess, sem það getur auðveldlega að höndum borið, að landssjóður verði að greiða ábyrgðarupphæðirnar að meira eður minna leyti. Lánsheimildirnar eru ólíkt hættuminni; þeirra er því að eins neytt, að fé sé fyrir hendi og tryggingar á greiðslu lánanna eru töluvert auðveldari viðfangs, en þar sem um ábyrgðirnar er að ræða. Hvað þessa ábyrgð snertir, þá stendur sérstaklega á með hana. Heilsuhælið er hið mesta nauðsynjamál fyrir þjóðina og í raun og veru er landinu skylt að koma slíkri líknarstofnun á fót með landsfé, enda býst nefndin við því, að þessi stofnun komi fyrr eða síðar að allmiklu leyti á landssjóð.

Hér að framan hefir ekki verið gerð grein fyrir allmörgum breytingartillögum nefndarinnar og mun nánara á þær minst í framsögunni.

Samkvæmt breytingartillögum nefndarinnar minkar tekjuhalli frumvarpsins um liðugar 191 þúsund krónur. Breytingartillögur þessar eru prentaðar á sérstöku skjali.

Minni hluti nefndarinnar, Eiríkur Briem og Steingrímur Jónsson, vilja láta þess getið, að þeir geti ekki fylgt meiri hlutanum í mörgum af tillögum hans, sérstaklega breytingartillögum við 13. gr. B. og D.

Alþingi, 15. apríl 1909.

Eiríkur Briem, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður.	Steingrímur Jónsson.

Sigurður Hjörleifsson. Gunnar Ólafsson.

Ed.

451. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.
Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. laga um kosningar til alþingis 3. okt. 1903, skal semja í maímánuði, svo að hún sé fullbúin 15. dag þess mánaðar, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á sama eða sömu stöðum og aðalkjörskrá og liggja frammi næstu 7 daga. Á aukakjörskrá skulu þeir settir, er ekki hafa kosningarrétt, þá er kjörskrá gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir að fullnægja muni skilyrðum þeim, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, svo og þeir, er eigi var vitanlegt um, þá er aðalkjörskrá var samin, að mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí. Ennfremur skal setja á aukakjörskrá þá kjósendur, er fallið hafa burt af aðalkjörskrá og einhverra orsaka vegna ekki hafa átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

2. gr.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá skal fara sem við aðalkjörskrá, en þó þannig, að frestir allir séu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí.

3. gr.

Frestur sá, sem í 21. gr. kosningarlaganna er ætlaður yfirkjörstjórn til að fullgera kjörseðla, skal vera 10 dagar.

4. gr.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark. Má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 54. gr. kosningarlaganna.

5. gr.

Almennar reglulegar kosningar til alþingis, sem með 25. gr. kosningarlaganna er ákveðið að fari fram 10. dag septembermánaðar, skulu hér eftir fram fara fyrsta vetrardag.

6. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sérstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

7. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógilt samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar,

sbr. 41. og 48. gr. kosningarlaganna, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

8. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. kosningarlaganna.

Nd.

452. Frumvarp

til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Eftirtaldir staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

Við Skaftárós í Vestur-Skaftafellssýslu,
— Kúðaós í sömu sýslu,
við Klettsvík í Neshreppi innan Ennis,
á Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu.
á Hjallanesi í Staðarfellslandi í sömu sýslu og á Viðey í Kjósarsýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

453. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. nóvember 1907.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

Bókasafni Ísafjarðarkaupstaðar skal veittur sami réttur og önnur bókasöfn landsins hafa, samkvæmt lögum nr. 80, 22. nóvember 1907.

Ed.

454. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 veitast kr.: 115,115,10 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 10. lið l.

Til þess að fullgera sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði (þar af endurveiting 1168 kr. 69 aur.) ..... kr. 2295,00

Styrkur til Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikislæknamót í Björgvin ..... — 600,00

kr. 2895,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitist

Við A. 4.	Til peningageymsluklefa í pósthúsinu alt að	kr.	800,00
Við B. II.	Til Reykjadalsbrautar með brú á Laxá	—	10,000,00
	Til að fullgera Fagradalsbrautina	—	11,500,00
	Til nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut m. m.	—	15,000,00
	Til að vernda Eyrarbakkabrautina niður Breiðumýri fyrir skemdum af vatnságangi, gegn því tillagi annarstaðar frá, sem nægi til að fullgera verkið	—	1,600,00
	Til að bæta torfærur á Grímsnesbraut beggja megin Sogsbrúar	—	10,000,00
Við B. III.	Til brúargerðar á Grishólsá	—	2,000,00
	Til brúarinnar á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum (þar af endurveiting kr. 0,79)	—	258,93
Við C. 2 e.	Til viðbótar við styrk árið 1909 til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar	—	4,000,00
	Að því tilskildu, að báturinn fari eftir samkomulagi við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu að minsta kosti 3 ferðir til Víkur og Vestmannaeyja.		
Við D. II. 6.	Gegn því, að í stað ráðgjörðs $3._8$ m/m koparsíma frá Reykjavík til Selfoss og 4 m/m járnsíma þaðan að Eystri-Garðsauka, sé notaður $4._5$ m/m járnþráður alla leið, má draga 10,000 krónur frá tillagi því, sem heimtað er í fjárlögunum til símalínu þessarar af Árnes og Rángárvallasýslum. Tillaginu frá Árnessýslu skal verja til hliðarlínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.		
	Til talsímalagningar frá Ísafirði til Hnífsdals og Bolungarvíkur ..... kr. 8,000,00		
	Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum ..... — 2,000,00		
		—	6,000,00
Við D. bætast 2 nýir liðir:			
1.	Af kostnaði við símalínu frá Kalastaðakoti til Akraness	—	7,400,00
	Veitist með því skilyrði, að Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla greiði samtals 5,400 krónur til þessarar línu og til línunnar frá		
		flyt kr.	68,358,93

		flutt: kr.	68,558,93
	Grund eða Varmalæk til Borgarness, og fellur þá burtu það sérstaka tillag, sem í fjárlögunum er áskilið til Borgarnesálmunnar.		
	2. Fé því, sem sparast hefir af þeim upphæðum, sem veittar eru í 13. gr. D. II. 1., 2., 4., 5., 7.,8., 9. og 10. í fjárlögunum má verja til þess að kaupa landssjóði til handa einkalínurnar frá Seyðisfirði og Egilsstöðum til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þannig, að hlutaðeigandi sýslufélög, auk þeirra 4000 kr., sem lagðar hafa verið til Eskifjarðarlínunnar, taki að sér 5000 kr. af landssjóðsláni því, er á símunum hvílir. Í viðbót má verja alt að .	—	6,000,00
	Það skal í skilyrðum haft við stofnsetning og framhald talsímastöðva til almenningsnota á framangreindum símaleiðum, að hrepparnir ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva, og stjórnin nánar ákveður.		
Við E.	1. Til þess að setja lítinn aukavita við Reykjanesvitann	—	2,500,00
	2. Til þess að setja bráðabirgðavita á Öndverðarnes	—	3,500,00
	3. Til útgjalda við vitann á Siglunesi haustið 1908 og árið 1909	—	1,400,00
	4. Til aðgerðar á Elliðaeyjarvitanum	—	700,00
	5. Til þess að endurreisa innsiglingarvarðann á Grímsey í Steingrímsfirði	—	300,00
		kr.	82,958,93

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitist:

Við A. b. 4.	....	kr.	500,00
Við B. III.	Til lagaskólans:		
	b. 4. til bókakaupa	—	800,00
	b. 6. önnur útgjöld	—	400,00
Við B. V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:		
	1. Til aðgerðar á skólahúsinu 1908	—	850,00
	2. Til aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbótar þeim s. á (þar með baðáhöld)	—	1,250,00
	3. Til leikfimishúss alt að	—	2,000,00
	4. Til lampa og ljósáhalda alt að	—	800,00
	5. Til kennarapúlta o. fl. alt að	—	500,00
	6. Til tímakenslu alt að	—	500,00
Við B. VII. f.	Til viðbótar við námsstyrk við kennaraskólann	—	900,00
	Til viðgerðar við lóð skólans	—	1,000,00
	Til stofnunar æfingabekks við kennaraskólann og til kenslu í þeim bekk	—	500,00
	Til Jónasar Jónssonar frá Hriflu til þess að ljúka kennaranámi í Englandi	—	500,00
		kr.	10,500,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta, veitist:

Við	1.	Til dyravarðar við Safnahúsið (síðara árið)	kr.	600,00
		Fyrir spjaldskrín (Card Cabinet) síðara árið	—	720,00
Við	7.	Til rannsókna og undirbúnings skrásetning fornmenja samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, eftir reikningi alt að	—	500,00
		Til aðstoðar við umsjón á Forngripasafninu (síðara árið)	—	500,00
Við	38.	Fyrir veðursímskeyti til stöðvanna á Húsavík, Fáskrúðsfirði, Keflavík, Gerðum, Ísafirði, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal og Patreksfirði; frá 1. nóvember 1903—31. desember 1909	—	2,800,00
			kr.	5,120,00

6. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Við	7.	Til þess að byggja fjós á Hallormsstað og gjöra að bæjarhúsum á Ormstöðum	kr.	1,200,00
Við	8.	1. Til vegar fram hjá sandgræðslusvæði við Reyki á Skeiðum 1908	—	541,17
		2. Til vegar fyrir austan sama sandgræðslusvæði sumarið 1909, gegn því að það, sem á vantar, verði borgað annarstaðar frá.....	—	2,000,00
Eftir	16.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kveldskólahalds	—	300,00
	21 a.	Þóknun til tveggja matsmanna á síld, öðrum á Siglufirði, hinum á Akureyri, 600 kr. til hvors	—	1,200,00
	21 b.	Utanfararstyrkur til sömu manna, til þess að kynna sér verkun á síld	—	800,00
Við	24.	Viðbótarstyrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi	—	5,000,00
Eftir	31.	1. Til Hallgríms Benediktssonar, Jóhannesar Jósepssonar o. fl. til þess að sýna glímu við olympisku leikina í London sumarið 1908	—	2,000,00
		2. Til Tómasar Tómassonar, leiga fyrir Gullfoss árin 1908 og 1909	—	600,00
			kr.	13,641,17

7. gr.

Eftirstöðvar af láni jafnaðarsjóðs Suðuramtsins til viðlagasjóðs til brúargjörðar á Ölfusá falli niður ásamt vöxtum frá 6. sept. 1907.

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Stjórninni veitist heimild til að lána úr viðlagasjóði til byggingarsjóðs 10,400 kr. til lúkningar ógreiddum kostnaði við hitaleiðslu í safnahúsbyggingunni til hlutafélagsins »Völundur«.

Búðarhreppi í Fáskrúðsfirði má veita 4000 kr. lán úr viðlagasjóði til símalagningar, með sömu kjörum, sem sýslufélögum eru veitt lán til landsímalagninga, samkvæmt 21. gr. núgildandi fjárlaga.

Nd.

455. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Jón Jónsson þm. S. M.
Jón Jónsson þm. N. M.
Jón Þorkelsson.

1. 22. gr. orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja, svo og öll önnur lög og tilskipanir, er koma í bága við lög þessi.

2. Eftir þessa 22. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Lög þessi koma ekki til framkvæmdar fyr en 1. jan. 1912, og er framkvæmd þeirra enn fremur því skilyrði bundin, að áður hafi fram farið um þau almenn atkvæðageiðsla þeirra manna, er kosningarrétt eiga til alþingis, og hafi fullir þrír fimtungar þeirra, er atkvæði greiddu, verið með lögunum. Þessi atkvæðagreiðsla fari fram síðari hluta ársins 1910, á sama degi um land alt, og sé hún leynileg og undir nákvæmu eftirliti, er landsstjórnin fyrirskipar um, og sé kostnaður við það greiddur úr landssjóði.

Nd.

456. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um almennan ellistyrk.

Frá Jóni Jónssyni þm. N.-M.

Við 14. gr.:

Orðið »knýjandi« í 2. lið greinarinnar falli burt.

Ed.

457. Frumvarp

til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Flutningsm.: Steingrímur Jónsson.

Landstjórninni veitist heimild til að selja Húsavíkurhreppi í Þingeyjarsýslu prestssetrið Húsavík að undanskildu túni og húsum og kirkjujörðina Þorvaldsstaði fyrir það verð, er dómkvaddir óvilhallir menn meta, þó með því skilorði, að verðið má eigi lægra vera en 24,000 kr. Landstjórnin kveður á um alla söluskilmála.

Nd. **458. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingskjali 439, frá meiri hluta bannlaganefndarinnar.

Aftan við 2. gr. bætist:

Að lokum er kaþólskum prestum heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sé til altarisgöngu í kirkjum þeirra, þó í því sé meir af vínanda en $2^1/_4\,^0/_0$.

Við 7. gr., 2. br.tillögu:

Í stað orðanna: »6. og 11. gr.« komi: »6. og 10. gr.«.

Hin nýja 8. grein: »Um leið og ákvæði . . . tæmd eru« falli burt, og breytist greinatalan eftir því.

Við 9. gr. sem heldur sinni upphaflegu röð:

1. Í stað ártalsins: »1915« komi: »1912«.
2. Á eftir orðunum: »Að það sé gert« komi: »Af slíku áfengi skal endurgreiða tollinn«:
3. Aftan við greinina bætist orðin: »né endurnýja eldri leyfi«.

11. grein, er var ný, verði 10. grein og orðist þannig:

Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. janúar 1912 er ekki skylt að flytja burtu úr landinu. En eigendur þvílíkra birgða eru tafarlaust skyldir að segja hlutaðeigandi lögreglustjórum til þeirra, og skulu þeir eða umboðsmenn þeirra rannsaka þær þá þegar, semja nákvæma skýrslu yfir þær og merkja öll áfengisílát glöggu heimildarmerki á þann hátt, er stjórnarráðið skipar fyrir um. Þessi rannsókn áfengisbirgða skal endurtekin á 6 mánaða fresti, meðan nokkrar þvílíkar áfengisbirgðir eru til, og skulu þá jafnframt ónýtt heimildarmerkin á þeim ílátum, er tæmd eru.

Áfengi það er hér ræðir um, má aldrei flytja burt af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum eða það sé áður gert óhæft til drykkjar.

Við síðustu grein frumvarpsins:

Orðin: »með þeim takmörkum, er leiða af ákvæðum 10. og 11. greinar« falli burt.

Nd. **459. Tillaga**

til þingsályktunar um mat jarðabóta á Vesturlandi, norðan Gilsfjarðar.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Alþingi ályktar, að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að á Vesturlandi, norðan Gilsfjarðar, sé lagt þriðjungi minna af jarðabótum í dagsverkið en í öðrum héruðum landsins, er um styrk úr landssjóði til búnaðarfélaga ræðir.

Nd. **460. Þingsályktunartillaga**

um umbætur á lendingunni í Bolungarvíkurverzlunarstað.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um, að verkfræðingur verði sem fyrst, á kostnað landssjóðs, látinn skoða og gera tillögur um, á hvern hátt nauðsynlegar umbætur verði gerðar sem kostnaðarminst á lendingunni í Bolungarvíkurverzlunarstað í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Ed. **461. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Vér, sem háttv. efri deild skipaði í nefnd, til að íhuga frumvarp þetta á þingskjali 44 um skifting Þingeyrarlæknishéraðs, og síðan var falið að íhuga sams konar frv. á þingskj. 177 um aðra skifting á Stranda- og Miðfjarðarlæknishéruðum, höfum ekki getað orðið á eitt mál sáttir, með því einn af oss er því mótfallinn, að mál þessi nái fram að ganga, en við tveir, sem sammála höfum orðið, leyfum okkur eindregið að ráða háttv. deild til að samþykkja bæði þessi frumvörp.

Á báðum þeim stöðum, sem hér um ræðir, eru svo miklir erfiðleikar á, að ná í læknishjálp, að við teljum, að ekki geti verið rétt að draga það, að ráða bót á því.

Í Þingeyrarhéraði er svo háttað, að úr norðurhluta hins núverandi héraðs, einkum úr Súgandafirði, má ávalt heita illkleift og á vetrum því nær ókleift að vitja læknis. Auk þess er á Flateyri í Önundarfirði svo fjölfarið, að sótthættu vegna verður ekki hjá komist að þar sitji læknir.

Í Strandahéraði eru þessir erfiðleikar ef til vill enn þá meiri, svo að þar má heita að mikill hluti þess héraðs að norðan sé sviftur læknishjálp í flestum tilfellum, og getur svo búið ekki staðið til lengdar, og eugin ástæða til að fresta að bæta úr þessu ástandi.

Ítarlegri grein mun gerð fyrir þessu og þeim breytingum, sem við ráðum til á frumvörpunum, við framsögu málsins.

Breytingartillögur okkar eru þessar:

Við frumvarpið á þskj. 44.

1. A eftir: »Mýrahreppur« komi: »að undanteknum Ingjaldssandi«.
2. Á undan: »Mosvallahreppur« komi: »Ingjaldssandur í Mýrahreppi«.
3. Við frumvarpsgreinina bætist:
   »Breyting þessi gengur þá í gildi, er Flateyrarhérað verður veitt umsækjanda«.

Í stað frumvarps á þingskj. 177 komi þannig lagað frumvarp:

Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Strandalæknishéraði skal skift í þessi tvö læknishéruð:

Reykjarfjarðarhérað: Arneshreppur og nyrðri hluti Kaldrananeshrepps að Bjarnarnesi. Læknissetur á Reykjarfirði.

Hólmavíkurhérað: Syðri hluti Kaldrananeshrepps frá Bjarnarnesi, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur á Hólmavík.

Breyting þessi gengur í gildi þegar Reykjarfjarðarhérað verður veitt umsækjanda.

Alþingi 14. apríl 1909.

Með skírskotun til þess sem greint er um ágreining nefndarmanna hér að framan:

Steingrímur Jónsson, formaður. Ari Jónsson

Kristinn Daníelsson, skrifari og framsögumaður.

Nd.

462. Frumvarp

til laga um undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá fiskiveiðanefndinni.

Frá ákvæðum 2. málsgreinar í lögum nr. 18 frá 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum, skulu undan þegin þau fiskiveiðaskip, er skrásett eru sem eign hér á landi, en skyld skulu skip þessi að sýna sérstakt merki, sem landsstjórnin mælir nánara fyrir um.

Fylgiskjöl.

Vjer undirritaðir botnvörpugufuskipaeigendur og skipstjórar á botnvörpuveiðagufuskipum leyfum oss hérmeð að fara þess á leit við hið háa stjórnarráð, að því mætti þóknast að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er nemi úr gildi, að minsta kosti að því er snertir íslensk botnvörpuveiðaskip, lög nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Ástæður fyrir þessari beiðni vorri eru þessar:

1. Þessi lög er hvert botnvörpuskip neytt til að brjóta að meira eða minna leyti.: Lögin heimta að veiðarfæri séu »höfð í búlka,« hvenær sem skipið er innan landhelgi, en þetta lagaákvæði er ómögulegt að halda, af því að í hvert sinn, sem varpa er tekin inn, þarf hún viðgjörðar, og ekki er hægt að gjöra það, ef netið er fast saman vafið. Lögin eru í framkvæmd skýrð þannig, að allir lásar skuli vera sundurlausir, en þetta er undir mörgum kringumstæðum ómögulegt, þar sem um neðri tein vörpunnar (Footrope) er að ræða, af því, að þegar neðri teinninn festist í botninum, bogna lásarnir, svo ekki er hægt að ná þeim úr, nema höggva þá sundur.

2. Íslenzk botnvörpuskip verða að fara oftar undir land í skjól fyrir veðrum og leggjast fyrir akkeri en útlend skip; sökum þess háa verðs á kolunum verða íslenzk botnvörpuskip að leita

að skjóli og leggjast fyrir akkeri hvenær sem ekki er verið að fiska til að spara kolin, þar sem þau hin útlendu skip, sem borga ekki mikið meira en $^1/_2$ verð á við oss, geta haldið sér við úti í rúmsjó og gjört þar við net sín, og þurfa þá ekki að eyða tíma í að taka inn hlera eða lása í sundur.

3. Hin umræddu lög hafa einnig í för með sér mikla hættu fyrir sjómenn á botnvörpuveiðaskipunum. Þegar ílt er í sjó er bæði erfiðleikum bundið og jafnframt hættulegt að taka hlera út og inn. Hlerarnir eru afar-þungir, og til þess að taka þá inn og sömuleiðis þegar þeir eru teknir út verður að slaka þeim svo langt niður, að þeir taka sjó, verða menn þá að fara niður á milli skipshliðarinnar og hlerans, til að skrúfa í sundur og setja vírinn í annan stað; er það mjög hættulegt, þegar þessi bákn velta ýmist langt frá skipshliðinni og kastast svo inn aftur eftir því, sem skipið veltur. Ætíð verður að lása vírnum í annan stað í hlerana, þegar þeir eru teknir út og inn heldur en þeir eru, þegar verið er að fiska og ekki er hægt að taka hlera út eða inn, þegar skipið er á ferð, ef nokkur hreyfing er í sjó.

4. Lögin orsaka ennfremur mjög mikla verkatöf. Svo telst oss til að hálf klukkustund gangi í það að taka hlera inn og lása í sundur og sama að taka þá út og lása saman, og oss telst ennfremur til að minst 150 sinnum á ári neyði lögin mann til að gjöra þetta, og það einmitt á þeim tíma, sem oft er nóg að gjöra, t. d. bæta net, gjöra að fiski o. s frv., en ekkert er hægt að gjöra á þilfarinu annað, meðan á því stendur. Ennfremur eyðist gufa og slitna þar að lútandi áhöld við þessi mjög svo erfiðu verk, og mörg slys hafa af því hlotist.

Það skal ennfremur tekið fram að t. d. Englendingar mega heima hjá sér óhindraðir sigla, þó þeir vilji út og inn hafnir og »dokkur« með hlera utanborðs og alt samanlásað, og þeir furða sig á að vér Íslendingar skulum ekki hafa sama rétt hér heima, þrátt fyrir það, þó þeir ekki hafi það hér við land.

Reykjavík í október 1908.

Virðingarfylst

Hjalti Jónsson, skipstjóri á »Marz.« H. K. Þorsteinsson, skipstj. á »Jóni forseta.« pr. Fiskiveiðafél. «Alliance« Thor Jensen. I. Gottsveinsson, skipstj. á s/s »Coot«.

pr. Hlutafélagið P. I. Thorsteinsson & Co. Thor Jensen, P. I. Thorsteinsson.

pr. Fiskiveiðahlutafélagið Island Jes Zimsen.

fyrir Fiskiveiðahlutafélag Faxaflóa Árni Eiríksson.

Árni Hannesson, skipstjóri á s/s »Valur«.

Ingólfur Lárusson, skipstj. á e/s »Islendingur«.

pr. Fiskiveiðahlutafélagið »Fram«. Elías Stefánsson.

Til

Stjórnarráðs Íslands.

CHEFEN FOR FISKERIINSPEKTIONEN UNDER ISLAND

Reykjavik d. 15. Marts 1909.

Til

Udvalget for Fiskeri-Lovene.

Altinget.

Herved har jeg den Ære at sende det ærede Udvalg Afskriften af den Anmærkning der findes trykt i Kommandör Hammers Bog »Love Forordninger m. m. gældende for Fiskeri og Söfart under Færöerne og Island,« som en nærmere Forklaring til, hvad der forstaas ved samtlige Fangstredskaber i § 3 i Lov af 6. April 1898 rettet ved Lov af 8 Juli 1902.

Anmærkningen:

»Herved forstaas: 1) at Skovlene enten staa paa deres almindelige Plads inden for Rælingen eller ere om Læ, og 2) at Nettene ere adskilte fra Skovlene og lagte til Side eller bundne op indenbords (paa Dækket eller under Dækket), samt Fisken Selvfölgelig udtagen.«

Denne Anmærkning findes ikke i selve Loven, men maa antagelig være gjort af Bogens Udgiver, Kommandör Hammer, og hörer altsaa ikke med til Loven. Efter Fiskeriinspektionens Mening anses det ikke for nödvendigt at forandre Loven; men det vil være heldigt, at Islands Ministerium lod udgaa til Sysselmændene en Skrivelse om, i hvilken Udstrækning Sætningen i § 3 — *saafremt ikke samtlige Fangstredskaber ere bortstuvede indenbords* — skal tages. Denne Sætning menes efter Fiskeriinspektionens Overvejelse at skulle forstaas paa följende Maade.

At Nettene, Skovlene og Slæbetrosserne ere adskilte fra hverandre, samt at Skovlene enten staa paa deres almindelige Plads indenbords eller ere om Læ, Nettene lagte til Side eller bundne op indenbords, og Fiskene selvfölgelig udtagne af Nettene.«

Brockmeyer.

R. J. Mikkelsen.

Ed.

463. Frumvarp

til laga um verzlunarbækur.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

»Kaupmenn« táknar í lögum þessum þá menn, sem reka verzlun sér til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabréfi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir er reka verksmiðju-iðnað sér til atvinnu. Það á jafnt við félög sem einstaklinga, alla þá sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskifta-framleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu-atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sín.

2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti önnur en þau, er hönd selur hendi, í frumbók daglega jafnsnart sem þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra er hafa afhent og móttekið vöruna er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn) og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða inn lögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætíð látið skiftavin í té í hvert sinn og einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók (Konto-Kurant, Ledger) og Bréfabók. Í Sjóðbók skal rita allar sjóðsgreiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita reikninga einstakra skiftavina. Í Bréfabók skal vera samrit bréfa, er snerta viðskifta-atvinnuna, þeirra er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum hérlendis eða öðrum, er viðskifta-atvinnu reka.

4. gr.

Það varðar sektum, fangelsi eða betrunarhússvinnu eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlunarbók, eða að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því sem eitt sinn er ritað, skal leiðrétta það, annaðhvort með annarri innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við er vanritast hafði, eða þá á þann hátt, að stryka út það sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það er út var strykað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spázzíu eftir því sem bezt hentar.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru til að halda lögskipaðar bækur skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni á ári hverju, í sama mund hver, og færa það inn í sér staka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjálfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu efnum fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhússvist.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún varð til og skal þá það sem skráð er í lögskipaða frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þvíuml., og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sérstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sín innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hagnýta sér sönnunar-gildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaranum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni, sem máli skiftir), er staðfest sé af notarius publicus. Sé endurrit notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sé, að því er af útliti verður séð, löglega rituð og skipulega.

10. gr.

Tilskipun frá 13. júní 1787 II. kapítuli 17. og 18. gr. um viðskiftabækur er úr gildi feld.

Ed.

464. Frumvarp

til laga um námsskeið verzlunarmanna.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka verzlanir eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglinga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sé skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sé saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sé ákvæði þetta brotið er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis.

2. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei lengra vera, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.), en 5 ár.

4. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sé verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemanda einnig séð fyrir ókeypis kenslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms.

5. gr.

Fyrstu 3 mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sé hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rétt til þess, að heimta að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sé um það gerð í samningnum.

6. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmensku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum alt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráðvendni, má reka hann burt frá náminu.

7. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Að jafnaði má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna.

8. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgðakönnun á sér stað. Nemandi skal fá einnar viku sumarfrí.

9. gr.

Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meðan annars skal hann gæta þess að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skírteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sé lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað.

10. gr.

Nú sýkist nemandi án þess honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist; og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila.

11. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er verzlunarstjórnandi deyr.
2. Þá er verzlunarstjórnandi hættir við verzlun sína eða verður gjaldþrota.
3. Þá er báðir samningsaðilar verða ásáttir um það, þó svo, að sé nemandinn yngri en 18 ára þá þarf hann einnig samþykki fjárráðamanns síns.

12. gr.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila út af námssamningi, skal það mál útkljá af gerðardómi. Gerðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gerðardómsins er bæjarfógeti. Neiti annar málsaðila að útnefna menn í gerðardóminn, skal hinum aðilanum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá sem beiðist gerðar skal snúa sér skriflega eða munnlega til oddamanns og kveður hann málsaðila, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sér ásamt gerðarmönnum sínum. Skal þá málið útkljáð að fullu og ræður afl atkvæða, þó má veita aðilum frest, alt að 8 dögum, í eitt skifti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Málsaðilar eru algerlega bundnir við úrskurð gerðardómsins. Mæti einhver gerðarmanna ekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gerðarmönnum, sem mættir eru.

Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því er verzlunarnemendur og verzlunarstjórnendur í kaupstöðum snertir.

Nd.

465. Frumvarp

til laga um eiða og drengskaparorð.

(Eftir 2. umræðu í Nd.)

1. gr.

Hverjum manni þeim, er samkvæmt lögum ber skylda til þess að bera vætti fyrir íslenzkum dómstól eða annars kostar, þar sem eiður er unninn, er skylt að staðfesta skýrslu sína eða framburð, ef þess verður krafizt, á þann hátt er lög þessi greina.

2. gr.

Þeir menn, er opinberlega teljast til einhvers kristins trúarfélags, skulu vinna eið að framburði sínum með þeim hætti, að þeir leggja höndina þá ena vinstri á heilaga ritning, og skal eiðstafur þeirra vera með þvílíkum orðum: Til þess legg eg hönd á helga bók og það segi eg guði að framburður minn fyrir dómi hér í dag er að mínu viti að öllu leyti fullum sannleik samkvæmur. Guð sé mér hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg.

3. gr.

Þeir menn, er teljast eigi opinberlega til neins kristins trúarfélags mega staðfesta skýrslu sína með því að leggja þar við sæmd sína og drengskap, og sé þeim eiður stafaður á þvílíkan hátt: Svo skýt eg máli mínu til sæmdar minnar og samvizku og svo vil eg sjálfur framast sanninda njótandi verða af öðrum mönnum sem eg fer að mínu viti með fullan sannleik um það, er nú hefi eg flutt og fram borið. Þetta vitni ber eg hvorki fyrir vild né óvild né fyrir nokkurra hagsmuna sakir heldur sökum rétts máls og sanninda. Njóti eg svo drengskapar míns og mannorðs sem eg satt segi. Níðingur ef eg lýg.

4. gr.

Áður eiður sé unninn eða drengskapur lagður við til hæstu sanninda ber dómara að brýna fyrir þeim, er eiðinn vinna eða drengskap við leggja, þýðing hvorstveggja. Eiðvinning og viðlagning drengskapar fer eigi fyrr fram en eftir að vætti er borið.

5. gr.

Eiðvinning og viðlagning drengskapar hafa að öllu sama gildi að lögum. Á þeim er og samur ábyrgðarhluti að lögum.

6. gr.

Nú eru úrslit sakar látin vera undir því komin, að annar hvor málsaðila vinni eið eða einhver annar í þeirra stað, og skal þá fylgt reglum 2. og 3. gr. (sbr. 4. gr.) laga þessara með þeim tilbreytingum, sem atvik heimta.

7. gr.

Eiðsdómur skal vera orðaður á þá leið, að málsaðili vinni annað hvort eið eða leggi drengskap sinn við sannindi þess, er í eiðstaf hans kom. Dómari eiðstöku úrskurðar, hvort fylgt skuli 2. eða 3. gr. laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld tilskipun frá 22. sept. 1846.

Ed.

466. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907 (þingskjal 448).

Frá Jens Pálssyni og Kristni Daníelssyni.

Framan við frumvarpið bætist svohljóðandi grein (og verði 1. gr. þess), og breytist greinatalan því samkvæmt:

Þá er reist er af stofni barnafræðsluhús (skólahús) eða stækkað eða endurbygt til afnota samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, skulu bæjarstjórnir og sveitarstjórnir, þær er hlut eiga að máli, annast um bygginguna eftir teikning, sem yfirstjórn barnafræðslumála hefir samþykt, og afhenda síðan skólanefnd eða fræðslunefnd húsið til umsjónar og notkunar.

Nd.

467. Frumvarp

til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.

1. gr.

Skip er í lögum þessum haft um öll skip og báta, stór og smá.

2. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sé sett vátryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð. Það nefnist »Samábyrgð Íslands á fiskiskipum« og er í lögum þessum nefnt »Samábyrgðin«. Það tekst á hendur:

a. Endurtrygging á alt að því $^2/_5$ af tryggingarhæfu verði fyrir íslenzk ábyrgðarfélög báta og skipa, þau er sjálf taka þátt í áhættunni á $^2/_5$ hlutum að minsta kosti af verði skipanna og krefjast sjálfsábyrgðar á $^1/_5$ hluta verðsins að minsta kosti.
b. Beina vátrygging á bátum og skipum, alt að $^8/_{10}$ hlutum af tryggingarhæfu verði, venjulega þó því að eins, að bátar þessir eða skip eigi ekki kost á trygging í félögum þeim, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir.
c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algjörðan skiptapa er að ræða.

Félagið tekur eingöngu ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða við Ísland eða þjónustu við þær veiðar, eða til flutninga við Ísland.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 200,000 kr., að félagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur ekki af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur landssjóður til það er á vantar, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá er það hefir þegið af landssjóði, að viðbættum $4\,^1/_2\,^0/_0$ í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt eftir því sem efni þess leyfa. Nú nemur fé það, sem lagt hefir verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum, meira en 20,000 kr., og skal þá gera vátryggjendum að greiða aukaiðgjald þann-

ig, að það sem fram yfir er 20,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi, en ávalt skal gætt ákvæða 5. gr. um takmörk aukaiðgjalds. Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda Samábyrgðinni alt að 20,000 kr. í starfsfé, en greiða skal af því 4 ½ % árlega. Endurborga skal þetta fé, þá er lagt hefir verið í fastan varasjóð 20,000 kr., þó svo, að sú upphæð sé ekki skert.

4. gr.

Reglugjörð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldsgreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki stjórnarráðs Íslands, og hefir það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, meðan ábyrgð landssjóðs stendur. Það er skilyrði fyrir því, að Samábyrgðin megi takast á hendur endurtrygging samkvæmt 1. gr. a. fyrir innlent vátryggingarfélag, að stjórnarráðið hafi samþykt reglugjörð þess félags; en samþykki veitir stjórnarráðið því að eins:

a ð starf félagsins verði talið hvíla á tryggum grundvelli,

a ð félagsmenn beri ábyrgð á skyldum félagsins, hver gagnvart öðrum, nema nægt hlutafé eða ábyrgðarfé sé til tryggingar því, að fullnægt verði skuldbindingum þess.

5. gr.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15,000 kr. fyrir einstakt far og 5,000 kr. þá er um trygging eftir 1. gr. c er að ræða, á einstöku fari.

6. gr.

Vátryggjendur í Samábyrgðinni — hvort heldur eru einstakir menn eða vátryggingarfélög — ábyrgjast hver gagnvart öðrum, að hún standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eigna þeirra, er vátrygðar eru þar, og það þannig, að ábyrgðin sé ákveðin í hlutfalli við þann hluta af vátrygðu verðmæti, sem Samábyrgðin ber ábyrgð á án endurtryggingar hjá öðrum.

Eftir ábyrgðarskyldu vátryggjenda verður að eins gengið á þann hátt, að heimt séu inn aukaiðgjöld og mega þau eigi hærri vera neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds fyrir þær eignir, er Samábyrgðin hefir eigi endurtrygt.

Nú gengur vátryggjandi úr Samábyrgðinni, og skal hann þá inna af hendi sinn hluta af skyldum þeim, er á hafa fallið áður, og eigi verða greiddar af eigum hennar.

7. gr.

Um greiðslu skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugjörð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð landssjóðs stendur, skulu þar jafnan fastákveðin þau atriði er nú skal greina:

a. Tjón, er eigi nemur 2% af tryggingarupphæðinni, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 300 kr. á einstöku fari eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu til þess að komast hjá meira tjóni, eða bjarga öðrum eigum vátrygðum í Samábyrgðinni. Frá skaðabótunum skal ætíð draga 2% af tryggingarupphæðinni, en þó eigi yfir 300 krónur.

b. Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga alt að því 20 % af skaðabótafénu. Hafi vátryggj-

andi í sviksamlegum tilgangi tvítrygt hið sama, eða hafi hann gjörst valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um skaðabótaskyldu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af skaðabótunum, sem þarf til að borga lán af almanna fé, þar með talin lán úr íslenzkum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, þó er eigi skylt að greiða meira en nemi $^{3}/_{5}$ tryggingarupphæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, er sekur er.

8. gr.

Félagið bætir tjón og skaða, er verður af völdum sjávar, storms eða annars óveðurs, af strandi, af því, er skip ber á sker eða grunn, af skipbroti, kollsigling, ásigling, árekstri, eldi og öðrum slysum.

9. gr.

Halda skal sjóréttarpróf um hvers konar tjón, sem bóta er fyrir krafist eftir lögum þessum, og skal aðalstjórn Samábyrgðarinnar gerð vitneskja um það með nægum fyrirvara, ef unt er.

10. gr.

Þegar vátrygðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til tryggingarfjárins.

11. gr.

Vátryggingariðgjaldið hvílir á hinu vátrygða skipi og gengur fyrir veðskuldum í 2 ár.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar tilkynt hefir verið Samábyrgðinni, að vátrygt skip eða bátur sé í veði fyrir láni af almanna fé, þar í talin lán íslenzkra banka og sparisjóða, má eigi fella skipið úr trygging fyrir þá sök að iðgjöld séu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjöldin. Ef þetta ákvæði verður tekið upp í reglugjörðir vátryggingarfélaga, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir, getur stjórnarráðið með auglýsing veitt þeim hlunnindi þau, er getur um í 1. og 2. málslið greinar þessarar.

12. gr.

Öll skip og bátar, er vátrygð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska; sömu hjálp skal og veita skipum annara félaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvort öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verður eigi krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða ef þess er heldur óskað, af þeim, er hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakað þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera þending með fána, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánara fyrir um. Þau mega eigi þiggja hjálp hjá öðrum, ef auðið er að fá hjálp hjá skipum úr sama félagi sem þau eru í.

Stjórn Samábyrgðarinnar.

13. gr.

Samábyrgðin skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík og stjórnar henni nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og skipar stjórnarráðið hann til 5 ára í senn, en tveir eru gæzlustjórar. Annan þeirra kýs stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu vátryggingarfélög, er Samábyrgðin er í samvinnu við; í reglugjörðinni, þeirri sem nefnd er í 12. gr., má gera önnur ákvæði um kosning gæzlustjóranna.

Kosning gæzlustjóranna gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá lítilsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðist af Samábyrgðinni.

Stjórn félagsins skal áður mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda stjórnarráðinu yfirlit yfir starf félagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því lízt látið rannsaka allan hag félagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það eftirlitsstjórn.

Nánari ákvæði um stjórn félagsins skulu sett í reglugjörð þess. Til kostnaðar við stofnun félagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5,000 kr. á ári í fyrstu 5 árin.

14. gr.

Þegar félagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöld þess auk endurtryggingariðgjalda fara fram úr 35,000 kr., og varasjóðurinn nemur meira en 50,000 kr., skal stjórnarráðið semja nýja reglugjörð fyrir það, er veiti vátryggjendum meiri umráð yfir allri starfsemi þess, annaðhvort þannig, að fulltrúar þeirra komi saman árlega eða skipað sé fulltrúaráð.

15. gr.

Ef félagið leggst niður, fellur tekjuafgangur þess til fiskiveiðasjóðs Íslands.

16. gr.

Ágreining milli félagsins og þeirra vátryggingarfélaga, er í samvinnu eru við það, eða vátryggja í því, skal leggja í gerð, ef eigi nemur meira en 1,000 kr.; í gerðardóminn kveður hver málsaðili einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómanda úr yfirdómi landsins oddvita.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík og segir oddviti fyrir um réttarfar hans.

Nánari ákvæði um gerðardóminn skulu sett í reglugerð félagsins.

Ed.

468. Viðaukatillaga

við frv. til fjáraukalaga 1908/09.

Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Við 4. gr. B. III., á undan b. 4. komi nýr liður: til aukakenslu 400 kr.

Nd.

469. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um almennan ellistyrk.

Frá Ólafi Briem.

Við 2. gr. Orðin »og ekki yfir 60 ára« falli burt.
— 2. — Stafliður d. falli burt.
— 3. — Fyrir »75 aura« komi: 50 aura.

Ed.

470. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909

Flutningsmaður Steingrímur Jónsson.

Við 3. gr. c 2 e

Að því tilskildu að báturinn fari á tímabilinu frá miðjum júní til miðs september 2 ferðir alla leið til Vestmannaeyja og komi við í Vík í báðum leiðum.

Ed.

471. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá nefndinni.

Á undan síðustu málsgrein 7. gr. komi svohljóðandi málsgrein:

Stjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir byggingarsjóðinn húseign fyrv. ráðherra H. Hafsteins í Tjarnargötu til ráðherrabústaðar, fyrir virðingarverð 52,400 krónur, taka að sér veðskuldir, að upphæð 25,000 kr., sem á húseigninni hvíla, og veita byggingarsjóði lán af viðlagasjóði til þess að borga afganginn, 27,400 kr.

Ed.

472. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga 1908 og 1909.

Flutningsmaður Ari Jónsson.

Aftan við 3. gr. E. komi nýr liður svohljóðandi, sem verður 6. liður:

Til Garðars Gíslasonar til mótorvagnskaupa 4000 kr.

Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að fjárhæðin endurborgist ef vagninn reynist ekki hæfur til þeirra ferða, sem honum er ætlað að fara, samkvæmt samningi við stjórnarráðið.

Ed.

473. Nefndarálit

um frumvarp til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Nefnd sú, er hv. Ed. kaus til þess að athuga þetta frumvarp, lítur svo á að hér sé um mikilsvægt nauðsynjamál að ræða. Með frumvarpi þessu er spor, að vísu örlítið, stigið í þá átt, að gjöra barnakennarastarfið fýsilegra. Er vonandi að þeim sporum fjölgi þegar tímar líða og menn sannfærast um, hve afaráríðandi það er, að barnakennarastétt landsins sé skipuð sem beztum og nýtustum mönnum.

Nú sem stendur er barnakennarastarfið yfirleitt lágt launað og mun svo verða fyrst um sinn. Því meiri ástæða er til þess að styðja að því, að styrktarsjóður sá, sem hér er gjört ráð fyrir að stofna, komi sem fyrst að almennum og verulegum notum. Sérstaklega ætti kennurunum sjálfum að vera þetta hugleikið. Í frumvarpinu er svo fyrir mælt, eftir tillögum kennarafélagsins, að árgjöld barnakennara til sjóðsins skuli vera 1% af kennaralaunum þeirra. Þetta er að vísu lítið gjald, en líklega full hátt fyrir þá kennara flesta, sem hafa að árslaunum 500 kr. og þaðan af minna. Nefndin getur því ekki lagt það til að gjaldið sé hækkað á þeim kennurum, er svo lágt eru launaðir. Aftur á móti ættu þeir, sem betur eru launaðir að geta sér að meinalausu látið nokkuð meira af mörkum, og tiltölulega meir sem launin eru hærri. Þeir kennarar, sem hafa yfir 1000 kr. að árslaunum, ættu að geta greitt tvöfalt hærra árgjald en þeir, sem einungis hafa 500 kr. laun eða minna.

Nefndin leyfir sér því að koma fram með breytingu í þessa átt á 2. grein frumvarpsins og vætir þess að hin háttv. deild samþykki frumvarpið með þeirri breytingu.

Breytingartillaga:

2. gr. orðist svo:

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvember 1907 greiðir í sjóðinn á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum, séu þau ekki hærri en 500 kr., $1^1/_2$% séu þau yfir 500 kr. og alt að 1000 kr. og 2% ef þau eru yfir 1000 kr.

Efri deild alþingis 15. apríl 1909.

Jens Pálsson	Stefán Stefánsson
formaður.	skrifari og framsögum.

Jósef Björnsson.

Nd.

474. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 341.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Við 2. lið. í stað »2. gr.« í þriðju línu komi: er getur um í 2. gr.

Ed.

475. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um friðun silungs í vötnum.

Flutningsm. Jósef Björnsson.

1. Þessar orðabreytingar séu gerðar:
   a. Í stað orðanna »samþykt þá« í 4 línu 3. gr. komi: samþyktina.
   b. Á undan orðinu »er« í 3. línu 5. gr. komi: og, en á eftir orðinu samþyktin í í sömu línu komi: þá.
   c. Í stað orðanna: »og fylgja henni þá synjunarástæður« í 3. og 4. línu komi: ásamt synjunarástæðum.
2. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Ed.

476. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 8. gr. Í stað kr.53,000,00 og kr. 51,666,67 komi: kr. 53,333,33 og kr. 52,000,00 og í stað 104,666,67 komi: 105,333,33.
2. — 12. — 9. a. Aftan við liðinn komi: »þar af til sjúkrahússins á Patreksfirði kr. 300 hvort árið.
3. — 12. — Á eftir staflið «f» komi nýr stafliður »g« svohljóðandi: Til kaupa á sótthreinsunarofni í sóttvarnarhúsið á Akureyri 600 kr. f. á.« Stafliðirnir breytast eftir því.
4. — 12. — 9. j. Stafliðurinn falli burt.
5. — 13. — A. 1 b. 2. Fyrir »18,300« komi: 19,000.
6. — 13. — B. II. 1. Liðurinn falli burt.
7. — 13. — — — 2. Fyrir »11,000« komi: 4500.
8. — 13. — — — 3. Liðurinn falli burtu.
9. — 13. — — — 4. Fyrir »15000« komi: 10,000.
10. — 13. — — — 5. Liðurinn falli burtu.
11. — 13. — — — 7. Liðurinn falli burtu.
12. — 13. — — III. 4. Fyrir »Skaftártungu« komi: Skaftárhrauns og fyrir »5000—5000« komi: 6000—6000.

13. Við 13. gr. B. III, 5. b. Liðurinn falli burtu.
14. — 13. — — XII. Liðurinn falli burtu.
15. — 13. — D. II. 1. Liðurinn falli burtu.
16. — 13. — — — 2. Liðurinn falli burtu.
17. — 13. — — — 4. Liðurinn falli burtu.
18. — 13. — — — 5. Á eftir »Seyðisfirði« komi: og Ísafirði, »og« á undan Seyðisfirði falli burtu.

19. — 13. — E. I. Undir þessum lið komi innan striks í stað »1500—1500«

a.	Laun	kr.	500—500
b.	Til eftirlits	—	500—500
			1000—1000

20. — 13. — E. VII. Fyrir »Langanesvita« komi: »Langanesi«.

21. — 14. — B. II. b. 2. Síðari málsgrein athugasemdarinnar orðist svo: »Húsaleigustyrkur og námsstyrkur veitist eftir sömu reglum og við prestaskólann«.
22. — 14. — B. III. b. Fyrir »800—800« komi: »1600—1600«.
23. — 14. — B. III. c. 1. Fyrir »640—640« komi: »960—960«.
24. — 14. — B. III. c. 2. Fyrir »1000—1000« komi: »1200—1200«.
Sama athugasemd og við læknaskólann.
25. — 14. — B. VIII. a. 1. Fyrir »3000—3000« komi: »4500—4500«. Aftan við liðinn komi svolátandi athugasemd: »Að því tilskildu að Reykjavíkurbær veiti skólanum að minsta kosti 500 kr. hvort árið«.
26. — 14. — B. VIII a. 2. Fyrir »48« komi: »40«.
27. — 14. — B. VIII. a. 6. Fyrir »40« komi: »50«.
28. — 14. — B. VIII. b. 1. Fyrir »21,000—21,000« komi: »24,000—24,000«.
29. — 14. — B. VIII. b. 1. Fyrir »5000« komi: »7000«.
30. — 14 — B. VIII. b. 5. b. A eftir þessum staflið komi nýr stafliður »c« svohljóðandi: »Til aðstoðar við samning skýrslna og skrifstofukostnaðar eftir reikningi 300 kr. hvort árið«.
31. — 14. — B. VIII. b. 5. c. Á eftir staflið »c.« komi nýr stafliður »d.« svohljóðandi: »Til unglingaskóla í sambandi við barnaskólann á Ísafirði 2500—2500«.
32. — 14. — B. VIII. b. 5. k. Fyrir »900—900« komi: »600—600«.
33. — 14. — B. VIII. b. 5. k. Á eftir þessum staflið komi nýr stafliður »l« svo hljóðandi: »Til Erlendar Páls Jónssonar 300 kr. fyrra árið«. Stafliðanöfnin breytast eftir þessu.
34. — 14. — B. VIII. b. 5. m. Liðurinn falli burtu.
35. — 14. — B. IX. a. Á eftir »latínuskólans« komi: »og stýrimannaskólans«.

36. — 15. — 4. Athugasemdin orðist þannig: »Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma að minsta kosti einu sinni í viku«.
37. — 15. — 6. Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir (7. og 8.) svo hljóðandi:

Til bókasafnsins á Isafirði til bókakaupa 2000 kr. fyrra árið.
Til bókasafnsins á Akureyri til bókakaupa 1000 kr. fyrra árið
Töluliðirnir breytast eftir því.

38. Við 15. gr. 7. Orðin: »alt að 150 kr. til hvers« falli burt.
39. — 15. — 12. Liðurinn falli burtu.
40. — 15. — 16. Fyrir »1500—1500« komi: »1200—1200«.
41. — 15. — 17. Fyrir »1500—1500« komi: »1000—1000«.
42. — 15. — 19. Fyrir »800—800« komi: »600—600«.
43. — 15. — 20. Fyrir »600—600« komi: »300—300«.
44. — 15. — 26. Fyrir orðin: »Bæði þessi tvö« komi: »Þessi þrjú«.
45. — 15. — 30. Fyrir »1500—1500« komi: »960—960«.
46. — 15. — 37. Liðurinn falli burtu.
47. — 15. — 39. Liðurinn falli burtu.
48. — 15. — 42. Liðurinn falli burtu.
49. — 15. — 43. Athugasemdin falli burtu.

50. — 16. — 1. c. 5. Aftan við liðinn komi nýr liður 6. svo hljóðandi:
»Til byggingar skólahúss 18500 fyrra árið«.
51. — 16. — 2. a. Fyrir »3000—3000« komi: »2700—2700«.
52. — 16. — 2. a. Athugasemdin falli burtu.
53. — 16. — 4. a. Fyrir »10,000—10,000« komi: 20,000« fyrra árið.
54. — 16. — 4. b. Fyrir »3000—3000« komi: »1500—1500«.
55. — 16. — 5. Liðurinn falli burtu.
56. — 16. — 6. Fyrir »1000—1000« komi: »500—500«.
57. — 16. — 11. Fyrir »2000—2000« komi: »1500—1500«.
58. — 16. — 25. Á eftir þessum lið komi nýr liður svo hljóðandi: Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði 1200—1200—2400. Liðatalan breytist eftir því.
59. — 16. — 27. c. Liðurinn orðist: Til ljósa eldneytis og ræstingar »500—500.«
60. — 16. — 28. Liðurinn falli burt.
61. — 16. — 30. Aftan við liðinn komi svolátandi athugasemd: »Með því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi að minsta kosti jafnmikla upphæð til sýningarinnar.«
62. — 16. — 32. Fyrir »400—400« komi: »200—200.«

63. — 18. — Síðasta málsgrein falli burtu.

64. — 22. — 1. Fyrir »3%« komi: 4% og fyrir »5« komi: »3«.
65. — 22. — 2. Síðasta málsgrein orðist svo: Lánið ávaxtist með $4^1/_2$% og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum«.
66. — 22. — 3. Fyrir orðið »afborgun« komi: »jöfnum afborgunum«.
67. — 22. — — Aftan við liðinn bætist: »Sýslufélögin taki tryggingu fyrir ábyrgðinni í fasteignum og öðrum eignum félagsins«.
68. — 22. — 5. Fyrir »50,000« komi: »60,000«.
69. — 22. — 6. Orðin »afborgunarlaust 5 árin næstu« falli burtu.

70. — 22. — 8. Fyrir orðið: »6% í vöxtu« til enda greinarinnar komi: »4½% í vöxtu og jöfnum afborgunum á 25 árum«.

71. — 22. — 10. Fyrir »12000« komi: »4000« Síðasta setning fyrri málsgreinarinnar orðist þannig: Lánið ávaxtast með 4½% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 25 árum«, »11« falli burtu.

72. — 22. — Á eftir 10. lið komi nýr liður 11. svo hljóðandi: Hafnarfjarðarkaupstað má lána úr viðlagasjóði alt að 30000 kr. til vatnsveitu í kaupstaðnum, er ávaxtist með 4½% og endurborgist með jöfnum afborgunum á 30 árum.

73. — 22. — 13. Fyrir »3½%« komi: »4%«.

Nd. **477. Breytingartillaga**

við 9. gr. bannlagafrumvarpsins, eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Ný gr. orðist svo:

Veitingamenn og vínsölumenn, þeir er leyfi hafa til vínsölu hér á landi, samkvæmt lögum nr. 26, 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega, eftir 1. jan. 1912, ekkert selja hér á landi af áfengisbirgðum þeim, er þeir þá hafa, gefa, veita eða láta af hendi til annara manna. Skulu lögreglustjórar hver í sínu umdæmi þá þegar skyldir til að rannsaka áfengisbirgðirnar, og innsigla þær. Áður en 12 mánuðir eru liðnir skulu eigendur áfengisins skyldir til að flytja birgðirnar eða láta flytja þær burt af landi, og skulu lögreglustjórar hafa nákvæmt eftirlit með að það sé gert. En alt það áfengi, sem þá er ekki útflutt, skal tafarlaust gera upptækt.

Frá þeim degi er lög þessi verða staðfest, má ekkert leyfi til vínsölu né vínveitinga veita hér á landi, né endurnýja eldri leyfi.

Nd.

478. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 veitast kr.: 119,515,10 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 10. lið l.

Til þess að fullgera sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði (þar af endurveiting 1168 kr. 69 aur.) ..... kr. 2295,00

Styrkur til Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikislæknamót í Björgvin ..... — 600,00

kr. 2895,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitist

Við A. 4.	Til peningagæymsluklefa í pósthúsinu alt að	kr. 800,00
Við B. II.	Til Reykjadalsbrautar með brú á Laxá	— 10,000,00
	Til að fullgera Fagradalsbrautina	— 11,500,00
	Til nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut m. m.	— 15,000,00
	Til að vernda Eyrarbakkabrautina niður Breiðumýri fyrir skemdum af vatnságangi, gegn því tillagi annarstaðar frá, sem nægi til að fullgera verkið	— 1,600,00
	Til að bæta torfærur á Grímsnesbraut beggja megin Sogsbrúar	— 10,000,00
Við B. III.	Til brúargerðar á Gríshólsá	— 2,000,00
	Til brúarinnar á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum (þar af endurveiting kr. 0,79)	— 258,93
Við C. 2 e.	Til viðbótar við styrk árið 1909 til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar	— 4,000,00
	Að því tilskildu, að báturinn fari eftir samkomulagi við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu að minsta kosti 3 ferðir til Víkur og Vestmannaeyja.	
Við D. II. 6.	Gegn því, að í stað ráðgjörðs $3._8$ m/m koparsíma frá Reykjavík til Selfoss og 4 m/m járnsíma þaðan að Eystri-Garðsauka, sé notaður $4._5$ m/m járnþráður alla leið, má draga 10,000 krónur frá tillagi því, sem heimtað er í fjárlögunum til símalínu þessarar af Árnes og Rángárvallasýslum. Tillaginu frá Árnessýslu skal verja til hliðarlínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.	
	Til talsímalagningar frá Ísafirði til Hnífsdals og Bolungarvíkur ..... kr. 8,000,00	
	Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum ..... — 2,000,00	
	———	— 6,000,00
Við D. bætast 2 nýir liðir:		
1.	Af kostnaði við símalínu frá Kalastaðakoti til Akraness	— 7,400,00
	Veitist með því skilyrði, að Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla greiði samtals 5,400 krónur til þessarar línu og til línunnar frá	
		flyt kr. 68,558,93

		flutt: kr.	68,558,93
	Grund eða Varmalæk til Borgarness, og fellur þá burtu það sérstaka tillag, sem í fjárlögunum er áskilið til Borgarnesálmunnar.		
	2. Fé því, sem sparast hefir af þeim upphæðum, sem veittar eru í 13. gr. D. II. 1., 2., 4., 5., 7.,8., 9. og 10. í fjárlögunum má verja til þess að kaupa landssjóði til handa einkalínurnar frá Seyðisfirði og Egilsstöðum til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þannig, að hlutaðeigandi sýslufélög, auk þeirra 4000 kr., sem lagðar hafa verið til Eskifjarðarlínunnar, taki að sér 5000 kr. af landssjóðsláni því, er á símunum hvílir. Í viðbót má verja alt að .	—	6,000,00
	Það skal í skilyrðum haft við stofnsetning og framhald talsímastöðva til almenningsnota á framangreindum símaleiðum, að hrepparnir ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva, og stjórnin nánar ákveður.		
Við E.	1. Til þess að setja lítinn aukavita við Reykjanesvitann	—	2,500,00
	2. Til þess að setja bráðabirgðavita á Öndverðarnes	—	3,500,00
	3. Til útgjalda við vitann á Siglunesi haustið 1908 og árið 1909	—	1,400,00
	4. Til aðgerðar á Elliðaeyjarvitanum	—	700,00
	5. Til þess að endurreisa innsiglingarvarðann á Grímsey í Steingrímsfirði	—	300,00
	6. Til Garðars Gíslasonar til mótorvagnskaupa	—	4,000,00
	Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að fjárhæðin endurborgist ef vagninn reynist ekki hæfur til þeirra ferða, sem honum er ætlað að fara, samkvæmt samningi við stjórnarráðið.		
		kr.	86,958,93

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitist:

Við A. b. 4.	....	kr.	500,00
Við B. III.	Til lagaskólans:		
	Til aukakenslu	—	400,00
	b. 4. til bókakaupa	—	800,00
	b. 6. önnur útgjöld	—	400,00
Við B. V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:		
	1. Til aðgerðar á skólahúsinu 1908	—	850,00
	2. Til aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbótar þeim s. á (þar með bað áhöld)	—	1,250,00
	3. Til leikfimishúss alt að	—	2,000,00
	4. Til lampa og ljósáhalda alt að	—	800,00
	5. Til kennarapúlta o. fl. alt að	—	500,00
	6. Til tímakenslu alt að	—	500,00
Við B. VII. f.	Til viðbótar við námsstyrk við kennaraskólann	—	900,00
	Til viðgerðar við lóð skólans	—	1,000,00
	Til stofnunar æfingabekks við kennaraskólann og til kenslu í þeim bekk	—	500,00
	Til Jónasar Jónssonar frá Hriflu til þess að ljúka kennaranámi í Englandi	—	500,00
		kr.	10,900,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta, veitist:

Við	1.	Til dyravarðar við Safnahúsið (síðara árið)	kr.	600,00
		Fyrir spjaldskrín (Card Cabinet) síðara árið	—	720,00
Við	7.	Til rannsókna og undirbúnings skrásetning fornmenja samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, eftir reikningi alt að	—	500,00
		Til aðstoðar við umsjón á Forngripasafninu (síðara árið)	—	500,00
Við	38.	Fyrir veðursímskeyti til stöðvanna á Húsavík, Fáskrúðsfirði, Keflavík, Gerðum, Ísafirði, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal og Patreksfirði; frá 1. nóvember 1903—31. desember 1909	—	2,800,00
			kr.	5,120,00

6. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Við	7.	Til þess að byggja fjós á Hallormsstað og gjöra að bæjarhúsum á Ormstöðum	kr.	1,200,00
Við	8.	1. Til vegar fram hjá sandgræðslusvæði við Reyki á Skeiðum 1908	—	541,17
		2. Til vegar fyrir austan sama sandgræðslusvæði sumarið 1909, gegn því að það, sem á vantar, verði borgað annarstaðar frá	—	2,000,00
Eftir	16.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kveldskólahalds	—	300,00
	21 a.	Þóknun til tveggja matsmanna á síld, öðrum á Siglufirði, hinum á Akureyri, 600 kr. til hvors	—	1,200,00
	21 b.	Utanfararstyrkur til sömu manna, til þess að kynna sér verkun á síld	—	800,00
Við	24.	Viðbótarstyrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi	—	5,000,00
Eftir	31.	1. Til Hallgríms Benediktssonar, Jóhannesar Jósepssonar o. fl. til þess að sýna glímu við olympisku leikina í London sumarið 1908	—	2,000,00
		2. Til Tómasar Tómassonar, leiga fyrir Gullfoss árin 1908 og 1909	—	600,00
			kr.	13,641,17

7. gr.

Eftirstöðvar af láni jafnaðarsjóðs Suðuramtsins til viðlagasjóðs til brúargjörðar á Ölfusá falli niður ásamt vöxtum frá 6. sept. 1907.

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Stjórninni veitist heimild til að lána úr viðlagasjóði til byggingarsjóðs 10,400 kr. til lúkningar ógreiddum kostnaði við hitaleiðslu í safnahúsbyggingunni til hlutafélagsins »Völundur«.

Stjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir byggingarsjóðinn húseign fyrv. ráðherra H. Hafsteins í Tjarnargötu til ráðherrabústaðar, fyrir virðingarverð 52,400 krónur, taka að sér veðskuldir, að upphæð 25,000 kr., sem á húseigninni hvíla, og veita byggingarsjóði lán af viðlagasjóði til þess að borga afganginn, 27.400 kr.

Búðarhreppi í Fáskrúðsfirði má veita 4000 kr. lán úr viðlagasjóði til símalagningar, með sömu kjörum, sem sýslufélögum eru veitt lán til landsímalagninga, samkvæmt 21. gr. núgildandi fjárlaga.

Nd. **479. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Aukakjörskrá þá, sem um er rætt í 12. gr. laga um kosningar til alþingis 3. okt. 1903, skal semja í maímánuði, svo að hún sé fullbúin 15. dag þess mánaðar, og skal hún þann dag lögð fram til sýnis á sama eða sömu stöðum og aðalkjörskrá og liggja frammi næstu 7 daga. Á aukakjörskrá skulu þeir settir, er ekki hafa kosningarrétt, þá er kjörskrá gengur í gildi (1. júlí), en vitanlegt þykir að fullnægja muni skilyrðum þeim, sem til kosningarréttar þurfa, einhvern tíma á árinu, er kjörskrá gildir fyrir, svo og þeir, er eigi var vitanlegt um, þá er aðalkjörskrá var samin, að mundu fullnægja þessum skilyrðum fyrir 1. júlí. Ennfremur skal setja á aukakjörskrá þá kjósendur, er fallið hafa burt af aðalkjörskrá og einhverra orsaka vegna ekki hafa átt kost á að koma fram með aðfinslur við kjörskrána í tæka tíð.

2. gr.

Með kærur og aðfinningar við aukakjörskrá skal fara sem við aðalkjörskrá, en þó þannig, að frestir allir séu $^1/_3$ styttri og að samrit aukakjörskrárinnar skuli sent oddvita yfirkjörstjórnarinnar fyrir 1. júlí.

3. gr.

Frestur sá, sem í 21. gr. kosningarlaganna er ætlaður yfirkjörstjórn til að fullgera kjörseðla, skal vera 10 dagar.

4. gr.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu 3 sólarhringum fyrir það tímamark. Má þá annar maður innan 8 daga bjóða sig fram til þingmensku, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

Ef fresta þarf kosningu í kjördæminu af þessum ástæðum, stofnar stjórnarráðið til nýrrar kosningar á þann hátt, sem fyrir er mælt í 54. gr. kosningarlaganna.

5. gr.

Almennar reglulegar kosningar til alþingis, sem með 25. gr. kosningarlaganna er ákveðið að fari fram 10. dag septembermánaðar, skulu hér eftir fram fara fyrsta vetrardag.

6. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt, og færir sérstakar ástæður fyrir því, er kjörstjórn metur gildar, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörherberginu. Þetta skal bókað í kjörbókinni að tilgreindum ástæðum.

7. gr.

Þá er kosning þingmanns er ógilt samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar,

sbr. 41. og 48. gr. kosningarlaganna, skal stjórnarráðið skipa fyrir um nýja kosningu svo fljótt sem verða má.

8. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverjum hreppi á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, kveður þá undirkjörstjórn til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem mælt er fyrir um í öðrum málslið 51. gr. kosningarlaganna.

Nd. **480. Frumvarp**

til laga um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva tré eða hrís öðru vísi en svo, að höggvið sé innan úr eða skógurinn og kjarrið að eins grisjað. Ekkert svæði má berhöggva. Birkirunnum og birkirótum í skógum og kjörrum má ekki kippa upp. Ekki má heldur án samþykkis skógræktarstjóra eða skógarvarða rífa beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng né mel. Mosa má og ekki rífa nema á skóg- og kjarrlausu mýrlendi. Ennfremur er skógræktarstjóra og skógarvörðum heimilt að banna að rífa fjalldrapa og víði á þeim svæðum, er ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir samkv. reglum þeim, er getur um í 2. gr. skipa fyrir um hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu og tæki til þess, að höggva á alt að 100 ferhyrningsfaðma svæði í skógnum eða kjarrinu til þess, að sýna hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendur og notendur skóga og kjarrs geta eigi bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum, né heldur hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem það er girt eða ógirt.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra, ef fé er veitt til þess úr landssjóði, að taka alt að 10 dagsláttna stórt skógar- eða kjarrsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar, og skal svæðið girt. Á þessum svæðum má ekkert höggva nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn til þess að kynna sér fyrirskipanir þeirra, að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 4 kr. um daginn, er greiðast úr landssjóði.

7. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sérstaklegar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhversstaðar horfir til stórskemda eða auðnar fyrir þá sök, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo farið verði fram á nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu löggjafarvaldsins til varnar eyðileggingu.

8. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðarákvæðunum í 1. gr. þessara laga. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðar ber málið undir stjórnarráðið, og ákveður það svo, hvað gera skuli frekar í málinu.

9. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 5 til 100 kr. til landssjóðs og fer um mál út af þeim brotum sem um almenn lögreglumál.

Nd.

481. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

Eftir 2. umr. í Nd.

Heimild sú sem ráðherra Íslands er veitt, í lögum nr. 50, 16. nóvbr. 1907, til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir sínar, skal einnig ná til hjáleigna prestssetra, ef þær eru sérstakt býli og hafa sérstök ummerki á engjum og túni.

Ed.

482. Frumvarp

til laga um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Engan áfengan drykk má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. grein, og farið sé með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4\,\%$ af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva, og í sér hafa fólgið slíkt áfengi, skal telja áfengan drykk.

2. gr.

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis eða efnarannsóknarstofu eða annars þvílíks fyrirtækis að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og héraðslæknum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem þeim er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá. Loks skal smáskamtalæknum heimilt að flytja frá útlöndum vínanda til lyfjablöndunar og smáskamtalyf með vinanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum er kaþólskum prestum heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sé til altarisgöngu í kirkjum þeirra, þó í því sé meira af vínanda en $2^1/_4\,\%$.

3. gr.

Alt áfengi, sem flutt er til landsins frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, skal fyrst flytja á land í Reykjavík. Þar skal landsstjórnin skipa sérstakan umsjónarmann áfengiskaupa, og hefir hann á höndum umsjón og eftirlit með áfengiskaupum, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Umsjónarmaður hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðast úr landssjóði. Svo fær hann og borgun fyrir húsrúm undir áfengisbirgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald bréfa. Ennfremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar.

4. gr.

Nú hefir maður heimild til áfengisflutnings frá útlöndum eftir lögum þessum, og vill hann neyta þessarar heimildar sinnar, og skal hann þá í tæka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar áfengi og hve mikið hann vill fá og frá hverju verzlunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni borgun fyrir flutning til Reykjavíkur og uppskipun þar. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða þeim vínsölumanni, sem hún er stiluð til, og beiðist þess, að áfengið sé sent til sín. Skal umsjónarmaður, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sér með rannsókn, að áfengissendingin sé eigi önnur eða meiri en um var beðið. Að því búnu

skal hann, eftir fyrirsögn efnafræðings landsins, sem skyldur er að láta honum aðstoð sína í té, blanda það áfengi, er til iðnaðarfyrirtækja eða eldsneytis er ætlað, þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar, án þess það þó missi notagildi sitt til þess sem það er ætlað. Því næst skal umsjónarmaður merkja áfengið með embættisinnsigli sínu og segja eiganda til. Eiganda skal þá heimilt að vitja þess, en gjalda skal hann þá um leið kostnað þann, er af blönduninni hefir leitt.

Nú líða svo 12 mánuðir frá tilkynningu umsjónarmanns áfengiskaupa um aðflutning áfengis, að sá hirðir ekki áfengið, er pantað hefir, né lýsir heldur yfir þeirri ósk, að áfengið sé á hans kostnað endursent seljanda, og er þá rétt að áfengið með umbúðum sé gert upptækt. Andvirðið rennur í landssjóð. Allan ógreiddan kostnað, er leitt hefir af aðflutningnum, má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfengið hefir pantað, samkvæmt lögum 16. desember 1885.

Umsjónarmaður ber enga ábyrgð á greiðslu andvirðis fyrir það áfengi sem aðflutt er.

5. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort hann hafi nokkurt áfengi til flutnings fyrir aðra menn, og þá hve mikið. Hann skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfengi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum, meðan hann er í höfnum inni eða í landhelgi við Ísland, að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi eða leyfa öðrum skipverjum að láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til annarra manna en þeirra, sem eru lögskráðir skipverjar.

Skipstjóri er sekur við lög þessi, ef hann brýtur það, er nú var mælt.

Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi, frá útlöndum, sem ekki er ætlað til skipsforða og ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát og ábyrgist skipstjóri, að innsiglin séu ekki brotin eða úr ílátunum tekið fyr en skipið er farið alfarið burt frá landinu.

6. gr.

Nú strandar skip hér við land og hefir meðferðis áfengi til umsjónarmanns áfengiskaupa eða frá honum, og skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og gæta þess, að ekki sé í þau farið. Hann skýrir þegar í stað lögreglustjóra frá, en lögreglustjóri setur embættisinnsigli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annarra manna, en skýra skal hann með fyrstu ferð réttum eiganda frá björgun áfengisins. Kjósi hann innan 6 mánaða að það sé sent sér á sinn kostnað, skal það gert; en sé upptækt ella.

Sé um skipsforða að ræða, fer um meðferð áfengisins og tilkynning til skipseiganda svo sem fyrir er mælt í grein þessari hér að framan, og skal það áfengi gert upp upptækt, nema það hafi verið gert óhæft til drykkjar undir umsjón lögreglustjóra, eða eigandi hafi látið flytja það úr landi innan 8 mánaða.

Nú er ókunnugt um eiganda strandgóss og skal þá gera áfengið upptækt, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn.

7. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið annan en þann, sem annaðhvort er merktur embættisinnsigli umsjónarmanns áfengiskaupa, svo sem fyrir er mælt í 4. grein laga þessara, eða þá þann drykk, sem um getur í 6. og 10. grein og merktur er eftir fyrirmælum þeirra greina.

8. gr.

Öllum, sem samkvæmt lögum þessum hafa heimild til innflutnings á áfengi, er óheimilt að veita það, gefa, selja eða láta af hendi til annara manna, nema það sé áður gert óhæft til drykkjar.

Þó mega lyfsalar og héraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna, en þó ekki oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, er áfengi er í, setur landlæknir reglur því til tryggingar að áfeng lyf verði eigi höfð til neyzlu, heldur eingöngu til lækninga.

9. gr.

Veitingamenn og vínsölumenn, þeir sem leyfi hafa til vínsölu hér á landi, samkv. lögum nr. 26, 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega, eftir 1. jan. 1912, ekkert selja hér á landi af áfengisbirgðum þeim, er þeir þá hafa, gefa, veita eða láta af hendi til annarra manna. Skulu lögreglustjórar hver í sínu umdæmi þá þegar skyldir til að rannsaka áfengisbirgðirnar, og innsigla þær. Áður en 12 mánuðir eru liðnir, skulu eigendur áfengisins skyldir til að flytja birgðirnar eða láta flytja þær burt af landi, og skulu lögreglustjórar hafa nákvæmt eftirlit með að það sé gert. En alt það áfengi, sem þá er ekki útflutt, skal tafarlaust gert upptækt.

Frá þeim degi er lög þessi verða staðfest, má ekkert leyfi til vínsölu né vínveitinga veita hér á landi, né endurnýja eldri leyfi.

10. gr.

Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. janúar 1912 er ekki skylt að flytja burtu úr landinu. En eigendur þvílíkra birgða eru tafarlaust skyldir að segja hlutaðeigandi lögreglustjórum til þeirra, og skulu þeir eða umboðsmenn þeirra rannsaka þær þá þegar, semja nákvæma skýrslu yfir þær og merkja öll áfengisílát glöggu heimildarmerki á þann hátt, er stjórnarráðið skipar fyrir um. Þessi rannsókn áfengisbirgða skal endurtekin á 6 mánaða fresti, meðan nokkrar þvílíkar áfengisbirgðir eru til, og skulu þá jafnframt ónýtt heimildarmerkin á þeim ílátum, er tæmd eru.

Áfengi það er hér ræðir um, má aldrei flytja burt af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum eða það sé áður gert óhæft til drykkjar.

11. gr.

Nú er maður grunaður um óleyfilegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis, og skal þá gera heimilisrannsókn hjá honum, ef það er talið

nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið. Skal rannsóknin gerð af lögreglustjóra þeim, er í hlut á.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sýna sönnunargögn þess, hvernig standi á birgðunum. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

12. gr.

Hve nær sem hafin er ákæra út af ólöglegri sölu eða veitingu áfengis, má stefna kaupanda eða þeim, sem veitt er, til vitnisburðar um málið, ef engir meinbugir eru annars á, og er rétt, að hann staðfesti framburð sinn með eiði, ef krafist er.

13. gr.

Hver sá, sem dæmdur er sekur um brot á ákvæðum þessara laga, skal auk lögboðins málskostnaðar greiða kæranda og vitnum allan þann kostnað, er þau hafa haft af málinu.

14. gr.

Nú sést maður ölvaður, og skal þá heimilt að leiða hann fyrir dómara. Skal hann skyldur til að skýra frá, á hvern hátt hann hafi ölvaður orðið, og sé það af áfengi, þá hvernig og hjá hverjum hann hafi fengið það. Óhlýðnist hann að mæta fyrir dómara, eða svara spurningum, er dómari leggur fyrir hann, skal dómari halda honum til hlýðni með hæfilegum sektum, þó ekki lægri en 10 krónum í hvert skifti.

15. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða í fyrsta sinn sektum frá 200—1000 kr.

Brot í annað sinn varðar sektum frá 500—2000 kr.

Brjóti nokkur oftar gegn ákvæðum þessarar greinar varðar það sektum frá 1000—5000 kr.

Fjárnám fyrir sekt á hendur skipstjóra má gera í skipi hans.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi gert upptækt.

16. gr.

Nú sannast það á skipstjóra, að hann skýrir lögreglustjóra rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 200—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum og má gera fjárnám í sektunum í skipi hans.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er óheimila að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum. Ef brot er ítrekað, varðar það sektum frá 200—1000 kr.

Sama hegning liggur og við því, ef lyfsali lætur áfengi af hendi án skriflegrar læknisforskriftar eða oftar en einu sinni eftir sama læknisseðli.

17. gr.

Brot gegn 7. gr. laga þessara varða sektum 50—1000 kr. og skal hið flutta áfengi ásamt ílátum gert upptækt.

18. gr.

Nú verður læknir sannur að sök um að hafa látið af hendi læknisseðil um áfengi í þeim tilgangi að það verði notað öðruvísi en sem læknislyf, og skal hann þá í fyrsta sinn sekur um 100—1000 kr., og skal sektin tvöfaldast, sé brotið endurtekið. Verði læknir sannur að sök um slíkt oftar en tvisvar, má svifta hann læknisleyfi um stundarsakir, eða að öllu, ef miklar sakir eru.

19. gr.

Allar sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð.

20. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal að öðru leyti fara sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Sveitarstjórnum og lögreglustjórum er sérstaklega skylt að sjá um að lögum þessum sé hlýtt.

22. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku og svo mörg eintök að nægi til að senda dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum.

23. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1 jan. 1912, og eru með þeim numin úr gildi öll lög og tilskipanir, er koma í bága við þessi lög.

Nd.

483. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um almennan ellistyrk.

Frá Ólafi Briem.

Við 5. gr. Orðin »og sömuleiðis þeir sem ekki eru fullra 60 ára hinn sama dag«, falli burt.

Ed.

484. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um girðingar.

Mál þetta er fram komið frá nefnd, er háttv. Nd. skipaði til að athuga landbúnaðarmál landsins og hefir háttvirt Nd. samþykt það óbreytt eins og það kom frá nefndinni.

Nefndin felst fullkomlega á aðalástæður þær, sem landbúnaðarnefndin hefir fært frumvarpinu til meðmæla í athugasemdum þeim, er hún lét fylgja því. Vér teljum því rétt að mæla með því, að málið sé látið ganga fram, og einkum leggjum vér áherzlu á, að ákvæðin um samþyktarheimildirnar í 9.—13. gr. frumv. séu nauðsynlegar og góðar réttarbætur.

Nefndin hefir leyft sér, að gera nokkrar breytingar á frumv., sem einkum snerta málfæri þess, og með þeim breytingum leyfir hún sér að leggja til, að háttvirt deild samþykki frumvarpið.

Breytingartillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Orðið »girðingum« í 2. línu 5. gr. falli burt.
2. Síðari málsgrein 5. gr. orðist svo: Girðingar á einstökum jörðum, sem lán er veitt til úr landssjóði, skulu teknar út við ábúaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.
3. Á eftir orðinu »girðingum« í 1. línu 8. gr. bætist inn í orðin: yfir vegi.
4. Á undan orðinu »vísvitandi« í 3. línu 8. gr. bætist inn í: Brot móti þessu og
5. Aftan við 8. gr. bætist: og skaðabótum.
6. Á undan orðinu »er« í 3. línu 13. gr. bætist inn í orðið: og, en á eftir orðinu »samþyktin« bætist inn í orðið: þá.
7. Í stað orðanna: »án staðfestingar . . . . synjunarástæður« í 3. línu 13. gr. komi: ásamt synjunarástæðum.
8. Í stað setningarinnar í niðurlagi 13. gr. »Er hún . . . . nær yfir« komi: Upp frá því, er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

Efri deild alþingis, 15. apríl 1909.

Stefán Stefánsson, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsögumaður.
Sigurður Stefánsson.

Ed.

485. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um námsskeið verzlunarmanna. (Þingskj. 464).

Frá nefndinni.

Við 7. gr.:

1. Í stað orðanna: »Að jafnaði«, komi: Nema brýna nauðsyn beri til.

Við 8. gr.:

2. Í stað orðanna »einnar viku«, komi: 10 daga.
3. Á eftir 12. gr. komi ný grein svohljóðandi:
   Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 200 krónum, og mál út af þeim skal farið með sem almenn lögreglumál.

Og breytist greinatalan samkvæmt því.

Ed.

486. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um verzlunarbækur (þingskjal 463.)

Frá nefndinni.

Við 3. gr.

1. Í stað setningarinnar: »Í Höfuðbók skal rita reikning einstakra viðskiftavina«, komi: Í Höfuðbók skal rita samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, er úti látnar eða innlagðar vörur nema í hvert sinn, samkvæmt frumbókinni.

Við 4. gr.

2. Upphaf 4. gr. orðist svo: Það varðar sektum eða fangelsi eftir atvikum o. s. frv.

Við 7. gr.

3. Til viðbótar 7. gr. komi: alt að tveimur árum.

Við 8. gr.

4. Á eftir orðinu »rituð« í 3. línu greinarinnar að ofan, komi: (samanber 2. gr.).

Ed.

487. Frumvarp

til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenzkum þilskipum.

(Eptir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Það skal eftirleiðis vera skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er lögskráðir eru á íslenzk skip, hvort sem þeir stunda fiskiveiðar, eru í förum með fram ströndum landsins eða eru í förum landa á milli.

Ennfremur er skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélarbátum eða opnum bátum er stunda fiskiveiðar minst eina vertíð á ári.

2. gr.

Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar, og skal hann svo fljótt sem auðið er senda skrána vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

Þegar formaður á vélarbát eða opnum bát hefir fullráðið háseta sína, skal hann eða útgerðarmaður tilkynna það hlutaðeigandi skráningarstjóra (sýslumanni eða hreppstjóra) og skal þá skráningarstjóri fara eins að og fyrir er mælt í fyrri málsgrein þessarar greinar.

3. gr.

Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 18 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða ráðningardegi. Útgerðarmaður greiðir skráningarstjóra gjald þetta fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupi þeirra eða

hlut, og auk þess greiðir hann frá sjálfum sér til vátryggingarsjóðsins þriðjung á móts við gjald skipverjanna allra og innheimtir skráningarstjóri einnig það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok septembermánaðar ár hvert, að frádregnum 2 % innheimtulaunum.

4. gr.

Vátryggingarfélaginu skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Landsstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja. Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til, að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóði.

5. gr.

Nú druknar sjómaður eða deyr af slysförum á skipi á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina 100 kr. á ári í næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

6. gr.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir leyfi til að skerða nokkuð af styrk þeim, er lög þessi heimila.

7. gr.

Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrekkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr. og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15000 krónum.

8. gr.

Landsstjórnin ákveður nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að feingnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. gr.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin Lög nr. 40 frá 10. nóv. 1903 um lífsábyrgð fyrir sjómenn, er stunda fiskiveiðar á þilskipum, og öll önnur ákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Ed.

488. Frumvarp

til laga um eiða og drengskaparorð.

(Eftir 3. umræðu í Nd.)

1. gr.

Hverjum manni þeim, er samkvæmt lögum ber skylda til þess að bera vætti fyrir íslenzkum dómstól eða annars kostar, þar sem eiður er unninn, er skylt að staðfesta skýrslu sína eða framburð, ef þess verður krafizt, á þann hátt er lög þessi greina.

2. gr.

Þeir menn, er opinberlega teljast til einhvers kristins trúarfélags, skulu vinna eið að framburði sínum með þeim hætti, að þeir leggja höndina þá ena vinstri á heilaga ritning, og skal eiðstafur þeirra vera með þvílíkum orðum: Til þess legg eg hönd á helga bók og það segi eg guði að framburður minn fyrir dómi hér í dag er að mínu viti að öllu leyti fullum sannleik samkvæmur. Guð sé mér hollur sem eg satt segi, gramur ef eg lýg.

3. gr.

Þeir menn, er teljast eigi opinberlega til neins kristins trúarfélags mega staðfesta skýrslu sína með því að leggja þar við sæmd sína og drengskap, og sé þeim eiður stafaður á þvílíkan hátt: Svo skýt eg máli mínu til sæmdar minnar og samvizku og svo vil eg sjálfur framast sanninda njótandi verða af öðrum mönnum sem eg fer að mínu viti með fullan sannleik um það, er nú hefi eg flutt og fram borið. Þetta vitni ber eg hvorki fyrir vild né óvild né fyrir nokkurra hagsmuna sakir heldur sökum rétts máls og sanninda. Njóti eg svo drengskapar míns og mannorðs sem eg satt segi. Níðingur ef eg lýg.

4. gr.

Aður eiður sé unninn eða drengskapur lagður við til hæstu sanninda ber dómara að brýna fyrir þeim, er eiðinn vinna eða drengskap við leggja, þýðing hvorstveggja. Eiðvinning og viðlagning drengskapar fer eigi fyrr fram en eftir að vætti er borið.

5. gr.

Eiðvinning og viðlagning drengskapar hafa að öllu sama gildi að lögum. Á þeim er og samur ábyrgðarhluti að lögum.

6. gr.

Nú eru úrslit sakar látin vera undir því komin, að annar hvor málsaðila vinni eið eða einhver annar í þeirra stað, og skal þá fylgt reglum 2. og 3. gr. (sbr. 4. gr.) laga þessara með þeim tilbreytingum, sem atvik heimta.

7. gr.

Eiðsdómur skal vera orðaður á þá leið, að málsaðili vinni annað hvort eið eða leggi drengskap sinn við sannindi þess, er í eiðstaf hans kom. Dómari eiðstöku úrskurðar, hvort fylgt skuli 2. eða 3. gr. laga þessara.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld tilskipun frá 22. sept. 1846.

Ed.

489. Frumvarp

til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Skip er í lögum þessum haft um öll skip og báta, stór og smá.

2. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sé sett vátryggingarfélag með gagnkvæmri ábyrgð. Það nefnist »Samábyrgð Íslands á fiskiskipum« og er í lögum þessum nefnt »Samábyrgðin«. Það tekst á hendur:

a. Endurtrygging á alt að því $^3/_5$ af tryggingarhæfu verði fyrir íslenzk ábyrgðarfélög báta og skipa, þau er sjálf taka þátt í áhættunni á $^3/_5$ hlutum að minsta kosti af verði skipanna og krefjast sjálfsábyrgðar á $^1/_5$ hluta verðsins að minsta kosti.

b. Beina vátrygging á bátum og skipum, alt að $^8/_{10}$ hlutum af tryggingarhæfu verði, venjulega þó því að eins, að bátar þessir eða skip eigi ekki kost á trygging í félögum þeim, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir.

c. Trygging á afla, veiðarfærum og útbúnaði, ef um algjörðan skiptapa er að ræða.

Félagið tekur eingöngu ábyrgð á þeim skipum og bátum, sem ætluð eru til fiskiveiða við Ísland eða þjónustu við þær veiðar, eða til flutninga við Ísland.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 200,000 kr., að félagið fullnægi skuldbindingum sínum. Ef það getur ekki af eigin ramleik borgað skaðabætur, sem því er skylt að greiða, leggur landssjóður til það er á vantar, þó aldrei meir en áður nefnda upphæð.

Ef félagið hefir orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá er það hefir þegið af landssjóði, að viðbættum $4\,^1/_2\,^0/_0$ í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt eftir því sem efni þess leyfa. Nú nemur fé það, sem lagt hefir verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum, meira en 20,000 kr., og skal þá gera vátryggjendum að greiða aukaiðgjald þann-

ig, að það sem fram yfir er 20,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi, en ávalt skal gætt ákvæða 5. gr. um takmörk aukaiðgjalds. Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda Samábyrgðinni alt að 20,000 kr. í starfsfé, en greiða skal af því 4 1/2 % árlega. Endurborga skal þetta fé, þá er lagt hefir verið í fastan varasjóð 20,000 kr., þó svo, að sú upphæð sé ekki skert.

4. gr.

Reglugjörð Samábyrgðarinnar, ákvæði um flokkun, iðgjaldsgreiðslu og tryggingarskilyrði liggja undir samþykki stjórnarráðs Íslands, og hefir það yfirleitt eftirlit með störfum hennar, meðan ábyrgð landssjóðs stendur. Það er skilyrði fyrir því, að Samábyrgðin megi takast á hendur endurtrygging samkvæmt 1. gr. a. fyrir innlent vátryggingarfélag, að stjórnarráðið hafi samþykt reglugjörð þess félags; en samþykki veitir stjórnarráðið því að eins:

a ð starf félagsins verði talið hvíla á tryggum grundvelli,

a ð félagsmenn beri ábyrgð á skyldum félagsins, hver gagnvart öðrum, nema nægt hlutafé eða ábyrgðarfé sé til tryggingar því, að fullnægt verði skuldbindingum þess.

5. gr.

Samábyrgðin má eigi án endurtryggingar takast á hendur hærri ábyrgð en 15,000 kr. fyrir einstakt far og 5,000 kr. þá er um trygging eftir 1. gr. c er að ræða, á einstöku fari.

6. gr.

Vátryggjendur í Samábyrgðinni — hvort heldur eru einstakir menn eða vátryggingarfélög — ábyrgjast hver gagnvart öðrum, að hún standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eigna þeirra, er vátrygðar eru þar, og það þannig, að ábyrgðin sé ákveðin í hlutfalli við þann hluta af vátrygðu verðmæti, sem Samábyrgðin ber ábyrgð á án endurtryggingar hjá öðrum.

Eftir ábyrgðarskyldu vátryggjenda verður að eins gengið á þann hátt, að heimt séu inn aukaiðgjöld og mega þau eigi hærri vera neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds fyrir þær eignir, er Samábyrgðin hefir eigi endurtrygt.

Nú gengur vátryggjandi úr Samábyrgðinni, og skal hann þá inna af hendi sinn hluta af skyldum þeim, er á hafa fallið áður, og eigi verða greiddar af eigum hennar.

7. gr.

Um greiðslu skaðabóta skal nánara ákveðið í reglugjörð Samábyrgðarinnar; meðan ábyrgð landssjóðs stendur, skulu þar jafnan fastákveðin þau atriði er nú skal greina:

a. Tjón, er eigi nemur 2% af tryggingarupphæðinni, verður eigi bætt, nema það fari fram úr 300 kr. á einstöku fari eða verðmæti hafi verið lagt í sölurnar af vátryggjanda hálfu til þess að komast hjá meira tjóni, eða bjarga öðrum eigum vátrygðum í Samábyrgðinni. Frá skaðabótunum skal ætið draga 2% af tryggingarupphæðinni, en þó eigi yfir 300 krónur.

b. Ef það sannast, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða fyrir vitavert hirðuleysi valdið tjóninu, má draga alt að því 20 % af skaðabótafénu. Hafi vátryggj-

andi í sviksamlegum tilgangi tvítrygt hið sama, eða hafi hann gjörst valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir vítavert hirðuleysi, er Samábyrgðin laus allra mála um skaðabótaskyldu. Þó skal Samábyrgðin ávalt skyld að greiða svo mikið af skaðabótunum, sem þarf til að borga lán af almanna fé, þar með talin lán úr íslenzkum bönkum og sparisjóðum, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, þó er eigi skylt að greiða meira en nemi $^{3}/_{5}$ tryggingarupphæðarinnar, og á Samábyrgðin þá endurgjaldskröfu á hendur þeim, er sekur er.

8. gr.

Félagið bætir tjón og skaða, er verður af völdum sjávar, storms eða annars óveðurs, af strandi, af því, er skip ber á sker eða grunn, af skipbroti, kollsigling, ásigling, árekstri, eldi og öðrum slysum.

9. gr.

Halda skal sjóréttarpróf um hvers konar tjón, sem bóta er fyrir krafist eftir lögum þessum, og skal aðalstjórn Samábyrgðarinnar gerð vitneskja um það með nægum fyrirvara, ef unt er.

10. gr.

Þegar vátrygðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til tryggingarfjárins.

11. gr.

Vátryggingariðgjaldið hvílir á hinu vátrygða skipi og gengur fyrir veðskuldum í 2 ár.

Iðgjöld og virðingargjöld má taka lögtaki.

Þegar tilkynt hefir verið Samábyrgðinni, að vátrygt skip eða bátur sé í veði fyrir láni af almanna fé, þar í talin lán íslenzkra banka og sparisjóða, má eigi fella skipið úr trygging fyrir þá sök að iðgjöld séu eigi greidd, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjöldin. Ef þetta ákvæði verður tekið upp í reglugjörðir vátryggingarfélaga, er Samábyrgðin hefir á hendi endurtrygging fyrir, getur stjórnarráðið með auglýsing veitt þeim hlunnindi þau, er getur um í 1. og 2. málslið greinar þessarar.

12. gr.

Öll skip og bátar, er vátrygð eru í Samábyrgðinni, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska; sömu hjálp skal og veita skipum annara félaga, hafi þau og Samábyrgðin samið um að veita hvort öðru slíka hjálp. Borgunar fyrir hjálpina verður eigi krafist eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, eða ef þess er heldur óskað, af þeim, er hlut eiga að máli, og skal þá miða þóknunina við tilkostnað þann og fjártjón, sem hjálpin hefir bakað þeim, er veitti.

Þegar skip eru í háska stödd, skulu þau gera bending með fána, sem stjórn Samábyrgðarinnar segir nánara fyrir um. Þau mega eigi þiggja hjálp hjá öðrum, ef auðið er að fá hjálp hjá skipum úr sama félagi sem þau eru í.

Stjórn Samábyrgðarinnar.

13. gr.

Samábyrgðin skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík og stjórnar henni nefnd þriggja manna. Einn þeirra er framkvæmdarstjóri og skipar stjórnarráðið hann til 5 ára í senn, en tveir eru gæzlustjórar. Annan þeirra kýs stjórnarráðið fyrst í stað, en hinn kjósa hin innlendu vátryggingarfélög, er Samábyrgðin er í samvinnu við; í reglugjörðinni, þeirri sem nefnd er í 12. gr., má gera önnur ákvæði um kosning gæzlustjóranna.

Kosning gæzlustjóranna gildir um 3 ár í senn. Skulu þeir vera búsettir í Reykjavík eða þar í nánd og fá lítilsháttar þóknun fyrir starfa sinn, er stjórnarráðið ákveður. Þóknun þeirra og laun framkvæmdarstjóra greiðist af Samábyrgðinni.

Stjórn félagsins skal áður mánuður er liðinn eftir hvern ársfjórðung senda stjórnarráðinu yfirlit yfir starf félagsins, og innan þriggja mánaða eftir lok hvers starfsárs skal hún senda stjórnarráðinu ársreikninginn með áritun endurskoðunarmanna.

Stjórnarráðið getur hvenær sem því lízt látið rannsaka allan hag félagsins og ef nauðsyn krefur skipað yfir það eftirlitsstjórn.

Nánari ákvæði um stjórn félagsins skulu sett í reglugjörð þess. Til kostnaðar við stofnun félagsins og stjórn leggur landssjóður því til 5,000 kr. á ári í fyrstu 5 árin.

14. gr.

Þegar félagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöld þess auk endurtryggingariðgjalda fara fram úr 35,000 kr., og varasjóðurinn nemur meira en 50,000 kr., skal stjórnarráðið semja nýja reglugjörð fyrir það, er veiti vátryggjendum meiri umráð yfir allri starfsemi þess, annaðhvort þannig, að fulltrúar þeirra komi saman árlega eða skipað sé fulltrúaráð.

15. gr.

Ef félagið leggst niður, fellur tekjuafgangur þess til fiskiveiðasjóðs Íslands.

16. gr.

Ágreining milli félagsins og þeirra vátryggingarfélaga, er í samvinnu eru við það, eða vátryggja í því, skal leggja í gerð, ef eigi nemur meira en 1,000 kr.; í gerðardóminn kveður hver málsaðili einn mann, en stjórnarráðið skipar einn dómanda úr yfirdómi landsins oddvita.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík og segir oddviti fyrir um réttarfar hans.

Nánari ákvæði um gerðardóminn skulu sett í reglugerð félagsins.

Nd. **490. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi (þskj. 480).

Flutningsmaður: Benedikt Sveinsson.

Við 1. gr.: Eftir orðin: »Ekkert svæði má berhöggva«, komi: nema landið sé tekið til ræktunar.
Við 3. gr.: Orðin »og tæki« í síðustu málsgrein falli burt.
Við 5. gr.: Í stað orðsins »má« komi: skal.
Við 7. gr.: Framan af þeirri grein falli orðin: »Eigendur og notendur . . . . . kjarrlendi

Nd. **491. Breytingartillaga**

við frv. til laga um löggilding verzlunarstaða (þingskj. 452).

Frá Jóni Þorkelssyni og Magnúsi Blöndahl.

Við 1. gr. (í 6. línu): Orðin «og Viðey í Kjósarsýslu« falli niður.

Ed. **492. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Nefndin, sem háttvirt efri deild kaus til að athuga mál þetta, hefir rætt það og íhugað. Álit hennar er á þessa leið:

Hugmyndin um stofnun forðabúra til skepnufóðurs er sprottin af viðurkendri þörf á því, að koma í veg fyrir fóðurskort. Því miður er ekki hægt að neita því, að slíkur fóðurskortur og af honum leiðandi skepnufellir hefir oft valdið tjóni hér á landi. Á þessu hefir þó borið miklu minna á síðari tímum, en til þess eru ýmsar ástæður.

Búhyggindi manna hafa aukist og þeir hafa betur séð og kannast við en áður var, að góð meðferð á skepnum margborgaði sig. Þetta hefir leitt til þess að setja betur og hyggilegar á vetur, en títt var áður fyrri. Þá hefir aukinn heyafli landsmanna og vaxandi mannúð stutt að hinu sama.

Af þessum sökum hefir almennur fóðurskortur smám saman orðið sjaldgæfari og sjaldgæfari. En á síðari árum hafa líka bættar samgöngur við útlönd gert bændum hægra fyrir að útvega sér korn til hjálparfóðurs, þegar illa leit út með fóðurbirgðir, og með þeim útvegum koma í veg fyrir fóðurskort og felli.

Nefndin vonar, að framvegis muni þessar ástæður allar gera að almennur fóðurskotur verði æ fágætari eftir því sem tímar líða. Hún vonar því og telur líklegt, að þörfin á kornforðabúrum til skepnufóðurs verði ekki mikil né almenn úr þessu, enda telur hún líka sjálfsagt, að sem sjaldnast ætti að þurfa að grípa til óvanalegrar korngjafar í jafn grassælu landi og Ísland er.

En þrátt fyrir þetta játar nefndin, að kornforðabúr til skepnufóðurs geti komið

að miklum notum í sumum héruðum landsins, þegar svo ber undir að harðindis vetur með hafísum kemur eftir grasleysissumar, og nefndin telur ennfremur líklegt að kornforðinn geti í ísárum verið mikilsverður að grípa til hans til manneldis, þegar aðflutningar eru teptir.

Nefndin leggur því til að háttvirt deild samþykki frumvarpið, og þótt nefndin hefði á einum stað óskað að frumvarpið hefði verið lítið eitt öðruvísi orðað, þá leggur hún til, að það sé samþykt óbreytt.

Efri deild alþingis, 16. apríl 1909.

Aug. Flygenring	Jósef Björnsson
formaður.	skrifari.

Kristinn Daníelsson.
framsögumaður.

Ed.

493. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Aug. Flygenring.

1. Við 13. gr. D.
   Á eftir »I. Ritsímafélagið mikla — — — — 35,000—35,000« komi nýr liður:
   II. 1. Til símalagninga frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja fyrra árið . . . . . kr. 42.200
   Hér af væntist frá Vestmannaeyjasýslu . . . . . — 8.000
   ——— 34,200
2. Við 16. gr.
   Á eftir lið 14. komi nýr liður er verður 15. liður:
   Til aðstoðarverkfræðings til rannsókna og mælinga viðvíkjandi járnbrautarlagning austur fyrra árið kr. 2.700

Ed.

494. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jósef Björnssyni.

Við 14. gr. A. b.
Eftir tölulið 5 komi nýr töluliður:
6. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju 400 kr. fyrra árið.

Ed.

495. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jósef Björnssyni.

Við 16. gr.

Eftir tölulið 32 komi nýr töluliður:

33. Styrkur til Hólasóknar-manna til að standast kostnað við kirkjugarðsbyggingu úr steinsteypu um Hólakirkju 500 kr. fyrra árið.

Ed

496. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Kristni Daníelssyni.

1. Við 14. gr. B. VIII. c. Í staðinn fyrir »eigi minna en styrknum nemur« komi: eigi minna en helmingi þess, er styrknum nemur.
1. — 15. — Við greinina bætist nýr liður:
44. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings til að geta kynt sér á landsbókasafninu rit um söguatriði, sem hann hefir lagt stund á, kr. 200.
3. — 22. — Við greinina bætist nýr töluliður:
Hreppsnefndum má veita lán úr viðlagasjóði gegn ábyrgð sýslunefnda alt að 30,000 kr. hvort árið til að byggja barnaskóla, sem samkvæmt fræðslulögunum verður ekki komist hjá að byggja.

Ed.

497. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Frá nefndinni.

Við 13. gr. D. V. Fyrir »2500« komi: 1500.

Ed.

498. Frumvarp

til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að kaupa landssjóði til eignar hið forna

biskupssetur Skálholt í Biskupstungum, jafnskjótt sem jörð sú fæst til kaups, fyrir það verð, er þá semur um.

2. gr.

Þegar kaup þessi eru fullgerð, setur landsstjórnin reglur um afnot og ábúð jarðarinnar.

Ed.

499. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

1. Við 15. gr. 28. Á eftir þessum tölulið komi nýr töluliður:
Til leikfélags Akureyrar alt að kr. 200—200.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Akureyrar veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.

2. — 15. — 38. A eftir þessum tölulið komi nýr liður:
Til grasfræðisgarðs í Reykjavík kr. 300—300.

Ed.

500. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun vátryggingarfélags fyrir fiskiskip.

Þingskj. 489.

Nefndin, sem skipuð var í mál þetta og hafði það til meðferðar hér áður í Efri deild, hefir nú á ný athugað það, eftir að það kom frá háttv. Neðri deild.

Breytingar þær, sem frumvarpið hefir orðið fyrir í nýnefndri deild, eru að sumu leyti til bóta, og enga þeirra teljum vér svo varhugaverða, að vér leggjum til breytinga á ný. Vér ráðum því háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt í þeirri mynd, er það nú liggur fyrir.

Efri deild alþingis, 17. apríl 1909.

Sigurður Stefánsson,	Aug. Flygenring,	Gunnar Ólafsson.
formaður.	skrifari og framsögum.	

Ed.

501. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

Nefnd sú, er háttv. Ed. fal þetta mál til athugunar, getur eftir atvikum ráðið deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt með viðauka-ákvæðum um byggingu barnaskólahúsa í samræmi við breytingartillögu á þingskj. 466 frá tveim háttv. deildarmönnum, sem þeir hafa ráðgert að taka aftur.

Nefndinni er kunnugt um, að ágreiningur hefir átt sér stað milli hreppsnefndar og skólanefndar um það, hvor þessara nefnda ætti að annast byggingu barnaskólahúsa. — Nefndin lítur svo á, að eðlilegast sé að hreppsnefnd eða bæjarstjórn sjái um byggingu barnaskólahúsanna, þar sem þær eiga að leggja fram byggingarkostnaðinn og til þess, að koma í veg fyrir ágreining milli þessara stjórnarvalda og skólanefndanna, leggur nefndin það til, að þetta verði ákveðið með lögum.

Viðaukatillaga:

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. grein, svo hljóðandi:

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbygt til afnota, samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli annast um bygginguna eftir uppdrætti og lýsingu, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt, og afhenda síðan skólanefnd húsið. Nú þykir skólanefnd eitthvað áfátt við bygginguna og getur hún þá krafist þess að úr því sé bætt áður en hún tekur við húsinu.

Efri deild alþingis 17. apríl 1909.

Sigurður Hjörleifsson, formaður.	Stefán Stefánsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Ed.

502. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl. Þingskj. 177.

Frá nefndinni.

1. Fyrsta málsgrein: Strandalæknishéraði o. s. frv. orðist þannig:
   Strandalæknishéraði skal skift í þessi tvö læknishéruð.
2. Önnur málsgrein: Reykjarfjarðarhérað o. s. frv. orðist svo:
   Reykjarfjarðarhérað: Árnesshreppur og nyrðri hluti Kaldrananeshrepps að Bjarnarnesi. Læknissetur á Reykjarfirði.
3. Þriðja málsgrein: Bitruhérað o. s. frv. orðist svo:
   Hólmavíkurhérað: Syðri hluti Kaldrananeshrepps frá Bjarnarnesi, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur á Hólmavík.

4. Fjórða málsgrein: Miðfjarðarhérað o. s. frv. falli burt.
5. Við greinina bætist ný málsgrein:

Breyting þessi gengur í gildi þegar Reykjarfjarðarhérað verður veitt umsækjanda.

Ed.

503. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

Þingeyrar læknishéraði í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal skift í þessi tvö læknishéruð:

Þingeyrarhérað: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur, að undanteknum Ingjaldssandi. Læknissetur á Þingeyri.

Flateyrarhérað: Ingjaldsandur í Mýrahreppi, Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

Breyting þessi gengur þá í gildi, er Flateyrarhérað verður veitt umsækjanda.

Ed.

504. Frumvarp

til laga um meðferð skóga og kjarrs, og friðun á lyngi o. fl.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.

1. gr.

Í skógum og kjarri má ekki höggva tré eða hrís öðru vísi en svo, að höggvið sé innan úr eða skógurinn og kjarrið að eins grisjað. Ekkert svæði má berhöggva, nema landið sé tekið til ræktunar. Birkirunnum og birkirótum í skógum og kjörrum má ekki kippa upp. Ekki má heldur án samþykkis skógræktarstjóra eða skógarvarða rífa beitilyng, sortulyng, krækiberjalyng, bláberjalyng né mel. Mosa má og ekki rífa nema á skóg- og kjarrlausu mýrlendi. Ennfremur er skógræktarstjóra og skógarvörðum heimilt að banna að rífa fjalldrapa og víði á þeim svæðum, er ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri landsins eða verulegum skemdum.

2. gr.

Nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri skulu settar af stjórnarráðinu eftir tillögum skógræktarstjóra og útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur er eða kjarr.

3. gr.

Skógræktarstjórinn eða skógarverðirnir eftir fyrirlagi hans skulu ár hvert fara um þær sveitir, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir

samkv. reglum þeim, er getur um í 2. gr. skipa fyrir um hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar eða kjarrs um alla framkvæmd á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi eigi skorast undan að fylgja þeim út í skóginn eða kjarrið. Eigandi eða nothafi skal skyldur að leggja fram endurgjaldslaust vinnu til þess, að höggva á alt að 100 ferhyrningsfaðma svæði í skógnum eða kjarrinu til þess, að sýna hvernig höggva skal.

4. gr.

Eigendur og notendur skóga og kjarrs geta eigi bannað skógræktarstjóra eða skógarvörðum, né heldur hreppstjórum eða öðrum þeim, sem eftirlitið kynni að vera falið, umferð um land sitt, hvort sem það er girt eða ógirt.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt með ráði skógræktarstjóra, ef fé er veitt til þess úr landssjóði, að taka alt að 10 dagsláttna stórt skógar- eða kjarrsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar, og skal svæðið girt. Á þessum svæðum skal ekkert höggva nema eftir ráðstöfun skógræktarstjóra eða skógarvarða.

Krefjist eigandi eða nothafi endurgjalds fyrir afnotamissi landsins, má greiða honum það eftir mati óvilhallra manna.

6. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir krefjast þess, eru hreppstjórar skyldir að fylgjast með þeim á eftirlitsferðum þeirra um hreppinn til þess að kynna sér fyrirskipanir þeirra, að því er meðferð skóga og kjarrs snertir, er þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar 4 kr. um daginn, er greiðast úr landssjóði.

7. gr.

Eigendur og notendur jarða, þar sem skógur er eða kjarr, skulu kosta kapps um, að beita skóg og kjarrlendi sem minst, einkum þegar snjór liggur á jörð og að vorinu. Varast skal á öllum tímum árs að beita geitfé á skóg og kjarrlendi. Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu hafa sérstaklegar gætur á því á eftirlitsferðum sínum, hvort skógur eða kjarr er skemdur með beit, og ef einhversstaðar horfir til stórskemda eða auðnar fyrir þá sök, skal skógræktarstjóri gefa stjórnarráðinu skýrslu um það, svo farið verði fram á nauðsynlegar ráðstafanir af hálfu löggjafarvaldsins til varnar eyðileggingu.

8. gr.

Hreppstjórar skulu í hreppum sínum og skógarverðir í umdæmum sínum hafa eftirlit með því, hvort farið er eftir ákvæðum og fyrirskipunum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðarákvæðunum í 1. gr. þessara laga. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um það til skógræktarstjóra, er síðar ber málið undir stjórnarráðið, og ákveður það svo, hvað gera skuli frekar í málinu.

9. gr.

Brot á móti lögum þessum varða sektum frá 5 til 100 kr. til landssjóðs og fer um mál út af þeim brotum sem um almenn lögreglumál.

Ed.

505. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

Eftir 3. umr. í Nd.

Heimild sú sem ráðherra Íslands er veitt, í lögum nr. 50, 16. nóvbr. 1907, til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir sínar, skal einnig ná til hjáleigna prestssetra, ef þær eru sérstakt býli og hafa sérstök ummerki á engjum og túni.

Nd.

506. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu. (Þingskjal 424).

Flutningsm. Stefán Stefánsson, 2. þingm. Eyf., og Hannes Hafstein, 1. þingm. Eyf.

Frumvarpið orðist svo:

Stjórninni veitist heimild til að selja Akureyrarkaupstað þjóðjörðina Kjarna í Hrafnagilshreppi fyrir 12,000 krónur, ef Hrafnagilshreppur vill ekki sæta forkaupsrétti fyrir sama verð.

Til vara:

Í stað »8,200 kr.« í frv. komi: 12,000 kr.

Ed.

507. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jens Pálssyni.

1. Við 15. gr. 43. Fyrir 1200—1200 komi: 2000—2000.
   Athugasemdin falli burtu.
2. — 18. — Á eftir: »til síra Hjörleifs Einarssonar 500 kr.« komi: »til síra Einars Þórðarsonar 500 kr.«
3. — 22. — 10. Töluliðurinn falli burtu.
4. — 22. — Aftan við greinina bætist nýr liður svo hljóðandi:
   Úr viðlagasjóði er heimilt að lána Jóhannesi J. Reykdal verksmiðjueiganda í Hafnarfirði alt að 5000 kr. til að endurbyggja trésmíðaverksmiðju sína að gólfi og veggjum úr steinsteypu. Lánið veitist eftir á gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda; ávaxtast með $4^1/_2$% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed.

508. Frumvarp

til laga um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um friðun á silungi og um veiðiaðferðir í vötnum, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er 3 menn eða fleiri eiga rétt til silungsveiði í sama vatni, getur meiri hluti þeirra krafist, að sýslunefndin gangist fyrir samþykt, slíkri sem um er rætt í 1. gr. Atkvæðisrétt hafa allir þeir, er veiðirétt hafa með höndum á því svæði, er samþyktin verður að ná til. Þó kemur atkvæði landsdrottins, ef hann kemur til fundar, í stað leiguliða.

3. gr.

Þá er krafist er samþyktar samkv. 2. gr., skal sýslunefnd taka til meðferðar á fyrsta fundi sínum frumvarp til samþyktarinnar og gera það úr garði eins og henni virðist rétt. Síðan kveður oddviti hennar til fundar, á þeim stað er sýslunefnd til tekur og með nægum fyrirvara, alls þá, er atkvæði eiga um samþyktina. Stýrir oddviti fundinum eða sá maður annar, er hann kveður til þess.

4. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktarinnar, eins og sýslunefndin hefir samþykt það. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, fer um það sem fyr segir. Að öðrum kosti er frumvarpið fallið. Eigi má fallið samþyktarfrumvarp eða fallnar breytingartillögur bera upp á ný fyrir næsta aðalfund sýslunefndar.

5. gr.

Nú er gerð samþykt, eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþyktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og til tekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla, er silungsveiði stunda á því svæði er hún nær til.

6. gr.

Nú vilja menn breyta löggiltri samþykt um silungsfriðun eða nema úr gildi, og þarf til þess alla sömu aðferð og að koma henni í gildi.

7. gr.

Í samþyktum þessum má ákveða um friðun á riðasilungi og riðastöðvum (got-

stöðvum) um ákveðinn tíma árs eftir mismunandi staðháttum, ennfremur um friðun á ófullþroska silungi og um tilhögun netja og annara veiðivéla. Þar má og ákveða sektir fyrir brot á samþyktinni alt að 100 krónum. Í samþykt skal ákveðið um eftirlit, er nauðsynlegt þykir, til þess að ákvæða hennar sé gætt, og hversu kostnað við það skal greiða.

8. gr.

Brot gegn samþyktum þessum sæta sömu meðferð sem opinber lögreglumál.

Nd.

509. Frumvarp

til laga um námsskeið verzlunarmanna.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.

1. gr.

Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka verzlanir eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglinga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sé skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sé saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sé ákvæði þetta brotið er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis.

2. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei lengra vera, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.), en 5 ár.

4. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sé verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemanda einnig séð fyrir ókeypis kenslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms.

5. gr.

Fyrstu 3 mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sé hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rétt til þess, að heimta að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sé um það gerð í samningnum.

6. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmensku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum alt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráðvendni, má reka hann burt frá náminu.

7. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Nema brýna nauðsyn beri til, má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna.

8. gr.

A sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgðakönnun á sér stað. Nemandi skal fá 10 daga sumarfrí.

9. gr.

Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meðan annars skal hann gæta þess að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skírteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sé lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað.

10. gr.

Nú sýkist nemandi án þess honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist; og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila.

11. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er verzlunarstjórnandi deyr.
2. Þá er verzlunarstjórnandi hættir við verzlun sína eða verður gjaldþrota.
3. Þá er báðir samningsaðilar verða ásáttir um það, þó svo, að sé nemandinn yngri en 18 ára þá þarf hann einnig samþykki fjárráðamanns síns.

12. gr.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila út af námssamningi, skal það mál útkljá af gerðardómi. Gerðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gerðardómsins er bæjarfógeti. Neiti annar málsaðila að útnefna menn í gerðardóminn, skal hinum aðilanum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá sem beiðist gerðar skal snúa sér skriflega eða munnlega til oddamanns og kveður hann málsaðila, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sér ásamt gerðarmönnum sínum. Skal þá málið útkljáð að fullu og ræður afl atkvæða, þó má veita aðilum frest, alt að 8 dögum, í eitt skifti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Málsaðilar eru algerlega bundnir við úrskurð gerðardómsins. Mæti einhver gerðarmanna ekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gerðarmönnum, sem mættir eru.

Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 200 krónum, og mál út af þeim skal farið með sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því er verzlunarnemendur og verzlunarstjórnendur í kaupstöðum snertir.

Nd.

510. Frumvarp

til laga um verzlunarbækur.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

»Kaupmenn« táknar í lögum þessum þá menn, sem reka verzlun sér til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabréfi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir er reka verksmiðju-iðnað sér til atvinnu. Það á jafnt við félög sem einstaklinga, alla þá sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskifta-framleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sín.

2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti önnur en þau, er hönd selur hendi, í frumbók daglega jafnsnart sem þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra er hafa afhent og móttekið vöruna er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn) og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða inn lögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætíð látið skiftavin í té í hvert sinn og einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók (Konto-Kurant, Ledger) og Bréfabók. Í Sjóðbók skal rita allar sjóðsgreiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, er úti látnar eða innlagðar vörur nema í hvert sinn samkvæmt frumbókinni. Í Bréfabók skal vera samrit bréfa, er snerta viðskifta-atvinnuna, þeirra er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum hérlendis eða öðrum, er viðskiftaatvinnu reka.

4. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlun

arbók, eða að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því sem eitt sinn er ritað, skal leiðrétta það, annaðhvort með annari innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við er vanritast hafði, eða þá á þann hátt, að stryka út það sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það er út var strykað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spázzíu eftir því sem best hentar.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru til að halda lögskipaðar bækur skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni á ári hverju, í sama mund hver, og færa það inn í sér staka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjálfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu efnum fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhússvist alt að tveimur árum.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún varð til og skal þá það sem skráð er í lögskipaða frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð (sbr. 2.gr.) og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þviuml., og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sérstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sín innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hag nýta sér sönnunar-gildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaranum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni, sem máli skiftir), er staðfest sé af notarius publicus. Sé endurrit

notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sé, að því er af útliti verður séð, löglega rituð og skipulega.

10. gr.

Tilskipun frá 13. júni 1787 II. kapituli 17. og 18. gr. um viðskiftabækur er úr gildi feld.

Ed.

511. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Frá Ara Jónssyni.

1. Við 13. gr. B. IV. Í stað: »Til fjallvega . . . 5000—5000« komi: »Til fjallvega . . . 5300—5000«.
2. — 13. — B. XI. Á eftir þeim lið komi nýr liður er verði XII. liður:
Til viðgerðar og framhalds á póstveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn 2000 kr. fyrra árið.
Athugasemdin aftan við XI. lið færist aftur fyrir XII. lið og sú breyting verður á orðunum, að í staðinn fyrir »og XI.« komi »XI. og XII.«
Töluliðirnir á eftir breytast eftir þessu.
3. — 13. — B. XIII. Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir, er verða XIV. og XV. liður:
XIV. Til brúar á Víðidalsá í Strandasýslu 3000 kr.
XV. Til brúar á Prestsbakkaá í Hrútafirði 2000 kr.

Nd.

512. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um bygging, ábúða og úttekt jarða frá 12. janúar 1884.

Frá landbúnaðarnefndinni.

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðarbætur, sem ekki eru áskildar í byggingarbréfi og tilkynnir hann það landsdrotni, og leitar samkomulags við hann um, hvernig kostnaðinn við verkið skuli greiða. Vilji landsdrottinn ekki kosta jarðarbótina, gjörir leiguliði hana á sinn kostnað. Heimilt er þó landsdrotni að líta eftir því, að jarðarbótin sé vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni, skal meta jarðarbótina til dagsverka samkvæmt gildandi reglum um það efni. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. fyrir hvert dagsverk þeirra jarðarbóta, er styrkhæfar þykja. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðarbótunum, skal dreginn frá til hækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 10 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því jarðarbótin var unnin.

2. gr.

Ef leiguliði vill breyta bæjarhúsum þeim, er fylgja ábýlisjörðu hans, eða umbæta þau að miklu mun, eð byggja ný jarðarhús, enda sé húsin og umbót þeirra nauðsyn vegna ábúðar á jörðunni og við hæfi hennar eftir staðháttum, á hann rétt á því, að landsdrottin leggi fram þrjá fjórðu hluta húsakostnaðarins. Eigi verður með byggingarkostnaði talið efni það er jörðin sjálf leggur til né flutningur á því.

Meta skulu úttektarmenn hin gömlu jarðarhús, er niður leggjast eða breytast til verðs og álags áður en breytingin byrjar; kemur verð þeirra og álag upp í tillag landsdrottins til hinna nýju húsa.

Af tillagi því, er landsdrottinn leggur fram umfram verð hinna niðurlögðu jarðarhúsa, skal leiguliði gjalda 4 af hundraði í ársleigu, auk leigumála þess, er fyr var samningur um, og fer um það gjald að öllu sem önnur jarðargjöld.

3. gr.

Mú leggur landsdrottinn fram húsabótakostnað, samkvæmt 2. gr., og ræður hann þá skipun húsanna og gerð, þó svo, að húsin fullnægi þörfum jarðarinnar. Hann á og rétt á að láta framkvæma húsabæturnar eða byggingarnar að sama skapi og hann leggur fram kostnað.

Komi leiguliða og landsdrotni eigi saman um það, hvað sé nauðsynleg jarðarhús eftir hæfi jarðar og staðháttum, eða hvort hús fullnægi þörfum jarðar, skal kveðja úttektarmenn til gerðar um það mál. Greiðir leiguliði úttektarkostnað. Vilji málsaðilar eigi hlíta gjörð úttektarmanna getur hvor þeirra um sig skotið henni til yfirúttektar, samkv. 34. gr. laga um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884. Um kostnað við yfirúttekt þá fer eftir sömu grein.

Að lokinni húsabyggingu samkvæmt framansögðu, skal gera úttekt á hinum nýju húsum, og fylgja þau jörðinni upp frá því samkvæmt þeirri úttektargjörð.

Ef leiguliði vill byggja heyhlöðu og gera að jarðhúsi, enda sé þörf á hlöðunni fyrir hey, er á leigujörð hans fellur, fer um það að öllu leyti svo sem að framan er fyrir mælt um bæjarhús.

4. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er frá því lög þessi koma í gildi heimilt að leysa til sín kúgildin gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafngóða:

a. Í húsum, er leiguliði á og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni, þó ekki meir en að þrem fjórðu verðs af aðkeyptu efni.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð og eru full eign leiguliða eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans samkv. 1. gr. hér að framan.

Tveir dómkvaddir menn og óvilhallir meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin.

Kúgildaleigan telst upp frá því með lundskuld jarðarinnar.

5. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti og er honum það heimilt, hvenær er hann vill. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldarhækkun meta tveir dómkvaddir menn og óvilhallir, nema hlutaðeigendur komi sér saman.

Þau ákvæði í 6. gr. í lögum 12. jan. 1894, um bygging, ábúð og úttekt jarða, er koma í bága við lög þessi eru, úr gildi numin.

Ed.

513. Atkvæðaskrá

við 2. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frumvarp 428.
Nefndarálit 450.
Breytingartillögur fjárlaganefndar 476, 497, 514 Þar sem einskis þingskjals er getið, er átt við breytingartillögur frá nefndinni á þingskjali 476. N merkir breytingartillögur nefndar á 497, 514.
Breytingartillögur annara 493, 494, 495, 496, 497, 499, 507, 511, 516.

1.—6. gr. óbreytt.

7. gr.

Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu.

8. gr.

1. Við 8. gr. Í stað kr. 53,000,00 og kr. 51,666,67 komi: kr. 53,333,33 og kr. 52,000,00 og í stað 104,666,67 komi: 105,333,33.

9.—11. gr. óbreytt.

12. gr.

1. Við 12. gr. 9. a. Aftan við liðinn komi: Þar af til sjúkrahússins á Patreksfirði kr. 300 hvort árið.
2. Við 12. gr. Á eftir staflið »f« komi nýr stafliður »g« svo hljóðandi: Til kaupa á sótthreinsunarofni í sóttvarnarhúsið á Akureyri 600 kr. f. á. Stafliðirnir breytast eftir því.
3. Við 12. gr. 9. j. Staffiðurinn falli burt.

13. gr.

1. Við 13. gr. A. 1. b. 2. Fyrir »18,300« komi: 19,000.
2. — 13. — B. II. 1. Liðurinn falli burt.
3. — 13. — — — 2. Fyrir »11,000« komi: 4500.
4. — 13. — — — 3. Liðurinn falli burtu.
5. — 13. — — — 4. Fyrir »15,000« komi: 10,000.
6. — 13. — — — 5. Liðurinn falli burtu.
7. — 13. — — — 7. Liðurinn falli burtu.
8. — 13. — — III. 4. Fyrir »Skaftártungu« komi: Skaftárhrauns og fyrir »5000—5000« komi: 6000—6000.
9. — 13. — — — 5. b. Liðurinn falli burtu.
10. Breytingartillaga 511:
Við 13. gr. B. IV. Í stað: »Til fjallvega . . . 5000—5000« kom: Til fjallvega . . . 5300—5000.
11. Breytingartillaga 511:
Við 13. gr. B. XI. Á eftir þeim lið komi nýr liður, er verði XII. liður:
Til viðgerðar og framhalds á póstveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn 2000 kr. fyrra árið.

Athugasemdin aftan við XI. lið færist aftur fyrir XII. lið og sú breyting verður á orðunum, að í staðinn fyrir »og XI.« komi: XI. og XII.

Töluliðirnir á eftir breytast eftir þessu.

12. Við 13. gr. B. XII. Liðurinn falli burtu.

13. Br.till. 511:
Við 13. gr. B. XIII. Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir, er verða XIV. og XV. liður:
XIV. Til brúar á Víðidalsá í Strandasýslu 3000 kr.
XV. Til brúar á Prestbakkaá í Hrútafirði 2000 kr.

14. Br.till. 493:
Við 13. gr. D. Á eftir »I. Ritsímafélagið mikla — — — 35,000—35,000« komi nýr liður:

II. 1. Til símalagninga frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja fyrra árið	kr.	42.200
Hér af væntist frá Vestmannaeyjasýslu	—	8.000
		34,200

15. Við 13. gr. D. II. 1. Liðurinn falli burtu.

16. — 13. — — — 2. Liðurinn falli burtu.

17. — 13. — — — 4. Liðurinn falli burtu.

18. — 13. — — — 5. Á eftir »Seyðisfirði« komi: og Ísafirði, »og« á undan Seyðisfirði falli burtu.

19. Br.till. N. 497:
Við 13. gr. D. V. fyrir »2500« komi: 1500.

20. — 13. — E. I. Undir þessum lið komi innan striks í stað »1500—1500«.

a. Laun	kr.	500—500
b. Til eftirlits	—	500—000
		1000—1000

21. — 13. — E. VII. Fyrir »Langanesvita« komi: Langanesi.

14. gr.

1. Br.till. 494:
Við 14. gr. A. b. 5. Eftir tölulið 5 komi nýr töluliður:
6. Til greiðslu álags á Viðvíkurkirkju 400 kr. fyrra árið.

2. — 14. — B. II. b. 2. Síðari málsgrein athugasemdarinnar orðist svo: Húsaleigustyrkur og námsstyrkur veitist eftir sömu reglum og við prestaskólann.

3. — 14. — B. III. b. Fyrir »800—800« komi: 1600—1600.

4. — 14. — B. III. c. 1. Fyrir »640—640« komi: 960—960.

5. — 14. — B. III. c. 2. Fyrir »1000—1000« komi: 1200—1200.
Sama athugasemd og við læknaskólann.

6. Br.till. N. 514.:
Við 14. gr. B. 4. b. Í stað: »fyrir dyravörzlu . . . hjúahalds« komi:
Til dyravarðar 1000.
Fyrir yfirumsjón með húsum og áhöldum skólans — 200.

7. — 14. — B. VIII. a. 1. Fyrir »3000—3000« komi: 4500—4500. Aftan við liðinn komi svolátandi athugasemd: Að því tilskildu að Reykjavíkurbær veiti skólanum að minsta kosti 500 kr. hvort árið.
8. — 14. — B. VIII. a. 2. Fyrir »48« komi: 40.
9. — 14. — B. VIII. a. 6. Fyrir »40« komi: 50.
10. — 14. — B. VIII. b. 1. Fyrir »21,000—21,000« komi: 24,000—24.000.
11. — 14. — B. VIII. b. 1. Fyrir »5000« komi: 7000.
12. — 14. — B. VIII. b. 5. b. Á eftir þessum staflið komi nýr stafliður »c« svohljóðandi: Til aðstoðar um samning skýrslna og skrifstofukostnaðar eftir reikningi 300 kr. hvort árið.
13. Við 14. gr. B. VIII. b. 5. c. Á eftir staflið »c.« komi nýr stafliður »d.« svohljóðandi: Til unglingaskóla í sambandi við barnaskólann á Ísafirði 2500—2500.
14. — 14. — B. VIII. b. 5. k. Fyrir »900—900« komi: 600—600.
15. — 14. — B. VIII. b. 5. k. Á eftir þessum staflið komi nýr stafliður »l.« svohljóðandi: Til Erlendar Páls Jónssonar 300 kr. fyrra árið. Stafliðanöfnin breytast eftir þessu.
16. — 14. — B. VIII. b. 5. m. Liðurinn falli burtu.
17. Br.till. 496.:
Við 14. gr. B. VIII. c. Í staðinn fyrir »eigi minna en styrknum nemur« komi: eigi minna en helmingi þess, er styrknum nemur.
18. — 14. — B. IX. a. Á eftir »latínuskólans« komi: og stýrimannaskólans.

15. gr.

1. Við 15. gr. 4. Athugasemdin orðist þannig: Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðuum tíma að minsta kosti einu sinni í viku.
2. — 15. — 6. Á eftir þessum lið komi tveir nýir liðir (7. og 8.) svohljóðandi:
Til bókasafnsins á Ísafirði til bókakaupa 2000 kr. fyrra árið.
Til bókasafnsins á Akureyri til bókakaupa 1000 kr. fyrra árið.
Töluliðirnir breytast eftir því.
3. — 15. — 7. Orðin: »alt að 150 kr. til hvers« falli burtu.
4. — 15. — 12. Liðurinn falli burtu.
5. Br.till. 516.:
Við 15. gr. 12. Orðin »er þingið kýs . . . sjá um« falli burtu.
6. — 15. — 16. Fyrir »1500—1500« komi: 1200—1200.
7. — 15. — 17. Fyrir «1500—1500« komi: 1000—1000.
8. — 15. — 19. Fyrir »800—800« komi: 600—600.
9. — 15. — 20. Fyrir »600—600« komi: 300—300.
10. — 15. — 26. Fyrir orðin: »Bæði þessi tvo« komi: Þessi þrjú.
11. Br.till. 499.:
Við 15. gr. 28. Á eftir þessum tölulið komi nýr töluliður:
Til leikfélags Akureyrar alt að kr. 200—200.
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Akureyrar veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.
12. — 15. — 30. Fyrir »1500—1500« komi: 960—960.

13. — 15. — 37. Liðurinn falli burtu.
14. Br.till. 499.:
Við 15. gr. 38. Á eftir þessum tölulið komi nýr liður:
Til grasfræðisgarðs í Reykjavík kr. 300—300.
15. — 15. — 39. Liðurinn falli burtu.
16. — 15. — 42. Liðurinn falli burtu.
17. Br.till. 507.:
Við 15. gr. 43. Fyrir 1200—1200 komi: 2000—2000.
Athugasemdin falli burtu.
18. — 15. — 43. Athugasemdin falli burtu.
19. Br.till. 496.:
Við 15. gr. Við greinina bætist nýr liður:
44. Til Sighvatar Gr. Borgfirðings til að geta kynt sér á Landsbókasafninu rit um sögnatriði, sem hann hefir lagt stund á, kr. 200.

16. gr.

1. Við 16. gr. 1. c. 5. Aftan við liðinn komi nýr liður 6. svo hljóðandi:
Til byggingar skólahúss 18,500 fyrra árið.
2. — 16. — 2. a. Fyrir »3000—3000« komi: 2700—2700.
3. — 16. — 2. a. Athugasemdin falli burtu.
4. — 16. — 4. a. Fyrir »10,000—10,000« komi: 20,000 fyrra árið.
5. — 16. — 4. b. Fyrir »3000—3000« komi: 1500—1500.
6. — 16. — 5. Liðurinn falli burtu.
7. — 16. — 6. Fyrir »1000—1000« komi: 500—500.
8. — 16. — 11. Fyrir »2000—2000« komi: 1500—1500.
9. Br.till. 493:
Við 16. gr. 14. Á eftir lið 14. komi nýr liður, er verður 15. liður:
Til aðstoðarverkfræðings til rannsókna og mælinga viðvíkjandi járnbrautarlagning austur, fyrra árið kr. 2.700.
10. — 16. — 25. Á eftir þessum lið komi nýr liður svo hljóðandi: Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði 1200—1200—2400. Liðatalan breytist eftir því.
11. — 16. — 27. c. Liðurinn orðist: Til ljósa, eldsneytis og ræstingar 500—500.
12. — 16. — 28. Liðurinn falli burtu.
13. — 16. — 30. Aftan við liðinn komi svolátandi athugasemd: Með því skilyrði, að Reykjavíkurbær leggi að minsta kosti jafnmikla upphæð til sýningarinnar.
14. — 16. — 32. Fyrir »400—400« komi: 200—200.

15. Br.till. 495:
Við 16. gr. 32. Eftir tölulið 32. komi nýr töluliður:
33. Styrkur til Hólasóknar-manna til að standast kostnað við kirkjugarðsbyggingu úr steinsteypu um Hólakirkju 500 kr. fyrra árið.

17. gr. óbreytt.

18. gr.

1. Br.till. 507:
   Við 18. gr. Á eftir: »til sira Hjörleifs Einarssonar 500 kr.« komi: til sira Einars Þórðarssonar 500 kr.
2. — 18. — Síðasta málsgrein falli burtu.

19. gr. óbreytt.

20. gr.
Með breytingum samkvæmt atkvæðagreiðslu.

21. gr. óbreytt.

22. gr.

1. Við 22. gr. 1. Fyrir »3%« komi: 4% og fyrir »5« komi: 3.
2. — 22. — 2. Síðasta málsgrein orðist svo: Lánið ávaxtist með 4½% og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. — 22. — 3. Fyrir orðið »afborgun« komi: jöfnum afborgunum.
4. — 22. — 3. Aftan við liðinn bætist: Sýslufélögin taki tryggingu fyrir ábyrgðinni í fasteignum og öðrum eignum félagsins«.
5. — 22. — 5. Fyrir »50,000« komi: 60,000.
6. — 22. — 6. Orðin »afborgunarlaust 5 árin næstu« falli burtu.
7. — 22. — 8. Fyrir orðið: »6% í vöxtu« til enda greinarinnar komi: 4½% í vöxtu og jöfnum afborgunum á 25 árum.
8. Br.till. 507:
   Við 22. gr. 10. Töluliðurinn falli burtu.
9. — 22. — 10. Fyrir »1200« komi: 4000. Síðasta setning fyrri málsgreinarinnar orðist þannig: Lánið ávaxtast með 4½% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 25 árum, »11« falli burtu.
10. — 22. — 10 Á eftir 10. lið komi nýr liður 11. svo hljóðandi: Hafnarfjarðarkaupstað má lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til vatnsveitu í kaupstaðnum, er ávaxtist með 4½% og endurborgist með jöfnum afborgunum á 30 árum.
11. — 22. — 13. Fyrir »3½%« komi: 4%.
12. Br.till. 496:
    Við 22. gr. Við greinina bætist nýr töluliður:
    Hreppsnefndum má veita lán úr viðlagasjóði gegn ábyrgð sýslunefnda alt að 30,000 kr. hvort árið til að byggja barnaskóla, sem samkvæmt fræðslulögunum verður ekki komist hjá að byggja.
13. Br.till. 507:
    Við 22 gr. Aftan við greinina bætist nýr liður svo hljóðandi:
    Úr viðlagasjóði er heimilt að lána Jóhannesi J. Reykdal verksmiðjueiganda í Hafnarfirði alt að 5000 kr. til að endurbyggja trésmíðaverksmiðju sína að gólfi og veggjum úr steinsteypu. Lánið veitist eftir á gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda; ávaxtast með 4½% og endurborgast með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed.

514. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá nefndinni.

Við 14. gr. B. IV b. Í stað: »fyrir dyravörzlu í — — hjúahalds« komi: til dyravarðar 1000.

Fyrir yfirumsjón með húsum og áhöldum skólans — — 200.

Ed.

515. Nefndaralit

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, sem er alveg samhljóða frumvarpi stjórnarinnar og leggur til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi 18. apríl 1909.

Eiríkur Briem, formaður.	Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum.
Steingrímur Jónsson.	Gunnar Ólafsson. Sigurður Hjörleifsson.

Ed.

516. Breytingartillaga

Við frv. til fjárlaga 1910—1911.

Frá Kristni Daníelssyni.

Við 15. gr. 12. lið. Orðin »er þingið kýs . . . . sjá um« falli burt.

Nd.

517. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá meiri hluta Peningamálanefndarinnar.

Framsögum.: Magnús Blöndahl.

1. gr.

Í stjórn landsbankans eru 2 bankastjórar, er ráðherra skipar, og einn ráðunautur, sem skal vera lögfræðingur, kosinn af sameinuðu alþingi til 4 ára í senn.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, öðrum eða báðum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal hann þeim grein fyrir skriflega, hvað veldur.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans, og stýra þeim með aðstoð ráðunauts. Nákvæmari fyrirmæli um sambandið milli bankastjóra sín í milli og bankastjóra og ráðunauts, verða ákveðin í reglugjörð, er ráðherra setur.

4. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. — Annar bankastjóri og ráðunautur skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann *ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.* — Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar að féhirðir hafi sjálfur ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema annar bankastjóri og ráðunautur hafi samþykt greiðsluna.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun kr.: 4000,00 hvor og ráðunautur kr.: 1500,00. Bókari hefir að launum kr: 3000,00 og féhirðir kr.: 2400 auk $^{2}/_{5}{}^{0}/_{00}$ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í féhirslu bankans eða úr, alt að kr.: 2600,00. Féhirði þer að setja hæfilegt veð, er ráðherra tiltekur. — Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi né aðra atvinnu. — Auk framangreindra launa fá bankastjórar og ráðunautur í gróðrahlutdeild 10% af því, er afgangs verður að greiddum 1% af seðlaskuld bankans í landssjóð, 1% í húsnæðissjóð og 2% í varasjóð. — Með ráði bankastjórnar getur ráðherra veitt bankastjórum í eftirlaun alt að helmingi fastra launa.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. — Ráðherra getur og hvenær sem er látið rannsaka allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar né sýslunarmenn bankans vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1910 og er úr gildi numinn IV. kafli í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka svo og lög nr. 24., 2. okt. 1891, breyting á lögum um stofnun landsbanka og lög nr. 37, 23. okt. 1903 um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24, frá 2. okt. 1891.

Nd.

518. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.
(Eins og það var samþ. við 3. umræðu í Ed.).
Flutningsm. Bjarni Jónsson frá Vogi og Björn Jónsson.

Við 6. gr. eftir 24. lið bætist inn:
Til að mæla innsigling á Gilsfjörð 10,000 kr.

Nd.

519. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.
(Eins og það var samþ. við 3. umræðu í Ed.).
Flutningsm. Björn Kristjánsson, Benedikt Sveinsson, Björn Þorláksson.

Við 6. gr. eftir 21. b. bætist inn:
Til viðskiftaráðunauta erlendis 10,000 kr.

Nd.

520. Nefndarálit

um frumvarp til laga um gagnfræðaskólann á Akureyri.

Kenslumálanefndin hefir yfirfarið frumv. þetta og komist að þeirri niðurstöðu, að ráða deildinni til að samþykkja frv. eins og það kemur frá efri deild.

Alþingi 19. apríl 1909.

Bjarni Jónsson frá Vogi — Jón Magnússon skrifari.
framsögumaður.

Hálfdan Guðjónsson. Jón Jónsson þm. N. M. Eggert Pálsson
Stefán Stefánsson Eyf. Björn Þorláksson.

Nd.

521. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Islands banka og til að gefa út landssjóðs-skuldabréf.
Frá peningamálanefndinni.
Framsögumaður: Magnús Blöndahl.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að kaupa hlutabréf í Íslands banka, alt að 2 milljónum króna og borga hlutabréfin með alt að 101 hundraðið. Hlutabréfunum fylgja arðmiðar frá 1. júlí 1909, og séu kaupin gerð frá þeim tíma.

2. gr.

Til greiðslu á hlutabréfum þessum skal landssjóði heimilt að gefa út jafnháa upphæð í landssjóðs-skuldabréfum. Skulu greiðast $4^1/_2$ % ársvextir af skuldabréfum þessum og greiðast þeir 2. janúar og 1. júlí ár hvert. Skuldabréf þessi kaupir Íslands banki fyrir að minsta kosti 98 hundraðið. Mismun á verði hlutabréfa bankans og skuldabréfa landssjóðs skal greiða í peningum.

3. gr.

Upphæð skuldabréfanna skal vera 500,1000 og 2000 krónur.

4. gr.

Landssjóður skal innleysa landssjóðs-skuldabréf þessi eftir hlutkesti, er fari fram í fyrsta sinn í desember 1910, og sé fyrsti innlausnargjalddagi 1. júlí 1911. Skal innleysa $^1/_{50}$ hluta skuldabréfanna á ári með 40,000 krónum, þannig, að landssjóður hafi leyst þau öll til sín á 50 ára fresti.

Landssjóði er þó heimilt að leysa bréfin til sín aftur að fullu eftir 1. júlí 1919

5. gr.

Þær 2 milljónir, sem landssjóður kaupir í hlutabréfum Íslands banka, skal landssjóður skyldur að geyma sem tryggingu fyrir skuldabréfum þeim, er hann hefir keypt hlutaféð fyrir og sem eru í umferð.

6. gr.

Landritari og dómendur í yfirréttinum skulu fyrir landssjóðs hönd fara með atkvæði landssjóðs sem hlutabréfseiganda á aðalfundum Íslands banka. Skulu þeir hver um sig hafa atkvæði fyrir $^1/_2$ milljón hlutafjár. Fyrir starfa þennan fá þeir 250 króna þóknun á ári hverju.

Nd. **522. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909. (Þingskjal 478).

Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson og Jóh. Jóhannesson.

Við 3. gr. c. 2. e. Athugasemdin orðist þannig:

Að því tilskildu að báturinn fari sunnanlands eina ferð alla leið til Reykjavíkur og aðra til Vestmanneyja og komi við í Vík í báðum ferðum fram og aftur.

Nd. **523. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903 (eftir 3. umr. í Ed.).

Helstu efnisbreytingar í frumvarpinu er háttvirt efri deild hefir samþykt, eru þessar:

1. Að aukakjörskrá skuli samin í maímánuði og á hana settir þeir kjósendur, er fallið hafa burt af aðalkjörskrá, þótt ekki hafi kært (í 1. gr.).
2. Að frestir allir við kærur og aðfinningar við aukakjörskrá séu þriðjungi styttri en við aðalkjörskrá (2. gr.).
3. Að ef frambjóðandi deyr skömmu áður en kosning fer fram, megi annar maður bjóða sig fram, þótt liðinn sé framboðsfrestur (4. gr.).
4. Að ef kosning ferst fyrir á ákveðnum degi, skuli hvatt til kjörfundar að nýju eftir nánari fyrirmælum laganna (8. gr.).

Allar þessar breytingar telur nefndin til bóta, og ræður háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 19. apríl 1909.

Jóh. Jóhannesson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Eggert Pálsson.

Þorleifur Jónsson. Jón Þorkelsson.

Ed. **524. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess, að selja Akureyrarkaupstað þjóðjörðina Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu fyrir 12,000 krónur.

Nd. **525. Breytingartillaga**

við frv. til laga um undanþágu frá lögum 8. júlí 1902 (þingskj. 462).

Frá fiskiveiðanefndinni.

Frumvarpsgreinin orðist svo:

Heimilt er landsstjórninni, þá er sérstakar ástæður mæla með að veita skipum, er skrásett eru sem eign hér á landi, undanþágu um eitt ár í senn — frá annari málsgrein í lögum nr. 18. frá 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Skyld skulu skip þessi að sýna sérstakt og glögt merki samkvæmt nánari fyrirmælum landsstjórnarinnar.

Nd. **526. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908—1909 (þingskj 478).

Frá Eggert Pálssyni og Einari Jónssyni.

Á eftir orðunum (í 3. gr.) »beggjamegin Sogsbrúar . . . . kr. 10,000,00« komi:

Til brúargjörðar á Ytri-Rangá	kr. 47,000.00	
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héraði alt að .	— 5,000,00	
		— 42,000,00

Nd.

527. Frumvarp

til laga um stofnun hæstaréttar á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal hæstarétt á Íslandi, og skal hann hafa aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Hæstarétt skipa dómstjóri og 4 dómendur. Dómstjóri hefir að árslaunum 5500 kr. Hinir dómendurnir hafa að byrjunarlaunum 3600 kr. á ári hver, og fara laun þeirra hækkandi á hverjum 4 árum um 400 krónur þar til þau eru orðin 4800 kr.

3. gr.

Konungur skipar hæstaréttardómara. Enginn getur orðið skipaður dómari í hæstarétti, nema hann fullnægi almennum skilyrðum til þess að gegna dómarastörfum hér á landi, og þar að auki verður hann að hafa tekið lagapróf með fyrstu einkunn við lagaskóla á Íslandi eða Kaupmannahafnarháskóla, vera fullra 30 ára að aldri, og hafa staðist próf, sem í því er fólgið, að hann leggur dóm á 2 mál fyrir hæstarétti, annað einkamál og hitt sakamál, enda telji dómarar í hæstarétti hann hæfan.

4. gr.

Hæstarétt skal halda einu sinni á viku, ef mál eru til. Dómurinn sjálfur ákveður nánar.

5. gr.

Dómstjóri stýrir dómi, en í forföllum hans 1. meðdómandi. Hann skal auglýsa á líkan hátt og tíðkast hefir um landsyfirdóminn fyrirtökudag mála. Sendir hann stjórnarráðinu ársskýrslu um það, hversu mörg mál hafi dæmd verið í hæstarétti.

6. gr.

Sá, er síðast hefir verið skipaður í dóm, skal jafnframt vera dómsmálaritari, fyrsta sinn sá dómari, sem yngstur er að embættisaldri. Dómsmálaritari heldur þingbókina, annast um að dómar og dómsatkvæði séu rituð í þar til gerðar bækur, undirritar stefnur, lætur í té afrit, tekur við lögmæltum réttargjöldum og sér um skjalasafn og bækur réttarins.

7. gr.

Eigi má setja rétt með færri en 3 dómendum. Sé dómandi óhæfur eða forfallaður, þá setur stjórnarráðið lögfræðing í stað hans. Eigi verður dómur lög mætur nema allir dómarar réttarins leggi dómsatkvæði á málið. Um setta dómara fer sem áður er sagt, ef eigi geta allir hinir reglulegu dómarar lagt dóm á málið.

8. gr.

Enginn hæstaréttardómari má dæma í sjálfs sín sök né heldur, ef málið

snertir hann annars beinlínis, siðferðislega eða fjárhagslega. Eigi má dómari heldur dæma mál, er hann er skyldur eða mægður málsaðilja í beina línu upp og niðurstígandi eða skyldur eða mægður málsaðilja í annan lið hliðarlínu, eða ef hann er svo nákominn dómara, er dæmdi málið í óæðra rétti eða þeim manni, er flutti málið í óæðra rétti eða flytur það í hæstarétti, eða ef hæstaréttardómari hefir sjálfur flutt eða dæmt málið í óæðra rétti. Svo má og hæstaréttardómari eigi dæma í máli konu sinnar, unnustu, kjörbarns, fósturbarns eða kjör- eða fósturforeldris. Aldrei mega nánari menn skipa dóminn saman en tvímenningar að frændsemi eða tengdum, né heldur kjör- eða fósturfeðgar.

Dómurinn sker úr því í heild sinni, hvort dómari skuli víkja úr dómi.

Jafnskylt er dómara að víkja úr dómi, ef hann má ekki sitja réttinn vegna mægða eða frændsemis við málsaðilja eða dómara og annara orsaka vegna, er settar eru í lögum þessum jafnhliða frændsemi og mægðum, eða ef hann hefir sjálfur flutt eða dæmt málið í óæðra rétti, svo og ef hann er aðili máls, þótt aðili krefjist þess eigi.

9. gr.

Hæstiréttur er bær að dæma öll þau mál, er að lögum heyra undir úrskurð dómsvaldsins, nema þau beri undir landsdóm. Þó leggur synodalréttur fullnaðardóm á þau mlá, er hingað til hafa undir hann heyrt, svo og mál gegn biskupi landsins, er snerta embætti og liferni hans.

10. gr.

Eigi verður mál dæmt í hæstarétti, nema upphæð sú nemi að minsta kosti 100 krónum, er það er risið af.

Ef málið snertir beinlínis mannréttindi, stöðu manna eða mannorð, eða er höfðað til refsingar af hálfu einstakra manna eða valdsstjórnarinnar, verður engrar áfrýjunarupphæðar krafist.

Þegar sakamál er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar, ber að skjóta því til hæstaréttar eftir beiðni ákærða, ef refsing sú, er hann var dæmdur til, nemur 100 kr. sekt eða 1 mánaðar einföldu fangelsi. Heimilt er og valdstjórninni að skjóta slíkum málum til hæstaréttar samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í næsta lið þessarar greinar hér á undan. Sama er og um ákærða, ef sá, sem sakfeldur er, æskir þess. Skylt er að skjóta til hæstaréttar sakamálum, þótt ákærði beiðist þess eigi, ef hann hefir verið dæmdur til tiptunarhússvinnu eða lífláts.

Dauðadómi má eigi fullnægja, nema konungur hafi svo fyrir mælt, að fengnum tillögum hæstaréttar.

Undanþágu getur hæstiréttur veitt frá 1. lið þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru til þess.

11. gr.

Áfrýjunarfrestur til hæstaréttar er 6 mánuðir. Þegar um úrskurði er að ræða, sem áfrýja má sérstökum, telst fresturinn frá uppsagnardegi úrskurðar, en annars frá lokum réttargjörðarinnar og frá birtingardegi, þegar um undirréttardóma er að ræða.

Í sakamálum, er höfðuð eru af hálfu valdstjórnarinnar, er enginn áfrýjunarfrestur settur.

Ákvæði skiftalaga 12. apríl 1878, 96. gr., landamerkjalaga 17. marz 1882, 12. gr. og laga 16. des. 1885, 11. gr. eru framvegis gildandi, svo og tilsk. 21. des. 1831, IV. kafla.

Áfrýja má máli til staðfestingar þótt frestur sé liðinn.

12. gr.

Nú er máli vísað frá hæstarétti og er áfrýjunarfrestur þá liðinn, þá er áfrýjanda heimilt að skjóta málinu enn á ný til hæstaréttar, enda hafi stefna á ný verið út gefin 3 mánuðum eftir uppsögu frávísunardóms.

13. gr.

Stjórnarráðið má veita áfrýjunarleyfi, þó að áfrýjunarfrestur sé liðinn.

Nú er slíkt leyfi veitt, þá skal hæstaréttarstefna fengin, áður liðinn sé mánuður frá dagsetningu leyfisbréfs, ella er leyfið ónýtt.

Ef slíku máli er frá vísað, þarf eigi nýtt leyfi, ef hæstaréttarstefna er fengin af nýju innan mánaðar frá uppsögudegi frávísunardóms að telja.

14. gr.

Stefnufrestur til hæstaréttar er sem nú skal greint: Ef stefndi býr í Reykjavík, er fresturinn vika, ef hann býr í Gullbringu-, Kjósar-, Árnes-, Rangárvalla-, Mýra- eða Borgarfjarðarsýslum, er frestur 4 vikur. Ef hann býr annarsstaðar, en þó innanlands, fær hann 6 vikna frest. Ef hann býr utanlands og í Norðurálfunni, þá fær hann 6 mánaða frest, en ella 9 mánaða frest.

Stefnubirting fer eftir sömu reglum sem gilda um birtingu stefnu til undirréttar.

Gagnáfrýjunar-, framhalds- og meðalgöngustefnur má birta fyrir umboðsmanni aðal-áfrýjanda og með sama fyrirvara, sem hann ætti að fá, ef sjálfur væri hann aðili málsins.

15. gr.

Til staðfestu hæstatéttarstefnum skal vera undir þeim nafn dómsmálaritara og innsigli dómsins.

16. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er skotið til hæstaréttar, nema áfrýjandi ætli að koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir málsmeðferð hans. Reglur laga 2. okt. 1895, 1. gr. eru framvegis gildandi.

17. gr.

Málflutningur fyrir hæstarétti skal vera skriflegur. Reglur tilsk. 3. jan. 1796 um dómgæzlu gilda og fyrir hæstarétti. Um meðferð sakamála fyrir hæstarétti gilda og þær reglur, er farið hefir verið eftir fyrir landsyfirdómi, að því leyti sem þær koma eigi í bága við lög þessi.

18. gr.

Eftir að mál hefir verið tekið til dóms, mega dómarar eigi halda því lengur en 6 vikur, áður en dómur sé upp kveðinn, nema sérstakar ástæður séu til þess. Skal hver dómari rita á málsskjölin, hve nær hann hefir tekið við þeim og hve nær hann hafi skilað þeim. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum frá 50—200 kr., er renni í landssjóð.

19. gr.

Dómsatkvæði skulu skrifleg vera. Afl atkvæða ræður úrslitum. Skylt er hverjum þeim dómara, er í minni hluta verður, að taka þátt í dómsatkvæði. Dómstjóri ritar nafn sitt undir dóm hvern og dómsgerðir. Setja skal og innsigli hæstaréttar undir dómsgerðir

20. gr.

Þegar hæstirèttur dæmir mann til fjárgreiðslu í einkamáli, má aðför gera þegar eftir dóminum. Ella skal aðfararfrestur settur eftir því, er hlýða þykir. Aðför má því að eins gjöra eftir hæstaréttardómi, að endurrit af dóminum sé lagt fram í fógetaréttinum, og sé það staðfest af dómsmálaritara, og innsigli dómsins undir því.

21. gr.

Reglur þær, er samkvæmt lögum gilda um málflutningsmenn við landsyfirdóminn, skulu, þangað til önnur skipun verður á gerð með lögum, gilda um hæstaréttarmálflutningsmenn. Hver sá, er málflutningsleyfi fær við hæstarétt, skal þó greiða 50 kr. í landssjóð.

22. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal hinn konunglegi íslenzki landsyfirréttur lagður niður. Skylt er þeim dómurum, er þá skipa yfirdóm, að taka sæti í hæstarétti, þó svo að þeir missi einskis í af launum sínum og að þau hækki samkvæmt lögum þessum, miðað við embættisaldur þeirra í landsyfirrètti. Þeir skulu og taka embætti í sömu röð í hæstarétti sem þeir höfðu áður í landsyfirréttinum, og taka skal þá dómstjóri landsyfirréttar dómstjórn í hæstarétti.

23. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi eru jafnframt úr gildi numin þessi lagaákvæði: N. L. 1—2—3 um að stefna dómara, er máli er áfrýjað, 1—5—8, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 23. gr., 1—6—12, 14, 16 og 17, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., opið brèf 19. des. 1749, tilsk. 11. júli 1800, 1.—18. og 21. gr., tilsk. 24. jan. 1838 16. gr. um áfrýjun sakamála, lög 2. okt. 1895, 2. gr., lög nr. 15, 20. okt. 1905 og öll önnur lagaákvæði er giltu um dómsvald hæstarèttar Dana í íslenzkum málum. Þau ákvæði er enn gilda um landsyfirdóminn og eigi brjóta bág við þessi lög, skulu eftirleiðis gilda um hæstarètt. Loks eru öll eldri lagaákvæði úr gildi numin, sem brjóta bág við lög þessi.

24. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur, er með þarf til þess að lögunum geti orðið beitt.

Nd. **528. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ísafjarðarlæknishéraði skal skift í eftirnefnd tvö læknishéruð:

Ísafjarðarhérað: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi. Læknissetur í Ísafjarðarkaupstað.

Nauteyrarhérað: Snæfjallahreppur, Nauteyrarhreppur, Reykjarfjarðarhreppur og Ögurhreppur, nema Vigur. Læknissetur á Langadalsströnd.

Lög þessi koma eigi til framkvæmdar fyr en sérstakur læknir er skipaður í Nauteyrarhérað.

Nd. **530. Tillaga**

til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla.

Frá meiri hluta kenslumálanefndarinnar.

Framsögumaður: Bjarni Jónsson frá Vogi.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að láta sem fyrst endurskoða og bæta reglugerð hins almenna mentaskóla, en gera tafarlaust þá breytingu, að fella burt efra aldurstakmarkið, sem nefnt er í 18. gr. í bráðabirgðareglugerð fyrir hinn almenna mentaskóla í Reykjavík, 9. septbr. 1904, og slíkt hið sama neðra aldurstakmarkið um viðtöku í lærdómsdeildina, og enn að breyta nú þegar 12. gr. svo, að nemendur utan skólans megi ganga undir öll próf skólans.

Enn skorar deildin á stjórnina að koma á samræmi um námstíma og aldurstakmark milli hins almenna mentaskóla og gagnfræðaskólans á Akureyri.

Ed. **529. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907.

Frá J. Havsteen.

1. gr. Í stað orðanna: »samþyktri af . . . stjórnarráðinu« komi: staðfestri af yfirstjórn fræðslumála.

Nd. **531. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1908—1909 á þingskjali 518.

Frá fjárlaganefndinni.

Milli orðsins »Gilsfjörð« og »10,000« komi: alt að.

Nd. **532. Breytingatillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908—1909.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Til þess að reisa fjós, hlöðu og safnþró handa geðveikrahælinu á Kleppi kr. 1800,00.
2. Við 3. gr. Liðurinn E 6 falli burt.
3. Milli 6. og 7. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Til viðbótar, við gjöld þau, sem veitt eru í 18. gr. fjárlaganna veitist:
   Til síra Einars Þórðarsonar kr. 500,00. Greinatalan breytist eftir því.

Nd.

533. Nefndarálit

um frumvarp til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Islands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Þó að ástæða gæti verið til að fara hér út í langt mál um réttarstöðu landsins í heild sinni, jafnmikið og nú er búið um það að rita af hendi Dana nú á síðustu stundum, verður hér þó að eins í styzta máta gerð tilraun til þess að sýna fram á það, hver réttarstaða landsins sé, og hafi verið að órofnum réttum lögum og sáttmálum. Heldur það og til þessa, að ekki þykir nú ástæða til að fara nema stuttlega út í þetta mál, að sú er tilætlan þingsins að samið skuli verða nú sem fyrst ýtarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins.

Aðalgrundvöllur undir réttarstöðu landsins að réttum lögum er enn sáttmálar þeir, er Íslendingar gerðu við Hákon konung gamla á árunum 1262—1264, og að nokkru leyti samningur sá, er gerður var nær 1022 milli Íslendinga og Ólafs konungs digra Haraldssonar.

Af sáttmálunum við Hákon konung eru nú geymdir tveir til vorra daga. Er annar þeirra skjal það frá 1262, er nefnist »*Sammæli bænda fyrir norðan ok sunnan á Islandi*«. Hitt skjalið er sáttmáli sá, sem Íslendingar hafa ofan úr öldum nefnt »*Gamla sáttmála*«.

Um þenna sáttmála hinn síðari hefir verið nokkur ágreiningur nú hin síðustu 30—40 ár, hvort það væri í raun og veru sáttmáli, er gerður hafi verið við Hákon konung gamla eða eigi. Hafa sumir af ýmsu orðalagi sáttmálans hneigst að því, að sáttmáli þessi væri frá dögum Hákonar konungs háleggs, annaðhvort frá árinu 1300 eða 1302. Og nú síðast hefir prófessor Björn Magnússon Ólsen farið svo langt í því, að hann hefir tekið þann upp að nefna »Sammæli bænda norðan og sunnan« frá 1262 »Gamla sáttmála«, sem aldrei hefir verið gert fyrri, og er villandi og óheppilegt. »Sammæli« þau ættu, ef menn vildu gefa þeim sérstakt nafn, að heita »**Gizurarsáttmáli**«, af því að á því er enginn vafi, að í því skjali höfum vér óbrjálaðan sáttmála þann, er Gizur jarl Þorvaldsson gerði af hendi Norðlendinga og Sunnlendinga og sinni 1262 við Hallvarð gullskó umboðsmann Hákonar konungs gamla.

Hitt skjalið á að halda sínu forna heiti »Gamli sáttmáli«. Sáttmáli sá hefir um allar aldir verið haldinn *aðalsáttmálinn*, er gerður hafi verið við Noregs konung af hendi Íslendinga. Í honum standa og ákvæði, er samþykt landsmanna, sem annaðhvort er gerð 1302 eða 1306, segir, að staðið hafi í sáttmálaskjali því, er gert hafi verið, þá er skattinum var jáð »**í fyrstu**«. Er þar svo komist að orði: »Hér á mót sakir fátæktar landsins og nauðsynja þess fólks, er landið byggja, að ná þeim heitum, *er oss voru móti jáð skattinum* **í fyrstu** *af konungsins hálfu* . . . . . En það eru þau heit, að íslenzkir sé sýslumenn ok lögmenn á landi voru . . . . .« Þessi ákvæði finnast ekki í Gizurarsáttmála frá 1262, og verður því að álíta, að þau hafi staðið í öðru sáttmálaskjali, er gert hafi verið á árunum 1263—1264. Það verður því ekki annað séð, en að skjal það, er lengi hefir verið kallað »*Gamli sáttmáli*«, og enn köllum vér, eigi rót sína að rekja til

þeirra tíma, er »*jáð var skattinum í fyrstu*«. Hitt er annað mál, að orðalag skjalsins hefir í afskriftum, eftir því sem tímar liðu, vikizt við nokkuð svo, og þó í engu sem máli skiftir. Íslendingar hafa altaf skoðað þennan sáttmála sem grundvöll þjóðríkisréttinda landsins, og er ljósastur vottur þess Áshildarmýrarsamþykt frá 1496, sem gerð er af beztu mönnum í Árnessþingi til samheldis um það að verja bæði réttindi bænda þar í þingi og allsherjar ríkisréttindi þjóðarinnar. Í þessa samþykt er »Gamli sáttmáli« tekinn upp orði til orðs sem aðalundirstaða allra réttinda landsmanna. Það er og auðsætt, hvernig ýmsar breytingar á þessum sáttmála eru orðnar til. Í öndverðu er ekki hægt að sjá, að Íslendingar hafi rakleiðis krafist þess, að jarlinn væri íslenzkur maður, en í bréfi til ríkissráðsins norræna frá 1319 eða 1320 er sú krafa beint gerð að skilyrði fyrir því, að landsmenn vilji taka Magnús minniskjöld til konungs, »að íslenzkir sé lögmenn og sýslumenn og **allir valdsmenn á landinu**«. Er þar auðsjáanlega einkum átt við, að æðsti umboðsmaður konungs hér á landi skyldi vera Íslendingur. Einmitt þessi ákvæði hafa komist inn í ýmsar gamlar afskriftir af þessum sáttmála, að hirðstjórinn — er merkti í rauninni sama og jarl — skyldi vera íslenzkur, og á þann hátt vitna tvö forn skjöl í þennan sáttmála. Er annað þeirra bréf Íslendinga frá 4. júlí 1480 til Kristjáns konungs fyrsta[1]); en hitt er bréf helztu bænda og lögréttumanna fyrir sunnan land frá 14. júlí 1520[2]). Vafi er því enginn á um það, að bæði þessi skjöl, *Gizurarsáttmáli* og »Gamli sáttmáli«, eru aðal undirstöðugögn um þjóðríkisréttindi landsins. Munur þessara sáttmála er í sjálfu sér að efni til heldur ekki mikill, og að vísu svo sem enginn í því, sem báðir hafa sameiginlegt; að eins er »Gamli sáttmáli« nokkru víðtækari en hinn. Með *Gizurarsáttmála* játa bændur:

1. Hákoni konungi og Magnúsi »æfinligan skatt«, »land og þegna«. Skattinn er að skoða einungis sem fé af hálfu Íslendinga lagt á konungsborð. Það er mata eða kaup til konungs fyrir að vera konungur á Íslandi. Orðatiltækið að játa konungi með »svörðum eiði« »land og þegna« þýðir ekki annað en að þeir heita konungi »trú og hollustu í almennum orðum«[3]). Í »Gamla sáttmála« stendur fyrir þessi síðustu orð, að þeir vilja gjalda konungi »alla þegnskyldu« og þýðir þar ekki annað, en að þeir lofa honum trú og hollustu alveg eins og í Gizurarsáttmála[4]).
2. Landsmenn lofa að halda trúnað við konung meðan hann og arfar hans halda sáttmálann.

Hins vegar skuldbindur konungur sig til:

1. Að láta landsmenn »ná friði og íslenzkum lögum«, og er svo að sjá sem konungur hafi boðizt til þess í bréfum sínum að koma á friði í landinu, sem honum stóð næst, enda getur ekki annað falizt í þessu en það, að konungur lofar að koma á friði *innanlands* og gera hlé á styrjöldum þeim, sem lengi höfðu verið, og konungur hafði sjálfur um mörg ár blásið í kolin að, svo að kalla mátti, að allur innanlands ófriðurinn þá væri honum að kenna. Að þetta sé hinn rétti skilningur á þessum

[1]) Fornbréfas. VI. bls. 283.
[2]) Ríkisréttindi bls. 23.
[3]) sbr. Olsen: „Upphaf konungsvalds" bls. 33.
[4]) B. Olsen (Upphaf konungsvalds bls. 55) vill láta þegnskyldu hér þýða sama og þegngildi, en það virðist ekki vera nauðsynlegt.

orðum sáttmálans staðfestist einnig af því, sem stendur í »Gamla sáttmála«. Þar segir svo: »item að konungur láti oss ná íslenzkum lögum og friði **eptir því sem lögbók váttar** .....« Ef nú hér er verið að vitna í Jónsbók, og enda í hverja af íslenzku lögbókunum, sem vitnað væri, þá er það bert, að hér er einungis átt við óspektir og vígaferli *í landinu sjálfu*, en *ekki* utan að komandi ófrið[1]). Í engri af lögbókunum, hvorki Grágás, Járnsíðu né Jónsbók, er gert ráð fyrir neinum allsherjar landvörnum út á við, enda er enginn »Landvarnarbálkur« í neinum af íslenzku lögbókunum á slíkan hátt sem í lögbókum Norðmanna. Að konungur láti landsmenn ná »íslenzkum lögum« merkir bæði það, að þeir eigi að njóta þeirra laga, sem þá gengu hér í landi, og svo hitt, að þeim lögum skyldi ekki verða breytt og engin lög skyldu hér verða sett án samþykkis landsmanna.

2. Konungur lofar landsmönnum að láta sex skip ganga af Noregi til Íslands. Í því ákvæði felst einungis skuldbinding á hendur konungi, en enginn réttur til neinna frekari afskifta af verzlun landsins.
3. Ákvæðin um uppgjöf erfða í Noregi fyrir íslenzkum mönnum, hversu lengi sem þær hafa staðið, er rýmkun, sem konungur gerir frá sáttmála Íslendinga og Ólafs konungs 1022. Þar var ákveðið, að erfðir mættu einungis standa 3 ár.
4. Uppgjöf landauranna var sjálfsögð af konungs hendi um leið og hann varð konungur Íslendinga[2]).
5. Að Íslendingar hefðu þann rétt í Norgi, sem þeir höfðu beztan haft[3]) sýnist og vera eðlilegt, úr því að þeir nú lutu sama konungi og Norðmenn.
6. Næstsíðustu ákvæði Gizurarsáttmála eru þau, að Íslendingar krefjast þess að hafa *jarl* yfir sér, á meðan hann haldi trúnað við konung, en frið við landsmenn. Í Gizurarsáttmála stendur í handritunum ýmist »jarl« eða »jarlinn«. Af þessum leshætti, »jarlinn«, hafa sumir viljað skýra það svo, að hér væri beint átt við Gizur Þorvaldsson[4]). Í »Gamla sáttmála« má finna þrjá leshætti þessa orðs. Í flestum afskriftum hans stendur »jarl«. Í einni afskrift frá hér um bil 1490 stendur »jarla«[5]), sem ekki þarf að merkja annað en að

---

[1]) Sú fjarstæða gegnir engu svari að láta sér detta í hug, að Íslendingar sé hér að vitna til annara laga en sinna eigin landslaga, eða, að þeir sé að vitna hér í norræn lög, sem þeir neituðu að hefðu nokkurt gildi á Íslandi. En staður sá í 3. kap. Landvarnarbálks í Landslögum Magnúsar konungs lagabætis, sem sumum hefir ekki alls fyrir löngu flogið í hug, að Íslendingar sé í Gamla sáttmála að skírskota til, hljóðar á þessa leið (Ngl. L. II, 35):

„Nú ef svá þungliga fellr til fyrir synda manna sakir, at heiðinn herr eða kristinn gengr á Noregs konungs ríki í einshverjum stað, ok þó at á skattlönd gangi, þá skolu vér eigi synja konungi várum allan almenning at liði ok skipum ok vápnum, ef hann sér með vitra manna ráði at svá mikils þarf við. En ef minna þarf við, þá takum vér þat með þökkum, sem af fellr".

Alveg sömu ákvæði að efni, og því nær eins að orðalagi, standa í Bjarkeyjarrétti (Býjamannalögum) 3. kapítula Landvarnarbálks (Ngl. L. II, 194). Það þarf í rauninni ekki mikinn skarpleik til þess að sjá það, að hér er ekki verið að uppfylla kröfur sáttmálanna íslenzku um það, að Íslendingar skuli „ná friði", heldur *er konungur hér að láta Norðmenn heita sér því, að láta eingin lönd ganga undan krúnunni*, og það gat horft Íslendingum til annars en friðar og frelsis.

[2]) Sbr. Ólsen: Upphaf konungsvalds, bls. 41.

[3]) Sbr. sáttmála Íslendinga og Ólafs helga frá 1022.

[4]) B. M. Ólsen í Upphafi konungsvalds, bls. 43—45.

[5]) Fornbréfasafn I, Nr. 156 G.

jarlar skuli þeir jafnan heita ríkisstjórar konungs hér á landi. Í tveimur afskriftum »Gamla sáttmála« stendur »jarlinn«, og er önnur þeirra frá árunum 1561—1565, en hin frá hér um bil 1600[1]).

Það stendur í rauninni á engu, hvort sérstaklega er átt við Gizur Þorvaldsson í Gizurarsáttmála, eða sáttmála þann er að skilja svo, að Íslendingar krefjist þess, að *jarl* skuli æðsti umboðsmaður konungs hér á landi vera. Það liggur nærri af öðrum rökum að ætla, að konungur sjálfur hafi skilið það svo, að Íslendingar vildu, að ríkisstjórinn væri eða héti jarl; en jafnframt virðist svo sem konungi hafi ekki verið um að uppfylla þá kröfu. Í Hirðskrá Magnúsar lagabætis 36. kap. stendur svo[2]): »Svá ok ef konungr gerir *jarl til Islands* með slíku skilorði, sem konungi sýnizt, með guðs forsjá ok góðra manna, þá má til hvárstveggja þeirra þann hátt nýta, sem hér segir eftir lögum, hversu jarl skal gerast, ok svá þat fleira, sem hér til hæfir af því, sem þar fylgir«.

Menn greinir á um, hvort konungur hafi skipað nokkurn jarl hér á landi síðan Gizur Þorvaldsson, og gerir það í sjálfu sér hvorki til né frá í því efni, sem hér er um að ræða, nema að svo miklu leyti sem það hefði verið að skoða sem sáttmálabrot af konungs hendi við Íslendinga, að konungur lét ekki landið vera jarlsdæmi, en um það efni greinir menn einnig á[3]). Réttarstaða landsins gat að réttum lögum ekkert haggast við það, hvort konungur kallaði ríkisstjóra sinn hér á landi jarl, hirðstjóra eða annað.

Það, sem »Gamli sáttmáli« hefir framar en Gizurarsáttmáli, eru ákvæði þau, er svo hljóða: »Utanstefningar viljum vér aungvar hafa, utan þeir menn, sem dæmdir verða af várum mönnum á Alþingi í burt af landinu.

Item at íslenzkir sé lögmenn ok sýslumenn[4]) á landi váru af þeirra ættum, sem at fornu hafa goðorðin upp gefit«.

Það er engin ástæða til að þrátta hér um það, hvort þessi ákvæði »Gamla sáttmála« stafi frá þeim tímum, þegar landið gekk fyrst undir konung. Hitt vitum vér, að þær kröfur, sem í ákvæðum þessum felast, hafa þrásækilega verið gerðar af hendi Íslendinga sem skilyrði fyrir hylling þeirra við konunga sína frá ævafornum tímum.

Í samþykt almúgans frá 1302 eða 1306 stendur einmitt krafan um, að þeir vilji engar hafa utanstefningar[5]), og enn fremur standa ákvæðin um utanstefningar í bréfi Íslendinga til ríkisráðsins norræna 1319 eða 1320, og eru þau ákvæðin gerð þá þar beint að skilyrði fyrir hollustu þeirra við Magnús minniskjöld. Í sama bréfi kemur og beint fram krafan um, að íslenzkir sé lögmenn og sýslumenn og allir valdsmenn á landinu. Og að þessum kröfum var þá gengið af konungsvaldsins hendi, svo að þetta eru fullkomnar og löglegar sáttmálagreinar millum Íslendinga og konungsvaldsins. Síðan eru þessar kröfur báðar af hendi Íslendinga ítrekaðar í Áshildarmýrarsamþykt 1496, og enn

---

[1]) Fornbréfasafn I. Nr. 153 C.; IX. Nr. 2 B.

[2]) Ngl. L. II. 428.

[3]) B. M. Ólsen í Upphaf konungsvalds, bls. 67.

[4]) „og svo hirðstjórar" bætir hér við eitt handrit af sáttmálanum á pappír (Fornbr.safn IX. 4) og svo sem eins ein afskrift sáttmálans á skinni frá hér um bil 1480—1500 (Ríkisréttindi bls. 8).

[5]) Ríkisréttindi bls. 13.

er síðari krafan ítrekuð í umburðarbréfi Þórðar lögmanns Guðmundssonar 1601, enn fremur í Alþingissamþykt 1649 og loks á Alþingi 1662.

Bæði Gizurarsáttmáli og Gamli sáttmáli enda með því, að Íslendingar heita því, fyrir sig og sína arfa, að halda trúnað við konung á meðan konungur og arfar hans halda sáttmálana við landsmenn. *en jafnframt áskilja landsmenn fyrir sig og sína arfa að vera lausir allra mála við konung, ef sáttmálarnir sé rofnir »at beztu manna yfirsýn«.* Ísland verður því *svo lauslega* erfðaríki eftir sáttmálunum, að það gat, hvenær sem út af bar, ef það var ekki beitt ofbeldi, verið laust úr konungssambandi. Það er því ekkert undarlegt, þó að Íslendingar létu sig litlu skifta um það, hvernig eða hverjar konungserfðir væri í Noregi. Það hefir enga þýðingu hér, hvort konungserfðatal það, sem nú stendur í Járnsíðu, hafi verið samþykt með henni hér á landi eða ekki.[1]) Hins má geta, að allur sá hluti af Kristindómsbálki Jónsbókar, sem greinir um konungserfðir og konungstöku (kap. 3—12)[2]), getur ekki hafa verið lögtekinn hér á landi í öndverðu með lögbókinni 1281. Það eitt er ærið til að sýna það, að þar er, þegar konungskosning skal fram fara, öllum gert að skyldu »at sækja norðr til Niðaróss«, ekki einungis öllu stórmenni, handgengnum mönnum, hirðstjórum og klerkum, *heldur einnig bændum*, og segir þar svo: »Enn hverr *bóndi*, er fyrirnemz þessa ferð, þá er hann sekr VIII örtugum ok XIII mörkum silfrs við konung, en konungr meti nauðsynjar með skynsamra manna ráði. Enn í þessa ferð fari hverr á sínum kostnaði . . .« Það þarf engum orðum að eyða um það, að slík ákvæði geta ekki náð til íslenzkra bænda. Hitt er annað mál, að sannlegt er að þessi bálkur hafi fylgt bókinni strax í öndverðu sem frálaus, mönnum hér á landi *til leiðbeiningar* um það, hverjar konungserfðir væri í Noregi, en síðan hafi menn fært bálk þenna inn í bókina á sama stað, sem slíkur bálkur stóð í norrænum lagabókum. Þá verður það og eðlilegt, að Alþingissamþyktin frá 1302 talar um þegnaeiðstaf »sem stendr í bók várri«. Og því eðlilegra er það, að menn hér á landi, þegar aldir liðu, tæki að skoða konungserfðir Jónsbókar sem lög fyrir sig, þar sem þeim hafði altaf verið fylgt sem leiðbeiningum.

Ríkiserfðalögin norrænu frá 1302 urðu aldrei gild lög hér á landi, og það hafði enga þýðingu í því efni, þó að Norðmenn settu þau ákvæði í þau, að þau skyldu einnig gilda í skattlöndunum. Því fyrst og fremst var Ísland ekki skattland á annan hátt en svo, að það sem ríki galt konungi skatt eða konungskaup, og svo gátu engar fyrirskipanir orðið að lögum hér á landi, nema Íslendingar samþyktu. Það var skylda að láta þá »ná íslenzkum lögum«.

Orð sáttmálans »at beztu manna yfirsýn» liggur í augum uppi í sjálfu sér, að ekki geti þýtt hið sama sem að beztu manna ráði, hverra sem vera skal. Það segir sig sjálft, að það hljóti að vera ákveðnir vitrir menn, en norrænt ríkisráð getur það ekki verið, því að sú stofnun var þá ekki til (1262—1264). Að vísu hafði konungur lengi haft ýmsa beztu menn til ráðaneytis sér við hönd, en það væri fjarstæða, að láta sér detta í hug, að Íslendingar ætluðu sér að leggja mál sín undir þá menn eina. Það er og svo að sjá, að það hafi verið Íslendingar,

---

[1]) Sumir rithöfundar leggja þó allmikið upp úr því, svo sem Björn M. Ólsen, hvort konungserfðir lögbókanna hafi verið samþyktar hér á landi eða ekki, og halda því fram að svo hafi verið. Telur hann það landinu til sjálfstæðis.

[2]) Útg. Ól. Halldórssonar 1904.

sem mest voru hafðir í ráðum, þegar lögbækurnar Járnsíða og Jónsbók voru samdar, svo sem Sturla Þórðarson og Jón gelgja Einarsson.[1]) Það er því harla ólíklegt, að aðrir en beztu menn Íslendinga hefðu átt að hafa úrskurð um það, hvenær sáttmálar þeirra væri brotnir af konungs hendi. Á annan hátt náðu þeir ekki íslenzkum lögum, og annars kostar voru sáttmálarnir því í raun réttri brotnir á Íslendingum.[2]) Tvímælin í þessu efni tekur líka alþingissamþykt nefndarmanna frá 1302 nokkurn veginn skýlaust af. Þar er afdráttarlaust sagt til þess, hverir sé hinir »beztu menn«, er konungur eigi að hafa ráð af um rétt landsins og löggjöf. Það eru vitrustu menn í landinu sjálfu. En vitanlega hafa Íslendingar þá ekki brýnt það fyrir konungi upp úr þurru. Þeir hafa þá þózt vera farnir að kenna á því, að konungur var eftir ráði norrænna manna farinn að gera ýmsar fyrirskipanir hingað til lands, og hafa þeir talið það lagabrot samkvæmt sáttmálunum, og þótt landsmenn ekki »ná íslenzkum lögum«, og því mótmælt allri löggjöf af konungs hendi, nema með »beztu manna ráði og samþykt, þeirra sem á eru landi váru«, og til þess höfðu þeir fylsta rétt eftir hljóðan sáttmálanna.

Öllum Íslendingum, sem með gaumgæfni hafa athugað það mál — og mörgum öðrum — hefir komið saman um það, að með sáttmálunum við Hákon konung gamla hafi Íslendingar að eins geingið undir Noregs *konung, en á engan hátt* þar með gert sig háða Norðmönnum eða Noregsríki að lögum. *Þeir gengu í konungssamband eitt við Noreg, og ekkert annað.* Og á þessu sambandi hefir engin breyting orðið síðan, er geti skuldbundið Íslendinga að réttum lögum.[3]) Þeir hafa ekki gert neina samninga síðan við nokkura aðra þjóð, er skuldbindandi sé fyrir þá á neinn annan hátt, og þessir hinir fornu sáttmálar hafa aldrei verið numnir úr gildi alt til þessa dags.

Það má víst lengi deila um það, hvort hinn elzti sáttmáli (Gizurarsáttmáli) og athöfn sú, er fram fór 1262, þegar hann var saminn og settur, hafi gerzt fullkomlega samkvæmt lögum eða ekki. Hafi það alt, sem þá fór fram, verið fullkomlega löglaust, þá verður afleiðingin af því ekki önnur en sú, að sáttmálinn væri markleysa ein og að Ísland hefði aldrei að lögum gengið undir konung, og ætti því lagalegan rétt á því að vera lýðríki. En sáttmálagerð þessi hefir nú lengi verið látin duga, enda er enginn efi á því, að Íslendingar voru með öllu fullveðja til þess að gera sáttmálann af sinni hendi. Þeir voru fullveðja lýðríki, *res publica*, og það þýðir ekki mikið, eins og sumir gera, að vitna til þess, þó að kirkjan hafi á þeim tímum, þegar svo bar undir, ekki þózt vilja viðurkenna

[1]) B. M. Ólsen segir í riti sínu: Enn um upphaf konungsvalds á Íslandi, Rvík 1909, bls. 69, að þar sem Jónsbók talar um „beztu, skynsömustu, góða, vitra menn", þá sé þar „bersýnilega" átt við „norska konungsráðið". En ekki sýnist það vera annað en ein af þessum alkunnu getgátum þessa rithöfundar.

[2]) Sbr. og Torf. Hist. Norv. IV, 333.

[3]) Skoðunum þeim, sem koma fram í ritum hins danska rithöfundar dr. Knud Berlins og þessu eru gagnstæðar, verðum vér að mótmæla. Hann vill gera allan yfirgang, alt ofríki, öll sáttmálabrot og heimildarlausustu afskiftasemi af íslenzkri löggjöf og málum Íslands yfir höfuð af konungsvaldsins hendi að lögmætum athöfnum, lagabrot annars málspartsins að skuldbindingum fyrir hinn málsaðilann. Hann gerir sig að talsmanni hnefaréttarins, ofbeldisins og lögbrotanna, og vill láta það skapa rétt að beita þann nógu lengi ofríki, er minni máttar er, sem er svo fjarri öllum sanni, að sá, er ofbeldinu beitir, ætti miklu heldur þar fyrir að hafa fyrirgert með öllu þeim yfirráðarétti, sem hann kynni annars að hafa haft.

slíkt stjórnarfyrirkomulag. Hvað kom kirkjunni slíkt við? Það var heldur ekki mjög löngu seinna, sem lýðveldi Svissara, er stendur enn með hinum mesta blóma, tók upphaf sitt, eftir orustuna við Morgarten 1315, einmitt um það leyti, sem Íslendingar áttu þyngstum búsifjum að sæta af Hákoni hálegg. Og á tímabilinu frá 1262 til 1315 hafði kirkjan hvorki tekið miklum hamskiftum né hugsunarháttur klerka breyzt. *Gamalt* lýðveldi á Íslandi gat því engan veginn verið meiri þyrnir í augum heilagrar kirkju heldur en *nýtt* lýðríki, sem skjótt dafnaði vel og viðurkent hefir verið fullveðja í margar aldir. Hitt er satt, að Hákon gamli notaði Vilhjálm kardínála, sem hann bar mikið fé í, 1247, svo sem sjálfsagt eins og í nafni páfans, til þess að sverfa á Íslendinga til að þjóna undir Hákon konung. »Þá fór sú skipan til Íslands með ráði kardínála, at sú þjóð, er þar bygði, þjónaði til Hákonar konungs, því at hann kallaði þat úsannligt, at þat land þjónaði eigi undir einhvern konung, sem öll önnur í veröldinni«.[1]) Þar með bannsetti hann alla, sem settu sig upp á móti Noregskonungi [2])

Það hefir verið borið mikið mál í það af sumum rithöfundum nýlega, að Ísland hafi verið í miklu stjórnleysisástandi, bæði lengi áður og eins þegar það gekk undir konung. Þar hafi verið fullkomin óstjórn (»anarki«) og öll þjóðfélagsskipan verið komin í mola, svo að af þeim ástæðum hafi Íslendingar ekki getað gengið undir konung sem frjáls þjóð og fullveðja, heldur hafi þeir gefist upp fyrir konungi sem örmagna þjóð, sem hætt var að vera ríki. En þessi kenning er að voru áliti alveg röng. Að vísu hafði Hákoni gamla með tilstyrk hins norska klerkdóms tekist að æsa til megnra óeirða innan lands hér í landi um mörg ár og siga beztu mönnum landsins óskaplega saman, og hafði hann komið ár sinni svo lymskulega fyrir borð, að farið var að skjóta mörgum deilum á hans dóm. En algert stjórn- eða lagaleysi var þó ekki í landinu að heldur; þjóðfélagsskipunin var engan veginn fallin í feljar til þrota, allsherjarstofnanirnar fornu stóðu enn sem fyrri og allsherjarstarfsfærin voru ekki hætt að vinna. Alþingi var uppi og lögsögumannsembættið var jafnan skipað; lögskil voru gerð á þingi og mál manna dæmd. Gizur jarl bjó 1254 mál til á hendur brennumönnum um Flugumýrarbrennu, »ok kvaddi heiman níu búa sem þá voru lög til», og urðu brennumenn sekir *á Alþingi* þá um sumarið.[3]) *Á Alþingi* 1259 var og lýst hernaðarsök á hendur Þorvarði Þórarinssyni, sem sýnir, að það var þá uppi og þar lögskil gerð.[4]) Það var því engan veginn neitt algert stjórnleysis ástand í landinu. En þótt nú svo hefði verið, þá var Ísland engu síður ríki eftir en áður. Óstjórn (»anarki«) afnemur ekki fullveldi (»souveræniteten«). Þorir nokkur maður að halda því fram að Frakkland, England, Noregur, Danmörk og ótal fleiri lönd, sem lengri eða skemri tíma hafa öll orðið að búa undir algerðu stjórnleysi, sé síðan og af því ófullveðja ríki?

Það er alveg heimildarlaust, sem sumir hafa þó leyft sér að setja fram, að ætla, að konungur hafi með sáttmálunum fengið nokkurt meira vald hér á landi en *orð* sáttmálanna standa til. Hann erfði með þeim ekkert *óskrifað* vald yfir landinu og engin réttindi frekara en þar segir og lögbækurnar síðar heimiluðu.

[1]) Fornmannasögur X, 43.
[2]) Fornbréfasafn I, 548, 550, 552.
[3]) Sturlunga, Oxfordarútg. II, 177, 180.
[4]) Sturlunga II, 253.

Á árabilinu 1262—1271, þangað til Járnsíða var lögtekin, stóðu og íslenzk lög hér í landi, og konungur hefir um þau ár ekki, nema þá mjög óbeinlínis, átt neinn þátt í löggjöf þingsins né dómaskipun, svo á beri, sem sýnir, að sáttmálarnir heimiluðu honum ekkert vald, fram yfir það, sem orð sáttmálanna beint segja. Konungur átti og að réttum lögum ekkert vald hér í landi, þá er Gizurarsáttmáli var gerður 1262, þó að hann þættist þá eiga hér goðorð og væri þá búinn að taka undir sig stóreignir hér á landi. Það hefði því verið hrein lögleysa, að konungur hefði látið skipa lögréttuna að einhverju leyti 1262. Þó að goðorðin mætti afhenda, er þó eingin heimild í ákvæðum Grágásar um það, að þau mætti láta til manna út úr landinu.[1]) En þótt svo hefði verið, þá var Noregskonungur margfaldlega búinn að brjóta af sér öll goðorð, því að hann hafði aldrei int nein lögskil af hendi, og fór í öllu fram ólögum einum. Þá, sem honum þóttu sér óhlýðugir, átti hann að sækja fyrir íslenzkum dómstólum, og heyja síðan féránsdóm. En það gerði konungur aldrei og braut því þingsköp íslenzkra laga. Þetta atferli var ærið eitt til þess, að hann gat aldrei orðið réttur eigandi eigna eða goðorða á Íslandi. Og þó þurfti hann ekki annað en höfða mál á venjulegan hátt, og það var honum skylt, ef hann vildi ná rétti sínum hér á landi. Samningur Íslendinga og Ólafs konungs frá 1022 mælir svo: »sjálfstefnt skal sökum hans (Noregskonungs) vera ok at lögum þar (á Íslandi) landsmanna sækja«. Hákon gamli braut því líka samninginn milli Ólafs konungs og Íslendinga. Hann var því ekki löglegur eigandi eins einasta goðorðs á Íslandi eða annara eigna 1262.[2]) Það hefir hann líka vitað sjálfur, því að hefði hann talið sig löglegan forráðamann goðorða landsins, þó hefði hann ekki þurft að fá svardaga og yfirlýsingar landsmanna á árunum 1262—1264. Það er þess vegna öldungis rangt, að konungur hafi, þegar landið gekk undir hann 1262, átt allflest goðorð hér á landi og því löngu fyrri í raun og veru verið orðinn lénsherra landsins, því að hann átti hér ekki eitt einasta goðorð að lögum, og jarlsdæmi það, er hann fékk Gizuri, var því lögleysa ein. Ísland var því 1262—1264, þegar það gekk undir konung, öldungis eins fullveðja ríki eins og 1022, þegar gerður var samningurinn við Ólaf konung helga, og *það hélt að lögum áfram að vera fullveðja ríki, þó að það gengi undir konung. Hefði landið þá að lögum átt að hætta að vera fullvalda ríki, þá hefði beint þurft að taka það fram í sjálfum sáttmálunum.* Hvert einasta orð sáttmálanna sýnir að þar er fullvalda ríki að semja við konung, og sáttmálarnir eru þess vegna nokkurskonar »aðalsskjöl« lands og þjóðar. Væri þeir ekki til, stæði þjóðréttindi vor verr að vígi, og ekki mjög stórum betur en Færeyinga. Það er því einstök fásinna að telja sáttmálana »ófrelsis« og »innlimunarskjöl«. Þeir eru óhrekjanlegasti votturinn um fullveldi landsins að lögum.[3]) Á fullveldi landsins gerðu lögbækurnar Járnsíða og Jónsbók *einga breytingu*. Þær ákveða að eins valdsvið *konungs* nánara gagnvart landsmönnum, auka það að nokkru, en skorða það fast um leið. Með lögbókunum aukast tekjur konungs af landinu. Honum er veitt *þegngildi* eða hlutdeild í bótum eftir vegna menn, sem

[1]) Grág. Finsensútg. I, 141—142.

[2]) Þótt hirðréttur konungs kynni að hafa heimilað honum slíkt, þá fylgdi hann ekki lögum landsins til þess að ná þeim, svo að sú heimild dugði heldur ekki.

[3]) Jafnvel próf. B. M. Olsen kannast við þetta í ritum sínum, en þykir sáttmálinn þó ekki vera neitt „frelsisskjal".

honum hafði og að vísu verið heimilað nokkru fyrri með Alþingissamþykt 1269; svo og fær hann *sakeyri* eða sektafé af landsmönnum, sem hann átti ekki áður. *En hér með haggaðist þjóðréttarstaða landsins ekki í neinu gagnvart Noregi.*

Samkvæmt Járnsíðu var löggjafarvaldinu svo varið, að landsmenn gátu í rauninni sett hver þau lög, er þeir vildu, ef þeir gættu sín, án þess að konungssamþykkis þyrfti við, samkvæmt því sem stendur í 3. kapítula þingfararbálks þessarar lögbókar: »Nú þat alt er lögbók skilr eigi, þá skal þat af hverju máli hafa, er lögréttumenn verða á eitt sáttir ok þeim þykir réttast fyrir guði«.

Samkvæmt Jónsbók gátu lögréttumenn og gefið út hver þau lög, sem þeim sýndist, í samþyktarformi, ef þeir voru allir samþykkir, án þess konungssamþykki þyrfti til og án þess að hann gæti spornað við því á nokkurn hátt. Einungis þegar lögréttuna skildi á, mátti skjóta dóms- og löggjafarmálum til konungs; þá skyldi lögmaður ráða og þeir, sem honum samþyktu, nema konungi með skynsamra manna ráði litist annað löglegra.[1])

Það þarf ekki að láta það villa sig að dómsmál eru skilin undir þetta jöfnum höndum, því löggjöf þingsins var jafnan gefin út í dóms- eða ályktunarformi. Orðin í 9. kap. þingfararbálks Jónsbókar, að konungur sé »yfir skipaðr lögin« takmarka heldur að engu leyti löggjafarvald þingsins, því að þau tákna ekki það, að konungur sé lögunum æðri á annan hátt en svo, að hann sé friðheilagur, og að því leyti er konungur enn yfirskipaður lögin. En þau tákna jafnframt það, að konungur sé æðsti gæzlumaður laganna, að þeim sé hlýtt og framfylgt, og þau sé ekki brotin; en ekki það að hann megi brutla með þau eða breyta þeim eftir eigin geðþótta.[2]) Konungur gat engin lög gefið út samkvæmt Jónsbók nema í sameiningu við Alþingi, en Alþingi gat gefið út lög upp á eigin hönd.

Það hefir enga lagalega þýðingu um réttarstöðu landsins hvaða nafn landinu var gefið í einum og öðrum skjölum, sem út gefin hafa verið bæði fyrr og síðar af Noregskonungum og öðrum, sem annaðhvort ekki vissu eða hirtu um að vita, hver réttarstaða landsins var að réttum lögum. Hvort það því er kallað skattland eða hvað annað, gerir að því leyti hvorki til né frá. Þess konar ógrundvölluð orðatiltæki geta ekki skapað neinn rétt eða verið nein lög. Sama er að segja um það, þó að ríkisráðið norska hafi náð að blanda sér á ýmsum tímum í íslenzk málefni fyrir ofríkis sakir og rás viðburðanna.

Það er að voru áliti engin heimild fyrir því neinstaðar í Jónsbók, að ríkisráðið norska hafi neitt yfir Íslandi að segja, enda var »norskt ríkisráð« þá í rauninni ekki til, þegar hún var skipuð í lög. Ríkisráðið norska fer í rauninni ekki að magnast fyrri en eftir að gefið var út ríkisstjórnarbréf Hákonar háleggs 1302. Það var gefið út sem norsk lög og hefir aldrei gilt löglega hér á landi. Það hefir verið af ýmsum fært til röksemda því, að norska ríkisráðið hafi í raun og veru verið ríkisráð fyrir Ísland, að þess finnast dæmi að íslenzkir biskupar hafi stundum átt sæti á fundum þess, og hafa menn talið, að þeir ættu þar sæti samkvæmt lögum. En þar til er þess að geta, að fyrir því er ekki til nokkur lagastafur. Því verður ekki neitað, að ríkisráðið dæmdi stundum, þegar fram í sótti, um ís-

[1]) Þingfararbálkur 4.

[2]) Í riti próf. B. M. Ólsens: Enn um upphaf konungsvalds á Íslandi, Rvík 1909 bls. 68 eru þessi orð algjörlega misskilin.

lenzk mál, sem lá í því, að konungur, sem var æðsti dómari í íslenzkum málum, var forseti ríkisráðsins. En jafnframt þessu liggur af ýmsum rökum ekki fjarri að ályktа, að konungur hafi stundum beinlínis haft sérstakt ríkisráð fyrir Ísland hér á landi, og hafi hirðstjóri konungs verið forseti ráðsins og handgengnir menn konungs hér á landi, eða »hirðin«, átt sæti í ráðinu. En í sjálfu sér gat það ekki haggað réttarstöðu Íslands að lögum að neinu leyti, þó að málefni þess kæmu í hendur ríkisráðsins norska, fremur en það haggaði löglegri réttarstöðu Noregs, að norska ríkisráðið var með ofbeldi lagt niður 1537 og norsk mál þar með fallin undir ríkisráðið danska. Ísland var að lögum sjálfstætt og fullveðja ríki eins fyrir því, alveg eins og Noregur var það eftir sem áður.

Ýmsir menn hafa talið Gizurar sáttmála og Gamla sáttmála það til foráttu, að orðatiltæki þeirra væri ónákvæm og ekki á þann hátt sem verið væri að stofna með þeim til konungssambands eins milli landanna. Hafa þeir borið saman við sáttmálana samning þann, er gerður var milli Svíþjóðar og Noregs 26.—28. júní 1319 um konungssamband milli landanna, er þeir telja elzt skjal um konungssamband ríkja á Norðurlöndum, er nú þekkist. Hafa þeir drepið það mjög út, hve mikill munur væri á skjölum þessum að allri nákvæmni og rækilegum frágangi. Sáttmálarnir íslenzku eru 55—57 árum eldri en þessi samningur Svía og Norðmanna, og eru þeir því að vorri skoðun elztu skjöl á Norðurlöndum, er semja um konungssamband eitt milli tveggja ríkja. Þeir eru því frumsmíði í sinni grein, og íslenzkir bændur, er sáttmálana sömdu, gátu því ekki haft mikið sér til stuðnings eða fyrirmyndar. Það þarf því enginn að verða hvumsa við það, þó að samningsskjal, sem gert var nær 60 árum seinna af mannvali tveggja miklu stærri ríkja, sé nokkru fullkomnara. Það þarf og engan að kynja á því, þó að Íslands sé ekki getið í samningi Norðmanna og Svía 1319. Það var ofur eðlilegt, að þess væri þar ekki getið, því þeir, sem samninginn gerðu, vissu þá ekki, hvort Ísland mundi ganga í sambandið eða ekki. Svar Íslendinga fengu þeir ekki fyrri en samningurinn var fullger, með hinu skorinorða og minnisstæða bréfi frá Alþingi frá sumrinu 1319 eða 1320.[1])

Samkvæmt sáttmálunum og lögbókunum varð réttarstaða landsins á þessa lund:

1. Ísland hafði einungis sameiginlegan konung með Noregi, sem það borgaði konungsmötu af sinni hálfu, og sameiginlegar ríkiserfðir, þó svo, að eigi höfðu þeir samþykt þær sem ævarandi lög fyrir sig, heldur höfðu að skilorði, að laust væri sambandið, hvenær sem rofnir væri sáttmálarnir.
2. Konungarnir voru æðstu valdsmenn landsins, höfðu æðsta dómsvald, hlutdeild í löggjafarvaldi með Alþingi, þegar svo bar undir, og framkvæmdarvald, og undir þeim stóðu sýslumenn landsins.
3. Ísland gekk á hönd konungi sem frjálst og fullvalda ríki og hélt áfram að vera það að réttum lögum.

---

[1]) Bréf þetta er í sjálfu sér stórmerkilegt. En sumir menn, sem hin síðari ár hafa verið að rita um þessi málefni, fult svo mikið af vilja sem skilningi, virðast hafa hneykslazt á því, að það er stýlað *til ríkisráðsins norska* sem svar upp á bréf þess til Alþingis. En þeir hafa sjálfsagt ekki gætt þess, að það var sama sem að rita konungi, því að ríkisráðið fór þá með alt konungsvald, af því að konungurinn var barn. Björn prof. Ólsen hefir kallað þetta bréf „argasta innlimunarskjal".

Með siðaskiptunum á 16. öld varð konungur einnig æðsti valdsmaður kirkjunnar hér á landi. En það hafði hvorki nein áhrif á löggjafarvald landsmanna né þjóðréttarstöðu landsins. Ófugt stjórnarfar í ýmsu og lögum og sáttmálum öndvert atferli, yfirgangur og þekkingarleysi valdhafanna um landsins sanna rétt á ýmsum tímum gat heldur ekki gert neina löglega breytingu á réttarstöðu þess. Þegar Íslendingar því geingu að einveldinu á Kópavogi 1662, þá gerðu þeir það sem fullveðja þjóð, fullvalda ríki, og þá léðu þeir *konungi einum* löggjafarvald og lögsögu, en afsöluðu eingri útlendri þjóð neitt vald yfir sér eða málefnum sínum.

Við einvaldsskuldbindinguna á Kópavogi 1662 breyttist þjóðréttarstaða Íslands ekki fremur en réttarstaða Noregs og Danmerkur, sem einnig geingu á samskonar hátt undir einveldið. Þau hættu ekki þar með að vera fullveðja ríki, heldur héldu því áfram eptir sem áður. En auk þess er það athugunarefni, hversu löglega einvaldsskuldbindingin á Kópavogi fór fram, hvort þar var ekki hreint og beint framið nauðungar og ofbeldisverk á landsmönnum. En þó að menn vildi telja einvaldsskuldbindinguna að öllu lögmæta, hefir það eingin áhrif á þjóð og ríkisréttindi landsins. Og jafnþýðingarlaust er það í þessu efni, hvernig einveldisstjórnin kann á ýmsum tímum að hafa farið með málefni landsins eða stjórnað landinu. En það var eðlilegt, að tilfinningin fyrir því og þekking þess, hver væri lögleg þjóðréttindi Íslands, dofnaði smátt og smátt eptir því sem einveldið stóð leingur, og það má vitanlega finna nóg dæmi þessarar vanþekkingar, bæði af hálfu einvaldsstjórnarinnar og einstakra manna, en slíkt þekkingarleysi gat aldrei rýrt að neinu lögmætan þjóðrétt landsins, og sýnir í rauninni ekkert annað en það, að ýmsir menn voru ófróðir um þau sannindi, sem skylt var að vita og gleyma ekki. Það getur þessvegna einginn bygt mikið á því.[1]) Hins vegar má og sjá að ýmsir einveldistímamenn mundu vel eptir því, hver staða landsins var, þó að þeir færu lítt út í neinn rannsóknarekstur um það. Jón prófastur Haldórsson (d. 1736) segir við ár 1700 í Biskupasögum sínum [2]) um ákvæði konungsbréfs eins, að þau skyldi haldast »*hér* (ɔ: á Íslandi) sem í *öðrum* hans (ɔ: konungsins) *ríkjum*«. Þormóði sagnaritara Torfasyni (d. 1719) er það og fullljóst, að Ísland gekk undir *konung*, en *ekki* Noregsríki, og að Íslendingar gerðu sáttmálana við *kon-*

[1]) Þó að það sé ekki ætlan vor hér að fara að svara Dr. Knud Berlin upp á alt, sem stendur rangt í ritum hans og aðgæzluvert, má þó geta þess, að hann leggur býsnamikið upp úr vanþekking manna og athugaleysi á einveldistímunum um réttarstöðu landsins. En margar tilvitnanir hans í þeim atriðum eru bæði víða lævíslegar og svo lausar, að það er auðsjáanlega ekki ætlazt til, að hægt sé að finna þær allar, svo að séð verði, hvort þær sé sannar eða ekki. Þó má sjá að hann ber sumstaðar alveg rangan vitnisburð. Í riti sínu um Gamla sáttmála, sem fylgir „Betænkning afgiven af den dansk-islandske Kommission af 1907", Kh. 1908, segir hann á bls. 92 (og endurtekur það í riti sínu „Islands statretslige Stilling" Kh. 1909): „Sysselmand *Jón Espólín* udtaler i sin Islands Arbæker (!) 1828: „„da Landet blev Norges Konge*rige* undergivet"". En þegar að er gáð, þá stendur þetta *hvorki* í formála fyrir VII. deild Árbókanna dagsettum 29. Jan. 1827, sem útgefin er 1828, *né* í formála VIII. deildar dags. 15. Jan. 1829, og útg. sama ár. Hins vegar stendur *þinmitt hið gagnstæða* á öðrum stöðum í Árbókunum. Í I. deild útg. 1821 segir svo á bls. 2 við ár 1262: „I. Kap. Höfðingjar, þá Ísland kom undir *konung*. Í þann tíma, er *Hákoni Hákonarsyni Noregs konungi* var land svarið af Íslendingum . . . " Og á bls 3 við árin 1263 og 1264: „Hákon konungur andaðist fyrir vestan haf, eptir er Ísland var geingið undir *hann* . . . " Og (1264): „gekk Ísland til fulls undir *konungdóminn*."

[2]) bls. 354.

ung Norðmanna, en *ekki* við Norðmenn, svo sem hann segir í Noregssögu sinni: »Islandia *regi* tandem subjicitur. Fædus Islandorum cum *rege* factus.« [1]) Hið sama er og Jóni Espólín ljóst, manni sem uppi er svo sem seinast á einveldistímunum (d. 1836).[2]) Og á svipaðan hátt mætti telja ýmsa fleiri, og sýnir það alt, að menn voru uppi á öllum tímum, er gerðu sér rétta grein fyrir þjóðrétti landsins.

Landsmenn voru heldur ekki leingi að átta sig á því, hver væri réttindi þeirra og hverjar þjóðréttarkröfur þeir ætti að gera Íslandi til handa, þegar Friðrik konungur VII. hafði gefið út auglýsing sína 29. Janúar 1848 um það, að einveldi konungs skyldi afnumið í ríkjum hans og »frelsi hvers landshluta sér í lagi haldast« og »sérstök réttindi og gagn innbúanna í hverjum landshluta«. Þá samdi Jón Sigurðsson sína nafnkunnu ritgerð, er hann kallaði »Hugvekju til Íslendinga« og lét prenta í Nýjum Félagsritum[3]), og sýnir hann þar áþreifanlega fram á, að réttarkröfur sínar eigi Íslendingar að byggja á sáttmálum þeim, er þeir gerðu í öndverðu við Noregskonung, jafnframt því, sem hann sýnir fram á að þeir hafi ekki með einvaldsskuldbindingunni í Kópavogi 1662 afsalað sér neinu valdi í hendur annarar þjóðar. Farast honum þar meðal annars svo orð:[4]) »En hvernig sem þessu er nú varið (o: lögmæti einvaldsskuldbindingarinnar), þá hefir einveldi konungs verið eins fullkomlega viðurkent á Íslandi eins og annarstaðar í ríkinu, og það er ekki tilgangur vor að hrinda gildi þess meðan það er viðurkent. En eins víst er hitt, að Íslendingar hafa ekki hylt Dani eða Þjóðverja, né neina aðra þjóð, til einveldis yfir sig, þó þeir hafi jafnframt Dönum og Norðmönnum hylt einvalda konunga. Þar af leiðir aptur, að þegar konungur afsalar sér einveldið, þá höfum vér ástæðu til að vænta þess, að hann styðji oss til að halda að minsta kosti *þeim réttindum, sem helguð eru með hinum forna sáttmála*, þegar land vort sameinaðist Noregi. *Það er sá grundvöllur, sem vér eigum að byggja á, og laga samkvæmt þörfum þessa tíma.* . . . « Að lyktum skorar hann á landsmenn að eiga fundi þá þegar um sumarið um þetta málefni.

Hinn 5. Ágúst það ár (1848) áttu því næst nokkrir Alþingismenn og fleiri landsmenn úr öllum umdæmum landsins fund á Þingvelli við Öxará í »tilefni af aðalríkissamkomu þeirri, sem nú er ákveðin, og enni frjálsari stjórnarskipun, sem að henni lokinni skal innleiða í Danmörku«. Fyrir fundinum gekst Jón umboðsmaður Guðmundsson[5]). Sendu fundarmenn konungi bænarskrá, þar sem farið var fram á:

»1. Að Yðar Hátign allra mildilegast veiti Íslandi þjóðþing út af fyrir sig, bygt á jafnfrjálsri undirstöðu og með sömu réttindum sem bræður vorir í Danmörku fá að njóta, og ennfremur

2. Að Íslandi verði gefinn kostur á að kjósa fulltrúa eptir frjálslegum kosningarlögum, til að ráðgast í landinu sjálfu um þau atriði í hinni fyrirhuguðu stjórnarskipun Danmerkurríkis, sem beinlínis og eingaungu við koma Íslandi, og sér í lagi hvað áhrærir fyrirkomulag þjóðþings vors, áður en þau verða staðfest af Yðar Hátign.«

---

[1]) Hist. Norv. IV, 332.

[2]) Sbr. neðanmálsgr. hér á undan.

[3]) Ný Félagsrit, VIII, Kh. 1848, bls. 1—24.

[4]) Ný Félagsrit VIII, 16.

[5]) Sbr. Reykjavíkurpóst II, 170—172.

En jafnframt þessu var send samhljóða bænarskrá frá Gullbringusýslu og önnur í svipaða átt frá fundi, sem haldinn var í Reykjavík. Árangurinn hér af varð konungsbréfið frá 23. Sept. 1848,[1]) þar sem því er lofað, að stjórnarskipan landsins skuli ekki með lögum til lykta ráðið fyrri en Íslendingar sjálfir á fundi í landinu eru búnir að segja álit sitt um það efni. Niðurstaðan varð og sú á grundvallarlagaþingi Dana 1849 að eingin ákvæði voru tekin þar um réttarstöðu Íslands að svo komnu.

Þingvallarfundur sá, sem haldinn var 1849, var mest til að undirbúa kosningarlög fyrir þjóðfund, sem nú var búið að ákveða, að haldinn yrði hér á landi 1850[2]), þó að það drægist til 1851.

Fundarályktanir þær, sem landsmennn nú gera þessi ár, 1850—1851, til undirbúnings þjóðfundinum, eru flestar afarmerkilegar. Í þeim eru nær öllum gerðar fylstu kröfur til þjóðríkisréttinda landinu til handa samkvæmt því, sem landinu var ætlað, þegar það gekk í samband við Noregskonung, eptir því sem það gæti samlagast hentuglega þeim tímum, er nú eru. Vitanlega er mönnum þetta nokkuð misljóst, en öllum þó í heild svo meðvitandi, að það dylst ekki. Og verður hér nú að fara nokkuru frekar út í þetta efni, því að aldrei fyrri en nú á þessum síðustu tímum hafa Íslendingar sett jafnskýrt og skýlaust fram kröfur sínar sem á árunum kringum 1850, og er í rauninni næstum furða, hvað menn voru fljótir að átta sig.

Á Þingvallarfundi þeim, sem haldinn var 1850, voru þetta þjóðréttindakröfurnar[3]):

»Að Íslendingar væri *frjáls þjóð* út af fyrir sig, með því að land þeirra væri hvorki bygt í öndverðu af Dönum, né heldur seinna unnið með herskildi, og *gæti því hvorki álitizt sem nýlenda né skattland þeirra; þess vegna væri réttast að laga alt samband Islendinga við Dani eptir hinum forna sáttmála, sem gerður var við Noregskonung, og ætti á honum að byggja öll þjóðarréttindi þeirra* . . . Að Íslendingar skyldi hafa *jarl* yfir sér, sem hefði myndugleika konungs, þegar á þyrfti að halda.«

Um þessi ár voru fundahöld mikil um land alt til undirbúnings þessa hins mikla máls, er allir væntu, að tekin mundi ákvæði um til hlítar á þjóðfundinum 1851. Hafði sérstök »Miðnefnd« (miðstjórn) verið kosin á Þingvallarfundi 1850, er hefði aðsetur í Reykjavík, en þingmenn skyldu gangast fyrir fundahöldum hver í sínu kjördæmi, en ályktanir fundanna skyldu prentaðar, sem og varð að nokkru, í blaði því, er nefnist »Undirbúningsblað undir þjóðfundinn að sumri 1850« og kom út í Reykjavík 1850—1851. Verður nú um stund sýnt, hverju landsmenn fóru þá fram í undirstöðuatriðum þessa máls í ýmsum héruðum landsins.

Í sýslunefndaráliti úr Vestur-Skaptafellssýslu 10. og 11. Dec. 1850 er meðal annars tekið fram; » . . . en með því Ísland er frjálst þjóðfélag út af fyrir sig, með fullu þjóðerni og þjóðréttindum, þá verður samband þess við Danmörku að vera bygt á hinum sama grundvelli og samband þess var við Noreg eptir hinum gamla sáttmála við Noregskonunga . . . vér viljum . . . að konungur eigi frestandi neitunarvald . . . Fallist þingið á eitthvert frumvarp þjóðarinnar óbreytt þrisvar

[1]) Sbr. Þjóðólf XIV, 123.
[2]) Þjóðólfur I, 74—76; Reykjavíkurpóstur III, Nr. 10.
[3]) Þjóðólfur II, 174.

hvað eptir annað, þá viljum vér það verði að lögum, þó konungur vilji ei samsinna . . . « Ennfremur segja þeir; »Á konungsborð viljum vér leggja eptir efnahag og réttri tiltölu.« Þá vilja þeir hafa »jarl, er konungur setur, hvort hann vill íslenzkan mann eða danskan, er kunni íslenzk lög og að rita og tala íslenzka tungu« [1]) Hermála geta þeir að aungvu.

Í sýslunefndaráliti frá Árnessýslu dagsettu í Hruna 23. Jan. 1851 er meðal annara greina sagt, að Íslendingar skuli borga að tiltölu Dönum fyrir meðferð þeirra mála, er þeir hafi af okkar hendi, og segja þeir um leið: »Sýnist okkur það verði að vera á voru valdi, til hverra ríkisstiftana vér viljum geta átt tilkall og til hverra vér viljum fé leggja«. Um frestandi neitunarvald konungs fara þeir svo feldum orðum: » . . . . Samþykki hann (konungur) þau (lögin) ekki, þá leggur hann bann á. Þessi bannsréttur getum vér með engu móti betur séð en eigi að vera frestandi, en ekki ótakmarkaður . . . . Vér höfum borið þetta mál undir marga hina hyggnustu menn, og hlýtt á ræður margra manna um það, og styrkir það álit, sem vér þannig höfum orðið varir, ekki lítið þá sannfæring vora, að ótakmarkað neitunarvald ekki eigi hér að eiga stað. . . . . « Um hæstarétt fara þeir svo feldum orðum . . . »Ekki viljum vér lengur eiga mál vor undir dómi Dana . . . . . « [2])

Í áliti Borgfirðinga dagsettu á Ytrahólmi 22. Jan. 1851, sem er eitthvert skýrasta álitið frá þessum tímum, segir meðal annars svo: »Fyrir fortölur einar gáfust Íslendingar í samband við Norðmenn með frjálsum samningi, en aldrei vopnum unnir eða herskildi þjáðir«. Lagasetning sína vilja þeir og að Ísland hafi í öllum greinum, »því heldur sem vér, fremur en Danir, höfum í hinum forna sáttmála réttindi þau oss áskilin að semja lög vor sjálfir (»konungur láti oss ná íslenzkum lögum«).« Þeir vilja og, að konungur hafi að eins frestandi neitunarvald og geti að eins neitað lögum þrisvar staðfestingar (6. gr.). Ennfremur vilja þeir, að hæstiréttur Dana sé afnuminn og hinn æðsti dómstóll allra íslenzkra mála sé settur á stofn landinu sjálfu (14. gr.). Þeir mæla og svo: »Ísland greiði til konungsborðs að réttri tiltölu eftir fólkstali.« Hermála geta þeir að engu, og ekki er að sjá að þeir ætlist til, að Danir fari með nein mál fyrir hönd Íslendinga. — 2. gr. í frumvarpi þeirra hljóðar á þessa leið: »Sáttmáli Íslendinga við konung frá 1264 viljum vér haldist að svo miklu leyti sem tímanna þarfir leyfa og hliðsjón sú krefur, sem hafa verður til stjórnarbótar þeirrar, sem á er komin í Danmörku.« [3]).

Nefndarálit Mýramanna er dagsett í Stafholti 17.—19. Jan. 1851. Meðal

---

[1]) Undirbúningsblað undir þjóðfundinn Nr. 2. bls. 10—11. Nefndarmenn Skaptfellinga voru þeir *Páll* próf. *Pálsson* í Hörgsdal (d. 1861), *Björn* umboðsmaður *Kristjánsson* á Höfðabrekku (d. 1856), *Einar* hreppstj. *Bjarnason* í Hrífunesi (d. 1888), *Þorkell* prestur *Eyjólfsson* í Ásum (d. 1891), og *Magnús* hreppstj. *Magnússon* í Sandaseli (d. 1890). Nefndarálitið samdi síra Þorkell.

[2]) Undirbúningsblað undir þjóðfundinn nr. 2—3, bls. 12—20. Nefndarmenn þeirra Árnesinga voru þeir *Jóhann próf. Briem* í Hruna (d. 1894), *Magnús Jónsson* í Austurhlíð, síðar í Bráðræði, *Guðmundur Þorsteinsson* í Hlíð í Hrepp, *Magnús Andrésson* alþm. í Langholti og *Guðmundur Guðmundsson* í Brædratungu. Á nefndarálitinu er þekkjanlegur stýll Jóhanns próf. í Hruna.

[3]) Undirbúningsblað undir þjóðfundinn nr. 13, bls. 20—23. Nefndarmenn Borgfirðinga voru þeir *Hannes próf. Stephensen* á Hólmi, *Magnús Sigurðsson*, *Bjarni Brynjólfsson* á Kjaransstöðum, *Jón Árnason* stúdent á Leirá og *Kolbeinn Árnason* á Hofsstöðum, bróðir hans. Stýlsetning nefndarálitsins er þekkjanlega síra Hannesar á Hólmi.

annars, sem þeir tilgreina í tillögum sínum er það, að konungur hafi að eins frestandi neitunarvald og geti ekki neitað lögum oftar en þrisvar (23. gr.). Hermála geta þeir að engu. Í 19. gr. tillagna sinna segja þeir svo: »*Konungur* semur verzlunarsamninga við útlend ríki og segir þeim lausum . . . . .« Um konungserfðir mæla þeir svo: »Konungsvaldið gengur í erfðir til konunga þeirra, sem eru rétt bornir til ríkis í Danmörku eftir erfðalögum þeim, sem nú gilda þar« (1. gr.). Og ennfremur herma þeir svo í 8. gr.: »Þegar Danir, að grundvallarlögum þeirra, er nú gilda, taka lögráðanda konungi eða konungsefni eður og ríkisstjóra, þá hafa þessir menn sömu skyldur við Ísland og konungur sjálfur, og vinnur ríkisstjóri sama eið og hann (þ. e. að halda grundvallarlög Íslands).

9. gr. Sé enginn ríkisarfi, eða geti ekki ríkisarfinn eða ríkisstjórinn tekið þegar við stjórninni, skal landstjórnin hafa hana á hendi, þangað til ráðið verður úr því.

10. gr. Sé enginn ríkisarfi til, skal nýkosið aukaþjóðþing kjósa konung og ákveða erfðalög.[1])

11. gr. Það skal við hver konungaskifti með lögum ákveðið, hversu mikið leggja skuli á konungsborð á meðan konungur situr að völdum.«[2])

Alitsgjörð Dalamanna var skrifuð í Janúar 1851 og undirskrifuð af síra *Guðmundi Einarssyni*, síðast prófasti að Breiðabólsstað á Skógarströnd, og *Þorvaldi umboðsmanni Sívertsen* í Hrappsey. Er þar meðal annara orða tekið fram, »að Íslendingar njóti jafnréttis móts við Dani, sem þjóð sér í lagi, en *ekki* sem deild úr heild Danmerkurríkis.« Ennfremur »að þjóðmálefni Íslendinga verði að öllu, sem unt er, óháð atkvæðum og ályktunum ríkisdagsins í Danmörku.«[3])

Álit Ísfirðinga er dagsett 11. Október 1850, og eru engin nöfn undir skrifuð. Þar er það tekið fram, að Ísland skuli vera »frjálst sambandsland Danaveldis, meðan það er þjóðríki, og skulum vér játa sama konung og Danir, svo lengi sem konungur er rétt borinn til ríkis af ætt þeirri, er nú situr að völdum, en skyldur er hann að vinna eið að því að halda stjórnarlög vor.«

Þá er þar enn tekið fram (5. gr.) að konungur skuli aðeins hafa frestandi neitunarvald, og eigi mega synja lögum staðfestingar oftar en tvisvar.[4])

Álit Húnvetninga er ritað í Febrúar 1851, og er að vísu allrækilegt, en flækir þó málefnum landanna nokkuð saman. Eigi að síður er 4. gr. í frumvarpi þeirra að efni til nokkurn veginn samhljóða niðurlagsatriðunum í hinum fornu sáttmálum Íslendinga við Noregskonunga. Segja þeir: »Danakonungur má ekki farga Íslandi, eða nokkrum hluta þess til annara þjóða. Breytist það ásigkomulag Danmerkur, sem nú er, þannig, að hún komist undir yfirráð annara þjóða, eða ef konungur heldur ekki grundvallarlög Íslands, þá er Íslandi frjálst

---

[1]) Sbr. Ákvæði Árnesinga á bls. 12 í Undirbúningsblaði undir þjóðfundinn.

[2]) Nefndarmenn Mýramanna voru þeir *Ólafur próf. Pálsson*, *Guðmundur próf. Vigfússon*, *Guðmundur Pétursson* sættamaður, *Pétur bóndi Jónsson*, *Magnús sýslumaður Gíslason* og *Jón Sigurðsson* í Tandraseli, sem ritar undir nefndarálitið af því síra *Magnús Hákonarson* kom ekki á fundinn. Undirbúningsblað undir þjóðfundinn bls. 23—27.

[3]) Undirbúningsblað undir þjóðfundinn bls. 28.

[4]) Undirbúningsblað undir þjóðfundinn bls. 28.

að segja sig úr sambandinu við Danmörk, ef það heldur kýs að standa í sambandi við aðrar þjóðir, eftir nýjum grundvallarlögum.«[1])

Álit Skagfirðinga er ritað í Janúarmánuði 1851, og er eitt af hinum röksamlegustu fundarálitum frá héruðunum á þeim tímum.[2]) Segja þeir meðal annara orða, að þeir telji »ekki efunarmál, að Íslands samband við Danmörku geti orðið hagfeldara en hingað til, ef öðrum grundvallarreglum er fylgt í lögum sambandsins og stjórnarháttum landsins hér eftir en hingað til, t. a. m. gæti það nú fengið fyrir landsmanna sameiginlegu þegnsamlega bæn til konungs af náð hans og mildi viðlíkt frelsi því, er sjálft móðurland ættjarðar vorrar, Noregur, nýtur nú í sambandi sínu við Svíaríki, ásamt hverjum hún komst undir Danmerkur *konungs* vald og tilheyrði þeim eðlilega *að því leyti og alt svo lengi, sem þeir voru jafnframt Noregs konungar* . . .« »En *reyndar erum vér*«, segja þeir, »*veikrar vonar um, að sambandið milli Islands og Danmerkur geti orðið því fyrnefnda heillavænlegt, hverjum grundvallarreglum sem fylgt væri í lögum sambandsins og stjórn landsins*; því reynslan er búin að sýna fram á . . . . að það er eðlilegt, þótt mildiríkar aðgerðir þeirra (konunganna) landinu í hagsmunavon hafi ei heppnazt samkvæmt tilgangi þeirra, og sambandið geti því aldrei farið með ákjósanlegum feldi.« Mun flestum ljóst, hvert þessi skoðun stefnir, þegar hún er rakin til klíðar. Ekki álíta þeir, að jarl þurfi yfir landið. En hitt telja þeir nauðsynlegt, »að Alþingi öðlist aptur öll sín fornu réttindi, er álítast kynnu að eiga enn við þessa tíma, svo sem vald til að endurbæta landsins eigin lög og semja ný í sameiningu við konunginn á líkan hátt og stórþingið í Noregi . . .« Ennfremur segja þeir, »*að við forn réttindi lands þessa kemst aðeins heim frestanda neitunarvald konungsins*«, og leiða þeir rök að því frá 4. og 9. kap. í þingfararbálki Jónsbókar. Og alt dómsvald vilja þeir hafa í landinu.[3])

Í einni fundarsamþykt frá úthalli ársins 1850 eða upphafi árs 1851, sem ekki verður hæglega séð, frá hvaða héraði er, segir meðal annars:

»1. Það er álit fundarins að Íslands rétti hafi verið hallað í samanburði við Dani.

2. Fundurinn álítur, að byggja þurfi stjórnarreglur Íslands á þessu:
   a. Íslendingar eru þjóð sér í lagi með fullu þjóðerni og þjóðréttindum.
   b. Ísland er frjálst sambandsland Danmerkur, en ekki partur úr henni, ekki numið með herskildi, og ekki nýlenda.
   c. Ísland er bæði of fjarlægt og ólíkt Danmörku til þess að geta átt þjóðstjórn saman við hana.

3. Meðan Ísland er í sambandi við Danmörku, skulum vér hafa konung þann yfir oss, sem er rétt borinn til ríkis í Danmörk eftir því erfðatali, sem nú er, og *skal því ekki breytt, nema af Alþingi.*

. . . . . .

---

[1]) Undirbúningsblað undir þjóðfundinn bls. 29—34. Nefndarmenn Húnvetninga, sem undirskrifa nefndarálitið, eru þeir *Jón Jónsson*, líkl. prófastur í Steinnesi, *Runólfur M. Olsen* umboðsmaður á Þingeyrum og *Ólafur Jónsson*, líklega Ólafur á Sveinsstöðum bróðir Jóns prófasts.

[2]) Undirbúningsblað bls. 34—40.

[3]) Nefndarmenn Skagfirðinga voru þeir *Lárus sýslumaður Thorarensen* í Enni, sem virðist hafa samið álitsskjalið, *síra Benedikt Vigfússon* á Hólum, *síra Jón Reykjalín*, *Sigurður Guðmundsson* á Heiði og *Thomas Thomasson* á Hvalnesi og síðar á Þverá.

6. Verzlunarsamninga semur konungur vor, og breytir þeim fyrir vora hönd, við útlendar þjóðir; *ekki skulu þeir gildir, nema Alþingi samþykki.*«

I annari samþykt eða álitsgerð frá 1850, sem gerð er í Nóvember, en óglögt sést úr hverju héraði landsins sé, er meðal annars svo til orða tekið: ». . . . . hyggjum vér, að álit vort *sé bygt á hinum forna sáttmála milli feðra vorra og Noregskonunga, að því leyti sem orðið gat eftir nærverandi tíma ásigkomulagi*, en atriði voru eru: . . . .

4. Það þykir oss óyggjandi, að því að eins geti stjórnarbót vor Íslendinga orðið oss heillavænleg og affarasæl, að konungur hafi einungis hið frestandi neitunarvald.
5. Þess óskum vér, að Alþingi hafi öll þau réttindi, sem þjóðþing hafa bezt, þar sem er takmörkuð konungsstjórn; og er það: Löggjafarvaldið í sameiningu við konungsins *frestandi neitunarvald* . . . . . .
6. Æðsta dómstól verðum vér að eiga í landi voru, þann er dæmi þau mál, er viðvíkja stjórnarathöfnum, samt öll samkynja mál vor, þau er hingað til hafa verið dæmd af hæstarétti Dana«.

Í »frumvarpi frá Þorskafjarðarþingi (1850)« er komizt nokkuð svipað að orði:

»1. Meðan Ísland er í stjórnarsambandi við Dani, skulum vér hafa konung þann, sem að réttborinn er til ríkis í Danmörku eftir því erfðatali Danakonunga, sem nú er þar lögtekið, *og skal því ei breytt, nema af Alþingi* . . . . .
13. Nú verður það, að konungur vor staðfestir ekki eitthvert lagafrumvarp, er Alþingi hefir samþykt, og má það ekki að því sinni að lögum verða; en verði mál það aftur borið upp á öðru Alþingi og þar samþykt, þá er það þó lög, þó kongur banni.«[1])

»*Frumvarp til grundvallarlaga Islands*« er prentað sérstakt í Reykjavík 1850. »*Höfundur er sira Ólafur Einarsson á Stað á Reykjanesi*«, hefir Jón Sigurðsson ritað á eina afskrift þessa skjals. Frumvarp þetta er merkilegt í marga staði, og er þetta þar meðal annars tekið fram:

»1. Ísland er frjálst þjóðfélag út af fyrir sig, ódeilanlegt og óafsalanlegt, sameinað Danmörku undir einum og sama konungi, og ræður núverandi konungur og konungar Oldenborgarættar yfir því með takmörkuðu valdi.

. . . . . .

5. Konungur má án samþykkis Alþingis vera konungur yfir hverjum helzt löndum, sem hann vill.

. . . . . .

7. Þau núgildandi erfðalög Danakonunga samþykkja Íslendingar, meðan Oldenborgarætt ræður þar ríki, *en þegar hún deyr út eður önnur konungsætt kemur til ríkis, skal það á valdi þjóðarinnar, hvort hún játar hollustu Danakonungum eður eigi.*

. . . . . .

10. Þegar konungur Oldenborgarættar álítur nauðsynlegt, annaðhvort vegna burtferðar eða veikleika, að ríkisstjóri sé settur, og þjóðþing Dana hefur samþykt lagafrumvarp konungs um það efni, *þá skal það frumvarp einnig sendast Alþingi til samþyktar.*

---

[1]) Um frestandi neitunarvald er ritað í Þjóðólf II, 185—187, 189—190; III, 209—211.

11. Verði konungur óhæfur til ríkisstjórnar, og Þjóðþing Dana hefur ákveðið að taka sér ríkisstjóra, *þá skal ákvörðun sú einnig sendast Alþingi til meðferðar.*
12. Ef það kemur fyrir, að ríkiserfingi við fráfall konungs, verði ómyndugur eða óhæfur til stjórnar, *þá skulu þau lög, sem konungur kynni að semja áhrærandi ríkisstjóra, sendast Alþingi til álita.*
13. Hafi Alþingi samþykt ríkisstjóra, hvenær sem hans þykir þurfa í Danmörku, þá afhendi ríkisstjóri fulltrúa Íslendinga eiðsskjal samhljóða því, sem konungunum er fyrir lagt; *og skal það eiðsskjal sendast Alþingi.*
14. Konungur sendi Alþingi frumvarp um, hversu mikið Íslendingar eigi að leggja á konungsborð, og skal Alþingi ákveða eftir efnahag, fólksfjölda og öðru ásigkomulagi landsins, að hve miklu leyti það frumvarp geti samþykst. . . . . .«[1]).

Þorleifur Guðmundsson Repp var vitur maður, fjölfróður og stjórnvís; bauð hann sig fram við kosningar undir þjóðfundinn í Árnesþingi og ritaði hann Árnesingum þá opið bréf dagsett í Kaupmannahöfn 29. September 1849, og lét prenta það sérstakt í Khöfn sama ár. Farast honum svo orð þar meðal annara greina:

»Amstri því gjörvöllu er Danir hafa haft á seinni öldum í lagasetningum fyrir oss vil ek at vér léttim með öllu af höndum þeim ok alla landsstjórn ok alla lýðmentun vil ek efla á Íslandi sjálfu, en Danakonungur staðfesti öll Íslands lög, er Alþingi setur, en hlýði þó ráði valdsmanns á Íslandi, hvort sem hann skal kalla lögmann eða jarl.

Af þessum orsökum mun ek þat til leggja, at nýta vel vor hin fornu lög, ok gæta þess hvervetna, hverjar lagabætur Englar hafa sett á seinni öldum, ok hvað af þeim hefir leitt á þeim eyjum, sem oss eru næstar; ok væntir mik at lög þau öll, er vér setjum í slíkum anda, muni lúta til eflingar frelsisins ok staðfestingar þess. Nú virðist mér svo, sem yður muni skiljast, góðir bræður, hvern veg ek muna atkvæði gefa, ef ek em kjörinn fyrir yðra hönd. Frelsi kref ek fullkomit um trú og ræðu ok skript ok mannfundi ok kaupverzlun ok alla þá hluti, er Íslendingar höfðu fult frelsi í fyrir árið 1260: Þó at óskerðri vorri hollustu ok trygð við enn göfga Danakonung Friðrik enn sjöunda, er ek vænti þess, með fullri vissu, at hann haldi til fulls **Gamla sáttmála** Noregskonunga við oss«.

Þingvallarfundur var auðvitað haldinn 1851 til undirbúnings undir þjóðfundinn, og hófst hann 28. júnímán., og var forseti hans *Hannes* prófastur *Stephensen* á Hólmi, en skrifari fundarins var *Björn Haldórsson* síðar prófastur í Laufási. Í »Ávarpi fundarmanna á Þingvöllum til Þjóðþingismanna 1851«[2]) er komizt svo að orði:

»Álit nefndanna úr Skaftafells, Árness, Borgarfjarðar, Mýra, Dala, Ísafjarðar, Húnavatns og Skagafjarðarkjördæmum eru yður kunnug, þar þau hafa verið prentuð[3]). Þar að auki hafa fundinum borizt álit nefndanna í Norðurmúla[4]) og Rangárvallakjördæmum, og eru þau enn óprentuð.

Álit þessi eru að sönnu nokkuð mismunandi hvert frá öðru í ýmsum greinum, en hafa þó öll sameiginlega til að bera, að Ísland eigi að vera frjáls þjóð,

---

[1]) Uppástungur þeirra sira Guttorms Pálssonar og Vigfúsar Guttormssonar til grundvallarlaga fyrir Ísland 1851 eru prentaðar í Þjóðólfi III. 281—287.

[2]) Undirbúningsblað undir Þjóðfundinn bls. 42. sbr. Landstíðindi II. 193—194, 197—200.

[3]) Öll þessi álit eru prentuð í Undirbúningsblaði undir Þjóðfundinn 1850—1851, og er þeirra allra getið hér að framan.

[4]) Skýrsla frá héraðsfundum í Múlaþingi 1850—1851 og 1852 er prentað í Þjóðólfi V. 66—67, 71, 84, 113.

og hafa sama konung og Danir. Það er ómótmælanlegur sannleiki, að vér Íslendingar erum þjóð útaf fyrir oss, og bera oss, ekki einungis eftir náttúrunnar boði, heldur einnig eftir sögu lands vors, fullkomin þjóðréttindi. Vér álítum því að vér í nafni þjóðar vorrar getum skorað á yður, heiðruðu þjóðfundarmenn, að þér verndið svo og varðveitið þessi vor réttindi, að þau verði í engu skerð. Þar eð þér nú eruð kvaddir til að semja við konung vorn um stjórnarskipun lands vors eftirleiðis, tökum vér hér fram nokkur þau atriði, er oss þykja einkum áríðandi, og eru þau þessi:

1. Að stjórnarathöfn landsins í löggjöf, dómsvaldi og framkvæmdarvaldi komi sem mest í hendur þjóðar vorrar, en verði ekki í höndum annara þjóða. Af þessu flýtur:
   að alþingi vort fái fult löggjafarvald með konunginum, fult vald til að ákveða tekjur og útgjöld og skatta, og öll þau afskifti af málum landsins, sem slík þjóðþing hafa, er frjálslega eru skipuð;
   að allir dómar séu dæmdir í landinu sjálfu, og séu ekki háðir nokkrum útlendum dómstólum;
   að konungur vor láti framkvæmdarvaldið hér á landi eiga aðsetur í landinu sjálfu og vera í höndum eins manns eða fleiri, sem hafi ábyrgð fyrir þjóðinni og konunginum, og að vér fáum erindsreka þann í Danmörku, er beri stjórnarmálefni þau fyrir konunginn, sem fyrir hann þurfa að koma, og frá honum til vor.
2. Að í málefnum þeim, sem kynnu að verða sameiginleg fyrir þjóð vora við Dani, eða menn í öðrum hlutum veldis konungs vors, verði þess gætt, að vér í afgreiðslu þeirra mála höfum fullkomið jafnrétti við þá«.

Það er á öllu auðséð að menn hafa gert sér miklar vonir, bæði um tillögur þær, er stjórnin mundi leggja fyrir þjóðfundinn til grundvallarlaga fyrir Ísland, og eins það, að viðleitni landsmanna er augljós í því að gera sér grein fyrir, hver réttarstaða landsins væri að lögum og hver réttarstaða því væri hentug eftir kröfum tímans. Vitaskuld er það, að þetta kemur ekki jafnljóst fram í öllum héruðum landsins og nokkuð á mismunandi hátt. Á því þarf þó engan að kynja, þegar þess er gætt að samgöngur voru þá dræmar á landi hér, en hvert hérað gerði tillögur sínar nokkuð í einangri og án þess að héruðin gætu borið sig saman. En því merkilegra er það, þegar öllu er á botninn hvolft, að sami er mergurinn málsins í öllum fundargjörðum og ályktunum landsmanna, sem er það, að Ísland eigi heimting, samkvæmt fornri þjóðréttarstöðu sinni, þegar það gekk í samband við konung í öndverðu, á því að vera frjálst þjóðland og fullveðja ríki.

En vonbrigðin urðu mikil. Það hefir varla nokkurn tíma komið eins óvænt og illa ofan í þurt hey, eins og frumvarp það kom yfir landsmenn, sem lagt var fyrir þjóðfundinn »um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins og *um ríkisþingskosningar á Íslandi*«. »Ríkisþingskosningar á Íslandi« koma óneitanlega undarlega heim við það, að samkvæmt fyrstu grein þessa frumvarps er svo fyrir mælt, að »grundvallarlög Danmerkurríkis frá 5. Júní 1849, sem tengd eru við lög þessi, skuli vera gild á Íslandi«. Ekki kemur það heldur vel heim við það, að Íslandi skuli vera ætlaður staður í »fyrirkomulagi ríkisins« (þ. e. danska alríkisins). Manni gæti því dottið í hug, að ríkisþingið á Íslandi ætti að vera alls-

herjar ríkisþing fyrir alt veldi Danakonungs. En að það muni samt ekki hafa verið hugsunin, sést þó á ýmsum ákvæðum frumvarpsins sjálfs. Í 2. gr. er svo ákveðið, að þau sé nokkur málefni, sem þar eru talin, er Alþingi og konungur eigi að hafa löggjafarvald í; en ef á reynir er þó auðséð að þetta löggjafarvald gat í ýmsum atriðum orðið að engu, ef svo bar undir, því að 3. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

»Verði ágreiningur um, í hverjum málefnum löggjafarvaldið skuli framkvæmt eftir 2. gr. grundvallarlaganna, og í hverjum samkv. 2. gr. í lögum þessum, þá skal löggjafarvald ríkisins, ef þörf er til, skera úr því«.

En þó var þetta ekki álitið nóg til þess að tryggja fullkomna innlimun landsins í alríkið, heldur skyldi með sérstöku lagaboði fyrir Ísland ákveðið eftir fyrirmynd, sem sköpuð yrði hreppum í Danmörku, hvert vald Alþingi yrði veitt í æðri stjórn innanlands málefna hér í landi, samkvæmt því sem stendur í 9. gr. þessa frumvarps, er hljóðar svo:

»Það skal ákveðið með lagaboði sér í lagi fyrir Ísland, hvert vald verði veitt Alþingi í æðri stjórn innanlands málefna, líkt því, sem kann að verða ákveðið um æðri **sveitarstjórnir** í Danmörku«.

Það er sögn og sannindi, að sá maður, sem þá stóð fyrir íslenzku skrifstofunni í Kaupmannahöfn, Brynjólfur Pétursson, sem var vitur maður og góður Íslendingur, var ekki látinn semja frumvarp það að stjórnarlögum fyrir Ísland, sem lagt var fyrir þjóðfundinn. Frumvarp það, er hann samdi, var að engu haft. En hins vegar var danskur maður, sem undir hann laut á skrifstofunni og högum Íslands var ókunnugur, látinn gera frumvarp það, sem Íslendingum var boðið.

Frumvarpi þessu var tekið svo á þjóðfundinum sem alkunnugt er, að bæði meiri hluti og minni hluti þeirrar nefndar, er í það mál var skipuð, taldi það óhafandi. En í þá nefnd var kosið eitt hið bezta mannval úr þinginu: *Jón Sigurðsson*, *Eggert* sýslum. *Briem*, *Hannes* prófastur *Stephensen*, *Jón* sýslum. *Guðmundsson*, *Kristján* bæjarfógeti *Kristjánsson*, *Halldór* prófastur *Jónsson*, *Jósef* læknir *Skaftason*, *Stefán* hreppstjóri *Jónsson*, er allir voru í meiri hluta nefndarinnar, og *Þórður* háyfirdómari *Sveinbjörnsson*, er gerði ágreiningsnefndarálit, og þó breytingartillögur hans gengi ekki mjög langt, miðuðu þær þó að því, að nema burtu allra afskaplegustu ákvæði frumvarpsins.

Meiri hluti nefndarinnar fór miklu lengra og tók málið frá rótum. Um réttarstöðu landsins farast þeim svo orð í nefndaráliti í stjórnarskipunarmálinu[1]):

»Saga Íslands er í því tilliti frábrugðin sögu flestra annara þjóða, að hún er hvað greinilegust í fornöld landsins. Tók það að byggjast seint á 9. öld, en snemma á hinni 10. öld skipuðu landsbúar stjórn sína; hélzt þjóðstjórnarskipulag það, er þá var samið, alt til þess að landið gekk undir Noregs konung 1264 eftir frjálsum sáttmála; hétu Íslendingar að gjalda konungi skatt, en áskildu sér aftur, að konungur skyldi halda þeim við íslenzk lög og að embættismenn skyldu innlendir vera, og sögðu sig lausa við samninginn, ef út af væri brugðið af hendi konungs. Ísland varð þannig frjálst sambandsland Noregs að því leyti það kom undir sama konung; hélt það stjórnarskipun sinni sér í lagi með löggefandi þingi, er líka hafði dómsvaldið á hendi. Árið 1380 varð sami konungur í báðum ríkj-

[1]) Þjóðfundartíðindi 496—498.

unum Noregi og Danmörku og unnu Islendingar þá Ólafi konungi Hákonarssyni hollustueið 1382; upp frá því varð Ísland sambandsland beggja ríkjanna, en stjórnarformið breyttist ekki í neinu. Voru konungar hyltir hér á landi sér í lagi og þannig var Friðrik hinn 3. hyltur hér 1649. Þannig fór og einvaldserfðahyllingin fram sér í lagi hér á landi 1662, að sínu leyti eins og í Noregi. Frá þeim tíma, eftir sem hinu ótakmarkaða einveldi jókst afl og magn, var farið að slengja saman hinni umboðslegu stjórn Noregs, Íslands og Danmerkur; þó hafði hvor af þessum hlutum einveldisins sín lög útaf fyrir sig, og í lagamálinu voru altaf nefnd 2 ríki Danmörk og Noregur, og við hliðina á þeim konungsins land Ísland, sem partur úr einveldinu, en ekki sem partur úr Noregi og því síður úr Danmörku. Að vísu munu finnast spor til þess, að það hafi verið af Dönum á seinni tímum álitið sem nýlenda frá Noregi, en þó margir af landnámsmönnum væru frá Noregi, þá gerði það engan mun í tilliti til réttinda landsins, því innbúar þess höfðu frelsi frá upphafi og voru engum háðir, bjuggu sjálfir til stjórnarlögun sína, er landið naut í nokkur hundruð ára, þangað til það gekk undir Noregskonung, en var þó sem heild út af fyrir sig, *jafnsnjalt Noregi í öllum greinum*. Löggjafarvaldið var þá í sameiningu hjá konungi og Alþingi, þó með þeim mismun, að konungur gat ekki eftir gamla sáttmála gefið lög án samþykkis þingsins, en þar á móti mátti þingið gera ýmsar samþyktir án þess að leita staðfestingar konungs. Þessu síðastnefndu valdi hélt Alþingi ekki einungis þangað til erfðahyllingin fór fram, 1662, heldur alt til þess þingið var lagt niður um næst liðin aldamót, jafnvel þó það neytti þess ekki á seinustu árunum. Stjórnarlagaskrá sú, sem þegnar Friðriks konungs hins 3. fólu honum á hendur að semja eftir stjórnarbreytinguna, er dagsett 14. Nóvember 1665 og nefnist konungalög; í þeim er það ákveðið í 19 gr. að ríkin Danmörk og Noregur, og öll önnur krúnunni tilheyrandi lönd skyldu vera óskift og ódeild, undir einum og sama einvöldum erfðakonungi; samt sem áður neyddist konungurinn til, 1814, að sleppa Noregi, en hélt eftir hinu forna sambandslandi Noregs, Íslandi, en við hvorugt þetta breyttist staða landsins, eða gat orðið breytt að neinu, í sambandi við ríkið; það hélt réttindum sínum eftir sem áður, og varð á engan hátt háð neinum öðrum hluta einveldisins.

Að öðru leyti má þess geta, að hvorki konungalögunum, né konungsbréfi frá 4. september 1709, er þau voru birt með, er þinglýst hér á landi«.

Hér af er það bert að þjóðfundarmenn vorir 1851 hafa haldið því skýrt og sköruglega fram, að Ísland hafi gengið sem *fullvalda ríki* undir konung, jafnrétthátt Noregi í öllum greinum, og það að Íslendingar gengu undir einveldið hafi hvorki gert né getað gert neina breyting á þjóðréttarstöðu landsins. Þetta er nákvæmlega hið sama, sem sambandsnefndarmenn vorir héldu fram í öndverðu og enn höldum vér fram, og sem svo er orðað í formála fyrir Ríkisréttindum Íslands »að allar þær breytingar, sem hafa orðið á stjórnarfari Íslands eftir að einveldið komst á, sé alveg þýðingarlausar fyrir ríkisréttindi landsins og réttarstöðu þess«[1]).

[1]) Það er þessi kenning, sem herra Dr. Knud Berlin ver löngu máli til að reyna að hrekja í bók sinni „Islands statsretslige Stilling efter Fristatstidens Ophör" Kh 1909. Að voru áliti hefur þetta alveg mistekizt fyrir honum, en Björn Magnússon Ólsen kallar þessa kenningu „öfgar" og telur að Berlin hafi hrundið henni „með fullum rökum" (Enn um upphaf konungsvalds á Íslandi, Reykjavík 1909 bls. 3). En fyrir þessari fjarstæðu og staðhæfingu færir Björn Ólsen engin rök.

Samkvæmar þessari skoðun eru og tillögur þjóðfundarmanna í frumvarpi því til stjórnarlaga fyrir Ísland, er þeir sömdu og lögðu fyrir þjóðfundinn. Upphaf frumvarps þessa hljóðar svo:

»1. Ísland hefir konung og konungserfðir saman við Danmörku. Hver önnur málefni skuli vera sameiginleg með Íslandi og Danmörku eða öðrum hlutum einveldisins, er komið undir samkomulagi.

2. Konungur tekur nafn Íslands í titil sinn«.

Ríkin áttu því ekki eftir þessu að hafa nein sameiginleg mál, nema um semdi, og ef ekki semdi, þá engin mál sameiginleg. Þjóðfundarmenn hafa því krafizt, að Ísland væri aðeins í konungssambandi einu og sú er krafa vor enn.

Slíkar eru kröfur þær, sem Íslendingar gera einmitt á þeim tímum, þegar þeir búast við því, að þeim sé gefið tækifæri til þess að segja til, hver réttindi þeir eigi að lögum og þeim sé kostur á að ná þeim og njóta þeirra.

En nú er öllum kunnugt, hversu þjóðfundur sá endaði árangurslaust og með hvatskeytlegum hætti. Honum var slitið í miðjum klíðum án þess að nokkurar lyktir kæmust á þetta mál og án þess að fundurinn fengi að taka frumvarp þetta til meðferðar[1]).

Jafnskjótt og það gjörræði spurðist út um héruð landsins, er þjóðfundarmenn og þetta höfuðmál landsins hafði verið beitt, risu landsmenn upp þegar í ársbyrjun 1851—1852 víðsvegar og sömdu bænarskrár, er þeir sendu konungi og hnigu að því »að nýtt frumvarp til stjórnarskipunarlaga hjá oss, bygt á áliti meiri hluta nefndarinnar (á Þjóðfundinum), verði, svo fljótt sem auðið er, samið og lagt fyrir fund í landinu sjálfu, er kosið sé til eftir kosningalögunum frá 28. September 1849«.

Slíkar bænarskrár komu að minsta kosti úr Árnessýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslu og úr öllum Austfjörðum, undirritaðar af samtals 2291 bændum og búþegnum í landinu[2]).

Árið 1852 var haldinn Þingvallarfundur, en þar er ekki að sjá, að stjórnlagamálinu hafi verið hreift, sem líklega hefir komið af því, að mönnum hefir þá enn þótt óséður árangurinn af áðurnefndum bænarskrám landsmanna[3]). En á Þingvallarfundi 1853 er gerð svo látandi áskorun til Alþingis:

»Að Alþingi beiðist, að konungur minnist sem fyrst réttinda vorra og heityrða sinna í bréfi sínu frá 23. September 1848, og geri oss hluttakandi í stjórnarbót þeirri, er hann hefir gefið samþegnum vorum í Danmörku, á þann hátt:

a. að hann veiti Alþingi voru löggjafarvald með sjálfum sér í innlendum málum;

---

[1]) Um það, sem gerðist á þjóðfundinum, eru prentuð tíðindi frá Þjóðfundi Íslendinga árið 1851, Rvík 1851. Um þjóðfundinn er og prentuð sérstök ritgjörð í Andvara XXVII. 1—34 eftir Hannes Hafstein; ennfremur hefir Klemens landritari látið prenta ýms fróðleg skjöl og skýrslur um Þjóðfundinn í Andvara XXXI. 32—60; XXXII. 146—160. Þeir Jón Sigurðsson og Jón Guðmundsson höfðu af Þjóðfundarins hendi borið fram skýrslu og bænarskrá fundarmanna fyrir konung. Skýrsla um sendiför þeirra er prentuð í Þjóðólfi 1853, V. ár, 63—66.

[2]) Þó stendur undir bænarskránni úr Skagafjarðarsýslu „Benedikt Sveinsson stud. art.“; er það Benedikt Sveinsson síðar assessor, sýslumaður og alþingismaður um 40 vetra, og kemur hann hér í fyrsta skifti við landsmál, þá 25 ára gamall.

[3]) Þjóðólfur IV. 345—350; Ný Tíðindi (1851—1852) bls. 75—76.

b. gefi oss innlenda landstjórn;
c. hafi íslenzkan ráðgjafa í öllum málum Íslands;
d. en veiti oss atkvæðisrétt í öllum sameiginlegum málum konungsveldisins«[1]).

En alt kom fyrir ekki og stjórnin gerði ekkert til þess að sinna málinu, og liðu þá fram langir og þungir tímar um hríð. Tóku landsmenn þá þann upp, þegar ekki var sint réttmætum kröfum, að leita meir lags um það að fá þó eitthvað af kröfum sínum heldur en ekki neitt. Að vísu verður ekki séð, að Þingvallarfundur 1854 og 1855 hafi hreift stjórnmálinu[2]). 1856 varð enginn Þingvallarfundur[3]). Síðan voru engir Þingvallarfundir haldnir hin næstu ár, en á Þingvallarfundi sem þá var næst haldinn, 1861, var stjórnarmálið tekið til meðferðar, og bænarskrá um það send til Alþingis[4]), og er nauðsynjalaust hér að rekja út í æsar það mál úr þessu. Landsmenn leituðu sér hagræðis að fá þær bætur, sem frekast væri unt á stjórnarfarinu, án þess þó að sleppa nokkru af réttindum landsins. Lyktirnar á þeirri viðleitni urðu þær, sem kunnugt er, að ríkisþingið danska tók sér þá bíræfni upp á sitt eigið eindæmi, að gefa út hin svo nefndu lög um stöðu Íslands í ríkinu 2. Janúar 1871, sem Íslendingar mótmæltu þá jafnharðan sem valdboðinni lögleysu. Síðan var stjórnarskráin gefin út 5. Janúar 1874 af konungi, svo sem einvaldskonungi yfir þessu landi, og að henni höfum vér búið síðan með breytingum þeim, sem á hana féllu 1903.

Í stjórnmálabaráttunni síðan 1851 hafa í rauninni aldrei komið fram jafnfullar og afdráttarlausar hinar fornu kröfur landsmanna um þjóðréttindi landsins eins og þá, fyrri en á Þingvallarfundinum 1907. Þó gættu menn jafnan þess, að fyrirgera ekki neinum þjóðréttindum landsins. Þingvallarfundur 1907 var fortakslaust hinn allra fjölsóttasti Þingvallarfundur, sem haldinn hefir verið. Þar eru kröfurnar gerðar samkvæmt hinum fornu sáttmálum og réttindum landsins. Þá hafði verið nýbúið að ráða skipun nefndar þeirrar, af hendi Dana og Íslendinga, er að verki varð með skipunarbréfi konungs 30. Júlí sama ár »til undirbúnings ráðstöfunum til nýrrar löggjafar um stjórnskipulega stöðu Íslands í veldi Danakonungs«. Höfðu margir haldið því fram, að nefnd þessa skyldi ekki skipa fyrri en nýjar kosningar í landinu hefðu fram farið, er sérstaklega væru miðaðar við þetta mál. Laut því samþykt Þingvallarfundarins að þessu efni jafnframt hinu. En »*samþykt þjóðfundarins á Þingvöllum 29. Júní 1907*« hljóðar á þessa leið:

---

[1]) Þjóðólfur V. 49—50, 109—112; Norðri I. 32, 50—51; Ingólfur (eldri) Nr. 11, bls. 49—51.

[2]) Þjóðólfur VI. 239—240, 247—249; VII. 105—108, 132—134.

[3]) Þjóðólfur VIII. 110—111; Tíminn II. 65 (neðanmáls).

[4]) Þjóðólfur XIII. 121—123; Íslendingur (eldri) II. 67. — Þingvallarfundir hafa síðan verið haldnir þessir: *1862* (Þjóðólfur XIV. 123—124, 139—141, 149—152; Íslendingur III. 55, 63, 68), *1864* (Þjóðólfur XVI. 127—128. 165—171; Íslendingur IV. 17), *1873* (Þjóðólfur XXV. 127, 134—135, 140—141, 169—170; Víkverji I. 9—10, 23—25, 30—33, 45—46; Tíminn II. 65), *1874* (Þjóðólfur XXVI. 98—100, 143—144, 184—187; Víkverji II. 160—162), *1876* (Þjóðólfur XXVIII. 87, 90, 94; Ísafold III. 24, 41, 66—68, 103—104, 106—107; Norðlingur I. 176—177, 202), *1885* (Þjóðólfur XXXVII. 23—24, 27, 101—102; Ísafold XII. 21, 38, 77, 110—111; Suðri III. 71—72; Fróði VI. Nr. 164 bls. 157—160; Austri (hinn eldri) II. 42—43, 50—63; Fjallkonan II. 49), *1888* (Þingvallafundartíðindi útg. í Rvík 1888 og skýrslur í blöðunum það ár), *1895* (skýrslur í blöðunum það ár) og *1907* (skýrslur í blöðunum það ár). Ágrip af sögu Þingvallarfundanna er prentað í Ísafold XXXIV. Nr. 37, 38, 41. Sbr. Tíminn II. 71.

»1. a. Fundurinn krefst þess, að væntanlegur sáttmáli við Dani um afstöðu landanna sé gerður á þeim grundvelli einum, að Ísland sé frjálst land í konungssambandi við Danmörku, með fullu jafnrétti og fullu valdi yfir öllum sínum málum. En þeim sáttmála má hvor aðili um sig segja upp. — Fundurinn mótmælir allri sáttmálagerð, er skemmra fer, og telur þá eigi annað fyrir höndum en *skilnað* landanna, ef eigi nást slíkir samningar, sem nefndir voru.

b. Fundurinn telur sjálfsagt, að Ísland hafi sérstakan fána og felst á tillögu Stúdentafélagsins um gerð hans.

c. Fundurinn krefst þess, að þegnréttur vor verði íslenzkur.

2. Sökum þess að Alþingi var eigi rofið þegar afráðið var að skipa samninganefnd í sjálfstæðismálinu, skorar fundurinn á Alþingi og stjórn að sjá um, að nefndin verði eigi skipuð fyrr af Íslands hálfu, en kosið hefir verið til Alþingis af nýju«.

Vér skulum ekki fara út í langt mál um það, að nefnd, bæði af íslenzkum alþingismönnum og dönskum ríkisþingsmönnum, var með konungsúrskurði skipuð »til undirbúnings ráðstöfunum til nýrrar löggjafar um *stjórnskipulega stöðu Islands í veldi Danakonungs*«. En vér verðum að líta svo á, að um *þetta* atriði ættum vér ekki að þurfa að semja við aðra en konung vorn. Vér skoðum það svo sem hann sé enn einvaldur í öllum þeim málefnum Íslands, er hann hefir eigi takmarkað vald sitt í með stjórnarskrá landsins frá 5. Janúar 1874. Hefði þessa nefnd verið að skoða einungis sem ráðunaut fyrir konung í þessu máli, og að gjörðir nefndarinnar því næst hefðu verið lagðar fyrir Alþingi og konungur og Alþingi síðan útkljáð málið í sameiningu, þá teljum vér, að það atferli hefði verið samboðið þjóðréttindum landsins. Hitt sjáum vér eigi, að það liggi að neinu leyti undir afskifti eða aðgjörðir ríkisþingsins danska að ákveða það, hver réttarstaða landsins sé, og því álítum vér, að Frumvarp það um þetta efni frá greindri nefnd hefði ekki átt að leggja í heild sinni fyrir ríkisþingið danska. Vér álítum, að konungur og Alþingi eigi í sameiningu að gera út um það, hver þjóðréttarstaða Íslands sé. Það eina atriði í þessu máli, sem vér ætlum, að sé samningsefni af vorri hálfu við hið danska löggjafar- og fjárveitingarvald, eru hin gömlu skuldaskifti milli Íslands og Danmerkur. Eigi að síður erum vér fullvissir um það, að konungi vorum hefir gengið gott eitt til að vilja hrinda málinu áfram til úrgreiðslu í þessu horfi. Og því höfum vér, í heiður við konung vorn, viljað taka þetta málefni, sem varðar Ísland svo miklu, til sæmilegrar meðferðar og gaumgæfilegrar íhugunar, til þess að ótvíræður vilji þingsins mætti nú koma fram í málinu.

Kröfur þær á bls. 23 í gjörðum nefndarinnar, sem hafðar eru eftir einum af nefndarmönnunum (L. H. Bjarnason), — þar sem meðal annars er farið fram á að endurskoða hin svo nefndu stöðulög frá 2. Janúar 1871, — og talið er, að Íslendingar gerðu »*með tilliti til* **stöðu landsins í hinu danska ríki**«, teljum vér allsendis ónógar og ósamboðnar þjóðréttarstöðu Íslands, þeirri, sem vér ætlum, að því beri að lögum. Öðru máli er að gegna um kröfur þær, er

íslenzku nefndarmennirnir í sameiningu settu fram í nefndinni 7. Marz. Þær kröfur eru í öllum höfuðatriðum í samræmi við réttarstöðu þá, sem Íslendingar hafa jafnan talið, að landið ætti að réttum og órofnum lögum. Í þessum kröfum hafa nefndarmenn því rekið vel og rækilega erindi landsins. Geta þeir þess að upphafi, »að hið danska löggjafarvald sé að lögum ekki bært að setja lög, er gildi á Íslandi«. Síðan mæla þeir svo: »Skoðun þessi á rót sína að rekja til sannfæringarinnar um það, að íslenzka þjóðin hafi aldrei að lögum afsalað sér í hendur nokkurri annari þjóð fullveldi því, er Ísland ómótmælt átti við að búa sem allsherjarríki um margar aldir. Að vísu gekk Ísland frá lýðstjórninni og tók við konungsstjórn, þegar að landið með sáttmálanum 1262 (Gamla sáttmála) gekk á hönd Hákoni Noregskonungi Hákonarsyni, en það var fjarri því, að landið með þessu játaði sig undir, eða innlimaðist í Noregsríki. Það var öðru nær; menn áskildu sér að halda frjálsri stjórnarskipun með íslenzkum lögum og landsstjórn og bundu trúnaðareiða sína til konungs tilteknum ákvæðum, og skyldi það vera skilyrði fyrir því, að þegnskyldan héldist, að konungur gætti þess, er áskilið var. Þá er konungum þeim, er hér á eftir komu til ríkis, voru unnir hollustueiðar, voru endurteknar kröfurnar um hin gömlu stjórnarskipunarréttindi, einnig eftir að Ísland eins og Noregur, er Ólafur konungur Hákonarson kom að ríki, var komið í samband við Danmörku; dönsku konungunum öllum voru unnir hollustueiðar á Alþingi sérstaklega að því er til Íslands kom; þannig t. d. Friðrik III. árið 1649. Einnig var einvaldanum unninn arfhyllingareiður sérstaklega á Íslandi á líkan hátt og í Noregi, en við eið þennan er ýmislegt að athuga að því er Ísland snertir, og fengu menn þá konungi í hendur þau af landsins »fríheitum«, »sem kann finnast að stríða í mót Majestatis rétti, ellegar maklega má þýðast að vera í mót Maiestatis réttri einvaldsstjórn og fullkomnum ríkisráðum«. En er einveldið komst á, breyttist að lögum að eins aðstaða Íslands til konungsveldisins, en aftur á móti ekki aðstaða þess til hinna annara landa, er konungi lutu. Öðru máli að gegna er það, að smám saman, eftir því sem einveldið magnaðist, var umboðsstjórn Íslands af handahófi slengt saman við umboðsstjórn Danmerkur og Noregs, svo að hin dönsku stjórnarvöld oft og einatt fóru með íslenzk mál um leið og mál hinna annara landa, en öll löndin, Danmörk, Noregur og Ísland, áttu sína sérstöku löggjöf, og »konungsins land Ísland« er í lagamálinu jafnsett hinu danska og norska ríki, en ekki skoðað sem dilkur eða hluti hvorugs(!) þessara ríkja.

Að vísu verður því eigi neitað, að Ísland var oft nefnt á ýmsa vegu og ýmislega með það farið, stundum jafnvel sem nýlendu, landshluta, skattland eða »hjálendu« o. s. frv.; en þótt þróttur landsmanna þverraði, og það fengi eigi haldið uppi rétti sínum vegna fátæktar þeirrar og niðurlægingar, er að nokkru leyti leiddi af sorglegri vanstjórn og óheppilegum ráðstöfunum, þá er það þó kunnugt, að íslenzka þjóðin hefir aldrei lagt samþykki sitt á nokkuð það, er með réttu mætti skýra svo, að hún hafi gerzt undirlægja annarar þjóðar. . . . . Að venja sjálfráðrar umboðsstjórnar í ýmsum stjórnardeildum getur eigi haft lögmæta þýðingu að því er kemur til stjórnarlegrar réttarstöðu einnar þjóðar gagnvart annari, á því virðist enginn efi geta leikið.

Það virðist og liggja í augum uppi, að íslenzka þjóðin gat eigi mist neitt af rétti sínum, né heldur orðið undirlægja annarar þjóðar fyrir það eitt, að ein-

veldið leið undir lok. Í því, að landið tók við einvaldsstjórn, lá eigi minsta heimild til þess, að konungur gæti afsalað sér réttindum landsins í hendur nokkru öðru valdi; og það er eigi heldur kunnugt, að konungur hafi látið sér slíkt um munn fara eða ætlað sér það. Úr því að svona stendur á, mætti það þykja furðu gegna, að sú kenning gat komið fram, að hið danska löggjafarvald, er einveldið leið undir lok og þingskorðuð stjórn komst á í Danmörku, umsvifalaust hafi náð því, að geta farið með mál Íslands svo réttmætt væri, meira að segja einhliða gjört ákvæði um réttindi þau, er landinu voru lífsskilyrði, án þess að samþykki þess kæmi til. . . . . .

Gagnstætt þeirri kenningu, að Ísland hafi engan frekari rétt til sjálfsstjórnar en þann, er hið danska löggjafarvald vill unna því, svo lengi og á þann hátt, er það kveður á um, verðum vér að halda því föstu, sem grundvelli fyrir samningum um stjórnskipulega stöðu Íslands í veldi Danakonungs, að Ísland *de jure* sé frjálst land undir krúnu Danmerkur konungs með fullræði ásamt konungi yfir öllum málum sínum öðrum en þeim, er með samningi milli Danmerkur og Íslands séu eða kynnu að verða Danmörku falin til sérlegrar umsjónar«.

Nefndarmenn vorir hafa því eftir því, sem nú var talið og eftir þeim hefir nú verið haft með þeirra eigin orðum, farið vel á stað. Röksemdir þeirra hafa af engum síðan verið hraktar með neinum nýtum rökum. Að meiri hluti þeirra að lyktum gekk að öðrum lakari kostum fyrir landsins hönd, á þess vegna, að vorri ætlun, rót sína í því, að þeim hefir verið það stórum hugleikið, að komast að *nokkurri* niðurstöðu og því gengið að þeim kjörunum, sem skást fengust, úr því að þess var enginn kostur að ná þeim réttinum, sem Ísland á að lögum. Að hinu göngum vér vísu, að þeir hafi ekki látið sannfærast af neinu því, er fram kom í nefndinni af tilraunum til þess að hnekkja skýlausum rétti landsins.

En nú er á það að líta, hvort kostir þeir, sem í boði eru í Frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru þess virði, að það borgi sig fyrir Íslendinga að semja af sér fyrir alda og óborna þau þjóðréttindi, sem þeir eiga að réttum og órofnum lögum. Og þá er að gæta þess, hve mikið oss er veitt og hve miklu er enn fyrir oss haldið af þjóðréttindum vorum.

Ísland er að réttum og órofnum lögum frjálst og fullveðja ríki. — Þetta er *ekki* viðurkent með Frumvarpinu.

Ísland hefir samkvæmt fornri — og að réttum og órofnum lögum óbreyttri — þjóðréttarstöðu sinni rétt til þess, að vera í sambandi við Danmörku að eins um konunginn einn. — Þessum rétti nær það *ekki* með Frumvarpinu.

Ísland hefir að réttum og órofnum lögum rétt til þess, að ráða sjálft öllum málum sínum, svo utanríkismálum sem öðrum. — Þetta fæst *ekki* með Frumvarpinu.

Ísland hefir að réttum lögum og fornum sáttmálum engin hermál. — Eftir Frumvarpinu skal það hafa hermál sameiginleg með Dönum.

Á þessum atriðum sjáum vér eftir Frumvarpinu enga von að geta ráðið bætur nokkuru sinni síðan, ef það yrði að lögum óbreytt.

Ef ágreiningur verður milli ríkjanna um það, hvort mál sé sameiginlegt eða ekki, og gjörðarmenn koma sér eigi saman um oddamann, þá skal samkvæmt Frumvarpinu dómsforseti hæstaréttar hins danska vera sjálfkjörinn oddamaður. Köllum vér þetta óhæfilegt misrétti, og ekki þykir oss það bærilegra

— nema að óbærilegra sé — fyrir þá skuld, að sambandsnefndarmenn *vorir* stungu upp á þessu ákvæði.

Öll þessi atriði eru svo gjörsamlega óhafandi að voru áliti, að þau eru ein ærin, þó að ekki væri annað að Frumvarpinu, til þess að ekkert viðlit getur, að voru áliti, verið fyrir Íslendinga að ganga að því eins og það nú liggur fyrir þinginu. En auk þessa eru mörg önnur ákvæði Frumvarpsins sumpart beinlínis svo löguð og sumpart svo ónóglega skýr, að ekki getur verið í mál takandi, að voru áliti, að ganga að þeim óbreyttum. Að vísu hefir meiri hluti sambandsnefndarmanna vorra haldið því fram, að með Frumvarpinu yrði Ísland fullveðja ríki, en því höfum vér og flokksmenn vorir jafnan mótmælt, og sýnt fram á það með rökum, að eftir Frumvarpinu væri það gjörsamlega heimildarlaust. Það er forðast í Frumvarpinu endanna í milli að nefna Ísland nokkursstaðar ríki og því síður er það talið fullveðja. Hins vegar eru Dönum með því afsöluð til meðferðar um aldur og ævi utanríkismál landsins og hermál og landið þar með að vorri skoðun innlimað Danmerkur ríki alla ókomna daga, og svo hafa góðir lagamenn einnig skilið það.[1]) Og Danir sjálfir hafa nú fyrir laungu lýst því yfir, að meiri hluti íslenzku sambandsnefndarmannanna hafi haft rangt fyrir sér um þetta efni, og að skilningur vor og flokksmanna vorra væri réttur. Kemur það meðal annars fram í »Nationaltidende« 25. Sept. 1908, einu af hinum merkari »hægri« blöðum Dana. Þar segir svo: »Það er vísindalegt orðsatriði, hvort menn vilja kalla Ísland »ríki« eða ekki eftir sambandslaganefndaruppkastinu; um það er hægt að deila og um það hefir verið deilt. . . . Hins vegar er það ómótmælanlegt, að Íslandi er eftir Uppkastinu ekki ætluð sú staða að vera fullveðja »ríki«.[2]) Og nú á hinum síðustu tímum hefir hinn danski ritari sambandsnefndarinnar Dr. Knud Berlin hvað eftir annað lýst sama efni yfir, bæði fyrir sig og dönsku sambandsnefndarmennina, og tekið það meðal annars harðlega fram, að skýringar þær allar til sjálfstæðis, er bygðar hefði verið á því, að danski og íslenzki textinn voru ekki vel samhljóða, og íslenzki textinn oss hagfeldari, væri, eins og allar skýringar meiri hluta sambandsnefndarinnar, þar sem þá greindi á við oss, með öllu heimildarlausar, og að Íslandi væri ekkert fullveldi ætlað með Frumvarpinu.[3]) Enn er við það kannast af Dr. Knud Berlin, að fiskiveiðaréttur vor sé samkvæmt Uppkastinu jafnvel verri en eftir því, sem Danir hafi ætlað að skamta oss í hinum svo nefndu Stöðulögum frá 2. Janúar 1871, því að eftir 3. gr. þeirra sé fiskiveiðarnar sérmál Íslands, og geti Íslendingar því bannað öllum öðrum en Íslendingum allar fiskiveiðar í landhelgi Íslands.[4])

---

[1]) Sbr. Magnús Arnbjarnarson: Sambandsfrumvarpið gagnrýnt, Rvík 1908 bls. 25. Sbr. einnig grein eftir Bredo Morgenstjerne í „Aftenposten" (Kristjania) $^{25}/_{8}$ 1908.

[2]) „Om man efter Kommissionsforslaget vil kalde Island en „Stat" eller ikke, er et terminologisk Spörgsmaal, hvorom der vel kan tvistes og allerede er blevet tvistet. . . . Derimod er det ubestrideligt, at Kommissionsforslaget ikke tillægger Island Stilling som en „suveræn" Stat".

[3]) „Dannebrog" 1., 16., 18., 20., 22. og 27. Marts 1909.

[4]) „Dannebrog" 18. Júní 1908. — Gæzlu fiskiveiða sinna, segir annar eins þjóðréttarfræðingur og *Jellinek* prófessor í Heidelberg, að Íslendingar geti gagnvart öðrum þjóðum vel haft. Einungis þurfi þeir með þjóðasamningi, að tryggja sér það, að *gæzluskip* þeirra, þegar þau fari út fyrir landhelgina í lögerindum sínum, sé jafnrétthá og *herskip* annara þjóða, og telur hann, að auðvelt muni að fá þá viðurkenningu. Eru orð hans svo á frummálinu (rituð Poestion Regierungsrath í

Af öllum þeim er um Frumvarp þetta hafa ritað, hafa fáir gert það jafnskýrt sem prófessor *N. Gjelsvik*, norrænn maður, og fáir hafa sýnt það með færri og ljósari orðum, hve fjarri það væri því að veita oss þau þjóðréttindi, sem vér eigum að lögum, jafnframt því, sem hann sýnir hver þau réttindi tvímælalaust sé, og hvernig samband það við Danmörku megi vera, sem þeim sé samboðið.[1]) Vér látum því prenta ritgerð þessa manns meðal fylgiskjala þeirra, er vér nú látum verða samferða þessu nefndaráliti, en það eru flest forn gögn þjóðríkisréttinda vorra, er oss þykir rétt að helga nú stað í þingtíðindum landsins, enda er þar handhægt að þeim að ganga fyrir Alþingi í framtíðinni.

Af því, sem nú hefir um hríð verið tjáð og talið hér, mætti ætla að trú flestra manna á Frumvarp þetta sem hentugan sáttmála Íslendingum til handa væri heldur farin að dofna. Danskir rithöfundar hafa að lyktum lýst því, að þetta sé innlimunarsamningur, og Danir sé með frumvarpinu að innlima oss Danmörku um alla ókomna tíð, og vér sjáum, að góðir menn og óhlutdrægir, sem áður héldu Frumvarpi þessu fram í góðri trú, hafa nú gefizt upp á því, og gera ráð fyrir að það verði felt.[2]) Ekki viljum vér þó — til þess að girða ekki fyrir hagfeldari samninga, ef svo mætti verða, úr því út á þessa braut var lagt — ráða hinni háttvirtu deild til þess að fella Frumvarp þetta með öllu. Vér höfum því tekið þann upp að gera breytingartillögur við Frumvarpið, er vér ráðum deildinni til að samþykkja; fara þær í nokkuð svipaða stefnu og breytingartillögur minni hlutans í sambandsnefndinni (Skúla Thoroddsens), og miða allar að því, að fullveldi Íslands sem ríkis sé trygt í konungssambandi einu við Danmörku, og að öll önnur sambandsmál Íslands og Danmerkur sé falin Danmörku fyrst um sinn til meðferðar sem umboð, sé öll uppsegjanleg, nema konungssambandið eitt, og að eingum fornum réttindum lands vors sé afsalað. Er þó farið svo höglega í kröfurnar af vorri hendi, sem oss þótti frekast fært, að ekki yrði spilt fyrir því að samkomulagstilraunir mættu enn takast.

Fyrir hverri einstakri breytingartillögu hirðum vér ekki að gera sérstaklega grein hér, en geymum það framsögunni í málinu.

Vínarborg, en hann hefir aftur ritað þau orðrétt Gísla lögfræðingi Sveinssyni $^{8}/_{11}$ 1908): „Auf welche Weise Island seine Fischereiinteressen sichern will, bliebe allerdings ihm überlassen; nur müssten durch internationale Verträge die isländischen Polizeischiffe, wenn sie ausserhalb des Territorialmeeres andern Nationen gegenüber Autorität entfalten wollen, den Kriegsschiffen der andern Nationen gleichgestellt werden, was meines Erachtens unshwer zu erreichen wäre". Sbr. ritgerð Gísla Sveinssonar í Ingólfi $^{31}/_{1}$ 1909.

[1]) Vér fáum ekki séð, að Dr. Knud Berlin hafi á neinn hátt í greinum sínum í „Berlingske Tidende" 14. og 17. Des. 1908 „Det norske Maalstræv og Island" tekizt að hnekkja í neinu kenningum Gjelsviks.

[2]) Sbr. grein Ragnars Lundborgs í blaði hans „Upsala" 17. Marts 1909.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um ríkisréttarsamband Danmerkur og Íslands.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin »Ísland er frjálst . . . . veldi Danakonungs« komi:
»Ísland er frjálst og fullvalda ríki í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er dönsk stjórnarvöld fara með í umboði Íslands samkvæmt sáttmála þessum.«
2. — 2. — Fyrir orðin (í 1. línu) »er gildir« komi: »er nú gildir«.
3. — 2. — (1.—2. lína). Orðin »rétt konungs . . . . í öðrum löndum« falli niður.
4. — 2. — (í 3. línu). Orðið »ófullveðja« falli niður.
5. — 2. — (í 3.—4. línu). Orðin »svo og . . . . ríkisarfi til« falli niður.
6. Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein svo látandi: »Sé konungur ófullveðja, gilda einnig hin sömu ákvæði og nú í Danmörku, þangað til löggjafarvald Íslands gerir þar um aðra skipan«.
7. — 3. — (í 1. línu). Fyrir orðin »sameiginleg mál« komi »sambandsmál«.
8. — 3. — (2. liður). Fyrir orðin »Enginn þjóðasamningur, ... samþykki« komi: »Enginn þjóðasamningur er snertir íslenzk mál, skal gilda fyrir Ísland, nema rétt stjórnarvöld íslenzk eigi þátt í og leggi samþykki til«.
9. — 3. — 3. liður (»Hervarnir . . . . 1874«) falli niður.
10. — 3. — 4. liður orðist svo: »Gæzla fiskiveiða í landhelgi Íslands, að óskertum rétti Íslands til að auka hana«.
11. — 3. — Aftan við 4. lið bætist ný málsgrein:
a. (eftir tillögu J. Þ., B. J. og B. Sv.).
»Endurgjald fyrir gæzlu þessa greiðir Ísland eptir því, sem málsaðilum kemur saman um með sérstökum samningi, er leggist fyrir Alþingi til samþykkis.«
b. (eftir tillögu Sk. Th., Ó. Br. og S. G.):
»Meðan Danir annast strandvarnirnar njóta þeir jafnréttis við Íslendinga, að því er til fiskveiða í landhelgi Íslands kemur, nema um annað endurgjald semji«.
12. — 3. — 5. liður (»Fæðingjaréttur . . . . landa«) falli niður.
13. — 3. — Við 7. lið. Fyrir orðin »þegar gjörð . . . . . íslenzkum málum« komi: »þangað til löggjafarvald Íslands setur á stofn æðsta dóm í landinu sjálfu«.
14. — 3. — 8. liður (»kaupfáninn út á við«) falli niður.
15. — 4. — 4. grein (»Öðrum málefnum . . . . um málið«) falli niður.
16. — 5. — Fyrsta málsgrein orðist svo: »Danir heimilisfastir á Íslandi skulu njóta fulls jafnréttis við Íslendinga og Íslendingar heimilisfastir í Danmörku jafnréttis við Dani.«
17. — 5. — (Tillaga J. Þ., Bj. J., B. Sv.). Orðin »Þó skulu . . . óbreytt« falli niður.

18. — 5. — Orðin »Svo skulu . . . . er í gildi« falli niður.
19. — 6. — Fyrri málsgrein orðist svo: »Í umboði Íslands fara dönsk stjórnarvöld með mál þau, er talin eru í 3. gr., unz uppsögn fer fram af annari hvorri hálfu, samkvæmt fyrirmælum 9. greinar« (er nú verður 7. gr.).
20. — 7. — Fyrir orðin (í 1. málsgr.). »Meðan Ísland tekur engan . . . . fé á konungsborð« komi: »Meðan Ísland tekur ekki frekari þátt í meðferð sambandsmálanna en um getur í 3. gr., tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau, nema hvað Ísland leggur fé á konungsborð«.
21. — 8. — Greinin falli niður.
22. — 9. — Greinin orðist svo:
»Með eins árs fyrirvara getur Ríkisþing Dana og Alþingi hvort um sig sagt upp sáttmála þessum að nokkru leyti eða öllu, þá er 25 ár eru liðin frá því, er hann gekk í gildi. Ákvæði sáttmálans um konungssamband, sem og um borðfé til konungs og konungsættmenna, verður þó eigi sagt upp«.
23. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: »Frumvarp til laga um samband Íslands og Danmerkur.«

Alþingi 21. apríl 1909.

Jón Þorkelsson skrifari og framsögum.
Sigurður Gunnarsson
Benedikt Sveinsson
Bjarni Jónsson frá Vogi.

Með þeirri athugasemd, að undirritaður byggir tillögur sínar um málið þó aðallega á siðferðislegum rétti hverrar þjóðar, til að ráða sjálf að öllu leyti öllum sínum málum, án íhlutunar annara þjóða.

Skúli Thoroddsen
formaður.

Ósamþykkur röksemdaleiðslu nefndarálitsins, að því leyti sem þar er haldið fram þeim skilningi sambandslagafrumvarpsins, er gengur í þá átt að gera sem minst úr réttindum Íslands samkvæmt frumvarpinu og þar með fenginni viðurkenningu Dana fyrir þeim réttindum, og tel mjög varhugaverðar tilvitnanir í þar að lútandi skýringar innlendra og útlendra rithöfunda (einkum dr. Knud Berlin).

Ólafur Briem.

Fylgiskjöl

við nefndarálit meiri hlutans í sambandsmálinu.

1.

Samningur Íslendinga við Ólaf konung digra (1022) *um rétt Noregskonungs á Íslandi og rétt Íslendinga í Noregi, svarinn af Gizuri biskup Ísleifssyni og 8 mönnum öðrum* (1083) *eptir því sem Ísleifr biskup Gizurarson og menn með honum höfðu svarið* (1057).

I. Eptir Konungsbók, frá hér um bil 1250.

[Grágás II. Khöfn 1829, bls. 407—410. — Noregs gamle Love I, 437—438. — Grágás, útg. af Vilhjálmi Finsen II, 195—197. — Ísl. Fornbréfasafn I. Nr. 16 og 21 A.]

Frá rétt Noregskonungs á Íslandi.

Sá er réttr konungs ór Noregi á Íslandi, at sjálfstefnt skal sokom hans vera ok at logom þar lands manna sœkja. Lög ok rétt skolo hans menn þar hafa slíkan sem landsmenn. Arf skal taka á Íslandi frændi eða félagi. En ef þeir ero eigi til, þá skal bíða þaðan erfingja.[1])

Um rétt Íslendinga í Noregi.

Íslendingar eigo at hafa hölds rétt í Noregi.

Arf eigo at taka í Noregi af Íslandi næsta brœðra, slíkt konor sem karlar, eða nánari menn. Eiðr þriggja manna skal sanna frændsemi, þá er menn vilja þess beiða. Enn ef eigi er hér arftokomaðr, þá skal halda hér fé þat sá maðr vetr þrjá, er hann var í húsom með, nema fyrr komi næsta brœðri eða nánari maðr.

Íslendingar skolo engi toll gjalda í Noregi, nema landaura eða varðmonnom í kaupangom. Karlmenn frjálsir, þeir er fullan rétt eigo, skolo gjalda landaura, vi feldi ok vi álnir vaðmáls, eða hálfa mörk silfrs. Þá er komit til þess gjalds,er menn koma í akkeris sát eða í landfestar.

Íslendingar eigo í Noregi at njóta vatz ok viðar. En þar at eins eigo þeir at höggva við þann allan er þeir vilja, er konungs mörk er.

Þá ero Íslendingar skyldir útfarar með konungi, er herr er víss í Noregi ok almenningr er úti. Þá skal eptir silja hinn þriði hverr, enn tveir fara. Noreg ero Íslendingar skyldir at verja með konungi, en eigi til lengri herferða.

Eigi skal taka þat fé af Íslendingum í Noregi, er tæmiz í annars konungs veldi.

Útför eigo Íslendingar til Íslands, nema víss sé herr í Noregi. En Íslendingar eigo at fara af síno landi til hvers lands, er þeir vilja.

En ef Íslendingar gjalda landaura í eyjom eða á Hjaltlandi, þá ero þeir eigi skyldir at gjalda aðra landaura í Noregi, nema þeir fari út á milli.

Karlmaðr hverr á utan at fara heill og hraustr, er landaura má gjalda. En búferla eigo utan at fara þeir, er ómogom sínom mego vörð um veita ok útgerþir þær gera. Ok kona hver, sú er fylgir bóanda sínom eða feðr eða søne eða bróðor, ef hún á þrjár merkr fjár.

Ef útlendr maðr andaz hér, þá skal húsbóandi taka af sex aura talþa til þurftar honum. En síþan skal hann láta húsfasta menn fjóra, þá er næstir ero á tvær hendr, virða fé þat. Ef næsta brœðri eða nánari maðr kømr til, þá skal hann æsta taks at Bjarkeyjarrétti til mótz. Taksæstingar váttar ero eigi skylldir at vinna eiþa, ef húsbóandi gengr í gegn taksæstingo á móti. Frændsemi skal sá maðr telja, er fé heimtir, með sér ok enom dauða ok vinna eið at, ok svá at því, at hann tekr þat fé til úthafnar ok vill erfingjom færa á næsta sumri ef hann má. Sannanarmenn hans tveir skolo eiða vinna, at sú er frændsemis tala sönn, ok ero þeir eigi skylldir

1) Sbr. Grágás, Finsensútg. I, bls. 228—229; II. 197—199.

at telja fræn(d)semi, ok eigi at fela fleira undir eið. Þá eigo býjarmenn at leggja dóm á ok veita vápnatak at. Síðan skal húsbóandi reiða fé af hendi ok leggja eið á at þat fé (er) alt af hendi goldit, er hinn dauði átti.

Ef maðr týnir svá fé síno at hann á eigi hag at gjalda alla landaura, þá er hann eigi skyldr at gjalda.

Ef þeir menn verða sæhafa í Noreg, er vart hafa til Grønlands eða fara í landaleitan, eða slítr þá út frá Íslandi, þá er þeir vildi fœra skip sín milli hafna, þá ero þeir eigi skyldir at gjalda landaura.

Þann rétt og þau lög gaf Ólafr hinn helgi konungr Íslendingom, er hér er merkþr. Gitzor byskop ok Teitr filius eius, Marcus, Hreinn, Einarr, Björn, Guðmundr, Daði, Hólmsteinn, þeir svóro þess, at Ísleifr byskop ok menn með honom svörðo til þess réttar, sem hér er merkþr, at þann rétt gaf Ólafr enn helgi Íslendingom eða betra.

II. *Eptir Skinnastaðabók frá c. 1480.*

[Ísl. Fornbréfasafn I, Nr. 21 B. — Grágás, Skálholtsbók og en Række andre Haandskrifter, útg af Vilhjálmi Finsen, Khöfn 1883 bls. 463—466].

Um skyll[dur ok réttindi Íslendinga í Noregi].

Í þenna tíma urðu eigi á sáttir Noregsmenn ok Íslendingar, hvern rétt Noregsmenn ætti á Íslandi eða Íslendingar í Noregi, ok til mikilla þyngsla þótti horfa, bæði um siglingar þangat ok aðra hluti. Þá sór Gizur biskup eið ok Teitr son hans, Markús, Hreinn, Einarr, Björn, Guðmundr, Daði, Hólmsteinn. Þeir sóru þat, at Ísleifr biskup ok menn við honum sóru til þess réttar, sem hér mun nú ritaðr síðan. Þann rétt gaf Ólafr konungr Íslendingum eða betra.

Sá er réttr konungs ór Noregi at sjálfstefnt skal sökum hans vera ok at lögum hérlandsmanna sækja. Lög ok rétt skulu hans menn þar hafa slíkan sem landsmenn.

Arf skal taka á Íslandi frændi eða félagi. En ef þeir eru eigi til, þá skal bíða þaðan erfingja.

Íslendingar eiga at hafa hölds rétt í Noregi.

Arf eigu að taka í Noregi af Íslandi [næsta bræðra[1]), slíkt konur sem karlar, eða nánari menn. Eiðr þriggja manna skal sanna frændsemi, þá er menn velja[2]) þess beiða. En ef eigi er hér arftökumaðr, þá skal halda hér [fé þat[3]) sá bóndi [vetr iij[4]), er hann var í húsum með, nema fyrr komi næsta bræðri eða nánari maðr.

Íslendingar skulu engan toll gjalda í Noregi, nema landaura eða varðmönnum í kaupstöðum. Karlmenn frjálsir, þeir er fullan rétt eigu, skulu gjalda landaura, vj feldi ok vj álnar vaðmáls eða hálfa mörk silfrs. Þá er komit[5]) til þess gjalds, er hann er kominn í akkerissát[6]) eða í landfestar.

Íslendingar eigu at njóta í Noregi vaz ok viðar, en þar at eins eigu þeir at höggva við þann allan, er þeir vilja, er[7]) konungs mörk er.

Þá eru Íslendingar skyldir til at fara með konungi, er herr er víss í Noregi ok almenningr er úti. Þá skal eptir sitja enn þriði hver, en ij fara. Noreg eru þeir skyldir at verja Íslendingar með konungi, en eigi til lengri herferða.

---

1) [næst bræðrum, skb.; Vilhjálmur leiðrétti. 2) = vilja. 3) [faðir eða, skb.; Jón Sigurðsson og Vilhjálmur leiðréttu. 4) [Vilhjálmur bætti inn samkvæmt I. 5) kominn, skb.; Vilhjálmur leiðrétti. 6) lát, skb.; Jón Sigurðsson og Vilhjálmur leiðréttu, samkv. I. 7) leiðr.; ok, skb.

Eigi skal taka þat fé af Íslendingum[1]) í Noregi, er tæmiz í annars konungs ríki.

Útför eigu Íslendingar til Íslands, nema víss sé herr í Noregi. En Íslendingar eigu at fara af sínu landi til hvers lands, er þeir vilja.

En ef Íslendingar gjalda landaura í eyjum eða Hjaltlandi, þá eru þeir eigi skyldir að gjalda landaura aðra í Noregi, nema þeir fari út á milli.

Karlmaðr á hverr utan at fara heill ok hraustr, er landaura má gjalda. En búferlar eigu utan at fara, þeir er ómögum sínum megu vörð veita ok útgerðið þær gera, og kona hver, sú er fylgir bónda sínum, feður eða syni eða bræðr, ef hún á iij merkr fjár.

Ef útlendr maðr andaz hér, þá skal bóndi taka af fé hans, vj aura talda, til þurfta honum. Enn síðan skal láta húsfasta menn fjóra, þá er næstir eru á tvær hendr, virða þat fé. Ef næsta bræðri eða nánari maðr kemr til, þá skal hann æsta taks at Bjarkeyjarrétt(i) til mótz. Taksæstingarváttar eru eigi skyldir at vinna eiða, ef húsbóndi gengr í móti taksæstingu. Frændsemi skal sá maðr telja, er fé heimtir, með sér ok enum dauða, ok vinna eið at ok svá at því, at hann tekr þat fé til úthafnar, ok vill erfingjum[2]) færa á næsta sumri ef hann má. Sönnunarmenn hans skulu ij eið vinna at sú er frændsemis tala sönn, ok eru þeir eigi skyldir að telja frændsemi, ok eigi at fela fleira undir eiðinn. Þá eigu bændr at leggja dóm á ok veita vápnatak at. Síðan skal bóndi greiða af hendi ok leggja eið á, at þá er alt fé af hendi goldit, er enn dauði átti.

Ef maðr týnir svá fé sínu, at hann á eigi hag at gjalda alla landaura, þá er hann eigi skyldr at gjalda.

Ef þeir menn verða sæhafa, er farit hafa til Grænlands eða fari í landaleitan, eða slíti þá út frá Íslandi, þá er þeir vildi færa skip sín á millum hafna, þá eru þeir eigi skyldir at gjalda landaura.

2.

Gizurarsáttmáli af hendi Norðlendinga og Sunnlendinga um skattgjald til Hákonar konungs gamla og Magnúsar konungs lagabætis, gerður á Alþingi 1262.

[Fornbréfasafn I, Nr. 152 og IX, Nr. 1. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908 bls. 1—2].

Sammæli bænda fyrir norðan ok sunnan á Íslandi.

Þat var sammæli bænda fyrir sunnan land ok norðan, at þeir játuðu æfinligan skatt herra Hákoni konungi ok Magnúsi, land ok þegna, með svörðum eiði, vm álnir[3]) hverr sá maðr, sem þingfararkaupi á at gegna. Þetta fé skulu saman færa hreppsstjórar ok til skips flytja, ok fá í hendr konungs umboðsmanni, ok vera þá úr ábyrgð um þat fé.

Hér í mót skal konungr láta oss ná friði ok íslenzkum lögum.

Skulu sex skip ganga af Noregi til Íslands ij sumur enu næstu, en þaðan í frá sem konungi ok hinum beztum bændum landsins þykir hentast landinu.

---

1) Íslandi, skb.; Jón og Vilhjálmur leiðréttu, samkv. I. 2) erfinginn, skb. Jón Sigurðsson og Vilhjálmur leiðréttu. 3) XX álnir, sum hdrr.

Erfðir skulu upp gefast fyrir íslenzkum mönnum í Noregi, hversu lengi sem þær hafa staðit, þegar réttir koma arfar til, eða þeirra lögligir umboðsmenn.

Landaurar skulu upp gefast.

Slíkan rétt skulu íslenzkir menn hafa í Noregi sem þá er þeir hafa beztan haft ok þér hafit sjálfir boðit í yðrum bréfum, ok at halda friði yfir oss svá sem guð gefr yðr framast afl til.

Jarlinn[1]) viljum vér yfir oss hafa meðan hann heldr trúnað við yðr, en frið við oss.

Skulum vér ok vorir arfar halda allan trúnað við yðr meðan þér ok yðrir arfar halda við oss þessa sáttargerð, en lausir ef hún rýfst at beztu manna yfirsýn.

Þegnanna eiðr.

Til þess legg ek hönd á helga bók ok því skýt ek til guðs at ek sver Hákoni konungi og Magnúsi land ok þegna ok æfinligan skatt með slíkri skipan sem nú erum vér á sáttir orðnir og máldagabréf þar um gert váttar.

Guð sé mér svá hollr sem ek satt segi, gramr ef ek lýgr.

3.

Gamli sáttmáli af hendi Íslendinga við Hákon konung gamla Hákonarson og Magnús konung son hans um skattgjald og þjóðríkisréttindi Íslands, samþyktur á Alþingi 1263 (og 1264, og endurnýjaður síðan).

Fornbréfasafn I, Nr. 153 og 156; VI, Nr. 3; IX, Nr. 2. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908, bls. 7—8].

Gamli sáttmáli á millum Noregs kongs ok Íslendinga.

Í nafni föður ok sonar ok heilags anda.

Var þetta játað ok samþykt af öllum almúga á Íslandi á Alþingi með lófataki:[2])

At vér bjóðum (virðuligum herra) Hákoni konungi hinum kórónaða vára þjónustu undir þá grein laganna, er samþykt er milli konungdómsins ok þegnanna, þeirra er landit byggja.

Er sú hin fyrsta grein, at vér viljum gjalda konungi skatt, ok þingfararkaup slíkt sem lögbók váttar, ok alla þegnskyldu, svá framt sem haldin er við oss þau heit, sem í móti skattinum var játað.

Utanstefningar viljum vér aungvar hafa, utan þeir menn, sem dæmdir verða af várum mönnum á Alþingi í burt af landinu.

Item at íslenzkir sé [lögmenn og sýslumenn[3]) á landi váru af þeirra ættum, sem at fornu hafa goðorðin upp gefit.

Item at sex hafskip gangi á hverju ári til landsins forfallalaust.

---

1) Jarl, Stokkseyrarbók og Landsb. 1028. 4to. 2) 4 handrit hafa þessa grein svo: „Var með þessu játað ok samþykt skattgjaldi af Íslandi undir Noregs krúnu af almúganum með lófataki á Alþingi, en aungvu öðru.“ Fornbréfasafn I, Nr. 156, K, L, R; V, Nr. 3). 3) [Í einni skinnbók frá hér um bil 1480—1500 (Fornbréfasafn I, Nr. 156, D), stendur [„lögmenn, *hirðstjórar* og svo sýslumenn“; og svo sem eins í einu pappírshandriti Landsbókasafnsins 1028. 4to.

Erfðir skulu ok upp gefast fyrir íslenzkum mönnum í Noregi, hversu lengi sem staðið hafa, þegar réttir arfar koma til eðr þeirra umboðsmenn.

Landaurar skulu upp gefast.

Slíkan rétt skulu hafa íslenzkir menn í Noregi sem þeir hafa beztan haft.

Item at konungr láti oss ná íslenzkum lögum ok friði eptir því sem lögbók váttar ok hann hefir boðið í sínum bréfum, (sem guð gefr honum framast afl til).

Jarl viljum vér hafa yfir oss meðan hann heldr trúnað við yðr, en frið við oss.

Halda skulum vér ok vorir arfar allan trúnað við yðr meðan þér ok yðrir arfar halda við oss þessa sættargerð, en lausir, ef rofin verðr af yðvarri hálfu at beztra manna yfirsýn.

Anno ℳ. ijc lxiij.[1])

Hér eptir er eiðr Íslendinga.

Til þess legg ek hönd á helga bók ok því skýt ek til guðs at ek sver herra Hákoni konungi ok Magnúsi konungi land og þegna ok æfinlegan skatt með slíkri skipan ok máldaga sem nú erum vér á sáttir orðnir ok sáttmálsbréf várt váttar.

Guð sé mér hollr, ef ek satt segi, gramr ef ek lýg.

4.

Samþykt nefndarmanna á Alþingi 1302.

[Fornbréfasafn VIII. Nr. 2 — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908 bls 13]

Þetta er samþykt nefndarmanna, at þeir vilja sverja Hákoni konungi land ok þegna eptir þeim eiðstaf, sem stendr í bók várri ok sjálfs hans bréf þykkir oss vátta. ok hér með viljum vér játta bók þá, er virðuligr herra Magnús konungr sendi oss með Jóni lögmanni, í vald virðuligs herra Hákonar konungs til þvílíkra umbóta sem sjálfr hann vill fyrir sjá með beztu manna ráði ok samþykt, **þeirra sem á eru landi váru.**

5.

Samþykt Íslendinga um endurnýjan Gamla sáttmála við Hákon konung hálegg Magnússon og afsögn allra nýrra álagna og þyngsla, 1302 eða 1306.

[Fornbréfasafn II, Nr. 177. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908, bls. 12–13]

Almúgans samþykt.

I nafni föður ok sonar ok heilags anda.

Var þetta jáð ok samþykt af almúganum á Alþingi, utan handgeingnum mönnum, með fullu þingtaki.

At vorum virðuligum herra Hákoni Noregs konungi hinum kórónaða bjóðum

1) Artalið finst að eins í einni skinnbók frá c. 1585 (Fornbréfasafn V, Nr. 3).

vær fullkominn góðvilja vorrar þjónustu, at hafa ok halda þá lögbók, sem hinn signaði Magnús konungr sendi út sem vær sórum næst.

Alla viljum vær ok eiða vora halda við konungdóminn undir þá grein lögmálsins, sem samþykt var millum konungdómsins ok þegnanna, þeirra sem landit byggja.

Er sú hin fyrsta, at vær viljum gjalda skatt ok þingfararkaup, xx álnar, sem lögbók váttar, ok alla þá þegnskyldu, er lögin votta með stöddum endimörkum oss á hendr.

Hér á mót, sakir fátæktar landsins ok nauðsynja þess fólks, er landit byggja, at ná þeim heitum, er oss voru móti já skattinum í fyrstu af konungsins hálfu, því at fullkomliga þykjumst vær sjá at litla hríð stendr vort land við fyrir fátæktar sakir, ef svo mikit góz dregst af, en lítit eða ekki kemr í staðinn.

En þat eru þau heit at íslenzkir sé sýslumenn ok lögmenn á landi voru, ok þvílíkan skipagang hafa, sem heitið var á hverju ári út hingað forfallalaust, ok þeim gæðum hlaðin, sem nytsamlig sé landinu ok oss.

Viljum vær eingar utanstefningar hafa framar en lögbók vottar, því at þar höfum vær margfaldan skaða af feingit, ok við þat þykjumst vær eigi búa mega.

En allr sá boðskapr, er oss býðr meiri afdrátt eðr þyngsl en áðr er svarit ok samþykt, þá sjáum vær með aungu móti, at undir megi standa sakir fátæktar landsins,

En hálfu síðr þorum vær fyrir vorum herra Jesu Christo at já nú meira undan þeim guðs olmosum, sem áðr með guðs miskunn höfum vær veittar oss til sáluhjálpar.

Biðjum vær einkanliga virðuligan herra Hákon konung enn kórónaða ok alla aðra dugandismenn, at þeir þraungvi oss eigi framar en lög votta til meiri álaga.

Þat gefi vor herra Jesus Christus at þetta vort ráð verði sjálfum guði til tignar ok virðingar, öllum helgum til lofs ok dýrðar ok konunginum í Noregi ok öllu hans réttu ráðuneyti til vegs ok virðingar, en oss til friðar ok frelsis. Amen.

6.

Bréf Islendinga til ríkisráðsins í Noregi um skilmála fyrir sáttmála við Magnús konung minniskjöld Eiríksson 1319 eða 1320.

[Fornbréfasafn II, Nr. 343; IX, Nr. 5. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908 bls. 14—15].

Um skattlofan ok eið Islendinga.

Öllu vitru og virðuligu ríkisráði og geimslumönnum konungsgarðs í Noregi senda bændr og almúgi á Íslandi kveðju guðs ok sína.

Yðr viljum vér kunnugt gera, at Gunnarr rásveinn téði fyrir oss á Alþingi með auðmjúkum góðvilja við konungdóminn sem hann fremst mátti, at þér báðut oss sverja jungherra Magnúsi, dóttursyni virðuligs herra Hákonar konungs hins kórónaða, slíkan þegnskyldu eið sem hans virðiligum foreldrum var [játat æfinliga til þarfinda ok þeirra afkvæmi at forfallalausu, konungsins vegna í móti várum skattgjöfum

at tilskildum sex skipum[1]) hingat til landsins hvert sumar, þeim gæðum hlaðin, er landinu væri nytsamlig, ij fyrir norðan, ij fyrir sunnan, j í Austfjörðu ok j á Vestfjörðum, ok at íslenzkir sé lögmenn ok sýslumenn ok allir valdsmenn á landinu. Sé annarr lögmaðr fyrir norðan land, en annarr fyrir sunnan, ok hafi þeir eigi sýslur.

En sökum þess, at vér viljum ekki, at af oss standi nokkur brigð várs máls, þá höfum vér gert ok gera viljum alla þá þegnskyldu, sem vér erum honum skyldugir at veita eptir fyrr sögðu skilorði, þar til er þér megit gott ráð fyrir gera, at vér megim ná fornum heitum ok nýjum skilmála.

Vitið þat fyrir víst, at vér þykjumst lausir eptir því fornasta bréfi, sem vort foreldri svór Hákoni konungi gamla, ef vér fáum eigi at sumri þat, sem oss er játat af hánum ok nú mælum vér til:

Viljum vér eigi at flytjist meiri skreið af landinu, meðan hallæri er, en kaupmenn þurfa til matar sér.

Utanstefningar samþykkjum vér eigi framar en lögbók váttar.

Þá eina viljum vér sóknarmenn hafa, er bændr kjósa.

Viljum vér þann tíma sverja, en eigi fyrr, sem ríkisins ráðs bréf með innsiglum er oss sent, ok þar með fram komi góðvili.

Gefi þat várr herra Jesus Christus, at þér gerit svá ráð fyrir þessu ok öllu, at sálu virðiligs herra Hákonar konungs sé til eilífs fagnaðar, jungherra Magnúsi til heiðrs ok æru, ok oss öllum til friðar ok farsældar bæði í bráð ok lengd. Amen.

7.

Arnesingaskrá hin fyrri eða Skálholtssamþykt, sem er almenn samþykt Íslendinga um allsherjar samtök til að vernda þjóðríkisréttindi Islands, gerð í Skálholti 20. Júlí 1375.

[Fornbréfasafn II, Nr. 189; IX, Nr. 7. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908, bls. 16—17].

Árnesingaskrá.

In nomine domini amen.

A sétta ok fimtugasta ári var þetta samþykt ok samtal allra beztu manna ok almúga á Íslandi, gert í Skálholti in translacione sancti Thorlaci.

In primis at menn vilja halda alla þegnskyldu við konungdóminn ok hafa lög ok landsrétt eptir því, sem svarin vottar vor landslagabók með konunganna lögteknum réttarbótum.

Svo viljum vér ok hafa alla íslenzka lögmenn ok sýslumenn, ok aungvar utanstefnur um þau mál, sem lögmenn ok sýslumenn fá hér yfir tekit, ok eigi framar rekstr sýslnanna[2]) en í löglegan tíma, utan bændr samþykki annat, ok eigi þá neina, sem eigi eru fullveðja fyrir þeim völdum, sem koma af Noregi. En svo at þat haldist, þá lýsi þeir bréfum sínum um sinn á þriggja hreppa þingi í hverjum fjórðungi um alt landit, ok ríði við tíunda mann á sjálfs síns kostnað til hesta ok járna, ok ríði

1) [Játat af váru foreldri æfinliga fyrir sik ok sínu eptirkomendr oss til þarfinda ok váru afkvæmi, ok af konungsins álfu tilskilit á móti vårum skattgjöfum vj skip, — stendur í einu hndr. 2) leiðr.; sýslumanna, hdrr.

handgeingnir menn ok bændr ok lögmaðr, ef hann er nær, til þeirra þinga, at því betr gangi konungsins réttr at lögum.

Eingar nýjungar eðr álögur viljum vér undir gangast framar en forn þegnskylda krefr.

Um skuldir kaupmanna, leysi hverr eyrir annan eptir jafnaði, ef þat brestr, sem skilit er, eptir því sem lögmaðr úrskurðar eðr dómr dæmir. Ef kaupmenn gera ólög á landsmönnum, þá sé lögmaðr skyldr ok almúgi, sá sem næstr er, at fylgja þeim, svo at þeir fái rétt eptir lögum, er mishaldnir eru áðr þeir fara burt, ok sýslumaðr í því héraði, sem brotit er at. Svo ok at kaupmenn hafi sinn rétt af landsmönnum eptir dómi eða lögmanns úrskurði.

Lögmenn viljum vér jafnan hafa hina sömu forfallaust, ok ekki umskipti á gera, þá eina þó, er í lögréttu eru samþyktir af almúga með réttu þingtaki, ef þeir halda hlýðni við vorn konung ok lög við þegnana. Kunni þeim ok nokkut at mistakast eðr á at verða, þá vili þeir bæta öll sín brot eptir beztu manna ráði.

Svo ok viljum vér engan þann sýslumann hafa eðr lénsmann í landit, er sýslu leigir eðr undir nokkrar nýjar álögur geingr, utan þær, sem hér eru lögteknar.

Um þá menn, sem óskil gera ok eigi vilja dóma halda, takist ok haldist undir rétt rannsak, þar til er þeir lúka eptir lögum peninga eðr refsing.

Nú ef nokkur rýfr þetta ok úr gengr þessu samtaki, þá sé allir skyldir, þeir er halda, at sjá svo til með þeim, at öðrum verði til viðrsjónar at leiða sik með öðrum góðum mönnum í þvílík samtök ok rjúfa sinn trúnað við almúgann.

Ef menn kunna styrks við at þurfa af öðrum fjórðungum, þá skulu allir beztu menn skyldugir til at ríða, ok styrkja þá til laga ok réttinda, þeir sem beiddir verða eptir jafnaði upp á réttan reikningskap.

8.

Hyllingarbréf Islendinga til Eiríks konungs af Pommern 1. Júlí 1419.

[Fornbréfasafn IV, Nr. 330. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908 bls. 18-19. — Bréf þetta er ritað á blendingsmáli úr íslenzku og dönsku (norsku), og er það fært hér til algerðrar íslenzku sem næst orðum frumskjalsins.]

Bréf Íslendinga, að allur landslýður hafi hylt minn herra Eirík konung 1419.

Vorum virðuligum herra, herra Eiríki með guðs náð Noregs, Sviaríkis, Danmerkur (og) Gota konungi og hertoga yfir Pommern, heilsum vér allur almúgur, lærðir og leikir, á Íslandi kærlega með guðs kveðju og vorri auðmjúkri þjónustu, kunngerandi yðar náð, að vér lofum yður vorri trúrri þjónustu, og viljum yður hylla og hafa fyrir réttan konung yfir oss, og eingan annan, og undirbindum oss að vera yður hollir og trúir sem réttum þjenurum ber sínum herra að vera og vor lögbók út vísar og vorir forfeður hafa veitt yðrum forverurum, réttum Noregskonungum, játandi yður þar með skatt og alla hlýðskyldu af landinu, sem lofligum landsins vana ber kongdóminum gera. Hér í mót biðjum vér yðar náðir auðmjúkliga, að þér haldið oss með frið og lög, og látið oss njótandi verða allra þeirra réttarbóta, sem landið er áður svarið krónunni og konungdóminum.

Kom og yðvart bréf hingað í landið til oss,[1]) í hverju þér forbuðuð oss að kaupslaga með[2]) nokkura útlenzka menn. En vorar réttarbætur gera svo ráð fyrir, að oss skyldu koma sex skip af Noregi árliga, [hvað sem[3]) ei hefir komið upp á langa tíma, hvar af yðar náð og þetta fátæka land hefir tekið grófan skaða. Því upp á guðs náð og yðart traust höfum vér vorðið (að) kaupslaga með[4]) útlenzka menn, sem með frið hafa farið og réttum kaupningsskap[5]) og til hafa siglt. En þeir duggarar og fiskarar, sem reyfað hafa og ófrið gert, þeim höfum vér refsa látið. Nú stár til guðs náðar og yðar, að þér skrifið oss til, hversu vér mættum beztan frið hafa og yðarn vinskap og hylli.

Hér með befelum vér guði og öllum himinríkisherskap.

Og til meiri staðfestu og auðsýningar vors trúskapar með[2]) yður, þá höfum vér heingt vor innsigli á almúgans vegna fyrir þetta bréf, er svo heita: Arnfinnur Þorsteinsson, yðarra foreldra hirðmann, Rafn lögmann, Oddur lögmann, Loptur Guttormsson, Gísli Andrésson, Hallur Ólafsson, Höskuldur Runólfsson, Ólafur Jónsson, Árni Einarsson, Auðun Salomonsson, Þorvaldur Oddsson, Helgi Styrsson, Sigurður Arngrímsson, Guðini Oddsson, Asgeir Árnason, Sigurður Þorvaldsson, Sæmundur Oddsson, Magnús Jónsson, Geir Arnason, Brynjólfur Steinröðarson, Jón Egilsson, Sigmundur Oddsson, Böðvar Hrafnsson og Helgi Bjarnason, gert á Þingvelli laugardaginn næsta eptir Péturs messu um sumarið Anno domini M^{0} cd^{0} decimo nono.

9.

Ashildarmýrarsamþykt eða bréf lögréttumanna og bænda í Árnessþingi til Alþingis um endurnýjun á Gamla sáttmála og Arnesingaskrá hinni gömlu (7. hér að framan) til þess að verja réttindi alþýðu í Árnesþingi og almenn þjóðríkisréttindi landsins, gerð 1496.

[Fornbréfasafn VII, Nr. 359. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík. 1908, bls. 20—22].

Hér hefst Arnesingaskrá, sem gerð var anno 1496.

Öllum mönnum, þeim sem þetta bréf sjá eður heyra, sendum vér lögréttumenn, landbúar og allur almúgi í Árnesi hirðstjórum, lögmönnum og lögréttumönnum á Alþingi kveðju guðs og vora.

Vitanligt skal yður vera, að vér höfum séð og yfirlesið þann sáttmála og samþykt, sem gjör var á millum Hákonar konungs hins kórónaða og almúgans á Íslandi, sem hann vottar og hér eptir skrifað stendur.

Í nafni föður, sonar og anda heilags.

Var þetta játað og samþykt af öllum almúga á Íslandi á Alþingi með lófataki, að vér bjóðum Hákoni kongi hinum kórónaða vora þjónustu undir þá grein laganna, er samþykt var á millum kongdómsins og þegnanna, er landit byggja.

Er sú hin fyrsta grein, að vér viljum gjalda kongi skatt, og þingfararkaup sem lögbók vottar, og alla þegnskyldu, svo framt sem haldit er við oss það móti var játað skattinum.

---

1) þ. e. vor. 2) þ. e. við. 3) [= sem. 4) þ. e. við. 5) = kaupskap.

I fyrstu, að utanstefnur viljum vér aungvar hafa, utan þeir menn, sem dæmdir verða af vorum mönnum á Alþingi[1]) burt af landinu.

Item að íslenzkir sé lögmenn og sýslumenn hér í landinu af þeirra ættum, sem goðorðin hafa upp gefið að fornu.

Item að vi hafskip gangi á hverju ári til landsins forfallalaust með landsins nauðsynjar.

Erfðir skulu upp gefast fyrir íslenzkum mönnum í Noregi, hversu leingi sem staðið hafa, þegar réttur erfingi kemur til eður þeirra umboðsmenn.

Landaurar[2]) skulu og uppgefast.

Item skulu íslenzkir menn slíkan rétt hafa í Noregi sem þeir hafa beztan haft.

Item að kongur láti oss ná friði og íslenzkum lögum eptir því sem lögbók vottar og hann hefir boðið í sínum bréfum, sem guð gefur honum framast vit til.

Item jarl viljum vér hafa yfir oss á meðan hann heldur trúnað við yður, en frið við oss.

Halda skulum vér og vorir arfar allan trúnað við yður meðan þér haldið trúnað við oss og yðrir arfar, og þessar sáttargerðir, en lausir ef rofið verður af yðvarri hendi að beztu manna yfirsýn.

Nú fyrir þessa grein, að oss þykir þessi sáttmáli ei svo haldinn sem játað var, fyrir sakir lagaleysi, ofsóknar og griðrofa, ómöguligar áreiðir og nógligra fjár upptekta og manna, sem nú gert hefir verið um tíma í fyrr greindri sýslu Árnesi, og hér fyrir lögðum vér greindir Arnesingar almenniliga samkvomu á Áshildarmýri á Skeiðum eptir gömlum landsins vana því viljum vér með aungvu móti þessar óvenjur leingur þola, hafa né undir ganga.

Item samtókum vér að hafa aungvan lénsmann utan íslenzkan yfir greindu takmarki Arnesi og ríða ei fjölmennari enn við fimta mann, því viljum vér gjarna styrkja hann með lög og rétt kongdómsins vegna, þann sem það má með lögum hafa og landsins rétti vill fylgja. En ef sýslumaður[3]) hefir greinda sýslu Árnes, þá ríði ekki fjölmennari enn við tíunda mann, sem bók vottar.

Item samtókum vér að einginn maður í sögðu takmarki taki sér búsbónda utan sveitar, þó þeir búi á annara manna jörðum.

Item ef nokkur uppsteytur byrjast í vorri sveit Arnesi af utansveitarmönnum (með) nokkurn órétt, hvort sem gert er við ungum eður gömlum, ríkum eður fátækum, þá skulu allir skyldir eptir að fara (þeim), er vanhlut gerðu, og eigi fyrri við hann skiljast enn sá hefir fulla sæmd, sem fyrir vanvirðingu varð. Kann svo svo til að bera, að hefndin verði meiri í eptirförinni en tilverknaðurinn, þá skulu allir skattbændur jafnmiklu bitala. En þeir, sem minna eiga, gjaldi sem hreppstjórar gera ráð fyrir.

Item skulu ij menn vera til kjörnir í hrepp hverjum að skoða og fyrir að sjá, að þessi vor skipan og samþykki sé haldin, og ef til Alþingis þarf að ríða sveitarinnar vegna, þá skal hver skattbóndi gjalda viij álnir í þingtoll. En þeir iiij álnir, sem minna eiga, þeim kost skulu halda.

Item viljum vér (ei) hér hafa innan héraðs þann, er ei fylgir vorum samtökum. Skulum vér eiga samkvomu vora á Áshildarmýri á Bartolomeus messo dag á haustið

1) þingi, orðam. 2) leiðrétt; laugaurar, hdrr. 3) sjálfur, bætir við annað hdr.

En í annan tíma á vorið, föstudaginn þá mánuður er af sumri, og koma þar allir forfallalaust.

En hver, sem eitt af þessum samtökum rýfur og áður hefir undir geingið, sekur iij mörkum og taki innanhreppsmenn til jafnaðar.

Og til sanninda og fullrar samþyktar hér um setti Haldór Brynjólfsson, Páll Teitsson, Ólafur Þorbjarnarson, Pétur Sveinsson, Gvöndur Einarsson, Gísli Valdason, Ari Narfason, lögréttumenn, Jón Árnason, Sigurður Egilsson, Einar Hallsson, Þorvaldur Jónsson, Þórður Sigvatsson, bændur í Arnesi, sín innsigli með fyrrnefndra lögréttumanna innsiglum fyrir þetta samþyktarbréf með almúgans samþykki, leikra og lærðra, með jáyrði og handabandi, er skrifað var et cet.

10.

Bréf þrettán helztu bænda og lögréttumanna fyrir sunnan land til konungs um íslenzkan hirðstjóra samkvæmt heitorðum í Gamla sáttmála, ritað á Hlíðarenda 14. Júlí 1520.

[Safn til sögu Íslands II, 198–199. — Fornbréfasafn VIII, Nr. 558. — Ríkirsréttindi Íslands, Rvík. 1908, bls. 23].

. . . vér auðmjúklega beiðumst. að hans verðug náð láti oss aftur fá þau frelsi og fríheit, sem oss voru lofuð af vorum virðuligustum herra Hákoni kongi ágætrar minningar í móti þeim skatti og þegnskyldu, sem vér höfum honum játað krúnunnar vegna, sem svarinn sáttmáli þar um gjör út vísar, að vér skulum hafa íslenzkan hirðstjóra, þann sem oss haldi með lög og rétt, hverra vér þykjumst nú mjög mist hafa í næstu iij ár forliðin fyrir ofsa og ákefð útlenzkra hirðstjóra og umboðsmanna. . . .

11.

Samningur um verzlun milli Hamborgarríkis og Englendinga af einni álfu, en Íslendinga af annari, gerður á Alþingi 2. Júlí 1527, en bréfaður 3. júlí sama ár á Öxarárþingi og í Hafnarfirði, og 5. Júlí í Skálholti.

A.

[AM. Fasc. XLVII, 7, frumrit á skinni, sem fyrrum hefir fylgt skjalasafni Skálholtsstóls. Fyrir bréfið hafa aldrei komið fleiri innsigli en 7, og eru nú fjögur af þeim dottin frá. — AM. 232. 8vo. bl. 92—93 (= b.), sem er bréfabók Gizurar biskups Einarssonar í frumriti (1540 – 1547). — Landsbókasafn 67. 4to bl. 118b. 119b., skrifað 1666 með hendi síra Jóns Erlendssonar í Villingaholti, og stendur aftan við þá afskript, sem heimfærir samning þenna ranglega til 1520: „Þetta bréf skrifar herra Oddur, að sé í Skálholti með sjö hangandi innsiglum Anno 1594“ (= c). Nöfn eru afbökuð í þessari afskrift og ýmislegt fleira].

Bréf um kaupskap útlenzkra.[1])

Vér skipherrar og kaupmenn í Hafnarfirði, [Klawus Mul,[2]) Kort Blom, Vilkin Rvgg, Pétur Rik,[3]) Didrik Meyar, Hanz Rohollt, Jacob Toi,[4]) Handborgarmenn,[5] skip-

1) Samþyktarbréf útlenzkra um viktinæ b. 2) [Clauus. mul. b. 3) Risk b. 4) Tode b. 5) Hamborgarmenn b.

herra Hanz Kokk, [skipherra í Breimin[1]), Jon Mor og Matteus eingelska[2]) menn gerum góðum mönnum kunnigt með þessu voru opnu bréfi, þá er liðit var frá hingatburði vors herra Jesu Christi Mç Vç XX og vij ár tveimur nóttum eftir Pétursmesso og Páls á Almenniligu Auxarárþingi[3]) var þetta samþykt af öllum almúganum at vorri bón, Þýzkra og Eingelskra, að hér skyldi ganga fyrir sunnan hálf fjórða veitt[4]) á vog fyrir gilt c fiska með hreina fiska harða og kvistaða. Hér í móti játauðum[2]) vér og viljugliga lofuðum at flyt(j)a falslausan varning og gera gömul hálfstykkis k(a)up, sem at fornu hafa verit. tveggja tunnu þunga í hverju c k(a)upi, og hafa íslenzkan pundara réttan og svo íslenzkar stikur, [þá sem þingmælt[5]) væri. Hér með skyldum vér hafa réttan mæli, þrjátigi marka áttung, tvö hundruð marka tunnu. Skyldi hver maður mega með frí k(a)upa þar hann vildi. Svo og lofuðu vér, at aungvir útlenzkir menn, hvorki þýzkir né eingelskir, skyldu gera hér skip né menn til sjós, og eigi heldur liggja hér í landit vetrardag, nema skipbrotsmenn eða smádreingir þeir, sem aungvan k(a)upskap hafa. En ef útlenzkir kunna ekki að fá frakt og hér væri ekki skreið til, þá skyldum vér mega fá í hendur nokkrum íslenzkum manni trúlyndum wort góz og selja, og þó aungvan pening dýrra á vetur enn á sumar geingur í réttri kaupstíð. Lofuðum vér fyrr nefndir þýzkir menn að fá bréf af Handborgar ráði, at þessi gjörningur skyldi haldast. Sömuleiðis lofuðu Eingelskir af sínum parti að þetta skyldi óbrigðuliga standa. En hver(ir) hér af brygði, skyldi slíku sakaðir vera sem dæmt var í tíð gamla Piningz.

Var þetta samþykt með lófataki af öllum almúganum báði[6]) innan lögréttu og utan[7]) í tíð Johan Péturson[8]), er þá var hirðstjóri og höfu(ð)smann í[9]) Ísland.

Og til sanninda hér um settum vér vor innsigli fyrir þetta samþyktarbréf, skrifat í Hafnarfirði á sama ári, degi síðar en fyrr segir.

Nú með því að vér k(a)upmennirnir kunnum ekki at fá vora frakt og vilji einginn mann taka vora peninga, þá viljum vér fá yðar náð[10]) þá eður lögmanninum at selja þá fyrir oss. En vilji þit ekki, þá viljum vér setja eptir vora menn, at vér megum fá selda vora peninga eins á vetur og á sumar. [En vilji þér þat ekki, þá skal.[11])

B.

[Ríkisskjalasafn Dana „Island & Færö", Fasc. I, 10, og er það transskript á skinni gert í Núpufelli 7. Marts 1544 af Ara lögmanni Jónssyni og fleirum].

Vér Augmund með guðs náð biskup í Skálholti, herra Jón með samri náð biskup á Hólum, Jóhann Pétursson hirðstjóri og höfuðsmann yfir alt Ísland, Erlendur Þorvarðsson lögmann fyrir sunnan og austan á Íslandi, Rafn Brandsson lögmann fyrir norðan et cetera, Narfi Sigurðsson, Eirekur Þorsteinsson, Björn Þorleifsson, Ólafur Guðmundsson, Vigfús Þórðarson, Snjólfur Rafnsson, Loptur Eyjólfsson, Pétur Arason, Jón Ólafsson, Þorsteinn Finnbogason, Auðun Sigurðsson gerum góðum mönnum kunnigt með þessu voru opnu bréfi, at þá er liðit var frá hingatburð vors herra Jesu

---

1) [á spássiunni óinnvísað í frumritinu, en í b er það sett hér inn; b les Breminn. 2) Svo. 3) b.; Auxarþingi a. 4) vott b 5) [Svo. 6) = bæði. 7) b., innan a. (!) 8) Svo. 9) b., sl. a. 10) Þ. e. án efa Ögmundur biskup. 11) [strykað út í frumritinu og slept í c.. Öll þessi klausa frá: „Nú með því o. s. frv." er í frumritinu skrifuð með sömu hendi sem sjálft skjalið; b. sleppir þessari klausu alveg.

Christi MDXX og vij ár, tveimur nóttum eptir Péturs messo og Páls á almenniligu Öxarárþingi var þetta samþykt af öllum almúga at bón og auðmjúkri beiðslu útlenzkra manna, þýzkra og eingelskra, svo heitandi Klaws Mul, Korl Blom, Wilkin Rugg, Pétur Rijk, Didrik Meyiar, Hans Hroholl, Jacob Tode, Hanis Kock, Handborgarmenn, Jon Mor og Mattheus eingelskir menn.

In primis at þeir báðu at hér fyrir sunnan skyldi ganga hálf fjórða vætt á vog fyrir gilt hundrað fiska með hreina fiska kvistaða og harða.

Hér í mót játuðu þeir og viljugliga lofuðu at flytja falslausan varning og gera gömul hálfstykkis kaup, sem at fornu hefir verið, tveggja tunnu punga í hverju hundraðskaupi, og hafa íslenzkan pundara réttan og íslenzkar stikur, þær sem þingmæltar væri. Hér með lofuðu þeir að hafa réttan mæli, XXX marka áttung, ijc marka tunnu. Skyldi hver maður mega með frí kaupa þar hann vildi. Svo og lofuðu þeir, at aungvir útlenzkir menn, hvorki þýzkir né eingelskir, skyldi gera hér skip né menn til sjós, og eigi heldur liggja hér í landit vetrardag, nema skipbrotsmenn eða smádreingir, þeir sem aungvan kaupskap hafa. En ef útlenzkir kunna ekki at fá frakt og hér væri ekki skreið til, þá skyldu þeir mega fá í hendur nokkrum íslenzkum manni trúlyndum sitt góz, en selja aungvan pening dýrra á vetur enn sumar geingur í réttri kauptíð. Lofuðu þeir fyrr nefndir þýzkir menn at fá bréf af Handborgara ráði at þessi gjörningur skyldi haldast. Sömuleið(is) lofuðu Eingelskir af sínum parti at þetta skyldi óbrigðanliga standa. En hver af brygði skyldi slíku sakaður vera sem dæmt var í gamla Piningz tíð.

Var þetta samþykt með lófataki af öllum almúganum, bæði innan lögréttu og utan, í tíð Jóhann(s) Péturssonar, er þá var hirðstjóri og höfuðsmann á Islandi.

Og til sanninda hér um setjum vær vor innsigli fyrir þetta samþyktarbréf, hvert skrifat var á Þingvelli á sama ári, degi síðar en fyrr segir.

C.

[Add. British Museum 11,242. 4to, bl. 39 b 40a. Sópdyngja síra Gottskálks Jónssonar Glaumbæ skrifuð á árunum 1543—1590.]

Dómur um gilding og mælir allan.

Vér Ögmund með guðs náð biskup í Skálholti, herra Jón með samri náð biskup á Hólum, Jóhann Pétursson hirðstjóri og höfuðsmann yfir alt Ísland, Erlendur Þorvarðsson lögmann fyrir sunnan og austan á Íslandi, Hrafn Brandsson lögmann norðan og vestan á Íslandi, Jón Hallsson, Eirekur Þorsteinsson, Runólfur Þorsteinsson, Björn Þorleifsson, Ólafur Guðmundsson, Vigfús Þórðarson, Snjólfur Hrafnsson, Loptur Eyjólfsson, Pétur Arason, Þorsteinn Finnbogason, Jón Ólafsson og Auðun Sigurðsson, lögréttumenn, gerum góðum mönnum kunnigt með þessu voru opnu bréfi at sub anno gracie, M. D. XX uij, tveim nóttum eptir Péturs messo og Páls á Öxarárþingi var þetta samþykt af almúganum at bæn og auðmjúkri beizlun útlenzkra manna, þýzkra og eingelskra, svo heitandi Vilken Rvgg, Petur Rig, Didrik Meyar og Hanz Rovlld, Handsborgarar, Jon Mos[1]) og Mattevs [og Jacob skipherra Hanz Kock of Bremen.[2])

In primis beiddiz[1]) þeir at fyrir sunnan skyldi ganga hálf fjórða vætt á vog fyrir gilt hundrað fiska með hreina fiska og harða og kvistaða.

1) Svo. 2) [Svo.

Hér í mót lofuðu þeir og viljugliga játuðu at flytja falslausan varning og gera hálfstykkiskaup sem at fornu hafa verit, tveggja tunna þunga í hverju hundraðskaupi og hafa íslenzkan pundara réttan og svo íslenzka stiku, þá sem þingmælt væri. Hér með skyldi þeir hafa réttan mæli, XXX marka áttung, ijc marka tunnu. Skyldi hver maður með frí kaupa þar hann vildi. Svo og lofuðu þeir at aungvir útlenzkir menn, hvorki þýzkir né eingelskir, skyldi gera hér menn né skip til sjós og ei heldur liggja hér í landit vetrardag, nema skipbrotsmenn eða smádreingir þeir, sem kaupskap hafa. Enn ef útlenzkir menn kynnu ekki að fá frakt og hér væri ekki skreið til, þá skyldu þeir fá í hendur nokkrum íslenzkum manni trúlyndum sitt góz, og selja þó aungvan pening dýrra á vetur enn á sumar gengur í rétt(ri) kauptíð. Lofuðu þessir fyrrnefndir kaupmenn þýzkir at fá bréf at Handborgarráði, at þessi gjörningur skyldi haldast. Sömuleiðis lofuðu Eingelskir af sínum parti at þetta skyldi óbrigðuliga standa. En hver, er hér af brygði, skyldi slíku sakaður sem dæmt var í tíð gamla Piningz.

Var þetta samþykt með lófataki af öllum almúganum, bæði utan lögréttu og innan.

Og til sanninda hér (um) setjum vér vor innsigli fyrir þetta samþyktarbréf, er skrifað var í Skálholti tercio nonas Julij á sama ári og fyrr segir.

12.

Eiður Otta Stígssonar höfuðsmanns og umboðsmanns konungs, á Alþingi 1551, þar sem hann sver að halda íslenzk lög og Gamla sáttmála.

[Landsbókasafn 69. 4to bl. 125, skrifað um 1640. — Prentað í sögu Magnúsar prúða, Kh. 1895, bls. 61. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908, bls. 87].

Eiður Otta Stígssonar og Eggert(s) Hannessonar.

T(il) þ(ess) l(eggur) þ(ú) h(önd) á h(elga) b(ók) og svo s(kýtur) þ(ú) þ(ínu) m(áli) til guðs, að þú skalt halda hvern mann við lög og rétt, ríkan sem fátækan, eptir því sem Noregs konungar hafa oss játað, og samþykt hefir verið millum náðugasta herra kongsins og þegnanna hér á Íslandi, sem réttum hirðstjóra ber að gera og Íslands lögmanni að halda. Svo hjálpi þér guðs orð og heilaga evangelium, sem þú satt segir, gramur ef þú lýgur.

13.

Alþingissamþykt frá 1649 um íslenzka sýslumenn, samkvæmt „gömlum Islendinga sáttmála".

[Alþingisbók 1649, Nr. 16. — Ríkisréttindi Íslands, Rvik. 1908, bls. 104].

Bón til kongs um íslenzka sýslumenn, en afbón útlendra.

Item óskar og biður öll lögréttan, að konungleg maiestet vildi eptir gömlum Íslendinga sáttmála, þegar sköttum var játað af landinu, skikka þeim íslenzka sýslumenn, sem eru guðhræddir og sannsýnir og ástundunarsamir að framfylgja lögum og rétti og landsins gagni, en lögréttan afbiður útlenzka sýslumenn hér í landi.

14.

Alþingissamþykt 1662 um íslenzka sýslumenn, samkvæmt „gömlu Islendinga samþykt."

[Alþingisbók 1662 Nr. 34. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908, bls. 119].

Um suplicatiu þeirra fyrir Jökli vestur.

Um suplicatiu þeirra fyrir Jökli vestur, að þeir afsegja útlenzka menn fyrir sýslumenn, var upp lesin í lögréttu, því þeir vilja halda sig eptir gömlu Islendinga samþykt, og svara báðir lögmenn svo til, svo og lögréttan, að þeir vilja, að allir menn haldi sig eptir íslenzkra laga friheitum.

15.

Kópavogseiður og einveldisskjal frá 28. Júlí 1662.

[Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908, bls. 142—154]

I.

Eiðstafurinn.

Á íslenzku.

[Ny kgl. Saml. 1265. Fol, ritað c. 1680 aptan við Kristindómsbálk Jónsbókar. — Prentað í Lagasafni handa Íslandi I, 273].

Arfhyllingareiður, sem af var lagður Anno 1662 á Kópavogi eptir Alþingi.

Eg N. N. lofa og tilsegi að vera þeim stórmektugasta fursta og herra kong Fridrich þeim þriðja Danmerkur og Noregs, Venda og Gotta kongi, hertoga í Slessvík, Holsten, Stormaren og Ditmersken, greifa í Oldenborg og Delmenhorst, mínum allra náðugasta arfakongi og herra, svo vel sem hans kongligrar majestatis kongligu húsi í karlegg og kvenlegg hollur og trúr, vita og ramma hans konungligu majestatis og þess konungliga húss gagn og bezta, skaða og fordjörfun af fremsta megni að afverja og trúliga þjóna hans konungligri majestat sem einum ærlegum manni og arfaundirsát vel hæfir og til stendur.

Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga evangelium.

Á dönsku.

[Landsbókasafn 72. 4to bls. 269—270, með hendi síra Jóns Haldórssonar í Hítardal c. 1720. — Ny kgl. Saml. 1915. 4to bl. 412a, með hendi Hannesar Gunnlaugssonar í Reykjafirði 1666 (nokkuð afbakað). — JS. 374. 4to skrifað c. 1670 (einnig nokkuð afbakað)].

Arfhyllingareiðs inntakið Anno 1662 var þetta.[1])

Jeg N. N. loffver og tilsiger at vere dend Stormektigste, Höybaarne Förste og Herre, Koning Frederich den Tredie Danmarckis Norgiss Vendis og Gothers Koning [Hertog wdi Holsten, Slesvijk, Stormaren og Ditmersken, Greifa wdi Oldenburg og Delmenhorst,[2]) min allernaadigste Arff-Herre og Konning, saa vel som Hans Kongl. Majst Kongl. Huss paa mandelig og qvindelig line, huld og troe, vide og ramme hans gaffn og beste, skade og forderffven af yderste formuve at afverge, og troeligen thiene Hans Kongel. Majst som Een Erlig mand og arffveundersaatte vel eigner og anstaar.

Saa sandt hielpe mig Gud og hans hellige[3]) Evangelium[4]).

---

1) Arfhyllingareiðurinn, sem unninn var á Kópavogsþingi af andlegum og veraldlegum Anno 1662, í fyrstu M(agister) Brynjólfi S(eins)s(yni) og h(erra) Gísla Þorlákssyni, item herra Árna Oddssyni og herra Thorleifi Kortssyni og öllum öðrum leikum og lærðum í viðurvist höfuðmannsins Henrichs Bielche svo látandi, 1945. — Arfhyllingareiður á Kópavogs þingstað aflagður Anno 1662 29. Julij, 374. 2) [1945, 374; etc. 72. 3) 1945, 374; sl. 72. 4) Evangelion 1945.

II.

Einveldisskuldbindingin.

Gömul íslenzk þýðing.

[Landsbókasafn 101 4to bls. 453—458, skjalasafn frá síra Jóni Haldórssyni í Hítardal, skr. um . 1720. — JSig. 374 4to laust blað, skrifað um 1670. Þessar tvær þýðingar eru mjög samhljóða. — Landsbókasafn 72. 4to bls. 266—269, með hendi síra Jóns í Hítardal um 1720, og er þýðing sú líklega eptir hann sjálfan (orðamunur til lítilla riða)].

Obligatia, sem Islenzkir handskriptuðu að gerðum hyllingar eiði við kong Fridrich þriðja, actum Kópavogi Anno 1662 þann 28. Julij.

Útlagt af Gísla S.s.[1])

Vér undirskrifaðir þess stórmegtugasta og háborna kongs herra Friderichs þess þriðja Danmerkur og Noregs, Vinda og Gauta konungs, hertoga í Slésvík, Holsten, Stormaren og Ditmersken, greifa í Oldenborg og Delmenhorst, vors allranáðugasta herra og kongs, hans þjenarar, innbyggjarar og undirsátar á Íslandi gjörum vitanlegt fyrir oss og vora erfingja og eptirkomendur, að svo sem háverðug[2]) hans Maj^st^., [bæði af Danmerkur og Noregs innbyggjurum,[3]) með einum sérlegum act og gjörningi, fyrir utan þeirra arfhyllingareið, hefir fullkomlega auglýst og staðfe-t hans kongl. Maj^st^ arfarétt, bæði í karllegg og kvenlegg, ásamt fullkominni (Souverainität) einvaldsstjórn, svo höfum vér sem háloflegar[4]) hans Maj^st^ trúir og hlýðnir undirsátir, og svo sem þeir eð meðkenna, að háverðug hans Maj^st^ ei síður fyrir oss haft hafi en aðra sína undirsáta að forsvara sínum arfa-furstadómum og löndum upp á sitt heila konunglega hús, heimkynni, og konunglega persónu með stærstu

Danski frumtextinn.

[Lagasafn handa Íslandi I. 273—277, — Aarsberetninger fra det kgl. Geheimearkiv II, 113—145, 146].

Vi underskrevne den Stormegtigste Höibaarne Koning og Herre, Her Fridrick den Tredie, Danmarkis, Norgis, Vendis og Gottis Koning, Hertug udi Slesvig, Holsten, Stormarn og Dytmerschen, Greve udi Oldenborg og Delmenhorst, voris allernaadigste Herre og Koning, Hans Tjennere, Indbyggere og Undersaatter paa Island:

Gjöre vitterligt for os, voris Arvinger og Efterkommere, at saasom Höistbemeldte Hans Majestet af samtlige Danmarkis og og Norgis Riges Stender ved en sær Acte, foruden deris Arvehyldings-Eed, haver fuldkommeligen forklarit og stadfest Hans Kongelige Majestets Arve-Rettighed paa mandlig og Qvinde Linie, samt des absolut Souverainitet: saa have vi, som Höistbemeldte Hans Majestets troe og lydige Undersaatte, og som de der erkjende, at Höistbemeldte Hans Majestet ikke mindre for os end andre sine Undersaatte at beskjerme, sine Arve-Förstendomme og Lande, paa sit hele Kongelige Hus, Familie og Konglig Person med störste Tapperhed og forsigtig Omhue haver vovit og opsat. Os ogsaa for den Velstand og Conservation, vi nest Gud derved haver erlangit og njuder, ei mindre Hans Kongelig Majestet forpligtet at vere befunden, end nogen anden des Undersaatter, og derfor underdanigst eragtet, det ei nok at vere, at vi med störste Glæde og Fornöielse fornemme samme Acte Hans Kongelige Majestet i saa maader at vere

1) Þetta gæti verið Gísli Sigurðsson í Oddgeirshólum (d. 1666), sonur síra Sigurðar Oddssonar biskups, Einarssonar. — Kópavogs forpliktunarbréf Anno 1662, 72. — Eingin fyrirsögn í 374.

2) háttaktaða og áðurnefnda 72. 3) [af samtlegum Danmerkur og Noregs ríkja stöndum og stéttum 72. 4) háttaktaða 72.

karlmensku og forsælegri[1]) umsjón hefur vogað og upp á kostað[2]); [vér og svo fyrir þvílíkt forsvar og vernd, næst guði höfum feingið ei síður hans Maj^st. skylduga til þjenustu að finnast en aðra hans undirsáta[3]) og þar fyrir auðmjúklegasta höfum álitið ei nóg að vera, að vær með mestu gleði og ánæju fornemum soddan act og gjörning hans kongl. Maj^st. í soddan máta að hafa verið framboðinn og í té látinn, heldur og einnig fyrir vora hæstu þjenustu og skyldu það sama og í allri undirgefni að framkvæma.

Þar fyrir staðfestum og styrkjum vér honum allir og einhver[4]) til samans með öðrum hans Majestatis trúum undirsátum með þessu voru opnu bréfi háverðugri hans Maj^st. sem einum fullkomnum einvaldsstjórnara og arfaherra hans arfsrétt til Íslands og þess undirliggjandi insuler[5]) og eyja, sem og allan Majestatis rétt og fullkomna stjórnun og alt konungsvald, sem hans kongl. Maj^st. og hans Maj^st. skilgetnum lífserfingjum og skilgetnu afkvæmi og eptirkomendum svo leingi, sem nokkur af þeim er til í karllegg eða kvenlegg, er í fyrnefndum act og gjörningi, bæði af Danmerkur og Norvegs ríkis stéttum er gefið og eptirlátið.

Hér með afleggjum vér fyrir oss og vora erfingja og eptirkomendur alt það, sem í fyrri vorum friheitum, landslögum, Recess og Ordinanziu kann finnast að stríða í mót Majestatis rétti ellegar maklega má þýðast að vera í mót Majestatis réttri einvaldsstjórn og fullkomnum ríkisráðum.

Lofum og tilsegjum vér fyrir oss og vora erfingja og eftirkomendur, að vér eptir gjörðum arfhyllingareið og trúlofun offererit og givit, mens end og for voris höieste Pligt og Skyldighed holdet, det samme i al Underdanighed at præstere. Thi stadfeste og bekrefte vi alle og enhver, tillige med de andre Hans Majestets troe Undersaatter, med dette voris obne Bref Höistbemeldte Hans Kongelige Majestet som een absolut Souverain og Arveherre, hans Arverettighed til Island og des underliggendis Insuler og Öer samt alle jura majestatis, absolut Regjering og alle Regalia, som Hans Kongelige Majestet og Hans Majestets Egte Lifs Arvinger og deris Egte Descendenter og Efterkommere, saa lenge nogen deraf til er paa mandlige eller qvindelige Linie, udi forbemeldte Acte af samtlige Danmarkis og Norgis Rigis Stender er givit og overdragen. Horhos renuncerer vi for os, voris Arvinger og Efterkommere, alt det som i voris Arvinger og Efterkommere, alt det som i voris forrige Privilegier, Landsloven, Recessen og Ordinantzen kan befindis at stride imod jura majestatis, eller billigen hentydis at vere imod bemeldte Arverettighed, Souverainitet og absolut Regjering. Og love og tilsige vi for os, voris Arvinger og Efterkommere, at efter voris gjorde Arvehyldings Eed og Pligt, Hans Kongelige Majestet saavel som og Hans Kongelige Majestets Egte Lifs Arvinger og deris Egte efterkommende Descendenter paa mandelig og Qvinde Linien ved denne dennem overdragne Arverettighed imod enhver at maintenere og forsvare, Lif, Ære, Gods og Blod med det kongelige Hus at vilde opsette, og fra dette voris Forset ei i nogen Maader at vige, langt mindre under nogen Prætext eller Prædention, hvad Nafn det

1) forsjállegri 72. 2) tilsett 72. 3) [vor vegna til þeirrar verndar, verstantz og conservation, sem vér næst guðs hjálp höfum öðlazt og erlanged og njótum ei miður að og erum ei síður pliktbundnir hans kongligri Majestat en nokkrir aðrir hans undirsátar 72. 4) sérhverir. 5) þ. e. hólma.

hans Majst. svo vel sem hans Majst. skilgetna lífserfingja og þeirra skilgetna eptirkomendur og afkvæmi, bæði í karlegg og kvenlegg eptir þessum upplögðum arfsrétti í móti einum og sérhverjum að handhefja og forsvara líf, æru, góz og blóð með því konunglega húsi að vilja voga og útsetja, og frá þessum vorum ásetningi ei í nokkurn máta að víkja, miklu síður undir nokkru skyni eður undirferli eða hvað það nefnast kann í bezta máta hans kongl. Majst. og skilgetna lífserfingja og þeirra lífsafkvæmi við (eið) í té látinn rétt að mótstanda eða hindra, ei heldur í nokkrum flokkadrætti eða samheldni að vera í sérhverju sem í móti væri talað eða höndlað, heldur miklu framar, ef þetta óforvarandis upp á kæmi, fyrir utan allan manngreinarmun vorum allra náðugasta herra og kongi (slíkt) að opinbera. Eftir því og einninn hans kongl. Majst. af sérlegri konunglegri gunst og náð hið náðugasta hefur auglýst, að réttur frumgetningarinnar í Noreg svo vel sem í Danmörk, með þeirri konunglegri arfssuccession skuli setjast og bæði kongaríkin hér eptir öngvan veginn að greinast ellegar í nokkurn máta neitt af þeim sundrast, heldur öðrum hans kongl. Majst. skilgetnum lífserfingjum og afkvæmi árlega með einni vissri summu af peningum til þeirra virðuglegs uppheldis afleggjast [til jafns Noregs ásamt[1]) Danmerkurríkis securitet[2]) og forsvar, er til hans kongl. Majst. og hans kongl. Majst. skilgetnra lífserfingja og skilgetins afkvæmis náðar disposition[3]) alleinasta sett og eptirlátið, svo setjum vér til hans kongl. Majst. eigin náðugasta vilja ekki alleinasta hverninn stjórnin hér eptir skal skikkast, heldur og einninn successionin[4]), svo vel í karllegg sem kvenlegg eptir dauðlegan afgang (hvað[5]) guð almáttog have kan, denne udi beste Form Hans Kongelige Majestet og Egte Livs-Arvinger, samt deris Egte Descendenter ved Eed overdragne Rettighed at anfegte eller turbere, heller udi nogen Forsamling at vere, udi hvilken herimod skulle talis eller handlis, mens langt mere, naar imod Forhaabning sligt sig skulle tildrage, saadant uden nogen Persons-Anseelse voris allernaadigste Herre og Koning at aabenbare. Eftersom og Hans Kongelige Majestet af synderlig kongelig Gunst og Naade sig naadigst haver erklerit, at jur primogenituræ i Norge saavelsom i Danmark ved den kongelige Arf-Succession skulde oprettis og begge Kongerigerne her efter ingenlunde delis, eller noget deraf dismembreris, mens de andre Hans Kongelige Majestets Egte Lifs-Arvinger og Descendenter aarligen med een visse Summa Penge til deris reputerlig Underhold afleggis, og Norgis tillige med Danmarkis Riges Securitet og Forsvar er til Hans Kongelige Majestets Egte Livs-Arvinger og Efterkommere egte Descendenter, deris naadigste Disposition alene hensat og overdragen: saa stille vi i Hans Kongelige Majestets egen naadigste Villie, ikke aleniste hvorledis Regjeringen herefter skal anstilles, mens end ogsaa Successionen saavel paa mandelig som qvindelig Linie efter dödelig Afgang (hvilket Gud allermegtigste naadelig lenge vilde forbjude) beqvemmeligst kunde forsjunis, saa ogsaa hvorledis det skal forholdis naar nogen Minorennitet af Hans Kongelige Majestets Egte Lifs-Arvinger og

1) [og Noregs tillíka við 72. 2) þ. e. friður. 3) þ. e. ráðstöfun. 4) þ. e. erfðirnar (hver eptir annan komi). 5) 72,374; hvern 101.

ugur náðarsamlega vildi leingi undandraga) hentugasta kann að sýnast,[1]) svo og einninn hverninn það skal haldast, nær nokkur (minorennitet) í ungdómi af kongl. Majst. ógta lífserfingjum og afkvæmi í framtíðinni í stjórninni sér skuli skikka og hegða, hver skikkun og síðasti vilji skal vera oss og vorum erfingjum og eftirkomendum svo sem eitt fundamental lög og[2]) grundvöllur[3]) og opinber skikkun og af oss með allri undirgefni með öllum sínum póstum og greinum með þessari arfahylling af oss með eiði allareiðu samþyktri skal vera gjört, svo að hans kongl. Majst. og hans kongl. Majst. skilgetnir lífserfingjar og eptirkomendur ei í nokkurn máta, hvorki heimuglega né opinberlega í þeirra arfstjórnareign af oss, vorum erfingjum og eptirkomendum skal hindrast eða mótmælast, heldur miklu framar móti einum og sérhverjum, hver helzt sem það vera kann, útlenzkum sem innlenzkum, sem móti[4]) hans kongl. Majst. hans kongl. Majst. skilgetnum lífserfingjum og afkvæmi, svo vel sem optnefnds arfsrétts skulu höndla eður tala, með líf og lifnað, góz og blóð trúlega viðhjálpa[5]) og forsvara, frá hverri skyldu oss, vora erfingja og og eptirkomendur einginn vinskapur, ei heldur fjandskapur, ótti og hætta, gagn og skaði, hatur, öfund ellegar nokkur mannleg list[6]) og orsök í minsta máta skal frávenda.

Að þetta fyrrskrifað af oss öllum og sér hverjum svo vel sem vorum erfingjum og eptirkomendum fyrir utan öll svik og undirferli í öllum sínum greinum og articulis skuli haldast og framkvæmast. Þessu til auglýsingar og frekari staðfestu höfum vér þetta með eigin höndum undirskrifað og með vorum signetum staðfest. Skeð í Islandi á Kópavogsþingstað Anno 1662 þann 28. Julij.

Descendenter i Fremtiden udi Regeringen sig skulde tildrage, hvilken Disposition og sidste Villie skal vere os og voris Arvinger og Posteritet som een Fundamentar-Lov og offentlig Forordning, og af os i al Underdanighed med alle sine Clausuler, formedelst den ved Eed af oss allerede bekreftet Arvehylding blive efterkommit, saa at Hans Kongelige Majestet og Hans Kongelige Majestets Egte Lifs-Arvinger og Efterkommere Egte Descendenter ei udi nogen Maader enten hemmelig eller aabenbarlig udi deris Arveregjerings Possession af os, voris Arvinger og Posteritet skal blive turberit, mens langt mere imod alle og enhver, hvem det og vere kunde, udlendisk og indlendisk, som mod Hans Kongelige Majestet, Hans Kongelige Majestes, Egte Lifs-Arvinger og Descendenter, saavelsom denne oftbemeldte Arverettighed skulle handle eller tale, med Lif og Lefnit, Gods og Blod troligen handtheve og forsvare, fra hvilken Skyldighed os, voris Arvinger og Efterkommere ingen Venskab ei heller Findskab, Frygt og Fare, Gafn og Skade, Had, Avind eller nogen menneskelig List og Aarsage udi ringeste Maader skal afvende. At dette forskrefne af os alle og saavelsom voris Arvinger og Efterkommere uden al Svig og Argelist udi alle sine Punkter og Artikler holdis og efterkommis skal, des til Vitterlighed og ydermere Forsikkring haver vi dette med egne Hender underskrevit og med voris Signeter bekreftet. Skeed udi Island, paa Koppevogs Thingstad den 28. Julii, Anno 1662.[7])

1) forsorgast 72. 2) 72. 3) lög 101, 374 hér. 4) 72; með 101, 374. 5) handhefja 72. 6) eður brögð, bætir 72 við. 7) Í undirskriptunum eru nöfnin lærðu mannanna mörg í latínugervi og víðast hvar stendur í frumritinu „manu propria“ fyrir „með eiginhendi“, og er því hvorutveggja

Brynjólfur Sveinsson R. með eiginhendi biskup í Skálholti. (L. S.)
Sigurður Oddsson með eiginhendi [prestur í Stafholti og prófastur Mýramanna].
Jón Jónsson með eiginhendi [prestur á Melum og prófastur Borgfirðinga.]
Þorleifur Jónsson með eiginhendi [prestur í Odda og prófastur Rangæinga].
Torfi Jónsson með eiginhendi [prestur í Gaulverjabæ og prófastur Árnesinga].
Einar Illugason med eiginhendi [prestur á Reynivöllum og prof. í Kjalarnesþingi].
Þórður Jónsson með eiginhendi [prestur í Hítardal].
Jón Daðason með eiginhendi [prestur í Arnarbæli].
Árni Haldórssou með eiginhendi [dómkirkjuprestur í Skálholti og prestur í Hruna].
Sigurður Jónsson með eiginhendi[1]) [prestur í Eyvindarhólum].
Álfur Jonsson með eiginhendi [prestur í Kallaðarnesi].
Þorkell Arngrímsson Vídalín með eiginhendi [prestur í Görðum á Álptanesi.] (L.S.)
Haldór Jónsson e(igin)h(endi)[1]) prestur í Reykholti].
Grímur Bergsveinsson með eiginhendi [prestum í Görðum á Akranesi].
Hallgrímur Pétursson með eiginhendi [skáldið, prestur í Saurbæ á Hvalfjarðarstr.].
Jón Olafsson [prestur í Hvammi í Norðurárdal].
Páll Gunnarsson [prestur á Gilsbakka].
Gísli Bárðarson [prestur á Skúmsstöðum].
Magnús Jónsson [prestur á Breiðabólsstað í Fljótshlíð].
Ásgeir Einarsson með eiginhendi [prestur í Tröllatungu].
Magnús Pálsson með eiginhendi [prestur í Kálfholti].
Joseph Loptsson með eiginhendi [prestur á Ólafsvöllum].
Guðmundur Bjarnason með eiginhendi [prestur í Laugardælum].
Torfi Jónsson með eiginhendi [dómkirkjuprestur í Skálholti].
Björn Stephánsson með eiginhendi [prestur á Snæfuglsstöðum].
Hallkell Stephánsson með eiginhendi [prestur á Hvalsnesi].
Snjólfur Einarsson með eiginhendi [prestur á Seltjarnarnesi og í Reykjavík].
Bjarni Sveinsson með eiginhendi [prestur í Meðallandi].
Ketill Halldórsson með eiginhendi [prestur í Álptaveri].
Eiríkur Vigfússon með eiginhendi [prestur í Hjarðarholti í Dölum].
Helgi Grímsson með eiginhendi [prestur á Húsafelli].

Gísli Þorláksson superintendent Hólastiktis, með eiginhendi (L. S.).
Ólafur Hallsson með eiginhendi [prestur í Grímstungum].
Skúli Þorláksson með minni hendi [prófastur og prestur á Grenjaðarstað].
Erlendur Ólafsson með minni hendi [prófastur og prestur á Melstað].
Gunnlaugur Sigurðsson með minni hendi [prestur í Saurbæ í Eyjafirði].
Gísli Brynjólfsson [prestur á Bergstöðum].

---

snúið hér til íslenzkara vegar. Við skýringar á nöfnunum hefir hér verið hafður stuðnungur af skýringartilraun við mörg af þeim í afskript með hendi Jóns Sigurðssonar, og af registri við II. bindi af Aarsberetn. fra d. kgl. Geheimearkiv; og þar sem hvorugt af þessu dugði og alt um þraut, þá var leitað til Hannesar ritstjóra Þorsteinssonar. Ein skýring er þó, sú sem ekki hafa feingizt önnur rök fyrir en áðurnefnt registur.

[1]) Þessi nöfn eru á íslenzku í frumritinu.

Einar Þorsteinsson með eiginhendi [prestur í Múla, síðar Hólabiskup].
Skúli Magnússon með eiginhendi [prestur í Goðdölum].
Bjarni Hallsson með eiginhendi [prestur á Upsum]
Þorlákur Ólafsson með eiginhendi [prestur á Miklabæ í Blönduhlíð].
Þórarinn Jónsson[1]) með eiginhendi [prestur á Hrafnagili].
Gunnar Björnsson[1]) með eiginhendi [prestur á Höskuldsstöðum].
Þorvarður Ólafsson með eiginhendi[1]) [prestur á Breiðabólsstað í Vesturhópi).

Arni Oddsson eiginhendi [lögmaður sunnan og austan] (L S.).
Benedikt Haldórsson með eiginhendi [á Víðimýri, sýslumaður Skagfirðinga].
Bjarni Pétursson eiginhendi [sýlumaður Dalamanna].
Gísli Magnússon eiginhendi [á Hlíðarenda, sýslumaður Rangæinga, Vísi-Gísli].
Hákon Þorsteinsson eiginhendi [sýslumaður Vestur-Skaptfellinga]. (L S).
Þorsteinn Þorleifsson eiginhendi [sýslumaður í Múlasýslu]. (L. S.)
Þorkell Guðmundsson eiginhendi [sýslumaður í Húnavatnssýslu]. (L. S.).
Magnús Jónsson eiginhendi [sýslumaður Isfirðinga]. (L. S.).
Daði Jónsson með eiginhendi [lögsagnari í Gullbringusýslu].
Torfi Erlendsson [faðir Þormóðar sagnaritara, sýslumaður Árnesinga]. (L. S.).
Hallgrímur Magnsson með eiginhendi [í Kerlingardal, lögréttumaður í Skaptafellss.].
Ólafur Jónsson með eiginhendi [bóndi í Hvammi í Kjós][2])
Guðmundur Torfason með eiginhendi [lögréttumaður í Rangárþingi].
Bárður Gíslason með eiginhendi [í Vatnsdal, lögréttumaður í Rangárþingi].
Magnús Kortsson eiginhendi [í Árbæ, bóndi í Rangárþingi].
Einar Oddsson [í Vogum, lögréttumaður í Gullbringusýslu].
Þórður Ormsson með eiginhendi [lögréttumaður í Kjósarsýslu].
Jón Sigurðsson með eiginhendi [bartskeri í Káranesi í Kjós].
Vigfús Jónsson með eiginhendi [lögréttumaður í Eyjafirði].
Thomas Bjarnason með eiginhendi [lögréttumaður í Hegranessþingi].
Magnús Ólafsson með eiginhendi [bóndi úr Hegranessþingi][3])
Jón Jónsson með eiginhendi [bóndi í Hegranessþingi].
Sigurður Árnason með eiginhendi [lögréttumaður úr Borgarfirði].
Kári[4]) Eiríksson með eiginhendi [lögréttumaður úr Mýrasýslu].
Magnús Jónsson [bóndi úr Borgarfirði].
Sigurður Jónsson eiginhendi [bóndi úr Húnavatnsþingi].
Teitur Þórðarson með eiginhendi [bóndi á Brekku í Gilsfirði].
Pétur Einarsson eiginhendi [lögréttumaður á Ballará].
Magnus Einarsson eiginhendi [lögréttumaður í Dalasýslu].
Benedikt Þorleifsson[5]) með eiginhendi [lögréttumaður í Árnessþingi].
Ormur Jónsson með eiginhendi [lögréttumaður í Árnessþingi.]
Jón Steinþórsson eigin hand [á Knerri í Breiðavík, lögréttumaður í Snæfellsnessýlu].

---

1) á íslenzku. 2) Aarsberetn. d. fra kgl. Geh. ark. II segir hann i registri vera úr Skaptafellsýslu.
3) Registur við Aarsber. fra d. kgl. Geh.ark. II. 4) "*Jón*" hefir Jón Sigurðsson lesið *Kári*, útgáfa Leyndarskjalasafnsins, og kemur það heim við síra Jón í Hitardal (Landsb. 72 4to 218).
5) Svo JS.; Thortssz, útg. Leyndarskjalasafns.

Jón Björnsson með eiginhendi [lögréttumaður í Hnappadalssýslu].

Þorleifur Kortsson með eiginhendi [lögmaður norðan og vestan] (L. S.)
Eggert Björnsson [sýslumaður í Barðastrandarsýslu.]
80. Sigurður Jónsson eiginhendi [í Einarsnesi, sýslumaður Borgfirðinga] (L. S.)
Björn Pálsson eiginhendi [á Espihóli, sýslumaður í Vaðlaþingi] (L. S.).
Einar Þorsteinsson [sýslumaður í parti af Skaptafellssýslu].
Hrólfur Sigurðsson [sýslumaður í parti af Þingeyjarþingi].
Björn Magnússon [sýslumaður í parti af Húnavatnssýslu] (L. S.).
85. Jón Runólfsson einginhendi [sýslumaður í Hnappadalssýslu].
Markús Snæbjörnsson eiginhendi [sýslumaður í Vestmannaeyjum].
Páll Gíslason með eiginhendi [landþingisskrifari á Hvanneyri].
Nikulás Þormóðsson [klausturhaldari í Kirkjubæ á Síðu].
Ísleifur Magnússon með eiginhendi [bóndi á Höfðabrekku í Mýrdal].
90. Guðmundur Gíslason eiginhendi [bóndi í Rangárþingi].
Ólafur Eyjólfsson eiginhendi [lögréttumaður í Reykjavík].
Jón Halldórsson með eiginhendi [lögréttumaður í Njarðvík syðra].
Jón Þorkelsson með eiginhendi [lögréttumaður í Kjósarsýslu].
Þórður Erlendsson með eiginhendi [bóndi úr Kjósarsýslu].
95. Markús Ólafsson með eiginhendi [lögréttumaður í Hegranesþingi].
Jón Jónsson eiginhendi [bóndi úr Hegranesþingi].
Árni Daðason eiginhendi [á Tindum, lögréttumaður í Húnavatnsþingi].
Guðmundur Árnason eiginhendi [lögréttumaður í Borgarfirði].
Oddur Þorleifsson með eiginhendi [lögréttumaður í Mýrasýslu].
100. Finnur Jónsson með eiginhendi [bóndi á Kálfalæk].
Jón Gunnlaugsson með eiginhendi [bóndi í Mýrasýslu].
Þorlákur Þórðarson með eiginhendi [lögréttumaður í Húnavatnsþingi].
Sigurður Jónsson með eiginhendi [bóndi í Húnavatnsþingi].
Pálmi Hinriksson eiginhendi [bóndi á Breiðabólstað í Sökkólfsdal].
105. Hákon Árnason eiginhendi [bóndi á Vatnshorni í Haukadal].
Bjarni Eiríksson með eiginhendi [bóndi úr Árnesþingi].
Jón Árnason með eiginhendi [bóndi úr Árnesþingi].
Bjarni Tyrfingsson með eiginhendi [bóndi úr Hnappadalssýslu].
Árni Ólafsson með eiginhendi [bóndi úr Hnappadalssýslu].

16.

Bréf leikmanna til Friðriks konungs þriðja, ritað á Kópavogsþingi (28. Júlí) 1662, þar sem þeir áskilja sér að halda framvegis fornum þjóðríkisréttindum Íslands.

[MSteph. 59. 4to bls. 137—138, með samtíða hendi. — Afskript þar af með hendi Jóns Sigurðssonar í JSig. 374. 4to. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908, bls. 155—156.]

Copi(a) af suplicatiu þeirra veraldlegu á Íslandi Anno 1662.

Stórmektum hábornum herra og konungi, kong Fridrich þeim þriðja Danmerk-

ur, Noregs, Vinda og Gauta konungi, hertoga í Slesvík, Holstein, Stórmaren og Ditmerchen, greifa í Oldenborg og Delmenhorst, vorum allranáðugasta herra og arfkonungi, óskum vér allir hans konglegrar majestatis undirsátar á Íslandi auðmjúklega með allri undirgefni allrar náðar og blessunar af guði himneskum föður fyrir Jhesum Christum.

Yðar konunglegri majestet erum vér auðmúklega þakkandi með allri undirgefni alla konunglega náðuga stjórn, vernd, forsvar og umhyggju með náðuglegum vilja til vor, yðar konunglegrar majestatis fátækra undirsáta, svo sem vér höfum séð og reynt af yðar konunglegrar majestetis konglegum bréfum náðugast hingað til vor sendum.

Guð þakki yðar konglegri majestet þetta alt bezt og launi með sinni margfaldri bessun og gefi oss yðar konglegri hylli og náð jafnan að halda, hvar til vér viljum með allri auðmýkt og undirgefni standa eptir fremsta megni.

Og svo sem vér höfum nú eptir yðar majestatis konglegu boði og náðugustum vilja með plikgtviljugustu hlýðni og undirgefni vorn arfhyllingareið yðar konglegi majestet til handa svarið og aflagt biðjum vér auðmjuklegast, vonum og treystum til guðs og yðar konglegar majestatis, að yðar kongleg majestet vilji allra náðugast oss næst evangeliskri kristilegri trú og religion við vor gömul venjuleg og velfengin landslög, frið og frelsi halda með þeim rétti, sem loflegir undanfarnir Danmerkur og Noregs kongar, yðar majestatis háloflegir forfeður, hafa oss náðugast gefið og veitt, og vér og vorir forfeður undir svarizt, og það í svo miklu, sem eigi er á móti jure majestatis, hvað vær vitum með góðri samvizku ekkert finnast í vorum landslögum, heldur alt eptir því, að þau með fullkomlegri hlýðni og þegnskyldu halda oss undir Noregs erfðakong og krónu eptir loflegri arflegri succession og kongserfðabælki vorrar landslagabókar, innsettum af oss og vorum forfeðrum játtuðum og svörnum.

Svo biðjum vér konglega majestet auðmjúklega, að vér mættum blifa við þann taxta, sem gerður var og í landið sendur Anno 1619, og þar sé ei frá vikið, hvorki af útlenzkum né innlenzkum í vorri og þeirra sameiginlegri höndlan, og að hafnir venjulegar þessa lands mætti af þessu venjulega danska compagnie, sem verið hefur, eður þvílíkum hans majestatis undirsátum viðsæmilegum og oss friðsamlegum, uppsiglast og með nauðsynlegri tilfæringu forsorgast.

Óskum vér þessa hið auðmjúklegasta hvorutveggja, helzt þess vegna, að oss og vorum hörðum og óbekvæmilegum lands og lejligheitum, vegna fátæktar og harðinda almúgans, heyrir ei önnur skikkan en sú hin gamla, sem verið hefur og sett af þeim fyrri kongum eptir ósk vorra forfeðra, sem kunnugast var um vorn og landsins óhentugleika, ef landið skal annars við líf og nokkra líðanlega velferð haldast, hvers vær vonum og treystum til guðs náðar forsjá og konunglegrar majestets náðugrar stjórnar, viljandi konunglegri majestet, vorum allranáðugasta arfherra og konungi þakklátlegast og auðmjúklegast þjóna og hlýðugir vera eptir frekasta megni og beggja þeirra konunglegra majtt, hans og hans háborinnar drottningar vora allranáðugasta arfherra og konunga, samt þeirra majtt háborna syni, vorum náðugasta prinz og öðrum konglegum börnum undir allra náðugustu guðsdómsins þrenningar vernd, forsjá og blessunar nú og til æfinlegrar og eilífrar tíðar trúlegast og auðmjúklegast befala, ásamt með þeirra konunglegrar majestatis arflegri stjórn og regeringu þessara Norðurlanda og ríkja, hverja guð gefi langvarandi farsæla og friðsæla í Jhesu nafni.

17.

Bréf klerkdómsins til Friðriks konungs þriðja, ritað á Kópavogsþingi (28. Júlí) 1662, að þeir fái framvegis að halda fornum réttindum og megi vera lausir við nýjar álögur.

[Landsbókasafn 101 4to bls. 458—463, skjalasafn frá Jóni prófasti Haldórssyni í Híðardal, skr. c. 1720—1730. — Ríkisréttindi Íslands, Rvík 1908, bls. 157—159.]

Supplicatio andlegra til kong Fridriks þriðja Anno 1662.

Stormegtigste Höybaarne Første allernaadigste Herre og Koninge Fridrich den Tredie et cetera.

Eftersom vij Eders Majst fattige Undersaatter af det geistlige stand her paa Jisland haver underdanigst Eftir Eders Majst naadigste befaling aflagt Eders Majst Arve Hyldings Eed da er vij paa det underdanigste ombedendis, ad Eders Majst paa Gudz vegne voris fattige og ringe Leylighed naadelig vilde ansee, hvilke her udj dette öde platz ved gandske ringe middeler opholdes, at vij der fore synderlige maatte insinueris udi Hans Kongl. Naadis Commiseration, heldst fordi vij boer langt bort fra de Kongel. Öye, hafvendis faae intercessores, som noget got for os taler til voris gavn og nytte, foruden hvad Gud synderligen jndgifver j Eders Kongl. Majst Hierte os fattige Elendige Mennisker til trôst og Husvalelse hvilket Gud allermechtigste naadeligen belönne. Saa andrager vij her næst underdanigst disse Articler for Eders Kongl. Majst Effter di vores gunstige lensherre, Herr Rigens Admiral hielp og bistand,[1]) hvilke vij hafver altijd befunden os underdanne, og dette fattige land til det allerbeste affectioneret.

1. Adt vij maatte niude alle gode og gavnlige baade Kyrkens og Landsens Loug, jura possessionis et patronatus, som af arildztid været hafver og der j mod befrijes fra alle novis gravaminibus som icke sedvaneligt j gammel tid udj alle de puncter og Articler som Hans Höy Kongl. Majst kommer jcke til skade eller præjuditz haabendis at vor Loug Arfve Regering icke at skulle offendere, hvilken vij haffver altid over os underdanigst agnosceret efter samme vores Lougbogs lydelse, allerunderdanigst ombedendis, at vij fattige, lidet forstaaendis og langt fra liggende undersaatter icke skulle udj fremtiden kunde under Kongl. Majst Soveranitet nafn og prætext til privat fordeel graveris os og landet til störste fordervelse og Ruin.

2. Begeris undirdanigst adt Kyrkernis Jordegods og gaarder, hvilke fra arildztid geistligheden ad mensam deputeret Er, maa af geistligheden, hvilken med forbemeldte gaarde forleendte ere, uden ald forhindring og intercession af Laugretten og Herridtfogeterne stædis og bortlejes til bönderne for sedvanelege leye og smaa boder ubehindret j alle maader som til forne haver veret, og de modvillige bönder roligen maatte bortvises for uden anden vidtlöftig process og trætte, paa det at bönderne jcke skulle ald formeget traadse j mod deres Husbonder, som de nu begynder at giöre.

3. Formener vij geistligheden ny tyngsel paaleggis, hvilke formenis jcke at kunde bevijses udj gammel tid sedvanligt adt geistligheden dömmes plichtig og skyldig ad föde og forsörge de vanföre personer, hvilke dennem findis beslechtige udj fierde leed og fremmer, begieres der fore underdanigst at matte befrijes fra saadan tyngsel at forsörge de som reinest fiernere, uden de alleeneste som Gud og naturen vedholder, hvilke menis at være de som end tilhöre j förste og anden leed og jcke videre.

---

1) Svo.

IX.	a. Til þess að reisa Dyrhólaeyjarvita, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin	25,000		
	b. Til kostnaðar við vitann síð. á.		1.000	
X.	Vestmannaeyjaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 700			
	2. fyrir olíu 200			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 175			
	5. hús handa vitaverði f. á. 2,000			
		3,175	1,175	
XI.	Reykjanesviti: kr.			
	1. til launa vitavarðar 1,500			
	2. fyrir olíu 500			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 875			
	5. til að endurbæta lending við Kistur f. á. 2,000			
		4,975	2,975	
	Flyt ...	41,460	34,960	783,000

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	41,460	34,960	783,000
XII.	Garðskagaviti: kr.			
	1. til vitavarðar ... 600			
	2. fyrir olíu ... 200			
	3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl. ... 300			
	4. fyrir steinkol ... 100			
	5. ýmisleg útgjöld ... 116			
		1,316	1,316	
XIII.	Gerðatangarviti ...	100	100	
XIV.	Hafnarfjarðarvitar: kr.			
	1. til vitavarðar ... 400			
	2. fyrir olíu ... 125			
	3. — steinkol ... 50			
	4. ýmisleg gjöld ... 100			
		675		
XV.	Gróttuviti: kr.			
	1. til vitavarðar ... 500			
	2. fyrir olíu ... 150			
	3. — steinkol ... 60			
	4. ýmisleg gjöld ... 240			
		950	950	
		45,001	37,826	82,827
	Samtals ...	.....	.....	865,827

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast kr. 498,440.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	
	A.			
	Í þarfir andlegu stéttarinnar: kr.			
a. 1.	laun biskupsins ... 5,000			
2.	skrifstofukostnaður ... 1,000			
		6,000	6,000	
	Flyt ...	6,000	6,000	

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar ...	6,000	6,000	
b.	önnur útgjöld:				
	1.	til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	6,500	6,500	
	2.	Til bráðabirgðaruppbótar brauðum ..... Ráðherrann úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
	3.	til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti ...	600	600	
	4.	viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum ...	4,000	4,000	
	5.	framlag til prestlaunasjóðs	24,000	24,000	
			46,100	46,100	
					92,200

B.

Til kenslumála.

			1910.	1911.		
I.	Til prestaskólans:					
	a.	laun			9,200	9,200
	b.	önnur útgjöld:	kr.	kr.		
		1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, alt að 80 kr. til hvers	960	960		
		2. námsstyrkur ..... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.	1,000	1,000		
		3. til tímakenslu	100	100		
		4. til bókakaupa	300	300		
		5. til eldiviðar og ljósa	150	150		
		6. til umsjónar	100	100		
		7. ýmisleg útgjöld	250	250		
		8. til þess að gefa út kenslu-				
		Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200
bækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250			
			3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur gjöld:		kr.			
1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers		1,200			
2. námsstyrkur		1,600			
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið.					
Húsaleigustyrkur og námsstyrkur veitist eftir sömu reglum og við prestaskólann.					
3. eldiviður, ljós og ræsting		550			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda		700			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum		300			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		400			
7. þóknun til Þórðar geðveikralæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði		300			
8. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« alt að		200			
9. ýmisleg útgjöld		200			
			5,450	5,450	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum ..			1,000	1,000	
			9,650	9,650	19,300
Flyt ...			.....	.....	136,120

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr
	Fluttar ...	....	.....	136,120
III.	Til lagaskólans:	1910. kr.	1911. kr.	
a.	laun	6,800	6,800	
b.	til aukakenslu	1600	1600	
c.	önnur útgjöld:			
1.	húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers	960	960	
2.	námsstyrkur .... Húsaleigustyrkur og námsstyrkur veitist eftir sömu reglum og við prestaskólann.	1,200	1,200	
3.	eldiviður, ljós og ræsting ...	250	250	
4.	til bókakaupa	500	500	
5.	húsaleiga	500	500	
6.	önnur útgjöld	200	200	
7.	til útgáfu kenslubóka	500	500	
			12,510	12,510	
					25,020
IV.	Til hins almenna mentaskóla:			
a.	laun		19,200	19,200	
b.	aðstoðarfé:		kr.		
	handa söngkennaranum		600		
	— fimleikakennaranum		700		
	til dyravarðar		1000		
	fyrir yfirumsjón með húsum og áhöldum skólans		200		
			2,500	2,500	
c.	önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.		
1.	til bókasafns skólans	400	400		
2.	til eldiviðar og ljósa	1.400	1,400		
3.	til skólahússins utan og innan	1,400	1,400		
4.	til fasts aukakennara	1,600	1,600		
5.	til annarar tímakenslu og prófdómenda	1,200	1,200		
6.	húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720		
7.	námsstyrkur	2,000	2,000		
	Flyt ...	8,920	8,920	21,700	21,700	161,140

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
	Fluttar...	8,920	8,920	21,700	21,700	161,140
	Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið					
	Húsaleigustyrk og náms styrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.					
8.	Þóknun handa lækni	100	100			
9.	Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
10.	Til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450			
11.	Til þess að gefa út kenslubækur handa hinum almenna mentaskóla 30 kr. fyrir örkina.....	600	600			
12.	Til áhalda við fimleika kenslu	100	100			
13.	Til verðlaunabóka	300	300			
				11,470	11,470	
				32,970	32,970	65,940
V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:					
a.	Laun			6,600	6,600	
b.	Önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.			
1.	Til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2.	Til eldiviðar og ljósa.....	600	600			
3.	Til tímakenslu og aukakenslu	2,500	2,500			
4.	Til styrkveitinga námspiltum	800	800			
5.	Ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,400	1,400			
				5,900	5,900	
				12,500	12,500	25,000
VI.	Til kennaraskólans:					
a.	Laun	6,600	6,600			
b.	Önnur útgjöld ·					
	Flyt...	6,600	6,600	.. ..	.. ..	252,080

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911 kr.	Alls. kr.
	Fluttar...	6,600	6,600	.....	.. ..	252,080
	1. Tímakensla	1,000	1,000			
	2. Eldiviður og ljós	800	800			
	3. Bókakaup og áhöld	300	300			
	4. Námsstyrkur	1,500	1,500			
	5. Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
				11,200	11,200	
						22,400
VII.	Til stýrimannaskólans:					
	a. Laun			3,200	3,200	
	b. Önnur útgjöld:					
	1. Til tímakenslu	1,000	1,000			
	2. Til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400			
	3. Til eldiviðar og ljósa ...	400	400			
	4. Ýmisleg útgjöld	600	600			
				2,400	2,400	
				5,600	5,600	
						11,200
VIII.	Til annarar kenslu:					
	a. Til kvennaskóla:					
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík .... Að því til skildu, að Reykjavíkurbær veiti skólanum að minsta kosti 500 kr. hvort árið.	4,500	4,500			
	2. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að.....	2,000	2,000			
	3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	300	300			
	4. Til sama skóla til kaupa á húsbúnaði, rúmfötum og matreiðsluáhöldum f. á. alt að..... ...	2,000	»			
	5. Til kvennaskólans á Blönduósi	3,000	3,000			
	6. Til sama skóla 50 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	2,000	2,000			
				13,800	11,800	
	b. 1. Til barnaskóla .... Þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000 kr. Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda,			24,000	24,000	
	Flyt...			37,800	35,800	285,680

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,800	35,800	285,680
og með því skilyrði, að skólarnir njóti, móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
2. Til farskóla, alt að 200 kr. til hvers, og farkennara, þar sem ekki eru lögskipaðir farskólar, alt að 100 kr. til hvers	15,000	15,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annars staðar að, að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
3. Styrkur til að byggja barnaskóla utan kaupstaða alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu að húsinu ...	20,000	20,000	
4. Til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
5. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. Til eftirlitsferða eftir reikningi.....	600	600	
c. Til aðstoðar við samning skýrslna og skrifstofukostnaðar eftir reikn.	300	300	
c. Til unglingaskóla, utan kaupstaða, þó eigi yfir 750 kr. til hvers, alt að	5,000	5,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að eigi minna en helmingi þess, er styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.			
d. Til unglingaskóla í sambandi við barnaskólann á Ísafirði	2,500	2,500	
e. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	7,000	7,000	
f. Til viðgerðar á gamla skólahúsinu í Flensborg f. á.	500	»	
g. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
h. Til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
i. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
k. Til kenslu heyrnar og málleysingja	6,500	6,500	
l. Til kenslu 2 blindra barna í Danmörku ...	600	600	
Flyt...	102,600	100,100	285,680

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	102,600	100,100	285,680
m.	Til Erlendar Páls Jónssonar	300		
n.	Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði .... kr. 1,500			
	Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að .. 600	2,100	2,100	
o.	Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	480	480	
		105,480	102,680	208,160
IX.	Til sundkenslu:			
a.	Í Reykjavík..... .... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b.	Til sundkenslu annarsstaðar... ... . Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
		1,300	1,300	2,600
X.	Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	....	.....	498,440

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 141,240.

		1910.	1911.	1910.	1911.	Alls.
1.	Landsbókasafnið:	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
a.	Laun bókavarðar.....	3,000	3,000			
b.	— 1. aðstoðarmanns	1,500	1,500			
c.	— 2. aðstoðarmanns	1,000	1,000			
	Flyt...	5,500	5,500			

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
fluttar...	5,500	5,500	....	.....	
d. til að kaupa bækur og handrit	6,000	6,000			
e. til bókbands	1,400	1,400			
f. til samningar spjaldskrár (eftir reikningi)	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
			15,760	15,760	
2. til Landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar	1,200	1,200			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu...	600	600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250			
			3,850	3,850	
3. til Forngripasafnsins:					
a. laun fornmenjavarðar	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að	600	600			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,000	1,000			
Safnið sé opið frá 15. júní til 15. sept., 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 6 stundir á viku eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins.					
d. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að ...	1,000	1,000			
			4,400	4,400	
4. til Náttúrufræðisfélagsins			800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins, og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma að minsta kosti einu sinni í viku.					
5. til safnahússins:	1910. kr.	1911. kr.			
a. til eldiviðar, áhalda o. fl.....	2,200	2,200			
b. til dyravarðar	1,400	1,400			
			3,600	3,600	
6. til kaupstaðarbókasafna			2,000	2,000	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að bæjar og sýslufélög veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.					
Flyt...			30,410	30,410	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	30,410	30,410	
7. Til bókasafnsins á Ísafirði til bókakaupa f. á.....	2,000		
8. Til bókasafnsins á Akureyri til bókakaupa f. á. ..	1,000		
9. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði alt að .... Landstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.	1,500	1,500	
10. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík .... 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.	2,000	2,000	
11. Til Þjóðvinafélagsins.....	750	750	
12. Til Fornleifafélagsins ... ... Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.	4 00	400	
13. Til Sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	750	750	
14. Til þess að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins, alt að	5,000		
15. Til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út sams konar registur sem við fyrstu bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út.....	800	800	
16. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
17. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
18. Til Einars skálds Hjörleifssonar.....	1,200	1,200	
19. Til Þorsteins Erlingssonar skálds	1,000	1,000	
20. Til síra Valdimars Briem's	800	800	
21. Styrkur til Guðmundar skálds Magnússonar	800	800	
22. Til Guðm. skálds Guðmundssonar	600	600	
23. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds	300	300	
24. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
25. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
Flyt...	51,510	43,510	

	1910	1911	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	51,510	43,510	
26. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins	500	500	
27. Til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
28. Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi .... Þessi þrjú síðastnefndu félög gjöri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.	2,000	2,000	
29. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
30. Til leikfélags Reykjavíkur, alt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	1,000	1,000	
31. Til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000		
32. Styrkur til Jóns ritstjóra Ólafssonar til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að	960	960	
33. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands	1,000	1,000	
34. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
35. Styrkur til að gefa út lagasafn handa alþýðu (áframhald), 20 kr. fyrir örkina, gegn því að áframhald þetta verði eigi selt tiltölulega dýrara en þau bindin (4), sem út eru komin áður, f. á. alt að ..	800		
36. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
37. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
38. Til dr. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna ...	2,000	1,000	
39. Til Guðm. G. Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisrannsóknanáms f. á.	1,000		
40. Til Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna	1,500	1,500	
Flyt...	69,920	58,120	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	69,920	58,120	
41. Til grasfræðisgarðs í Reykjavík	300	300	
42. Til jarðskjálftarannsókna	300	300	
43. Til veðurathugana innanlands	4,800	4,800	
44. Til Einars Jónssonar myndasmiðs	1,200	1,200	
	76,520	64,720	
Samtals			141,240

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 415,920.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Til bændaskólans á Hólum:			
a.	Laun	2,700	2,700	
b.	Til aðstoðarkennara	1,000	1,000	
c.	Önnur útgjöld:			
		1910. kr.	1911. kr.	
	1. Til verklegrar kenslu	1,000	1,000	
	2. Til kensluáhalda	500	500	
	3. Til eldiviðar og ljósa	600	600	
	4. Til styrkveitinga nemendum	400	400	
	5. Ýmisleg útgjöld	600	600	
	6. Til byggingar skólahúss	18,500		
			21,600	3,100
2.	Til bændaskólans á Hvanneyri:	2700	2,700	
a.	Laun			
b.	Til aðstoðarkennara	1,000	1,000	
c.	Önnur útgjöld:			
	1. Til verklegrar kenslu	1,000	1,000	
	2. Til kensluáhalda	500	500	
	3. Til eldiviðar og ljósa	400	400	
	Flyt...	1,900	1,900	29,000	10,500	

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr,	Alls. kr.
fluttar...	1,900	1,900	29,000	10,500	
4. Til styrkveitinga nemendum ...	400	400			
5. Ýmisleg útgjöld	600	600			
6. Til byggingar skólahúss úr steinsteypu.....	46,000				
			48,900	2,900	
3. Til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu			1,500	1,500	
4. Til Eiðaskólans:	1910. kr.	1911. kr.			
a. Byggingarstyrkur	20,000				
b. Til verklegrar búnaðarkenslu ..	1,500	1,500			
			21,500	1,500	
5. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds			500	500	
6. Til búnaðarfélaga			22,000	22,000	
7. a. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið			54,000	54,000	
b. Til nánari undirbúningsrannsókna og mælinga viðvíkjandi áveitu úr Þjórsá og Hvítá á Skeið og Flóa			4,000	4,000	
8. Laun skógræktarstjóra			3,000	3,000	
9. Til skóggræðslu...			10,500	10,500	
10. Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu.....			1,500	1,500	
11. Til sandgræðslu.....			4,000	4,000	
12. Styrkur til samvinnusmjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905			14,000	12,000	
13. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum	1910. kr.	1911. kr.			
a. Laun	3,000	3,000			
b. Ferðakostnaður eftir reikningi...	500	500			
			3,500	3,500	
14. a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík.....			400	400	
15. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
16. Styrkur til manns til að nema dýralækningar.... .			600	600	
17. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík			5,000	5,000	
18. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar			1,000	1,000	
Flyt...			227,600	141,100	

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar	227,600	141,100	
19.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds	600	600	
20.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds	300	300	
21.	Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,000	2,000	
22.	Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík	5,000	5,000	
23.	Styrkur til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við húsabyggingar	800	800	
24.	a. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði .. (1910. kr. 2,000; 1911. kr. 2,000)			
	b. Til Þorsteins Guðmundssonar, launaviðbót (1910. kr. 400; 1911. kr. 400)			
		2,400	2.400	
25.	Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði	1,200	1,200	
26.	Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
27.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
	b. Til húsaleigu	700	700	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
28.	Til fiskiveiðasjóðs Íslands	6,000	6,000	
	Ef stofnað verður útgerðarmannafélag, er nái til allra eða flestra innlendra síldarútvegsmanna, þá skal jafnan leita álits þess félags um úthlutun á því fé í Fiskiveiðasjóði, sem ætlað er til eflingar síldarútvegi.			
29.	Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til iðnsýningar		2,000	
	Með því skilyrði að Reykjavíkurbær leggi að minsta kosti jafnmikla upphæð til sýningarinnar.			
30.	Leiga eftir Gullfoss	300	300	
31.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	200	200	
32.	Styrkur til Hólasóknar-manna til að standast kostnað við kirkjugarðsbyggingu úr steinsteypu um Hólakirkju f. á.	500		
		250,460	165,460	415,920
	Samtals			415,920

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna framgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 127,220 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til prof. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til síra Hjörleifs Einarssonar 500 kr.; til síra Einars Þórðarsonar 500 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þorkelsdóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til Elinborgar Friðriksdóttur 600 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 800 kr.; til barnakennara Tómasar Davíðssonar 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 188,230,33, er ætlast til að jafnist með tollauka samkvæmt frumvarpi því, sem lagt er fyrir þingið um bráðabirgðahækkun á ýmsum tollum.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1909 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði má verja alt að 10,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 3 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

2. Neshreppi utan Ennis má veita úr viðlagasjóði 8500 kr. lán gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar og sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, til þess að gera Krossavík á Hjallasandi að mótorbátakví. Lánið ávaxtast með 4 1/2 % og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

3. Sláturfélagi Suðurlands má lána úr viðlagasjóði 45,000 kr. gegn jafnmiklu stofnfé (hlutafé) og ábyrgð sýslunefndanna í V.-Skaftafells, Rangárvalla, Árness, Kjósar, Borgarfjarðar og Mýra sýslna, og 4 1/2 % vöxtum og jöfnum afborgunum á 15 árum. Sýslufélögin taki tryggingu fyrir ábyrgðinni í fasteignum og öðrum eignum félagsins.

4. Öðrum sláturfélögum má lána úr viðlagasjóði 25,000 kr. gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda og öðrum kjörum hinum sömu.

5. Ullarverksmiðjunni á Akureyri má lána úr viðlagasjóði alt að 60,000 kr. með ábyrgð bæjarstjórnar og sýslunefndar Eyfirðinga gegn $4^1/_2\%$ vöxtum og afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Íshúsfélagi Vestmannaeyja má lána úr viðlagasjóði alt að 20,000 krónur á ábyrgð sýslufélags Vestmannaeyja gegn $4\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

7. Handa Heilsuhælisfélaginu má ábyrgjast 150 þús. kr. lántöku til að koma upp heilsuhæli á Vífilsstöðum yfir 50 sjúklinga.

8. Fljótshlíðarhreppi má veita úr viðlagasjóði 5 þús. kr. lán gegn ábyrgð sýslunefndar Rangæinga með $4\,^1/_2\,\%$ í vöxtu og jöfnum afborgunum á 25 árum.

9. Alt að 6000 kr. má lána úr viðlagasjóði kirkjusjóði Íslands, ef á þarf að halda, til að hlaupa undir bagga til að endurreisa 2 kirkjur í Árnessýslu. er fuku í vetur.

10. Úr viðlagasjóði má lána Björgvin Vigfússyni sýslumanni í Rangárvallasýslu alt að 4,000 kr. til að koma sér upp embættisbústað gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með $4\,^1/_2\,\%$ og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

Lánið er bundið því skilyrði, að bústaðurinn sé á heppilegum stað fyrir sýsluna, og að alt lánið falli í gjalddaga, ef ekki um semur með honum eða búi hans um kaup á húsi og jörð við eftirmann hans í embættinu á sínum tíma.

11. Hafnarfjarðarkaupstað má lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til vatnsveitu í kaupstaðnum, er ávaxtist með $4\,^1/_2\,\%$ og endurborgist með jöfnum afborgunum á 30 árum.

12. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 20,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi ávaxtast með 4% og eru, að því er snertir samgirðingar og ábúendur á jörðum einstakra manna, afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en afborgist síðan á 20 árum með jafnri afborgun á ári. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum fá lán þessi gegn 6% árgjaldi í vöxtum og afborgunum í 28 ár. Lán þessi veitast eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

13. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með 4%, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

14. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, er ávaxtist með 4% árlega, og endurborgist á 18 árum. Til láns þessara má verja alt að 40,000 kr.

15. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum. Lán þessi ávaxtist með 4% árlega og endurborgist á 15 árum.

16. Hreppsnefndum má veita lán úr viðlagasjóði gegn ábyrgð sýslunefnda alt að 30,000 kr. hvort árið til að byggja barnaskóla, sem samkvæmt fræðslulögunum verður ekki komist hjá að byggja.

17. Úr viðlagasjóði er heimilt að lána Jóhannesi J. Reykdal verksmiðjueiganda í Hafnarfirði alt að 5000 kr. til að endurbyggja trésmíðaverksmiðju sína að gólfi og veggjum úr steinsteypu. Lánið veitist eftir á gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda; ávaxtast með $4\,^1/_2\,\%$ og endurborgast með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed. **535. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Vér undirritaðir nefndarmenn höfum íhugað breytingu þá, er háttvirt neðri deild hefir gert á frumvarpi þessu, og gerir meiri hluti nefndarinnar (Ari Jónsson og Sigurður Hjörleifsson) þá tillögu til breytingar, að í stað orðanna »12,000« í frumvarpinu komi 10,000, en minni hlutinn (Jul. Havsteen) leggur til að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það kom frá neðri deild.

Alþingi 20. apríl 1909.

J. Havsteen, formaður.	Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögum.	Ari Jónsson.

Ed. **536. Framhaldsnefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frumvarp þetta, sem er komið aftur hér til deildarinnar frá háttv. Nd., hefir við meðferðina í neðri deild tekið nokkrum breytingum. Brnytingarnar, sem á því hafa orðið eru þær, að í 1. gr. eru tekin upp sömu ákvæði og nefndin hér í deild lagði til við 3. umr. að tekin væru upp í þá gr., að í 3. gr. er svæði það ákveðið 100 ferfaðm. í stað 200 ferfaðma, sem nothafi er skyldur að leggja fram vinnu til þess að höggva, að í 5. gr. er svæði, sem taka megi til friðunar ákveðið 10 dagsl. í stað 6000 ferfaðm. Auk þessa hafa örlitlar orðabreytingar orðið á frumv. á einstökum stöðum, sem ekkert raska efni þess.

Með því ekkert af breytingum þeim, sem orðnar eru á frumv.; eru þannig vaxnar, að nefndin geti ekki aðhyllst þær, þá ræður hún háttv. Ed. til að samþykkja það óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Efri deild alþingis, 20. apríl 1909.

J. Havsteen, formaður.	Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.	Kristinn Daníelsson.

Nd. **537. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

Þingeyrar læknishéraði í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal skift í þessi tvö læknishéruð:

Þingeyrarhérað: Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur, að undanteknum Ingjaldssandi. Læknissetur á Þingeyri.

Flateyrarhérað: Ingjaldsandur í Mýrahreppi, Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

Breyting þessi gengur þá í gildi, er Flateyrarhérað verður veitt umsækjanda.

Nd.

538. Frumvarp

til laga um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykt um friðun á silungi og um veiðiaðferðir í vötnum, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Þá er 3 menn eða fleiri eiga rétt til silungsveiði í sama vatni, getur meiri hluti þeirra krafist, að sýslunefndin gangist fyrir samþykt, slíkri sem um er rætt í 1. gr. Atkvæðisrétt hafa allir þeir, er veiðirétt hafa með höndum á því svæði, er samþyktin verður að ná til. Þó kemur atkvæði landsdrottins, ef hann kemur til fundar, í stað leiguliða.

3. gr.

Þá er krafist er samþyktar samkv. 2. gr., skal sýslunefnd taka til meðferðar á fyrsta fundi sínum frumvarp til samþyktarinnar og gera það úr garði eins og henni virðist rétt. Síðan kveður oddviti hennar til fundar, á þeim stað er sýslunefnd til tekur og með nægum fyrirvara, allt þá, er atkvæði eiga um samþyktina. Stýrir oddviti fundinum eða sá maður annar, er hann kveður til þess.

4. gr.

Á samþyktarfundi leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktarinnar, eins og sýslunefndin hefir samþykt það. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það efnisbreytingar, ef sýslunefnd felst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með $^3/_5$ atkvæða, fer um það sem fyr segir. Að öðrum kosti er frumvarpið fallið. Eigi má fallið samþyktarfrumvarp eða fallnar breytingartillögur bera upp á ný fyrir næsta aðalfund sýslunefndar.

5. gr.

Nú er gerð samþykt, eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþyktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum stjórnarinnar. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og til tekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla, er silungsveiði stunda á því svæði er hún nær til.

6. gr.

Nú vilja menn breyta löggiltri samþykt um silungsfriðun eða nema úr gildi, og þarf til þess alla sömu aðferð og að koma henni í gildi.

7. gr.

Í samþyktum þessum má ákveða um friðun á riðasilungi og riðastöðvum (gotstöðvum) um ákveðinn tíma árs eftir mismunandi staðháttum, ennfremur um friðun á

ófullþroska silungi og um tilhögun netja og annara veiðivéla. Þar má og ákveða sektir fyrir brot á samþyktinni alt að 100 krónum. Í samþykt skal ákveðið um eftirlit, er nauðsynlegt þykir, til þess að ákvæða hennar sé gætt, og hversu kostnað við það skal greiða.

8. gr.

Brot gegn samþyktum þessum sæta sömu meðferð sem opinber lögreglumál.

Ed.

539. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911

Frá Aug. Flygenring og Jens Pálssyni.

Við 15. gr., næst eftir 15. lið komi:

16. Utanfararstyrkur til Lárusar kennara Bjarnasonar til þess um 1 ár að stunda nám við kennaraháskólann í Kaupmannahöfn, fyrra árið . . . 500 krónur

Liðatalan breytist samkv. þessu.

Nd.

540. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar á lóð undir skólahúsbygging.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð undir barnaskólahúsbygging og aðrar nauðsynlegar byggingar og svæði í sambandi við skólann.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í bæjarstjórninni. Bæjarsjóður Ísafjarðar greiðir allan matskostnaðinn.

Nd.

541. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

Strandalæknishéraði skal skift í þessi tvö læknishéruð:

Reykjarfjarðarhérað: Árneshreppur og nyrðri hluti Kaldrananesshrepps að Bjarnarnesi. Læknissetur á Reykjarfirði.

Hólmavíkurhérað: Syðri hluti Kaldrananesshrepps frá Bjarnar-

nesi, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur í Hólmavík.

Breyting þessi gengur í gildi, þegar Reykjarfjarðarhérað verður veitt umsækjanda.

Ed.

542. Frumvarp

til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Styrktarsjóð skal stofna handa barnakennurum landsins. Stofnfé hans, 5,000 krónur, leggur landssjóður til.

2. gr.

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1 % af kennaralaunum sínum séu þau ekki hærri en 500 kr., 1 ½ % séu þau yfir 500 kr. og alt að 1000 kr. og 2 % ef þau eru yfir 1000 kr.

3. gr.

Sjóðurinn fær 1,000 kr. styrk úr landssjóði á hverju ári.

4. gr.

Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóð þessum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kýs.

5. gr.

Því að eins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sé styrkþurfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kenslustörfum sakir heilsubilunar.

6. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20,000 kr., en síðan ¾ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðru vísi sé ákveðið af gefanda.

7. gr.

Nánari reglur um starfsemi sjóðsins, innheimtu, styrkveiting og reikningsskil semur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið tillögu þar um frá forstöðunefnd hans.

Ed.

543. Frumvarp

til laga um girðingar.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði svo og aðrar girðingar, er njóta, styrks af almannafé, skulu vera að minsta kosti 42 þuml. á hæð.

Eigi er vírgirðing á jafnsléttu fullgild nema hún sé með 5 strengjum. — Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 2—3 fet á hæð og 3 strengir ofan á honum ef hann er 2 fet, en 2 strengir ef garðurinn er 3 fet á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, skulu vera með $2^1/_2$ faðms millibili, hvort sem girðingin er á jafnsléttu eða garður hlaðinn undir vírinn samkvæmt 1. gr.

Girðing sé gerð að öðru leyti samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða félag og leitar um lán úr landssjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fé það, sem ætlað er á ári hverju til girðinga til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrétt næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr landssjóði, skal vera fullgei innan tveggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda Stjórnarráðinu vottorð um, að hún sé gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim er getur um í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi — Ef girðingunni er eigi lokið þegar tvö ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með $6^0/_0$ vöxtum.

5. gr.

Skylt er sérhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða félög, er fengið hafa lán úr landssjóði til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar á einstökum jörðum, sem lán er veitt til úr landssjóði, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú fer jörð í eyði svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af landssjóðsláninu.

7. gr.

Girðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sé milli vegarjaðarins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo að 6

álnir séu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. — Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema 3 feta garður sé hlaðinn undir vírinn.

8. gr.

A öllum girðingum yfir vegi skulu vera nauðsynleg hlið, og skal svo um búið, að þau verði opnuð og lokuð. — Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér. — Brot móti þessu og vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

9. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

10. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 9. gr. og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. — Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

11. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 10. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra, er samþyktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til Stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 9. gr. Er öll meðferð samþyktar þó hin sama og 10. og 11. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

13. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send Stjórnarráðinu til staðfestingar og virðist Stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþyktin þá endursend ásamt synjunarástæðum Stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir Stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er á móti hreppssamþykt.

15. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed.

544. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.
Eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 veitast kr.: 137,815,10 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 10. lið l.

Til þess að fullgera sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði (þar af endurveiting 1162 kr. 69 aur.) ..... kr. 2295,00

Styrkur til Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikislæknamót í Björgvin ..... — 600,00

Til þess að reisa fjós, hlöðu og safnþró handa geðveikrahælinu Kleppi alt að — 1800,00

kr. 4695,00

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitist

Við A. 4.	Til peningageymsluklefa í pósthúsinu alt að	kr. 800,00
Við B. II.	Til Reykjadalsbrautar með brú á Laxá	— 10,000,00
	Til að fullgera Fagradalsbrautina	— 11,500,00
	Til nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut m. m.	— 15,000,00
	Til að vernda Eyrarbakkabrautina niður Breiðumýri fyrir skemdum af vatnságangi, gegn því tillagi annarstaðar frá, sem nægi til að fullgera verkið	— 1,600,00
	Til að bæta torfærur á Grímsnesbraut beggja megin Sogsbrúar	— 10,000,00
Við B. III.	Til brúargerðar á Grishólsá	— 2,000,00
	Til brúarinnar á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum (þar af endurveiting kr. 0,79)	— 258,93
Við C. 2 e.	Til viðbótar við styrk árið 1909 til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar	— 4,000,00
	Að því tilskildu, að báturinn fari sunnanlands eina ferð alla leið til Reykjavíkur og aðra til Vestmanneyja og komi við í Vik í báðum ferðum fram og aftur.	
Við D. II. 6.	Gegn því, að í stað ráðgjörðs $3._3$ m/m koparsíma frá Reykjavík til Selfoss og 4 m/m járnsíma þaðan að Eystri-Garðsauka, sé notaður $4._5$ m/m járnþráður alla leið, má draga 10,000 krónur frá tillagi því, sem heimtað er í fjárlögunum til símalínu þessarar af Árnes og Rángárvallasýslum. Tillaginu frá Árnessýslu skal verja til hliðarlínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri.	
	Til talsímalagningar frá Ísafirði til Hnífsdals og Bolungarvíkur ..... kr. 8,000,00	
	Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum ..... — 2,000,00	
	———	— 6,000,00
Við D. bætast 2 nýir liðir:		
	1. Af kostnaði við símalínu frá Kalastaðakoti til Akraness	— 7,400,00
	Veitist með því skilyrði, að Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla	
		flyt kr. 68,558,93

		flutt:	kr.	68,558,93
	greiði samtals 5,400 krónur til þessarar línu og til línunnar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness, og fellur þá burtu það sérstaka tillag, sem í fjárlögunum er áskilið til Borgarnesálmunnar.			
	2. Fé því, sem sparast hefir af þeim upphæðum, sem veittar eru í 13. gr. D. II. 1., 2., 4., 5., 7.,8., 9. og 10. í fjárlögunum má verja til þess að kaupa landssjóði til handa einkalínurnar frá Seyðisfirði og Egilsstöðum til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þannig, að hlutaðeigandi sýslufélög, auk þeirra 4000 kr., sem lagðar hafa verið til Eskifjarðarlínunnar, taki að sér 5000 kr. af landssjóðsláni því, er á símunum hvílir. Í viðbót má verja alt að .	—	6,000,00
	Það skal í skilyrðum haft við stofnsetning og framhald talsímastöðva til almenningsnota á framangreindum símaleiðum, að hrepparnir ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva, og stjórnin nánar ákveður.			
Við E.	1. Til þess að setja lítinn aukavita við Reykjanesvitann	—		2,500,00
	2. Til þess að setja bráðabirgðavita á Öndverðarnes	—		3,500,00
	3. Til útgjalda við vitann á Siglunesi haustið 1908 og árið 1909	—		1,400,00
	4. Til aðgerðar á Elliðaeyjarvitanum	—		700,00
	5. Til þess að endurreisa innsiglingarvarðann á Grímsey í Steingrímsfirði	—		300,00
			kr.	82,958,93

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitist:

Við A. b. 4.	Til viðbótar	kr.	500,00
Við B. III.	Til lagaskólans:		
	Til aukakenslu	—	400,00
	b. 4. til bókakaupa	—	800,00
	b. 6. önnur útgjöld	—	400,00
Við B. V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:		
	1. Til aðgerðar á skólahúsinu 1908	—	850,00
	2. Til aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbótar þeim s. á (þar með baðáhöld)	—	1,250,00
	3. Til leikfimishúss alt að	—	2,000,00
	4. Til lampa og ljósáhalda alt að	—	800,00
	5. Til kennarapúlta o. fl. alt að	—	500,00
	6. Til tímakenslu alt að	—	500,00
Við B. VII. f.	Til viðbótar við námsstyrk við kennaraskólann	—	900,00
	Til viðgerðar við lóð skólans	—	1,000,00
	Til stofnunar æfingabekks við kennaraskólann og til kenslu í þeim bekk	—	500,00
	Til Jónasar Jónssonar frá Hriflu til þess að ljúka kennaranámi í Englandi	—	500,00
		kr.	10,900,00

5. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta, veitist:

Við	1.	Til dyravarðar við Safnahúsið (síðara árið)	kr.	600,00
		Fyrir spjaldskrín (Card Cabinet) síðara árið	—	720,00
Við	7.	Til rannsókna og undirbúnings skrásetning fornmenja samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, eftir reikningi alt að	—	500,00
		Til aðstoðar við umsjón á Forngripasafninu (síðara árið)	—	500,00
Við	38.	Fyrir veðursímskeyti til stöðvanna á Húsavík, Fáskrúðsfirði, Keflavík, Gerðum, Ísafirði, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal og Patreksfirði; frá 1. nóvember 1903—31. desember 1909	—	2,800,00
			kr.	5,120,00

6. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

Við	7.	Til þess að byggja fjós á Hallormsstað og gjöra að bæjarhúsum á Ormstöðum	kr.	1,200,00
Við	8.	1. Til vegar fram hjá sandgræðslusvæði við Reyki á Skeiðum 1908	—	541,17
		2. Til vegar fyrir austan sama sandgræðslusvæði sumarið 1909, gegn því að það, sem á vantar, verði borgað annarstaðar frá	—	2,000,00
Eftir	16.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kveldskólahalds	—	300,00
	21 a.	Þóknun til tveggja matsmanna á síld, öðrum á Siglufirði, hinum á Akureyri, 600 kr. til hvors	—	1,200,00
	21 b.	Utanfararstyrkur til sömu manna, til þess að kynna sér verkun á síld	—	800,00
		Til viðskiftaráðunauta erlendis	—	10,000,00
Við	24.	Viðbótarstyrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi	—	5,000,00
		Til að mæla innsigling á Gilsfjörð alt að	—	10,000,00
Eftir	31.	1. Til Hallgríms Benediktssonar, Jóhannesar Jósepssonar o. fl. til þess að sýna glímu við olympisku leikina í London sumarið 1908	—	2,000,00
		2. Til Tómasar Tómassonar, leiga fyrir Gullfoss árin 1908 og 1909	—	600,00
			kr.	33,641,17

7. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 18. gr. fjárlaganna, veitist:

Til síra Einars Þórðarsonar	kr.	500,00

8. gr.

Eftirstöðvar af láni jafnaðarsjóðs Suðuramtsins til viðlagasjóðs til brúargjörðar á Ölfusá falli niður ásamt vöxtum frá 6. sept. 1907.

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Stjórninni veitist heimild til að lána úr viðlagasjóði til byggingarsjóðs 10,400 kr. til lúkningar ógreiddum kostnaði við hitaleiðslu í safnahúsbyggingunni til hlutafélagsins »Völundur«.

Stjórninni veitist heimild til að kaupa fyrir byggingarsjóðinn húseign fyrv. ráðherra H. Hafsteins í Tjarnargötu til ráðherrabústaðar, fyrir virðingarverð 52,400 krónur, taka að sér veðskuldir, að upphæð 25,000 kr., sem á húseigninni hvila, og veita byggingarsjóði lán af viðlagasjóði til þess að borga afganginn, 27.400 kr.

Búðarhreppi í Fáskrúðsfirði má veita 4000 kr. lán úr viðlagasjóði til símalagningar, með sömu kjörum, sem sýslufélögum eru veitt lán til landsímalagninga, samkvæmt 21. gr. núgildandi fjárlaga.

Nd.

545. Frumvarp

til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Nd.

1. gr.

Eftirtaldir staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:
Við Skaftárós í Vestur-Skaftafellssýslu,
— Kúðaós í sömu sýslu,
við Klettsvík í Neshreppi innan Ennis,
á Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu.
á Hjallanesi í Staðarfellslandi í sömu sýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd.

546. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til þess, að kaupa fyrir landssjóðs hönd hlutabréf í gufuskipafélaginu »Thore« og til að taka 500 þúsund króna lán til þess.

Frá meiri hluta Samgöngumálanefndarinnar.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að kaupa hlutabréf í gufuskipafélaginu »Thore« fyrir 500 þúsund krónur með þeim skilyrðum, sem hér fara á eftir:

a. *að* hlutafé félagsins verði 800,000 krónur;
b. *að* hlutir landssjóðs verði 4 % forréttindahlutir;
c. *að* þessar breytingar verði gerðar á núverandi skipastól félagsins:
   1. Í stað skipanna »Kong Helge« og »Perwie« komi nýtt skip eða nýlegt með líkri stærð og gerð eins og skip félagsins »Sterling« og með eigi minni hraða.
      Þetta skal vera framkvæmt áður en landssjóður tekur hluti í félaginu.
   2. *að* keypt verði nýtt eða nýlegt skip með líkri stærð og gerð eins og skip félagsins »Sterling« og með jafnmiklum hraða að minsta kosti.
   3. *að* keypt verði 2 ný eða nýleg strandferðaskip með hér um bil 150 smálesta farmrúmi, farrúmi fyrir 10—15 farþegja á 1. farrými, 20—25 farþegja á 2. farrými og með 9 mílna hraða að minsta kosti.
   4. *að* útbúin verði kælirúm í 2 skipum að minsta kosti af framangreindum skipastól, sem ganga landa á milli.
d. *að* landssjóður eigi rétt á, að leysa til sín fyrir ákvæðisverð hvenær sem er hina almennu hluti í félaginu;

e. *að* alþingi skipi stjórn félagsins að hálfu — 3 menn, — og ráðherra Íslands sé auk þess sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar,

f. *að* skip Thorefélagsins, sem nú eru, með þeirri breytingu, sem ræðir um undir staflið c. 1., verði afhent hinu nýja félagi fyrir það verð, er þau verða metin. Matið skal framkvæmt af 3 mönnum, dómkvöddum af landsyfirrétti Íslands,

g. *að* þær breytingar verði gerðar á lögum Thorefélagsins, sem fulltrúar alþingis og ráðherra Íslands telja nauðsynlegar til að tryggja rétt landssjóðs, sem forréttindahluthafa í félaginu. Félagið hafi varnarþing á Íslandi.

2. gr.

Til þess að kaupa hlutabréf þau, sem um getur í 1. gr., veitist landsstjórninni heimild til að taka 500,000 króna lán, sem afborgist með jöfnum afborgunum á 20 árum, og mega vextir af því eigi fara fram úr $4^1/_2$ % eða sem því svarar.

Heimildin til að kaupa hlutabréfin er því skilyrði bundin, að lán þetta fáist með eigi lakari kjörum.

Nd.

547. Frumvarp

til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Frá meiri hluta Tollmálanefndarinnar.

1. gr.

Af hverjum 100 pundum eða minni þunga af vörum með umbúðum, sem fluttar eru til landsins, og ekki eru sendar í pósti, skal greiða 25 aura farmgjald í landssjóð. Þegar vara, samkvæmt farmskrá eða hleðsluskírteini er talin eftir rúmmáli, skal greiða 15 aura gjald fyrir hvert teningsfet. Af timbri skal þó aðeins greiða 3 aura fyrir hvert teningsfet og af rúðugleri 5 aura af hverjum 100 pundum. Af salti, kolum, tigulsteinum, sementi og kalki skal ekkert gjald greiða.

2. gr.

Farmgjaldið skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, eða að því er lausakaupmenn snertir þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín, eftir gildandi lögum. Gjaldið skal greitt í peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða peningastofnanir í Reykjavík eða á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn, ef nægileg skilríki, sem innheimtumaður tekur gild, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Til þess að ákveða gjaldið skal farið eftir farmskrá skipsins, hleðsluskírteinum eða tilvísunarbréfum, er snerta hinar gjaldskildu vörur.

3. gr.

Hinar gjaldskildu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskildar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni eða hleðsluskírteinum, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum á skipinu til neyzlu í því. Sé uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum greinar þessarar, verður skipstjóri sekur alt að 100 kr.

4. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskildar vörur, fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varða sektum, alt að 200 krónum, á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. — Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hefir fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört. Farmgjaldið fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

5. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í þessari grein má þvinga hann til þess með dagsektum alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í bréfi til viðtakanda.

6. gr.

Þyngd vara eða rúmmál skal tilgreint á farmskrá eða hleðsluskírteinum skipanna. Sé ógreinilega sagt frá um gjaldskildar vörur á farmskránni eða hleðsluskírteinum, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða sé ástæða til að rengja, að rétt sé skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal landssjóður greiða, ef skýrslurnar reynast nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

7. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskildum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að álíta, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

8. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektunum, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðréttur inn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gjörð, samkv. 4. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sé með

viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir farmgjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

9. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýzt eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverju móti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin eða hleðsluskírteinin telji meira en viðtakandi fær. Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiðast fyrirfram af uppboðsverðinu, og fáist eigi svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, þá greiðist í farmgjald það, sem uppboðsandvirðið nemur, að kostnaði frádregnum.

10. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Sektir allar eftir 3. og 4. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 5. og 7. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögu sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

12. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr., svo og af sektum, fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

13. gr

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.

Ed.

548. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

(Eins og það var samþykt við 2. umræðu).

Flutningsmaður Sigurður Hjörleifsson.

Á eftir 40. lið 15. gr. komi nýr liður svohljóðandi:

Til Þorkels Þorkelssonar kennara til hverarannsókna kr. 500—500

Liðatalan á eftir breytist eftir þessu.

Ed.

549. Nefndaràlit

í málinu: frumvarp til námulaga.

Vér, sem háttvirt deild hefir kosið til að íhuga frumvarp þetta, höfum orðið ásáttir um að ráða deildinni til að samþykkja það óbreytt í öllum aðalatriðum.

Vér teljum breytingar þær, sem með frumvarpinu eru gerðar á námulögunum frá 22. nóv. 1907 fremur til bóta og með þeim bætt úr ýmiskonar ósmræmi sem nú er í námulögunum. Þó virðist oss rétt að gera nokkurar breytingartillögur við frumvarpið, og mun gerð grein fyrir þeim við framsögu málsins.

Breytingartillögurnar eru þessar:

1. Við 3. gr. Orðin í fyrri lið greinarinnar: »Með öðrum . . . . áhöldum«, falli burt.
2. — 13. — Aftan við fyrri lið greinarinnar bætist: »er þó aldrei má vera minna en 100 metrar á breidd«.
3. — 17. — Aftan við greinina bætist: »sem hús standa á«.

Efri deild alþingis, 21. apríl 1909.

Jósef Björnsson	Steingrímur Jónsson
form.	skrifari og framsögumaður.

Kristinn Daníelsson.

Ed.

550. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur nr. 29, 8. nóv. 1895 og lög nr. 20, 30. okt. 1903.

Nefndin hefir athugað mál þetta eftir föngum og getur eftir atvikum ráðið háttvirtri ed. til að samþykkja það, þótt sumum nefndarmönnum líki ekki alls kostar einstök atriði þess; mun verða gerð nánari grein bæði fyrir því og frumvarpinu í heild sinni í framsögu málsins.

Alþingi 21. apríl 1909.

	Með fyrirvara
I. Havsteen	Aug. Flygenring
formaður.	skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson. Ari Jónsson

Gunnar Ólafsson.

Ed.

551. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907.

Frá Stefáni Stefánssyni, Jens Pálssyni og Kristni Daníelssyni.

1. gr. Í stað orðanna í niðurlagi 5. gr. »Nú þykir . . . . til enda, komi:

Nú er skólahús ekki bygt samkvæmt uppdrætti og lýsingu yfirstjórnar fræðslumála og getur þá skólanefnd krafist þess, að úr því sé bætt áður en hún tekur við húsinu.

Ed.

552. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Frá nefndinni.

Við 3. gr. Orðin: »að efni« í 3. línu greinarinnar falli burtu.

Ed.

553. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um girðingar.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu »girðing« í 3. línu bætist inn í: sem lán er veitt til úr landssjóði.
2. Við 11. gr. Á eftir orðinu »er« í 3. línu bætist inn í: á fundi mæta og.

Ed.

554. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt skal stjórnarráðinu að gefa allsherjar viðurkenningu skóla, sem stofnsettur er af einstökum mönnum og fylgir sérstakri reglugjörð, staðfestri af yfirstjórn fræðslumála.

2. gr.

Slíkir skólar liggja undir aðalumsjá stjórnarráðsins, og skulu skóla- eða fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuháttum skóla þessara, og sjá um, að fræðslureglum þeirra verði framfylgt.

3. gr.

Börn á skólaaldri, er slíka skóla sækja, þurfa ekki að sækja um leyfi til þess hjá skólanefnd eða fræðslunefnd. En skólastjóri slíks skóla skal við byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd eða fræðslunefnd í té skýrslu um það, hvaða börn munu sækja skólann á því skólaári. Eigi eiga slíkir skólar heimting á styrk af almannafé.

4. gr.

Frestur sá, sem veittur er í 15. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907, lengist um 2 ár, til 1. jan. 1912.

5. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbygt til afnota, samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, annast um bygginguna eftir uppdrætti og lýsingu, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt, og afhenda síðan skólanefnd húsið. Nú þykir skólanefnd eitthvað áfátt við bygginguna og getur hún þá krafist þess, að úr því sé bætt áður en hún tekur við húsinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.

Nd. **555. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um heimild fyrir landssjóð, til að kaupa hlutabréf í Íslands banka, og til að gefa út landssjóðsskuldabréf.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson Eyf., Jón Sigurðsson, Björn Þorláksson.

6. gr. frumvarpsins orðist svo:

Til þess að fara með atkvæði landssjóðs, sem hlutabréfaeiganda, á aðal-fundum Íslands banka, kýs sameinað alþingi fjóra menn, og skulu þeir hver um sig hafa atkvæði fyrir $^1/_8$ miljón hlutafjár.

Menn þessir skulu kosnir hlutfallskosningu fyrir 4 ár í senn, og fær hver þeirra 250 kr. þóknun á ári hverju fyrir starfa sinn.

Deyji einhver hinna kjörnu fulltrúa, kjósa hinir mann í hans stað, unz alþingi skipar mann í hið auða sæti.

Ed.

556. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Frá Stefáni Stefánssyni.

1. Við 14. gr. B. IV. c. 11. Fyrir »30 kr.« komi: alt að 45 kr. og fyrir 600—600 komi: 2000—2000.
2. — 15. — 14. Fyrir »5000« komi: alt að 2500.
3. — 15. — 23. Fyrir »300—300« komi: 600—600.
4. — 15. — 39. Eftir þessum tölulið komi nýr töluliður og liðatalan breytist eftir því.

Til kand. fil. Ólafs Þorsteinssonar til þess að ljúka námi á fjöllistaskólanum í Kaupmannahöfn 500—500.

Nd.

557. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um námsskeið verzlunarmanna eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

Frá verzlunarmálanefndinni.

1. Við 5. gr. Í staðinn fyrir »Fyrstu þrjá mánuðina« komi: Fyrstu 2 mánuðina.
2. — 11. — »Þá er verzlunarstjórnandi deyr« falli burt.

Við sömu gr. Töluliður 2. er þá verður 1. orðist þannig:

Þá er verzlun hættir eða eigandi hennar verður gjaldþrota.

3. liður verður 2. töluliður.

3. töluliður orðist þannig:

Þá er verzlunarstjóri deyr, ef nemandi óskar þess að samningi sé slitið (með samþykki fjárráðamanns, ef svo á stendur).

Nd.

558. Frumvarp

til laga um undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Heimilt er landsstjórninni, þá er sérstakar ástæður mæla með að veita skipum, er skrásett eru sem eign hér á landi, undanþágu um eitt ár í senn — frá annari málsgrein í lögum nr. 18. frá 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Skyld skulu skip þessi að sýna sérstakt og glögt merki samkvæmt nánari fyrirmælum landsstjórnarinnar.

Ed.

559. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Ísafjarðarlæknishéraði skal skift í eftirnefnd tvö læknishéruð:

Ísafjarðarhérað: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi. Læknissetur í Ísafjarðarkaupstað.

Nauteyrarhérað: Snæfjallahreppur, Nauteyrarhreppur, Reykjarfjarðarhreppur og Ögurhreppur, nema Vigur. Læknissetur á Langadalsströnd.

Lög þessi koma eigi til framkvæmdar fyr en sérstakur læknir er skipaður í Nauteyrarhérað.

Ed.

560. Frumvarp

til laga um stofnun hæstaréttar á Íslandi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stofna skal hæstarétt á Íslandi, og skal hann hafa aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Hæstarétt skipa dómstjóri og 4 dómendur. Dómstjóri hefir að árslaunum 5500 kr. Hinir dómendurnir hafa að byrjunarlaunum 3600 kr. á ári hver, og fara laun þeirra hækkandi á hverjum 4 árum um 400 krónur þar til þau eru orðin 4800 kr.

3. gr.

Konungur skipar hæstaréttardómara. Enginn getur orðið skipaður dómari í hæstarétti, nema hann fullnægi almennum skilyrðum til þess að gegna dómarastörfum hér á landi, og þar að auki verður hann að hafa tekið lagapróf með fyrstu einkunn við lagaskóla á Íslandi eða Kaupmannahafnarháskóla, vera fullra 30 ára að aldri, og hafa staðist próf, sem í því er fólgið, að hann leggur dóm á 2 mál fyrir hæstarétti, annað einkamál og hitt sakamál, enda telji dómarar í hæstarétti hann hæfan.

4. gr.

Hæstarétt skal halda einu sinni á viku, ef mál eru til. Dómurinn sjálfur ákveður nánar.

5. gr.

Dómstjóri stýrir dómi, en í forföllum hans 1. meðdómandi. Hann skal auglýsa á líkan hátt og tíðkast hefir um landsyfirdóminn fyrirtökudag mála. Sendir hann stjórnarráðinu ársskýrslu um það, hversu mörg mál hafi dæmd verið í hæstarétti.

6. gr.

Sá, er síðast hefir verið skipaður í dóm, skal jafnframt vera dómsmálaritari, fyrsta sinn sá dómari, sem yngstur er að embættisaldri. Dómsmálaritari heldur þingbókina, annast um að dómar og dómsatkvæði séu rituð í þar til gerðar bækur, undirritar stefnur, lætur í té afrit, tekur við lögmæltum réttargjöldum og sér um skjalasafn og bækur réttarins.

7. gr.

Eigi má setja rétt með færri en 3 dómendum. Sé dómandi óhæfur eða forfallaður, þá setur stjórnarráðið lögfræðing í stað hans. Eigi verður dómur lög mætur nema allir dómarar réttarins leggi dómsatkvæði á málið. Um setta dómara fer sem áður er sagt, ef eigi geta allir hinir reglulegu dómarar lagt dóm á málið.

8. gr.

Enginn hæstaréttardómari má dæma í sjálfs sín sök né heldur, ef málið

snertir hann annars beinlínis, siðferðislega eða fjárhagslega. Eigi má dómari heldur dæma mál, er hann er skyldur eða mægður málsaðilja í beina línu upp og niðurstigandi eða skyldur eða mægður málsaðilja í annan lið hliðarlínu, eða ef hann er svo nákominn dómara, er dæmdi málið í óæðra rétti eða þeim manni, er flutti málið í óæðra rétti eða flytur það í hæstarétti, eða ef hæstaréttardómari hefir sjálfur flutt eða dæmt málið í óæðra rétti. Svo má og hæstaréttardómari eigi dæma í máli konu sinnar, unnustu, kjörbarns, fósturbarns eða kjör- eða fósturforeldris. Aldrei mega nánari menn skipa dóminn saman en tvímenningar að frændsemi eða tengdum, né heldur kjör- eða fósturfeðgar.

Dómurinn sker úr því í heild sinni, hvort dómari skuli víkja úr dómi.

Jafnskylt er dómara að víkja úr dómi, ef hann má ekki sitja réttinn vegna mægða eða frændsemis við málsaðilja eða dómara og annara orsaka vegna, er settar eru í lögum þessum jafnhliða frændsemi og mægðum, eða ef hann hefir sjálfur flutt eða dæmt málið í óæðra rétti, svo og ef hann er aðili máls, þótt aðili krefjist þess eigi.

9. gr.

Hæstiréttur er bær að dæma öll þau mál, er að lögum heyra undir úrskurð dómsvaldsins, nema þau beri undir landsdóm. Þó leggur synodalréttur fullnaðardóm á þau mlá, er hingað til hafa undir hann heyrt, svo og mál gegn biskupi landsins, er snerta embætti og líferni hans.

10. gr.

Eigi verður mál dæmt í hæstarétti, nema upphæð sú nemi að minsta kosti 100 krónum, er það er risið af.

Ef málið snertir beinlínis mannréttindi, stöðu manna eða mannorð, eða er höfðað til refsingar af hálfu einstakra manna eða valdsstjórnarinnar, verður engrar áfrýjunarupphæðar krafist.

Þegar sakamál er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar, ber að skjóta því til hæstaréttar eftir beiðni ákærða, ef refsing sú, er hann var dæmdur til, nemur 100 kr. sekt eða 1 mánaðar einföldu fangelsi. Heimilt er og valdstjórninni að skjóta slikum málum til hæstaréttar samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í næsta lið þessarar greinar hér á undan. Sama er og um ákærða, ef sá, sem sakfeldur er, æskir þess. Skylt er að skjóta til hæstaréttar sakamálum, þótt ákærði beiðist þess eigi, ef hann hefir verið dæmdur til tiptunarhússvinnu eða lífláts.

Dauðadómi má eigi fullnægja, nema konungur hafi svo fyrir mælt, að fengnum tillögum hæstaréttar.

Undanþágu getur hæstiréttur veitt frá 1. lið þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru til þess.

11. gr.

Áfrýjunarfrestur til hæstaréttar er 6 mánuðir. Þegar um úrskurði er að ræða, sem áfrýja má sérstökum, telst fresturinn frá uppsagnardegi úrskurðar, en annars frá lokum réttargjörðarinnar og frá birtingardegi, þegar um undirréttardóma er að ræða.

Í sakamálum, er höfðuð eru af hálfu valdstjórnarinnar, er enginn áfrýjunarfrestur settur.

Ákvæði skiftalaga 12. apríl 1878, 96. gr., landamerkjalaga 17. marz 1882, 12. gr. og laga 16. des. 1885, 11. gr. eru framvegis gildandi, svo og tilsk. 21. des. 1831, IV. kafla.

Áfrýja má máli til staðfestingar þótt frestur sé liðinn.

12. gr.

Nú er máli vísað frá hæstarétti og er áfrýjunarfrestur þá liðinn, þá er áfrýjanda heimilt að skjóta málinu enn á ný til hæstaréttar, enda hafi stefna á ný verið út gefin 3 mánuðum eftir uppsögu frávísunardóms.

13. gr.

Stjórnarráðið má veita áfrýjunarleyfi, þó að áfrýjunarfrestur sé liðinn.

Nú er slíkt leyfi veitt, þá skal hæstaréttarstefna fengin, áður liðinn sé mánuður frá dagsetningu leyfisbréfs, ella er leyfið ónýtt.

Ef slíku máli er frá vísað, þarf eigi nýtt leyfi, ef hæstaréttarstefna er fengin af nýju innan mánaðar frá uppsögudegi frávísunardóms að telja.

14. gr.

Stefnufrestur til hæstaréttar er sem nú skal greint: Ef stefndi býr í Reykjavík, er fresturinn vika, ef hann býr í Gullbringu-, Kjósar-, Árnes-, Rangárvalla-, Mýra- eða Borgarfjarðarsýslum, er frestur 4 vikur. Ef hann býr annarsstaðar, en þó innanlands, fær hann 6 vikna frest. Ef hann býr utanlands og í Norðurálfunni, þá fær hann 6 mánaða frest, en ella 9 mánaða frest.

Stefnubirting fer eftir sömu reglum sem gilda um birtingu stefnu til undirréttar.

Gagnáfrýjunar-, framhalds- og meðalgöngustefnur má birta fyrir umboðsmanni aðal-áfrýjanda og með sama fyrirvara, sem hann ætti að fá, ef sjálfur væri hann aðili málsins.

15. gr.

Til staðfestu hæstatéttarstefnum skal vera undir þeim nafn dómsmálaritara og innsigli dómsins.

16. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er skotið til hæstaréttar, nema áfrýjandi ætli að koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir málsmeðferð hans. Reglur laga 2. okt. 1895, 1. gr. eru framvegis gildandi.

17. gr.

Málflutningur fyrir hæstarétti skal vera skriflegur. Reglur tilsk. 3. jan. 1796 um dómgæzlu gilda og fyrir hæstarétti. Um meðferð sakamála fyrir hæstarétti gilda og þær reglur, er farið hefir verið eftir fyrir landsyfirdómi, að því leyti sem þær koma eigi í bága við lög þessi.

18. gr.

Eftir að mál hefir verið tekið til dóms, mega dómarar eigi halda því lengur en 6 vikur, áður en dómur sé upp kveðinn, nema sérstakar ástæður séu til þess. Skal hver dómari rita á málsskjölin, hve nær hann hefir tekið við þeim og hve nær hann hafi skilað þeim. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varða sektum frá 50—200 kr., er renni í landssjóð.

19. gr.

Dómsatkvæði skulu skrifleg vera. Afl atkvæða ræður úrslitum. Skylt er hverjum þeim dómara, er í minni hluta verður, að taka þátt í dómsatkvæði. Dómstjóri ritar nafn sitt undir dóm hvern og dómsgerðir. Setja skal og innsigli hæstaréttar undir dómsgerðir

20. gr.

Þegar hæstirèttur dæmir mann til fjárgreiðslu í einkamáli, má aðför gera þegar eftir dóminum. Ella skal aðfararfrestur settur eftir því, er hlýða þykir. Aðför má því að eins gjöra eftir hæstaréttardómi, að endurrit af dóminum sé lagt fram í fógetaréttinum, og sé það staðfest af dómsmálaritara, og innsigli dómsins undir því.

21. gr.

Reglur þær, er samkvæmt lögum gilda um málflutningsmenn við landsyfirdóminn, skulu, þangað til önnur skipun verður á gerð með lögum, gilda um hæstaréttarmálflutningsmenn. Hver sá, er málflutningsleyfi fær við hæstarétt, skal þó greiða 50 kr. í landssjóð.

22. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal hinn konunglegi íslenzki landsyfirréttur lagður niður. Skylt er þeim dómurum, er þá skipa yfirdóm, að taka sæti í hæstarétti, þó svo að þeir missi einskis í af launum sínum og að þau hækki samkvæmt lögum þessum, miðað við embættisaldur þeirra í landsyfirrètti. Þeir skulu og taka embætti í sömu röð í hæstarétti sem þeir höfðu áður í landsyfirréttinum, og taka skal þá dómstjóri landsyfirréttar dómstjórn í hæstarétti.

23. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi eru jafnframt úr gildi numin þessi lagaákvæði: N. L. 1—2—3 um að stefna dómara, er máli er áfrýjað, 1—5—8, sbr. tilsk. 3. júní 1796, 23. gr., 1—6—12, 14, 16 og 17, tilsk. 19. ág. 1735, 10. gr., opið brèf 19. des. 1749, tilsk. 11. júlí 1800, 1.—18. og 21. gr., tilsk. 24. jan. 1838 16. gr. um áfrýjun sakamála, lög 2. okt. 1895, 2. gr., lög nr. 15, 20. okt. 1905 og öll önnur lagaákvæði er giltu um dómsvald hæstarèttar Dana í íslenzkum málum. Þau ákvæði er enn gilda um landsyfirdóminn og eigi brjóta bág við þessi lög, skulu eftirleiðis gilda um hæstarètt. Loks eru öll eldri lagaákvæði úr gildi numin, sem brjóta bág við lög þessi.

24. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur, er með þarf til þess að lögunum geti orðið beitt.

Ed. **561. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907 (Þskj. 444).

Frá Steingrími Jónssyni.

Orðin: »þar af« í 3. línu að neðan í frumvarpinu, falli burt.

Ed. **562. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Nefndin, sem hin háttvirta deild kaus í máli þessu, hefir ekki getað orðið á eitt sátt.

Með því að engin skjöl né skilríki liggja fyrir þinginu um það, hvorki að því er snertir undirbúning málsins í héraði, né heldur nein umsögn æðri stjórnarvalda, verður meiri hluti nefndarinnar að líta svo á, að ógjörningur sé að afgreiða nokkur lög um mál þetta frá þinginu að þessu sinni og ræður því háttvirtri deild til þess, að fella frumvarpið.

En auk þess verður meiri hluti nefndarinnar að líta svo á, að varhugavert sé að selja Húsavíkurhreppi, þeim sem nú er, jarðeignir þessar. Það mun liggja við borð að Húsavíkurkauptún gangi úr hreppsfélagi því, er það nú er í og myndi nýtt hreppsfélag. Þá fyrst, er það er fram komið, virðist oss ástæða til þess fyrir löggjafarvald og landsstjórn að sinna beiðni þessari.

Þorpsbúar Húsavíkurkauptúns eiga einir að njóta jarða þessara og skal fúslega við það kannast, að sanngjarnt sé að þeir fái þær keyptar, þegar mál þetta hefir verið undirbúið hæfilega.

En þar sem telja má það víst, að fleiri beiðnir, líkar þessari, komi til löggjafarvaldsins bráðlega, um sölu á þjóðeignum til kauptúna, þá ber víst að gæta þess, að miklu skiftir hvernig um þær eignir fer framvegis. Lentu þær síðar meir í höndum fárra manna, ef til vill útlendra kaupmanna, gætu slíkir menn orðið ofjarlar kauptúnanna og jafnvel háskamenn alls héraðsins. Fyrir því virðist oss sem vel sé vert að íhuga, hvort ekki væri rétt að setja nokkur almenn lagaákvæði um framsal á lóðum í kauptúnum þeim, er landsstjórnin léti af hendi. Mætti það takast að finna heppileg ákvæði um slík efni, gæti svo farið, að með því yrði girt fyrir afleiðingar af sölu kauptúnanna, sem orðið gætu óheillavænlegar fyrir land og lýð.

Alþingi 21. apríl 1909.

Jens Pálsson, form.	Sigurður Hjörleifsson, framsögum. meiri hlutans.

Eg get ekki verið samdóma háttv. meiri hluta nefndarinnar um að fella beri frumvarp þetta.

Allir hljóta að viðurkenna, að það er hin mesta nauðsyn fyrir Húsavíkurþorp, að það fái eignarrétt yfir landi því, er þorpið stendur á og meiri hluti nefndarinna

viðurkennir, að sanngjarnt sé, að Húsavíkurþorp fái kauprétt á jarðeignum þessum. Af hálfu þorpsbúa hefir málið verið vel og rækilega undirbúið, og hefir háttvirtri deild verið skýrt frá ástæðunum til þess, að skjöl þessi ekki liggja fyrir þinginu. Það er sanngjarnt og rétt að salan fari eigi fram fyr en Húsavíkurþorp er orðið sérstakt sveitarfélag og mun eg bera fram breytingartillögu þess efnis.

Frumvarpið gefur að eins stjórninni heimild til að selja jarðirnar og tryggir að öðru leyti svo vel sem kostur er á, að verðið verði svo hátt, að prestalaunasjóður eigi bíði halla við söluna

Eg tel vafasamt, að réttlátt eða heppilegt sé að takmarka, meira en nú er gert, umráðarétt kaupstaða og kauptúna yfir landi því, er þau eiga að eignast, en teljist slík löggjafarákvæði heppileg, verður að gefa þau með almennum lögum, er ná til allra kaupstaða og kauptúna og til allra lóða. Getur þetta því eigi verið réttmæt ástæða til að fella frumvarpið.

Eg verð því að ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið, með breytingu þeirri, er eg hefi minst á, og mun eg gera nánari grein fyrir ástæðum mínum við umræðurnar.

Alþingi 21. apríl 1909.

Steingrímur Jónsson.

Ed. **563. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Ari Jónsson og Ágúst Flygenring.

Aftan við 4. lið 12. gr. komi nýr liður, er verði 5. liður:

Styrkur til Guðmundar T. Hallgrímssonar læknis til þess að veita fátækum konum ókeypis læknishjálp í barnsnauð og öðrum kvensjúkdómum, svo og til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í þessum greinum . . . 1200—1200.

Töluliðirnir á eftir breytast samkvæmt þessu.

Ed. **564. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Aftan við 23. lið 15. gr. komi nýr liður er verði 24. liður:

Til Jóhanns skálds Sigurjónssonar 1000 kr. fyrra árið.

Töluliðirnir á eftir breytast samkvæmt þessu.

Ed. **565. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Við 13. gr. A 1 b 1: Í stað »4,900« komi: »5,000«

— 13. — B III. 6: Komi nýr liður, er verður 7. liður:
Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn — — — 3,000. Töluliðirnir breytast eftir því.

— 13. — B. XII. Liðurinn falli burt.
Athugasemdin orðist svo: Fjárveitingarnar undir tölulíðum VIII, X og XI veitast með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til veganna annarsstaðar frá.
Töluliðirnir breytast eftir þessu.

— 13. — — XIII: Aftan við þenna lið komi nýr liður er verði XIV. liður:
XIV. Til Garðars Gíslasonar til mótorvagnskaupa, til þess að að halda uppi reglubundnum mótorvagnsferðum á akvegunum út frá Reykjavík, sérstaklega flutningabrautinni austur — — — 4,000 kr. fyrra árið.

Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að fjárhæðin endurborgist, sé þeim skilmálum eigi fullnægt, sem ákveðnir verða í samningi, er stjórnarráðið gerir um ferðirnar.

Nd. **566. Breyttingartillaga**

við frumvarp til laga um verzlunarbækur, eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

Frá verzlunarmálanefndinni.

Við 2. gr. Í stað síðasta málsliðs »samrit — enda komi:
Frumbók skal vera gegnumdregin og innsigluð af notarius publicus.

Nd. **567. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankaskuldabréf Landsbankans.

Frá Peningamálanefndinni.

Framsögum.: Bjarni Jónsson frá Vogi.

1. gr.

Heimilt skal landstjórninni að kaupa fyrir landssjóðs hönd bankaskuldabréf, sem Landsbankinn gefur út samkvæmt lögum nr. 82, 22. nóv. 1907, fyrir alt að 2 miljónum króna eftir ákvæðisverði bankaskuldabréfanna.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd og gegn tryggingu í eignum eða tekjum hans, alt að 2 miljónum króna með 4% ársvöxtum og árlegri afborgun 2% og skal láninu varið til kaupa bankaskuldabréfa samkv. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Nd.

568. Frumvarp

til laga um lántöku handa landssjóði.

Frá Peningamálanefndinni.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að taka útlent lán handa landssjóði með 4% eða $4^1/_2$ % vöxtum á ári, alt að 2 — tveim — miljónum króna, og á að vera óuppsegjanlegt frá hálfu lánveitanda.

2. gr.

Ráðherranum veitist ennfremur heimild til, að gefa út landssjóðsskuldabréf fyrir láninu, og að hafa skuldabréfin útbúin með vaxtamiðum, sem séu greiddir tvisvar á ári, 2. dag janúar, og 2. júlímánaðar.

Skuldabréfin skulu vera á íslenzku og á máli þess lands, sem lánið veitir.

Nd.

569. Þingsáliktunartillaga

um skoðunargerð á bátakvíarstæði við Hrísey.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson Eyf.

Neðri deild alþingis ályktar, að skora á landsstjórnina, að hlutast til um, að verkfræðingur verði sem fyrst, á kostnað landssjóðs, látinn skoða og gjöra áætlun um kostnað á bygging bátakvíar við Hrísey á Eyjafirði.

Ed.

570. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga 1910 og 1911.

Frá ráðherra.

Við 15. gr. 2. b. Fyrir 1200—1200 komi 1600—1600.
— — — 3. b. Fyrir 600—600 komi 800—800.

Ed.

571. Breytingartillaga

við breytingartillögu á þgsk. 556.

Frá nefndinni.

Við 1. lið: Fyrir 2000—2000 komi: 1000—1000.

Ed.

572. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá nefndinni.

Við 14. gr. VIII. d. Aftan við liðinn bætist:
Styrkurinn með sömu skilyrðum og undir næsta lið á undan.

— 16. — 23. Aftan við liðinn bætist nýr liður 24.
Dagpeningar og ferðakostnaður eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestssetrum alt að 400—400.
Liðatalan breytist eftir því.

Nd.

573. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um verzlunarbækur.

Frá nefndinni um verzlunarmál.

Aftan við frumvarpið bætist ný 11. grein svo hljóðandi:

Lög þess öðlast gildi 1. janúar 1910.

Ed.

574. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sölu á prestsetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum (þskj. 457).

Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

Aftan við frumvarpsgreinina bætist: Salan skal þó eigi fara fram fyr en Húsavíkur kauptún er orðið sérstakt sveitafélag.

Nd.

575. Breytingartillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890 (þskj. 260).

Flutningsm.: Stefán Stefánsson Eyf.

Frv.greinin orðist svo:

Söfnuði Möðruvallaklausturssóknar veitist undanþága frá lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890, að því er snertir afhending kirkjusjóðsins í hinn almenna kirkjusjóð.

Nd.

576. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

	I. Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafé . .	86,000, »	109,236, 31
2.	Húsaskattur	20,000, »	23,453, 25
3.	Tekjuskattur	32,000, »	47,579, 87
4.	Aukatekjur	76,000, »	115,134, 86
5.	Erfðafjárskattur	6,000, »	7,334, 69
6.	Vitagjald	20,000, »	34,472, 95
7.	Gjöld fyrir leyfisbréf	7,600, »	11,514, 97
8.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	130,000, »	324,806, 32
9.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	286,000, »	427,707, 64
10.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	286,000, »	303,246, 95
11.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	624,000, »	800,754, 94
12.	Aðflutnigsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	20,800, »	37,332, 43
13.	Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	36,000, »	31,000, »
14.	Tekjur af póstferðum	80,000, »	197,346, 43
15.	Tekjur af símum landsins	22,500, »	55,092, 43
16.	Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	1,200, »	965, 53
17.	Sektarfé fyrir ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi . .	» »	98,290, 31
18.	Óvissar tekjur	10,000, »	7,154, 74
19.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestsmötu m. m.	46,000, »	53,855, 77
20.	Tekjur af kirkjum	130, »	189, 36
21.	Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli . .	4,000, »	4,160, 71
22.	Tekjur af brennisteinsnámum	1,980, »	» »
23.	Tekjur af Eldey	2,000, »	1,500, »
24.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðs	79,000, »	85,639, 51
	Borgað upp í lán, fjárveiting: 89,036 kr. 12 a. reikningur: 132,906 kr. 73 a.		
25.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans . . .	15,000, »	15,000, »
26.	Leigur af innstæðufé í bönkum	19,000, »	27,304, 92
27.	Arður landssjóðs af rekstri Íslands banka . . .	» »	14,321, »
	Flyt kr.	1911,210,00	2834,395,89

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur. kr. a.
	Flutt	1911,210, 00	2834,395, 89
28.	Innb. frá prestaköllum samkv lögum 27. febr. 1880	4,000, »	6,549, 67
29.	Endurgjald skyndilána til embættismanna . . .	1,200, »	2,415, 62
30.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum . . .	4,000, »	37,043, 39
31.	Tillag úr ríkissjóði	120,000, »	120,000, »
32.	Tekjuhalli	» »	111,832, 49
	Samtals	2,040,410, »	3,112,237,06

	II. Gjöld.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Til hinnar æðstu stjórnar landsins	96,000, »	99,144, 39
2.	Til alþingis og kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna	41,600, »	63,453, 60
3.	Til útgjalda við dómgæzlu og lögreglustjórn o. fl.		
	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	180,330, »	173,728, 66
	B. Ýmisleg útgjöld	23,350, »	39,835, 17
4.	Til útgjalda við læknaskipunina	240,956, 64	241,386, 01
5.	Til samgöngumála:		
	A. Til útgjalda við póststjórnina	159,200, »	189,127, 21
	B. Til vegabóta	184,900, »	220,257, 97
	C. Til Gufuskipaferða	117,100, »	111,100, »
	D. Til ritsíma	444,888, 53	476,067, 19
	E. Til vita	35,532, »	31,580, 92
6.	Til kirkju og kenslumála		
	A. Í þarfir andlegu stéttarinnar	54,400, »	54,733, 92
	B. Til kenslumála	253,296, »	242,814, 84
7.	Til vísinda og bókmenta.	99,060, »	94,406, 38
8.	Til verklegra fyrirtækja	340,020, »	367,420, 27
9.	Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200, »	28,484, 28
10.	Eftirlaun og styrktarfé	108,900, »	119,737, 55
11.	Til óvissra útgjalda	3,000, »	25,872, 97
12.	Útborganir samkv. fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	533,085, 73
	Samtals	2,387,733, 17	3,112,237, 06

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desbr.	1,210,428,32
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d.	77,400,42
Peningaforði landssjóðs s. d.	340,038,29

Í Landsbankanum á hlaupareikningi s. d. . . .	kr. 328,000 »
Í Íslandsbanka - —	— 153,381 »

Nd.

577. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til þess að kaupa fyrir landssjóðs hönd hlutabréf í gufuskipafélaginu »Thore« og til að taka 500 þús. króna lán til þess.

Frá meiri hluta Samgöngumálanefndarinnar.

Nefndin hefir haft fyrir sér tvenn tilboð um samgöngur hér við land og milli landa. Annað er frá sameinaða gufuskipafélaginu og hitt frá Þórarni Tulinius fyrir hönd Thorefélagsins.

Nefndin hefir athugað hvorrtveggja tilboðið, eftir því sem kostur var á, og vill nú í sem skemstum orðum gera grein fyrir skoðun sinni um þau.

Auk þess, sem nefndin hefir haft fyrir sér hér skriflegt tilboð frá sameinaða gufuskipafélaginu, hefir hún einnig átt tal við erindreka félagsins.

Tilboð þessa félags finst oss með öllu óaðgengilegt af mörgum ástæðum og skal hér bent á nokkrar hinar helztu.

Félagið gefur ekki í tilboði sínu kost á neinum nýrri eða betri skipum en þeim, sem það hefir áður notað til ferða sinna hér við land. Það býður Ceres, Vestu og Láru sem millirikjaskip, en það er öllum kunnugt, að Vesta og Lára eru óhæf farþegaskip. Að vísu hefir nú nýlega verið gefið lauslega í skyn, að Botnia, sem hefir kælirúm, kynni að fást í stað Láru, en þó alls ekki árið um kring. Ef hlita þyrfti slíkum skipum, þá væri bægt héðan straumi útlendinga þeirra, sem krefjast meiri þæginda heldur en skip þessi hafa að bjóða, og hið sameinaða gufuskipafélag hefir um mörg ár þótt boðleg oss Íslendingum, þrátt fyrir sífeldar umkvartanir landsmanna, því að svo má að orði kveða, hvar sem minst er á skip þessi í blöðum, að menn hafi þeim margt að finna til foráttu.

Ekki hefir félagið í tilboði þessu viljað verða við margítrekaðri ósk landsmanna um kælirúm í einhverju af skipunum, þannig útbúnum, að flytja mætti héðan bæði smjör og nýtt kjöt til Englands. Bændum er mjög mikill áhugi á því, að fá slíku framgengt til þess að geta flutt nýtt kjöt og smjör til annara landa og komið því í gott verð. Þetta má nú heita lífsskilyrði fyrir þá, og er því tilboðið óhæft fyrir landbúnaðinn, þar sem það bætir ekki úr þessari brýnu þörf hans.

Tilboðið gefur ekki kost á neinum breytingum til batnaðar um strandferðirnar, hvorki um viðkomustaði né skip, heldur krefst þess nú þvert á móti, að mega sleppa Hornafirði úr við viðkomustöðum sínum, og mun ástæðan sú, að einu af skipum þess varð það á að festast um stund þar við höfnina í fyrra.

Tillag það, sem félagið heimtar fyrir ferðir sínar með þeim skipum, sem það hefir að bjóða og með þeim útbúnaði, sem skip þessi hafa, virðist nefndinni alt of hátt. Hið eina, sem telja má bót á ferðum félagsins, sem nú eru, er sú, að vér fáum 25 ferðir milli ríkja í stað þess, sem nú eru 22.

Loks hefir tilboðið inni að halda dálitla bendingu um það, hvers vér eigum að vænta, ef félagið skyldi telja sér fært að gera eitthvað í áttina til þess, að bæta úr einhverju því, sem því hefir verið fundið til foráttu hér á landi. Það áskilur sér rétt til að mega hækka fargjald farþega alt að fullum þriðjungi, ef

það kynni að senda hingað betra farþegaskip en þau, er verið hafa að undanförnu.

Þetta finst nefndinni alls ekki takandi í mál, hvað sem öðru líður.

Þá fer félagið fram á eftirgjöf á hafnargjöldum hér við land að nokkru eða öllu leyti, en meiri hl. nefndarinnar þykir ekki ástæða til að veita félaginu þvílíka undanþágu, eins og sakir standa.

Af framangreindum ástæðum getur meiri hl. ekki talið tilboð þetta annað en neyðarkosti, sem hann getur ekki ráðið þinginu til að aðhyllast.

Þá viljum vér víkja að tilboði því, sem hr. Þórarinn Túlinius hefir lagt fyrir alþingi. Þar er landinu gefinn kostur á að verða hluttakandi í mikilvægu samgöngufyrirtæki, og ætlast til að Thorefélagið gangi inn í þetta nýja félag.

Tilboð þetta er mikið nýmæli, og hefir nefndin gert sér alt far um að íhuga það sem bezt. Hefir meiri hluti hennar hallast að því, að landinu muni hagkvæmt, að ganga að þessu tilboði með nokkrum breytingum og þeim skilyrðum, sem sett eru í frumvarpi því, er hann hefir samið til þess að heimila landsstjórninni hluttöku í félaginu.

Vér hljótum að telja það mjög mikilvægt, að landinu gefst hér kostur á að eignast sjálft svo mikinn hluta í þessu samgöngufyrirtæki, að stjórn þess skal að hálfu skipuð af alþingi, og ráðherra Íslands sjálfkjörinn oddamaður. Yfirráð félagsins eru því komin í hendur Íslendinga sjálfra, og geta þeir því látið það haga ferðum sínum eftir óskum landsmanna, eftir því sem þeim þykir haganlegast og við verður komið. En meðan svo stendur, sem hingað til hefir verið, eigum vér alt slíkt undir högg að sækja svo sem kunnugt er, og verðum að lúta í lægra haldi fyrir hagsmunum og vilja annara.

Hér gefst oss færi á því að beina samgöngum vorum og viðskiftum þangað, sem landinu er hagkvæmast, og erum því eigi lengur bundnir við borð með óeðlilegum samgöngufjötrum sem hingað til, er landinu hefir verið til meira tjóns en tölum verði talið.

Vér fáum hér skip með góðum kælirúmum, og getum því fullnægt kröfu landsmanna í því efni. Teljum vér slíkt veg til þess, að efla búnað vorn, og væntum þess að slíkt megi vera landinu til mikilla framfara.

Hingað til höfum vér því miður orðið að hlíta því að útlendingar hafi annast alla flutninga á vörum landsmanna landa á milli. Hér þykir oss mikilvægt spor stígið í þá átt, að landsmenn fari sjálfir að rækja þenna atvinnuveg, því að oss verður innan handar að sjá svo um, að íslenzkir menn fari með skip þessi svo fljótt, sem kostur er hæfra manna hérlendra, til þess starfa; og teljum vér því fyrirtæki þetta vænlegt til eflingar sjómannastétt landsins.

Um fjárhagshliðina á tilboðinu er það einkum tvent, sem nefndin hefir tekið til sérstakrar athugunar. Annað er það, hvort skip þau, sem boðin eru séu þess virði, sem tilgreint er í tilboðinu, og hitt, hvort líkindi séu til þess að fyrirtækið geti orðið arðvænlegt eða eigi.

Um fyrra atriðið hefir nefndinni tekist að fá þá breytingu á tilboðinu eins og það var upphaflega, að í stað þess að kaupa skipin fyrir 850000,00 kr., sem boðið var í fyrstu, skuli þau keypt því verði, sem óvilhallir, sérfróðir, dómkvaddir menn meta þau. Þykist meirihl. hafa kveðið svo á í frumvarpinu um

það, hvernig mat þetta skuli fram fara, að engin hætta geti verið á því, að landið kaupi skipin ósanngjörnu verði.

Í þessu sambandi skal það einnig tekið fram, að nefndinni hefir tekist að fá því breytt, hver skip landssjóðsfélagið skuli kaupa. Hún hefir fengið vilyrði umboðsmanns Thorefélagsins fyrir því, að í stað skipanna Kong Helge og Perwie skuli landssjóðsfélagið fá skip, sem í engu sé síðra en Sterling, hvorki að aldri, stærð né hraða. Verða þá skip þau, sem landssjóðsfélagið eignast, þessi: Þrjú skip eigi síðri en Sterling, Ingólfur, eitt aukaskip og tveir strandferðabátar. Á eitt skipa þeirra, er svarar til Sterling, að vera nýbygt eða aðeins fárra ára, og tvö þeirra eiga að vera með kælirúmi. Auk þess eiga strandferðabátarnir að vera nýbygðir eða nýlegir.

Skip þau, sem talin hafa verið, verða öll mun betri en skip þau, sem hingað til hefir verið kostur á til ferða hér við land. Þau verða hraðskreiðari og betur úr garði gerð, en rekstur á þeim þó ódýrari. Eiga þau að geta fullnægt, svo að við megi hlíta, kröfum þeim, sem þjóðin hefir gert til samgöngufæranna. Einkanlega telur nefndin það mikilsvert, að nú loks verður kostur á að fullnægja margítrekuðum kröfum þjóðarinnar um kælirúm í skipum þeim, er fara á milli ríkja, á þann hátt, að allir fjórðungar landsins geta haft not af þessari miklu umbót.

Þá viljum vér víkja að því atriði, hver líkindi séu til þess, að fyrirtæki þetta geti orðið landinu arðvænlegt. Hefir nefndin talið sér skylt að athuga það sem vandlegast. Hefir meiri hl. virst öll líkindi til þess að fyrirtækið muni bera sig vel.

Skýrslur þær, sem legið hafa fyrir nefndinni, um það, hversu Thorefélaginu hefir gengið reksturinn, bera það með sér, að talsverður arður hefir orðið af siglingum þess hér við land um undanfarin ár. Hafa vöruflutningar og mannflutningar félagsins farið vaxandi ár frá ári.

Árið 1905 námu fargjöld og farmgjöld félagsins 564,000 kr.; árið 1906 677,000; árið 1907 727,000. Öll árin hefir félagið gefið hluthöfum sínum allmikinn arð og jafnframt safnað talsverðu fé í varasjóð. Nemur varasjóðurinn nú 60,000 kr.

Þegar þess er gætt, hve lítið hlutafé félagsins hefir verið í samanburði við starfsféð (hlutaféð 250,000 kr.; lán 6—700,000 kr.), þá verður eigi annað séð en að hér sé um verulega arðvænlegt fyrirtæki að ræða. Nefndin hefir haft með höndum nokkuð ítarlega skýrslu um rekstur félagsins árið 1907. Það ár var kolaverð með hæzta móti sem verið hefir um langan aldur; gætir verðlags á kolum mikils við gufuskipaútgerð, því kolin eru langstærsti útgjaldaliðurinn. Þetta ár kostaði félagið 15,000 kr. meira til kola en árið áður. Ár þetta voru vextir af peningum hærri en þeir hafa verið um 50 ár. Kom þetta einkum hart niður á Thorefélaginu vegna þess, að meginið af starfsfé þess hefir verið lánsfé. Þetta ár greiddi félagið 21000 kr. meira í vexti en árið áður. Þrátt fyrir þetta alt, gat félagið það ár gefið hluthöfum sínum 4% í arð af hlutabréfum þeirra, og lagt 32,000 kr. í varasjóð eða gefið í ágóða nærfelt 17% af hlutafénu. Virðist þetta benda á það, að hér sé um arðvænlegt fyrirtæki að ræða.

Sumir búast við því, að sameinaða félagið muni þegar í stað fara á stúfana, er þetta félag tekur til starfa, og reyna að drepa nýja félagið með samkepni. Það færi niður flutningsgjöldin og verði þá landsjóðsfélagið að gera hið

sama til þess að fá eitthvað að flytja. Af því leiði, að tap verði á útgerðinni. Sameinaða félagið sé auðugt og öflugt og þoli tapið, en landsjóður megi ekki við því. En þegar þess er gætt, að Thorefélagið hefir einmitt nú um mörg ár keppt við sameinaða félagið um siglingar hér við land og staðist, þótt það væri mörgum sinnum minna og veikara, þá virðist svo sem sameinaða félagið sé eigi svo hættulegur keppinautur, sem sýnst gæti í fljótu bragði.

Það er og kunnugt, að hagur sameinaða félagsins er eigi glæsilegur sem stendur. Hlutir þess eru í heldur lágu verði, og árið sem leið sá það sér eigi fært að greiða hluthöfum sínum neina vexti af hlutafénu.

Gerum nú ráð fyrir því, að sameinaða félagið eða eitthvert annað öflugt félag vildi leggja út í harða samkepni við landsjóðsfélagið. Landsjóðsfélagið mundi þá neyðast til þess, að láta hart mæta hörðu. Félagið hefir sér til hjálpar bakjarl, sem reynst gæti engu léttari á metunum en auðvaldið; en það er löggjafarvaldið. Því er ávalt í lófa lagið að hlynna svo að sínu eigin félagi, að það geti ávalt orðið ofan á í samkepninni, án þess að eyða nokkru fé beint úr landsjóði eða íþyngja landsmönnum á nokkurn hátt. Skal hér eigi farið frekara út í það, hverja vegi fara mætti í þessu efni, en á það mun verða bent við framsögu málsins ef þurfa þykir. Það skal að eins tekið fram, að vér teljum hættulaust að beitt sé löggjafarvaldinu til þess, að tryggja fyrirtæki landssjóðs. En auðvitað verður að gæta hér alls hófs, og fara eigi framar um það efni en nauðsyn krefur.

Það er eigi unt að segja fyrir fram með nokkurri nákvæmni hversu arðsamt fyrirtækið muni verða, en margt virðist benda á það, samkvæmt því, er sagt hefir verið hér að framan, að fyrirtækið muni verða verulega arðberandi. En þótt svo takist til, að eitthvert tap yrði á fyrirtækinu, þá verðum vér að telja, að hér sé um að tefla svo mikilvægar og nauðsynlegar bætur á samgöngum vorum, að eigi sé hikandi við að leggja nokkuð í hættu til þess, að koma umbótum þessum fram. Eigum vér þar einkum við breytingar þær, sem að líkindum verða á verzlun landsins, og vér væntum að verði til ómetanlegra hagsmuna. Hins vegar getur oss eigi fundist að áhættan sé mjög mikil. Hlutir landssjóðs eiga að vera forréttindahlutir. Af því leiðir meðal annars, að eigi má taka til hluta landsjóðs fyr en hitt hlutafé, 300,000 kr., er til þurðar gengið. Auk þess verður enn fremur að þurrausa varasjóð félagsins áður en taka má til hluta landsjóðs, en varasjóður er nú 60,000 kr. og fer vaxandi, ef vel gengur. Það þarf því að eyða 360,000 kr. af fé félagsins áður en komið er að eign landsjóðs í því. Hins vegar á landsjóður að geta tekið í taumana áður en svo er komið. Hann á að hafa meiri hluta í stjórn félagsins og meiri hluta endurskoðunarmanna, og getur því haft fullar gætur á því, hverju fram vindur um rekstur fálagsins.

Bein útgjöld hvers hinna fjögra stærri skipa, eru áætluð 75,000 kr. á ári, eða samtals 300,000 kr., útgerð hinna skipanna mun minna. Upp í þenna kostnað er landssjóðstillagið 60,000 kr. og má gera ráð fyrir 40,000 kr. tillagi úr ríkissjóði Dana. Auk þess hefir félagið fast loforð fyrir flutningi, sem nemur nær 160,000 kr.; á ári. Gerum ráð fyrir, að útgerð allra skipanna kosti 500,000 kr. á ári, sem mun vera fullvel í lagt. Sést þá, að þótt skipin fengju engan annan flutning en þann, sem áður er getið, þyrfti landssjóður engu að tapa af sínu fé, ef hætt væri eftir árið, nema skipin seldust þá mjög illa. En auðvitað verður

ekki gert ráð fyrir öðru, en skipin fái ávalt allmikinn flutning umfram flutning þann, sem áður var getið, hversu illa sem til tækist. Yrði þá það, sem inn fengist fyrir þann flutning alt fyrir vanhöldum við sölu á skipunum, auk þeirra 120,000 kr., sem afgangs yrðu hinu fénu áður en grípa þyrfti til hluta landssjóðs.

Þótt á þenna hátt sé gert ráð fyrir hinu allra versta, verður áhætta fyrir landssjóð mjög svo lítil, og telur meiri hl. þessa áhættu svo litla, að það atriði geti eigi fælt frá því að taka tilboðinu, þótt menn vilji gæta sem mestrar varúðar.

Loks vill meiri hl. geta þess, að honum þykir það mikill kostur við hið nýja félag, að það er bygt upp úr eldra félagi, sem hefir fengið mikla reynslu við siglingar til Íslands. Framkvæmdarstjórinn er og mjög ötull og reyndur maður, og hefir meiri þekking á öllu því, er með þarf til þess, að stýra slíku félagi en nokkur annar, er vér þekkjum til. Leggjum vér mikla áherzlu á þetta atriði og teljum í því fólgna mikla trygging þess, að fyrirtækið verði vel og hyggilega rekið.

Af öllu því, sem sagt er hér að framan, ráðum vér þinginu því til að samþykkja frumvarp það, er nefndin ber fram, þar sem stjórninni er veitt heimild til lántöku og þess að stofna umrætt félag.

Alþingi 22. apríl 1909.

Björn Sigfússon, formaður.	Björn Kristjánsson, framsögum.	Benedikt Sveinsson, skrifari.
Þorleifur Jónsson.	Með fyrirvara Ólafur Briem.	

Algjörlega ósamþykkir í meginatriðum, af ástæðum, sem gerð verður grein fyrir í umræðunum, en enginn tími er til að setja fram í minni hluta nefndaráliti, þar sem málið er tekið á dagskrá á morgun, en nú komið kvöld.

Jóh. Jóhannesson. Einar Jónsson.

Nd. **578. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stofnun háskóla (þingskj. 314) og frumvarp til laga um laun háskólakennara (þingskj. 406).

Frumvörp þessi höfum vér athugað nokkuð, og getum vér ekki dulizt þess, að þeim er mjög ábótavant, einkum frumvarpinu um stofnun háskóla, að máli, og finnast sumum af oss svo mikil brögð að því, að svo þykir sem ekki hefði veitt af að stýla það upp með öllu, ef vel hefði átt að vera. En sökum þess, að svo er nú orðið á liðið þingtímann, að hæpið mundi vera, hvort frumvarp þetta mætti ná framgangi til fulls á þessu þingi, ef á því yrði nú gerðar miklar breytingar, höfum vér orðið ásáttir um það, að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt, eins og það nú liggur fyrir frá hinni háttv. efri deild. En mál þetta teljum vér að nú eigi að hafa framgang. Að vísu vantar hér í frumvarpið áríðandi ákvæði um það, að engir hafi rétt til embætta hér á landi aðrir en þeir, sem tekið hafa próf við háskóla vorn eftir að hann er kominn á, í þeim greinum, sem eru skilyrði fyrir því, að fá embætti hér á landi og kendar verða við háskólann. En svo sjálfsögð ákvæði sem þetta eru og alveg nauðsynleg, ef háskóli á hér að geta þrifist, getum vér þó að svo komnu sætt oss við, að slík fyrirskipan bíði að sinni, þangað til sett yrði sérstök lög um þetta efni, þegar er háskólinn kæmi í framkvæmd og tæki til starfa.

Vér verðum einnig eftir atvikum að ráða hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarp til laga um laun háskólakennara óbreytt eins og það kom frá efri deild.

Í sambandi við þetta efni látum vér þess getið, að vér höfum átt fund með mönnum þeim, körlum og konum, er áttu þátt í því að stofna »Háskólasjóðinn« sumarið 1893, og enn eru lífs og hér nær staddir. Höfum vér tekið dagráð af þeim um það, hvernig þeir ætluðust til að sjóði þessum, sem nú er að upphæð alls 7845 kr. 17 a., yrði varið í sambandi við háskólann. Kom það fram af hálfu kvenna (»hins íslenzka kvenfélags«) að þær ætluðust til að þeim hluta af sjóðnum, er þær höfðu safnað, yrði varið til námsstyrks handa kvennemendum við háskólann. En sú upphæð er nú 2962 kr. 47 a. Til þess að gera tillögur um það, hvernig verja skyldi hinum hluta sjóðsins, er karlmenn höfðu safnað, og nú er að upphæð 4882 kr. 70 a., voru á nefndum fundi kosnir þeir Þórhallur biskup Bjarnarson, síra Sigurður Stefánsson og Tryggvi bankastjóri Gunnarsson, og hafa þeir ráðið til þess, að þessi hluti sjóðsins verði kendur við Benedikt sýslumann Sveinsson, sem bæði hafði jafnan brennandi áhuga á háskólamálinu og átti stórmikinn hlut í því að sjóður þessi var stofnaður. Leggja nefndir menn það og til, að karlnemendur við háskólann verði styrktir af þessum parti af sjóðnum. Erum vér þeim samdóma í þessu og er þinginu jafnan auðgefið að koma með þingsályktunartillögu um reglur fyrir sjóði þessum, samkvæmt tillögum þessara manna, eftir að hafa borið sig saman við forstöðumenn hinna æðri mentaskóla hér eftir fyrirmælum áskorunar stofnenda sjóðsins frá 27. Ágúst 1893.

Skjöl þau, er snerta »Háskólasjóðinn«, látum vér nú fylgja þessu nefndaráliti.

Alþingi 22. Apríl 1909.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Jón Þorkelsson,
skrifari.

Eggert Pálsson.

Jón Magnússon.

Með fyrirvara, er lýtur að ummælunum um rétt þeirra til embætta hér á landi, er nám stunda við háskólann í Kaupmannahöfn, sérstaklega læknisfræði.

Skúli Thoroddsen.

Fylgiskjöl
við nefndarálit um frumvarp til laga um stofnun háskóla.

1.

Vér sem ritum nöfn vor undir þetta skjal, höfum orðið ásáttir um, að vekja áhuga þjóðarinnar á stofnun háskóla, og byrja samskot um alt land til að flýta fyrir framkvæmd þess máls. — Blandast oss eigi hugur um að það mál sé hinn traustasti og vænlegasti hyrningarsteinn þroska og sjálfstæðis þjóðar vorrar í hverja átt sem litið er, eigi sízt í augum hins mentaða heims.

Þá er vér erum orðnir að minsta kosti 12 að tölu, er svo ráðgert að vér eigum fund með oss til þess, að kveða á um skipun félags vors og starfa þess.

Ritað í Reykjavík 21. dag ágústmán. 1893.

B. Sveinsson.	Jón Þorkelsson.	Sighv. Árnason.	Björn Bjarnarson.
Sigurður Gunnarsson.	B. Kristjánsson.	Sigurður Stefánsson.	Sk. Thoroddsen.
Sturla Jónsson.	Þórh. Bjarnarson.	Jón Pétursson.	Jens Pálsson.
Friðrik Jónsson.	H. Halfdánarson.	Eiríkur Briem.	T. Hallgrímsson.
Guttormur Vigfússon.	J. Jónassen.	Sigurður Jensson.	Jón Þórarinsson.
Jón Jónsson.	Jón Jónsson.	Þorlákur Guðmundsson.	Jón Vídalín.
D. Thomsen.	Stefán Stefánsson.	Björn Bjarnarson.	Hannes Þorsteinsson.
Bogi Th. Melsted.	Kl. Jónsson.		

2.

Áskorun.

Í lok alþingis 1893 bundust eftirfarandi 30 menn samtökum að vekja áhuga þjóðarinnar á stofnun háskóla og gangast fyrir samskotum til að flýta framkvæmdum þess máls.

Þessir menn voru:

Benedikt Kristjánsson, alþingismaður.	Benedikt Sveinsson, alþingis forseti.	Björn Bjarnarson, alþingismaður.
Björn Bjarnarson, sýslumaður.	Bogi Th. Melsteð, alþingismaður.	Ditlev Thomsen, kaupm.
Eiríkur Briem, prestaskólak.	Friðrik Jónsson, kaupm.	Guttormur Vigfússon, alþingism.
Hannes Þorsteinsson, ritstjóri.	Helgi Hálfdánarson, forstöðum. prestask.	Jens Pálsson, alþingism.
Jónas Jónassen, dr. med. læknaskólak.	Jón Jónsson, alþingism. Eyf.	Jón Jónsson, alþingism. N. M.
Jón Pjetursson, háyfirdómari.	Jón Vídalín, kaupm.	Jón Þórarinsson, alþingism.
Jón Þorkelsson, alþingism.	Klemens Jónsson, alþingism.	Sighvatur Árnason, alþingism.
Sigurður Gunnarsson, alþingism.	Sigurður Jensson, alþingism.	Sigurður Stefánsson, alþingism.
Skúli Thoroddsen, alþingism.	Stefán Stefánsson, kennari á Möðruvöllum.	Sturla Jónsson, kaupm.
Tómas Hallgrímsson, læknaskólak.	Þórhallur Bjarnarson, prestaskólak.	Þorlákur Guðmundsson, alþingism.

Á fundi, sem þessir menn áttu með sér í dag, var ákveðið að kjósa 9 manna nefnd: 3 búsetta í Reykjavík, 1 í hverjum fjórðungi landsins og 2 í Kaupmannahöfn til að gangast fyrir framkvæmdum þessa félagsskapar, og vorum vér undirritaðir kosnir til þess.

Hin innlenda lögfræðiskensla hefir um fullan mannsaldur verið einna efst mála á dagskrá þings og þjóðar, en auk hennar hafa menn jafnframt fundið til þess æ betur og betur, hve brýn nauðsyn er til, að hafa alla hina æðri mentun, að því að kraftar vorir leyfa, í sjálfu landinu, hvort heldur litið er til þjóðernis vors og landsréttinda, eða til vísindalegra og verklegra framfara.

Krafa vor er því háskóli, og vér vitum, að í þeirri baráttu höfum vér hluttöku alls hins mentaða heims.

Væntanlega skýra blöðin rækilega þýðingu þessa máls og hvernig því verður bezt fram komið í verki.

Alþingi hefir fyllilega viðurkent háskólaþörfina, en áhuga þjóðarinnar má eigi bresta til að halda máli þessu fram til sigurs, og áhuga sinn sýnir þjóðin bezt með því nú þegar að byrja samskot til háskólasjóðs, sem fram verður haldið til þess er stofnunin kemst á.

Vér skorum því á alla Íslendinga hér og erlendis og alla Íslandsvini að styðja mál þetta af alefli í orði og verki.

Sjóðurinn, sem heitir »*Háskólasjóður Íslands*«, ávaxtast í Landsbankanum og hefir bankastjórinn, herra Tryggvi Gunnarsson, tekið að sér geymslu fjárins, og má senda allar gjafir beint til hans, eða til hvers sem vill af undirrituðum. Í byrjun hvers árs verður birt á prenti upphæð sjóðsins og auk þess verða allar gjafir tafarlaust auglýstar í blöðunum.

Þegar svo er komið, sem vér vonum að verði innan skamms tíma, að löggjafarvaldið er orðið samtaka um stofnun háskóla á landi hér, rennur Háskólasjóðurinn til þeirrar stofnunar eftir nánari ákvörðun alþingis í samráði við kennendur hinna innlendu embættaskóla, og öll aðalumsjón sjóðsins er falin alþingi og ber jafnan að gjöra því skilagrein fyrir sjóðnum.

Reykjavík 27. ágúst 1893.

B. Sveinsson. Hannes Þorsteinsson. Jón Vídalín. J. Jónassen.
Jón Þorkelsson. Sighvatur Árnason. Sigurður Gunnarsson.
Sigurður Stefánsson. Þórhallur Bjarnarson.

[Áskorun þessi var þýdd á *dönsku* og prentuð sérstök í Kaupmannahöfn 1894 að tilhlutan *Jóns konsúls Vídalíns*. Á *þýzku* þýddi hana *meistari Karl Küchler*, og var hún bæði prentuð sérstök í Khöfn 1894 og síðan í »Hochschul-Nachrichten« Jan. 1894—95, Nr. 52, og því næst í »Academische Revue«, München, I, Jan. 1895. A *frakknesku* var hún þýdd af *Sveinbirni yfirkennara Sveinbjarnarsyni* í Árósum og prentuð sérstök í Khöfn 1894. Á ensku þýddi hana *Dr. Jón Stefánsson*, og var sú þýðing einnig prentuð sérstök í Khöfn 1894].

3.

Áskorun frá »Hinu íslenzka kvenfélagi«.

Nú á tímum er hér á landi, sem betur fer, vaknaður töluverður áhugi á því, að auka réttindi kvenna. Vér viljum ná almennum réttindum, en vér viljum einnig bera almennar skyldur. Það er því vel til fallið, að vér konur sýnum, að vér höfum áhuga á þeim málum, sem efst eru á dagskrá hjá þjóðinni, og reynum með veikum kröftum að stuðla að öllu því, sem til framfara horfir.

Eins og öllum mun kunnugt af blöðunum og þingtíðindunum, er hjá ótal mörgum hinum beztu mönnum þjóðarinnar vaknaður áhugi á því, að reyna að koma hér upp háskóla, það er að segja: stofnun til mentunar fyrir embættismannaefni og til aukningar og eflingar vísindum og fróðleik á Íslandi. Það er hugsun manna, að stofnun þessi, ef hún getur komist á, eigi að vera sem mest sniðinn eftir ástæðum landsins og efnahag. Prestaskóli og læknaskóli eru hér til, en lagaskóla vantar, og er hans þó ekki sízt þörf. Þessa þrjá skóla ætti að sameina í eina heild og bæta svo smátt og smátt við öðrum vísindagreinum, eftir því sem fé og hæfir menn eru fyrir hendi.

Til þess að sýna viljann á að framkvæma þetta, hafa ýmsir þegar skotið saman fé til háskólasjóðs, og þykir oss konum því hlýða að sitja ekki hjá, þegar um svo gott mál og fagran tilgang er að ræða.

Hinn 26. janúar þetta ár áttu því um 2—300 konur hér í bænum fund með sér, og var þar ákveðið að halda »tombólu« næstkomandi októbermánuð til styrktar fyrir hinn fyrirhugaða háskóla. — Í þeirri von að konur út um landið hafi sömu skoðanir á þessu máli og vér undirritaðar, og vilji bindast félagsskap til að styrkja þetta málefni, eru það vinsamleg tilmæli vor, að þær haldi »tombólu« heima í héruðum, eða styrki þetta fyrirtæki með fjárframlögum eða öðru, er þeim kynni að veita hægast að láta af hendi rakna.

Vér höfum í hyggju að láta ekki þennan litla vísi félagsskapar vors deyja út, heldur hlynna að honum eftir mætti, með því að hreyfa stöðugt ýmsum málum í félagi voru, er vér nefnum »hið íslenzka kvenfélag«.

Jafnframt því sem vér höldum áfram að safna fé til háskólans á ýmsan hátt, eftir því sem kraftar vorir leyfa, viljum vér sérstaklega beina athygli voru að þeim málum,

er kvenþjóðina yfir höfuð varða mestu, að þeim málum, er einkum miða til þess að lyfta henni á hærra stig andlegs þroska og menningar, og vonum vér, að það starf vort beri heillaríka ávexti, ef oss ekki skortir áhuga og samheldni.

Reykjavík, 16. apríl 1894.

Í umboði »hins íslenzka kvenfélags«:

Anna S. Petersen.	Elinborg Kristjánsson.	Guðrún Sigurðardóttir.
Hólmfríður Bjarnardóttir.	Ingibjörg Grímsdóttir.	Ingibjörg Johnson.
Ingunn Hansdóttir.	Jarðþrúður Jónsdóttir.	Katrín Árnason.
Kristín Einarsdóttir.	Kristjana Havsteen.	María Kristjánsdóttir.
Marta Pétursdóttir.	Sigríður Eggerz.	Sigþrúður Friðriksdóttir, (p. t. forstöðukona).
Sigþrúður Guðmundsdóttir.	Valgerður Bjarnarson.	Þorbjörg Sveinsdóttir.

4.

Ár 1909, hinn 6. apríl var fundur haldinn í neðri deildarsal alþingis, eftir fundarboði frá alþm. Dr. Jóni Þorkelssyni til allra þeirra karla og kvenna í Reykjavík, sem á sínum tíma höfðu lagt saman nokkurt fé til stofnunar hins svo kallaða »Háskólasjóðs«, og var það efni fundarins að taka ákvörðun um, hversu verja skyldi því fé, sem þegar hefir safnast til nefnds sjóðs, — nú, er lög um stofnun háskóla eru væntanleg frá þinginu. Fundarstjóri var biskupinn, herra Þórhallur Bjarnarson, og skrifari (fundarins) umsjónarmaður fræðslumálanna Jón Þórarinsson.

Fundarboðandi skýrði í fundarbyrjun frá því, sem gerzt hefir til þessa dags um fjársafn þetta, og lagði það til að sjóðnum, sem við árslok 1908 var orðinn 7845 kr. og 17 a., yrði varið til styrktarfjár handa nemendum við hinn væntanlega háskóla. Var það og upplýst á fundinum að það fé, sem kvenfélagið hefir safnað til sjóðsins, var af kvenfélaginu sérstaklega til þess ætlað, að styrkja konur við háskólanám á Íslandi; en sú upphæð var í árslok 1908: kr. 2962.47; en sá hluti sjóðsins, er safnast hefir fyrir tilhlutun karla var kr. 4882.70. —

Um það urðu allmiklar umræður, hvort slengja skyldi saman þessum upphæðum í einn sameiginlegan styrkarsjóð handa konum og körlum, eða hvort því fé, sem kvenfélagið hefir safnað, verði eftirleiðis sérstakur sjóður til styrktar konum, er sækja mundu háskólann, og varð það að úrslitum, að kvenfélagið geri sérstaklega ákvarðanir um þann hluta fjárins, er það hefir staðið fyrir að safna, en að þeir biskup Þórhallur Bjarnarson, síra Sigurður Stefánsson og bankastjóri Tryggvi Gunnarsson semdu ákvæði um þann hluta fjárins, er safnast hefir að tilhlutun karlmanna.

Engin önnur ákvörðun tekin.

Fundi slitið.

Þórh. Bjarnarson.

Jón Þórarinsson.

5.

Útdráttur úr fundarbók hins íslenzka kvenfélags.

Á fundi hins íslenzka kvenfélags, föstudaginn 27. september 1895, las fröken Ólafía Jóhannsdóttir upp gjafabréf fyrir fé því, er félagskonur gáfu til hins fyrirhugaða háskóla, og bar það undir álit fundarins, hvort hann vildi ekki samþykkja það fyrirkomulag, sem nefndin hafði fallist á, er upphaflega var uppástunga forseta kvenfélagsins, frú Sigþrúðar Friðriksdóttur, nefnilega að gefa kvenfólki, er kynni að vilja stunda nám við háskólann, þetta fé, og verja því eingöngu til þess að stofna styrktarsjóð handa því. Með þessari tillögu mæltu Þorbjörg Sveinsdóttir og Elínborg Kristjánsson, en á móti Marta Pétursdóttir, Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Rannveig Felixson. Tryggvi Gunnarsson hallaðist að þessari uppástungu. Tillagan var síðan borin undir atkvæði og samþykt.

Katrín Magnússon.

6.

Stofnendur Háskólasjóðsins svo nefnda, sem efnt var til með samskotum, samkvæmt áskorun í þinglok 1893, áttu fund með sér í alþingishúsinu 6. þ. m. til að ráðstafa sjóðnum, og lögðu þar fyrir oss þrjá að gera tillögur um það.

Vér leggjum það til, að sjóðurinn, sem er í vörzlum meðundirritaðs bankastjóra Tryggva Gunnarssonar, verði afhentur stjórnarnefnd hins íslenzka háskóla, jafnskjótt og sú nefnd er skipuð. Ætlumst vér svo til, að þrír fjórðu hlutar vaxtanna gangi til styrktar efnilegum námsmönnum háskólans, en fjórði hlutinn leggist við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Í annan stað teljum vér það eiga vel við, að sjóður þessi beri nafn aðalstofnandans, sem fastast fylgdi fram háskólamálinu á hinum fyrri þingum, og heiti »Minningarsjóður Benedikts Sveinssonar«.

Það er sjálfgefið, að stjórn háskólans setur sjóðnum á sínum tíma skipulagsskrá með nánari ákvæðum, en vér teljum þessa ráðstöfun, sem nú er gerð, nægja að sinni, og sendum þetta vort bréf háttvirtri nefnd í neðri deild alþingis, sem nú hefir háskólamálið með höndum.

Reykjavík, á sumardaginn fyrsta 1909.

Þórh. Bjarnarson. Tryggvi Gunnarsson.

Sigurður Stefánsson.

Nd. **579. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 5. gr.

Síðasta málsgreinin: »Með ráði . . . fastra launa« falli burtu.

Nd. **580. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. Nóv. 1907 (þingskjal 453).

Frá Jóni Ólafssyni 2. þm. S.-M. og Jóni Jónssyni 1. þm. S.-M.

Frumvarpsgreinin orðist þannig:

Amtsbókasöfn Norðlendingafjórðungs, Austfirðingafjórðungs og Vestfirðingafjórðungs, svo og bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, skulu fá eitt eintak hvert þeirra af þeim ritlingum, bókum og tímaritum (blöðum), sem 2 örkum eru stærri og prentuð eru í prentsmiðjum hér á landi, og skulu eintök þessi afhent, ásamt skrá yfir þau, lögreglustjóra þess lögreglu-umdæmis, sem prentsmiðjan er í, undir árslok hvert ár, en hann annast sendinguna til safnanna þá er 1 ár er liðið frá útkomuárinu. Frá þessu er undan skilið alt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

Ed. **581. Frumvarp**

til laga um verzlunarbækur.

Eins og það var samþykt við eina umræðu í Nd.

1. gr.

»Kaupmenn« táknar í lögum þessum þá menn, sem reka verzlun sér til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabréfi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir er reka verksmiðju-iðnað sér til atvinnu. Það á jafnt við félög sem einstaklinga, alla þá sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskifta-framleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu-atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sín.

2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti önnur en þau, er hönd selur hendi, í frumbók daglega jafnsnart sem þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra er hafa afhent og móttekið vöruna er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn) og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða inn lögð og ennfremur verð hennar.

Frumbók skal vera gegnumdregin og innsigluð af notarius publicus.

3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók (Konto Kurant, Ledger) og Bréfabók. Í Sjóðbók skal rita allar sjóðsgreiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, er úti látnar eða innlagðar vörur nema í hvert sinn samkvæmt frumbókinni. Í Bréfabók skal vera samrit bréfa, er snerta viðskifta-atvinnuna,

þeirra er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum hérlendis eða öðrum, er viðskiftaatvinnu reka.

4. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlun arbók, eða að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því sem eitt sinn er ritað, skal leiðrétta það, annaðhvort með annari innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við er vanritast hafði, eða þá á þann hátt, að stryka út það sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það er út var strykað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spázzíu eftir því sem bezt hentar.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru til að halda lögskipaðar bækur skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni á ári hverju, í sama mund hver, og færa það inn í sér staka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjálfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu efnum fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhússvist alt að tveimur árum.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún varð til og skal þá það sem skráð er í lögskipaða frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð (sbr. 2.gr.) og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þviuml., og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sérstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sín innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hagnýta sér sönnunar-gildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaranum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni, sem máli skiftir), er staðfest sé af notarius publicus. Sé endurrit notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sé, að því er af útliti verður séð, löglega rituð og skipulega.

10. gr.

Tilskipun frá 13. júni 1787 II. kapituli 17. og 18. gr. um viðskiftabækur er úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Ed.

582. Frumvarp

til laga um námsskeið verzlunarmanna.

Eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.

1. gr.

Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka verzlanir eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglinga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sé skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sé saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sé ákvæði þetta brotið er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis.

2. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára.

3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei lengra vera, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.), en 5 ár.

4. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mánaðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sé verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemanda einnig séð fyrir ókeypis kenslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms.

5. gr.

Fyrstu 2 mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sé hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rétt til þess, að heimta að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sé um það gerð í samningnum.

6. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmensku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum alt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráðvendni, má reka hann burt frá náminu.

7. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Nema brýna nauðsyn beri til, má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna.

8. gr.

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgðakönnun á sér stað. Nemandi skal fá 10 daga sumarfrí.

9. gr.

Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meðan annars skal hann gæta þess að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skírteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sé lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað.

10. gr.

Nú sýkist nemandi án þess honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlýðilegrar hegðunar og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist; og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila.

11. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er verzlun hættir eða eigandi hennar verður gjaldþrota.
2. Þá er verzlunarstjóri deyr, ef nemandi óskar þess, að samningi sé slitið (með samþykki fjárráðamanns, ef svo á stendur).

12. gr.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila út af námssamningi, skal það mál útkljá af gerðardómi. Gerðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gerðardómsins er bæjarfógeti. Neiti annar málsaðila að útnefna menn í gerðardóminn, skal hinum aðilanum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá sem beiðist gerðar skal snúa sér skriflega eða munnlega til oddamanns og kveður hann málsaðila, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sér ásamt gerðarmönnum sínum. Skal þá málið útkljáð að fullu og ræður afl atkvæða, þó má veita aðilum frest, alt að 8 dögum, í eitt skifti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Málsaðilar eru algerlega bundnir við úrskurð gerðardómsins. Mæti einhver gerðarmanna ekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gerðarmönnum, sem mættir eru.

Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 200 krónum, og mál út af þeim skal farið með sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því er verzlunarnemendur og verzlunarstjórnendur í kaupstöðum snertir.

Ed. **583. Frumvarp**

til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.

1. gr.

Eftirtaldir staðir skulu vera löggiltir verzlunarstaðir:

Við Skaftárós í Vestur-Skaftafellssýslu,
— Kúðaós í sömu sýslu,
við Klettsvík í Neshreppi innan Ennis,
á Skarfsstaðanesi við Hvammsfjörð í Dalasýslu.
á Hjallanesi í Staðarfellslandi í sömu sýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðanna samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd. **584. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Í stað síðustu málsgreinar 5. gr. komi:

Eftirlaun bankastjóra ákveður ráðherra í samráði við bankastjórnina, og mega þau eigi fara fram úr helmingi fastra launa.

Núverandi bankastjóra landsbankans veitist helmingur fastra launa hans í eftirlaun.

Nd. **585. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890.

Vér, sem háttv. n. d. hefir falið að athuga frumv. þetta, leyfum oss að láta uppi álit vort á þessa leið:

Með ofannefndum lögum hefir löggjafarvaldið slegið því föstu, að sjóðum kirkna — annara en bændakirkna — skuli safnað saman í hinn almenna kirkjusjóð, og þeir verða ávaxtaðir þar. Þetta fyrirkomulag hefir þótt hentugt, ekki einungis vegna þess, að ætla má að þannig verði sjóðir hinna einstöku kirkna bezt trygðir, heldur og hins, að með þessu er fenginn einn sjóður, sem lánað verður fé úr kirkjum, sem þess þarfnast, sérstaklega til endurbyggingar. Slíka nauðsyn getur oft borið að og það mjög óvænt, t. d. ef kirkja fýkur eða brennur.

Þessu fyrirkomulagi væri algerlega raskað með því að gera fyrirliggjandi frumv. að lögum. Þá mundu sjóðir kirknanna verða ávaxtaðir hingað og þangað, og ekki verða að einni heild; auk þess yrði eftirlit með trygging þeirra erfitt.

Frumvarpið mun meðfram vera komið fram af því, að alveg sérstaklega stendur á með sjóð Móðruvallaklausturskirkju, sem var landsjóðs eign. Eftir ítrekaðar tilraunir frá hálfu löggjafarvaldsins, tók sóknuðurinn við fjárhaldi þeirrar kirkju, með því skilyrði, að sjóðurinn yrði afhentur til ávöxtunar í sparisjóð Arnarnesshrepps og sóknuðurinn fekk sjóðinn í hendur. — Gæti því að vísu komið til álita, hvort ekki væri ástæða til að gera undantekning í þessu sérstaka tilfelli. En hvað sem því líður, er nefndin á einu máli um það, að rétt sé að halda þeirri grunvallarreglu, sem sett er um hinn almenna kirkjusjóð, og ræður því hinni háttv. deild frá að samþykkja frumvarpið.

Neðri deild alþingis 21. apr. 1909.

Sigurður Gunnarsson formaður.	Björn Sigfússon, skrifari og framsögum.	Jón Jónsson þm. S.-M.
Pétur Jónsson.	Sigurður Sigurðsson.	

Nd.

586. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

I. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1910 og 1911 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,654,530 kr.. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 2,362,000 kr.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2.	Húsaskattur	12,000	12,000	24,000
3.	Tekjuskattur	23,000	23,000	46,000
4.	Aukatekjur	50,000	50,000	100,000
5.	Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6.	Vitagjald	20,000	20,000	40,000
7.	Leyfisbréfagjöld	5,000	5,000	10,000
8.	Útflutningsgjald	120,000	120,000	240,000
9.	Áfengistollur	190,000	190,000	380,000
10.	Tóbakstollur	140,000	140,000	280,000
11.	Kaffi- og sykurtollur	350,000	350,000	700,000
12.	Annað aðflutningsgjald	17,000	17,000	34,000
13.	Gjald af innlendri vindlagjörð og bittergjörð	» »	» »	» »
14.	Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	12,500	12,500	25,000
15.	Pósttekjur	80,000	80,000	160,000
16.	Símatekjur	75,000	80,000	155,000
17.	Tekjur af Íslandsbanka	13,000	13,000	26,000
18.	Óvissar tekjur	18,000	18,000	36,000
	Samtals...	1,178,500	1,183,500	2,362,000

Upphæðirnar í 8.—13. tölulið eru áætlaðar að frádregnum 2% innheimtulaunum.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 45,330 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 35,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu, húsabótastyrk o. fl., alls ... .. 14,000 —	21,000	21,000	42,000
2.	Tekjur af kirkjum	65	65	130
3.	Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli...	1,600	1,600	3,200
	Samtals...	22,665	22,665	45,330

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 118,000 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins ..... Upp í lán verður borgað: á árinu 1910 30,025 kr. 05 a. - — 1911 32,187 — 55 - 62,212 kr. 60 a.	44,000	43,000	87,000
2.	Leigur af láni landssjóðs til Landsbankans.....	7,500	7,500	15,000
3.	Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
	Samtals...	59,500	58,500	118,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2.	Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
	Samtals. .	4,600	4,600	9,200

Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar.

6. gr.

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

Á árunum 1910 og 1911 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—19. gr. 2,852,560,33.

8. gr.

Til greiðslu vaxta og afborgana af láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur kr. 53,333,33 fyrra árið, kr. 52,000,00 síðara árið, kr. 105,333,33.

9. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 100,000 kr.:

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:			
a. Laun ..... 8,000 kr.			
b. Til risnu ..... 2,000 —			
c. Uppbót fyrir embættisbústað ..... 2,000 —			
	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	16,000	16,000	32,000
6. Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu alt að	1,000	1,000	2,000
Samtals...	50,000	50,000	100,000

10 gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 60,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr. alls 61,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 217,930 kr.:

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn:				
1.	Laun:				
	a. Til dómara og sýslumanna		67,300	67,300	
	b. Til hreppstjóra		8,000	8,000	
2.	Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík		1,400	1,400	
3.	Til hegningarhússins í Reykjavík:				
		1910. 1911.			
	a. Laun fangavarðar	1,230 kr. 1,230 kr.			
	b. Þóknun handa dóm kirkjuprestinum	100 — 100 —			
	c. Þóknun handa lækni ...	60 — 60 —			
	d. Ýmislegur kostnaður ...	2,825 — 2,825 —			
			4,215	4,215	
4.	Kostnaður við viðhald fangelsanna		300	300	
5.	Önnur útgjöld:				
	a. Þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn	1,600 kr.			
	b. Laun sendiboðans við yfirréttinn	50 —			
	c. Til eldiviðar á yfirréttarstofunum	50 —			
	d. Til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl.	50 —			
	e. Kostnaður við sakamál og lögreglumál	3,000 —			
	f. Kostnaður við gjafsóknarmál	300 —			
	g. Útgjöld við sáttamál	50 —			
			5,100	5,100	
			86,315	86,315	
					172,630
		Flyt..	... .	....	172,630

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	....	172,630
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m.fl. 450 kr.			
b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðandanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ..... 2,600 —			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að ... ... 3,600 —			
d. Til kostnaðar við sending með póstum alt að .... 1,000 —			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímskeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. Til embættiseftirlitsferða.....	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga.....	500	500	
7. Til aðstoðar löggæzlu um síldveiðatímann	1,000	1,000	
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	3,000	3.000	
	22,650	22,650	45,300
Samtals...	.....	.....	217,930

12 gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast kr. 300,450.

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	75,200	75,200	150,400
2. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis ..... Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.	150	150	300
Flyt...	75,350	75,350	150,700

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	75,350	75,350	150,700
3.	a. Styrkur til augnalæknis Björns Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	
	b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á helztu viðkomustaði strandskipa með því skilyrði, að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr.	300	300	4,600
4.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
5.	Styrkur til Guðmundar T. Hallgrímssonar læknis til þess að veita fátækum konum ókeypis læknishjálp í barnsnauð og öðrum kvensjúkdómum, svo og til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í þessum greinum.....	1,200	1,200	2,400
6.	Holdsveikisspítalinn	30,875	30,875	61,750
7.	Geðveikishælið á Kleppi	17,600	17,600	35,200
8.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins síð. á.		10,000	10,000
9.	Útgjöld við bólusetningar	1,000	1,000	2,000
10.	Önnur útgjöld:			
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ..... 3,000 kr. Þar af til sjúkrahússins á Patreksfirði kr. 300 hvort árið.			
	b. Sjúkrahúsið á Akureyri, til aðgerðar á húsinu f. á. .... 2,000 — Með því skilyrði, að Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla taki að sér að fullu viðhald spítalans framvegis.			
	c. Til náms yfirsetukvenna ..... 2,000 —			
	d. Til verkfæra handa yfirsetukonum 400 —			
	e. Gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma ..... 4,000 —			
	f. Gjöld samkvæmt 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Islands ..... 1,000 —			
	g. Til kaupa á sótthreinsunarofni í sóttvarnarhúsið á Akureyri f. á.... 600 —			
	h. Styrkur til sjúkrahúsa til að halda lærðar hjúkrunarkonur, alt að 200 kr. til hvers ..... 600 —			
	Flyt...	129,325	139,325	268,650

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	129,325	139,325	268,650
i. Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 1000 kr. á hverja þúsund héraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið ssamþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs	3,000 kr.			
j. Styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknisþekkingar. Stjórnarráðið veitir þennan styrk eftir tillögum landlæknis og má ekki verða meira en 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl utanlands	600 kr.	17,200	14,600	31,800
	Samtals...	146,525	153,925	300,450

13. gr.

Til samgöngumála veitast kr. 870,827.

		1910.	1911.	Alls.
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:		kr.	kr.	kr.
1. Laun:				
a. Handa póstmeistaranum	4,000 kr.			
b. 1. Handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	4,900 —			
Þar af 500 kr. sem launaviðbót handa núverandi 1. póstafgreiðslumanni.				
2. Handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	19,000 —			
c. Handa bréfhirðingamönnum.....	8,000 —			
		35,900	35,900	
2. Póstflutningur		50,000	50,000	
Þar af alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) með skipum, sem ekki njóta fasts tillags, milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skipin sigli með fastri ferðaáætlun sem auglýst sé fyrir fram.				
3. Önnur útgjöld:				
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara eftir reikningi alt að Pósthúsið sé opið 9 stundir hvern virkan dag, og 1 stund hvern helgan dag.	5,000 kr.			
b. Önnur útgjöld	7,300 —			
		12,300	12,300	
		98,200	98,200	
				196,400
	Flyt...	.....	.....	196,400

	undirbúning 1910	vega-gjörða 1911	1910.	1911:	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...			.....	.....	196,400
B.					
Til vegabóta.					
I. Til kostnaðar við stjórn og gjörða:					
1. Til verkfræðings landsins:	kr.	kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500			
2. Til aðstoðarmanns:					
a. laun	2,000	2,000			
b. viðbót við laun núverandi aðstoðarmanns...	700	700			
3. Skrifstofukostnaður	500	500			
4. Til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna ...	1,500	1,500			
5. Til eftirlits með vegaviðhaldi	»	200			
			8,200	8,400	
II. Til flutningabrauta:					
1. Húnvetningabraut	4,500				
2. Reykjadalsbraut	10,000				
3. Holtavegur	5,000				
4. Til viðhalds flutningabrauta	7,000	7,000			
			26,500	7,000	
III. Til þjóðvega:					
1. Mosfellssveitarvegur.....	6,000	6,000			
2. Stykkishólmsvegur	6,000	6,000			
3. Holtavörðuheiðarvegur (brýr á hana)	»	16,000			
4. Skaftárhraunsvegur	6,000	6,000			
5. a. Til brúar á Laxá í Hornafirði	10,000	»			
Flyt ...	28,000	34,000	34,700	15,400	196,400

	1910	1911	1910.	1911.	Alls
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	28,000	34,000	34,700	15,400	196,400
6. Frá Ljárskógum til Svínadals	1,000				
7. Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn...	3,000				
8. Aðrar vegabætur og viðhald	15,000	10,000			
			47,000	44,000	
IV. Til fjallvega			5,000	5,000	
V. Til áhalda			2,000	2,000	
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum			300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			300	300	
VIII. Hvammstanga-kaupstaðarvegur (fyrir Múlann)			5,000		
IX. Til akvegar frá Dalvík inn Svarfaðardal, gegn 4000 kr. tillagi að minsta kosti annarsstaðar frá			2,000		
X. Breiðdalsvegur			2,000		
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ...			7,500	7,500	
Fjárveitingarnar undir töluliðum VIII, X, og XI veitast með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til veganna annarsstaðar frá.					
XII. Til brúar á Sandá í Þistilfirði...			10,000		
XIII. Til Garðars Gíslasonar til mótorvagnskaupa, til þess að halda uppi reglubundnum mótorvagns ferðum á akvegunum út frá Reykjavík, sérstaklega flutningabrautinni austur			4,000		
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að fjárhæðin endurborgist, sé þeim skilmálum eigi fullnægt, sem ákveðnir verða í samningi, er stjórnarráðið gerir um ferðirnar.					
			119,800	74,500	
					194,300
C.					
1. Til gufuskipaferða alt að			40,000	40,000	
2. Til gufu- og mótorbátaferða			45,000	45,000	
Af þessari upphæð má verja alt að 1000 kr. hvort árið til þess að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum frá Borgarnesi upp eftir Hvítá, að minsta kosti upp að Langholtsvaði.			85,000	85,000	
					170,000
D.					
Til ritsíma og talsíma.					
I. Ritsímafélagið mikla norræna umsamdar ársgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 1906 að telja ...			35,000	35,000	
II. Til nýrra landsímalagninga o. fl.					
			35,000	35,000	560,700

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar ...	35,000	35,000	560,700
1. Siglufjarðartalsími frá Vatnsleysu ...	35,000				
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum	10,000				
		25,000			
2. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til þess að fjölga notenda línum á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði og til stofnunar nýrra stöðva m. fl.		10,000	10,000		
			35,000	10,000	
Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsett ar séu talsímastöðvar til almennings nota á framangreindum símaleiðum, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva og stjórnin nánara ákveður.					
		Fluttar ...	70,000	45,000	560,700

				1910.	1911.	Alls.
				kr.	kr.	kr.
			Fluttar ..	70,000	45,000	560,700
III.	Til starfrækslu landsímanna:					
	1. laun forstjóra landsímanna	5,000	5,000			
	2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,000	10,000			
	3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímkerfinu ...	6,700	6,700			
	4. ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímkerfinu ..	8,150	8,150			
	5. ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímkerfi	5,450	5,450			
	6. símastöð á Borðeyri	2,550	2,550			
	7. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar ...	1,400	1,400			
				39,250	39,250	
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			4,000	4,000	
V.	Kostnaður við ferðalög starfræksluunar vegna og til utanfarar forstjóra f. á.			1,500	1,500	
VI.	Viðhald landsímanna			10.000	12,000	
VII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern			400	400	
				125,150	102,150	227,300
	E.					
	Til vita.					
I.	Til eftirlits með vitum:					
	a. laun	500	500			
	b. til eftirlits	500	500			
				1,000	1,000	
II.	Skipaskagaviti			300	300	
III.	Elliðaeyjarviti			400	400	
IV.	Arnarnesviti:		kr.			
	1. til vitavarðar		500			
	2. fyrir olíu		200			
	3. — steinkol		100			
	4. ýmisleg útgjöld		260			
				1,060	1,060	
			Flyt ...	2,760	2,760	788,000

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	2,760	2,760	788,000
V.	Siglunessviti: kr.			
	1. til vitavarðar 600			
	2. fyrir olíu 250			
	3. — steinkol 50			
	4. ýmisleg útgjöld 150			
		1,050	1,050	
VI.	Til þess að reisa Rifstangavita, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin		25,000	
VII.	Til þess að setja sjálf-hreifandi vitaljósker á Langanesi	3,500		
VIII.	Dalatangaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 400			
	2. fyrir olíu 250			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg gjöld 250			
		1.000	1,000	
IX.	a. Til þess að reisa Dyrhólaeyjarvita, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin	25,000		
	b. Til kostnaðar við vitann síð. á.		1.000	
X.	Vestmannaeyjaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 700			
	2. fyrir olíu 200			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 175			
	5. hús handa vitaverði f. á. 2,000			
		3,175	1,175	
XI.	Reykjanesviti: kr.			
	1. til launa vitavarðar 1,500			
	2. fyrir olíu 500			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 875			
	5. til að endurbæta lending við Kistur f. á. 2,000			
		4,975	2,975	
	Flyt ...	41,460	34,960	788,000

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	41,460	34,960	788,000
XII.	Garðskagaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 600			
	2. fyrir olíu 200			
	3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl. ... 300			
	4. fyrir steinkol 100			
	5. ýmisleg útgjöld 116			
	———	1,316	1,316	
XIII.	Gerðatangarviti	100	100	
XIV.	Hafnarfjarðarvitar: kr.			
	1. til vitavarðar 400			
	2. fyrir olíu 125			
	3. — steinkol 50			
	4. ýmisleg gjöld 100			
	———	675		
XV.	Gróttuviti: kr.			
	1. til vitavarðar 500			
	2. fyrir olíu 150			
	3. — steinkol 60			
	4. ýmisleg gjöld 240			
	———	950	950	
		45,001	37,826	82,827
	Samtals ...	....	.....	870,827

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast kr. 499,240.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	
	A.			
	Í þarfir andlegu stéttarinnar: kr.			
a.	1. laun biskupsins 5,000			
	2. skrifstofukostnaður 1,000			
	———	6,000	6,000	
	Flyt ...	6,000	6,000	

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar	6,000	6,000	
b.	önnur útgjöld:				
	1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.		6,500	6,500	
	2. Til bráðabirgðaruppbótar brauðum. Ráðherrann úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.		5,000	5,000	
	3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti		600	600	
	4. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum		4,000	4,000	
	5. framlag til prestlaunasjóðs		24,000	24,000	
			46,100	46,100	
					92,200
	B.				
	Til kenslumála.				
I.	Til prestaskólans:				
	a. laun		9,200	9,200	
	b. önnur útgjöld:	1910. kr. 1911. kr.			
	1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, alt að 80 kr. til hvers	960 960			
	2. námsstyrkur. Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.	1,000 1,000			
	3. til tímakenslu	100 100			
	4. til bókakaupa	300 300			
	5. til eldiviðar og ljósa	150 150			
	6. til umsjónar	100 100			
	7. ýmisleg útgjöld	250 250			
	8. til þess að gefa út kenslu-				
	Flyt ...	2,860 2,860	9,200	9,200	92,200

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
Fluttar	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200
bækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250	3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur gjöld:		kr.			
1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers		1,200			
2. námsstyrkur		1,600			
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið.					
Húsaleigustyrkur og námsstyrkur veitist eftir sömu reglum og við prestaskólann.					
3. eldiviður, ljós og ræsting		550			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda		700			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum		300			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		400			
7. þóknun til Þórðar geðveikralæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði		300			
8. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« alt að		200			
9. ýmisleg útgjöld		200			
			5,450	5,450	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum			1,000	1,000	
			9,650	9,650	19,300
Flyt ...			.....	.....	136,120

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr
	Fluttar ...	.....	.....	136,120
III.	Til lagaskólans:	1910. kr.	1911. kr.	
a.	laun	6,800	6,800	
b.	til aukakenslu	1600	1600	
c.	önnur útgjöld:			
1.	húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers	960	960	
2.	námsstyrkur	1,200	1,200	
	Húsaleigustyrkur og námsstyrkur veitist eftir sömu reglum og við prestaskólann.			
3.	eldiviður, ljós og ræsting ...	250	250	
4.	til bókakaupa	500	500	
5.	húsaleiga	500	500	
6.	önnur útgjöld	200	200	
7.	til útgáfu kenslubóka	500	500	
			12,510	12,510	
					25,020
IV.	Til hins almenna mentaskóla:			
a.	laun		19,200	19,200	
b.	aðstoðarfé:	kr.			
	handa söngkennaranum	600			
	— fimleikakennaranum	700			
	til dyravarðar	1000			
	fyrir yfirumsjón með húsum og áhöldum skólans	200			
			2,500	2,500	
c.	önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.		
1.	til bókasafns skólans	400	400		
2.	til eldiviðar og ljósa	1.400	1,400		
3.	til skólahússins utan og innan	1,400	1,400		
4.	til fasts aukakennara	1,600	1,600		
5.	til annarar tímakenslu og prófdómenda	1,200	1,200		
6.	húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720		
7.	námsstyrkur	2,000	2,000		
	Flyt ...	8,720	8,720	21,700	21,700	161,140

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
	Fluttar...	8,720	8,720	21,700	21,700	161,140
	Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið					
	Húsaleigustyrk og náms styrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.					
8.	Þóknun handa lækni	100	100			
9.	Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
10.	Til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450			
11.	Til þess að gefa út kenslubækur handa hinum almenna mentaskóla alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000			
12.	Til áhalda við fimleika kenslu	100	100			
13.	Til verðlaunabóka	300	300			
				11,670	11,670	
				33,370	33,370	66,740
V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:					
a.	Laun			6,600	6,600	
b.	Önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.			
1.	Til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
2.	Til eldiviðar og ljósa.....	600	600			
3.	Til tímakenslu og aukakenslu	2,500	2,500			
4.	Til styrkveitinga námspiltum	800	800			
5.	Ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,400	1,400			
				5,900	5,900	
				12,500	12,500	25,000
VI.	Til kennaraskólans:					
a.	Laun	6,600	6,600			
b.	Önnur útgjöld:					
	Flyt ..	6,600	6,600	....	.. ..	252,880

		1910.	1911.	1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	6,600	6,600	.....	.....	252,880
	1. Tímakensla	1,000	1,000			
	2. Eldiviður og ljós	800	800			
	3. Bókakaup og áhöld	300	300			
	4. Námsstyrkur	1,500	1,500			
	5. Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
				11,200	11,200	
						22,400
VII.	Til stýrimannaskólans:					
	a. Laun			3,200	3,200	
	b. Önnur útgjöld:					
	1. Til tímakenslu	1,000	1,000			
	2. Til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400			
	3. Til eldiviðar og ljósa ..	400	400			
	4. Ýmisleg útgjöld	600	600			
				2,400	2,400	
				5,600	5,600	
						11,200
VIII.	Til annarar kenslu:					
	a. Til kvennaskóla:					
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík .... Að því til skildu, að Reykjavíkurbær veiti skólanum að minsta kosti 500 kr. hvort árið.	4,500	4,500			
	2. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að.....	2,000	2,000			
	3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	300	300			
	4. Til sama skóla til kaupa á húsbúnaði, rúmfötum og matreiðsluáhöldum f. á. alt að..... ...	2,000	»			
	5. Til kvennaskólans á Blönduósi	3,000	3,000			
	6. Til sama skóla 50 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	2,000	2,000			
				13,800	11,800	
	b. 1. Til barnaskóla .... Þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000 kr. Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kennslutíma og nemendafjölda,			24,000	24,000	
	Flyt...			**37,800**	**35,800**	**286,480**

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	37,800	35,800	286,480
og með því skilyrði, að skólarnir njóti, móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
2. Til farskóla, alt að 200 kr. til hvers, og farkennara, þar sem ekki eru lögskipaðir farskólar, alt að 100 kr. til hvers	15,000	15,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annars staðar að, að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
3. Styrkur til að byggja barnaskóla utan kaupstaða alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu að húsinu ...	20,000	20,000	
4. Til framhaldskenslu handa kennurum	2,500	2,500	
5. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. Til eftirlitsferða eftir reikningi.....	600	600	
c. Til aðstoðar við samning skýrslna og skrifstofukostnaðar eftir reikn.	300	300	
c. Til unglingaskóla, utan kaupstaða, þó eigi yfir 750 kr. til hvers, alt að	5,000	5,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að eigi minna en helmingi þess, er styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.			
d. Til unglingaskóla í sambandi við barnaskólann á Ísafirði	2,500	2,500	
Styrkurinn veitist með sömu skilyrðum og undir næsta lið á undan.			
e. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	7,000	7,000	
f. Til viðgerðar á gamla skólahúsinu í Flensborg f. á.	500	»	
g. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
h. Til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
i. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
k. Til kenslu heyrnar og málleysingja	6,500	6,500	
l Til kenslu 2 blindra barna í Danmörku ...	600	600	
Flyt...	102,600	100,100	286,480

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	102,600	100,100	286,480
m.	Til Erlendar Páls Jónssonar	300		
n.	Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði ..... kr. 1,500 Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að .. 600	2,100	2,100	
o.	Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	480	480	
		105,480	102,680	
				208,160
IX.	Til sundkenslu:			
a.	Í Reykjavík..... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b.	Til sundkenslu annarsstaðar ... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
		1,300	1,300	
				2,600
X.	Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	.....	.....	499,240

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 142,040.

		1910.	1911.	1910.	1911.	Alls.
1.	Landsbókasafnið:	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
a.	Laun bókavarðar.....	3,000	3,000			
b.	— 1. aðstoðarmanns	1,500	1,500			
c.	— 2. aðstoðarmanns	1,000	1,000			
	Flyt...	5,500	5,500			

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
fluttar...	5,500	5,500			
d. til að kaupa bækur og handrit	6,000	6,000			
e. til bókbands	1,400	1,400			
f. til samningar spjaldskrár (eftir reikningi)	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
			15,760	15,760	
2. til Landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar	1,600	1,600			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu...	600	600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250			
			4,250	4,250	
3. til Forngripasafnsins:					
a. laun fornmenjavarðar	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að	1,000	1,000			
Safnið sé opið frá 15. júní til 15. sept., 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 6 stundir á viku eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins.					
d. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að ...	1,000	1,000			
			4,600	4,600	
4. til Náttúrufræðisfélagsins			800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins, og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma að minsta kosti einu sinni í viku.					
5. til safnahússins:	1910. kr.	1911. kr.			
a. til eldiviðar, áhalda o. fl.	2,200	2,200			
b. til dyravarðar	1,400	1,400			
			3,600	3,600	
6. til kaupstaðarbókasafna			2,000	2,000	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að bæjar og sýslufélög veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.					
		Flyt...	31,010	31,010	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	31,010	31,010	
7. Til bókasafnsins á Ísafirði til bókakaupa f. á.....	2,000		
8. Til bókasafnsins á Akureyri til bókakaupa f. á. ..	1,000		
9. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði alt að	1,500	1,500	
Landstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.			
10. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.			
11. Til Þjóðvinafélagsins.....	750	750	
12. Til Fornleifafélagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
13. Til Sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	750	750	
14. Til þess að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins, alt að	2,500		
15. Til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út sams konar registur sem við fyrstu bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
16. Utanfararstyrkur til Lárusar kennara Bjarnasonar til þess um 1 ár að stunda nám við kennaraháskólann í Kaupmannahöfn	500		
17. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
18. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
19. Til Einars skálds Hjörleifssonar.....	1,200	1,200	
20. Til Þorsteins Erlingssonar skálds	1,000	1,000	
21. Til síra Valdimars Briem's	800	800	
22. Styrkur til Guðmundar skálds Magnússonar	800	800	
23. Til Guðm. skálds Guðmundssonar	600	600	
24. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds.....	600	600	
25. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
26. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
Flyt...	50,410	44,410	

	1910	1911	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	50,410	44,410	
27. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins	500	500	
28. Til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
29. Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi ..... Þessi þrjú síðastnefndu félög gjöri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.	2,000	2,000	
30. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
31. Til leikfélags Reykjavíkur, alt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	1,000	1,000	
32. Til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000		
33. Styrkur til Jóns ritstjóra Ólafssonar til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að	960	960	
34. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands	1,000	1,000	
35. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
36. Styrkur til að gefa út lagasafn handa alþýðu (áframhald), 20 kr. fyrir örkina, gegn því að áframhald þetta verði eigi selt tiltölulega dýrara en þau bindin (4), sem út eru komin áður, f. á. alt að ..	800		
37. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
38. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
39. Til dr. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna ...	2,000	1,000	
40. Til Guðm. G. Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisrannsóknanáms f. á.	1,000		
41. Til kand. fil. Ólafs Þorsteinssonar til þess að ljúka námi á fjöllistaskólanum í Kaupmannahöfn	500	500	
42. Til Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisrannsókna	1,500	1,500	
Flyt...	69,320	59,520	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	69,320	59,520	
43. Til grasfræðisgarðs í Reykjavík	300	300	
44. Til jarðskjálftarannsókna	300	300	
45. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
46. Til Einars Jónssonar myndasmiðs	1,200	1,200	
	75,920	66,120	
Samtals			142,040

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 416,720.

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til bændaskólans á Hólum:			
a. Laun	2,700	2,700	
b. Til aðstoðarkennara	1,000	1,000	
c. Önnur útgjöld:			
	1910. kr.	1911. kr.	
1. Til verklegrar kenslu	1,000	1,000	
2. Til kensluáhalda	500	500	
3. Til eldiviðar og ljósa	600	600	
4. Til styrkveitinga nemendum	400	400	
5. Ýmisleg útgjöld	600	600	
6. Til byggingar skólahúss	18,500		
	21,600	3,100	
2. Til bændaskólans á Hvanneyri:	2700	2,700	
a. Laun			
b. Til aðstoðarkennara	1,000	1,000	
c. Önnur útgjöld:			
1. Til verklegrar kenslu	1,000	1,000	
2. Til kensluáhalda	500	500	
3. Til eldiviðar og ljósa	400	400	
Flyt...	1,900	1,900	29,000	10,500	

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
fluttar...	1,900	1,900	29,000	10,500	
4. Til styrkveitinga nemendum ...	400	400			
5. Ýmisleg útgjöld	600	600			
6. Til byggingar skólahúss úr steinsteypu.....	46,000				
			48,900	2,900	
3. Til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu			1,500	1,500	
4. Til Eiðaskólans:	1910. kr.	1911. kr.			
a. Byggingarstyrkur	20,000				
b. Til verklegrar búnaðarkenslu	1,500	1,500			
			21,500	1,500	
5. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds			500	500	
6. Til búnaðarfélaga			22,000	22,000	
7. a. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið			54,000	54,000	
b. Til nánari undirbúningsrannsókna og mælinga viðvíkjandi áveitu úr Þjórsá og Hvítá á Skeið og Flóa			4,000	4,000	
8. Laun skógræktarstjóra			3,000	3,000	
9. Til skóggræðslu...			10,500	10,500	
10. Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu.....			1,500	1,500	
11. Til sandgræðslu.....			4,000	4,000	
12. Styrkur til samvinnusmjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905			14,000	12,000	
13. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum	1910. kr.	1911. kr.			
a. Laun	3,000	3,000			
b. Ferðakostnaður eftir reikningi...	500	500			
			3,500	3,500	
14. a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík.....			400	400	
15. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
16. Styrkur til manns til að nema dýralækningar..... .			600	600	
17. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík			5,000	5,000	
18. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar			1,000	1,000	
Flyt...			227,600	141,100	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar	227,600	141,100	
19. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds	600	600	
20. Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds	300	300	
21. Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,000	2,000	
22. Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík	5,000	5,000	
23. Styrkur til byggingarfróðs manns til þess að leið beina við húsabyggingar	800	800	
24. Dagpeningar og ferðakostnaður eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestsetrum alt að	400	400	
25. a. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði .. (1910. kr. 2,000; 1911. kr. 2,000)			
b. Til Þorsteins Guðmundssonar, launaviðbót (400 400)	2,400	2.400	
26. Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði	1,200	1,200	
27. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
28. Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. Til húsaleigu	700	700	
c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
29. Til fiskiveiðasjóðs Íslands	6,000	6,000	
Ef stofnað verður útgerðarmannafélag, er nái til allra eða flestra innlendra síldarútvegsmanna, þá skal jafnan leita álits þess félags um úthlutun á því fé í Fiskiveiðasjóði, sem ætlað er til eflingar síldarútvegi.			
30. Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til iðnsýningar...		2,000	
Með því skilyrði að Reykjavíkurbær leggi að minsta kosti jafnmikla upphæð til sýningarinnar.			
31. Leiga eftir Gullfoss	300	300	
32. Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	200	200	
33. Styrkur til Hólasóknar-manna til að standast kostnað við kirkjugarðsbyggingu úr steinsteypu um Hólakirkju f. á.	500		
	250,860	165,860	416,720
Samtals			416,720

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna framgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 127,220 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til prófessor dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til síra Hjörleifs Einarssonar 500 kr.; til síra Einars Þórðarsonar 500 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þorkelsdóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til Elínborgar Friðriksdóttur 600 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 800 kr.; til barnakennara Tómasar Davíðssonar 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 198,030,33, er ætlast til að jafnist með tollauka samkvæmt frumvarpi því, sem lagt er fyrir þingið um bráðabirgðahækkun á ýmsum tollum.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1909 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði má verja alt að 10,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 3 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

2. Neshreppi utan Ennis má veita úr viðlagasjóði 8500 kr. lán gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar og sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, til þess að gera Krossavík á Hjallasandi að mótorbátakví. Lánið ávaxtast með $4\frac{1}{2}$% og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

3. Sláturfélagi Suðurlands má lána úr viðlagasjóði 45,000 kr. gegn jafnmiklu stofnfé (hlutafé) og ábyrgð sýslunefndanna í V.-Skaftafells, Rangárvalla, Árness, Kjósar, Borgarfjarðar og Mýra sýslna, og $4\frac{1}{2}$% vöxtum og jöfnum afborgunum á 15 árum. Sýslufélögin taki tryggingu fyrir ábyrgðinni í fasteignum og öðrum eignum félagsins.

4. Öðrum sláturfélögum má lána úr viðlagasjóði 25,000 kr. gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda og öðrum kjörum hinum sömu.

5. Ullarverksmiðjunni á Akureyri má lána úr viðlagasjóði alt að 60,000 kr. með ábyrgð bæjarstjórnar og sýslunefndar Eyfirðinga gegn $4^1/_2{}^0/_0$ vöxtum og afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Íshúsfélagi Vestmannaeyja má lána úr viðlagasjóði alt að 20,000 krónur á ábyrgð sýslufélags Vestmannaeyja gegn $4\frac{1}{2}\%$ ársvöxtum, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

7. Handa Heilsuhælisfélaginu má ábyrgjast 150 þús. kr. lántöku til að koma upp heilsuhæli á Vífilsstöðum yfir 50 sjúklinga.

8. Fljótshlíðarhreppi má veita úr viðlagasjóði 5 þús. kr. lán gegn ábyrgð sýslunefndar Rangæinga með $4\,^1/_2\,{}^0/_0$ í vöxtu og jöfnum afborgunum á 25 árum.

9. Alt að 6000 kr. má lána úr viðlagasjóði kirkjusjóði Íslands, ef á þarf að halda, til að hlaupa undir bagga til að endurreisa 2 kirkjur í Árnessýslu. er fuku í vetur.

10. Úr viðlagasjóði má lána Björgvin Vigfússyni sýslumanni í Rangárvallasýslu alt að 4,000 kr. til að koma sér upp embættisbústað gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með $4\,^1/_2\,{}^0/_0$ og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

Lánið er bundið því skilyrði, að bústaðurinn sé á heppilegum stað fyrir sýsluna, og að alt lánið falli í gjalddaga, ef ekki um semur með honum eða búi hans um kaup á húsi og jörð við eftirmann hans í embættinu á sínum tíma.

11. Hafnarfjarðarkaupstað má lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til vatnsveitu í kaupstaðnum, er ávaxtist með $4\,^1/_2\,{}^0/_0$ og endurborgist með jöfnum afborgunum á 30 árum.

12. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 20,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi ávaxtast með $4^0/_0$ og eru, að því er snertir samgirðingar og ábúendur á jörðum einstakra manna, afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en afborgist síðan á 20 árum með jafnri afborgun á ári. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum fá lán þessi gegn $6^0/_0$ árgjaldi í vöxtum og afborgunum í 28 ár. Lán þessi veitast eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

13. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $4^0/_0$, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

14. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, er ávaxtist með $4^0/_0$ árlega, og endurborgist á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 40,000 kr.

15. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum. Lán þessi ávaxtist með $4^0/_0$ árlega og endurborgist á 15 árum.

16. Hreppsnefndum má veita lán úr viðlagasjóði gegn ábyrgð sýslunefnda alt að 30,000 kr. hvort árið til að byggja barnaskóla, sem samkvæmt fræðslulögunum verður ekki komist hjá að byggja.

17. Úr viðlagasjóði er heimilt að lána Jóhannesi J. Reykdal verksmiðjueiganda í Hafnarfirði alt að 5000 kr. til að endurbyggja trésmíðaverksmiðju sína að gólfi og veggjum úr steinsteypu. Lánið veitist eftir á gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda; ávaxtast með $4\,^1/_2\,{}^0/_0$ og endurborgast með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed.

587. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenzkum skipum.

Nefndin telur frumvarp þetta réttarbót. Það nýmæli er í það tekið, að vátrygging sjómanna nær einnig til sjómanna á vélarbátum og róðrarbátum. Nefndin telur rétt, að lögin nái þó ekki til minni báta en sexæringa, með því að slíkum bátum er nú orðið óvíða róið að staðaldri. Þá virðist nefndinni og nokkur tormerki geti verið á því, að láta sömu reglur fyrir innheimtu gjaldsins gilda fyrir þilskip og þessa minni báta. Skipverjar á þeim eru ekki lögskráðir og getur lögskráningarstjóri því ekki haft sama eftirlit með ráðningu þeirra og þilskipamanna, og aðgangur að útgerðarmönnum þeirra torveldari en þá, er um þilskipin er að ræða. Ennfremur þarf að gera ráðstöfun fyrir hinum núverandi vátryggingarsjóði sjómanna. Til þess að ráða bót á þessum vankvæðum og öðrum smágöllum hefir nefndin því gjört nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, er hér fara á eftir, og ræður hún deildinni til að samþykkja þær.

1. Við 1. gr. Orðin: »í förum« í niðurlagi fyrstu málsgreinar falli burtu.
2. — » — Fyrir orðin: »opnum bátum . . . fiskiveiða« komi: »og róðrarbátum, sexæringum eða stærri«.
3. — 2. — Orðin í fyrri málsgreininni »og skal« til enda greinarinnar falli burtu.
4. — » — Síðari málsgrein orðist svo: »Þegar formaður á vélarbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið háseta sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra og skal hann senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara
5. — 3. — Greinin orðist svo: Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð, þann er síðar getur um, gjald er nemur 18 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm, og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Þriðjung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.

   Útgerðarmaður þilskips greiðir skráningarstjóra gjald þetta fyrir sig og fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupi þeirra eða hlut, og innheimtir skráningarstjóri það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. — Formaður vélarbáts eða róðrarbáts greiðir gjaldið fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum hásetanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok desembermánaðar ár hvert að frádregnum 2% innheimtulaunum af þilskipum og 4% af vélarbátum og róðrarbátum, og gengur helmingurinn af hinu síðarnefnda gjaldi til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.
6. — 4. — Fyrir »Vátryggingarfélaginu« komi: »Vátryggingarsjóðnum«.
7. — » — Fyrir »vátryggingarsjóði« í enda greinarinnar komi »vátryggingarsjóðnum«.

8. A eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr. svo hljóðandi: »Sjóður sá, er stofnaður er með lögum þessum tekur við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 40, 10. nóv. 1903. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin«. Greinatalan breytist eftir því.

9. Við 9. gr. Greinin falli burtu.

10. Ný grein sem verður 10. gr. svo hljóðandi: Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum, sem renna að hálfu í vátryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.
Með mál út af brotum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. Ný grein, sem verður 11. gr.
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

12. Fyrirsögn frumvarpsins orðis svo:
Frumvarp til laga um vátrygging fyrir sjómenn.

Alþingi 21. apríl 1909.

Jens Pálsson formaður. Sigurður Stefánsson skrifari og framsögumaður.
Eiríkur Briem.

Nd.

588. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um bygging, ábúð og útekt jarða frá 12. jan. 1884.

Frá Landbúnaðarnefndinni.

Við 1. gr.:
1. Á eftir orðunum í 5. línu að ofan »fer frá henni« bætist: eða hættir ábúð.
2. Á eftir orðunum í 4 línu neðanfrá: »þeirra jarðarbóta«, bætist: sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum og — — Orðið »er» í sömu línu falli burtu.
3. Í stað orðsins »hækkunar« í þriðju línu neðan frá komi: lækkunar.

Við 3. gr.:
4. Í stað »jarðhús« í 4 málsgr. komi: jarðarhúsi.

Við 4. gr.:
5. Orðin undir staflið a »af aðkeyptu efni« falli burtu.

Ed.

589. Breytingartillögur

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906—1907.

Frá Steingr. Jónssyni og Aug. Flygenring.

Við 11. gr.

1. Fyrir orðin »árið 1906«, komi: árin 1906 og 1907.
2. Fyrir »312.65». komi: 460.98.

Ed.

590. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi. (Þingskj. 482).

Flutningsm.: Ari Jónsson.

Við 9. gr. Í stað: »1. jan. 1912« komi: »1. jan. 1915«.

Við 10. gr. Í stað greinarinnar komi 10. gr. svo hljóðandi: »Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. jan. 1915 er ekki skylt að flytja burt úr landinu. En eigendur þeirra skulu skyldir að gefa lögreglustjóra vottorð að viðlögðum drengskap um hverjar og hve miklar birgðir þeir hafi. Slíkt vottorð skal síðan gefa um hver áramót um hverjar og hve miklar birgðir séu eftir óeyddar, unz birgðirnar eru þrotnar.

Áfengi það er hér ræðir um, má aldrei flytja burt af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum eða það sé áður gert óhæft til drykkjar.

Við 11. gr. Í stað: »og skal þá gera heimilisrannsókn hjá honum«, komi: »og má þá gera heimilisrannsókn hjá honum eftir dómsúrskurði. Í stað: »sýna sönnunargögn þess,« komi: »skýra frá«.

Við 13. gr. Þessi grein falli burtu og greinatalan breytist eftir því.

Við 14. gr. Við greinina bætist: »Hið sama gildir og um aðra, er vitni bera í málinu.«

Við 15. gr. Í stað: »200« komi: »300«.

Við 16. gr. Í stað: »fjárnám í sektum« komi: »fjárnám fyrir sektum«.

Í stað: »200—1000 kr.« í annari málsgrein komi: »200—2000 kr.«

Við 23. gr. Í stað þessarar greinar komi tvær nýjar greinar er hljóði svo:

23. gr. Að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum öðlast þau gildi 1. jan. 1912.

24. gr. Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26, 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingu áfengra drykkja, og önnur þau ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Nd.

591. Álit

nefndarinnar um verzlunarlöggjöf og atvinnulöggjöf.

Nefndin hefir nú athugað tillögu þá til þingsályktunar um verzlunarlöggjöf á þingskjali 197, og leggur til að gera á henni breytingar, þær sem hér fara á eftir:

Orðið »hérlendra« falli burt. Á eftir orðunum: »lausaverzlunar- og umboðssölu« komi: ennfremur að því er snertir skilyrði fyrir stofnun og starfsemi hlutafélaga. Fyrir orðið »frumvarp« komi: frumvörp. Fyrir orðið »þetta« komi: þessi.

Neðri deild Alþingis 23. apríl 1909.

Björn Kristjánsson, formaður. Magnús Blöndahl, skrifari. Jón Ólafsson, framsögum.

Ólafur Briem. Jón Jónsson.

Nd.

592. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslandsbanka og til að gefa út landssjóðsskuldabréf.

Frá Peningamálanefndinni.

1. Aftan við 5. gr, komi: »Þó losna hlutabréfin úr þessari tryggingu jafnóðum og skuldabréfin eru innleyst«.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein er verður 6. gr. svo hljóðandi:
   Nú þykir stjórnarráði Íslands hagkvæmara að taka útlent lán handa landssjóði til að kaupa hlutabréf þau, er um getur í 1. gr., og er þá ráðherra Íslands veitt heimild til að taka slíkt lán, alt að 2 — tveim — miljónum króna, er endurborgast með jöfnum afborgunum á 30 árum, en þó mega vextir af slíku láni eigi fara fram úr $4^1/_2{}^0/_0$ á ári og skal lánið óuppsegjanlegt frá hálfu lánveitanda.
3. Ennfremur komi önnur ný grein, er verði 7. gr. svolátandi:
   »Verði lán það tekið, sem nefnt er í 6. gr., veitist ráðherra Íslands ennfremur heimild til að gefa út landssjóðsskuldabréf fyrir láninu, og skulu skuldabréfin útbúin með vaxtamiðum sem greiddir séu tvisvar á ári, 2. dag janúar og 2. dag júlímánaðar. Skuldabréfin skulu vera á íslenzku og máli þess lands sem lánið veitir, og mynt þess.
4. Við 6. grein, sem verður 8. gr.
   Fyrir orðin: »fá þeir« komi: »fær hver þeirra«.
   Aftan við greinina bætist:
   »Nú forfallast einhver þessara manna frá að mæta á aðalfundum og skipar þá stjórnarráðið mann í hans stað.

Ed.

593. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Flutningsmaður Steingr. Jónsson.

Við 7. gr. 1. lið. Í stað orðsins »konungs«, komi: Christians konungs IX.

Nd.

594. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sóknargjöld.

Frumvarp þetta er að miklu leyti samhljóða tillögum milliþinganefndarinnar í skattamálum. Nefndin er samþykk aðalstefnu frumvarpsins og lætur sér nægja að vísa til álits skattanefndarinnar og nefndar þeirrar í Ed., er hafði mál þetta til athugunar.

Um einstök atriði skal það tekið fram, að eftir tillögum milliþinganefndarinnar á kirkjugjald að öllu leyti að koma jafnt niður á hvern gjaldskyldan safnaðarlim, en í 7. gr. þessa frumvarps er svo fyrir mælt, að ávalt þegar kirkjugjald í sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, er hækkað frá því, sem lögákveðið er,

skuli gjaldaukanum jafna niður að hálfu leyti eftir efnum og ástæðum. Téð breyting er að vísu brot á þeirri meginreglu frumvarpsins, að kirkjugjaldið sé persónugjald, en til þess að réttlæta það, hefir nefndin í Ed. haldið því fram, að hækkun gjaldsins, þegar svo á stendur, að kirkja er byggð og lúka þarf byggingarkostnaði hennar, geti sem persónugjald komið þungt niður á félitlum mönnum, og að sanngirni mæli með því, að efnamenn leggi þá tiltölulegs meira fram en fátæklingar, enda muni þeir oftast ráða meiru um kostnaðinn, hversu mikill hann verður.

Jafnvel þó þetta sé ef til vill fullgild ástæða til þess, að hafa undantekningu frá aðalreglu frumvarpsins um greiðslu kirkjugjaldsins, þegar svo sérstaklega stendur á, að gjaldaukinn yrði afarmikill, er þar fyrir engin brýn nauðsyn á að víkja frá reglunni, þegar einungis er um litla hækkun að ræða. Hve mikil sú kækkun megi vera, án þess að gjaldmátanum sé breytt, mætti að vísu til taka í lögunum, en réttast virðist, að láta sóknarnefnd, safnaðarfund og héraðsfund í sameiningu hafa frjálsar hendur að hækka persónugjaldið eftir því, sem fært þykir. En fari svo, að gjald það, sem þannig er ákveðið, nægi ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, þarf sóknarnefnd að hafa heimild til að jafna niður sérstaklega því, sem á vantar, og virðist þá óbrotnast að téð aukaniðurjöfnun, sem að líkindum þyrfti sjaldan að grípa til, fari að öllu leyti eftir efnum og ástæðum.

Í 8. gr. frumvarpsins er svo fyrir mælt, að þegar landsstjórnin ákveður kirkjugjald í sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, skuli gjaldið nema m i n s t jafnmikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið eftir 10 ára meðaltali. Með því að orðið »minst« í þessu sambandi getur valdið misskilningi á þá leið, að hámark gjaldsins eigi að vera algerlega á valdi landsstjórnarinnar, vill nefndin fella það niður, enda stóð það ekki í tillögum skattamálanefndarinnar. Á hinn bóginn virðist það leiða af sjálfu sér, að ekki þurfi að hnitmiða upphæð gjaldsins við meðaltal undanfarinna ára frekara en svo, að gjaldið standi jafnan á heilum eyri.

Í 3. og 9. gr. frumvarpsins er eindagi sóknargjalda tiltekinn 15. október. En þar er sá annmarki á, að manntal er ekki tekið fyr en í desember, eða að því er snertir Reykjavíkurkaupstað síðari hluta októbermánaðar. Með tilliti til þesssa virðist haganlegra að gjalddaginn sé ákveðinn 31. desember.

Í 11. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að presti og hreppstjóra eða bæjarfógeta í kaupstöðum sé skylt að láta sóknarnefnd í té manntalsskýrslur. En með því að hreppstjórar eru lausir við að taka manntal, og sömuleiðis bæjarfógetar, annarstaðar en í Reykjavík, þykir rétt að víkja við orðalaginu í upphafi greinarinnar.

Breytingartillögur nefndarinnar eru þessar:

1. Við 3. gr. Fyrir »15. október« komi: 31. desember.
2. — 7. — Fyrir »kirkjugjöld« komi: kirkjugjald.
3. — 7. — Síðasta málsgrein orðist svo:

   Ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, er sóknarnefnd hefir ákveðið og safnaðarfundur og héraðsfundur samþykt, nægir ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, er sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á alla gjaldskylda safnaðarlimi eftir efnum og ástæðum.
4. — 8. — Orðið »minst« falli burt.
5. — 9. — Fyrir »15. október« komi: 31. desember.
6. — 11. — Fyrir »Presti — skýrslur þær« komi: Presti eða öðrum þeim, er mann-

tal skal taka, er skylt að láta sóknarnefnd í té ókeypis skýrslur þær um manntal.

Að öðru leyti skal þess getið, að með því að hér er að ræða um einn lið í nýju skattakerfi, og þjóðin hefir æskt þess á þingmálafundum, að þar að lútandi tillögum skattamálanefndarinnar verði ekki ráðið til lykta á þessu þingi, þykir ekki ráðlegt að afgreiða nú frumvarpið sem lög, enda mun nefndin síðar koma fram með tillögu um að fullnaðarúrslitum málsins verði frestað.

Alþingi 22. apríl 1909.

Ólafur Briem
form. og framsögum.

Björn Kristjánsson
skrifari.

Jóh. Jóhannesson.

Einar Jónsson.

Magnús Blöndahl.

Við erum ósamþykkir heiðruðum meðnefndarmönnum okkar í því, að vér viljum láta a l l a þá, sem ekki eru þjóðkirkjutrúar, vera lausa við þessi gjöld.

Jón Ólafsson. Jón Sigurðsson.

Ed.

595. Breytingartillaga

við breytingartillögur á þingskjali 590.

Flutningsmenn: Jósef Björnsson, Gunnar Ólafsson, Sigurður Stefánsson
Jens Pálsson, Kristinn Daníelsson, Sigurður Hjörleifsson.

Við breytingartillögu við 10. gr. Fyrir »1915« komi: 1912.

Nd.

596. Nefndarálit

minni hlutans á sambandsmálinu.

Minni hlutinn gekk að starfi sínu í þessari nefnd með þeim einlæga ásetningi að reyna að teigja sig í ítrustu lög til samkomulags í málinu til þess að frumvarpið gæti náð framgangi á þingi með þeim breytingum, sem nokkur von gæti verið um að náð gætu samþykki beggja samningsaðila.

En þegar á fyrsta fundi var oss gefið í skyn, að vér minnihlutamenn ættum ekkert erindi í nefndina og að bezt væri að losna sem fyrst við oss. Vér reyndum að fá málið rætt bæði í heild sinni og í einstökum atriðum; en þess var helzt engin kostur. Núverandi ráðherra var formaður nefndarinnar og reyndi þó að boða nokkra fundi, en þeir vildu verða misjafnt sóttir og fórust oft fyrir, mest sakir þess, var oss sagt, að hann og nefndarmenn sumir þóttust vera bundnir störfum í öðrum nefndum.

Þá er ráðherrann svo fór til Hafnar mæltist hann til þess, og móti því mælti enginn, að meðan hann væri í burtu væri tekið fyrir stjórnarskrárfrumvarp, það er stjórnin hafði lagt fyrir þingið og vísað var til nefndarinnar. En þegar hann var farinn, var þingmaður Norður-Ísfirðinga kosinn formaður nefndarinnar í fjarveru hans, en meiri hluti þingdeildarinnar hafði kosið þingmann Norður-Þingeyinga til þess að sitja í nefndinni í fjarveru núverandi ráðherra.

Á fyrsta fundi, sem haldinn var eftir utanför núverandi ráðherra, mæltumst vér til að fá stjórnarskrárfrumvarpið tekið fyrir til umræðu, eins og um hafði verið talað áður. En þess var enginn kostur. Inn nýi nefndarformaður sagði, að nú yrði sambandslagafrumvarpið tekið fyrir og reynt að ráða því til lykta. Svo var ákveðið, að halda fund á hverjum degi, en úr því varð ekkert; eitthvað tveir fundir haldnir, og síðan hætt við öll fundahöld, þar til er ráðherra kom aftur úr utanför sinni. Á fundi, sem þá var haldinn og ráðherranum hafði ekki verið boðaður, kröfðumst vér þess, að ef ráðherrann áliti sig alveg genginn úr nefndinni, þá yrði hann þó beðinn að unna nefndinni viðtals á einum fundi. Þrátt fyrir mótmæli formanns, sem áleit að vér hefðum ekkert við hann að tala í þessu máli, var það þó samþykt með meiri hluta atkvæða að skora á ráðherra um þetta, og með því að formaður færðist undan að framkvæma þessa fundarályktun, var ritara nefndarinnar, fyrsta þm. Reykvíkinga, falið að flytja ráðherranum þessa áskorun í nafni nefndarinnar, og skýrði hann svo frá á næsta fundi að hann hefði gert það. En hversu sem á því stóð, þá mætti ráðherrann aldrei til viðtals vfð nefndina á næsta fundi, en það var síðasti fundurinn, sem nefndin hélt öll í sameiningu, því að oss minnihlutamönnum var settur sá frestur síðastur til þess að segja til, hvort vér vildum ganga að grundvelli meirihlutans. En um þann grundvöll fengum vér það eitt að heyra, að oss var lesin upp orðun sú sem meirihlutinn vildi hafa á fyrstu grein. Vér beiddumst þess, að fá að heyra, hvernig stefna þessarar greinar yrði nánara skýrð og ákveðin í síðari greinum frumvarpsins. En þess var enginn kostur að fá að heyra orðun þeirra. Eigi gátum vér heldur fengið neitt svar upp á það, hvað meirihlutinn hugsaði sér að gera frekara framvegis, til viðreisnar réttarstöðu lands vors, ef þessi vegur hans reyndist ófær með öllu.

Þá fórum vér fram á það, að vér fengjum að sjá uppkast að nefndaráliti meirihlutans, þá er því væri lokið, eða jafnótt, og hafa það í höndum þótt ekki væri nema tvær—þrjár klukkustundir. En því var algerlega synjað. Jafnframt var oss þó gefin von um að vér gætum fengið að heyra nefndarálitið lesið upp á fundi, auðvitað með því móti að vér létum einnig meiri hlutann heyra vort uppkast. En er til kom, var einnig þessu synjað, svo að vér höfum hvorki átt kost á að sjá né heyra nokkurt orð í áliti meirihlutans, nema þetta uppkast til fyrstu greinar, sem vér vitum þó ekki, hvort koma muni óbreytt fram eða ekki í nefndarálitinu.

Allur inn ástæðulausi og óþarfi dráttur málsins í nefndinni bendir nú á það, að það sé tilgangur háttvirts meirihluta á þinginu, að láta ekki sambandsmálið verða útrætt á þessu þingi, og stjórnarskrárbreytingar virðist helzt vera tilgangurinn að láta ekki einu sinni geta komið til umræðu.

Því var heitið, er nefndin klofnaði, að boða oss á fund aftur í nefndinni, til að ræða stjórnarskrárfrumvarpið. En enginn slíkur fundur hefir síðan boðaður verið, og nú er auðsætt, að það væri um seinan að koma því máli inn á þing í því skyni, að það geti útrætt orðið, þótt nefndin færi nú á ellefta stund að ræða það til málamynda.

Það sem skilið hefir leiðir meirihlutans og minnihlutans í nefndinni í þessu máli, er ósamkomulag um *grundvöll*, þann er hvorir um sig vilja byggja á.

Það eina, sem báðum hlutum nefndarinnar kemur saman um, er það, að hvorir um sig vilja að Ísland verði frjálst og sjálfstætt ríki.

En meirihlutinn vill ekki, að íslenzka ríkið standi í neinu málasambandi (realunion) við nokkurt annað ríki, en vill þó fyrir hvern mun, eða þykist vilja, hafa sama konung sem Danmörk.

Meirihlutinn vill að vísu fela Danastjórn um stundar sakir að fara með nokkur mál, utanríkismál og landhelgisvarnir, fyrir vora hönd gegn ákveðinni borgun.

Hermál vill meirihlutinn ekki fela Dönum að fara með fyrir vora hönd, ekki einu sinni til bráðabirgða, og að því er oss hefir skilist, vill meirihlutinn heldur ekki að vér höfum nein hermál sjálfir.

Minnihlutinn vill hinsvegar, að Ísland sé frjálst og sjálfstætt konungsríki, jafnrétthátt Danmörku og samhliða henni, og að konungsríkin bæði hafi einn og sama konung. En jafnframt viljum vér eftir frjálsu samkomulagi fela Dönum að fara fyrst um sinn með nokkur mál fyrir vora hönd, svo sem segir í frumvarpi því til sambandslaga, sem nú liggur fyrir þessu þingi. Þessi mál viljum vér að séu sameiginleg á þann hátt, að Danastjórn fari með þau að voru leyti í *umboði* voru.

Það viljum vér og tilskilið hafa, að hvort ríkið um sig geti sagt upp þessari meðferð málanna eftir tiltekinn frest.

Þó viljum vér að hermál og utanríkismál séu sameiginleg mál, og að Danastjórn fari með vorn þátt þeirra mála fyrir vora hönd fyrst um sinn með ákveðnum skilyrðum í umboði voru, og geti hvorugt ríkið sagt upp umboðsmennskunni á stjórn þeirra mála, nema báðum komi saman um það.

Vér skulum nú nokkuð líta á hvorn þennan málstað um sig.

Meirihlutinn kveðst ekkert málasamband vilja hafa við Danmörku, en að eisn persónusamband, það er: sameiginlegan konung í báðum ríkjum. Kostnaðinn

til þessa konungs og ættmenna hans og hirðhalds vill meirihlutinn að Ísland greiði að tiltölu réttri við Danmörku.

Vér skulum nú fyrst og fremst taka það fram, að á því sem meirihlutinn fer hér fram á, er, og verður sjálfsagt aldrei, nokkur kostur, þar sem Danir eru með öllu ófáanlegir til að leyfa konungi sínum að vera konungur eða þjóðhöfðingi í nokkru öðru ríki, sem ekki vill hafa nokkurt eitt sameiginlegt mál með Danmörku (sbr. yfirlýsingu forsætisráðherra og dönsku nefndarmannanna bls. XVI—XVII í »athugasemdunum« að uppkastinu, og yfirlýsing núver. forsætisráðherra í samtali við vorn nýja ráðherra nú nýverið). Slíkt persónusamband hefir aldrei til verið, er ekki til og getur eftir eðli sínu aldrei staðist, milli nokkurra tveggja eða fleiri ríkja, *sem hafa fyllilega* **þingbundna** *konungsstjórn*. Þar sem slíkt samband hefir átt sér stað, eða getur átt sér stað, þar hefir konungurinn verið, og hlýtur að vera, einvaldur í báðum löndunum, eða öðru að minsta kosti, í stjórn hermála og utanríkismála. Sé konungurinn það ekki, *hljóta* bæði ríkin að *hafa sameiginlega* stjórn í *þessum* málum, hvernig sem henni svo er fyrir komið.

En vér skulum eitt augnablik hugsa oss, að þetta fyrirkomulag væri ekki tómur loftkastali, og að það stæði oss til boða. Hvaða hag hefði þá Ísland, samkvæmt skoðun meirihlutans, ef það annars væri fært um að taka slíku fyrirkomulagi, af því að hafa konung í *öðru* landi og greiða honum árlega ærið fé fyrir það eitt, að lána nafn sitt til þess að heita konungur? Ef meirihl. álítur oss geta staðið staðið straum af því að vera einstætt ríki, er þá ekki eftir þeirra skoðun innlend konungsstjórn betri og sjálfstæðishugmyndum þeirra samboðnari? Með því móti rynni þó konungsmatan ekki út úr landinu.

Hreint persónusamband væri ekkert annað en fullur aðskilnaður ríkjanna, þar sem þau hefði ekki nokkurt eitt mál sameiginlegt.

Persónusamband er ekkert annað en **grímuklæddur aðskilnaður,** og krafan um hann ekkert annað en grímuklædd aðskilnaðarkrafa.

Annaðhvort hlýtur meirihlutinn að vilja fullan aðskilnað ríkjanna, ellegar vilja hann ekki. Sé svo í raun og veru, að þeir vilji hann, þá er það ekkert annað en einurðarleysi eða óhreinskilni að segja ekki svo með berum orðum og *nefna hlutinn réttu nafni*.

En vér viljum gjarnan trúa því, að *meirihluti* stjórnarflokksins á þingi nú sé samdóma því sem núverandi ráðherra Íslands hefir nýlega í ljósi látið, að aðskilnaðarhugmyndin sé ekki annað en loftkastali. Hvort meirihluti meirihlutans í nefnd þessari sé sömu skoðunar, er oss ekki fullljóst. En *sé svo*, að meirihluti meirihlutans í þessari nefnd séu skilnaðarmenn, en hafi að eins ekki fulla einurð á eða einlægni til að halda skilnaðinum fram nú þegar, þykist ekki við því búnir eða landið því vaxið að svo stöddu, *þá*, og þá fyrst, verður þessi persónusambandskrafa þeirra fullskiljanleg.

En í hverjum tilgangi eru þeir að reyna að hylja aðskilnaðarkröfu sína undir grímu persónusambandsins? Hvern geta þeir blekt með þeirri grímu?

Danir eru eru ekki svo einfaldir og óþroskaðir, ekki þau stjórnmálaleg reifabörn, að þeir sjái ekki gegnum grímuna, sjái, hvar fiskur liggur undir steini. Þetta hefir hver einasti danskur stjórnmálamaður sýnt, sem nokkuð hefir fjallað um þetta mál.

Það er því vitanlega ekki til neins að ætla sér að hverfa *þeim* sýn í

þessu máli. Og að vera að láta í ljósi *nokkra minstu von* um, að það muni *nokkru sinni* takast að sannfæra Dani um, að persónusamband eintómt sé nokkuð annað í raun og veru, en algerður aðskilnaður, það hljóta að vera tóm látalæti, ekki gerð í þeim tilgangi, að nokkur danskur maður festi trúnað á þau, heldur að eins til að segja eitthvað, sem ekki láti eins illa í eyrum eins og hreinn aðskilnaður nefndur sínu rétta nafni.

En hverjum á þá að hverfa sýn, hvern á að blekkja með grímunni? Er það íslenzk alþýða, íslenzkir kjósendur, sem menn treysta að séu svo óglöggir á stjórnarfarslegar hugmyndir, að þeir skilji ekki, að persónusambandið eintómt er hreinn og beinn skilnaður, nema hvað það gerir oss skattskylda konungi í öðru landi?

Vér skiljum satt að segja ekki að öðrum kosti, hvað háttvirtur meirihluti er að fara eða hvert hann stefnir í þessu máli.

Meirihlutinn kveðst að vísu vilja fela Danastjórn fyrst um sinn, þ. e. a. s. um tiltekið árabil, að fara með landhelgisvarnir vorar og utanríkismál vor fyrir vora hönd, og fyrir þetta vilja þeir greiða borgun.

Þeir sem í alvöru halda þessu fram, að hreint perónusamband (=alger málaaðskilnaður) sé oss fyrir beztu, þeir hljóta að vera þess fullvissir og byggja á því, að Ísland sé sjálffært um að standa straum af þessum málum, en hví vilja þeir þá ekki heldur fela *íslenzkum* mönnum þessi störf og borga *þeim* fyrir, heldur en að láta borgun fyrir þau renna út úr landinu til Dana? Hvaða líkur hafa þeir annars til þess, að Danir sé fáanlegir til að taka að sér um stund að fara með þessi mál í umboði voru, vel vitandi, að vér ætlum oss innan skamms að taka það umboð aftur? Og getum vér verið þektar að því sóma vors vegna, jafnframt því sem vér réttum þeim skilnaðar-snoppunginn, sem felst í kröfunni um persónusamband eitt, að koma biðjandi til þeirra um að gera oss þenna greiða?

Skoðun *minnihlutans* er aftur á móti sú, að oss væri aðskilnaður, hvort heldur í persónusambandi eða án þess, beinn og sýnn **háski**. Vér lítum svo á, að vér höfum hvorki efni né mannafla til þess að slíta öllu málefnasambandi við Dani. Þjóð vor hefir nú þegar allþungar álögur að bera í samanburði við efnahag sinn. Og væri það gerlegt að íþyngja henni að nokkrum mun með nýjum útgjöldum, þá eru svo margar þarfir á verklegum fyrirtækjum, er til framfara horfa, og fyrst og fremst mundu þarfnast allra þeirra framlaga, sem vér, jafn-*fámennir*, með nokkru móti getum risið undir. Ætti ofan á þetta alt að bæta stórútgjöldum til utanríkismála og hermála (og hjá *öllum* hermálakostnaði, getum vér þá þó aldrei komist, ef vér ætlum að skilja öll málefni vor frá sambandi við annað ríki), þá er enginn vafi á því í vorum augum, að álögur, þær sem þannig leggjast á þjóðina til gersamlega arðlausra fyrirtækja, hlytu að verða henni algerlega um megn. Útgjöldin ykjust svo mikið, að fólk mundi flýja landið undan þeirri þungbæru byrði. Og hins vegar mættum vér þá búast við að verða innan örfárra ára öðrum þjóðum að bráð.

Ef vér förum svo að ráði voru, að ofþyngja þjóðinni með nýjum og gífurlegum álögum, sem varið yrði í tómt arðlaust stjórnartildur, þá mundi það algerlega draga úr mætti vorum, sem enn er þó helzt til lítill, til að hagnýta oss atvinnuvegi og auðsuppsprettur landsins, sem annars eru svo miklar og arðvænlegar fyrir hvern, þann sem efnakraft hefir til að nota þær, að þær mundu enn meira

en áður draga að sér aðrar þjóðir, sem fljótt mundu gera sig hér heimakomnar, þegar landið stæði opið og varnarlaust fyrir öllum yfirgangsseggjum.

Þó að Danmörk sé ekkert stórveldi, þá er hún þó elzta konungsríkið í Norðurálfunni. Hún lifir í friði og góðu samlyndi við önnur lönd, og stjórnmálastefna hennar er, og *hlýtur* framvegis að verða, sú, að halda góðu samkomulagi við aðrar þjóðir. Hún nýtur virðingar og viðurkenningar alls ins mentaða heims, og vér njótum þar góðs af. Aðrar þjóðir skirrast við að níðast á oss eða brjóta á oss þjóðarétt meðan vér erum í sambandi við Danmörk. En vér vitum ekkert, hversu öðrum þjóðum mundi við oss fara, er vér værum lausir úr vernd Dana, og ef litið er til meðferðar á öðrum einstæðings-smáþjóðum (Transvaal, Orania, Bosnia, Herzegowina), þá er meir en tvísýnt að ekki skifti um til ins verra, og það þótt vér fengjum viðurkenningu annara þjóða.

Það gleður oss að hafa nýlega séð í mörgum dönskum blöðum, að núverandi ráðherra Íslands hefir látið alveg sömu skoðun í ljósi um þetta efni, sem þá er vér höldum hér fram. Í frumvarpi því um sambandsmálið, er nú liggur fyrir, eru ákvæði um hermál og utanríkismál svo hagkvæm oss, sem vér, eins á stendur, frekast getum kosið. Þau mál eiga að vera *sameiginleg* mál beggja ríkjanna, — in einu sameiginlegu mál til langframa, sem hvorugur samningsaðili geti upp sagt án samkomulags við hinn. Hinsvegar er beint gert ráð fyrir því í 6. gr, að vér getum tekið þátt í stjórn þessara vorra einu sameiginlegu mála, þá er vér þykjumst hafa efni og þroska til þess, og verða þá löggjafarþing beggja ríkjanna að gera samning um þá hluttöku, alveg eins og nú er til ætlast að gert sé um alt samband landanna.

Hitt er beint tekið fram, að vér berum *engan kostnað* af þessum tveim málum meðan vér tökum eigi þátt í stjórn þeirra, og aldrei nein *manna*-framlög til herþjónustu, og jafnframt er oss áskilið, að engir samningar við útlönd, sem á nokkurn hátt snerta önnur mál vor, skuli gildi fá, að því er oss snertir, án samþykkis vors. — Vér munum síðar geta þess, að sú breyting á orðalagi frumvarpsins, sem tæki af allan efa í þessu efni, mundi engri fyrirstöðu mæta frá hálfu Dana, ef fram á það væri farið nú og málið annars gengi fram á þessu þingi í þeirri mynd, sem vér förum fram á.

Í vorum augum er það stór kostur, að ákvæði um hluttöku vora í meðferð *þessara* mála verða eigi gerð nema með samkomulagi *beggja* aðila. Gæti *annar* aðilinn að eins heimtað breytingu á fyrirkomulagi, því sem frumvarpið ákveður, án hins samþykkis, þá hlytu Danir að hafa sama rétt eins og vér til að heimta, að sú breyting kæmist á, að þeir hættu að fara einir með þessi mál (ɔ: fara með þau einnig fyrir vora hönd); þeir gætu þá heimtað, hvenær sem þeir vildu, án vors samþykkis, að vér færum að taka þátt í meðferð þessara mála, og jafnframt þá líka að *vér færum að leggja á oss kostnað til þeirra* að tiltölu réttri. Þetta gæti komið oss mjög illa, ef þess væri krafist áður en oss væri vaxinn svo fiskur um hrygg, að vér værum fullfærir til þessa að efnum.

Hinsvegar er engin ástæða til að ætla, að Danir muni hafa nokkuð á móti tiltölulegri hluttöku vorri í stjórn þessara mála, undir eins og vér þættumst færir um að bera vorn hlut af kostnaðinum á móti þeim, enda hafa þeir líka lýst yfir því.

Þessi er þá munurinn á grundvallarskoðunum meiri hlutans og minnihlutans, að **meirihlutinn** *vill í alls engu sambandi standa við konungsríkið Danmörku:* því að þótt bæði ríkin hefðu að eins einn og sama konung, þá stæðu þau annars ekki í neinu minsta sambandi hvort við annað.

En **minnihlutinn** *vill aftur*, að auk þess sem vér höfum sama konung sem Danir, þá séu konungsríkin bæði. Ísland og Danmörk, í því málasambandi, *að vér höfum hermál og utanríkismál sameiginleg* með Danmörku. Fyrst um sinn viljum vér að Danir fari með stjórn þessara tveggja mála einnig fyrir vora hönd oss að kostnaðarlausu, með þeirri takmörkun, sem frumvarpið sjálft áskilur um samninga við önnur lönd. En hins vegar áskiljum vér oss rétt til að fá tiltölulegan þátt í stjórn þessara mála, þá er vér þykjumst því efnalega vaxnir, með þeirri tilhögun, sem ríkjunum þá kemur saman um. Auk þessa viljum vér fela þeim um stundar sakir nokkur önnur mál, er vér þó getum sagt upp eftir tilskilinn frest.

Af því sem að framan er sagt, leiðir það, að þótt oss stæði aðskilnaður til boða, eða persónusamband, sem er ekkert annað en fullkominn skilnaður á öllu málefnasambandi milli Íslands og Danmerkur, þá álítum vér, *að því boði væri með engu móti takandi,* með því að *sjálfstæði voru og þjóðerni hlyti að verða að því stórtjón og háski búinn.*

Hinsvegar erum vér engan veginn eins ánægðir eins og inn virðulegi meirihluti virðist vera með þá stjórnréttarstöðu, sem land vort á nú við að búa samkvæmt stöðulögunum. *En staða vor samkvæmt stöðulögunum er,* hvort heldur með réttu eða röngu, *sú eina réttarstaða lands vors, sem nokkur þjóð viðurkennir önnur en vér sjálfir.*

En hver er nú réttarstaða Íslands samkv. stöðulögunum? Og hver yrði hún samkv. sambandslagafrumvarpinu, er nú liggur hér fyrir þingi?

Á það skulum vér nú stuttlega líta og bera það saman.

Fyrsta grein stöðulaganna hljóðar svo: »Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sérstökum landsréttindum«.

Eftir sambandslagafrumvarpinu yrði Ísland frjálst og sjálfstætt konungsríki, í málefnasambandi við Danmörku um hervarnir og utanríkismál, en *engin mál önnur,* nema konungserfðir og konungsmötu, þá er uppsagnarákvæðum 9. gr. verður beitt að fullu. Í öllum öðrum málum eru konungsríkin bæði, Danmörk og Ísland, algerlega fullvalda (sbr. 6. gr.); en í *sameiginlegu málunum framkvæma* þau *fullveldi* sitt *í sameiningu* að eins. Með þetta *sameiginlega* fullveldi beggja ríkjanna færu dönsk stjórnarvöld einnig fyrir vora hönd fyrst um sinn, þar til er vér færum að leggja fé til þeirra tveggja sameiginlegu mála og taka þátt í stjórn þeirra.

Að **lögum** *yrðu ríkin bæði þannig* **jafnrétthá.**

Og þessi staða Íslands sem sjálfstæðs konungsríkis væri þá *viðurkend,* þar sem hún hvíldi á frjálsum samningi beggja ríkjanna samkvæmt þessum sambandslögum, og henni væri eigi auðið að raska framvegis án vors samþykkis.

Eftir stöðulögunum erum vér ekki annað en **hjálenda** með sjálfstjórnarrétti í *einum 9 tegundum mála*, og þó tæplega það (sbr. hæstarétt að því er dómsmál snertir). Og þessa sjálfstjórnarréttar njótum vér að eins í krafti danska ríkisþingslaga (stöðulaganna 2. Janúar 1871). Og þó að vér að vísu búumst tæplega við, að þeim *verði* breytt oss í óhag að oss fornspurðum, þá höfum vér þó enga *laga*-tryggingu eða *samnings*-tryggingu fyrir því, að svo *geti* eigi orðið.

Á þessum lausa, ótrygða grundvelli hvílir öll vor stjórnarskipun, því að, eins og í stjórnarskránni stendur, er hún gefin út »samkvæmt lögum um ina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. Janúar 1871«.

Samkvæmt þessu eru málefni, þau sem vér nú höfum umráð yfir, (in svokölluðu *sérmál* vor) þessi:.

1. In borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan (hæstiréttur þó sameiginlegur).
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkjumálefni og kenslumálefni.
4. Læknamál og heilbrigðismál.
5. Sveitamál og fátækramál.
6. Vegir og póstgöngur á Íslandi.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál og tollmál.
9. Þjóðeignir, opinberar stofnanir og sjóðir.

Þessi mál eru in *einu* mál, sem vér nú höfum *nokkurt* vald eða umráð yfir að lögum.

Öll *önnur* mál, en þessi, hafa haft þá nafnbót að vera nefnd »sameiginleg«. En sá sameiginleiki hefir ekki verið í öðru fólginn en því, að Danir hafa einir ráðið þeim málum að öllu sem hverjum öðrum dönskum ríkismálum, án þess að vér ættum að lögum nokkurt tilkall til að taka þátt í stjórn þeirra.

Ýmsir af inum heiðruðu mótstöðumönnum frumvarpsins þjást af heilabrotum um það, undir hverja fræðikerfislega hugmynd réttast sé að heimfæra réttarstöðu Íslands eins og hún verður eftir frumvarpinu. Þeir gæta þess ekki, að inar gömlu fræðikerfislegu hugmyndir í ríkisréttinum eru altaf að breyta innihaldi. Þetta á til dæmis heima um hugmyndir eins og málefnasamband, persónusamband, ríkjasamband, sambandsríki, ríkja-ríki o. fl.

Þeir gæta þess ekki, að það eru ekki fræðimennirnir, sem fyrst hafa búið til fræðiorðin og hugmyndir þær sem þau eiga að tákna, og stjórnmálamennirnir, sem síðan hafa sniðið fyrirkomulagið eftir hugmyndunum. Heldur er þetta þvert á móti: hitt og þetta fyrirkomulag hefir komist á, bæði í sambandi ríkja og í svo mörgu öðru, eftir því sem mönnum á hverjum tíma hefir hagkvæmt þótt og getað komið saman um í hverju einstöku tilfelli. Síðan hafa fræðimennirnir komið að eins og prestur til að skíra nýfætt barn, og hafa farið að gefa fyrirkomulaginu nafn og búa til utan um það eitthvert fræðikerfi, til að reifa það í.

Þessi er inn eðlilegi gangur stjórnmálaviðburða og stjórnmálafyrirkomulags í heiminum, og þessi er inn eðlilegi uppruni, fæðing og þroski allra stjórnmálalegra fræðikerfahugmynda.

En í augum sumra stjórnmálamanna vorra er það ekki aðalatriðið, hvað réttlátt sé, hagkvæmt og þörfum og þroska samsvarandi á hverjum tíma, heldur hitt, hvort nýtt fyrirkomulag, sem fram á er farið, eigi fremur heima undir þessari eða hinni fræðiskerfishugmynd eða hugmyndarheiti, sem þeir af einhverjum ástæðum hafa tekið ástfóstri við.

Af þessum rökum er meðal annars alt innlimunarhjal háttvirts meirihluta sprottið. Þeir hafa heyrt *orðið* »innlimun« og hent það á lofti, án þess að gera sér grein fyrir, hvað innlimun eiginlega er.

Réttilega skilið er það innlimun, er eitthvert land, sem hefir fult sjálfstæði, er lagt undir yfirráð annars ríkis, þann veg að það ríki fær þau yfirráð yfir því, að það getur á sitt eindæmi takmarkað sjálfstæði þess og skamtað því á hverjum tíma frelsi úr hnefa. Það ríki, sem innlimað er, getur að vísu fengið úr hendi hins ríkisins meira eða minna sérmála sjálfstæði, en ríkið, sem hefir innlimað það, hefir þó valdið til að breyta stjórnarafstöðu þess, víkka sjálfstæði þess eða þrengja, að því fornspurðu.

Ef vér nú lítum á sögu þessa lands, þá verður ekki á móti því borið, að hvervetna fyrir utan Ísland er álitið, að Ísland sjálft hafi *glatað sjálfstæði sínu* með því að gera sig »skattland« Norvegskonungs, en einkum og sér í lagi með því að þola og líða eða jafnvel samþykkja allar þær stjórnarráðstafanir og meðferð á Íslandi sem ósjálfstæðum ríkishluta, sem við það hefir verið beitt sífelt meir og meir eftir því sem aldir liðu. Það stendur hér á litlu, þó að þetta væri stundum með lögum gert, sem þjóðin hefði eigi verið skyld til að hlýða og beygja sig fyrir, og stundum án lagasetningar. Hitt er það sem mestu máli skiftir, að Ísland var orðið svift öllu löggjafarvaldi og öllum umráðum sinna eiginna mála. Landið var í framkvæmdinni orðið svo innlimað konungsríkinu Danmörk, sem frekast mátti verða. Stöðulögin 2. Janúar 1871, sem gefin eru út af inu danska löggjafarvaldi að oss fornspurðum, án vors samþykkis, skamta oss að vísu tiltekið sérmálasvið með talsverðu frelsi til umráða á því sviði. En jafnframt eru þau tákn þess, að vér erum þá í framkvæmdinni taldir gersamlega innlimaðir inu danska ríki. Næsta (ráðgefandi) Alþingi, sem saman kom þar á eftir, mótmælir að vísu gildi þessara laga. En svo gefur konungur á sitt eindæmi, en eftir áskorun Alþingis og þannig með fullu samþykki þess, út stjórnarskrá um in sérstöku málefni Íslands, bygða með beinni tilvitnun á stöðulögunum. Og henni höfum vér aldrei mótmælt; hana höfum vér þegið og undir henni lifað.

Án þess að fara út í það, hvort þeir hafi mikið eða lítið til síns máls, sem segja, að vér á ýmsan hátt höfum viðurkent stöðulögin, og séum þannig innlimaðir *að lögum*, þá er á hinu enginn vafi, að í *verki og framkvæmd* erum vér innlimaðir danska ríkinu, hvort sem oss líkar það betur eða ver.

Vér minnihlutamenn (frumvarpsmenn) höfum jafnan unað og unum enn illa þessari innlimun, og viljum fá endurreist í verki og framkvæmd, og viðurkent að lögum, fult sjálfstæði Íslands sem sérstaks ríkis jafnhliða Danmörku. Og þar sem vér vitum, að vér höfum ekki mátt til að berja þessa viðurkenningu fram með valdi, þá viljum vér leitast við að fá henni framgengt með frjálsum samningi, sem vér nú eigum kost á að fá.

Öll vor viðleitni, alt vort starf miðar til þess eins, að losa oss úr þeirri innlimun, sem vér erum í.

En að hverju er inn háttvirti meirihluti að vinna með allri framkomu sinni í máli þessu? **Hann** er, með meira eða minna ljósri meðvitund, viljandi eða óviljandi, að vinna að því, að **halda oss í innlimuninni.** Því að það atferli meirihlutans, að halda fram þeirri einu fjarstæðu kröfu, sem hann veit eins vel og vér, að aldrei getur framgang fengið, getur, eins og hann að nokkru leyti sjálfur játar, ekki til annars leitt en þess, að viðhalda núverandi innlimunarástandi.

Samband, það sem skapast mundi með frumvarpinu, er ekki persónusamband, en það er heldur ekki ríkja-ríki (forbundsstat); það er málefnasamband (realunion) milli tveggja sjálfstæðra ríkja í einum tveimur málum. Bráðabirgðaástandsins, sem lætur nokkur fleiri mál vera sameiginleg um stundar sakir, þurfum vér hér ekki að taka tillit til, þar sem það er að eins tiltölulega stutt millibilsástand, sem vér getum enda á gert á vort eindæmi að þeim stutta tíma liðnum.

Vér getum í þessu sambandi eigi bundist þess, að benda hér á það frumvarp til »Stjórnarskrár Íslands«, sem af stjórnarinnar hálfu var lagt fyrir þetta þing. Öll orðun hennar sýnir, að til er ætlast, að Ísland verði eftir henni sjálfstætt konungsríki. Og vér verðum að minna á það, að frumvarp þetta, ásamt athugasemundum við það, hefir verið borin upp fyrir *konunginum í ríkisráðinu* og þar *samþykt* af honum. Þar segir svo í athugasemdum við það frv.: »*Þar sem stjórnarskipun Islands hefir hingaðtil verið bygð á ráðstöfun* (delegation) *af hálfu ins danska ríkisvalds á löggjöf og stjórn tiltekinna sérmála í óðaðskiljanlegum ríkishluta, verður hún í skjóli sambandslaganna eftirleiðis bygð á ráðstöfun Islands sjálfs, er það gerir sem sérstakt ríki um alla hagi sína*«.

Samkvæmt þessu breytir frv. og nafninu sjálfu, svo að þar er ekki framar nefnd »Stjórnarskrá um *in sérstaklegu málefni* Íslands«, eins og áður var, heldur »Stjórnarskrá Íslands«.

Hvað getur borið ótvíræðara vitni en þetta um þá gersamlegu *grundvallar*-breyting, sem sambandslaga-frumvarpið gerir á réttarstöðu lands vors?

Oss virðist það alveg óskiljanlegt, að nokkrum manni, sem ber stöðulögin saman við sambandslagafrumvarpið, skuli geta komið til hugar að neita því, að mismunurinn oss í hag samkv. frumvarpinu er nærri því takmarkalaus. Og vér erum ekki einu sinni vissir um, að háttvirtur meirihluti, hvort heldur í nefndinni eða á þinginu, muni í rauninni leyfa sér að neita þessu.

En hvað getur þá valdið því, að tvær grímur skuli geta runnið á nokkurn mann um það, að þiggja hiklaust þá miklu réttarbót, sem frumvarpið býður oss?

Vér þykjumst mega fullyrða, að til þess liggi fleiri svör en eitt.

Forsprakkar háttvirts meiri hluta halda því fast fram, að allur meirihlutinn í nefndinni og þinginu sé einhuga um það, að vilja *ekkert annað fyrirkomulag* á afstöðu landanna, heldur en *eintómt persónusamband*, það er: sameiginlegan konung, en alls engin sameiginleg málefni. Og þennan sama vilja segja þeir, að öll þau kjördæmi, er kusu ina núverandi meirihlutamenn á þing síðasta haust,

hafi látið í ljósi. En vér *vitum* að þetta er *ekki* svo. Vér ætlum óhætt að fullyrða, að í 9 eða 10 kjördæmum, sem kusu 12 eða 13 meirihlutamenn, hafi *það eitt* verið í ljósi látið á undan kosningunum í haust, að kjósendur vildu eigi, að frumvarpið væri samþykt *óbreytt* eins og það lá fyrir, og ætlum vér að þessir 12 eða 13 þingmenn meirihlutans að minsta kosti, ef eigi fleiri þeirra, hafi frá kjósendum sínum alveg óbundnar hendur til að ganga að frumvarpinu með nokkrum breytingum, þó að eigi sé hafnað málefnasambandi milli ríkjanna í þeim tveim málum, er að ofan eru nefnd (hermálum og utanríkismálum)

Það sem vér verðum að ætla, að aðallega hafi vakað fyrir meirihluta kjósenda, þeirra er andstæðir voru frumvarpinu, voru nokkur þau ummæli í frumvarpinu, er mönnum þóttu eigi nógu ljós eða ótvíræð, ekki sízt þar sem því var sterklega fram haldið af þeim er móti frumvarpinu börðust, að þessi ummæli frumvarpsins hefðu aðra merkingu, en þá er nefndarmennirnir íslenzku lögðu í þau.

En til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni, leyfum vér oss nú að bera fram þær breytingatillögur við frumvarpið, sem hér fara á eftir, og skulum vér geta þess, að vér þykjumst geta *fullyrt, að þessar breytingar munu engri fyrstöðu mæta af hálfu Danastjórnar og meiri hluta ríkisþings Dana*, ef frumvarpið næði fram að ganga nú á þingi með þeim einum. Af hálfu þeirra manna, sem tortrygðu skýringar inna íslenzku sambandslaganefndarmanna á frumvarpinu og tortrygðu fult samræmi milli íslenzka og danska texta frumvarpsins, munu ýmsar af þessum breytingum verða álitnar verulegar efnisbreytingar. En komi það fram, að þær gætu nú náð samþykki ríkisþings Dana og stjórnar, þá er það næg sönnun þess, að inir íslenzku nefndarmenn hafa skilið rétt, hvað inir dönsku nefndarmenn lögðu í ummælin, og að allar ósamræmiskenningar Dr. Knud Berlins eru gersamlega tilhæfulausar.

Breytingar, þær sem vér viljum fullyrða, að fáanlegar séu, og viljum leggja til að gera á frumvarpinu, eru þessar:

Á íslenzku:	*Á dönsku:*
Við 1. gr.	Til § 1.
1. Upphaf greinarinnar orðist svo: »Ísland er frjálst og sjálfstætt ríki. Það er í sambandi« o. s. frv.	1. Paragrafens Begyndelse skal have følgende Ordlyd: »Island er et frit og sælvstændigt Rige, forbundet med« o. s. v.
2. *Annanhvort* falli alveg burt orðin: Danmörk og Ísland . . . veldi Danakonungs« *eða:* standi sem nú í ísl. textanum.	2. *Enten* bortfalder Ordene: »og danner saaledes . . . det samlede danske Rige« *eller:* Istedenfor Ordene: »det samlede danske Rige« sættes: »det danske Monarki«.

Við 3. gr.

1. Í staðinn f. (í 2. málslið) »er snertir Ísland sérstaklega, skal þó gilda, nema rétt stjórnarvöld íslenzk samþykki« komi: »er snertir íslenzk mál, þau er ekki er með farið sem sameiginleg samkvæmt þessum lögum, skal gildur vera án samþykkis réttra íslenzkra stjórnarvalda«.

2. (Í 4. lið): Aftan við »samkomulagi við Danmörku« komi: »um nánari tilhögun á því eftirliti«.

3. (Í 4. lið): Í st. f. »við Ísland« komi: »á landhelgissvæði Íslands«.

Við 4. gr.

Óbreytt (í ísl. textanum) »svo sem«.

Við 5. gr.

Á eftir »jafnrétti« bætist við »að öðru jöfnu«.

Við 6. gr.

Eftir »3. gr.« bætist »og 9. gr.«

Við 7. gr.

1. Í st. f. »leggur Ísland« komi: »leggur ríkissjóður Íslands«.
2. Í st. f. »landssjóði Íslands« komi: »ríkissjóði Íslands«.

Við 8. gr.

Á eftir »sé sameiginleg eða eigi« komi: »samkv. 3. gr.«

Við 9. gr.

Aftan við gr. bætist (jafnframt og punktur breytist í kommu): »alt samkvæmt þeirri tillögu, sem fram er komin, eða ef tillögur eru fram komnar frá þingum beggja ríkjanna, þá samkvæmt þeirri er lengra fer«.

Til § 3.

1. Istedenfor (i 2. Stykke): »der særlig vedrører Island, skal kunne gøres gældende for Island uden vedkommende islandske Myndigheds Medvirkning« sættes: »der vedrøre islandske Anliggender, som ikke behandles som fælles i Henhold til denne Lov, skal være gældende uden vedkommende islandske Myndigheders Samtykke«.
2. (i 4. Stykke): Efter Ordene »efter Overenskomst med Danmark« tilføjes: »angaaende den nærmere Ordning heraf«.
3. (i 4. Stykke): Istedenfor: »ved Island« sættes: »paa Islands Søterritorium«.

Til § 4.

Istedenfor »deriblandt« sættes »som«.

Til § 5.

Efter »lige Ret« tilføjes: »under lige Vilkaar«.

Til § 6.

Efter »§ 3« tilføjes »jævnfør § 9«.

Til § 7.

Istedenfor: »Islands Landskasse« (paa to Steder) sættes: »Islands Statskasse«.

Til § 8.

Efter Ordene: »ere fælles eller ikke« tilføjes: »i Henhold til § 3«.

Til § 9.

Efter Paragrafens Slutning tilføjes (samtidig med at Punktum forandres til Komma): »alt i Overensstemmelse med den fremkomne Indstilling, eller i Tilfælde af Indstillinger fra begge Repræsentationer, da i Overensstemmelse med den videstgaaende«.

Sú er auðvitað tilætlun vor, ef frv. yrði samþykt með breytingum, þeim er vér leggjum til að gera á því, að þá yrði Danastjórn send in danska orðun framanritaðra greina eins og vér höfum frá henni gengið, og skýrt frá, að þannig yrði þessi atriði að vera orðuð á dönsku til þess að samsvara sem ótvíræðlegast íslenzka orðalaginu.

Háttvirtur meirihluti kveðst byggja persónusambands-kröfur sínar á Gamla sáttmála og öðrum sögulegum rétti. Um þann grundvöll skulum vér sem fæstum orðum fara hér, enda yrði það ókleift mál á þeim stutta tíma, sem vér höfum til samnings þessa nefndarálits, að fara langt út í það mál, enda höfum vér, eins og í upphafi var getið, engan kost á að sjá eða heyra nefndarálit meirihlutans. En þó að vér ætlum, að margt af því sem Dr. Knud Berlin hefir um Gamla sáttmála ritað, megi hrekja með gildum sögulegum rökum, þá er það skjal þó svo vaxið, að þótt enginn ágreiningur væri nú um gildi þess á sinni tíð, þá mundi hann vera veikur grundvöllur til að byggja á réttarstöðu lands vors nú á tímum.

En hér við bætist svo það, að gildi Gamla sáttmála, og sá skilningur, er háttvirtur meirihluti leggur í ákvæði hans, er ekki viðurkent af hinum málsaðilanum, sem vér þurfum við að semja.

Vér byggjum hinsvegar kröfur vorar aðallega á þeim náttúrurétti, sem vér höfum sem þjóð, er hefir algerlega sérstakt þjóðerni og byggir land, sem af náttúrunni er skýrt aðskilið frá öllum öðrum löndum. Og þennan náttúrlega rétt vorn viðurkennir hinn samningsaðilinn berum orðum. Hann er þess eðlis, að engar lagasetningar manna geta svift oss honum, en lög og samningar geta viðurkent hanu, og það er einmitt það sem gert er í frumvarpi því sem hér liggur fyrir. Þessi réttur vor er svo skýr og víðtækur, að á honum má byggja allar kröfur vorar um að vera frjálst og sjálfstætt ríki.

Þar sem þessi náttúrlegi réttur vor er þannig fult svo víðtækur eins og inn sögulegi og auk þess öruggari og ótvíræðari, og þar sem hann er enn fremur fyllilega viðurkendur af báðum málsaðilum, þá er hann svo miklu traustari og ábyggilegri, að oss þykir ekki áhorfsmál að byggja á þessum samningsgrundvelli, sem báðir aðilar eru ásáttir um.

Og þegar til er samningsgrundvöllur, sem borið getur allar kröfur vorar og viðurkendur er af báðum aðilum, þá virðist oss það hégómamál, eins og að klifa á »klipt« og »skorið«, að vera að þrefa um annan grundvöll, sem í engu er oss haldkvæmari og samningsaðilar geta ekki orðið ásáttir um. Slíkar fræðimannlegar rökræður geta verið einkar-fróðlegar og sögulega hugðnæmar; en fyrir úrslit þessa máls í verki og framkvæmd sjáum vér ekki að þær standi á neinu.

Samkvæmt þessu, sem að framan er sagt, erum vér þess fullvissir, að allur inn mikli meginþorri þjóðar vorrar óski þess, að frumvarpið verði samþykt á þinginu, í öllu falli með þeim breytingum, sem vér höfum farið fram á hér að ofan. Og vér skorum alvarlega á hvern einstakan þingmann meirihlutans að hugleiða það vandlega, hvort þeir eru vissir um þakkir og samþykki kjósenda sinna, ef þeir hafna frumvarpinu með þessum breytingum.

Vér höfum nú lagt það til þessa máls, sem vér fyrir guði og samvizku vorri erum vissir um, að þjóð vorri sé fyrir beztu, og erum sannfærðir um, að allur meginþorri hennar muni oss samþykkur vera. Það verður nú á ábyrgð

háttvirts meirihluta, hver afdrif þetta mál fær á þinginu. En sú ábyrgð hvílir ekki að eins á flokki þeirra sem *flokki*, heldur verður *hver einstakur maður meðal þeirra* að bera hana gagnvart samvizku sinni, þjóðinni og sögunni.

Tillaga vor til innar háttvirtu deildar er sú, að hún samþykki frumvarp stjórnarinnar með þeim breytingum, sem hér fara á eftir.

Alþingi, Sumardaginn fyrsta, 22. Apríl 1909.

Jóhannes Jóhannesson. Jón Magnússon.

Jón Ólafsson,
skrifari og framsögum. minnihl.

Breytinga-tillögur.

Við § 1.

1. Upphaf greinarinnar orðist svo: »Ísland er frjálst og sjálfstætt ríki«.
2. »Danmörk og Ísland — — veldi Danakonungs« falli burt.

Við § 3.

1. Í st. f. (í 2. lið): »er snertir Ísland sérstaklega, skal þó gilda« komi: »er snertir íslenzk mál, þau er ekki er með farið sem sameiginleg samkvæmt þessum lögum, skal gildur vera«.
2. Í st. f. »nema rétt stjórnarvöld íslenzk samþykki« komi: »án samþykkis réttra íslenzkra stjórnarvalda«.
3. (í 4. lið). Aftan við »samkomulagi við Danmörku« bætist: »um nánari tilhögun á því eftirliti«.
4. (í 4. lið). Í st. f. »við Ísland« komi: »á landhelgissvæði Íslands«.

Við § 5.

Á eftir »jafnréttis« bætist við: »að öðru jöfnu«.

Við § 6.

Á eftir »3. gr.« bætist við: »(og 9. gr.)«.

Við § 7.

1. Í st. f. »leggur Ísland« komi: »leggur ríkissjóður Íslands«.
2. Í st. f. »landssjóði« komi: »ríkissjóði.

Við § 8.

Á eftir »sé sameiginleg eða eigi« bætist við: »samkv. § 3«.

Við § 9.

Aftan við gr. bætist (jafnframt og punktur breytist í kommu): »alt samkvæmt tillögu, þeirri sem fram er komin, eða ef tillögur eru fram komnar frá þingum beggja ríkjanna, þá samkvæmt þeirri er lengra fer«.

Nd.

597. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. að leggja fyrir Alþingi, áður en væntanlegur háskóli hér á landi tekur til starfa, frumvarp til laga um það, að eigi hafi aðrir rétt til embætta á landi hér en þeir, er tekið hafa próf við háskóla landsins í þeim námsgreinum, sem þar eru kendar, að svo miklu leyti sem næg þekking í þeim greinum er skilyrði fyrir að fá slík embætti, þó svo
   a, að eigi nái ákvæði þetta til þeirra manna, sem tekið hafa fullnaðarpróf í þessum námsgreinum við Kaupmannahafnarháskóla áður en 3 ár eru liðin frá því að háskóli hér á landi tekur til starfa, og
   b, að undantekning hér frá megi þó veitingarvaldið gera með ráði háskólaráðs vors að því, er snertir kennaraembætti við háskóla landsins sjálfan;
2. að leita enn af nýju, samkvæmt þingsályktun frá 1905, samninga við yfirstjórn Kaupmannahafnarháskóla um það, að nokkur hluti af námsstyrk þeim, sem íslenzkum stúdentum er þar ætlaður, verði, jafnskjótt og háskólastofnun hér á landi tekur til starfa, feinginn háskóla vorum til umráða til styrktar íslenzkum stúdentum og kandidötum við háskóla vorn og erlenda háskóla.

Ed.

598. Frumvarp

til laga um undanþágu frá lögum nr. 18, 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Heimilt er landsstjórninni, þá er sérstakar ástæður mæla með að veita skipum, er skrásett eru sem eign hér á landi, undanþágu um eitt ár í senn — frá annari málsgrein í lögum nr. 18. frá 8. júlí 1902 um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum. Skyld skulu skip þessi að sýna sérstakt og glögt merki samkvæmt nánari fyrirmælum landsstjórnarinnar.

Ed.

599. Framhaldsnefndarálit

í málinu: Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Háttvirt neðri deild hefir breytt frumvarpinu í nokkrum atriðum, er valda töluverðri gjaldahækkun, en þrátt fyrir það ræður þó meiri hluti nefndarinnar háttv. efri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 23. apríl 1909.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum. Steingrímur Jónsson.

Sigurður Hjörleifsson. Gunnar Ólafsson.

Ed.

600. Framhaldsnefndaràlit

um frumvarp til laga um löggildingu verzlunarstaða.

Nefndin hefir athugað þetta frumvarp og ræður háttv. deild til að samþykkja það óbreytt.

Alþingi 23. apríl 1909.

Með ath. Aug. Flygenring.	Sigurður Stefánsson, formaður.	Gunnar Ólafsson, skrifari og framsögum.

Nd.

601. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 16. nóv. 1907, fyrir árin 1906 og 1907 veitist 278,655 kr. 13 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—11. gr. hér á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 8. gr. fjárlaganna veitast:

Við tölulið 5. til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	kr.	1,345,39
Við tölulið 7. til viðhalds stjórnarráðshússins	—	1,917,99
	Kr.	3,263,38

3. gr

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna veitast:

Við B. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1 b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna	kr.	5,658,66
Við tölulið 1 e. til pappírs og prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur	—	1,142,46
Við tölulið 1 d. flutningsgjald með póstum	—	872,45
Við tölulið 1 e. til að gefa út registur við stjórnartíðindin	—	799,20
Við tölulið 3 fyrir 3 kemiskar slökkvidælur	—	500,93
	Kr.	8,973,70

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitast:

			Við A. Til útgjalda við póststjórnina:			
Við tölulið	1	b. 1.	handa póstafgreiðslumönnum utan Rvíkur	kr.	368,00	
— ——	1	c.	handa bréfhirðingamönnum	—	603,00	
— ——	2.		Póstflutningur	—	9,013,25	
— ——	4.	d.	fyrir prentun á ýmsu	—	12,547,17	
		e.	til áhalda	—	4,063,50	
		f.	til bréfburðar í Reykjavík	—	400,00	
		h.	óviss útgjöld	—	514,55	
		i.	til viðhalds húsi og áhöldum	—	2,462,36	kr. 29,971,83
			Við B. Til vegabóta:			
Við tölulið	1	b.	ferðakostnaður verkfræðings	kr.	616,19	
— ——	3		til flutningabrauta	—	30,305,72	
— ——	6		til áhaldakaupa og verkfæra	—	9,758,22	
			Eftirstöðvar af kostnaði við Lagarfljótsbrú	—	3,425,75	
			Kostnaður við brúargjörð á Hvítá og Tungufljót	—	10,089,09	— 54,194,97
			Við D. Til ritsíma og málþráða:			
Við tölulið	2—3.		Til landsímalagningar frá Seyðisfirði um Akureyri til Reykjavíkur	kr.	67,527,57	
— ——	4.		Til að mæla upp landsímalínuna og setja upp kílómetramerki	—	1,733,46	
— ——	5.		Til starfreksturs landsímasambandsins	—	3,772,30	kr. 73,033,33
			Við E. Til vita:			
Við staflið	d. 7.		Til að byggja varðklefa við vitann á Skagatá	kr.	388,45	
— ——	m.		Til að byggja vita í Vestmannaeyjum	—	363,25	— 751,70
						Kr. 157,951,83

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála veitast:

Við B. III.	c. 3.		viðgjörð á húsi hins almenna mentaskóla	kr.	17,777,69
— - V.	b.		ýmisleg útgjöld stýrimannaskólans	—	149,59
			Við sama lið sbr. fjáraukalög fyrir árin 1906 og 1907, 16. nóvbr. 1907, til stækkunar og endurbóta á kjallaranum undir stýrimannaskólanum	—	366,07
					Kr. 18,293,35

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, er talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við tölulið	2.		ferðakostnaður verkfræðingsins	kr.	178,95
— ——	6.		til útrýmingar fjárkláðanum	—	52,389, »
			Leiga fyrir Gullfoss frá $^{1}/_{9}$—$^{31}/_{12}$ 1907 —	—	100, »
					Kr. 52,667,95

7. gr.

Í viðbót við gjöld þau, er ræðir um í 18. gr. fjárlaganna veitast:

1.	Fyrir gullkrans á kistu Christians konungs IX. og önnur útgjöld í tilefni af andláti hans	kr. 2,694,15
2.	Kostnaður við milliþinganefnd í kirkjumálum	— 778,79
3.	Fyrir gullúr með ágreftri sem verðlaun fyrir að bjarga skipshöfn úr sjávarháska	— 225, »
4.	Styrkur til Sigurðar Péturssonar til að kynna sér fangavarðarstörf erlendis	— 500,00
5.	Fyrir eiukennisbúning handa fangaverði	— 102,25
6.	Andvirði fyrir smásjá handa dýralækni	— 300, »
		Kr. 4,600,19

8. gr.

Í viðbót við styrk þann, er síra Gísla Skúlasyni var veittur með fjáraukalögum 20. október 1905, fyrir árin 1904 og 1905, til utanfarar til að læra að kenna heyrnar- og málausum veitast 400 kr.

9. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt var í fjáraukalögum 16. nóvbr. 1907 fyrir árin 1906 og 1907 veitast:

1.	Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi	kr. 2,800, »
2.	Til að byggja hús undir áhöld landsjóðs	— 639,72
		Kr. 3,439,72

10. gr.

Í viðbót við upphæð þá, er veitt er til að koma upp geðveikrahæli og útbúa það sbr. lög nr. 33, 20. okt. 1905, veitast kr. 9,285,01.

11. gr.

Sem viðbót við útgjöld landssjóðs á árunum 1906 og 1907 veitast:

1.	Andvirði 2 húsa á Þingvöllum, sem bygð voru í tilefni af komu konungs og ríkisdagsmannanna	kr. 15,000, »
2.	Fyrir 2 vagna, er keyptir voru konungi til afnota	— 4,780, »
		Alls kr. 19,780, »

Stjórninni veitist heimild til þess að selja ofangreind hús fyrir það verð, er 2 dómkvaddir menn meta.

Reikningsábyrgð á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu árin 1906 og 1907 að upphæð kr. 460,98 falli niður

Nd.

602. Frumvarp

til laga um girðingar.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Girðingar þær, sem lán er veitt til úr landssjóði svo og aðrar girðingar, er njóta styrks af almannafé, skulu vera að minsta kosti 42 þuml. á hæð.

Eigi er vírgirðing á jafnsléttu fullgild nema hún sé með 5 strengjum. — Garð má hlaða undir vírinn og skal hann vera 2—3 fet á hæð og 3 strengir ofan á honum ef hann er 2 fet, en 2 strengir ef garðurinn er 3 fet á hæð.

2. gr.

Stuðlar, sem vírinn er festur á, skulu vera með $2^1/_2$ faðms millibili, hvort sem girðingin er á jafnsléttu eða garður hlaðinn undir vírinn samkvæmt 1. gr.

Girðing, sem lán er veitt til úr landssjóði, sé gerð að öðru leyti samkvæmt reglugjörð, er landsstjórnin semur.

3. gr.

Þegar einhver vill girða, hvort sem það er einstakur maður eða félag og leitar um lán úr landssjóði til þess, skal hann láta fylgja lánbeiðninni skýrslu um lengd og fyrirkomulag hinnar fyrirhuguðu girðingar og áætlun yfir kostnaðinn. — Nægi eigi fé það, sem ætlað er á ári hverju til girðinga til að fullnægja öllum, er um lán hafa beðið, skulu þeir, sem eigi komast að í það sinn, hafa forgangsrétt næsta ár að öðru jöfnu.

4. gr.

Girðing, sem lánað er til úr landssjóði, skal vera fullgei innan tveggja ára frá því að lánið var veitt. Skulu úttektarmenn hreppsins taka girðinguna út og senda Stjórnarráðinu vottorð um, að hún sé gerð samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. gr. og reglugerðum þeim er getur um í 2. gr. Kostnað við úttekt greiðir lántakandi. — Ef girðingunni er eigi lokið þegar tvö ár eru liðin, fellur lánið í gjalddaga með 6% vöxtum.

5. gr.

Skylt er sérhverjum, hvort heldur það eru einstakir menn eða félög, er fengið hafa lán úr landssjóði til girðinga, að viðhalda þeim og endurbæta þær og endurnýja eftir þörfum.

Girðingar á einstökum jörðum, sem lán er veitt til úr landssjóði, skulu teknar út við ábúendaskifti og skilað í fullgildu standi eða með fullu álagi.

6. gr.

Nú fer jörð í eyði svo að eigi er lengur not að girðingunni, og getur þá jarðeigandi eða ábúandi losað sig við þá skyldu að halda henni við. En borga verður hann þá að fullu það, sem eftir stendur af landssjóðsláninu.

7. gr.

Girðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sé milli vegarjaðarins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo að 6

ánlir séu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. — Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema 3 feta garður sé hlaðinn undir vírinn.

8. gr.

A öllum girðingum yfir vegi skulu vera nauðsynleg hlið, og skal svo um búið, að þau verði opnuð og lokuð. — Fari ferðamaður um hlið á girðingu, er hann skyldur að loka því á eftir sér. — Brot móti þessu og vísvitandi skemdir á girðingum og hliðum varða sektum og skaðabótum.

9. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu, um notkun gaddavírs, um samgirðing til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

10. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gera samþykt samkvæmt 9. gr. og skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar á svæði því, er samþyktinni er ætlað að ná yfir. — Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

11. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 10. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með $^2/_3$ hlutum atkvæða þeirra, er á fundi mæta og samþyktin nær til, sendir sýslumaðurinn það til Stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið þó fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða og sýslunefnd felst á þæi. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþyktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

12. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gera samþyktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 9. gr. Er öll meðferð samþyktar þó hin sama og 10. og 11. gr. skipa fyrir um, nema að sveitarstjórn kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

13. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send Stjórnarráðinu til staðfestingar og virðist Stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþyktin þá endursend ásamt synjunarástæðum Stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir Stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð. Sömuleiðis má ákveða fyrir brot mót samþykt, er gerð kann að verða samkvæmt þessum lögum, sektir frá 2—20 kr., er renni í sýslusjóð, ef um sýslusamþykt er að ræða, eða í sveitarsjóð, ef brotið er á móti hreppssamþykt.

15. gr.

Með brot mót lögum þessum og samþyktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd.

603. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Heimilt skal stjórnarráðinu að gefa allsherjar viðurkenningu skóla, sem stofnsettur er af einstökum mönnum og fylgir sérstakri reglugjörð, staðfestri af yfirstjórn fræðslumála.

2. gr.

Slíkir skólar liggja undir aðalumsjá stjórnarráðsins, og skulu skóla- eða fræðslunefndir hafa eftirlit með hollustuháttum skóla þessara, og sjá um, að fræðslureglum þeirra verði framfylgt.

3. gr.

Börn á skólaaldri, er slíka skóla sækja, þurfa ekki að sækja um leyfi til þess hjá skólanefnd eða fræðslunefnd. En skólastjóri slíks skóla skal við byrjun hvers skólaárs láta skólanefnd eða fræðslunefnd í té skýrslu um það, hvaða börn munu sækja skólann á því skólaári. Eigi eiga slíkir skólar heimting á styrk af almannafé.

4. gr.

Frestur sá, sem veittur er í 15. gr. laga um fræðslu barna 22. nóv. 1907, lengist um 2 ár, til 1. jan. 1912.

5. gr.

Þegar barnaskólahús er reist frá stofni, stækkað eða endurbygt til afnota, samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóv. 1907, skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, annast um bygginguna eftir uppdrætti og lýsingu, sem yfirstjórn fræðslumála hefir samþykt, og afhenda síðan skólanefnd húsið. Nú er skólahús ekki bygt samkvæmt uppdrætti og lýsingu yfirstjórnar fræðslumála og getur þá skólanefnd krafist þess, að úr því sé bætt áður en hún ekur við húsinu.

t

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1909.

Nd.

604. Frumvarp

til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um kornforðabúr til skepnufóðurs.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktin nái yfir. Eiga atkvæðisrétt á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrétt hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim er getur um í 2. gr. leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $^2/_3$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $^2/_3$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþyktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþyktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykt skal ávalt vera ákvæði um stjórn kornforðabúrsins. Þar skal og kveða á um tillög til forðabúrsins, útlán á korni og endurgreiðslu þess, endurnýjun kornsins og viðhald forðabúrsins. Enn fremur skulu þar vera ákvæði um eftirlit það, er þarf til þess, að samþyktarinnar sé gætt, og hvernig kostnað við forðabúrið skuli greiða.

6. gr.

Árlega skal stjórn forðabúrsins senda sýslunefnd fyrir aðalfund skýrslu um útlán forðabúrsins og ársreikning þess.

7. gr.

Öll gjöld til kornforðabúrsins, svo og útistandandi skuldir þess, má taka lögtaki samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

8. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykt má ákveða sektir 2—20, kr. er renna til kornforðabúrsins.

9. gr.

Með brot gegn samþyktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd.

605. Frumvarp

til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Styrktarsjóð skal stofna handa barnakennurum landsins. Stofnfé hans, 5,000 krónur, leggur landssjóður til.

2. gr.

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna 22. nóvbr. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1 % af kennaralaunum sínum séu þau ekki hærri en 500 kr., 1 ½ % séu þau yfir 500 kr. og alt að 1000 kr. og 2 % ef þau eru yfir 1000 kr.

3. gr.

Sjóðurinn fær 1,000 kr. styrk úr landssjóði á hverju ári.

4. gr.

Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóð þessum undir yfirumsjón landstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kýs.

5. gr.

Því að eins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sé styrkþurfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kenslustörfum sakir heilsubilunar.

6. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20,000 kr., en síðan ¾ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðru vísi sé ákveðið af gefanda.

7. gr.

Nánari reglur um starfsemi sjóðsins, innheimtu, styrkveiting og reikningsskil semur stjórnarráðið, eftir að hafa fengið tillögu þar um frá forstöðunefnd hans.

Nd. **606. Frumvarp**

til laga um sölu á þjóðjörðinni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Eins og það var samþykt við eina umr. í Ed.

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess, að selja Akureyrarkaupstað þjóðjörðina Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu fyrir 10,000 krónur.

Ed. **607. Framhaldsnefndaràlit**

um frumvarp til laga um námsskeið verzlunarmanna.

Frumvarpið hefir tekið smávegis breytingum í háttv. Nd., sem nefndin getur samþykt og mælir því með að frumvarpið verði samþykt.

Ed. alþingis 23. apríl 1909.

J. Havsteen, formaður. Aug. Flygenring, framsögum., skrifari. Sigurður Stefánsson.

Gunnar Ólafsson. Ari Jónsson.

Ed. **608. Framhaldsnefndaràlit**

um frumvarp til laga um verzlunarbækur.

Frumvarp þetta hefir tekið þeim breytingum í háttv. neðri deild, að síðari málsgrein annarar greinar hefir verið feld í burtu. Þessi málsgrein hafði það ákvæði inni að halda, að verzlun var gert að skyldu að láta viðskiftavin í té samrit af viðskiftunum, samkv. frumbókinni í hvert sinn, sem bókfærð viðskifti eiga sér stað. Í þess stað hefir verið sett ákvæði um að löggilda ætíð frumbókina.

Þessu ákvæði er nefndin mótfallin sem fyr og það af sömu ástæðum og áður, og leggur því til að það verði felt og frumvarpið sett í sama form og það áður var í, er það fór hér út úr deildinni.

Breytingartillaga:

Við 2. gr.

a. 2. málsgrein, »Frumbók skal vera« o. s. frv. skal falla í burtu. I þess stað komi:

b. Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætíð láta skiftavin í té í hvert sinn og einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

Efri d. alþingis 23. apríl 1909.

J. Havsteen, formaður. Aug. Flygenring. skrifari og framsögum. Sigurður Stefánsson.

Gunnar Ólafsson. Ari Jónsson.

Nd.

609. Breytingatillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá meiri hluta Peningamálanefndarinnar.

1. 4. grein orðist þannig:

Ráðherra skipar bókara og féhirðir bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. — Bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, *ef geta skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.*

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirði hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjóranna.

Nú er annarhvor bankastjóranna forfallaður og undirskrifar þá ráðunautur í hans stað. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varða, sker atkvæði ráðunauts úr.

2. við 5. gr. Í staðinn fyrir $^2/_5$ komi $^1/_5$.

Við 5. gr. Í staðinn fyrir húsnæðissjóð, komi: byggingarsjóð opinberra bygginga.

Við 5. gr. Á eftir orðunum: »og 2% í varasjóð«, kom: Þó má upphæð sú eigi hærri vera en alt að kr. 2500.

Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: Þó skal hinn núverandi bankastjóri fá í eitirlaun kr. 3000.

Ed.

610. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 80, 22. nóvember 1907.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.

Amtsbókasöfn Norðlendingafjórðungs, Austfirðingafjórðungs og Vesfirðingafjórðungs, svo og bókasafn Ísafjarðarkaupstaðar, skulu fá eitt eintak hvert þeirra af þeim ritlingum, bókum og tímaritum (blöðum), sem 2 örkum eru stærri og prentuð eru í prentsmiðjum hér á landi, og skulu eintök þessi afhent ásamt skrá yfir þau, lögreglustjóra þess lögreglu-umdæmis, sem prentsmiðjan er í, undir árslok hvert ár, en hann annast sendinguna til safnanna þá er 1 ár er liðið frá útkomuárinu. Frá þessu er undan skilið alt það prentað mál, sem ekki er ætlað til sölu.

Nd.

611. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslands banka og til að gefa út landssjóðs-skuldabréf.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að kaupa hlutabréf í Íslands banka, alt að 2 milljónum króna, og borga hlutabréfin með alt að 101 hundraðið. Hlutabréfunum fylgja arðmiðar frá 1. júlí 1909, og séu kaupin gerð frá þeim tíma.

2. gr.

Til greiðslu á hlutabréfum þessum skal landssjóði heimilt að gefa út jafnháa upphæð í landssjóðs-skuldabréfum. Skulu greiðast $4^1/_2$ % ársvextir af skuldabréfum þessum og greiðast þeir 2. janúar og 1. júlí ár hvert. Skuldabréf þessi kaupir Íslands banki fyrir að minsta kosti 98 hundraðið. Mismun á verði hlutabréfa bankans og skuldabréfa landssjóðs skal greiða í peningum.

3. gr.

Upphæð skuldabréfanna skal vera 500,1000 og 2000 krónur.

4. gr.

Landssjóður skal innleysa landssjóðs-skuldabréf þessi eftir hlutkesti, er fari fram í fyrsta sinn í desember 1910, og sé fyrsti innlausnargjalddagi 1. júlí 1911. Skal innleysa $^1/_{50}$ hluta skuldabréfanna á ári með 40,000 krónum, þannig, að landssjóður hafi leyst þau öll til sín á 50 ára fresti.

Landssjóði er þó heimilt að leysa bréfin til sín aftur að fullu eftir 1. júlí 1919

5. gr.

Þær 2 milljónir, sem landssjóður kaupir í hlutabréfum Íslands banka, skal landssjóður skyldur að geyma sem tryggingu fyrir skuldabréfum þeim, er hann hefir keypt hlutaféð fyrir og sem eru í umferð. Þó losna hlutabréfin úr þessari tryggingu jafnóðum og skuldabréfin eru innleyst.

6. gr.

Nú þykir stjórnarráði Íslands hagkvæmara að taka útlent lán handa landssjóði til að kaupa hlutabréf þau, er um getur í 1. gr., og er þá ráðherra Íslands veitt heimild til að taka slíkt lán, alt að 2 — tveim — miljónum króna, er endurborgast með jöfnum afborgunum á 30 árum, en þó mega vextir af slíku láni eigi fara fram úr $4^1/_2$% á ári og skal lánið óuppsegjanlegt frá hálfu lánveitanda.

7. gr.

Verði lán það tekið, sem nefnt er í 6. gr., veitist ráðherra Íslands ennfremur heimild til að gefa út landssjóðsskuldabréf fyrir láninu, og skulu skuldabréfin útbúin með vaxtamiðum sem greiddir séu tvisvar á ári, 2. dag janúar og 2. dag júlímánaðar. Skuldabréfin skulu vera á íslenzku og máli þess lands sem lánið veitir, og mynt þess.

8. gr.

Landritari og dómendur í yfirréttinum skulu, fyrir landssjóðs hönd, fara með atkvæði landssjóðs sem hlutabréfseiganda á aðalfundum Íslands banka. Skulu þeir hver um sig hafa atkvæði fyrir $^1/_2$ milljón hlutafjár. Fyrir starfa þennan fær hver þeirra 250 kr. þóknun á ári hverju.

Nú forfallast einhver þessara manna frá að mæta á aðalfundum og skipar þá stjórnarráðið mann í hans stað.

Nd.

612. Skýrsla

um starf sambandslaganefndarinnar.

Þar sem minni hluti sambandslaganefndarinnar í álitsskjali sínu (þingskjal 596) ber meiri hluta nefndarinnar það á brýn, að hann hafi að ástæðulausu og óþörfu dregið málið í nefndinni, sbr. orðin: „allur hinn ástæðulausi og óþarfi dráttur málsins í nefndinni bendir nú á það, að það sé tilgangur háttvirts meiri hluta á þinginu, að láta ekki sambandsmálið verða útrætt á þinginu“, þá finnur undirritaður sig, sem formann sambandslaganefndarinnar, knúðan til þess, að lýsa þessa aðdróttun minni hlutans *algjörlega tilhæfulausa*, og málinu snúið alveg öfugt, svo sem eigi er ótítt að þeir bralli, sem sök bítur sjálfa.

Þegar á fyrsta fundi sambandslaganefndarinnar vakti undirritaður máls á því, svo sem nefndarmönnum má vera minnisstætt, að þar sem háð hefði verið hörð kosningabarátta milli tveggja pólitiskra flokka síðastl. sumar, er hvor um sig fylgdi fram sinni skoðun á sambandslaga-»uppkastinu«, sýndist mér sjálfsagt, að nefndarmenn, er væru fulltrúar nefndra tveggja þingflokka, ættu þá þegar að slíta samvinnu í nefndinni, að því er til sambandsmálsins kæmi, svo að meiri og minni hlutinn gætu þegar tekið til starfa, hvorir fyrir sig, með því að víst væri, að þeir ættu eigi samleið í málinu.

Þessari tillögu minni var þó eigi að neinu sint — og eg þá eigi formaður nefndarinnar, heldur núverandi ráðherra vor —, og voru það *fagurmæli* minni hlutans, er lýstu þráfaldlega samvinnuþýðleik sínum, með mörgum fögrum orðum, og létust eigi trúa öðru, en að allir yrðu á eitt mál sáttir, sem ollu því, að nefndin var eigi þá þegar klofin, svo sem átt hefði að vera, enda var eg þá eigi í neinum vafa um það, að annað bjó eigi undir öllum fögru orðunum, en að þvæla fram og aftur um ýms þau atriði, er mest greindi á um í kosningahríðinni, til að tefja fyrir málinu að föngum.

En þessu þófi sínu héldu nefndarmenn minni hlutans þó áfram á öllum þeim — að vísu fremur fáu — nefndarfundum, sem haldnir voru, unz forsetar alþingis fóru utan á konungs fund, og skorti aldrei fögur orð, né fullyrðingar um það, að óvíst væri, hvort þeir yrðu eigi meiri hluta nefndarinnar samdóma í tillögum um málið.

Áður en núverandi ráðherra, þáverandi formaður sambandslaganefndarinnar, fór utan, mæltist hann til þess, að sambandsmálinu yrði frestað í nefndinni, unz hann kæmi aftur úr utanförinni, og því tók minni hlutinn fegins hendi; en með því að vér, nefndarmenn meiri hlutans, sáum fyrir, er vér athuguðum málið nokkru síðar, að frestun þess svo lengi gæti valdið alt of miklum drætti — enda eg vantrúaður á nokkurn árangur af forseta-utanförinni, hvað sambandsmálið snertir —, þá gekst skrifari nefndarinnar (dr. Jón Þorkelsson) fyrir því, eftir tillögu undirritaðs, að boðað var til nefndarfundar, og var eg þá kjörinn formaður hennar.

Gerði eg þá þegar þá ráðstöfun, *að nefndarstörfin yrði öll að snúast um sambandsmálið, svo að nefndin lyki störfum sínum, hvað það snerti, sem allra bráðast;* en hér bar enn að sama, sem fyr, að minni hlutinn vildi skrafa fram og aftur

um ýms einstakleg atriði málsins, en þóttist þá ekkert ákveðið geta sagt um afstöðu flokks síns til málsins, fyr en flokkurinn hefði rætt það á fundi, eða fundum; bar og fyrir sig ummæli fyrverandi formanns, og vildi enn fyrir alla muni, að málið biði heimkomu hans.

Rak þá að því, að beita varð ráðríki, og segja minni hluta nefndarinnar skýrt og glögt, að hann yrði á næsta nefndarfundi að segja af eða á, um stefnu sína í málinu, og voru þá bornar fyrir minni hlutann þær spurningar, sem voru kjarni málsins, og svars hans krafist um það, hvort hann vildi samþykkja:

1. Að fyrstu grein frumvarpsins yrði breytt svo, að það kæmi þar sem ljósast fram, að Ísland væri fullvalda ríki.
2. Að Dönum væru falin utanríkismál og strandvarnir til meðferðar, gegn endurgjaldi af Íslands hálfu, og á þann hátt, að það kæmi skýrt fram í frumvarpinu, að þeir færu að eins með þau í nafni og í umboði Íslendinga, og að mál þessi væru uppsegjanleg, sem og önnur mál, er þeim kynni á fyrgreindan hátt að verða falið að fara með, svo að Íslendingar gætu tekið þau að sér, er þeir vildu, eftir því er nákvæmar yrði kveðið á um í frumvarpinu.

Þó ótrúlegt megi virðast, eftir allan tímann við nefndarstörfin, og eftir alt, sem gjörst hafði í sambandsmálinu á undan þingi, var 2. þm. Norð-Mýlinga (Jóh. Jóh.) eini maðurinn þeirra þriggja, sem við búinn var, að geta svarað spurningunum, en hinir tveir (Jón Magnússon og Jón Ólafsson), þurftu þá enn að fá frest, til að ræða málið við flokk sinn, *til að vita, hvað hann vildi(!)*

Mér, sem formanni nefndarinnar, þótti hér enn kenna hins sama, sem fyr, að málið ætti að tefja, en þó varð niðurstaðan sú, að þessi nýi frestur var veittur, en þó að mun skemri, en í fyrstu var farið fram á.

Af framansögðu er það væntanlega ljóst, **að það er minni hluti nefndarinnar, sem málið hefir tafið**, *að það er hann, sem beitt hefir í því skyni fagurmælum, og haft í frammi vafninga og endurtekningar, fund eftir fund, verið margorður, og óljós í orðum, í stað þess, að segja þegar skoðun sína hreinskilnislega, einarðlega og ákveðið, og með sem fæstum orðum,* svo sem öllum er skylt að gera í ræðu, sem í riti.

Af þegar rituðu er það og ljóst, að það er eigi rétt hermt, sem segir í oft greindu álitsskjali minni hlutans, að hann hafi ekkert fengið að vita um »þann grundvöll«, sem meiri hlutinn bygði á, nema hvað honum hafi verið »lesin upp orðun sú, sem meiri hlutinn vildi hafa á fyrstu grein« enda kannast minni hlutinn sjálfur í nefndaráliti sínu óbeinlínis við ósannindin, þar sem hann er þar að myndast við, að hrekja skoðun meiri hluta nefndarinnar á málinu í ýmsum greinum (sbr. 2. bls. nefndarálits hans).

Að eg hafi mótmælt þeirri kröfu minnihluta nefndarinnar, að ráðherra væri boðaður á nefndarfund, það er að vísu hverju orði sannara, og gerði eg það af því, að eg gat eigi skoðað það öðru vísi, en sem nýja tilraun af hálfu minnihlutans til að reyna að tefja málið þar sem öllum þingmönnum var þá þegar orðið kunnugt um árangursleysi forseta-utanfararinnar, að því er til sambandsmálsins kom, alls engar efnisbreytingar á frumvarpinu fáanlegar.

Af sömu ástæðum var og þeim tilmælum minni hlutans synjað, að hann fengi að sjá nefndarálit meiri hluta nefndarinnar um sambandsmálið, er það væri

full samið, svo að þeir gætu gagnrýnt það í nefndaráliti sínu, enda áttu þeir alls enga heimtingu á því, og gátu lýst sinni skoðun á málinu hvað sem nefndaráliti meiri hlutans leið. — Því fór og fjarri, að þeir byðu oss, meirihlutamönnum, að sýna oss álitsskjal sitt, og gátu því eigi vænzt þess, eins og allri breytni þeirra í nefndinni hafði verið háttað frá öndverðu, að vér færum að breyta öðru vísi við þá, en þeir við oss.

Eg hefi talið mér skylt, að láta þinginu í té þessa skýrslu um gang nefndarstarfanna, svo að ósannindi og aðdróttanir minni hluta nefndarinnar, til að hylja sínar eigin aðfarir, og banaráð við málið á þinginu, stæði eigi ómótmælt í skjalaparti þingtíðindanna, og það því síður, sem minnihlutinn, ofan á öll ósannindin og getsakirnar, vitnar til »guðs og samvizkunnar«, sem reyndar virðist sofa svefni hins andvaralausa, að því er til ummælanna í álitsskjali hans kemur.

Þessa var og því fremur þörf, sem tilgangur minni hluta nefndarinnar leynir sér alls eigi. — Hann kemur til dyranna mjög sakleysislega, sem vandandi um dráttinn á málinu, beitir því fyrir sig hinu góða til að geta því betur blekt þjóðina með ósanninda-aðdróttunum sínum.

Yfirleitt ætti að mega vænta þess af þingmönnum, að þeir leyfi sér ekki þá ósvinnu, að bera fram bláber ósannindi í þingskjölum. — Slíkt sómir sér alstaðar illa, og þó hvergi ver en þar.

Neðri deild alþingis 23. apríl 1909.

Skúli Thoroddsen
formaður sambandslaganefndarinnar.

Ed.

613. Frumvarp

til námulaga.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. kafli.

Um málmleit.

1. gr.

Sérhverjum skal heimilt samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir að leita málma og málmblendinga í jörðu eða landi, sem er óskift eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs- og lénskirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi, og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Sá, sem vill málmleit gera, skal hafa málmleitarbréf og sýna það jarðarábúanda áður en hann byrjar málmleit. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er bréfið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótast, af málmleitinni. Tryggingu þessa getur málmleitarmaður þó komist hjá að setja, ef hann lýsir því yfir skriflega, að hann ætli sér ekki að gera neitt jarðrask á túnum eða í matjurtagörðum jarðanna, þar sem hann ætlar sér að leita, og skal

það þá tekið fram í málmleitarbréfinu, að hann hafi ekki rétt til að leita að málmum, sem jarðrask fylgir í túnum eða matjurtagörðum, nema trygging sé sett. Eigi má þó krefjast hærri tryggingar en sem nemur 200 krónum.

Málmleitarbréf gefur lögreglustjóri, og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir, eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna hverir þeir séu.

Málmleitarbréf gildir 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda.

Leyfisbréf til málmleitar á almenningum og öðrum landssvæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, gefur lögreglustjóri sá einnig út, sem næstur er, og skal leitarsvæðið til tekið.

Útlendingar og innlendir menn, sem dvelja langvistum erlendis, skulu um leið og þeir beiðast málmleitarbréfs og tilkynna málmfund, tilkynna lögreglustjóra skriflega, hver sé umboðsmaður þeirra hérlendis; að öðrum kosti má eigi veita þeim málmleitarbréf né taka málmfundartilkynningu þeirra til greina.

Fyrir málmleitarbréf skal greiða 2 krónur í landssjóð.

3. gr.

Á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, sem liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra, má málmleit eigi gera, án leyfis jarðarábúanda. Á alfaravegum má ofanjarðar málmleit eigi fara fram, og alls enginn málmgröftur í kirkjugörðum eða grafreitum.

Ef málmleit fer fram með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða áþekkum áhöldum, í minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður, að viðlagðri hæfilegri sekt, alt að 50 krónum, gera íbúum hússins viðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja vörð á veginn til að viðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk sektarinnar, bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

4. gr.

Nú er gerð gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gerði, hvort sem er á eigin landi eða annarra, halda uppi gripheldri girðingu um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sér að voða. Ef hætt er grefti, skal sá er gerði annaðhvort fylla gryfjuna, eða girða hana tryggilega. Vanræki hann þetta, sæti hann alt að 50 króna sekt og bæti skaða þann, sem af kann að hljótast.

5. gr

Sá sem hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum 5—50 króna, og bæti þar að auki málmleitarmanni allan skaða, sem hann sannar, að hann hafi beðið við það.

6. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess að fyrir sé málmur, og skal hann þá, svo framarlega sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynningu í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra. Í tilkynningunni skal nákvæmlega tilgreina fundarstaðinn, málmtegundina og tilnefnda 2 votta, er á hann geti vísað. Lögreglustjóri skal rita á tilkynningarnar ár og dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar maður síðustu 2 árin þar á undan sent á lög-

mætan hátt tilkynningu um málmfund á sama svæði, skal lögreglustjóri rita athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð, en lögreglustjóri ritar hitt eintakið orðrétt með athugasemdum sínum í námubréfabókina.

Finnandi skal því næst annast um, að þeim, sem landið hefir til nytja, sé birt innan 8 vikna að viðstöddum 2 vottum, að tilkynning um málmfund hafi fram farið.

Tilkynning um málmfund skal tekin fullgild, þótt finnandi hafi eigi fengið málmleitarbréf áður en hann tilkynti málmfundinn, svo framarlega sem hann hefir eftir lögum þessum rétt til að fá greint bréf.

2. kafli.
Um málmgraftarbréf.

7. gr.

Heimill er málmgröftur til allra málma og málmblendinga á landssvæðum þeim, sem getur um í 1. grein.

8. gr.

Nú vill sá, sem fundið hefir vott um að málmur sé fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 2 ára frá tilkynningu um fundinn, sbr. 6. gr., senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra. Í umsókninni skal tilgreint til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa.

Frá þeim tíma er tilkynningin um fundinn fór fram, samkvæmt 6. gr., og til loka þessara 2 ára getur síðari málmfundur ekki svift fyrri finnanda rétti til útmælingar þeirrar, er 3. kafli laga þessara heimilar honum.

Sé aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan þessara 2 ára, er hverjum heimilt að hagnýta sér málmfundinn, sem finnandi væri.

Lögreglustjóri ritar þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst honum, og gefur síðan út málmgraftarbréf. Skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og í hvaða jörð eða hvar málmfundarstaðurinn sé.

Eigi má neita neinum um málmgraftarbréf, sem tilkynt hefir málmfund, en fari svo, að fleiri en eitt bréf verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgangsrétt, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraftarbréf skal innfæra orðrétt í námubréfabók.

9. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandaréttur að, eða gera tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr námum og við námur, sem hætt hefir verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 12 mánaða frá því tilkynningin var gerð, skal tilkynnandi, að viðlögðum réttarmissi, fá málmgraftarbréf hjá lögreglustjóra.

10. gr.

Fyrir málmgraftarbréf skal greiða 25 kr. í landssjóð. Fái sá, er málmgraftarbréf hefir fengið, fleiri útmælingar en eina á því svæði, greiði hann fyrir hina síðari námuteiga aðeins leigugjaldið til landssjóðs samkvæmt 17. gr. fyrir hvern námuteig.

3. k a f l i.

Um útmæling undir námu og um námubrunna.

11. gr.

Hver sá, sem fengið hefir málmgraftarbréf fyrir málmfundarstað (8. gr.) á heimtingu á að fá útmælt námusvæði, og næga lóð undir hús fyrir námuverkafólk, námuafurðir, vélar og uppgröft, annaðhvort á sjálfu námusvæðinu eða utan við það.

Sá, sem fengið hefir útmælt námusvæði, samkvæmt ákvæðum þessa kafla á einn rétt til málmnáms á því.

Hver sá, sem fyrst hefir tilkynt málmfund, og rétt hefir samkvæmt lögum þessum til að fá útmælingu, getur krafist að fá 2 útmælingar, sem nefnast námuteigar, á sama námusvæði (í æð eða lagi), fyrir utan lóð undir hús fyrir verkafólk, námuafurðir, vélar og fyrir uppgröft. Sá sem síðar tilkynnir málmfund á sama stað, og rétt hefir til að fá útmælingu, skal eig ifá meira en 1 námuteig.

12. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra; framkvæmir hann útmælingarnar og færir gerðina í námubréfabókina og afhendir beiðanda staðfesta útskrift úr henni. Útmælingarbeiðandi lætur lögreglustjóra í té nauðsynleg áhöld og aðstoð.

13. gr.

Námuteigur skal vera rétthyrndur ferhyrningur, 100,000 ferhyrnings metrar að flatarmáli, ef málmurinn liggur í lagi, en liggi hann í æð eða æðum, skal sá, er útmælingar beiðist, sjálfur tiltaka lengd, breidd og stefnu námuteigsins, er þó aldrei má vera minna en 100 metrar á breidd.

Takmörk útmælingar skulu vera lóðrétt í jörð niður.

14. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en mæla má í hverja þá stefnu er sá óskar, er útmælingar beiðist, svo framarlega sem það ekki kemur í bága við réttindi annara eftir lögum þessum.

15. gr.

Innan 6 mánaða í síðasta lagi frá því útmælingar hefir verið krafist, skal lögreglustjóri láta hana fram fara, ef óviðráðanlegar tálmanir hindra ekki.

16. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvaða dag útmælingin skuli fara fram, og tilkynnir það beiðanda í tækan tíma, svo hann geti verið viðstaddur eða umboðsmaður fyrir hann; svo skal lögreglustjóri og tilkynna það með ábyrgðarbréfi þeim, sem hefir umráðarétt yfir landinu, og þeim, sem rétt hafa til málmgraftar, eða lýst hafa málmfundi á sama stað, svo og umboðsmönnum þeirra manna, sem eiga að hafa umboðsmenn á hérlendis (2. gr.)

17. gr.

Fyrir útmæling hvers námuteigs, 100.000 ferhyrnings metra, skal greiða

lögreglustjóra 40 krónur og að auki ferðakostnað og dagpeninga samkvæmt lögum nr. 2, 2. febrúar 1894, 4. og 6. gr.

Enn fremur greiði námuhafi til jarðareiganda, (landssjóðs eða kirkju) árlegt leigugjald, 50 krónur fyrir hvern námuteig, og til jarðarábúanda 10 krónu. Auk þess greiði námuhafi jarðarábúanda lóðargjald fyrir hús og byggingar á námustaðnum, 5 aura fyrir hvern ferhyrningsmeter, sem hús standa á.

18. gr.

Innan 2 ára frá því útmæling fór fram skal námuhafi byrja á reglulegum námugrefti, ef náman liggur ekki lengra frá sjó en 10 kílómetra, þar sem þilskip geti tekið málminn, innan 3 ára, ef náman liggur fulla 20 kílómetra frá slíkum hafnastað, og svo einu ári síðar fyrir hverja 10 kílómetra úr því, sem vegalengdin eykst, þó eigi lengur en 8 ár. Eftir þann tíma missir námuhafi rétt sinn nema hann vinni árlega í námunni fyrir að minsta kosti 150 krónur til rannsóknar henni, eða greiði árlega 100 krónur í landssjóð auk gjalda þeirra, sem ákveðin eru í 2. málslið 17. gr.

Nú er ekki byrjað á reglulegum námurekstri 8 árum eftir að námurekstur skyldi byrja, eða að námurekstur legst niður 8 ár samfleytt eftir að reglulegur námurekstur var byrjaður og hefir námuhafi þá að fullu fyrirgert námurétti sínum.

Vegalengdin skal talin eftir því sem almennir vegir liggja að hafnarstaðnum frá námunni, séu þar nokkurir vegir, en annars beinustu leið, þar sem torfærur eru minstar að hafnastaðnum.

Verði ágreiningur um vegalengdina, getur lögreglustjóri látið mæla hana á kostnað námuhafa

19. gr.

Nú ganga menn í félag, er útmælingar hafa fengið, og er þá eigi skylt fyrir námugraftarins sakir, að hafa nema einn námubrunn á félagssvæðinu.

4. kafli.

Um vegi, vatnsafnot og bryggjugerð.

20. gr.

Sérhver sá, er fengið hefir útmælt námusvæði, á rétt á að leggja vegi yfir land jarðarinnar fyrir flutning að og frá námunni, hvert sem hann þarfnast, svo og að gera fyrirhleðslu fyrir vatn. Vegir þessir og fyrirhleðslur mega þó ekki liggja yfir tún eða matjurtagarða, nema ábúandi samþykki; og verði að leggja veg eða fyrirhleðslu yfir engjar jarðar, getur lögreglustjóri heimtað að hæfileg trygging sé sett fyrir því að jarðspell, sem af vegalagningu eða fyrirhleðslu stafar, verði bætt að fullu.

21. gr.

Heimilt er námuhafa að nota vatn eftir þörfum við námureksturinn, en eigi má hann að neinu leyti rýra vatnsból né áveituvatn ábúanda, ef náman liggur á ábúðarjörð, nema með hans samþykki.

Ennfremur er námuhafa heimilt að nota vatn og vatnsafl til reksturs véla og til málmþvottar við námuna, að svo miklu leyti sem það ekki þegar er notað til reksturs annars iðnaðar.

Nú er skortur á vatni á námustaðnum eða í nánd við hann, og á sá, er fyrstur tilkynti málmfund forgangsrétt að afnotum vatns og vatnsafls eftir þörfum.

22. gr.

Ef jörð, sem náma finst í, liggur að sjó, á námuhafi rétt á að byggja bryggju eða hafnarkví við sjóinn, til þess að greiða fyrir fermingu og affermingu skipa, þó svo, að eigi sé spilt æðarvarpi eða laxveiði jarðar.

23. gr.

Nú spillist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en geri hann það ekki, hefir hann fyrirgert námurétti sínum; þó nær þetta ekki til þess, er fyrst hefir tilkynt málmfund á þessu svæði.

24. gr.

Reksturs frestur sá, sem um getur í síðasta málslið 18. greinar fellur burt. ef náma veldur vatnsrensli í nágranna námur, nema námurekandi sá, sem fyrir vatnsaðsókninni verður, láti það óátalið eða úr sé bætt. Ákvæði þessi gilda þó ekki fyrir þann, sem fyrstur tilkynti málmfund á þeim stað.

5. kafli.

Um rekstur námu og eftirlit.

25. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugjörð um rekstur námu, skal þar meðal annars sett ákvæði er miða að því, að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur séu tryggilega grafnar, að greinileg mörk séu sett í kringum útmæld námusvæði og um afrensli vatns frá námu; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda.

Fyrir brot á móti reglugerð má ákveða sektir alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

26. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefir borið, eða tekið hefir verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sérstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur til stjórnarráðsins.

Stjórnarráðinu skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gera nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metra, og síðar verði bætt við uppdráttinn er náman stækkar.

6. kafli.

Um niðurlagning námu.

27. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda þeim, er hættir við námuna, heimilt að nota uppgröftinn úr henni, þótt annar byrji að reka námuna, ef hann byrjar eigi síðar að nota uppgröftinn en 12 mánuðum eftir að náman lagðist niður.

28. gr.

Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt, tilkynna það lögreglustjóra 2 mánuðum áður, svo og hvort hann ætli að nota uppgröftinn. Jafnframt skal hann senda uppdrátt þann, sem gerður kann að hafa verið af námunni. Tilkynningar þessar skulu innfærðar í námubrjefabókina.

29. gr.

Nú er námurekstri hætt, eða rétturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því, eða flytja neitt burt af því, sem gert hefir verið til að halda námunni og göngum hennar tryggum. En loka skal hann námunni tryggilega, svo að menn eða alidýr geti ekki farið sér að voða.

Brot á móti ákvæðum þessarar greinar varða sekt alt að 1000 kr.

7. kafli.

Almenn ákvæði.

30. gr.

Fyrir jarðspell, er málmleit og námurekstur kann að hafa í för með sér, skal, ef hlutaðeigendur verða eigi á annað sáttir, greiða fullar bætur eftir mati þriggja óvilhallra dómkvaddra manna. Bæturnar greiði málmleitandi eða námueigandi, og renna þær til jarðeiganda, og bæti hann ábúanda halla þann, er hann kann að verða fyrir.

31. gr.

Auk námubréfabókar þeirrar, er gert er ráð fyrir í lögum þessum, skal lögreglustjóri hafa námuregistur, þar sem hver námustaður hefir sinn sérstaka dálk, og skal alt það, sem að einhverju leyti leggur námuréttarbönd innfært á dálk staðarins og jafnframt vísað til gerðarinnar í námubréfabókinni.

Samkvæmt þessum bókum skal lögreglustjóri gefa hverjum, sem þess æskir, námubréfabókarvottorð gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð.

32. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubækur lögreglustjóra.

33. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er getur um í 25. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er þau eru birt í Stjórnartíðindunum og frá sama tíma eru námulög nr. 61, 22. nóv. 1907 úr gildi fallin.

Nd.

614. Framhaldsnefndaràlit

um frumvarp til laga um girðingar.

Frumvarp þetta hefir tekið nokkurum breytingum í háttv. efri deild, sem aðallega eru orðabreytingar og flestar eða allar til bóta. Ráðum vér því háttv. neðri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 24. apríl 1909.

Hálfdán Guðjónsson, formaður. Sigurður Sigurðsson, ritari og framsögum. Pétur Jónsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. Jón Jónsson, N.-M.

Ed.

615. Nefndaràlit

um frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Vér, sem háttvirt deild fal að íhuga mál þetta, ráðum henni til þess að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum, er prentaðar eru á sérstöku skjali. Að því er einn nefndarmanninn (Stefán Stefánsson) snertir, er það þó bundið því skilyrði, að tillaga hans, um að málinu sé af nýju skotið til nýrrar atkvæðagreiðslu, nái fram að ganga.

Tveir nefndarmennirnir (Jósef Björnsson og Sigurður Hjörleifsson) eru þó fremur mótfallnir því, að vínsölubannið gangi ekki í gildi fyr en 1915 og greiða atkvæði sín eftir því.

Alþingi 24. apríl 1909.

Jósef Björnsson, form. Sigurður Hjörleifsson, skrifari og framsögum. Lárus H. Bjarnason.

Stefán Stefánsson. Ari Jónsson.

Ed.

616. Breytingartillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Áug. Flygering.

Við 6. gr.

1. Í staðinn fyrir: »Til við viðskiftaráðunauta erlendis 10,000«, komi: Til viðskiftaráðunauts erlendis 5,000,00.

2. »Til að mæla innsigling á Gilsfjörð alt að 10,000,00« falli burtu.

Nd. **617. Nefndarálit**

um húsmæðrafræðslu.

Frá Landbúnaðarnefndinni.

Landbúnaðarnefnd n. d. alþingis hefir tekið til íhugunar málið um stofnun húsmæðraskóla samkvæmt umræðum þeim, er fóru fram þá er nefndin var skipuð.

Hugsun sú, að koma upp húsmæðra- eða hússtjórnarskólum hér á landi er að minsta kosti eins gömul og hinn svonefndi hússtjórnarskóli í Reykjavík. Skömmu eftir að hann var stofnaður tók Búnaðarfélag Íslands við honum, þá nýstofnað, og hefir haldið honum uppi síðan, þó það hafi nú losað sig við veg og vanda af honum framvegis. Málefnið hefir því einlægt verið á dagskrá Bf. Ísl. síðan. Varð sú skoðun allsnemma ofan á í búnaðarþinginu, að skóli þessi í Reykjavík væri eigi og gæti eigi orðið annað en matreiðsluskóli, og vildi Bf. Ísl. því eigi auka hann né halda uppi til lengdar. Reglulegur hússtjórnarskóli þyrfti þar á móti að kenna konum búskap og heimilisstjórn í sveit, og standa jafnfætis góðum bændaskólum. Slíkir skólar væri því búnaðarfélaginu of vaxnir og utan við þess verksvið. En Búnaðarfélagið hefir styrkt til umferðarkenslu í húsmóðurstörfum bæði norðan lands og sunnan, og með því sýnt, að það metur þá kenslu mikils.

Á alþingi 1903 og 1905 bólaði á þeirri skoðun, að hinir sérstöku kvennaskólar, eða sérskólar fyrir konur, væri eigi nauðsynlegir, nema þeir snerust fyrir alvöru að verklegum efnum, og einkum að því, að búa konur undir húsmóðurstöðuna. Af þessum ástæðum var næstelzta kvennaskóla landsins, eyfirska kvennaskólanum, synjað um framhaldsstyrk. Má því með sanni segja, að hann hafi látið lífið fyrir húsmæðraskólahugmyndina, því nú er hann lagður niður um sinn. Eins og eðlilegt er, þótti Eyfirðingum leitt að leggja niður skóla sinn, einmitt þá er þeir ætluðu að fara að beina honum í áttina til þessa verða húsmæðraskóli. Enda átti skólinn sjóð nokkurn, sem enn er óeyddur og bíður þess að skóli verði stofnaður. En til þess að halda honum uppi, þurfti að byggja skólahús m. m., og þá reis upp ágreiningur nokkur um það, hvar skólinn ætti að vera, eins og síðar mun getið nánar. Hins vegar voru menn snúnir að einu máli um, að hann skyldi vera búnaðarskóli fyrir konur, þ. e. húsmæðraskóli.

Litlu fyr og á meðan þessu fór fram vaknaði upp sjálfstæð og sterk hreyfing með konum í Suður-Þingeyjarsýslu um húsmæðrafræðslu, ekki einungis umferðarkenslu, eins og þá fór fram í héraðinu, heldur fasta skóla, með verklegri og bóklegri kenslu. Félag kvenna þar í héraðinu gekst fyrir þessu máli og hefir haldið því vakandi síðan með miklum áhuga. Sá áhugi hefir og haft áhrif í Eyjafirði, því konur þar hafa tekið eins í málið, og þar sló því, eins og eðlilegt var, saman við kvennaskólamál Eyfirðinga. Fyrir áskorun kvenna í Suður-Þingeyjarsýslu tók sýslunefndin þar mál þetta til rækilegrar meðferðar 1906 á aðalfundi sínum. Voru þar gerðar ákveðnar tillögur í málinu, sem skoruðu hreyfingar þær, sem komnar voru fram í ákveðnara formi en áður. Þær

voru þess efnis, að skóla skyldi reisa handa konum, er jafngiltu bændaskólunum fyrir karlmenn og þeim búnaðarstofnunum, ef hefði verklega kenslu á hendi fyrir þá. Þessir húsmæðraskólar skyldu vera 2 á landinu eins og bændaskólarnir og gerðir út af landssjóði. Var þar miðað við reynslu búnaðarskólanna. Þeir voru sem sé héraðsskólar, sinn í hverjum fjórðungi, og sveltir upp. Þótti þá ráðlegra að fækka þeim, gera þá að landsskólum og gera betur úr garði, en landssjóði væri kleyft, ef þeir væri fjórir eða þaðan af fleiri. Þannig hafði þá þessi húsmæðraskólahugmynd fengið ákveðna stefnu. Um sömu mundir var mál þetta til meðferðar í sýslunefnd Eyfirðinga og bæjarstjórn Akureyrar. Varð það að samkomulagi á milli þessara stjórnarvalda og sýslunefnd Suður-Þingeyinga, að halda sameiginlegan fund um málið á Akureyri sumarið 1906. Á fundi þessum kom í ljós, að þessi stjórnarvöld voru mjög sammála um þá stefnu í málinu, sem að ofan er getið. En þar kom aftur á móti fram ágreiningur út af því, að Akureyringar vildu hafa skólann á Akureyri eða svo nærri bænum, að nemendur þaðan og kennarar gætu gengið á skólann; en Þingeyingar héldu því fram sem skilyrði, að hann væri í sveit, svo langt frá kaupstað, að hann yrði eigi heimangönguskóli þaðan, en þó að öðru leyti vel settur fyrir aðflutninga, svo og að aðsóknin úr þeim landshelmingi er undir hann lyti.

Þannig var þá aðdragandinn að því, að þingmaður Suður-Þingeyinga og 2. þm. Eyfirðinga fluttu frumvarp um stofnun tveggja húsmæðraskóla á þinginu 1907. Er þar leitast við, að leggja grundvöll fyrir sérfræðslu kvenna, með því að byrja á skólum fyrir þær námsgreinar, sem hver einasta húsmóðir þarfnast, en jafnframt svo til hagað, að engri stúlku, sem fengið hefði góða barnafræðslu, væri of vaxið kostnaðar vegna að ganga á, ef hún annars geti gengið á nokkurn skóla. Ofan á þessa undirstöðu mætti svo byggja með því bæði að auka þessa skóla eftir því sem ástæður leyfðu og reynslan benti á, og með því ennfremur, að koma upp skólastofnunum er tæki við af þeim vegna þeirra kvenna, er hefði nauðsyn til og ráð á að leita sér fullkomnari sérmentunar.

Um flutning máls þessa í neðri deild alþingis 1907 og meðferð í deildinni vísum vér til Alþingistíðindanna (A. þingskj. 99, 416, 512. B. 2714—2750 dálkur).

Eins og áður er getið, hefir farið fram umferðarkensla í húsmóðurstörfum, fyrst norðanlands 2 eða 3 vetur, af hendi ungfrú Jónínu Sigurðardóttur og nú næstliðinn vetur hér sunnanlands af hendi ungfrú Ragnhildar Pétursdóttur. Þessi kensla varð til talsverðra nota norðanlands og mikillar vakningar, og þaðan er að miklu leyti runnin breyting sú í húsmæðraskólamálinu, sem að framan er getið, einkum í Þingeyjarsýslu. Þá varð sú skoðun ljós að þáverandi kvennaskólar fullnægðu alls eigi því, sem *sérskólar* fyrir konur þyrftu að gera *fyrst og fremst*, og þeir yrðu að víkja fyrir nýjum skólum, með öðru fyrirkomulagi frá grundvelli. Kona sú, Jónína Sigurðardóttir, sem einkum hefir leitt hreyfingu þessa hefir nú komið á fót og haldið uppi 2 næstliðna vetur, fastri kenslu í hinum helztu greinum, sem hún telur nauðsynlegar í húsmæðraskóla, í húsi gróðrarstöðvarinnar við Akureyri. Nemendur hafa verið 21—27. Þetta er auðvitað ófullkomin byrjun, sem einskis styrks hefir notið úr landssjóði og lítils annarsstaðar að, og skóla þessum er ekki markaður staður enn, nema til bráðabirgða, enda alveg privatskóli. En í þessari byrjun er fólgin vísir til reglulegs húsmæðraskóla fremur en nokkurri annari stofnun, sem nú er til hér á landi.

Nú er að víkja að hreyfingum í sömu átt og þessa í Austfirðingafjórðungi. Fyrir allmörgum árum var farið að safna þar fé til stofnunar kvennaskóla á Austurlandi. Fé þetta var sett á vöxtu og er sjóðurinn geymdur óhreyfður til þessa. Hugsunin mun upphaflega hafa verið sú, að koma upp samskonar kvennaskóla og þá voru í Norðurlandi og í Reykjavík. En málið hefir samt legið alveg niðri í mörg ár, þangað til nú fyrir 2 árum að hreyfingin um húsmæðraskólana kom í ljós opinberlega, þá er farið að vekja upp kvennaskólamálið á ný. Sýslunefndir Múlasýslnanna kusu sameiginlega 3 menn í nefnd til að koma fram með tillögur til stofnunar kvennaskóla á Austurlandi og styðja framgang þess máls. Tillögur sínar lagði nefnd þessi fyrir sýslunefndirnar og voru þær í öllum aðalatriðum sniðnar eftir frumvarpi því til stofnunar húsmæðraskóla, sem lá fyrir neðri deild 1907. Þessar tillögur féllust sýslunefndirnar á; lofuðu þær að leggja árlega fé í kvennaskólasjóðin, og hvöttu sveitarfélögin til slíks hins sama.

Ennfremur má geta þess, að skólanefnd Eiðaskólans hefir farið fram á 1000 kr. árlegan styrk, til þess að koma á húsmæðrafræðslu á Eiðum. Fylgir beiðninai reglugerð fyrir þá kenslu, og er hún í fullu samræmi við frumvarp það, sem lagt var fyrir sýslunefndirnar, eins og áður er getið.

Þannig er þá Norðurland og Austurland á einu máli um það, að *sérskólar fyrir konur* eigi að vera reglulegir búnaðarskólar, eða réttnefndir húsmæðraskólar, og að frumvarpið í neðri deild 1907 hafi markað stefnu þeirra og fyrirkomulag í aðalatriðum. Ennfremur er það ljóst, að mikill áhugi er á því um þetta svæði alt, að slíkir skólar komi upp sem fyrst, enda eigi þeir engu síður rétt á aðstoð landssjóðs en bændaskólarnir og aðrar búnaðarkenslustofnanir.

Á Vesturlandi hefir eigi slíkur áhugi komið í ljós opinberlega. Sá fjórðungur er vel settur, að því leyti, að hann hefir svo stóran sjóð til kvennaskóla (gjöf frú Benediktsen) að hann er því nær einfær um, að halda uppi allgóðum kvennaskóla.

Á Suðurlandi hefir heldur eigi opinberlega borið á óskum um húsmæðraskóla ag öðru leyti en því, að kvennaskólanefndin í Reykjavík hefir nú hin síðustu ár snúist meira en áður að sérmentun kvenna í verklegum efnum, svo sem matreiðlsu.

Ungfrú Ragnhildur Pétursdóttir, sem hafði á hendi umferðarkensluna í vetur, sem að framan er getið, hér austanfjalls, frá Mýrdal suður í Ölves, hefir skýrt svo frá, að kenslan hafi verið allvel sótt, orðið til mikillar vakningar og vakna muni sterk löngun á þessu svæði til meiri húsmæðrafræðslu, einkum til þess að fá húsmæðraskóla í sveit.

Skoðun nefndarinnar er sú viðvíkjandi kvennafræðslunni hér á landi, að hin almenna fræðsla, sem hverjum manni er talin nauðsynleg, eigi fram að fara í samskólum fyrir karla og konur. Þótt það kynni að hafa ýmsa kosti, að geta látið konum í té bæði hina almennu fræðslu og sérfræðslu í sérstökum skólum, þá mun þó samskólafyrirkomulagið nú álitið að hafa ýmsa verulega yfirburði. En auk þess hefir það þann höfuð kost, að það er miklu framkvæmanlegra með veikum efnum, fyrir oss Íslendinga, og kemur vel heim við vora þjóðháttu, þar sem karlar og konur hafa alist upp við svo náið samlíf. Vér höldum því þessvegna fram, að sérskólar fyrir konur eigi að hafa það hlutverk eitt, að búa konurnar undir hin sérstöku störf þeirra og köllun. Jafnframt lítur nefndin svo á,

að mentun og fræðsla kvenna, bæði í andlegum og verklegum efnum, sé engu síður áríðandi en karla, og að það sé því bæði nauðsyn og rétttætiskrafa, að hugsað sé eigi síður fyrir fræðslumeðulum kvenna en karla; þetta mun vera svo alment viðurkent, að nefndin þarf eigi að telja upp sérstök rök fyrir því. En þegar um sérfræðslu þeirra er að tala, hvað á þá að sitja í fyrirrúmi? Á hverju á að byrja?

Nefndin er eigi í vafa um, að byrja verður á þeirri sérfræðslunni sem *flestar* konur þurfa á að halda vegna stöðu sinnar og köllunar, og það verður fræðsla í *húsmóðurstörfum*. Eins og betur fer, verður mikill meiri hluti af konum mæður oghúsmæður, og sú staða kvenna er þýðingarmest, svo hún verður að sitja fyrir; og allar húsmæður að kalla þurfa á sömu undirstöðuatriðum að halda til sérmentunar. Eigi verður heldur talið, að húsmóðurstörfin sé arðsamari í peningalegu tilliti, að sama skapi og þau eru þýðingarmeiri, en önnur störf kvenna, heldur þvert á móti. Móðirin og húsmóðirin offrar kröftum sínum að jafnaði fyrir störf sín án tillits til peningalegs gróða, og það oftast því meir, sem starfið er mikilsverðara. Þess vegna er það þeim mun *brýnni* skylda *þjóðfélagsins* að láta einmitt *hennur undirbúningsmentun sitja í fyrirrúmi*, eða með öðrum orðum: *Það er eitt hið fyrsta skylduverk þjóðfélagsins, að annast um þá fræðslu, sem hverri húsmóður er nauðsynleg*, að því leyti sem heimilin ekki geta veitt hana eins góða.

Nú er vert að athuga, hve umfangsmikið þetta hlutverk er, þegar frá er tekin sú fræðsla, sem veitt er sameiginlega konum og körlum. — Af öllum meybörnum, sem fæðast á landinu, munu *árlega* komast yfir 20. árið hartnær 900. Ef skólar ættu að vera til, sem tæki á móti öllum tvítugum konum, þyrftu þeir að geta tekið á móti þessari tölu. Af þessari árlegu viðkomu giftast fyr eða síðar 500—600. Þessar konur, allar að kalla, má telja að gangi í húsmóðurstöðuna. Ennfremur hlýtur svo að verða, að allmargar af þeim konum, sem deyja ógiftar eftir tvítugs aldur, búist við húsmóðurstöðunni, þegar þær eru á skólaaldrinum. Jafnframt má búast við að nokkuð af konum, sem aldrei giftast, hafi húsmóðurstörf á hendi. Þar á móti eru nokkrar konur, sem alast upp á heimilum, þar sem þær læra húsmóðurstörf svo vel, að þeim þyki eigi tilvinnandi að fara á fátæklega húsmæðraskóla, og mætti máske jafna þeim á móti þeim húsmæðraefnum, sem deyja ógift. En af þessu verður dregin sú ályktun, að meira en tveir þriðjungar allra þeirra kvenna, sem komast yfir skóla-aldur, eða yfir 600 konur þyrftu árlega að ná til einhverskonar húsmæðrafræðslu utan heimilis, ef hlutverkinu ætti að verða fullnægt. Af þessum konum er líklegt, að alt að þriðjungi búi í kauptúnum og kaupstöðum.

Nú er svo fyrirsett í lögum hjá oss, að hver unglingur 14 ára skuli fullnægja ákveðnum fræðsluskilyrðum, eigi mjög litlum, og jafnframt er svo um búið, að hverju barni á aldrinum 10—14 ára skuli séð fyrir kenslu, eigi minna en 2 mánuði ári. Að því leyti sem heimilin ekki vilja annast þetta sjálf og geta það, annast sveitarfélagið og þjóðfélagið um kensluna.

Markmiðið ætti nú að vera, að annast væri að sama skapi um undirstöðuatriði húsmæðrafræðslunnar. En til þess að nálgast það markmið sem fyrst, með þeim efnum sem kleift er að leggja fram, verður eigi ráðist í að veita yfirgripsmikla fræðslu öllum fjöldanum. Það verður eftir sem áður hlutverk heim-

ilanna, allra hinna betri, að búa dæturnar og vinnukonurnar undir húsmóðurstarfið að nokkru leyti.

Fræðslustofnunum og tilraunum af hálfu þjóðfélagsins verður því að haga svo annars vegar, að þetta sé til vakningar, einkannlega, að það komi rekspölnum á alls staðar og styðji heimilin í þeirra hlutverki. Hins vegar þarf og að haga svo til, að þær konur, sem minst hafa efni og naumastan tíma til náms, þurfi eigi að fara allrar þessarar fræðslu á mis. Loks þarf að annast um, að góðir kenslukraftar verði til.

Nefndin hefir eigi átt kost á því, að kynna sér tilhögun á húsmæðrakenslu erlendis, nema í Noregi, og svo lauslegt yfirlit yfir það mál í Danmörku, Svíþjóð og Þýzkalandi.

Í Noregi var byrjað að stofna sérstaka húsmæðraskóla fyrir 44 árum og hefir máli því sífelt þokað áfram síðan, þótt hægt hafi farið. Á síðasta stórþingi (1908) var gerð gangskör að því, að koma alls herjar skipulagi á það mál. Var það rækilega undirbúið bæði fyrir meðferð stórþingsnefndar áður og svo milliþinganefndar, sem sett var 1907 til að íhuga kenslustofnun fyrir kenslukonur í húsmóðurstörfum. Ennfremur lágu fyrir þinginu athugasemdir um mál þetta frá formanni landbúnaðarmálanna í Noregi. Loks hafði stjórnardeild landbúnaðarmálanna samið ítarlegt álitsskjal um málið og gert tillögur, er lagðar voru fyrir stórþingið 1908. Um úrslit málsins er nefndinni eigi fullkunnugt, en nýnefndar tillögur stjórnarinnar lætur hún fylgja hér með (fylgiskj. 1).

Alls voru í fyrra 14 fastir húsmæðraskólar í Noregi auk þeirra skóla, sem höfðu húsmæðrakenslu meðfram. Flestir skólarnir hafa 12—20 nemendur og 9—12 mánaða námsskeið, en sumir 5—7 mánaða. Skólar þessir eru amtsskólar, kenslan ókeypis og ríflegur námsstyrkur að auki til fátækra námsmeyja. Ríkið leggur til alt að $^3/_4$ kostnaðar, en amtið hitt. Skólarnir eru með svipuðu fyrirkomulagi og »Den praktiske jenteskole i Smaalenenesamt«, sem skýrt var frá á alþingi 1907 (Alþingist. 1907. A. bls. 478).

Þá hafa á síðari árum verið stofnaðir í Noregi færanlegir skólar, þ. e. skólar með 3 mánaða námsskeiði hver á ári. Kennir sama kenslukona á þrem slíkum skólum ári. Er þar mest áherzla lögð á verklega kenslu. Skólar þessir eru kendir við sveitarfélögin, en ríkið leggur til $^3/_4$ og amtið $^1/_4$ af kennaralaunum við þá. Skólar þessir virðast eiga mikla framtíð.

Ennfremur hefir á síðari árum verið framkvæmd umferðarkensla í húsmóðurstörfum allvíða til sveita. Mun henni haldið uppi af sveitum og búnaðarfélögum. Fyrirkomulagið mun svipað og hér hefir verið reynt í nokkrum sveitum hin síðari ár samkvæmt framansögðu.

Í Danmörku hafa risið upp allmargir húsmæðraskólar á síðari árum. Hinn fyrsti þeirra 1895. Á flestum hinum föstu skólum eru 2 námsskeið á ári, 5 mánaða hvort. Nokkrir eru með styttri námsskeiðum. Þessir skólar eru allir privatskólar og einungis 1 eða 2 af þeim fá styrk úr ríkissjóði. Þeir eru miklu dýrari nemendum en norsku skólarnir. Nemenda tala er frá 20 upp í 50 á skóla.

Þá hefir og í Danmörku komist á fót síðan um aldamótin farandkensla

í húsmóðurstörfum og fengið ákaflega mikla útbreiðslu. Skýrsla um það er í stuttu máli á þessa leið:

Fyrsta veturinn (1900—01) voru þar

	15	skólar,	632 nemendur
1901—02	33	—	1532 —
1902—03	102	—	5000 —
1903—04	170	—	7900 —
1904—05	190	—	7827 —
1906—07	hér um bil		8000 —

Samtals er þetta um 33000 konur, og skjótt af að segja, konur á öllum aldri og af öllum stéttum. Kenslan stendur frá nóvember til apríl. Hver kenslukona kennir í 6 námshverfum, sitt kvöld vikunnar í hverju. Kenslunni er haldið uppi af búnaðarfélögunum og á þeirra ábyrgð, en nemendur greiða kr. 3,25 hver fyrir hvert kensluskeið. Kenslan fer fram eftir enskri fyrirmynd, þannig, að nemendum er *sýnd* hagkvæm matgerð, en jafnframt skýrt fyrir þeim verð fæðutegundanna, fæðugildi og meltanleiki o. s. frv.

Í Noregi er húsmæðrafræðslan mest sniðin eftir þörfum sveitakvenna. Í Danmörku er það síður, nema umferðarkenslan er það því nær eingöngu.

Í Noregi hefir verið örðugt um skóla fyrir kennaraefni í húsmóðurstörfum. Þar hafa engar sérstakar stofnanir verið til þess, nema einn privatskóli, heldur kensluskeið við aðra skóla, þangað til nú næstliðið ár, að ríkið tókst á hendur að koma á fót slíkri stofnun í Kristjaníu og tók hún til starfa 1. janúar síðastl. Hefir skortur á góðum kenslukonum staðið húsmæðrafræðslunni þar — einkum umferðarkenslunni — fyrir þrifum.

Yfirlit þetta um húsmæðrafræðsluna í Noregi og Danmörku sýnir það fyrst og fremst, að farið er að veita því máli verðskuldaða athygli og alúð, og það er á þeim vegi, að verða eitt af undirstöðuatriðum alþýðufræðslunnar. Jafnframt er það eftirtektarvert að kensluskeiðin eru höfð stutt, og einmitt við *reynzluna* hneygst meira og meira í þá átt. Þetta er auðvitað gert til þess, að fræðslan geti náð til sem flestra. Fræðslan er miðuð við það, sem *nauðsynlegast er hverri húsmóður*, og ætluð meira til vakningar og leiðbeiningar í sambandi við þá æfingu, sem fæst á heimilunum sjálfum, heldur en til fullkomnunar í fáum einstökum greinum.

Hinir einu sérskólar fyrir konur, sem nú eru til hér á landi, og haldið er uppi af almanna fé, eru kvennaskólarnir í Reykjavík og á Blönduósi. Fyrirkomulag þeirra og stefna samþýðist eigi því sem nú hefir verið lýst um húsmæðrafræðslu erlendis. Þeir eiga að vera 3—4 ára skólar eða miða ætlunarverk sitt við 3 vetra samfleytt nám að minsta kosti. Ef mikill þorri íslenzkra kvenna ætti að geta gengið í gegnum þá kostaði það margföld framlög af almannafé við það sem nú er, og telja má jafnframt víst, að meginþorri íslenzkra alþýðukvenna hefði eigi ráð á tíma og fé til þess að ganga á þá og lúka þar námi. Hlutverk þeirra er að hálfu leyti hið sama og samskóla þeirra, sem nú eru: gagnfræðaskóla og unglingaskóla, og kenslan í þeim greinum eigi fullkomnari en á unglingaskólunum til jafnaðar. Nauðsynin á þessu hlutverki þeirra hverfur því eftir því sem unglingaskólum fjölgar. Að hinum helmingnum er verkleg kensla. En hún hefir alt að þessu eigi þótt miða sig nema að litlu leyti

við hin hversdagslegu skylduverk kvenna, og að því leyti farið ólíka leið og húsmæðraskólarnir í Noregi og Danmörku gera. Á síðustu árum mun þó votta fyrir því, að þeir séu að hneygjast að praktiskari verkefnum, en þó helzt sem aukaatriði. Þeir hafa því í verklegum efnum ekki snúist að því fyrir alvöru, *sem mest lá á*. sízt fyrir sveitakonur. Sveitamönnum hafa því þótt áhrif þessara skóla hvorki mikil né verulega heppileg, og þó er alkunnugt, að af forstöðukonum þessara skóla hefir verið lögð hin mesta alúð við þá.

Það er alkunnugt, að konur úr sveitum hafa oft farið í kaupstaði til þess að læra þar matgjörð og önnur innanhússtörf, og oft hefir þetta orðið að góðu. Hitt er varla til, að farið hafi verið á góð sveitaheimili í þessu skyni, og er þar þó meira hægt að læra af því sem við kemur hag allrar alþýðu. Þetta mun koma af því, að matgjörð og innanhúsvinna til sveita er síður í föstum sniðum og erfiðara að kenna, og fáar húsmæður í sveit, sem ætla sér þá dul að kenna slíkt. Í Reykjavík eru privatskólar fyrir matreiðslu, og eru þeir vafalaust sérstaklega gagnlegir fyrir kaupstaðakonur, en miklu síður fyrir sveitakonur. Hér er því skorturinn á almennri undirstöðufræðslu sýnilega tilfinnanlegastur, enda eru húsmæður í sveit meira en helmingi fleiri.

Vér höfum nú lýst áhuga þeim sem vaknaður er hér á landi á reglulegri húsmæðra fræðslu og skýrt frá hreyfingu þeirri, sem komin er á það mál. Vér höfum ennfremur lýst skoðun vorri á þörfinni til slíkrar fræðslu, og bent á, hversu því máli er sint í Noregi og Danmörku. Loks höfum vér bent á ástandið með sérfræðslu kvenna hér nú. Að öllu þessu athuguðu er það eindregin skoðun nefndarinnar, að þing og stjórn verði að sinna þessu máli með fullri alvöru sem fyrst, og koma á það góðri skipan. Viljum vér skora á stjórnina að taka þetta mál til rækilegrar íhugunar og rannsóknar, og leggja fyrir næsta þing tillögur sínar um framkvæmdir á því af hálfu löggjafar- og fjárveitingarvaldsins. Munum vér í framsögunni lauslega benda á það, hvernig nefndinni fyrir sitt leyti sýnist að framkvæmdum mætti haga. Vér leggjum því til, að deildin samþykki þannig hljóðandi

Tillögu
til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis skorar á landsstjórnina, að taka húsmæðraskólamálið til rækilegrar íhugunar og rannsóknar, og leggja fyrir næsta þing tillögur um stofnun húsmæðraskóla.

Neðri deild alþingis, 27. apríl 1909.

Hálfdán Guðjónsson, formaður. Pétur Jónsson, framsögumaður. Sigurður Sigurðsson.

Stefán Stefánsson, Eyf. Jón Jónsson (1. þ.m. N.-M.)

Fylgiskjal.

Vér Hákon, konungur Noregs,
gjörum kunnugt:
Jafnframt því sem hér með fylgir afrit af tillögum landbúnaðar-stjórnardeildarinnar um málið, leggur Hans Hátign fyrir stórþingi Noregs ríkis til samþyktar eftirfarandi ályktun:

1. Að afskiftum ríkisins af húsmæðraskólum, sem ríkisstyrks njóta, verði í öllum verulegum atriðum komið í það horf, er samkvæmt sé hjálögðu uppkasti að reglum og

2. Að fyrir fjárhagstímabilin 1. apríl 1908—30. júní 1909 verði veittar kr. 13,500 til stofnunar og reksturs kenslukvennaskóla ríkisins til hússtjórnar, sem viðbót við þær fjárhæðir, sem veittar eru í VIII aðalgr. 1. kap. til styrktar landbúnaði og alidýrarækt, samkvæmt hjálagðri fjárveitingartillögu.

Uppkast
að reglum fyrir húsmæðraskóla, sem njóta styrks af ríkissjóði.

1.

Til þess að húsmæðraskólar geti fengið styrk af ríkissjóði, verður þeim að vera svo fyrir komið, að þeir geti veitt bóklega og verklega kenslu í hússtjórn með þeim hætti, sem landbúnaðarstjórnardeildin hefir fallist á.

2.

Húsmæðraskólum amtanna með venjulegum kenslutímabilum, sem séu að minsta kosti 5 mánuðir, má veita styrk af ríkissjóði, sem nemi alt að $^3/_4$ af reksturkostnaði skólans — þar með talinn fæðisstyrkur til fátækra nemenda, og má sá styrkur að meðaltali ekki nema meiru en kr. 15,00 handa hverjum nemanda um mánuðinn hvert kenslutímabil — gegn $^1/_4$ frá amtinn. Amtið leggur til nauðsynleg hús og mannvirki, þar með talin hentug svína og fuglahús og jurtagarð.

3

Húsmæðraskólum hreppanna, með alt að 3 mánaða kenslutímabilum, má veita styrk af ríkissjóði, alt að $^3/_4$ útgjaldanna til kenslukaups og fæðisstyrks til fátækra nemenda — og má sá styrkur að meðaltali ekki nema meiru en kr. 15,00 handa hverjum nemanda um mánuðinn hvert kenslutímabil — gegn $^1/_4$ frá amtinu eða hreppnum. Önnur útgjöld, þar með talið nauðsynlegt húsnæði og skólaáhöld, leggur hlutaðeigandi hreppur til

4.

Í yfirstjórn húsmæðaskóla amtanna er hin almenna amtsskólastjórn ásamt 2 konum, sem amtsþingið kýs. Um kosning þeirra og starfstíma gilda þau ákvæði, sem á hverjum tíma eru til um amtsskólastjórnina, að svo miklu leyti, sem unt er að beita þeim ákvæðum.

Við hvern húsmæðraskóla skal skipa umsjónarnefnd, og séu í henni 2 konur, sem yfirstjórnin kýs til þriggja ára.

5

Yfirstjórnin semur tillögur um fyrirkomulag húsmæðaskólaamtanna, skipar kennara og sendir amtmanni á hverju ári fjárhagsáætlun. Hún skal láta í ljós álit sitt um fyrirkomulag og fjárhagsáætlanir húsmæðraskóla hreppanna.

6.

Þessum reglum verður fyrst um sinn ekki beitt við þá hússtjórnar- og húsmæðraskóla, sem þegar hafa verið stofnaðir.

Nd.

618. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. janúar 1884.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðarbætur, sem ekki eru áskildar í byggingarbréfi og tilkynnir hann það landsdrotni og leitar samkomulags við hann um, hvernig kostnaðinn við verkið skuli greiða. Vilji landsdrottinn ekki kosta jarðarbótina, gjörir leiguliði hana á sinn kostnað. Heimilt er þó landsdrotni að líta eftir því, að jarðarbótin sé vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta jarðarbótina til dagsverka samkvæmt gildandi reglum um það efni. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. fyrir hvert dagsverk þeirra jarðarbóta, sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum og styrkhæfar þykja. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðarbótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 10 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því jarðarbótin var unnin.

2. gr.

Ef leiguliði vill breyta bæjarhúsum þeim, er fylgja ábýlisjörðu hans, eða umbæta þau að miklum mun, eða byggja ný jarðarhús, enda sé húsin og umbót þeirra nauðsynleg vegna ábúðar á jörðunni og við hæfi hennar eftir staðháttum, á hann rétt á því, að landsdrottinn leggi fram þrjá fjórðu hluta húsakostnaðarins. Eigi verður með byggingarkostnaði talið efni það, er jörðin sjálf leggur til né flutningur á því.

Meta skulu úttektarmenn hin gömlu jarðarhús, er niður leggjast eða breytast, til verðs og álags áður en breytingin byrjar; kemur verð þeirra og álag upp í tillag landsdrottins til hinna nýju húsa.

Af tillagi því, er landsdrottinn leggur fram umfram verð hinna niðurlögðu jarðarhúsa, skal leiguliði gjalda 4 af hundraði í ársleigu, auk leigumála þess, er fyr var samningur um, og fer um það gjald að öllu sem önnur jarðargjöld.

3. gr.

Nú leggur landsdrottinn fram húsabótakostnað, samkvæmt 2. gr., og ræður hann þá skipun húsanna og gerð, þó svo, að húsin fullnægi þörfum jarðarinnar. Hann á og rétt á að láta framkvæma húsabæturnar eða byggingarnar að sama skapi og hann leggur fram kostnað.

Komi leiguliða og landsdrotni eigi saman um það, hvað sé nauðsynleg jarðarhús eftir hæfi jarðar og staðháttum, eða hvort hús fullnægi þörfum jarðar, skal kveðja úttektarmenn til gerðar um það mál. Greiðir leiguliði úttektarkostnað. Vilji málsaðilar eigi hlíta gjörð úttektarmanna getur hvor þeirra um sig skotið henni til yfirúttektar, samkv. 34. gr. laga um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884. Um kostnað við yfirúttekt þá fer eftir sömu grein.

Að lokinni húsabyggingu samkvæmt framansögðu, skal gera úttekt á hinum nýju húsum, og fylgja þau jörðinni upp frá því samkvæmt þeirri úttektargjörð.

Ef leiguliði vill byggja heyhlöðu og gera að jarðarhúsi, enda sé þörf á hlöðunni fyrir hey, er á leigujörð hans fellur, fer um það að öllu leyti svo sem að framan er fyrir mælt um bæjarhús.

4. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafngóða:

a. Í húsum, er leiguliði á og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni, þó ekki meir en að þrem fjórðu verðs.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð og eru full eign leiguliða eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans, samkv. 1. gr. hér að framan.

Tveir dómkvaddir menn og óvilhallir meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin.

Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

5. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti og er honum það heimilt, hvenær er hann vill. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldarhækkun meta tveir dómkvaddir menn og óvilhallir, nema hlutaðeigendur komi sér saman.

Þau ákvæði í 6. gr. í lögum 12. jan. 1894, um bygging, ábúð og úttekt jarða, er koma í bága við lög þessi eru, úr gildi numin.

Ed.

619. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins »telja« komi: fara með sem.
2. — 2. — a. Orðið »eða« á síðari stað 1. línu falli burtu.
   b. Eftir orðið »efnarannsóknarstofu« bætist inn í: náttúrugripasafna.
   c. Fyrir »annars þvílíks fyrirtækis« komi: annara þvílíkra stofnana.
   d. Í stað orðsins »Loks« komi: Enn.
   e. Í 7.—8. línu falli burtu orðin: »vinanda — og«.
   f. Orðin »er katólskum prestum« falli burtu, en í þeirra stað komi: skal próföstum og forstöðumönnum annara kirkjudeilda.
   g. Orðin »í kirkjum þeirra« falli burtu.
3. — 4. — a. Í 3. línu að neðan, eftir orðið »beðið« komi: Nú reynist áfengið annað eða meira en um var beðið og skal umsjónarmaður þá endursenda sendanda það tafarlaust, ef annað er en um var beðið, eða það sem umfram reynist, enda er skipstjóra, sem flutti, eða útgerðarmanni skips, skylt að taka við því án borgunar á farmgjaldi.

b. Orðin »rétt að« í 2. málsgr. 3. línu falli burtu.
c. Í stað orðanna: »sé gert . . . landssjóð«, í 2. málsgr., komi: eign landssjóðs.

4. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skip lætar úr síðustu höfn, að innsigli séu heil og ekkert hafi verið tekið úr ílátunum.

5. — 6. — a. Í stað »6« í næst síðustu línu 1. málsgreinar komi: 12.
b. Í stað orðanna »en sé upptækt ella« í niðurlagi 1. málsgreinar komi: Ella sé það eign landsjóðs.
c. Orðin »og skal það áfengi gert upptækt« falli burtu.
d. Í stað »8« í 2. málsgrein komi: 12.
e. Í stað orðanna í 3. málsgrein: »gera áfengið upptækt« komi: áfengið eign landssjóðs.

6. — 7. — Aftan við greinina bætist: nema læknislyf sé úr lyfjabúð eða frá lækni.

7. — 9. — a. Í stað »1912« komi: 1915.
b. Í stað »tafarlaust gert upptækt« komi: vera eign landssjóðs.

8. Eftir 9. gr. bætist ný grein, sem verður 10. grein, svolátandi:

Um leið og ákvæði 1. greinar um bann gegn aðflutningi áfengis hingað til lands ganga í gildi, skulu lögreglustjórar rannsaka áfengisbirgðir þeirra manna, sem vínsöluleyfi eða vínveitingaleyfi hafa. Jafnframt skulu þeir semja nákvæma skýrslu yfir áfengisbirgðirnar og merkja öll áfengisílát glöggu heimildarmerki á þann hátt, er stjórnarráðið skipar fyrir um.

Þessi rannsókn áfengisbirgða skal endurtekin á 6 mánaða fresti meðan vínsölumenn og vínveitingamenn halda söluheimild innanlands og skulu þá jafnframt ónýtt heimildarmerkin á þeim ílátum, sem tæmd eru.

9. 10. gr. verður 11. gr. og orðist svo:

Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. jan. 1915, er ekki skylt að flytja burtu úr landinu, en eigendur þeirra skulu skyldir að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um hverjar og hve miklar birgðir þeir hafi. Slík vottorð skal síðan gefa, um hver áramót, um hverjar og hve miklar birgðir séu óeyddar, unz birgðirnar eru þrotnar.

Áfengi það er hér ræðir um, má aldrei flytja burtu af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum, eða það sé áður gert óhæft til drykkjar.

10. — 11. — sem verður 12. gr.:
a. Í stað orðanna »og skal þá gera heimilisrannsókn hjá honum« komi: og má þá gera heimilisrannsókn hjá honum eftir dómsúrskurði.
b. Orðin »Skal — hlut á« falli burtu.
c. Í 2. málsgr. komi í stað orðanna »sýna sönnunargögn þess« orðin: skýra frá því.

11. Við 12. gr. Greinin falli burtu.
12. — 13. — Greinin falli burtu.
13. — 14. — sem verði 13. gr.
a. Orðin »sé það af áfengi« falli burtu.
b. Fyrir orðið »það« í 3. línu komi: áfengið.
c. Orðin »Óhlýðnist«, til endu greinarinnar, falli burtu.
14. — 15. — sem verði 14. gr. Í stað orðanna »gert upptækt« komi: verða eign landssjóðs.
15. — 16. — sem verði 15. gr.
a. Fyrir »fjárnám í« komi: fjárnám fyrir.
b. Fyrir »50—1000« komi: 50—500«.
c. Fyrir »200—1000« komi: 100—1000.
16. — 17. — sem verði 16. gr. Fyrir »gert upptækt« komi: verða eign landssjóðs.
17. — 18. — Greinin verði 17. gr.
18. — 19. — Greinin verði 18. gr.
19. — 20. — sem verði 19. gr. Orðin »að öðru leyti« falli burtu.
20. — 21. — Greinin verði 20. gr.
21. — 22. — Greinin verði 21. gr.
22. — 23. — Í stað hennar komi tvær nýjar greinar svo hljóðandi:

22. gr. Með lögum þessum eru numin úr gildi þau ákvæði laga nr. 26, 11. nóv. 1899 og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

23. gr. Að svo miklu leyti sem ekki er öðru vísi ákveðið í lögum þessum, koma þau til framkvæmdar 1. jan. 1912.

Ed.

620. Viðaukatillaga

við breytingartillögu nefndarinnar í aðflutninsbannsmálinu á þingskjali 619.

Frá Stefáni Stefánssyni.

Aftan við 23. gr. bætist:

Lög þessi koma ekki til framkvæmdar fyr en 1. jan. 1912. Framkvæmd þeirra er enn fremur því skilyrði bundin, að áður hafi fram farið um þau almenn atkvæðagreiðsla þeirra manna, er kosningarrétt eiga til alþingis, og hafi fullir fjórir fimtungar þeirra, er atkvæði greiddu, verið með lögunum. Þessi atkvæðagreiðsla fari fram síðari hluta ársins 1910, á sama degi um land alt, og sé hún leynileg og undir nákvæmu eftirliti, er landsstjórnin fyrirskipar um, og sé kostnaður við það greiddur úr landssjóði.

Ed.

621. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Kristni Daníelssyni.

Við 8. gr.

Aftan við greinina bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Fjárhæðinni á fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909, 13. gr. B. VII, til sýsluvegar frá Hafnarfirði að Vogastapa er heimilt að verja til vegarins frá Hafnarfirði til Keflavíkur, eftir ráðstöfun sýslunefndar Gullbringusýslu, með áskyldu skilyrði fjárlaganna.

Nd.

622. Breytingartillaga

við frv. til laga um sóknargjöld.

Í stað orðanna: »eru í einhverju kirkjufélagi . . . . . konunglega staðfestingu« *komi*: »ekki eru í þjóðkirkjunni«.

Jón Sigurðsson.
Jón Ólafsson.

Nd.

623. Frumvarp

til laga um breyting á lögum
um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.
(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stjórn landsbankans eru 2 bankastjórar, er ráðherra skipar, og einn ráðunautur, sem skal vera lögfræðingur, kosinn af sameinuðu alþingi til 4 ára í senn.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, öðrum eða báðum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal hann þeim grein fyrir skriflega, hvað veldur.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans, og stýra þeim með aðstoð ráðunauts.

Nákvæmari fyrirmæli um sambandið milli bankastjóra sín í milli og bankastjóra og ráðunauts, verða ákveðin í reglugjörð, er ráðherra setur.

4. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. — Bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, *ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.*

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjóranna.

Nú er annarhvor bankastjóranna forfallaður og undirskrifar þá ráðunautur í hans stað. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varða, sker atkvæði ráðunauts úr.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun kr.: 4000,00 hvor og ráðunautur kr.: 1500,00. Bókari hefir að launum kr: 3000,00 og féhirðir kr.: 2400 auk $^1/_5{}^0/_{00}$ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í féhirslu bankans eða úr, alt að kr.: 2600,00. Féhirði ber að setja hæfilegt veð, er ráðherra tiltekur. — Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi né aðra atvinnu. — Auk framangreindra launa fá bankastjórar og ráðunautur í gróðrahlutdeild 10% af því, er afgangs verður að greiddum 1% af seðlaskuld bankans í landssjóð, 1% í byggingarsjóð opinberra bygginga og 2% í varasjóð. Þó má upphæð sú eigi hærri vera en alt að kr. 2500.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. — Ráðherra getur og hvenær sem er látið rannsaka allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar né sýslunarmenn bankans vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1910 og er úr gildi numinn IV. kafli í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka svo og lög nr. 24, 2. okt. 1891, breyting á lögum um stofnun landsbanka og lög nr. 37, 23. okt. 1903 um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24, frá 2. okt. 1891.

Ed.

624. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um löggildingu verzlunarstaða (þingskj. 583).

Frá Aug. Flygenring.

Við 1. gr.

Aftan við greinina bætist: og á eystri enda Viðeyjar í Kjósarsýslu.

Nd.

625. Framhaldsnefndaràlit

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1906 og 1907.

Í háttvirtri Ed. hefir sú ein breyting orðið á frumvarpi þessu, að orðin »þar af« í 3. línu að neðan í frumvarpinu hafa verið feld burtu. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt, eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 24. apríl 1909.

Hálfdán Guðjónsson, form. og framsögum.	Ólafur Briem, skrifari.	Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd.

626. Framhaldsnefndarálit

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Í háttvirtri Ed. hafa þessar breytingar verið gerðar á frumvarpinu:

1. Í 7. gr. 1. lið er orðinu »konungs« breytt í: Christians konungs IX.

2. Í síðustu málsgrein frumvarpsins er eftirgjöf á reikningsábyrgð á manntalsbókarreikningi Skaftafellssýslu hækkuð um kr. 148,33.

Fyrri breytingin er til bóta en síðari breytinguna getur nefndin ekki aðhylst.

Við 2. umr. málsins í Nd. kom fram tillaga frá umboðsmanni ráðherra um, að Björgvin Vigfússyni sýslumanni í Rangárvallasýslu yrði veitt uppgjöf á ábyrgð, samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins um manntalsreikning Skaftafellssýslu fyrir árið 1906, að upphæð kr. 312,65, er stafaði af því, að ábúða- og lausafjárskattur var reiknaður eftir skakkri verðlagsskrá (er gilti fyrir árið 1905—1906 í staðinn fyrir 1906— 1907), og var sú tillaga samþykt með sérstöku tilliti til þess, að athugasemd endurskoðanda við manntalsreikninginn 1905, þar sem sama skekkja átti sér stað, var ekki komin reikningshaldara í hendur, þegar hann reiknaði út þinggjöldin 1906. Nú hefir Ed. samþykt, að reikningsábyrgð í manntalsreikningi sömu sýslu árið 1907, að upphæð kr. 148,33, verði einnig látin falla niður. En með því að reikningshaldari hafði, áður en hann undirbjó manntalsbókina fyrir árið 1907, fengið vísbendingu frá stjórnarráðinu um eftir hvaða verðlagsskrá þinggjöldin ættu að reiknast, mátti hann sjálfum sér umkenna, að hann tók ekki þá bendingu til greina, og virðist því ekki ástæða til að veita eftirgjöf á reikningsábyrgðinni fyrir það ár.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt með þeirri breytingu, að fyrir orðin í síðustu málsgrein »árin 1909 og 1907 að upphæð kr. 460,98« komi: árið 1906 að upphæð kr. 312,65.

Alþingi 24. apríl 1909.

Hálfdan Guðjónsson	Ólafur Briem
form. og framsögum.	skrifari.

Stefán Stefánsson Eyf.

Nd.

627. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Frá meiri hluta Tollmálanefndarinnar.

Við 1. gr. Síðari málsgreinin orðist svo:

Af kornvörum skal þó að eins greiða 10 aura af hverjum 100 pundum, af steinolíu og rúðugleri 5 aura af hverjum 100 pundum og timbri $1^1/_2$ eyrir fyrir hvert teningsfet. Af salti, kolum, tígulsteinum, sementi, kalki og prentuðum bókum skal þó ekkert gjald greiða.

Nd.

628. Framhaldsskýrsla

um starf nefndarinnar í sambandsmálinu.

Frá minnihluta nefndarinnar.

Háttv. formaður sambandslaganefndarinnar, þm. N.Ísf., hefur fundið sjer tilefni í inngangínum að nefndaráliti voru til þess að skrá skýrslu um starf nefndarinnar (þingskjal 612) og vill þar reyna að telja mönnum trú um: »að það er minni hluti nefndarinnar, sem málið hefur tafið« og að vjer höfum snúið málinu alveg öfugt í frásögn vorri þar um aðgjörðir nefndarinnar og aðfarir hins háttv. meiri hluta. Þessi skýrsla er svo einkennileg, að vér teljum nauðsynlegt að taka hana nokkuð til athugunar.

Skal þá fyrst bent á, hvílík fjarstæða það er, að minni hluti nefndar — og þá ekki sízt eins lítill minni hluti og hjer er um að ræða (3 af 9) — geti tafið störf meiri hlutans svo nokkru nemi. Meiri hlutinn ræður öllu í nefndinni, velur formann og skrifara, lætur prenta og útbýta áliti sínu og tillögum þegar það er búið, án þess að minni hlutinn geti, þótt hann vilji, hindrað það að nokkru leyti.

Þá skal bent á hina fjarstæðuna, en hún er sú, að vjer skyldum hafa viljað eða reynt að gjöra tilraun til þess að hindra eða tefja fyrir framgangi þessa máls á þinginu. Hvað átti oss að ganga til slíks? Það vita þó allir að vjer teljum núverandi sambandsfyrirkomulag Íslands og Danmerkur mein-gallað og sambandslagafrv. stjórnarinnar stórkostlega réttarbót. Hví skyldum vjer þá vilja tefja framgang þess?

Loks skal það sýnt og sannað, að skýrsla hins háttv. formanns hrekur ekki eitt einasta atriði í inngangínum að minnihluta áliti voru, þvert á móti staðfestir hún þau öll:

1) Vjer lýsum yfir því að vjer höfum gengið að starfi voru í nefndinni með þeim einlæga ásetningi að reyna teygja oss sem lengst til samkomulags til þess að málið næði framgangi á þinginu í því formi, er nokkur von gæti verið um að næði samþykki beggja samningsaðila (Íslendinga og Dana).

Um þetta atriði segir í skýrslunni: »lýstu þráfaldlega samvinnuþýðleik sínum, með fögrum orðum, og ljetust ekki trúa öðru, en að allir yrðu á eitt mál sáttir« og enn: »skorti aldrei fögur orð né fullyrðingar um það, að óvíst væri hvort þeir yrðu eigi meiri hluta nefndarinnar samdóma í tillögum um málið«.

2) Þá skýrum vér frá því, að oss á fyrsta fundi hafi verið gefið í skyn að vjer ættum ekkert erindi í nefndina og bezt væri að losna við oss sem fyrst.

Í skýrslunni stendur: »Þegar á fyrsta fundi sambandslaganefndarinnar vakti undirritaður máls á því, svo sem nefndarmönnum má vera minnisstætt, að . . . sýndist mjer sjálfsagt að nefndarmenn . . . . ættu þá þegar að slíta samvinnu í nefndinni að því er til sambandsmálsins kæmi«. . .

3) Þá staðfestir og skýrslan það, að vjer höfum reynt að fá málið rætt bæði í heild sinni og einstökum atriðum, *að* fundir hafi verið fáir haldnir (sbr. orðin »— að vísu fremur fáum«, *að* núverandi ráðherra hafi óskað þess að stjórnarskrármálið en ekki sambandsmálið væri rætt í nefndinni, meðan stóð á utanför forsetanna (alt með berum orðum), *að* háttv. þm. N.-Ísf., er hann var kosinn formaður í nefndinni, gjörði þá ráðstöfun »að nefndarstörfin yrðu öll að snúast um sambandsmálið . . «.

4) Um frásögn vora um að ráðherrann hafi eigi fengist boðaður á nefndarfund segir í skýrslunni: »Að eg hafi mótmælt þeirri kröfu minnihluta nefndarinnar, að ráðherra væri boðaður á nefndarfund er að vísu hverju orði sannara . . .«

5) Um þá staðhæfingu vora, að vér höfum ekki fengið að sjá nefndarálit meiri hlutans fyrri en því var útbýtt á þinginu, segir svo í skýrslunni: »Af sömu ástæðum

var og þeim tilmælum minnihlutans synjað, að hann fengi að sjá nefndarálit meirihluta nefndarinnar um sambandsmálið . .«

6) Loks er því þegjandi játað í skýrslunni, að vjer minnihlutamenn höfum eigi enn verið boðaðir á nefndarfund til þess að ræða stjórnarskrárfrv. stjórnarinnar.

Þar sem þm. N.Ísf. loks gefur í skyn, að tveir af oss (J. M. og J. Ól.) hafi lengst dregið að láta uppi afstöðu sína í málinu, má geta þess, að einn af oss (J. Ól.) lét í ljós þegar á 2. fundi nefndarinnar, að hann gengi aldrei að tómu persónusambandi sem grundvelli.

Alþingi 25. apríl 1909.

Jóh. Jóhannesson. Jón Magnússon. Jón Olafsson.

Nd. **629. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Háttvirt efri deild hefir gjört eina smávægilega breytingu við 3. gr. frumvarpsins og höfum vér ekkert að athuga við það. Ráðum vér því háttv. neðri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 26. apríl 1909.

Hálfdan Guðjónsson, form. og framsögum. Sigurður Sigurðsson, skrifari. Jón Jónsson (1. þm. N. M.).

Pétur Jónsson. Stefán Stefánsson (Eyf.).

Nd. **630. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um laun háskólakennara (þingskj. 406).

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 1. gr. Í stað annarar og þriðju málsgreinar og fyrstu línu fjórðumálsgreinar komi:

Í guðfræðisdeildinni eru 1 prófessor og 1 dósent.

Í lagadeildinni eru 1 prófessor, 1 dósent og 1 aukakennari með 1600 kr. launum.

Í læknadeildinni eru 1 prófessor, 1 dósent og 6 aukakennarar. Aukukennarar eru:

Við 2. gr. Í stað fyrstu og annarar málsgreinar komi:

Prófessorar hafa 3000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr.

Dósentar hafa 2400 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 3000 kr.

Nd.

631. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá meiri hluta Peningamálanefndarinnar.

Við 5. grein:

1. Í stað kr. 1500,00 komi: kr. 1200,00.
2. Í stað orðanna: Auk framangreindra launa fá bankastjórar og ráðunautur í gróðahlutdeild 10% o. s. frv. komi: Auk framangreindra launa fá bankastjórar í gróðahlutdeild 10% o. s. frv.
3. Á eftir orðunum: »eigi hærri vera en alt að kr. 2500« komi: til hvors þeirra.

Nd.

632. Breytingartillögur

við frv. á þingskj. 546.

Frá meiri hluta Samgöngumálanefndarinnar.

1. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frv. til laga um heimild fyrir stjórnina til þess að stofna hlutafélag til að annast eimskipaferðir landsins og taka til þess lán alt að 500 þús. kr.
2. 1. gr. orðist svo:
   Landstjórninni veitist heimild til að setja á stofn hlutafélag til að annast eimskipaferðir landsins og verja til þess alt að 500 þús. kr., með þeim skilyrðum, sem hér fara á eftir:
   a. Hlutafé félagsins sé minst 800 þús. kr., en fari eigi fram úr 900 þús. kr.
   b. Hlutir landssjóðs skulu vera forgönguhlutir, sem gefa 4% á undan öðrum og eigi má skerða fyr en þorrið er annað fé félagsins.
   c. Núverandi hluthöfum »Thore«-félagsins gefst forkaupsréttur að almennu hlutunum, 300 þús. kr.
   d. Félagið skal að minsta kosti hafa fjögur hentug skip til að fara milli landa og tvo strandferðabáta. Kælirúm skulu vera í ekki færri en tveimur hinna fyrnefndu skipa.
   e. Landssjóður á rétt til að kaupa almennu hlutina fyrir ákvæðisverð, hvenær sem er.
   f. Í lögum félagsins skulu vera öll þau ákvæði, sem nauðsynleg eru til þess, að tryggja rétt landssjóðs um forgönguhlutina.
3. Hér bætist við ný grein, sem verður 2. gr.
   2. gr. Félagið heitir Eimskipafélag Íslands og á heimilisfang og varnarþing í Reykjavík.
4. Hér komi ný grein, er verður 3. gr.
   3. gr. Alþingi kýs stjórn félagsins að hálfu, þrjá menn með hlutfallskosningu, og ráðherra Íslands sé auk þess sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar. Aðrir hluthafar kjósa þrjá menn í stjórnina til móts við fulltrúa alþingis. Ráðherra starfar launalaust að stjórn þessa félags. Stjórnin kýs

framkvæmdarstjóra og sér um skipakaup félagsins og önnur störf, eftir því, sem nánar verður ákveðið í félagslögunum.

5. Hér komi ný grein er verður 4 gr.

4. gr. Alþingi kýs þrjá menn til þess að fara með atkvæði landssjóðs á aðalfundi og skulu þeir kosnir með hlutfallskosning.

6. Enn komi ný grein svohljóðandi, er verður 5. gr.

5. gr. Aðalfundur kýs menn til þess, að endurskoða reikninga félagsins.

7. 2. gr. frumvarpsins verður 6. gr. og hljóðar svo:

6. gr. Landsstjórninni veitist heimild til að taka lán alt að 500 þús. krónur, sem afborgist með jöfnum afborgunum á 20 árum, og mega vextir eigi fara fram úr $4^1/_2{}^0/_0$ eða sem því svarar, og má verja þessari upphæð, til stofnunar hlutafélagsins, samkvæmt 1. gr.

Heimildin til að stofna hlutafélagið er því skilyrði bundin, að lán þetta fáist með eigi lakari kjörum.

Ed.

633. Breytingartillaga

við frv. til námalaga.

Frá nefndinni.

Við 13. gr. Fyrri liður orðist svo:

Námuteigur skal vera 100,000 ferhyrningsmetrar að flatarmáli. Liggi málmurinn í lagi skal teigurinn vera jafnhliða rétthyrndur ferhyrningur, en liggi hann í æð eða æðum, skal sá, er útmælingar beiðist, sjálfur tiltaka stefnu námuteigsins og hlutfall milli lengdar og breiddar, en breiddin má þó ekki vera minni en 100 metrar.

Nd.

634. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá meiri hluta Peningamálanefndarinnar.

Aftan við 5. gr bætist:

Fari hinn núverandi bankastjóri frá bankanum í lifanda lífi, skal hann fá í eftirlaun 4000 kr. árlega.

Nd.

635. Viðaukatillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Frá Einari Jónssyni og Jóni Þorkelssyni.

Við 18. gr. Á eftir »til allra þeirra hvort árið« komi: til fyrv. alþingism. Þorvalds Björnssonar í viðurkenningarskyni 1000 kr. fyrra árið.

Nd.

636. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911
Frá Jóni Þorkelssyni og Pétri Jónssyni.

Við 15. gr. 33. Fyrir 960—960 komi: 1500—1500.

Nd.

637. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Frá fjárlaganefndinni

Við 12. gr. 5. Liðurinn falli burt.
— 13. — B II. Eftir orðin: Til flutningabrauta, komi nýr liður:
1. Borgarfjarðarbraut 30,000 fyrra árið.
Liðatalan breytist eftir því.
— » — B. Aftan við XI lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Til vegagerðar í Fljótshlíð 2000 kr. fyrra árið gegn 3000 kr. tillagi frá Fljótshlíðarhreppi og því sem til vantar annars staðar frá. Liðirnir breytast eftir því.
— » — C 1. Fyrir 40,000—40,000 komi 60,000—60,000.
— » — C 2. Athugasemdin falli burt.
— » — D 2. Fyrir 10,000—10,000 komi 5000—5000.
— » — D V Orðin »og til utanfarar forstjóra f. á.« falli burt.
— » — VI Fyrir 12,000 kr. síðara árið komi: 10,000.
— 14. — VI 5 Aftan við þennan lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Til æfingabekkjar 1000—1000.
Liðatalan breytist eftir því.
— 14. — VIII a 1. Aftan við athugasemdina bætist: og að minst 25 heimavistir séu í skólanum fyrir sveitastúlkur.
— » — VIII a 5. Fyrir 3000—3000 komi 3500—3500.
— » — VIII b. 5 c. Fyrir 300—300 komi 200—200.
Orðin: »og skrifstofukostnaður« falli burt.
— 15. — 3. d. Á eftir liðnum d komi nýr stafliður e svohljóðandi:
Til skápa og húsgagna . . . . 1000 fyrra árið.
— » — 16. Liðurinn falli burt.
— » — 17. Aftan við liðinn bætist:
Styrkurinn borgist með því skilyrði, að hann gefi árlega skýrslu um hvað starfinu líður.
— » — 23. Fyrir 600—600 komi 400—400.
— » — 24. — 600—600 — 400—400.
— » — 40. Liðurinn falli burt.
— » — 43. Liðurinn falli burt.
— 16. — 24. Fyrir orðin »Dagpeningar og ferðakostnaður« komi: Til sama.

Við 16. gr. 30. Á eftir orðinu »iðnsýningar« komi: alt að
Athugasemdin orðist svo:
Með því skilyrði að jafnmiklu fé sé varið til sýningarinnar annars staðar frá.
— » — Á eftir 33. lið komi nýr liður svohljóðandi:
Til lendingarsjóðs í Bolungarvíkurverzlunarstað 1000 kr. fyrra árið.
— 18. — Á eftir orðunum: Torfhildur Holm 360 kr. komi: til Marie Kathrine Jónsson 300 kr.
— » — Orðin: »til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 800 kr.« falli burt.
— 22. — 8. liður falli burt.

Nd.

638. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður Þorl. Jónsson.

1. Við 13. gr. B. III.
Á eftir 5 a. komi nýr liður:
b. Til vegagjörðar á þjóðveginum frá Laxá inneftir Nesjum kr. 3000,00
2. Við 16. gr. 32. Í stað 200—200 komi 300—300.

Nd.

639. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá meiri hluta sambandslaganefndarinnar.

Við 15. gr. 14.

Fyrir »2500« komi: 5000.

Nd.

640. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Pétri Jónssyni og Jóni Jónssyni, þm. S.-M.

1. Við 13. gr. B. III. 8. Fyrir »15000« (f. á.) komi: 12000.
2. — 13. — B. VII. Liðurinn falli burt (dragferja á Lagarfljót).
3. — 13. — B. VIII. Sömuleiðis (Hvammstangav.).
4. — 13. — B. IX. Sömuleiðis (Svarfaðardalsv.).
5. — 13. — B. X. Sömuleiðis (Breiðdalsv.).
6. — 13. — B. XI. Sömuleiðis (Keflavíkurv.).
7. — 13. — B. XII. Sömuleiðis (brú á Sandá).
8. — 13. — B. XIII. Sömuleiðis (mótorvagn).

9.	— 13. —	D. II. 1.	Liðurinn falli burt og þar komi nýr liður svo hljóðandi: Til þess að strengja talsíma milli Reykjavíkur og Borðeyrar f. á. 48,000 kr.
10.	— 14. —	B. VIII. a.	Í stað liðanna 1., 2. og 3. komi: 1. Til kvennaskólans í Reykjavík, þar af 300 kr. á ári til ferðastyrks námsmeyjum úr fjarlægum héruðum 3600—3600. 2. Sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að 2400—2400.
11.	— 14. —	B. VIII. c.	Fyrir »750«, innan striks, komi: 1000.
12.	— 15. —	28.	Fjárveitingin falli burt síðara árið.
13.	— 15. —	29.	Fjárveitingin falli burt síðara árið.
14.	— 16. —	5.	Fyrir »500—500« komi: 1000—1000.
15.	— 16. —	10.	Fyrir »1500—1500« komi: 1000—1000.

Ed.

641. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. janúar 1884.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú vill leiguliði gera jarðarbætur, sem ekki eru áskildar í byggingarbréfi og tilkynnir hann það landsdrotni og leitar samkomulags við hann um, hvernig kostnaðinn við verkið skuli greiða. Vilji landsdrottinn ekki kosta jarðarbótina, gjörir leiguliði hana á sinn kostnað. Heimilt er þó landsdrotni að líta eftir því, að jarðarbótin sé vel unnin. Við úttekt jarðarinnar, er leiguliði fer frá henni eða hættir ábúð, skal meta jarðarbótina til dagsverka samkvæmt gildandi reglum um það efni. Gjalda skal landsdrottinn leiguliða alt að 1 kr. fyrir hvert dagsverk þeirra jarðarbóta, sem ekki eru áskildar í byggingarskilmálum og styrkhæfar þykja. Arður sá, er leiguliði hefir haft af jarðarbótunum, skal dreginn frá til lækkunar endurgjaldinu. Njóti hann ávaxta verka sinna í 10 ár eða lengur, þarf landsdrottinn ekkert að gjalda. Gjaldið lækkar að $^1/_{10}$ hluta fyrir hvert ábúðarár, að undanteknu fyrsta árinu, frá því jarðarbótin var unnin.

2. gr.

Ef leiguliði vill breyta bæjarhúsum þeim, er fylgja ábýlisjörðu hans, eða umbæta þau að miklum mun, eða byggja ný jarðarhús, enda sé húsin og umbót þeirra nauðsynleg vegna ábúðar á jörðunni og við hæfi hennar eftir staðháttum, á hann rétt á því, að landsdrottinn leggi fram þrjá fjórðu hluta húsakostnaðarins. Eigi verður með byggingarkostnaði talið efni það, er jörðin sjálf leggur til né flutningur á því.

Meta skulu úttektarmenn hin gömlu jarðarhús, er niður leggjast eða breytast, til verðs og álags áður en breytingin byrjar; kemur verð þeirra og álag upp í tillag landsdrottins til hinna nýju húsa.

Af tillagi því, er landsdrottinn leggur fram umfram verð hinna niðurlögðu jarðarhúsa, skal leiguliði gjalda 4 af hundraði í ársleigu, auk leigumála þess, er fyr var samningur um, og fer um það gjald að öllu sem önnur jarðargjöld.

3. gr.

Nú leggur landsdrottinn fram húsabótakostnað, samkvæmt 2. gr., og ræður hann þá skipun húsanna og gerð, þó svo, að húsin fullnægi þörfum jarðarinnar. Hann á og rétt á að láta framkvæma húsabæturnar eða byggingarnar að sama skapi og hann leggur fram kostnað.

Komi leiguliða og landsdrotni eigi saman um það, hvað sé nauðsynleg jarðarhús eftir hæfi jarðar og staðháttum, eða hvort hús fullnægi þörfum jarðar, skal kveðja úttektarmenn til gerðar um það mál. Greiðir leiguliði úttektarkostnað. Vilji málsaðilar eigi hlíta gjörð úttektarmanna getur hvor þeirra um sig skotið henni til yfirúttektar, samkv. 34. gr. laga um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884. Um kostnað við yfirúttekt þá fer eftir sömu grein.

Að lokinni húsabyggingu samkvæmt framansögðu, skal gera úttekt á hinum nýju húsum, og fylgja þau jörðinni upp frá því samkvæmt þeirri úttektargjörð.

Ef leiguliði vill byggja heyhlöðu og gera að jarðarhúsi, enda sé þörf á hlöðunni fyrir hey, er á leigujörð hans fellur, fer um það að öllu leyti svo sem að framan er fyrir mælt um bæjarhús.

4. gr.

Leiguliðum, er hafa innstæðukúgildi á ábýlisjörðum sínum, er frá því lög þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafngóða:

a. Í húsum, er leiguliði á og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni, þó ekki meir en að þrem fjórðu verðs.
b. Í jarðabótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð og eru full eign leiguliða eða þeim hluta jarðabótanna, sem er lögmæt eign hans, samkv. 1. gr. hér að framan.

Tveir dómkvaddir menn og óvilhallir meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru látnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin.

Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

5. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti og er honum það heimilt, hvenær er hann vill. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldarhækkun meta tveir dómkvaddir menn og óvilhallir, nema hlutaðeigendur komi sér saman.

Þau ákvæði í 6. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, er koma í bága við lög þessi eru, úr gildi numin.

Ed.

642. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslands banka og til að gefa út landssjóðs-skuldabréf.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að kaupa hlutabréf í Íslands banka, alt að 2 milljónum króna, og borga hlutabréfin með alt að 101 hundraðið. Hlutabréfunum fylgja arðmiðar frá 1. júlí 1909, og séu kaupin gerð frá þeim tíma.

2. gr.

Til greiðslu á hlutabréfum þessum skal landssjóði heimilt að gefa út jafnháa upphæð í landssjóðs-skuldabréfum. Skulu greiðast $4^1/_2$ % ársvextir af skuldabréfum þessum og greiðast þeir 2. janúar og 1. júlí ár hvert. Skuldabréf þessi kaupir Íslands banki fyrir að minsta kosti 98 hundraðið. Mismun á verði hlutabréfa bankans og skuldabréfa landssjóðs skal greiða í peningum.

3. gr.

Upphæð skuldabréfanna skal vera 500,1000 og 2000 krónur.

4. gr.

Landssjóður skal innleysa landssjóðs-skuldabréf þessi eftir hlutkesti, er fari fram í fyrsta sinn í desember 1910, og sé fyrsti innlausnargjalddagi 1. júlí 1911. Skal innleysa $^1/_{50}$ hluta skuldabréfanna á ári með 40,000 krónum, þannig, að landssjóður hafi leyst þau öll til sín á 50 ára fresti.

Landssjóði er þó heimilt að leysa bréfin til sín aftur að fullu eftir 1. júlí 1919

5. gr.

Þær 2 milljónir, sem landssjóður kaupir í hlutabréfum Íslands banka, skal landssjóður skyldur að geyma sem tryggingu fyrir skuldabréfum þeim, er hann hefir keypt hlutaféð fyrir og sem eru í umferð. Þó losna hlutabréfin úr þessari tryggingu jafnóðum og skuldabréfin eru innleyst.

6. gr.

Nú þykir stjórnarráði Íslands hagkvæmara að taka útlent lán handa landssjóði til að kaupa hlutabréf þau, er um getur í 1. gr., og er þá ráðherra Íslands veitt heimild til að taka slíkt lán, alt að 2 — tveim — miljónum króna, er endurborgast með jöfnum afborgunum á 30 árum, en þó mega vextir af slíku láni eigi fara fram úr $4^1/_2$% á ári og skal lánið óuppsegjanlegt frá hálfu lánveitanda.

7. gr.

Verði lán það tekið, sem nefnt er í 6. gr., veitist ráðherra Íslands ennfremur heimild til að gefa út landssjóðsskuldabréf fyrir láninu, og skulu skuldabréfin útbúin með vaxtamiðum sem greiddir séu tvisvar á ári, 2. dag janúar og 2. dag júlímánaðar. Skuldabréfin skulu vera á íslenzku og máli þess lands sem lánið veitir, og mynt þess.

8. gr.

Landritari og dómendur í yfirréttinum skulu, fyrir landssjóðs hönd, fara með atkvæði landssjóðs sem hlutabréfseiganda á aðalfundum Íslands banka. Skulu þeir hver um sig hafa atkvæði fyrir $^1/_2$ milljón hlutafjár. Fyrir starfa þennan fær hver þeirra 250 kr. þóknun á ári hverju.

Nú forfallast einhver þessara manna frá að mæta á aðalfundum og skipar þá stjórnarráðið mann í hans stað.

Nd. **643. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890.
(Eftir 2. umr. í Nd.).

Söfnuði Móðruvallaklausturssóknar veitist undanþága frá lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890, að því er snertir afhending kirkjusjóðsins í hinn almenna kirkjusjóð.

Nd. **644. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.
Frá Einari Jónssyni og Eggert Pálssyni.

Við 13. gr. B II. 3. komi nýr liður svo hljóðandi:

Til brúargjörðar á Ytri-Rangá fyrra árið . . .	47,000 kr.	
Hér af væntist frá viðkomandi sýslufélagi . .	5,000 —	
		42,000 kr.

Nd. **645 Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

1. Við 15. gr. 32. Fyrir »1000« komi: 200.
2. — 15. — Aftan við greinina bætist nýr liður: Til Jóns Ófeigssonar til að semja þýzk-íslenzka orðabók 1000 krónur.

Nd. **646. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi og H. Hafstein.

1. Við 15. gr. 19. Fyrir »1200—1200« komi: 1500—1500.
2. — 15. — 20. Fyrir »1000—1000« komi: 1500—1500.
3. — 15. — 33. Fyrir »960—960« komi: 1500—1500.

Ed.

647. Frumvarp

til laga um vátrygging fyrir sjómenn.

Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.

1. gr.

Það skal eftirleiðis vera skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er lögskráðir eru á íslenzk skip, hvort sem þeir stunda fiskiveiðar, eru í förum með fram ströndum landsins eða landa á milli.

Ennfremur er skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélarbátum eða róðrarbátum, sexæringum eða stærri minst eina vertíð á ári.

2. gr.

Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar.

Þegar formaður á vélarbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið háseta sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra og skal hann senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr.

Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 18 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Þriðjung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.

Útgerðarmaður þilskips greiðir skráningsstjóra gjald þetta fyrir sig og fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupi þeirra eða hlut, og innheimtir skráningarstjóri það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. — Formaður vélarbáts eða róðrarbáts greiðir gjaldið fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum háseta. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok desembermánaðar ár hvert að frádregnum 2 % innheimtulaunum af þilskipum og 4 % af vélarbátum og róðrarbátum, og gengur helmingurinn af hinu síðarnefnda gjaldi til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

4. gr.

Vátryggingarsjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Landsstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja.

A ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til, að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóðnum.

5. gr.

Nú druknar sjómaður eða deyr af slysförum á skipi á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina 100 kr. á ári í næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

6. gr.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir leyfi til að skerða nokkuð af styrk þeim, er lög þessi heimila.

7. gr.

Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrekkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15000 krónum.

8. gr.

Sjóður sá, er stofnaður er með lögum þessum, tekur við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 40, 10. nóv. 1903. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin.

9. gr.

Landsstjórnin ákveður nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að feingnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. gr.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum, sem renna að hálfu í vátryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Nd.

648. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson Eyf., H. Hafstein.

Við 13. gr. B. II. Á eftir 2. lið komi nýr liður, sem verður 3. liður, þannig orðaður:

Eyjafjarðarbraut 10,000 kr. (fyrra árið).

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Nd.

649. Frumvarp

til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverjum 100 pundum eða minni þunga af vörum með umbúðum, sem fluttar eru til landsins, og ekki eru sendar í pósti, skal greiða 25 aura farmgjald í landssjóð. Þegar vara, samkvæmt farmskrá eða hleðsluskírteini er talin eftir rúmmáli, skal greiða 15 aura gjald fyrir hvert teningsfet. Af kornvörum skal þó að eins greiða 10 aura af hverjum 100 pundum, af steinolíu og rúðugleri 5 aura af hverjum 100 pundum og timbri $1^1/_2$ eyri fyrir hvert teningsfet. Af salti, kolum, tígulsteinum, sementi, kalki og prentuðum bókum skal þó ekkert gjald greiða.

2. gr.

Farmgjaldið skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, eða að því er lausakaupmenn snertir þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín, eftir gildandi lögum. Gjaldið skal greitt í peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða peningastofnanir í Reykjavík eða á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn, ef nægileg skilríki, sem innheimtumaður tekur gild, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Til þess að ákveða gjaldið skal farið eftir farmskrá skipsins, hleðsluskírteinum eða tilvísunarbréfum, er snerta hinar gjaldskildu vörur.

3. gr.

Hinar gjaldskildu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskildar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni eða hleðsluskírteinum, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum á skipinu til neyzlu í því. Sé uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum greinar þessarar, verður skipstjóri sekur alt að 100 kr.

4. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskildar vörur, fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varða sektum, alt að 200 krónum, á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. — Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður

en hann hefir fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört. Farmgjaldið fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

5. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í þessari grein má þvinga hann til þess með dagsektum alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í bréfi til viðtakanda.

6. gr.

Þyngd vara eða rúmmál skal tilgreint á farmskrá eða hleðsluskírteinum skipanna. Sé ógreinilega sagt frá um gjaldskildar vörur á farmskránni eða hleðsluskírteinum, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða sé ástæða til að rengja, að rétt sé skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal landssjóður greiða, ef skýrslurnar reynast nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

7. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskildum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að álíta, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

8. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektunum, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrétturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil gjörð, samkv. 4. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir farmgjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

9. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af

þeim hafi ónýzt eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverju móti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin eða hleðsluskírteinin telji meira en viðtakandi fær. Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiðast fyrirfram af uppboðsverðinu, og fáist eig svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, þá greiðist í farmgjald það, sem uppboðsandvirðið nemur, að kostnaði frádregnum.

10. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lög reglumál.

11. gr.

Sektir allar eftir 3. og 4. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 5. og 7. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögu sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

12. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr., svo og af sektum, fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.

Nd.

650. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

1. Við 13. gr. B. II. Á eftir »Holtavegur« komi nýr liður, er verður 4 liður:
   Grímsnesbraut 10,000 kr. fyrra árið (1910).
2. — 14. — B. VIII. staflið o.:
   Liðurinn falli burtu (bæði árin).
3. — 15. — 1. d.:
   Í staðinn fyrir »6000—6000« komi: 5000—5000.
4. — 15. — 3. c.:
   Í staðinn fyrir »1000—1000« komi: 500—500.
5. — 15. — 3. d.:
   Í staðinn fyrir »1000—1000« komi: 500—500
6. — 15. — 13.:
   Í staðinn fyrir »750—750« komi: 500—500.
7. — 16. — 7. b.:
   4000 kr. síðara árið (1911) falli burtu.
8. — 16. — 11.:
   Í staðinn fyrir »4000—4000« komi: 3500—3500.
9. — 16. — 22.:
   Í staðinn fyrir »5000—5000« komi: 4000—4000.
10. — 22. — 5.:
    Í staðinn fyrir »60,000 kr.« komi: 50,000 kr.

Sd.

651. Frumvarp

til laga um verzlunarbækur.

Eins og það var samþykt við eina umræðu í Ed.

1. gr.

»Kaupmenn« táknar í lögum þessum þá menn, sem reka verzlun sér til atvinnu, hvort heldur eftir borgarabréfi, sveitaverzlunarleyfi, einkaleyfi eða öðru leyfi til verzlunarreksturs, sem nú tíðkast að lögum eða síðar kann að tíðkast. Þar til teljast þeir er reka verksmiðju-iðnað sér til atvinnu. Það á jafnt við félög sem einstaklinga, alla þá sem eru persóna að lögum og hafa verzlunar-viðskifti að atvinnu eða viðskifta-framleiðslu, þó á þetta eigi við þá menn, er stunda landbúnað eða sjávarútveg til framleiðslu-atvinnu, og eigi við þá einstaklinga, er að eins selja handvinnu sjálfra sín.

2. gr.

Kaupmenn og aðrir þeir menn, er reka viðskifta-atvinnu samkvæmt 1. gr., skulu skyldir að skrá öll verzlunarviðskifti önnur en þau, er hönd selur hendi, í frumbók daglega jafnsnart sem þau fara fram. Í bók þessa skal rita nöfn þeirra er hafa afhent og móttekið vöruna er hún var seld (= lánuð) eða keypt (= lögð inn) og sömuleiðis fyrir hvers reikning hún er úttekin eða inn lögð og ennfremur verð hennar.

Samrit af viðskiftunum, eins og þau eru bókuð í frumbókina, skal ætið láta skiftavin í té í hvert sinn og einhver verzlunarviðskifti fara fram bóklega.

3. gr.

Auk þess skulu þeir menn, er um getur í 2. gr., halda Sjóðbók, Höfuðbók (Konto Kurant, Ledger) og Bréfabók. Í Sjóðbók skal rita allar sjóðsgreiðslur til verzlunarinnar og frá henni. Í Höfuðbók skal rita samanlagðar upphæðir þær í krónum og aurum, er úti látnar eða innlagðar vörur nema í hvert sinn samkvæmt frumbókinni. Í Bréfabók skal vera samrit bréfa, er snerta viðskifta-atvinnuna, þeirra er rituð eru mönnum erlendis eða kaupmönnum hérlendis eða öðrum, er viðskiftaatvinnu reka.

4. gr.

Það varðar sektum eða fangelsi eftir atvikum, að skafa út eða gera á annan hátt með ásetningi ólæsilegt það sem eitt sinn hefir skráð verið í verzlun arbók, eða að rita ofan í skriftina, svo að ólæsilegt verði það er áður stóð, enda þótt fyrst hafi misritast af vangá. Þurfi breyting að gera á því sem eitt sinn er ritað, skal leiðrétta það, annaðhvort með annari innfærslu, er dragi það frá annars vegar, er ofritað var hins vegar, eða bæti því við er vanritast hafði, eða þá á þann hátt, að stryka út það sem rangt varð, án þess að ólæsilegt verði það er út var strykað, en rita leiðréttinguna milli lína eða á spázzíu eftir því sem bezt hentar.

5. gr.

Þeir sem skyldir eru til að halda lögskipaðar bækur skulu gera yfirlit yfir efnahag sinn, einu sinni á ári hverju, í sama mund hver, og færa það inn í sér staka löggilta bók, eða í höfuðbók sína, ef hún er löggilt.

6. gr.

Sjálfráðir eru menn þess, hverjar fleiri bækur þeir færa eða hversu þeir skifta bókhaldi sínu niður í fleiri bækur. En skyldur er hver maður, sem lög þessi ná til samkv. 2. gr., að halda þær bækur og svo skýrar, að af þeim megi sjá, hversu verzlunin eða iðnaðurinn gengur, og hversu efnum fyrirtækisins er varið, og hversu hagur atvinnurekandans stendur.

7. gr.

Að falsa verzlunarbækur varðar fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhússvist alt að tveimur árum.

8. gr.

Nú er skuldar krafist innan árs frá því er hún varð til og skal þá það sem skráð er í lögskipaða frumbók, hafa það sönnunargildi, ef bókin er vel og skipulega rituð (sbr. 2.gr.) og engin atvik liggja til, þau er geri bókunina grunsama, að álíta skal það rétt, er í henni stendur, ef aðili, sá er í hlut á, vill eigi synja fyrir með eiði, að rétt sé bókað. Nú er hann dauður eða hann getur ekki eiðinn unnið eða treystist ekki til þess fyrir sakir minnisbrests eða þvíuml., og má þá, ef engin atvik liggja svo til, að þau geri það ísjárvert, dæma eiganda eða umráðamanni verzlunarinnar heimilt að sanna sitt mál með eiði sínum eða eiði þess manns, er í bókina hafði ritað það, er um var þrætt.

Að þeim fresti liðnum, sem að ofan er nefndur, missir löggilt bók það sérstaka sönnunargildi, er henni er veitt í þessum lögum, þó að eins gagnvart skiftavinum, sem sjálfir eru ekki kaupmenn, er skylt er að halda verzlunarbækur; en í viðskiftum milli verzlana eða kaupmanna halda bækurnar gildi sínu án tillits til frests, þess er að framan var nefndur.

Nú eru báðir málsaðilar kaupmenn og stendur sín innfærsla um sama efnið í bók hvors um sig, en ber eigi saman, þá hefir hvorug innfærslan sérstakt sönnunargildi.

9. gr.

Nú vill kaupmaður hagnýta sér sönnunar-gildi bókar sinnar, og skal hann þá leggja hana fram til sýnis fyrir dómaranum, eða þá endurrit af henni (eða því úr henni, sem máli skiftir), er staðfest sé af notarius publicus. Sé endurrit notað, verður því að fylgja vottorð notarius um, að bókin sé, að því er af útliti verður séð, löglega rituð og skipulega.

10. gr.

Tilskipun frá 13. júni 1787 II. kapituli 17. og 18. gr. um viðskiftabækur er úr gildi feld.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Ed.

652. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stjórn landsbankans eru 2 bankastjórar, er ráðherra skipar, og einn ráðunautur, sem skal vera lögfræðingur, kosinn af sameinuðu alþingi til 4 ára í senn.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, öðrum eða báðum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal hann þeim grein fyrir skriflega, hvað veldur.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans, og stýra þeim með aðstoð ráðunauts.

Nákvæmari fyrirmæli um sambandið milli bankastjóra sín í milli og bankastjóra og ráðunauts, verða ákveðin í reglugjörð, er ráðherra setur.

4. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. — Bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjóranna.

Nú er annarhvor bankastjóranna forfallaður og undirskrifar þá ráðunautur í hans stað. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varða, sker atkvæði ráðunauts úr.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun kr. 4000,00 hvor og ráðunautur kr. 1200,00. Bókari hefir að launum kr. 3000,00 og féhirðir kr. 2400,00 auk $^1/_5\,^0/_{00}$ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í féhirslu bankans eða úr, alt að kr. 2600,00. Féhirði ber að setja hæfilegt veð, er ráðherra tiltekur. — Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi né aðra atvinnu. — Auk framangreindra launa fá bankastjórar í gróðahlutdeild 10% af því, er afgangs verður að greiddum 1% af seðlaskuld bankans í lands-

sjóð, 1% í byggingarsjóð opinberra bygginga og 2% í varasjóð. Þó má upphæð sú eigi hærri vera en alt að kr. 2500,00 til hvors þeirra.

Fari hinn núverandi bankastjóri frá bankanum í lifanda lífi, skal hann fá í eftirlaun 4000 kr. árlega.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. — Ráðherra getur og hvenær sem er látið rannsaka allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar né sýslunarmenn bankans vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1910 og er úr gildi numinn IV. kafli í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka svo og lög nr. 24, 2. okt. 1891, breyting á lögum um stofnun landsbanka og lög nr. 37, 23. okt. 1903 um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24, frá 2. okt. 1891.

Ed.

653. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aðflutningsbann á áfengi.

Frá nefndinni.

1. Á eftir orðinu »próföstum« í 2. gr. bætist inn í: þjóðkirkjunnar.
2. Í stað orðanna »merktur er« í niðurlagi 7. gr. komi: farið er með.

Ed.

654. Frumvarp

til laga um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Engan áfengan drykk má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. grein, og farið sé með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4$ % af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva, og í sér hafa fólgið slíkt áfengi, skal fara með sem áfengan drykk.

2. gr.

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara þvílíkra stofnana að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og héraðslæknum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem þeim er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá. Enn skal smáskamtalæknum heimilt að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests Að lokum skal próföstum og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sé til altarisgöngu þó í því sé meira af vínanda en $2^1/_4$ %.

3. gr.

Alt áfengi, sem flutt er til landsins frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, skal fyrst flytja á land í Reykjavík. Þar skal landsstjórnin skipa sérstakan umsjónarmann áfengiskaupa, og hefir hann á höndum umsjón og eftirlit með áfengiskaupum, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Umsjónarmaður hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðast úr landssjóði. Svo fær hann og borgun fyrir húsrúm undir áfengisbirgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald bréfa. Ennfremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar.

4. gr.

Nú hefir maður heimild til áfengisflutnings frá útlöndum eftir lögum þessum, og vill hann neyta þessarar heimildar sinnar, og skal hann þá í tæka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar áfengi og hve mikið hann vill fá og frá hverju verzlunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni borgun fyrir flutning til Reykjavíkur og uppskipun þar. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða þeim vínsölumanni, sem hún er stíluð til, og beiðist þess, að áfengið sé sent til sín. Skal umsjónarmaður, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sér með rannsókn, að áfengissendingin sé eigi önnur eða meiri en um var beðið. Nú reynist

áfengið annað eða meira en um var beðið og skal umsjónarmaður þá endursenda sendanda það tafarlaust, ef annað er en um var beðið, eða það sem umfram reynist, enda er skipstjóra, sem flutti, eða útgerðarmanni skips, skylt að taka við því án borgunar á farmgjaldi. Að því búnu skal hann, eftir fyrirsögn efnafræðings landsins, sem skyldur er að láta honum aðstoð sína í té, blanda það áfengi, er til iðnaðarfyrirtækja eða eldsneytis er ætlað, þeim efnum, er gera það óhæft til drykkjar, án þess það þó missi notagildi sitt til þess sem það er ætlað. Því næst skal umsjónarmaður merkja áfengið með embættisinnsigli sínu og segja eiganda til. Eiganda skal þá heimilt að vitja þess, en gjalda skal hann þá um leið kostnað þann, er af blönduninni hefir leitt.

Nú líða svo 12 mánuðir frá tilkynningu umsjónarmanns áfengiskaupa um aðflutning áfengis, að sá hirðir ekki áfengið, er pantað hefir, né lýsir heldur yfir þeirri ósk, að áfengið sé á hans kostnað endursent seljanda, og er þá áfengið með umbúðum eign landssjóðs. Allan ógreiddan kostnað, er leitt hefir af aðflutningnum, má þá taka lögtaki hjá þeim, er áfengið hefir pantað, samkvæmt lögum 16. desember 1885.

Umsjónarmaður ber enga ábyrgð á greiðslu andvirðis fyrir það áfengi sem aðflutt er.

5. gr.

Skylt er hverjum skipstjóra, er frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort hann hafi nokkurt áfengi til flutnings fyrir aðra menn, og þá hve mikið. Hann skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfengi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum, meðan hann er í höfnum inni eða í landhelgi við Ísland, að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi eða leyfa öðrum skipverjum að láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til annarra manna en þeirra, sem eru lögskráðir skipverjar.

Skipstjóri er sekur við lög þessi, ef hann brýtur það, er nú var mælt.

Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi, frá útlöndum, sem ekki er ætlað til skipsforða og ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát og ábyrgist skipstjóri, að innsiglin séu ekki brotin eða úr ílátunum tekið fyr en skipið er farið alfarið burt frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsigli séu heil og ekkert hafi verið tekið úr ílátunum.

6. gr.

Nú strandar skip hér við land og hefir meðferðis áfengi til umsjónarmanns áfengiskaupa eða frá honum, og skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og gæta þess, að ekki sé í þau farið. Hann skýrir þegar í stað lögreglustjóra frá, en lögreglustjóri setur embættisinnsigli sitt fyrir ílátin og kemur þeim til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða á annan hátt láta af hendi til annarra manna, en skýra skal hann með fyrstu ferð réttum eiganda frá björgun áfengisins. Kjósi hann innan 12 mánaða að það sé sent sér á sinn kostnað, skal það gert; ella sé það eign landssjóðs.

Sé um skipsforða að ræða, fer um meðferð áfengisins og tilkynning til skipseiganda svo sem fyrir er mælt í grein þessari hér að framan, nema það hafi verið gert óhæft til drykkjar undir umsjón lögreglustjóra, eða eigandi hafi látið flytja það úr landi innan 12 mánaða.

Nú er ókunnugt um eiganda strandgóss og skal þá áfengið eign landssjóðs ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn.

7. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið annan en þann, sem annaðhvort er merktur embættisinnsigli umsjónarmanns áfengiskaupa, svo sem fyrir er mælt í 4. grein laga þessara, eða þá þann drykk, sem um getur í 6. og 10. grein og merktur er eftir fyrirmælum þeirra greina, nema læknislyf sé úr lyfjabúð eða frá lækni.

8. gr.

Öllum, sem samkvæmt lögum þessum hafa heimild til innflutnings á áfengi, er óheimilt að veita það, gefa, selja eða láta af hendi til annara manna, nema það sé áður gert óhæft til drykkjar.

Þó mega lyfsalar og héraðslæknar selja mönnum áfenga drykki eftir lyfseðli löggiltra lækna, en þó ekki oftar en einu sinni eftir sama lyfseðli. Um sölu lyfja þeirra, er áfengi er í, setur landlæknir reglur því til tryggingar að áfeng lyf verði eigi höfð til neyzlu, heldur eingöngu til lækninga.

9. gr.

Veitingamenn og vínsölumenn, þeir sem leyfi hafa til vínsölu hér á landi, samkv. lögum nr. 26, 11. nóv. 1899, um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega, eftir 1. jan. 1915, ekkert selja hér á landi af áfengisbirgðum þeim, er þeir þá hafa, gefa, veita eða láta af hendi til annarra manna. Skulu lögreglustjórar hver í sínu umdæmi þá þegar skyldir til að rannsaka áfengisbirgðirnar, og innsigla þær. Áður en 12 mánuðir eru liðnir, skulu eigendur áfengisins skyldir til að flytja birgðirnar eða láta flytja þær burt af landi, og skulu lögreglustjórar hafa nákvæmt eftirlit með að það sé gert. En alt það áfengi, sem þá er ekki útflutt, skal vera eign landssjóðs.

Frá þeim degi er lög þessi verða staðfest, má ekkert leyfi til vínsölu né vínveitinga veita hér á landi, né endurnýja eldri leyfi.

10. gr.

Um leið og ákvæði 1. greinar um bann gegn aðflutningi áfengis hingað til lands ganga í gildi, skulu lögreglustjórar rannsaka áfengisbirgðir þeirra manna, sem vínsöluleyfi eða vínveitingaleyfi hafa. Jafnframt skulu þeir semja nákvæma skýrslu yfir áfengisbirgðirnar og merkja öll áfengisílát glöggu heimildarmerki á þann hátt, er stjórnarráðið skipar fyrir um.

Þessi rannsókn áfengisbirgða skal endurtekin á 6 mánaða fresti meðan vínsölumenn og vínveitingamenn halda söluheimild innanlands og skulu þá jafnfram ónýtt heimildarmerkin á þeim ílátum, sem tæmd eru.

11. gr.

Þær áfengisbirgðir, sem einstakir menn kunna að hafa í vörzlum sínum 1. janúar 1915 er ekki skylt að flytja burtu úr landinu, en eigendur þeirra skulu skyldir að gefa lögreglustjóra vottorð, að viðlögðum drengskap, um hverjar og hve miklar birgðir þeir hafi. Slík vottorð skal síðan gefa, um hver áramót, um hverjar og hve miklar birgðir séu óeyddar, unz birgðirnar eru þrotnar.

Áfengi það er hér ræðir um, má aldrei flytja burt af heimili eiganda, nema hann flytji sjálfur búferlum, eða það sé áður gert óhæft til drykkjar.

12. gr.

Nú er maður grunaður um óleyfilegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis, og má þá gera heimilisrannsókn hjá honum eftir dómsúrskurði, ef það er talið nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilisrannsóknina, að áfengi sé í vörzlum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að skýra frá því, hvernig standi á birgðunum. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

13. gr.

Nú sést maður ölvaður, og skal þá heimilt að leiða hann fyrir dómara. Skal hann skyldur til að skýra frá, á hvern hátt hann hafi ölvaður orðið, og þá hvernig og hjá hverjum hann hafi fengið áfengið.

14. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða í fyrsta sinn sektum frá 200—1000 kr.

Brot í annað sinn varðar sektum frá 500—2000 kr.

Brjóti nokkur oftar gegn ákvæðum þessarar greinar varðar það sektum frá 1000—5000 kr.

Fjárnám fyrir sekt á hendur skipstjóra má gera í skipi hans.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign landssjóðs.

15. gr.

Nú sannast það á skipstjóra, að hann skýrir lögreglustjóra rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, og skal hann þá sekur um 200—1000 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við samkvæmt lögum og má gera fjárnám fyrir sektunum í skipi hans.

Brot gegn þeim ákvæðum í lögum þessum, er óheimila að veita, gefa, selja eða á annan hátt láta af hendi áfengi til annara manna, varða sektum 50—500 kr., ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum. Ef brot er ítrekað, varðar það sektum frá 100—1000 kr.

Sama hegning liggur og við því, ef lyfsali lætur áfengi af hendi án skriflegrar læknisforskriftar eða oftar en einu sinni eftir sama læknisseðli.

16. gr.

Brot gegn 7. gr. laga þessara varða sektum 50—1000 kr. og skal hið flutta áfengi ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

17. gr.

Nú verður læknir sannur að sök um að hafa látið af hendi læknisseðil um áfengi í þeim tilgangi að það verði notað öðruvísi en sem læknislyf, og skal hann þá í fyrsta sinn sekur um 100—1000 kr., og skal sektin tvöfaldast, sé brotið endurtekið. Verði læknir sannur að sök um slíkt oftar en tvisvar, má svifta hann læknisleyfi um stundarsakir, eða að öllu, ef miklar sakir eru.

18. gr.

Allar sektir eftir lögum þessum renna í landssjóð.

19. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Sveitarstjórnum og lögreglustjórum er sérstaklega skylt að sjá um að lögum þessum sé hlýtt.

21. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku og svo mörg eintök að nægi til að senda dönskum verzlunarfulltrúum í öðrum löndum.

22. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi þau ákvæði laga nr. 26, 11. nóv. 1899 og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

23. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er öðru vísi ákveðið í lögum þessum, koma þau til framkvæmdar 1. jan. 1912.

Nd. **655. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Flutningsmaður Þorleifur Jónsson.

Við 13. gr. C. 2. Aftan við liðinn komi:
Af þessari upphæð veitist til gufubátaferða frá Reykjavík til Hornafjarðar og Papóss í A.-Skaftafellssýslu alt að 15,000 kr. hvort árið.

Nd. **656. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 22. gr. Á eftir 5. lið komi nýr liður:
Heimilt er að framlengja um 3 ár frest á afborgun af láni Erlendar Þórðarsonar, Guðmundar Jónssonar og Guðna Jónssonar til tóvinnuverksmiðju að Reykjafossi í Ölfusi, sem veitt er á fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, að upphæð 20,000 kr.

Nd.

657. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 22. gr. 15. lið: Í staðinn fyrir 10,000 kr. komi: 20,000 kr.

Nd.

658. Varabreytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911 (586).

Frá Eggert Pálssyni.

Við 22. gr. 8. Í staðinn fyrir »með $4^1/_2$% — 25 árum« komi: með 6% í vöxtu og afborgun á 28 árum.

Nd.

659. Viðaukatillaga

við breytingartillögu fjárlaganefndarinnar á þingskjali 674 við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Flutningsm. Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. C. 2.

Aftan við athugasemdina komi svohljóðandi málsgrein:

Svo veitist stjórninni og heimild til að gera samning um gufuskipaferðirnar um alt að 10 ára tímabil með sama árlegum styrk, ef mun betri ferðir fást með því móti, ef kælirúm fást í minst tveimur skipunum, er fara milli landa, og ef minst eitt skip fari nokkrar ferðir á ári milli Hamborgar, Leith og Íslands.

Nd.

660. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir 1910 og 1911.

Frá H. Hafstein, 1. þm. Eyf.

Við 13. gr. A. 2. Í stað »8000« komi 15000. Aðalupphæð liðsins verði í stað »50,000—50,000« 57,000—57,000.

Nd. **661. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

Frá meiri hluta Tollmálanefndarinnar.

Við 1. gr. Á eftir orðinu »tígulsteinum« bætist inn í: tómum tunnum.

Nd. **662. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Á eftir 15. gr. 34. komi nýr liður svo hljóðandi:

Til Sighvats Gr. Borgfirðings, til að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík . . . 200 kr. f. á.

Töluliðir í frumvarpinu breytist þessu samkvæmt.

Nd. **663. Breytingartillögur**

við frumv. til fjárlaga árin 1910—1911.

Frá Jóni Sigurðssyni.

1. Við 15. gr. 20.
   Fyrir 1000—1000 komi 1200—1200.
2. Við 15. gr. 22.
   Fyrir 800—800 komi 1000—1000.

Nd. **664. Frumvarp**

til laga um löggildingu Dalvíkur.

Flutnm.: Stefán Stefánsson Eyf. og Hannes Hafstein.

1. gr.

Dalvík við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed.

665. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um vátrygging fyrir sjómenn.
Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu »bæjarfógeta« komi: þar sem báturinn gengur.
2. — 2. — Á eftir skráningarstjóra í 3. línu að neðan komi i stað orðanna »og skal hann« komi: »Skráningarstjóri skal.«

Nd.

666. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga 1910 og 1911.
Flutningsmenn. Björn Þorláksson. Sigurður Gunnarsson.
Hálfdán Guðjónsson. Magnús Blöndahl.

Við 15. gr. 22.
Fyrir »800—800« komi 600—600.
Við 15. gr. 23.
Fyrir »600—600« komi 300—300.
Við 15. gr. 24.
Fyrir »600—600« komi 300—300.

Nd.

667. Nefndaràlit

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 31, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða.

Nefndin hefir ekki orðið sammála öll, en meiri hlutinn leggur til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 27. apríl 1909.

Jón Ólafsson, framsögum. Benedikt Sveinsson.
Sigurður Sigurðsson. Eggert Pálsson.

Eg gat ekki orðið meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumvarp þetta. Eg tel lögin frá 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða góð og gagnleg. Enginn efi er á því, að flestum dugandi bændum er það mjög að skapi að eignast ábýlisjarðir sínar. Og þó að mörgum veitist erfitt að borga, verður starfshvötin altaf mest hjá þeim, sem búa á sjálfs sín eign. Annað ráð betra verður ekki fundið til að tryggja góða ábúð á jörðum í þessu landi, og knýja það bezta fram í mönnunum sjálfum, en hlynna að því sem bezt, að ábúendur geti fengið keyptar jarðirnar. Lögin um sölu þjóðjarða, kirkjujarða, og ennfremur lögin um forkaupsrétt leiguliða, stefna öll að því sama: að efla sjálfsábúð í landinu. Og hér hefir löggjafarvaldið bygt á hugsunarhætti og vilja bændanna, þeim, að vera frjálsir menn öðrum óháðir, vitandi að þeir séu að vinna fyrir sjálfa sig og niðja sína í hvert sinn, er þeir gera einhverja gagnlega jarðabót.

Eg sé því enga ástæðu til, að löggjafarvaldið fari nú að taka aftur með annari hendinni það sem það hefir gefið með hinni. Auk þess gæti það fælt margan góðan mann frá því að fala til kaups jörð annars manns, ef hann þyrfti svo mánuðum skifti að bíða eftir svari landsstjórnarinnar um það mál (2. gr.), enda mundi það verða báðum málspörtum, kaupanda og seljanda, mikill óleikur. Þá er ekki lítið vafstur við að meta jörðina af nýju með gögnum og gæðum, ef landsstjórninni þóknaðist að kaupa. Eg held bagalaust sé að lofa stjórninni að vera áhyggjulausri um þessar sakir, en lofa sveitarfélögunum heldur, ef þeim svo sýnist, að nota forkaupsrétt sinn eftir gildandi lögum.

Eg ræð því hinni háttv. deild til að fella frumvarp þetta.

Jón Jónsson, þm. N.-M.

Nd.

668. Frumvarp

til námulaga.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. kafli.

Um málmleit.

1. gr.

Sérhverjum skal heimilt samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir að leita málma og málmblendinga í jörðu eða landi, sem er óskift eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfélaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs- og lénskirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi, og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða, og lögum nr. 50 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða.

2. gr.

Sá, sem vill málmleit gera, skal hafa málmleitarbréf og sýna það jarðarábúanda áður en hann byrjar málmleit. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er bréfið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótast, af málmleitinni. Tryggingu þessa getur málmleitarmaður þó komist hjá að setja, ef hann lýsir því yfir skriflega, að hann ætli sér ekki að gera neitt jarðrask á túnum eða í matjurtagörðum jarðanna, þar sem hann ætlar sér að leita, og skal það þá tekið fram í málmleitarbréfinu, að hann hafi ekki rétt til að leita að málmum, sem jarðrask fylgir í túnum eða matjurtagörðum, nema trygging sé sett. Eigi má þó krefjast hærri tryggingar en sem nemur 200 krónum.

Málmleitarbréf gefur lögreglustjóri, og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir, eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna hverir þeir séu.

Málmleitarbréf gildir 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda.

Leyfisbréf til málmleitar á almenningum og öðrum landssvæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, gefur lögreglustjóri sá einnig út, sem næstur er, og skal leitarsvæðið til tekið.

Útlendingar og innlendir menn, sem dvelja langvistum erlendis, skulu um leið og þeir beiðast málmleitarbréfs og tilkynna málmfund, tilkynna lögreglustjóra skriflega, hver sé umboðsmaður þeirra hérlendis; að öðrum kosti má eigi veita þeim málmleitarbréf né taka málmfundartilkynningu þeirra til greina.

Fyrir málmleitarbréf skal greiða 2 krónur í landssjóð.

3. gr.

A túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, sem liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra, má málmleit eigi gera, án leyfis jarðarábúanda. Á alfaravegum má ofanjarðar málmleit eigi fara fram, og alls enginn málmgröftur í kirkjugörðum eða grafreitum.

Ef málmleit fer fram með öðrum áhöldum en hökum og skóflum, eða áþekkum áhöldum, í minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður, að viðlagðri hæfilegri sekt, alt að 50 krónum, gerá íbúum hússins viðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja vörð á veginn til að viðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk sektarinnar, bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

4. gr.

Nú er gerð gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gerði, hvort sem er á eigin landi eða annarra, halda uppi gripheldri girðingu um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sér að voða. Ef hætt er grefti, skal sá er gerði annaðhvort fylla gryfjuna, eða girða hana tryggilega. Vanræki hann þetta, sæti hann alt að 50 króna sekt og bæti skaða þann, sem af kann að hljótast.

5. gr

Sá sem hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum 5—50 króna, og bæti þar að auki málmleitarmanni allan skaða, sem hann sannar, að hann hafi beðið við það.

6. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess að fyrir sé málmur, og skal hann þá, svo framarlega sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynningu í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra. Í tilkynningunni skal nákvæmlega tilgreina fundarstaðinn, málmtegundina og tilnefnda 2 votta, er á hann geti vísað. Lögreglustjóri skal rita á tilkynningarnar ár og dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar maður síðustu 2 árin þar á undan sent á lögmætan hátt tilkynningu um málmfund á sama svæði, skal lögreglustjóri rita athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð, en lögreglustjóri ritar hitt eintakið orðrétt með athugasemdum sínum í námubréfabókina.

Finnandi skal því næst annast um, að þeim, sem landið hefir til nytja, sé birt innan 8 vikna að viðstöddum 2 vottum, að tilkynning um málmfund hafi fram farið.

Tilkynning um málmfund skal tekin fullgild, þótt finnandi hafi eigi fengið málmleitarbréf áður en hann tilkynti málmfundinn, svo framarlega sem hann hefir eftir lögum þessum rétt til að fá greint bréf.

2. kafli.
Um málmgraftarbréf.

7. gr.

Heimill er málmgröftur til allra málma og málmblendinga á landssvæðum þeim, sem getur um í 1. grein.

8. gr.

Nú vill sá, sem fundið hefir vott um að málmur sé fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 2 ára frá tilkynningu um fundinn, sbr. 6. gr., senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra. Í umsókninni skal tilgreint til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa.

Frá þeim tíma er tilkynningin um fundinn fór fram, samkvæmt 6. gr., og til loka þessara 2 ára getur síðari málmfundur ekki svift fyrri finnanda rétti til útmælingar þeirrar, er 3. kafli laga þessara heimilar honum.

Sé aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan þessara 2 ára, er hverjum heimilt að hagnýta sér málmfundinn, sem finnandi væri.

Lögreglustjóri ritar þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst honum, og gefur síðan út málmgraftarbréf. Skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og í hvaða jörð eða hvar málmfundarstaðurinn sé.

Eigi má neita neinum um málmgraftarbréf, sem tilkynt hefir málmfund, en fari svo, að fleiri en eitt bréf verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgangsrétt, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraftarbréf skal innfæra orðrétt í námubréfabók.

9. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandaréttur að, eða gera tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr námum og við námur, sem hætt hefir verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 12 mánaða frá því tilkynningin var gerð, skal tilkynnandi, að viðlögðum réttarmissi, fá málmgraftarbréf hjá lögreglustjóra.

10. gr.

Fyrir málmgraftarbréf skal greiða 25 kr. í landssjóð. Fái sá, er málmgraftarbréf hefir fengið, fleiri útmælingar en eina á því svæði, greiði hann fyrir hina síðari námuteiga aðeins leigugjaldið til landssjóðs samkvæmt 17. gr. fyrir hvern námuteig.

3. kafli.

Um útmæling undir námu og um námubrunna.

11. gr.

Hver sá, sem fengið hefir málmgraftarbréf fyrir málmfundarstað (8. gr.) á heimtingu á að fá útmælt námusvæði, og næga lóð undir hús fyrir námuverkafólk, námuafurðir, vélar og uppgröft, annaðhvort á sjálfu námusvæðinu eða utan við það.

Sá, sem fengið hefir útmælt námusvæði, samkvæmt ákvæðum þessa kafla á einn rétt til málmnáms á því.

Hver sá, sem fyrst hefir tilkynt málmfund, og rétt hefir samkvæmt lögum þessum til að fá útmælingu, getur krafist að fá 2 útmælingar, sem nefnast námuteigar, á sama námusvæði (í æð eða lagi), fyrir utan lóð undir hús fyrir verkafólk, námuafurðir, vélar og fyrir uppgröft. Sá sem síðar tilkynnir málmfund á sama stað, og rétt hefir til að fá útmælingu, skal eig ifá meira en 1 námuteig.

12. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra; framkvæmir hann útmælingarnar og færir gerðina í námubréfabókina og afhendir beiðanda staðfesta útskrift úr henni. Útmælingarbeiðandi lætur lögreglustjóra í té nauðsynleg áhöld og aðstoð.

13. gr.

Námuteigur skal vera 100,000 ferhyrningsmetrar að flatarmáli. Liggi málmurinn í lagi skal teigurinn vera jafnhliða rétthyrndur ferhyrningur, en liggi hann í æð eða æðum, skal sá, er útmælingar beiðist, sjálfur tiltaka stefnu námuteigsins og hlutfall milli lengdar og breiddar, en breiddin má þó ekki vera minni en 100 metrar.

Takmörk útmælingar skulu vera lóðrétt í jörð niður.

14. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en mæla má í hverja þá stefnu er sá óskar, er útmælingar beiðist, svo framarlega sem það ekki kemur í bága við réttindi annara eftir lögum þessum.

15. gr.

Innan 6 mánaða í síðasta lagi frá því útmælingar hefir verið krafist, skal lögreglustjóri láta hana fram fara, ef óviðráðanlegar tálmanir hindra ekki.

16. gr.

Lögreglustjóri ákveður hvaða dag útmælingin skuli fara fram, og tilkynnir það beiðanda í tækan tíma, svo hann geti verið viðstaddur eða umboðsmaður fyrir hann; svo skal lögreglustjóri og tilkynna það með ábyrgðarbréfi þeim, sem hefir umráðarétt yfir landinu, og þeim, sem rétt hafa til málmgraftar, eða lýst hafa málmfundi á sama stað, svo og umboðsmönnum þeirra manna, sem eiga að hafa umboðsmenn á hérlendis (2. gr.)

17. gr.

Fyrir útmæling hvers námuteigs, 100.000 ferhyrnings metra, skal greiða lögreglustjóra 40 krónur og að auki ferðakostnað og dagpeninga samkvæmt lögum nr. 2, 2. febrúar 1894, 4. og 6. gr.

Enn fremur greiði námuhafi til jarðareiganda, (landssjóðs eða kirkju) árlegt leigugjald, 50 krónur fyrir hvern námuteig, og til jarðarábúanda 10 krónu. Auk þess greiði námuhafi jarðarábúanda lóðargjald fyrir hús og byggingar á námustaðnum, 5 aura fyrir hvern ferhyrningsmeter, sem hús standa á.

18. gr.

Innan 2 ára frá því útmæling fór fram skal námuhafi byrja á reglulegum námugrefti, ef náman liggur ekki lengra frá sjó en 10 kílómetra, þar sem þilskip geti tekið málminn, innan 3 ára, ef náman liggur fulla 20 kílómetra frá slíkum hafnastað, og svo einu ári síðar fyrir hverja 10 kílómetra úr því, sem vegalengdin eykst, þó eigi lengur en 8 ár. Eftir þann tíma missir námuhafi rétt sinn nema hann vinni árlega í námunni fyrir að minsta kosti 150 krónur til rannsóknar henni, eða greiði árlega 100 krónur í landssjóð auk gjalda þeirra, sem ákveðin eru í 2. málslið 17. gr.

Nú er ekki byrjað á reglulegum námurekstri 8 árum eftir að námurekstur skyldi byrja, eða að námurekstur legst niður 8 ár samfleytt eftir að reglulegur námurekstur var byrjaður og hefir námuhafi þá að fullu fyrirgert námurétti sínum.

Vegalengdin skal talin eftir því sem almennir vegir liggja að hafnarstaðnum frá námunni, séu þar nokkurir vegir, en annars beinustu leið, þar sem torfærur eru minstar að hafnastaðnum.

Verði ágreiningur um vegalengdina, getur lögreglustjóri látið mæla hana á kostnað námuhafa

19. gr.

Nú ganga menn í félag, er útmælingar hafa fengið, og er þá eigi skylt fyrir námugraftarins sakir, að hafa nema einn námubrunn á félagssvæðinu.

4. kafli.

Um vegi, vatnsafnot og bryggjugerð.

20. gr.

Sérhver sá, er fengið hefir útmælt námusvæði, á rétt á að leggja vegi yfir land jarðarinnar fyrir flutning að og frá námunni, hvert sem hann þarfnast, svo og að gera fyrirhleðslu fyrir vatn. Vegir þessir og fyrirhleðslur mega þó ekki liggja yfir tún eða matjurtagarða, nema ábúandi samþykki; og verði að leggja veg eða fyrirhleðslu yfir engjar jarðar, getur lögreglustjóri heimtað að hæfileg trygging sé sett fyrir því að jarðspell, sem af vegalagningu eða fyrirhleðslu stafar, verði bætt að fullu.

21. gr.

Heimilt er námuhafa að nota vatn eftir þörfum við námureksturinn, en eigi má hann að neinu leyti rýra vatnsból né áveituvatn ábúanda, ef náman liggur á ábúðarjörð, nema með hans samþykki.

Ennfremur er námuhafa heimilt að nota vatn og vatnsafl til reksturs véla og til málmþvottar við námuna, að svo miklu leyti sem það ekki þegar er notað til reksturs annars iðnaðar.

Nú er skortur á vatni á námustaðnum eða í nánd við hann, og á sá, er fyrstur tilkynti málmfund forgangsrétt að afnotum vatns og vatnsafls eftir þörfum.

22. gr.

Ef jörð, sem náma finst í, liggur að sjó, á námuhafi rétt á að byggja bryggju eða hafnarkví við sjóinn, til þess að greiða fyrir fermingu og affermingu skipa, þó svo, að eigi sé spilt æðarvarpi eða laxveiði jarðar.

23. gr.

Nú spillist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en geri hann það ekki, hefir hann fyrirgert námurétti sínum; þó nær þetta ekki til þess, er fyrst hefir tilkynt málmfund á þessu svæði.

24. gr.

Reksturs frestur sá, sem um getur í síðasta málslið 18. greinar fellur burt. ef náma veldur vatnsrensli í nágranna námu, nema námurekandi sá, sem fyrir vatnsaðsókninni verður, láti það óátalið eða úr sé bætt. Ákvæði þessi gilda þó ekki fyrir þann, sem fyrstur tilkynti málmfund á þeim stað.

5. kafli.

Um rekstur námu og eftirlit.

25. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugjörð um rekstur námu, skal þar meðal annars sett ákvæði er miða að því, að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur séu tryggilega grafnar, að greinileg mörk séu sett í kringum útmæld námusvæði og um afrensli vatns frá námu; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda.

Fyrir brot á móti reglugerð má ákveða sektir alt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggi við eftir öðrum lögum.

26. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefir borið, eða tekið hefir verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sérstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur til stjórnarráðsins.

Stjórnarráðinu skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gera nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metra, og síðar verði bætt við uppdráttinn er náman stækkar.

6. kafli.

Um niðurlagning námu.

27. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda þeim, er hættir við námuna, heimilt að nota uppgröftinn úr henni, þótt annar byrji að reka námuna, ef hann byrjar eigi síðar að nota uppgröftinn en 12 mánuðum eftir að náman lagðist niður.

28. gr.

Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt, tilkynna það lögreglustjóra 2 mánuðum áður, svo og hvort hann ætli að nota uppgröftinn. Jafnframt skal hann senda uppdrátt þann, sem gerður kann að hafa verið af námunni. Tilkynningar þessar skulu innfærðar í námubrjefabókina.

29. gr.

Nú er námurekstri hætt, eða rétturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því, eða flytja neitt burt af því, sem gert hefir verið til að halda námunni og göngum hennar tryggum. En loka skal hann námunni tryggilega, svo að menn eða alidýr geti ekki farið sér að voða.

Brot á móti ákvæðum þessarar greinar varða sekt alt að 1000 kr.

7. kafli.

Almenn ákvæði.

30. gr.

Fyrir jarðspell, er málmleit og námurekstur kann að hafa í för með sér, skal, ef hlutaðeigendur verða eigi á annað sáttir, greiða fullar bætur eftir mati þriggja óvilhallra dómkvaddra manna. Bæturnar greiði málmleitandi eða námueigandi, og renna þær til jarðeiganda, og bæti hann ábúanda halla þann, er hann kann að verða fyrir.

31. gr.

Auk námubréfabókar þeirrar, er gert er ráð fyrir í lögum þessum, skal lögreglustjóri hafa námuregistur, þar sem hver námustaður hefir sinn sérstaka dálk, og skal alt það, sem að einhverju leyti leggur námuréttarbönd innfært á dálk staðarins og jafnframt vísað til gerðarinnar í námubréfabókinni.

Samkvæmt þessum bókum skal lögreglustjóri gefa hverjum, sem þess æskir, námubréfabókarvottorð gegn 1 kr. gjaldi í landssjóð.

32. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubækur lögreglustjóra.

33. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er getur um í 25. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er þau eru birt í Stjórnartíðindunum og frá sama tíma eru námulög nr. 61, 22. nóv. 1907 úr gildi fallin.

Nd. **669. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911 (Þingskj. 586).

Flutningsmaður: Sigurður Gunnarsson.

Við 22. gr. 2. Í staðinn fyrir orðin: »Lánið ávaxtast . . . á 25 árum« komi: Lánið endurborgast með 6 % í afborganir og vexti á 28 árum.

Nd. **670. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Magnúsi Blöndahl.

Við 16. grein 4. a. Í staðinn fyrir 20,000 komi: 10,000.

Nd. **671. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910—1911.

Flutningsmaður Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. C. 2.

Aftan við liðinn komi svo hljóðandi athugasemd:

Stjórninni veitist heimild til að gera samning um gufuskipaferðir þær sem gert er ráð fyrir í fyrsta lið um alt að 10 ára tímabil, með sama árlegum styrk, þó þannig, að ef alþingi á þessu tímabili ákveður, að landssjóður taki sjálfur að sér gufuskipaferðirnar að nokkru eða öllu leyti, þá falli samningur sá úr gildi.

Nd.

672. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).
Frá ráðherra.

1. Við 13. gr. B. II. Eftir Reykjadalsbraut (II. 2.) komi: 3. Fagradalsbraut 3000 kr. hvort árið, — liðatalan breytist eftir því.
2. — — — B. III. Eftir 3. tl. komi: Lagarfljótsbrúarvegur 4000 kr. f. á.
3. — 16. — 23. lið. Fyrir »Styrkur . . . 800 kr.« komi: Til byggingafróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar 1600—1600 kr.
4. — 18. — Fyrir «Til fyrv. fangavarðar . . . 800 kr.« komi: Til ekkju fyrv. fangavarðar Sigurðar Jónssonar 300 kr.

Nd.

673. Breytingartillaga

við breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga 1910—1911 á þingskjali 656.
Frá fjárlaganefndinni.

Á eftir upphafsorðunum »Heimilt er« komi: með samþykki sýslunefndar Arnessýslu.

Nd.

674. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir 1910—1911.
Frá fjárlaganefndinni.

Við 13. gr. A. 2. Fyrir »50,000—50,000« komi: 54,000—54,000.
Fyrir »8,000 kr.« í athugasemdinni komi: 12,000.

Við 13. gr. C. Aftan við C 2 komi svohljóðandi athugasemdir:

Stjórninni veitist heimild til að gera samninga um gufuskipaferðirnar er gildi næstu tvö ár, að því tilskildu:

Að strandferðum og millilandaferðum verði hagað svo, að þær verði eigi minni né lakari en ferðir þær, er hið sameinaða gufuskipafélag nú býður, og eru áætlanir um þær ferðir á þingskjali 659.

Að skipin verði eigi lakari en þau, sem þar eru nefnd, og sé eitt skipið með kælirúmi vel hæfu til fisk- og kjötgeymslu milli landa, og fari 9 ferðir um líkt leyti og þar er gert ráð fyrir.

Að viðkomur í Færeyjum séu ekki fleiri en í gildandi áætlun hins sameinaða gufuskipafélags.

Að farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, og fargjöld eigi heldur, nema milli landa á hraðskreiðasta skipinu.

Að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðs-

skrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og ennfremur að því tilskildu, að fluttir séu innflytjendur (immigrantar) til Íslands fyrir samsvarandi gjald því, sem hið sameinaða gufuskipafélag hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands.

Við 16. gr. A eftir 22. lið komi nýr liður svohljóðandi:
Til viðskiftaráðunauta alt að 12,000—12,000.

Ed. **675. Fyrirspurn**

til ráðherra út af setning nefndar til að rannsaka hag Landsbankans og gerðir bankastjórnarinnar.

Frá Lárusi H. Bjarnason og Aug. Flygenring.

Hvað kemur til, að landsstjórnin hefir sett 3 manna nefnd til þess að rannsaka hag Landsbankans og gerðir bankastjórnarinnar að fornu og nýju.

Ed. **676. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Söfnuði Móðruvallaklausturssóknar veitist undanþága frá lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890, að því er snertir afhending kirkjusjóðsins í hinn almenna kirkjusjóð.

Nd.

677. Frumvarp

til laga um vátrygging fyrir sjómenn.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.

1. gr.

Það skal eftirleiðis vera skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er lögskráðir eru á íslenzk skip, hvort sem þeir stunda fiskiveiðar, eru í förum með fram ströndum landsins eða landa á milli.

Ennfremur er skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélarbátum eða róðrarbátum, sexæringum eða stærri minst eina vertíð á ári.

2. gr.

Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar.

Þegar formaður á vélarbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið háseta sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr.

Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 18 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Þriðjung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.

Útgerðarmaður þilskips greiðir skráningsstjóra gjald þetta fyrir sig og fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupi þeirra eða hlut, og innheimtir skráningarstjóri það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. — Formaður vélarbáts eða róðrarbáts greiðir gjaldið fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum hásetanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok desembermánaðar ár hvert að frádregnum 2 % innheimtulaunum af þilskipum og 4 % af vélarbátum og róðrarbátum, og gengur helmingurinn af hinu síðarnefnda gjaldi til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

4. gr.

Vátryggingarsjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Landsstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja.

A ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til, að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóðnum.

5. gr.

Nú druknar sjómaður eða deyr af slysförum á skipi á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina 100 kr. á ári í næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

6. gr.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir leyfi til að skerða nokkuð af styrk þeim, er lög þessi heimila.

7. gr.

Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrekkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15000 krónum.

8. gr.

Sjóður sá, er stofnaður er með lögum þessum, tekur við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 40, 10. nóv. 1903. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin.

9. gr.

Landsstjórnin ákveður nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að feingnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. gr.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum, sem renna að hálfu í vátryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Nd.

678. Frumvarp

til laga um aðflutningsbann á áfengi.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Engan áfengan drykk má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. grein, og farið sé með eftir reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum. En það er áfengur drykkur eftir lögum þessum, sem í er meira en $2^1/_4\,\%$ af vínanda (alkóhóli) að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva, og í sér hafa fólgið slíkt áfengi, skal fara með sem áfengan drykk.

2. gr.

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara þvílíkra stofnana að flytja frá útlöndum vínanda eða annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt að flytja til landsins vínanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og héraðslæknum skal og heimilt að flytja til landsins vínanda þann og annað áfengi, sem þeim er skylt að hafa til læknisdóma samkvæmt hinni almennu lyfjaskrá. Enn skal smáskamtalæknum heimilt að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vínanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests Að lokum skal prófastum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sé til altarisgöngu þó í því sé meira af vínanda en $2^1/_4\,\%$.

3. gr.

Alt áfengi, sem flutt er til landsins frá útlöndum samkvæmt lögum þessum, skal fyrst flytja á land í Reykjavík. Þar skal landsstjórnin skipa sérstakan umsjónarmann áfengiskaupa, og hefir hann á höndum umsjón og eftirlit með áfengiskaupum, svo sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Umsjónarmaður hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðast úr landssjóði. Svo fær hann og borgun fyrir húsrúm undir áfengisbirgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald bréfa. Ennfremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar.

4. gr.

Nú hefir maður heimild til áfengisflutnings frá útlöndum eftir lögum þessum, og vill hann neyta þessarar heimildar sinnar, og skal hann þá í tæka tíð segja umsjónarmanni áfengiskaupa til um það, hvers konar áfengi og hve mikið hann vill fá og frá hverju verzlunarhúsi, svo og með hverri ferð frá útlöndum. Hann skal og skýra honum frá um leið, til hvers hann ætli að nota áfengið. Svo skal og fylgja beiðninni borgun fyrir flutning til Reykjavíkur og uppskipun þar. Umsjónarmaður sendir þá pöntunina því verzlunarhúsi eða þeim vínsölumanni, sem hún er stiluð til, og beiðist þess, að áfengið sé sent til sín. Skal umsjónarmaður, þegar er áfengið kemur til hans frá útlöndum, tryggja sér með rannsókn, að áfengissendingin sé eigi önnur eða meiri en um var beðið. Nú reynist

113. Jón H. Þorbergsson fer fram á að alþingi veiti sér 400 kr., til þess á komanda sumri, að flytja inn til Íslands hirti og hvíta héra (230).
114. Hlutafélagið Reykjafoss sækir um 20,000 króna lán, til þess að auka og fullkomna klæðaverksmiðjuna (231).
115. Einar M. Jónasson málfærslumaður fer fram á, að þingið veiti á »yfirstandandi fjárlögum« 15,000 kr. lán til kaupa á gufubát, er gangi um Breiðafjörð (234).
116. Þorsteinn Sveinsson sækir um 3000 kr. styrk, til þess að fullkomna sig í »borunariðn« og kynnast námugrefti í Ameríku; 1 fylgiskj. (238).
117. Beiðni frá Guðm. Hávarðarsyni um 2,500 kr. uppbót á símastauraflutningi 1906, með vottorðum (240).
118. Ingvar Eymundsson Ísdal sækir um 12,000 kr. styrk til endurreisnar trésmíðaverksmiðju á Seyðisfirði; 1 fylgiskj. (241).
119. Eigendur gufuskipsins »Hrólfur« á Seyðisfirði sækja um 4000 kr. aukastyrk til strandferða frá Hornafirði til Þórshafnar; 4 fylgiskj. (242).
120. Einar Páll Jónsson sækir um 1500 króna styrk til utanfarar, til þess að afla sér fullkomnunar í hljóðfæraslætti og tónfræði; 1 fylgiskj. (243).
121. 65 nemendur Flensborgarskólans skora á alþingi að veita skólanum ríflegan styrk á þessu ári (244).
122. Helgi Pétursson dr. phil. sækir um 3500 kr. styrk á ári um næstu 2 ár, til að sækja allsherjar jarðfræðingafund í Stokkhólmi og halda fyrirlestra um jarðfræði Íslands og til jarðfræðislegra rannsókna; 3 fylgiskj. (246).

123. Pétur Lárusson á Hofi í Reykjavík, sækir um 1000 kr. styrk til að fullkomnast í hraðritun (247).
124. Páll póstafgreiðslumaður Steingrímsson sækir um 600 kr. launahækkun (248).
125. Guðni póstafgreiðslumaður Eyjólfsson sækir um 600 kr. launahækkun (249).
126. Hjörleifur Einarsson uppgjafaprestur sækir um 200 kr. viðbótarstyrk (250).
127. Þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar sækir um sem ríflegastan styrk til barnaskólabyggingar á Ísafirði (252).
128. Sigurður frá Vigur Sigurðsson sækir um 600 kr. styrk um næstu 2 ár til dýralækninga (253).
129. Jónas frá Hriflu Jónsson sækir um 400 kr. styrk til að afljúka kennaranámi erlendis; 1 fylgiskj. (254).
130. Erindi frá þingmanni Ísafjarðarkaupstaðar um 170,000 króna styrk og 80,000 kr. lán til byggingar skipa og bátakvíar á Ísafirði; 2 fylgiskj. og 1 mappa með teikningum og bréfum (255).
131. »Erindisbréf til alþingis« frá Framfarafélagi Reykjavíkur um styrk, til þess að taka á móti og leiðbeina Íslendingum frá Ameríku, sem ætla að setjast hér að, og handa hæfum manni til að ferðast um landið með ameriskum agentum, til að aftra mönnum frá Ameríkuferðum (256).
132. Runólfur prestur Runólfsson sækir um 200 kr. styrk á ári þangað til að honum auðnist, að fá veiting fyrir kalli hér á landi (257).
133. Pétur bóndi í Hafnardal Pétursson sækir um 400 kr. ellistyrk (276).
134. Til þess að rétta við hag sinn sækir konunglegur ökumaður Guðm. Hávarðarson um 2500 kr. lán úr landssjóði (292).
135. Þórður geðveikralæknir Sveinsson sækir um 1800 kr. styrk, til þess að reisa fjós og hlöðu handa geðveikrahælinu á Kleppi (297).
136. Stjórn Námufélags Íslands sækir um 5000 kr. fjárveiting á ári um næstu 2 ár handa yfirumsjónarmanni með námunum og stöðum, þar sem málmefni eða önnur þvílík efni finnast í jörðu hér á landi (313).
137. Guðm. T. Hallgrímsson sækir um 1200 kr. styrk á ári um næstu 2 ár, til þess að veita fátækum konum ókeypis læknishjálp og leiðbeina nemendum læknaskólans i kvensjúkdómum (E. d. 90.).
138. Garðar Gíslason sækir um 4000 kr. styrk til að kaupa mótorvagn (315).
139. Ole J. Haldorsen sækir um 1000 kr. utanfararstyrk, til að útvega góðan og ósvikinn efnivið í vagnhjól. Þar með fylgir og frumvarp til laga fyrir »gullforðasjóð Íslands« o. fl.; 3 fylgiskj. (288).

B. Ýms önnur erindi.

51. Erindi frá sóknarnefnd Strandarsóknar um Selvogsþing verði aftur tekin upp sem sérstakt prestakall, 1 fylgiskj. (139).
52. Stjórnarráð sendir álit verkfræðings Th. Krabbe um járnbrautarlagning austur Árnessýslu ásamt 2 teikningum, 3 fylgiskjöl (206).

53. Erindi frá þingmanni Borgfirðinga, þar sem hann tjáir, að sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu virðist brýn nauðsyn til að frestað sé framkvæmd frærðslulaganna frá 22. nóv. 1907 (214).
54. Áskorun frá hreppsbúum Hrafnagilshrepps um að selja ekki utanhreppsbúum jörðina Kjarna, en lofa hreppnum að sitja fyrir kaupunum (215).
55. 27 íslenzkir kaupmenn í Reykjavík skora á alþingi, að fella frumvarpið um útsölustaði kaupmanna, er nemur úr lögum opið bréf 7. apríl 1841 (217).
56. Sýslumaðurinn í Rangárþingi skorar á alþingi, fyrir hönd sýslunefndarinnar, að skipaðir verði ullarmatsmenn í öllum aðalkauptúnum landsins, launaðir af landssjóði (220).
57. Sýslumaðurinn í Rangárþingi skorar á alþingi, fyrir hönd sýslunefndarinnar, að breyta vegalögunum frá 22. nóv. 1907, þannig, að landssjóður taki að sér allan kostnað af viðhaldi á flutningabrautinni um sýsluna, og ennfremur þann hluta af aðalpóstleiðinni, sem liggur í Árnessýslu (222).
58. Erindi frá Lárusi smáskamtalækni Pálssyni um einokun lyfjasala á landi hér og áskorun til þingmanna um, að slík sala verði frjáls öllum prófreyndum lyfjamönnum (224).
59. Leonh. Tang, fyrir hönd hinnar íslenzku kaupmannasamkundu í Kaupmannahöfn, fer fram á, að tekjuskattur sé lækkaður og aukaútsvörum breytt (229).
60. Tvö erindi frá landssímastjóranum til fjárlaganefndarinnar, hvar í felast tillögur hans um ýmsar símalagningar (239).
61. Ungmennafélag Reykjavíkur leggur fram »nefndarálit í skógræktarmálinu« (251).
62. Erindi frá Björgvin Vigfússyni fyrverandi valdsmanni Skaftfellinga um að ábyrgð, samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins á manntalsreikningi Skaftafellsþings 1906, verði látin niður falla, 2 fylgiskj. (258).
63. Guðmundur héraðslæknir Hannesson sækir um að fá sér á leigu seldan lóðarblett undir hús á Arnarhólstúni, sunnan Hverfisgötu (259).
64. Framfarafélag Reykjavíkur skorar á þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar, að greiða atkvæði á móti frumvarpi því til laga, er nú liggur fyrir alþingi og miðar til þess, að hætt verði að prenta þingtíðindin (260).
65. Erindi frá þingmönnum Kjósarsýslu og Gullbringu um ýmsar fjárveitingar og önnur gæði handa kjördæmi sínu (264).
66. Stúdentafélagið í Reykjavík skorar á alþingi, að láta ekki aðflutningsbannlög ná fram að ganga í hvaða formi sem er (275).
67. Áskorun um aðflutningsbann á áfengi frá 264 konum; 11 skjöl (277).
68. Erindi til alþingis frá P. M. Bjarnarson & Co. verksmiðjueigendum á Ísafirði (280).
69. Áskorun frá oddvita Húsavíkurhrepps, í umboði hreppsnefndarinnar þar, um að alþingi heimili með lögum sölu á heimalandi Húsavíkurprestsseturs til kauptúnsins á Húsavík (287).
70. Tilboð frá »Hinu sameinaða gufuskipafélagi« um millilríkjaferðir og strandferðir fyrir árin 1910—1911 (305).
71. Beiðni um löggilding verzlunarstaðar að Dalvík, frá hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps; 1 fylgiskj. (309).

72. Verzlunarmannafélag Seyðisfjarðarkaupstaðar skorar á efri deild að fella frumvarp um aðflutningsbann á áfengi (Ed. 78).
73. Skýrsla um teikniskóla Stefáns Eiríkssonar 1908—1909 (316).
74. 36 kaupmenn í Reykjavík fyrir sína hönd og stéttarbræðra sinna um land alt, skora á alþingi, að láta aldrei ná fram að ganga frumvarp til laga um farmgjald af aðfluttum vörum; 6 fylgiskj. (314).
75. Ágúst Flygenring býður til sölu, samkvæmt umboði, húseign Thor Jensen við Fríkirkjustíg fyrir 140 þúsund kr., til íbúðar fyrir ráðherra Íslands; 5 fylgiskj. (199).
76. Kaupsamningur þeirra Sveins málafim. Björnssonar og O. Ellingsen »í Slippnum« um vélarbát til ferða um Norðurá og Hvítá, og þar með fylgir bátliki (278).

Ed. **700. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890.

Frá Stefáni Stefánssyni.

Aftan við frumvarpið bætist (punkturinn breytist í kommu):
Þangað til Möðruvallaklausturskirkja verður reist af nýju.

Nd. **701. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sóknargjöld.

Frá nefndinni.

Aftan við síðari lið 2. gr. og annan lið 7. gr. bætist: enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir til prests og kirkju, eigi minna en sem svarar 2 kr. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri.

Nd. **702. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankaskuldabréf eða þriðja flokks bankavaxtabréf Landsbankans.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að kaupa fyrir landssjóðs hönd bankaskuldabréf, sem Landsbankinn gefur út samkvæmt lögum nr. 82, 22. nóv. 1907 eða

þriðja flokks bankavaxtabréf, fyrir alt að 2 miljónum króna eftir ákvæðisverði bankaskuldabréfanna eða bankavaxtabréfanna.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd alt að 2 miljónum króna og fari vextir eigi fram úr $4^1/_2\%$ en afborgist á 30 árum. Og skal láninu varið til að kaupa bankaskuldabréf eða bankavaxtabréf samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Ed

703. Frumvarp

til laga um farmgjald af aðfluttum vörum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverjum 100 pundum eða minni þunga af vörum með umbúðum, sem fluttar eru til landsins, og ekki eru sendar í pósti, skal greiða 25 aura farmgjald í landssjóð. Þegar vara, samkvæmt farmskrá eða hleðsluskírteini er talin eftir rúmmáli, skal greiða 15 aura gjald fyrir hvert teningsfet. Af kornvörum skal þó að eins greiða 10 aura af hverjum 100 pundum, af steinolíu og rúðugleri 5 aura af hverjum 100 pundum og timbri $1^1/_2$ eyri fyrir hvert teningsfet. Af salti, kolum, tígulsteinum, tómum tunnum, sementi, kalki og prentuðum bókum skal þó ekkert gjald greiða.

2. gr.

Farmgjaldið skal greiða lögreglustjóra í því lögsagnarumdæmi, þar sem varan er flutt úr skipi, eða að því er lausakaupmenn snertir þar sem skipið á fyrst að sýna skipsskjöl sín, eftir gildandi lögum. Gjaldið skal greitt í peningum eða með ávísun, stílaðri upp á borgun við sýningu, á banka eða peningastofnanir í Reykjavík eða á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn, ef nægileg skilríki, sem innheimtumaður tekur gild, eru fyrir því, að ávísunin verði greidd. Til þess að ákveða gjaldið skal farið eftir farmskrá skipsins, hleðsluskírteinum eða tilvísunarbréfum, er snerta hinar gjaldskildu vörur.

3. gr.

Hinar gjaldskildu vörur má eigi byrja að flytja úr skipi fyr en skipstjóri eða afgreiðslumaður hefir skilað lögreglustjóra öllum skjölum, er skipsfarminn snerta, og látið fylgja skriflegt vottorð frá skipstjóra upp á æru og samvizku um það, að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri gjaldskildar vörur til þess staðar en þær, er tilfærðar eru á farmskránni eða hleðsluskírteinum, og þær, sem hann þá samstundis skýrir frá að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum á skipinu til neyzlu í því. Sé uppskipun byrjuð áður en fullnægt er fyrirmælum greinar þessarar, verður skipstjóri sekur alt að 100 kr.

4. gr.

Eigi má án samþykkis innheimtumanns afhenda viðtakendum gjaldskildar vörur, fyr en gjaldið er greitt. Brot gegn þessu fyrirmæli varða sektum, alt að 200 krónum, á hendur skipstjóra eða afgreiðslumanni skipsins, ef hann er þar á staðnum. — Hafi vörurnar verið afhentar viðtakanda, án samþykkis innheimtumanns, eða áður en hann hefir fengið kvittun innheimtumanns fyrir því, að gjaldið sé þegar greitt, þá er viðtakandi skyldur til að skýra lögreglustjóra frá þessu þegar í stað, í síðasta lagi innan 3 daga frá því, er hann tók við vörunum, og greiði gjaldið um leið, ef það er eigi þegar gjört. Farmgjaldið fellur í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefir hafnað sig þar, er gjaldið á að greiða.

5. gr.

Lögreglustjóri hefir vald til þess, hvenær sem vera skal, að heimta af hverjum manni í umdæmi sínu, er ástæða þykir til að ætla, að fái gjaldskyldar vörur frá útlöndum, æru- og samvizkuvottorð skriflegt um það, hvort hann hafi fengið þesskonar vörur, og ef svo er, hverjar og hve mikið af þeim.

Tregðist nokkur við að gefa vottorð þau, sem um ræðir í þessari grein má þvinga hann til þess með dagsektum alt að 20 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektirnar í bréfi til viðtakanda.

6. gr.

Þyngd vara eða rúmmál skal tilgreint á farmskrá eða hleðsluskírteinum skipanna. Sé ógreinilega sagt frá um gjaldskildar vörur á farmskránni eða hleðsluskírteinum, eða ef skýrslurnar þar að lútandi eru eigi fullnægjandi, eða sé ástæða til að rengja, að rétt sé skýrt frá, má lögreglustjóri eða umboðsmaður hans láta rannsaka farminn og hafa eftirlit með uppskipun, svo sem með þarf. Kostnað þann, er af þessu leiðir, skal landssjóður greiða, ef skýrslurnar reynast nákvæmar, en ef þær reynast ónákvæmar, fellur kostnaður á skipstjóra, eða ef nauðsyn krefur, á þá, er við vörum taka.

7. gr.

Nú verður maður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um gjaldskyldar vörur, sem hann hefir innflutt eða veitt móttöku, eða gefið ranga yfirlýsing þar að lútandi, eða eigi skeytt því, að skýra lögreglustjóra frá gjaldskildum vörum, er hann hefir innflutt eða tekið við, innan þess tíma, er segir í 4. gr., og skal hann þá sæta sektum alt að 1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda þá upphæð gjaldsins, er hann hefir reynt að draga undan.

Við ákvörðun sektanna skal taka sérstakt tillit þess, hvort viðtakandi hefir haft ástæðu til að álíta, að lögreglustjóri hefði af farmskrá eða öðrum slíkum skilríkjum fengið vitneskju um vöru þá, sem um er að ræða.

8. gr.

Hinar aðfluttu gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektunum, og hefir eigandi ekki rétt til að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Veðrétturinn helst eins, þótt vörurnar hafi verið afhentar viðtakanda. Séu ekki skil

gjörð, samkv. 4. gr., hefir lögreglustjóri vald til að selja vörurnar, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til vöru þeirrar, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir farmgjaldi og sektum í öðrum eigum viðtakanda, og selja hið lögtekna á sama hátt og að framan greinir um hina gjaldskyldu vöru.

9. gr.

Verði sú raun á, þegar gjaldskyldar vörur eru fluttar til Íslands, að nokkuð af þeim hafi ónýzt eða rýrnað, eða vörurnar hafi með einhverju móti farið forgörðum á leiðinni eða við uppskipun, skal ekkert gjald greiða af því, sem farist hefir, ef eigandi eða umboðsmaður hans sannar með vottorði lögreglustjóra eða umboðsmanns hans, að farmskráin eða hleðsluskírteinin telji meira en viðtakandi fær. Þegar sjóskemdar vörur eru seldar á uppboði, skal gjaldið greiðast fyrirfram af uppboðsverðinu, og fáist eig svo hátt boð, sem gjaldinu nemur, þá greiðist í farmgjald það, sem uppboðsandvirðið nemur, að kostnaði frádregnum.

10. gr.

Mál, sem rísa af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Sektir allar eftir 3. og 4. gr. renna í landssjóð. Hið sama er um sektir eftir 5. og 7. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögu sinni, að svik komist upp, og fær hann þá helming sekta.

12. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gjöra reikninga samkvæmt reglum þeim, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

Af upphæð gjaldsins samkvæmt 1. gr., svo og af sektum, fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1910.

Ed.

704. Frumvarp

til laga um vátrygging fyrir sjómenn.

Eins og það var samþykt við eina umræðu í Nd.

1. gr.

Það skal eftirleiðis vera skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er lögskráðir eru á íslenzk skip, hvort sem þeir stunda fiskiveiðar, eru í förum með fram ströndum landsins eða landa á milli.

Ennfremur er skylt að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélarbátum eða róðrarbátum fjórrónum eða stærri, minst eina vertíð á ári.

2. gr.

Þegar lögskráð er til skiprúms á þilskipum, skal skráningarstjóri á sérstaka skrá rita nöfn, heimili, aldur og stöðu skipverja þeirra, er 1. gr. nær til, hvort heldur þeir eru ráðnir hásetar, stýrimenn eða skipstjórar.

Þegar formaður á vélarbát eða róðrarbát (sbr. 1. gr.) hefir ráðið háseta sína, skal hann jafnskjótt senda hreppstjóra eða bæjarfógeta, þar sem báturinn gengur, skýrslu um nöfn þeirra, heimili og aldur ásamt gjaldi því, er greiða ber eftir 3. gr., en hreppstjóri sendir skýrsluna og gjaldið til sýslumanns sem skráningarstjóra. Skráningarstjóri skal senda skrá þessa og þá, sem nefnd er í fyrri málsgrein greinar þessarar vátryggingarstjórn þeirri, sem nefnd er í 4. gr. laga þessara.

3. gr.

Hver sá sjómaður, sem vátrygður er eftir lögum þessum, er skyldur að greiða í vátryggingarsjóð þann, er síðar getur um, gjald er nemur 18 aurum fyrir hverja viku, sem hann er lögskráður fyrir eða ráðinn í skiprúm og reiknast gjaldið frá lögskráningardegi eða þeim degi, er hann kom í skiprúm. Þriðjung á móts við gjald skipverjanna allra greiðir útgerðarmaður.

Útgerðarmaður þilskips greiðir skráningsstjóra gjald þetta fyrir sig og fyrir skipverja sína gegn endurgjaldi af kaupi þeirra eða hlut, og innheimtir skráningarstjóri það gjald. Gjald þetta greiðist þegar lögskráningin fer fram og má taka það lögtaki. — Formaður vélarbáts eða róðrarbáts greiðir gjaldið fyrir útgerðarmann og skipverja til hreppstjóra eða bæjarfógeta (sbr. 2. gr.) gegn endurgjaldi af afla bátsins eða hlutum hásetanna. Gjald þetta má og taka lögtaki. Skráningarstjóri skilar gjaldinu í vátryggingarsjóð fyrir lok desembermánaðar ár hvert að frádregnum 2 % innheimtulaunum af þilskipum og 4 % af vélarbátum og róðrarbátum, og gengur helmingurinn af hinu síðarnefnda gjaldi til hreppstjóra, þar sem hann hefir innheimtuna á hendi.

4. gr.

Vátryggingarsjóðnum skal stjórnað af 3 mönnum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Landsstjórnin útnefnir einn mann í stjórn félagsins; fjölmennasta útgerðarmannafélag landsins kýs annan, en fjölmennasta hásetafélagið hinn þriðja.

Á ári hverju fer einn nefndarmanna frá, í fyrsta skifti eftir hlutkesti, og er þá kosinn eða skipaður maður í hans stað, en endurkjósa eða skipa má þó hinn sama. Deyi stjórnarnefndarmaður eða fari frá af öðrum ástæðum milli kosninga, skipar landsstjórnin til bráðabirgða í nefndina í hans stað, þangað til nýr nefndarmaður getur orðið löglega skipaður. Landsstjórnin getur og vikið nefndarmanni frá, en gerir þá jafnframt ráðstafanir til, að nýr maður komi í hans stað. Í ómakslaun og til kostnaðar má með samþykki landsstjórnarinnar verja alt að 400 kr. á ári úr vátryggingarsjóðnum.

5. gr.

Nú druknar sjómaður eða deyr af slysförum á skipi á því tímabili, er hann greiðir vátryggingargjald fyrir samkvæmt 3. gr., og skal þá vátryggingarsjóður greiða til eftirlátinna vandamanna hans, ekkju, barna, foreldra eða systkina 100 kr. á ári í næstu 4 ár.

Séu engir slíkir vandamenn til, eignast vátryggingarsjóður upphæðina, nema öðru vísi sé ákveðið í lögmætri erfðaskrá.

6. gr.

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefir leyfi til að skerða nokkuð af styrk þeim, er lög þessi heimila.

7. gr.

Nú kemur það fyrir, að vátryggingarsjóður hrekkur ekki til að greiða árgjöld þau, er á hann falla eftir 5. gr., og leggur landssjóður þá til það er á vantar, en það skal endurgoldið síðar, er hagur sjóðsins batnar. Tillag landssjóðs má þó aldrei nema meira en 15000 krónum.

8. gr.

Sjóður sá, er stofnaður er með lögum þessum, tekur við eignum og skuldbindingum vátryggingarsjóðs þess, er stofnaður var með lögum nr. 40, 10. nóv. 1903. Að öðru leyti eru þau lög úr gildi numin.

9. gr.

Landsstjórnin ákveður nánari reglur um framkvæmd laga þessara, að feingnum tillögum nefndar þeirrar, sem um getur í 4. gr.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 5—100 kr. sektum, sem renna að hálfu í vátryggingarsjóð og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Ed.

705. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Nefnd sú, er háttv. Ed. kaus til að íhuga mál þetta, hefir rætt það á nokkrum fundum.

Sökum þess, hve mjög störf bankans aukast ár frá ári, getur nefndin eftir atvikum fallist á það, að bætt sé við einum bankastjóra, svo að þeir verði framvegis tveir.

Að gjöra þá breytingu frá núverandi fyrirkomulagi, að skipa ráðunaut í stað gæzlustjóra þykir nefndinni eigi full ástæða til, og mælir með að engin breyting sé gjörð að því, er það atriði snertir. Að því er laun starfsmanna bankans snertir, þá ræður nefndin til, að bankastjórarnir hafi í föst laun 6000 kr. hvor; hún ræður og til þess, að laun bókara séu látin vera 3500 kr. eins og nú er.

Með eftirfylgjandi breytingartillögum leyfir nefndin sér að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið.

Við framsögu málsins mun gjörð frekari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar.

Efri deild alþingis, 1. maí 1909.

Jens Pálsson, formaður. Jósef Björnsson, skrifari og framsögumaður. Eiríkur Briem.

Lárus H. Bjarnason með fyrirvara. Kristinn Daníelsson.

Breytingartillögur:

1. Við 1. gr.
   Í stað orðanna »og einn ráðunautur . . . . í senn« komi: með sex mánaða uppsagnargnarfresti og tveir gæzlustjórar, er kosnir séu sinn af hvorri deild alþingis til 4 ára í senn eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt.
2. Við 3. gr.
   Fyrir orðið »ráðunauts« komi á báðum stöðum orðið: gæzlustjóra.
3. Við 4. gr.
   a) Í stað orðsins »ráðunautur« komi: annarhvor gæzlustjórinn.
   b) Í stað orðanna »ráðunauts úr« komi: þess gæzlustjórans úr, er fyr var kosinn.
4. Við 5. gr.
   a) Fyrir »4000,00« komi: 6000,00.
   b) Í stað »ráðunautur kr. 1200,00« komi: gæzlustjórar 1000 kr. hvor.
   c) Fyrir »3000,00« komi: 3500,00.
   d) Á eftir 2600,00 bætist inn í: Núverandi féhirðir heldur þó þeim launakjörum, er hann nú hefir.
   e) »Auk framangreindra launa . . . . . til hvors þeirra« falli burt.
   f) Síðari málsgrein orðist þannig:
      Láti núverandi framkvæmdarstjóri af forstöðu bankans fær hann árlega 4000 kr. lífeyri.
5. Við 6. gr.
   Fyrir orðið »rannsaka« komi: skoða.

Nd.

706. Nefndarálit

um þingsályktunartillögu (þskj. 152) um aðskilnað ríkis og kirkju.

Nefndin er einhuga á því að ráða háttvirtri deild til að samþykkja þessa þingsályktunartillögu, að eins með lítilfjörlegri orðabreytingu, þar sem vér leggjum til að orðunum »undirbúa og« sé skotið inn á undan orðunum »leggja fyrir«, og að orðinu þar á eftir »næsta« sé slept, ekki af því að vér óskuðum eigi helzt, að frumvarp um þetta efni gæti orðið tilbúið fyrir næsta þing, heldur af því, að vér vildum orða áskorunina sem rýmst, ef stjórninni skyldi eigi geta unnist tími til að hafa málið fullundirbúið fyrir næsta þing.

Að því er vilja þjóðarinnar snertir í þessu máli, þá hefir það um mörg ár komið fram mjög alment á þingmálafundum víðsvegar um land, að þjóðin, eða meirihluti hennar talsverður, virðist vera þessu máli fylgjandi; og þar sem vér varla minnumst þess, að á þeim fundum hafi nokkrar verulegar raddir komið fram í gagnstæða átt, þá verðum vér að ætla að það sé ekki ofmælt, sem vér höfum sagt um fylgi þjóðarinnar við málið.

Þegar á eðli málsins er litið, verðum vér að játa það, að þjóðkirkja eða ríkiskirkja sé í sjálfu sér óeðlilegt fyrirkomulag, jafn gagnstætt eðli kirkjunnar eins og eðli ríkisins. Í landi með trúarbragðafrelsi, eins og hér, geta alþingismenn verið alt annarar trúar, heldur en þjóðkirkjutrúar; sumir geta jafnvel verið trúlitlir menn. Og af þeim þingmönnum, sem að nafninu til standa í þjóðkirkjunni, annaðhvort fúsir eða nauðugir, geta margir verið, sem alls ekki séu þeirri kirkju eða hennar trú neitt vinveittir. Af þessu er það auðsætt, að Alþingi, sem nú hefir alt löggjafarvald yfir kirkjunni og hennar málum, getur auðveldlega verið svo skipað, að þar ráði stundum úrslitum kirkjulegra mála þeir menn, sem kirkjunni eru í rauninni meira eða minna andstæðir, og þetta getur kirkjunni hvorki verið ljúft eða holt.

Vafamál er, hvort sá fjármunalegi stuðningur, sem kirkjan nýtur af ríkisins hendi, vegi upp á móti því óhagræði og andlega ófrelsi, sem kirkjan hlýtur við að búa undir alveg ókirkjulegu löggjafarvaldi. In almenna þvingunarskylda, sem á öllum liggur til að gjalda presti og kirkju, ýmist með beinum gjöldum eða með framlögum úr landssjóði, léttir af hverjum einstaklingi allri áhyggju fyrir því að sjá hag kirkju sinnar borgið, en dregur þar með líka úr öllum áhuga fyrir málefni hennar; enda er það viðurkent, að andlega lífið í þjóðkirkjunni sé mjög dauft og trúaráhuginn hjá meðlimum hennar yfirleitt sljór. Þessi andlegi svefn og deyfð í þjóðkirkjunni stafar að sumra manna dómi án efa mjög verulega af því, að kirkjan er ríkinu tengd, svo að einstaklingsáhuginn, einstaklingsábyrgðartilfinningin og frumkvæðið til allra framfara hverfur. Það er jafnan svo, að sá sem vaninn er á að ganga jafnan við tvær hækjur og aldrei reyna að ganga óstuddur, hann verður þróttlaus og vanmegna; honum hverfur öll dáð og dugur til að standa á eigin fótum, og til allra sjálfstæðra hreyfinga.

Um hitt þarf ekki að tala, að þeir sem í ríkiskirkju hanga lögbundnir sem dauðir limir, eru í rauninni versta átumein í kirkjufélaginu.

Þá viljum vér og benda á það, að meðan lútherska kirkjan er þjóðkirkja, getur ríkið ekki slept umráðum mála hennar úr höndum sér.

En oss þykir óþarft að fara langt út í það að rökstyðja, að það sé réttlátt og heillavænlegt bæði kirkjunni og ríkinu að aðskilja þau með öllu.

Hitt virðist oss fremur vert á að minnast, með hverjum hætti vér hugsum oss, að aðskilnaðurinn verði réttast gerður. Það kveður jafnan við, að miklir torveldleikar séu á, að koma aðskilnaði þessum í framkvæmd, og eiga menn þar einkanlega við fjárhagshlið skilnaðarins. Eins og kunnugt er, þá á þjóðkirkjan, að kallað er, ýmsar eignir, aðallega hús og jarðeignir.

Það er nú sumra manna álit, að verði ríki og kirkja aðskilin, þá eigi in evangelisk-lútherska kirkja, sem nú er þjóðkirkja vor að lögum, rétt á að fá allar þessar eignir í sínar hendur. En þetta ætlum vér að með engu móti verði réttlætt. Vér verðum að athuga það, að mikið, ef eigi mestur hluti þessa fjár er gefið af kaþólskum mönnum, kaþólskri kirkju til eflingar og viðhalds, meðan sú kirkja var hér þjóðkirkja; og þó að lútherska kirkjan fengi að taka þessar eignir undir sig, þá er siðskifti urðu hér á landi, þá er það auðsætt að engan lagalegan rétt eða tilkall gat hún átt til þeirra eigna. Þegar lútherska kirkjan þannig eignaðist eigur kaþólsku kirkjunnar, þá hlaut sú hugsun, sem ein getur réttlætt það atferli, að vera sú, að inn æðri siðferðislegi skilningur á tilgangi gefendanna, sem upphaflega gáfu eignir þessar til kirkjunnar, hafi verið sá, að í eiginlegum skilningi séu eignir þessar gefnar til eflingar og viðhalds trúarbrögðum í landinu, hver sem þau annars kunna að vera á hverjum tíma. Samkvæmt þessum skilningi einum verður eignarhald lúthersku kirkjunnar á núverandi eignum sínum siðferðislega réttlætt. En af því leiðir aftur, að hún hlýtur að vera skyld að láta þessar eignir aftur af hendi, að svo miklu leyti sem önnur trúarfélög eru eða verða til í landinu.

Strangt tekið virðist því réttast að líta svo á, að það sé *ríkið*, sem sé inn rétti umráðandi allra fjármuna þjóðkirkjunnar, og verði ríki og kirkja aðskilin, þá beri ríkinu að taka allar þessar eignir undir sig. En af því að þessar eignir eru kirkjunni gefnar eða í hennar eigu komnar í þeim tilgangi, að styðja trúarbrögð í landinu, þá hlýtur það og að vera skylda ríkisins, að verja ársarði þessara eigna í þeim tilgangi.

Vér viljum því benda á, að réttlátast muni vera, þá er ríki og kirkja verða aðskilin, að ríkið láti virðingargerð fremfara á öllum eignum kirkjunnar, og haldi þeim sem sérstökum sjóði, en verji vöxtunum af því fé árlega til að skifta því milli allra trúarfélaga á landinu að tiltölu réttri eftir mannfjölda þeirra allra hvers um sig. Kirkjurnar yrði að selja, og væri sennilegt að gefa því fjölmennasta safnaðarfélagi er myndast kynni á hverjum stað í námunda við þær, eða því er hæst verð byði fyrir þær, forgangsrétt til að kaupa þær, ef eigi bjóða aðrir kaupendur hærra verð. Auðvitað verður landstjórnin að annast um, að fá árlega áreiðanlegar skýrslur um manntölu í hverju kirkjufélagi. Það leiðir að sjálfsögðu af aðskilnaðinum, að landssjóður hættir þá að borga nokkurn hlut til kirkjufélaga, annað en vöxtu áðurnefnds sjóðs. Byskupslaun, þau sem nú eru, ber að sjálfsögðu að skoða sem vöxtu af seldum fasteignum biskupsstólanna, og ættu þau því einnig að renna í sama sjóð.

Það er og sjálfsagt, að jafnframt sem ríki og kirkja eru þannig aðskilin, þá verður að segja upp öllum embættismönnum kirkjunnar, enda hefir konungur samkvæmt stjórnarskránni leyfi til að leysa hvern þann mann frá embætti, sem hann hefir veitt það. Við því er að búast, að einhver eftirlaunabyrgði félli á landssjóð af því tilefni. En væntanlega ætti sá almenni sjóður, sem áður er nefndur, að bera hann, að minsta kosti að miklu leyti. Og að líkindum yrði sjálfum landssjóði enginn útgjaldaauki að þessari breytingu, varla einu sinni í bráð, og alls ekki til langframa, þar sem hann losnaði við þau stórmiklu útgjöld, sem hann nú hefir á sig tekið í ýmsum myndum til stuðnings kirkjunni.

Þá er eftir að minnast lítillega á prestaskólann. Það er sjálfsagður hlutur, að þegar ríki og kirkja verða aðskilin, þá er það ekki að eins óskylt ríkinu heldur gersamlega gagnstætt tilgangi þess, að halda uppi kenslu í guðfræði fyrir nokkurt eitt sérstakt trúarbragðafélag í landinu. En hins vegar virðist það mjög sennilegt, að við inn fyrirhugaða háskóla landsins verði haldið uppi vísindalegri kenslu í inum almennu greinum guðfræðinnar. Þannig hugsum vér oss að í guðfræðisdeild háskólans verði kend hebreska og gríska, og þar með lesið það sem við þykir eiga í Gamla testamentinu og Nýja testamentinu. Einnig hugsum vér oss þar vísindalega kenslu í almennri kirkjusögu, og þar með yfirlit yfir trúarlærdóma-sögu inna helztu kirkjufélaga; sömuleiðis kenslu í almennri prédikunarfræði og almennri helgisiðafræði. Í kirkjurétti yrði kenslan væntanlega aðallega fólgin í því að fræða um réttarafstöðu ríkis og kirkju. Kensla í almennri siðfræði hugsum vér oss að myndi heyra til heimspekisdeildinni.

Sakir stuttleika tímans verðum vér að láta oss nægja þessar almennu bendingar um aðaldrætti málsins, eins og vér ætlum að því verði réttvíslega fyrirkomið. Að lokum skulum vér geta þess, að vér ætlumst til, að þegar slík lög koma út, þá verði einhver hæfilegur, ákveðinn árafrestur settur, þar til er lögin kæmu í gildi. Þá er það og tillaga vor, að landsstjórnin legði mál þetta undir álit allra héraðsfunda og safnaðarfunda í landinu áður en frumvarp yrði lagt fyrir Alþingi.

Vér leggjum því til, að háttvirt deild samþykki þingsályktunartillöguna þannig orðaða:

«Neðri deild Alþingis skorar á landsstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um aðskilnað ríkis og kirkju.«

Alþingi, 1. Maí 1909.

Jóh. Jóhannesson formaður	Jón Ólafsson skrifari og framsögum.
Jón Jónsson þm N. M.	Sigurður Sigurðsson

Með fyrirvara um einstök atriði:
Hálfdán Guðjónsson.

Nd. **707. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um sóknargjöld (þskj. 694).

Aftan við 2. gr. og 2. málslið 7. gr. bætist:

Unþanþegnir þessu gjaldi eru og aðrir utanþjóðkirkjumenn, ef hér á landi er sjóður til eflingar og stuðnings trú þeirra með fastri skipulagsskrá, er ráðherra staðfestir, og undir stjórn þeirra manna, er ráðherra tekur gilda, og þeir gjaldi til hans eigi minna en 2 kr. árgjald hver maður 15 ára að aldri. — Sömuleiðis er þessu gjaldi undanþeginn hver sá utanþjóðkirkju-maður, er greiðir eigi minna en 2 kr. árgjald til sérstaks fræðslusjóðs fátækra barna í sínum hreppi, enda hafi sá sjóður stjórn og skipulagsskrá staðfesta af ráðherra.

Jón Ólafsson. Björn Sigfússon. Sigurður Sigurðsson.
Stefán Stefánsson, Eyf. Jón Sigurðsson.

Nd. **708. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 701.

Frá nefndinni.

A eftir orðunum »söfnuðurinn greiðir« komi: árlega.

Ed. **709. Framhaldsnefndaràlit**

í málinu: Frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Neðri deild hefir gjört allmiklar breytingar á frumvarpinu og hækka flestar þeirra útgjöldin allmikið og meira en svo, að nefndin geti ráði Ed. til að samþykkja frumvarpið óbreytt. Samkvæmt breytingum neðri deildar hækka útgjöldin um kr. 138,980,00
en hækkanir hennar nema . . . . . — 24,000,00
mismunur kr. 114,980,00,
sem hekjuhallinn hefir því aukist um í meðferð málsins í neðri deild. Mestu nema hækkanirnar á útgjöldunum til póstflutning, gufuskipaferðar og flutningabrautanna, auk nýrra fjárveitinga til viðskifta-ráðunauta erlendis.

Hækkun póstflutninganna stafar af því, að gufuskipafélögin »Thore« og »Watnes erfingjar« hafa neitað að flytja póstflutning með skipum sínum fyrir sömu borgun og hingað til og þykir nefndinni því nauður reka til þessarar hækkunar, sem nemur 4000 kr. á ári.

Hækkun gufuskipa ferðastyrksins um 20,000 kr. hvort árið stafar af því, að í ráði er að bæta við sérstökum gufubát, er taki að sér strandferðirnar milli Reykjavíkur og Fáskrúðsfjarðar samkvæmt tilboði því, er liggur fyrir þinginu frá »Hinu sameinaða gufuskipafélagi«. Bátur þessi tekur að sér mikið af þeim ferðum, sem ætlast er til að Austfjarðabáturinn hafi með 12,000 kr. styrk á ári. Þessvegna telur nefndin rétt, að styrkur

þessi megi alveg niður falla. En í sambandi við þá tillögu sína leggur hún til, að helming þessarar upphæðar sé varið til gufubátsferða á Norðurlandi, sem gangi frá Akureyri með endastöðvum á Seyðisfirði og öðru hvoru megin við Skaga, og verði því styrkurinn til þess báts 12,000 kr. á ári eða helmingi hærri en hann var áætlaður. Sparast þannig 12,000 kr. á fjárhagstímabilinu. En jafnframt tekur nefndin það fram, að hún telur réttast og hagkvæmast, að stjórnarráðið samþykki ferðaáætlun þessa báts að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða fulltrúa þeirra.

Að því er kemur til flutningabrautanna getur nefndin eða meiri hluti hennar vísað til álits síns í fjárlagamálinu við fyrri meðferð frumvarpsins hér í deildinni.

Viðskiftaráðunauta erlendis telur nefndin geta orðið til mikils gagns fyrir verzlun og viðskifti landsins, takist stjórninni að velja vel hæfa menn til þess starfa og býst hún við, að þessi fjárveiting verði því að eins notuð, að því skilyrði sé fullnægt svo sem auðið er.

Þá hefir neðri deild fært niður um helming 10,000 kr. fjárveitinguna í 13. gr. D. II. 2. til rannsóknar og útfærslu símleiða o. s. frv. Þessa niðurfærslu telur nefndin vel mikla og byggir það á ummælum símastjórans. Hún leggur því til að þessi liður sé aftur hækkaður um 2000 kr. hvort árið, en vill aftur lækka tölulið IV í sömu grein um þessa upphæð hvort árið. Styður hún þessa tillögu sína við það, að viðhaldskostnaður landsímanna muni verða minni á næsta fjárhagstímabili en áætlað er, þar sem nýjum símalagningum verður að mestu leyti frestað. Reynist samt sem áður þessi viðhaldsfjárveiting ónóg, þá verður nefndin að telja vítalaust að grípa til aukafjárveitingar, sem ekki er heimil, þegar um nýjar símalagningar eða útfærslu síma er að ræða, en getur verið sjálfsögð, er um viðhald símanna er að ræða.

Fyrir öðrum breytingartillögum nefndarinnar verður gerð grein í framsögunni, en þess skal þó getið, að nefndin hefir í hyggju að koma meðtillögu til breytingar á 2. og 20. gr. frumvarpsins, þar eð tollaukafrumvarpið nú er orðið að lögum.

Alþingi 3. maí 1909.

Eiríkur Briem, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum. Steingrímur Jónsson.

Sigurður Hjörleifsson. Gunnar Ólafsson.

Ed.

710. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá nefndinni.

1. Við 13. gr. B. II. 1. Liðurinn falli burtu.
2. — — — — — 6. Sömuleiðis.
3. — — — — III. 4. Sömuleiðis.
4. — — — C. 2. Fyrir »45,000—45,000« komi: »39,000—39,000«.
5. — — — D. II. 2. Fyrir »5,000—5,000« komi: »7,000—7,000«.
6. — — — — VI. Fyrir »10,000—10,000« komi: »8,000—8,000«.
7. — — — E. I. a. Fyrir »1,000—1,000« komi »700—700«.
8. — 15. gr. 14. Fyrir »5,000« komi: »2,500«.
9. — — — 33. Fyrir »1,500—1,500« komi: »960—960«.
10. — — — 46. Liðurinn falli burtu.
11. — 16. gr. 5. Fyrir »1000—1000« komi: »500—500«.
12. — — — 11. Fyrir »3,500—3,500« komi: »4,000—4000«.
13. — 22. gr. 10. Fyrir »6000« komi: »4000«.

Nd.

711. Rökstudd dagskrá

feld í Nd. alþingis 4. maí (Þingsál. um húsmæðraskóla 617).

Í því trausti að Alþingi verði fúst á að styðja á hæfilegan hátt húsmæðrafræðslu, sem upp kynni að koma, ef henni er hagkvæmlega fyrir komið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed.

712. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur, jörðina Skálholt í Biskupstungum. (Þingskj. 498).

Frá nefndinni.

Aftanvið 1. gr. bætist: »Þó má eigi kaupverðið fara fram úr 12000 krónum.«

Nd.

713. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sóknargjöld.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

Við 11. gr. Fyrir orðin: »manntal er hún þarf að nota« komi: manntal safnaðarins til afnota.

Ed.

714. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankaskuldabréf eða þriðja flokks bankavaxtabréf Landsbankans.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að kaupa fyrir landssjóðs hönd bankaskuldabréf, sem Landsbankinn gefur út samkvæmt lögum nr. 82, 22. nóv. 1907 eða þriðja flokks bankavaxtabréf, fyrir alt að 2 miljónum króna eftir ákvæðisverði bankaskuldabréfanna eða bankavaxtabréfanna.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd alt að 2 miljónum króna og fari vextir eigi fram úr $4^1/_2{}^0/_0$ en afborgist á 30 árum. Og skal láninu varið til að kaupa bankaskuldabréf eða bankavaxtabréf samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Ed.

715. Frumvarp

til laga um sóknargjöld.

Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Nd.

I. Um prestsgjald.

1. gr.

Preststíund af fasteign og lausafé, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk skal af numið frá fardögum 1909.

2. gr.

Hver maður 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestslaunasjóð 1 kr. 50 aura á ári.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

Undanþegnir þessu gjaldi eru og aðrir utanþjóðkirkjumenn, ef hér á landi er sjóður til eflingar og stuðnings trú þeirra með fastri skipulagsskrá, er ráðherra staðfestir, og undir stjórn þeirra manna, er ráðherra tekur gilda, og þeir gjaldi til hans eigi minna en 2 kr. árgjald hver maður 15 ára að aldri. — Sömuleiðis er þessu gjaldi undanþeginn hver sá utanþjóðkirkju-maður, er greiðir eigi minna en 2 kr. árgjald til sérstaks fræðslusjóðs fátækra barna í sínum hreppi, enda hafi sá sjóður stjórn og skipulagsskrá staðfesta af ráðherra.

3. gr.

Eindagi gjalds þessa er 31. desember ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða, og skal það greitt í peningum. Sóknarnefndir innheimta gjaldið í fyrsta skifti árið 1909, og fá þær 6 % af upphæðinni í innheimtulaun.

4. gr.

Sóknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, eða kvittun sóknarprestsins fyrir því fé, er sóknarnefndin hefir greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.

Prófastur getur haldið sóknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma.

II. Um kirkjugjald.

5. gr.

Kirkjutíund af fasteign og lausafé, kirkjugjald af húsum, ljóstollur, lausamannsgjald, legkaup og skilduvinna sóknarmanna við kirkjubyggingu skal af numið frá fardögum 1909.

6. gr.

Í sóknum, þar sem söfnuður hefir tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, skal frá sama tíma af numin niðurjöfnun kostnaðar við kirkjusöng samkvæmt lögum 22. maí 1890 um stjórn safnaðarmála, niðurjöfnun kostnaðar til kirkjugarða samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, niðurjöfnun kostnaðar við prestskosningu samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um veitingu prestakalla, og niðurjöfnun á borgun til safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Allan þann kostnað, er hér ræðir um, skal greiða úr sjóði sóknarkirkjunnar. Ef kostnaðurinn hvílir á fleiri kirkjum eða sóknum í sameiningu, skal honum skift niður á þær eftir tölu safnaðarlima í hverri kirkjusókn, þeirra sem gjaldskyldir eru.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir eigi á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skal öllum þeim kostnaði, sem um er rætt í þessari grein, jafnað niður á þann hátt, að sama gjald komi á hvern safnaðarlim, sem gjaldskyldur er til kirkju.

7. gr.

Hver maður, sem er 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, 75 aura á ári.

Undan þegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu.

Nú hefir söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má sóknarnefnd þá með jákvæði lögmæts safnaðarfundar og samþykki héraðsfundar hækka og lækka kirkjugjald fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árabil.

Ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, er sóknarnefnd hefir ákveðið og safnaðarfundur og héraðsfundur samþykt, nægir ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, er sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á alla gjaldskylda safnaðarlimi eftir efnum og ástæðum.

Undanþegnir þessu gjaldi eru og aðrir utanþjóðkirkjumenn, ef hér á landi er sjóður til eflingar og stuðnings trú þeirra með fastri skipulagsskrá, er ráðherra staðfestir, og undir stjórn þeirra manna, er ráðherra tekur gilda, og þeir gjaldi til hans eigi minna en 2 kr. árgjald hver maður 15 ára að aldri. — Sömuleiðis er þessu gjaldi undanþeginn hver sá utanþjóðkirkju-maður, er greiðir eigi minna en 2 kr. árgjald til sérstaks fræðslusjóðs fátækra barna í sínum hreppi, enda hafi sá sjóður stjórn og skipulagsskrá staðfesta af ráðherra.

8. gr.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er landstjórninni veitt heimild til að ákveða kirkjugjald þannig, að það, miðað við tölu allra safnaðarlima, er náð hafa 15 ára aldri 1. janúar 1909, nemi jafn mikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið að meðaltali um 10 ár, 1899—1909.

Ákvörðun þessi skal þó því aðeins gilda, að kirkjuforráðandi eða söfnuður

hafi beiðst þess, enda hafi hin nýja skipun rýrt eða aukið tekjur kirkjunnar til muna. Auglýsing um h ð ákveðna kirkjugjald í hverri sókn skal birt í A-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Eindagi á kirkjugjaldi er 31. desember ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða. Skal það greitt í peningum, og innheimt í fyrsta sinn árið 1909. Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skulu sóknarnefndir innheimta gjaldið, og fá þær 6% af upphæðinni í innheimtulaun. Aukaniðurjöfnun þá, er ræðir um í síðustu málsgrein 7. greinar, má sóknarnefnd gera á hverjum tíma árs sem er, og er gjalddagi þess gjalds sex vikum eftir að niðurjöfnunin er auglýst. Í öðrum sóknum greiðist gjald þetta forráðamanni kirkjunnar. Þó má hann fela sóknarnefnd innheimtuna gegn 6% innheimtulaunum.

III. Almenn ákvæði.

10. gr.

Sóknargjald til prests og kirkju og niðurjöfnunargjald í safnaðarþarfir, skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á rétt til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum. Nú er heimilisráðandi öreigi að áliti sóknarnefndar og hefir hún þá rétt til að ganga að gjaldanda sjálfum. Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

11. gr.

Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefnd ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðarins til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda. Aldurstakmark gjaldskyldra manna samkvæmt lögum þessum skal miðað við næsta nýár á undan gjalddaga.

12. gr.

Prestar þeir, sem taka laun eftir eldri ákvæðum, en lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta, skulu fá uppbót úr prestlaunasjóði, svo að jafngildi sóknartekjunum eftir meðaltali þeirra síðustu 5 ár frá 1904—1909, að frádregnum innheimtulaunum 6%.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:

Reglugjörð 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna.

Lög 27. febr. 1878 um kirkjutíund í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi.

Lög 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum, og lög 2. oktbr. 1891 um breyting á téðum lögum.

Lög 3. apríl 1900 um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju.

12.—17. gr. laga 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.

5. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um umsjón og fjárhald kirkna.

Ennfremur eru af numin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Ed.

716. Frumvarp

til laga um löggildingu Dalvíkur.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Dalvík við Eyjafjörð skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed.

717. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Steingrími Jónssyni.

1. Við 13. gr. B. II. 3. Fyrir »10,000«, komi: 15,000.
2. — 13. — C. 1. Niðurlag aths.: »Svo veitist stjórninni og« til enda málsgreinarinnar, falli burtu.
3. — 13. — D. II. 1. Nýr liður:
   Til þess að strengja talsíma:
   a. Milli Reykjavíkur og Borðeyrar 45,000
   b. Milli Akureyrar og Valla 12,000.
   Til vara við a: Milli Reykjavíkur og Norðtungu 29,000.
   Til vara við b: Tölul. 1. falli niður.

Nd.

718. Frumvarp

til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum.

Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að kaupa landssjóði til eignar hið forna biskupssetur Skálholt í Biskupstungum, jafnskjótt sem jörð sú fæst til kaups, fyrir það verð, er þá semur um, þó má eigi kaupverðið fara fram úr 12,000 kr.

2. gr.

Þegar kaup þessi eru fullgerð, setur landsstjórnin reglur um afnot og ábúð jarðarinnar.

Ed.

719. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Söfnuði Möðruvallaklausturssóknar veitist undanþága frá lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890, að því er snertir afhending kirkjusjóðsins í hinn almenna kirkjusjóð, þangað til Möðruvallaklausturskirkja verður reist af nýju.

Ed.

720. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Stefáni Stefánssyni.

Við 15. gr. 40. lið. Aftan við liðinn komi nýr liður:
Til Guðm. G. Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisnáms 1000 kr. f.á.

Nd.

721. Tillaga

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni og Benidikt Sveinssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um eiðatökur hér á landi, er fari í svipaða stefnu og frumvarp það um þetta efni, er legið hefir nú hér fyrir þinginu í ár.

Sþ.

722. Skýrsla

frá verðlaunanefnd »Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar«.

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á Alþingi 1907, samkvæmt 3. gr. í reglunum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« 24. ág. 1881, gaf samkvæmt erindisbréfi sínu út auglísing, sem birt var í Lögbirtingablaðinu, þar sem þeim, sem óskuðu eftir að vinna til verðlauna af tjeðum sjóði, var boðið að senda til vor firir árslok 1908 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna firir.

Enn oss hafa engin slík rit borist, og ekki hefur nefndin heldur orðið sammála um að nota heimild þá, sem henni er gefin í erindisbrjefinu, að veita, þegar svo stendur á, nokkuð af verðlaunafjenu sem verðlaun fyrir ritgjörð, er komið hefur á prent, síðan Alþingi síðast var haldið, þótt höfundurinn hafi ekki ætlast til verðlauna.

Verðlaunafjeð geimist því alt til næsta tímabils.

Skírslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjermeð þess heiðurs að leggja firir hið heiðraða Alþingi.

Reikjavík 3. maí 1909.

Björn M. Ólsen. Björn Jónsson. Eiríkur Briem.

Til
Alþingis 1909.

Ed.

723. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 2. gr. 9. Fyrir »190,000—190,000—380,000« komi: 280,000—280,000—560,000.
2. Við 2. gr. 10. Fyrir »140,000—140,000—280,000« komi: 180,000—180,000—360,000.
3. Við 2. gr. 12. Fyrir »17,000—17,000—34,000« komi: 25,000—25,000—50,000.
   Samtölurnar breytast eftir því.
4. Við 20. gr. Fyrir orðin: »er ætlast til að jafnist« til enda greinarinnar komi: greiðist úr viðlagasjóði.

Ed.

724. Framhaldsàlit

frá nefndinni í málinu:
frumvarp til laga um vátrygging fyrir sjómenn.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta, eins og það nú hefir verið samþykt við eina umr. í Nd. og komist að raun um að háttv. Nd. hefir að eins eina breytingu á því gert.

Breytingin er við síðari meginmálslið 1. greinar, og er í því fólgin, að skyldan til að vátryggja líf hérlendra sjómanna, er reka fiskiveiðar á róðrarbátum er látin ná, ekki aðeins til þeirra, er veiðarnar reka á sexrónum bátum og stærri, heldur og til þeirra er þær reka á fjórrónum bátum.

Nefndinni þykir engin frágangssök að aðhyllast breyting þessa, og ræður háttv. Ed. til að aðhyllast hana og samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 3. maí 1909.

Jens Pálsson, formaður. Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögumaður. Eiríkur Briem.

Ed. **725. Álit**

meiri hluta nefndarinnar í málinu: Frumvarp til laga um samband Danmerkur og Íslands.

Efri deild hefir fengið þetta mál svo seint frá neðri deild, að henni hefir verið ómögulegt að íhuga það og rökræða í nefnd svo sem skyldi.

Á fyrsta fundi nefndarinnar kom það þegar í ljós, að nefndin gat ekki orðið á eitt mál sátt um meginatriði málsins.

Meiri hlutinn tekur það þegar fram, að nefndarálit hans getur sakir tímaskorts ekki orðið nema örstutt yfirlýsing um skoðun hans á stærstu meginatriðum frumvarpsins.

Sú skoðun hefir um langan aldur verið uppi hér á landi og komið fram bæði í ræðu og riti, að íslenzka þjóðin hafi aldrei að lögum afsalað nokkurri annari þjóð því fullveldi, sem hún hafði sem fullveðja ríki ómótmælt um margar aldir. Þessi skoðun hefir þó aldrei skýrst jafnmikið á jafnskömmum tíma, sem á þrem síðstliðnum árum, enda hefir sjálfstæðismál vort aldrei verið tekið til eins rækilegrar athugunar eins og á þessu tímabili. Þá vill meiri hlutinn og í þessu sambandi kveða skýrt á um það, að það er ekki að eins hinn sögulegi og lagalegi réttur, sem þjóðin byggir á kröfur sínar í þessu máli, heldur og engu síður hinn þjóðernislegi og siðferðislegi réttur hennar til þess, að vera til og dafna í landi sínu sem sérstök þjóð, er ráði að öllu leyti öllum málum sínum, án íhlutunar nokkurrar annarar þjóðar.

Af kosningunum 10. sept. f. á. og nær öllum þingmálafundum síðan er það augljóst orðið, að þjóðin telur sjálfstæðisrétti sínum ekki fullborgið með frumvarpi millilandanefndarinnar og vill því ekki ganga að frumvarpinu óbreyttu. Hinsvegar er það líka augljóst orðið af þessum undirtektum þjóðarinnar, hverjar aðalbreytingar hún vill fá á þessu frumvarpi. Eru þær einkum í því fólgnar að það ótvíræðlega sé tekið fram í væntanlegum sambandslögum eða sáttmála, að Ísland sé sjálfstætt fullvalda ríki í sambandi við Danmörku um konung og þau mál, er báðir málsaðilar verða ásáttir um að Danir fari með í umboði Íslands meðan um semur, en báðum málsaðilum sé heimilaður skýlaus uppsagnarréttur að því er öll þessi mál snertir, að konungssambandinu einu undanteknu. Þessi samningsatriði tóku íslenzku nefndarmennirnir upp í fyrsta uppkast sitt í millilandanefndinni og bygðu þau á þeirri sannfæringu að íslenzka þjóðin hafi aldrei að lögum afsalað sér fullveldi því, sem hún óefað hafði sem fullveðja ríki um margar, aldir nokkurri annari þjóð, eins og þeir komast að orði í samningsundirstöðu þeirri, er þeir skrásettu 16. marz f. á.

Um þessi samningsatriði gat nú ekki náðst samkomulag í millilandanefndinni, eins og kunnugt er orðið. Uppkastið, sem millilandanefndin samþykti að lokum, þannig vaxið að efni og orðfæri, að það veitir enga tryggingu fyrir því, að Ísland, að gerðum slíkum samningi, verði í reyndinni sjálfstætt ríki.

Meiri hluta nefndarinnar þykir gagnslaust að fara hér að rekja hinn sögulega rétt Íslands í þessu efni og það því síður sem það hefir verið gert all-

rækilega í nefndaráliti meiri hlutans í neðri deild í þessu máli. A hitt leggur hann mikla áherzlu, að þingið hlýtur að telja sig bundið við skýlausar yfirlýsingar meiri hluta þjóðarinnar, sem ganga í sömu átt og hið fyrsta uppkast íslenzku nefndarmannanna í millilandanefndinni.

Það má telja allar líkur fyrir því að hinn samningsaðilinn í þessu máli, löggjafarvald Dana, vilji ekki að svo stöddu ganga að neinum efnisbreytingum á uppkastinu og því sé ekki annað fyrir hendi en að samþykkja það óbreytt, eða þá að gera þær efnisbreytingar á því, er í samræmi eru við kröfur Íslendinga í máli þessu.

Með því að taka fyrri kostinn, hverfur þingið frá yfirlýstum óskum og kröfum þjóðarinnar, með hinum síðari fullnægir það þeim. Neðri deild hefir nú tekið þennan síðari kostinn og hefir því breytt frumvarpinu í ýmsum aðalatriðum þess, beint að óskum meiri hluta þjóðarinnar.

Þótt þess sé að svo stöddu lítil von, að samþykki hins málsaðilans fáist á þessum breytingum, þá telur meiri hlutinn þó rétt að ganga að frumvarpinu óbreyttu. Hann telur rétt af þinginu að setja fram hinar fylstu kröfur þjóðarinnar eins og þær hafa komið fram við síðustu kosningar og skoðar því frumvarpið fremur sem stefnuskrá þjóðarinnar, er hún vilji halda fast við í aðalatriðunum, en sem samþykt, er eigi megi víkja frá í einstökum atriðum, er minna máli þykja skifta, sé um nokkra samvinnu eða samningsfúsleik að ræða af hálfu hins málsaðilans. Því er og svo varið með frumvarp þetta, að þótt það sé nú samþykt af þinginu, getur ekki til þess komið að gera það að lögum, fyr en hinn samningsaðilinn, löggjafarvald Dana, hefir samþykt það, en þangað til mun að líkindum bæði þjóð og þingi vinnast tími til að athuga það nánar og koma fram með þær breytingar eða ganga að þeim breytingum, sem eftir atvikum kunna að þykja heppilegar eða ekki óaðgengilegar.

Hins vegar treystir meiri hlutinn því, að þótt óvænlega horfi í svipinn um samkomulag í þessu máli, þá muni bræðraþjóð vorri óðum vaxa svo þekking og skilningur á sögulegum, siðferðislegum og eðlilegum rétti íslenzku þjóðarinnar til að njóta óskoraðs fullveldis yfir öllum málum sínum, að hún, er stundir líða, muni reynast fúsari til að verða við öllum réttmætum kröfum vorum, en hingað til hefir raun á orðið.

Vér ráðum því deildinni til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 3. maí 1909.

Sigurður Stefánsson. Jens Pálsson.
skrifari og framsögum.

Ari Jónsson.

Álit minnihlutans.

Við minnihlutamenn getum ekki með nokkru móti ráðið háttv. deild til að samþykkja frumvarp meirihlutans.

Fyrst og fremst er »samband« það, sem meirihlutafrv. vill stofna til milli Íslands og Danmerkur, Íslandi óhentara og óhollara en samband það, sem frv. millilandanefndarinnar og stjórnarinnar fer fram á.

Og í annan stað er það öllum fyrirfram vitanlegt, að *engin von* er um framgang meirihlutafrumvarpsins. Því hafa fulltrúar allra danskra stjórnmálaflokka lýst yfir í einu hljóði. Og það hefir meirihlutinn kannast við bæði innan þings og utan.

Hins vegar er það víst, að stjórnarfrumvarpið á vísa von samþyktar af hálfu danskra stjórnarvalda, ef Íslendingar sjá nú sóma sinn og gagn, og samþykkja það.

Það frumvarp tryggir Íslandi fult *einræði* inn á við og lagalegt *jafnræði* við Danmörku út á við.

Því lýsir frumvarpið eitt út af fyrir sig. Það staðfesta breytingartillögur þær, sem minnihlutinn í neðri deild bar fram og eru fáanlegar, en ekki komu þar til atkvæða. Og það áréttar loks stjórnarskrárfrumvarp stjórnarinnar, sem lagt var fyrir neðri deild í upphafi þings, en er þó ókomið enn úr nefnd.

Hins vegar er það víst, að *málið er ónýtt að minsta kosti í bráðina.* Meirihlutanum hefir lánast að gera það að flokksmáli innan þings sem utan. Og er því tilgangslaust að eyða mörgum orðum að því hér. Enda er efri deild skamtaður svo afarnaumur tími, einir 2 dagar, og minnihluta nefndarinnar ekki nema nokkrar stundir, að það getur þegar af þeirri ástæðu ekki komið til nokkurra mála að semja hér í deildinni jafnítarlegt ágreiningsálit og hinn góði málstaður hefði átt skilið.

Minnihlutinn lætur sér því nægja að bera fram breytingartillögur minni hlutans í neðri deild með nokkrum viðaukum, svo það sjáist svart á hvítu, hver *ábyrgðina* ber á falli frumvarpsins. Og getur minni hlutinn, að því er kemur til rökstuðningar á tillögunum og útlistunar málsins yfirleitt, að mestu leyti skírskotað til nefndarálits minnihlutans í neðri deild, en mun að öðru leyti gera ítarlegri grein fyrir málinu í framsögu þess og umræðunum um það í deildinni.

Alþingi 3. maí 1909.

Lárus H. Bjarnason, form., framsögum. minnihl. — Stefán Stefánsson.

Breytingartillögur.

1. Í stað 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Ísland er frjálst og sjálfstætt ríki. Það er í sambandi við Danmörku um einn og sama konung og þau mál, er báðir aðilar hafa orðið ásáttir um að telja sameiginleg í lögum þessum.
   Í heiti konungs komi eftir orðið »Danmerkur« orðin: og Íslands.
2. Í stað 2. gr. komi ný grein svo hljóðandi:
   Skipun sú, er gildir í Danmörku um ríkiserfðir, rétt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans og um ríkisstjórn er konungur er ófullveðja, sjúkur eða fjarstaddur, svo og um það, er konungdómurinn er laus og enginn ríkisarfi til, skal einnig gilda að því er til Íslands kemur.

3. Í stað 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Þessi eru sameiginleg mál Danmerkur og Íslands:

1. Konungsmata, borðfé ættmenna konungs og önnur gjöld til konungsættarinnar.

2. Utanríkismálefni. Enginn þjóðasamningur, er snertir íslenzk mál, þau sem ekki er farið með sem sameiginleg samkvæmt lögum þessum skal gildur vera án samþykkis réttra íslenzkra stjórnarvalda.

3. Hervarnir á sjó og landi ásamt gunnfána, sbr. þó 57. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. jan. 1874.

4. Gæzla fiskiveiðaréttar þegnanna, að óskertum rétti Íslands til að auka eftirlit með fiskiveiðum á landhelgissvæði Íslands eftir samkomulagi við Danmörku um nánari tilhögun á því eftirliti.

5. Fæðingjaréttur. Löggjafarvald hvors ríkisins um sig getur þó veitt fæðingjarétt með lögum, og nær hann þá til beggja ríkjanna.

6. Peningaslátta.

7. Hæstiréttur. Þegar gerð verður breyting á dómaskipun Íslands, getur löggjafarvald þess sett á stofn innanlands æðsta dóm í íslenzkum málum. Meðan sú breyting er eigi gerð, skal þess gætt, er sæti losnar í hæstarétti, að skipaður sé þar maður, er hafi sérþekkingu á íslenzkri löggjöf og kunnugur sé íslenzkum högum.

8. Kaupfáninn út á við.

4. Aftan við 3. gr. komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi:

Öðrum málefnum, sem taka bæði til Danmerkur og Íslands, svo sem póstsambandið og ritsímasambandið milli landanna, ráða dönsk og íslenzk stjórnarvöld í sameiningu. Sé um löggjafarmál að ræða, þá gera löggjafarvöld beggja ríkja út um málið.

5. Í stað 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Danir og Íslendingar á Íslandi og Íslendingar og Danir í Danmörku njóta fulls jafnréttis að öðru jöfnu.

Þó skulu forréttindi íslenzkra námsmanna til hlunninda við Kaupmannahafnar háskóla óbreytt. Svo skulu og heimilisfastir Íslendingar á Íslandi hér eftir sem hingað til vera undanþegnir herþjónustu á sjó og landi.

Um fiskiveiðar í landhelgi við Danmörku og Ísland skulu Danir og Íslendingar jafn réttháir meðan 4. atriði 3. gr. er í gildi.

6. Í stað 5. gr. komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi:

Þangað til öðru vísi verður ákveðið með lögum, er ríkisþing og alþingi setja og konungur staðfestir, fara dönsk stjórnarvöld einnig fyrir hönd Íslands með mál þau sem eru sameiginleg samkv. 3. gr. og 9. gr. Að öðru leyti ræður hvort ríkið að fullu öllum sínum málum.

7. I stað 6. gr. komi ný grein, sem verður 7. gr., svo hljóðandi:

Meðan Ísland tekur engan þátt í meðferð hinna sameiginlegu mála, tekur það heldur ekki þátt í kostnaði við þau. Þó leggur ríkissjóður Íslands fé á konungsborð og til borðfjár konungsættmenna hlutfallslega eftir tekjum Danmerkur og Íslands. Framlög þessi skulu ákveðin fyrir fram um 10 ár í senn með konungsúrskurði, er forsætisráðherra Dana og ráðherra Íslands undirskrifa.

Ríkissjóður Danmerkur greiðir ríkissjóði Íslands eitt skifti fyrir öll 1,500,000 kr., og eru þá jafnframt öll skuldaskifti, sem verið hafa að undanförnu milli Danmerkur og Íslands, fullkomlega á enda kljáð.

8. Á eftir 6. gr., sem verður 7. gr., komi ný gr., sem verður 8. gr., svo hljóðandi:

Nú rís ágreiningur um það, hvort málefni séu sameiginleg eða eigi samkv. 3. gr., og skulu þá stjórnir beggja ríkjanna reyna að jafna hann með sér. Takist það eigi, skal leggja málið í gerð til fullnaðarúrslita. Gerðardóminn skipa 4 menn, er konungur kveður til, tvo eftir tillögu ríkisþingsins (sinn eftir tillögu hvorrar þingdeildar) og tvo eftir tillögu alþingis. Gerðarmennirnir velja sjálfir oddamann. Verði gerðarmenn ekki á eitt sáttir um kosningu oddamannsins, er dómsforseti hæstaréttar sjálfkjörinn oddamaður.

9. Í stað 7. gr. komi ný grein, sem verður 9. gr., svo hljóðandi:

Ríkisþing og alþingi getur hvort um sig krafist endurskoðunar á lögum þessum, þegar liðin eru 25 ár frá því er lögin gengu í gildi. Leiði endurskoðunin ekki til nýs sáttmála innan 3 ára frá því að endurskoðunar var krafist, má heimta endurskoðun af nýju á sama hátt og áður, að 5 árum liðnum frá því nefndur 3 ára frestur er á enda. Nú tekst ekki að koma á samkomulagi meðal löggjafarvalda beggja ríkja innan 2 ára frá því, er endurskoðunar var krafist í annað sinn, og ákveður konungur þá með 2 ára fyrirvara, eftir tillögu um það frá ríkisþingi eða alþingi, að sambandinu um sameiginleg mál, þau er ræðir um í 4., 5., 6., 7. og 8. tölulið 3. gr., skuli vera slitið að nokkru eða öllu leyti, alt samkvæmt tillögu þeirri, sem fram er komin, eða ef tillögur eru fram komnar frá þingum beggja ríkjanna, þá samkvæmt þeirri er lengra fer.

10. 8. gr. frv. verði 10. gr.

Nd.

726. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903.

Frumvarp þetta, sem hin háttvirta deild hefir vísað til nefndarinnar í sambandsmálinu, hefir oss því miður ekki unnist tími til að athuga til þrautar, enda teljum vér og, að eigi sé hægt að ganga frá stjórnarskrá landsins til hlítar á meðan óséð er, hver niðurstaða verður og afdrif sambandslaganna frá þessu þingi. Sér enn óglögt fyrir endann á því, hvenær þeim muni geta orðið ráðið til lykta. En hins vegar teljum vér, að æskilegt væri að geta þó sem fyrst fengið breytingar á ýmsum ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem ekki eru að neinu leyti háðar sambandsmálinu, heldur snerta fyrirkomulag hér innanlands, sem og er farið fram á í ýmsum greinum frumvarps þess, er stjórnin nú hefir lagt fyrir þingið. Það, sem vér einkum teljum æskilegt, að gerð mætti verða breyting á, er meðal annars, að heimila mætti að fjölga yrði ráðgjöfum, svo sem frumvarpið mælir fyrir um, og um leið gerð sú breyting á fyrirkomulagi landsstjórnarinnar, sem af því mætti leiða. Ennfremur teljum vér æskilegt, að konungskosning þingmanna yrði

tekin úr lögum, eins og frumvarpið einnig gerir ráð fyrir. Einnig álítum vér heppilegt, að veita konum kosningarrétt og kjörgengi til alþingis. Sömuleiðis, að gera mætti aðskilnað ríkis og kirkju með lögum. Til greina gæti og komið, hvort ekki mætti virðast ástæða til að rýmka almennan kosningarrétt. Og svo gæti verið um sitt hvað fleira.

Um tillögu þá til þingsályktanar um afnám eftirlauna (þingskj. 52), sem vísað var til nefndar þessarar, höfum vér ekki tekið nein ákvæði, en könnumst þó við, að málefnið sé hins vegar í alla staði þess vert, að það bæði væri af stjórn og þingi tekið til gaumgæfilegrar athugunar.

Með skýrskotan til þess, sem að framan er sagt, höfum vér eigi séð oss fært að koma með ákveðnar breytingartillögur í einstökum atriðum við frumvarp það, er hér liggur fyrir. En sökum þess, að vér teljum æskilegt, að breytingar gæti sem fyrst komist á um það, er nú höfum vér að framan talið, hefir oss sýnst tiltækilegast, eins og nú stendur, að þingdeildin skoraði á stjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til stjórnarskipunarlaga meðal annars um þær breytingar á stjórnarskránni, sem nú höfum vér bent til. Vér viljum því leyfa oss að ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja svo látandi

Tillögu til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta þing frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breytingar á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. Jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. Okt. 1903, er meðal annars hnígi að því,

að heimilt sé að fjölga ráðgjöfum,
að afnema konungskosning á þingmönnum,
að veita konum kosningarrétt og kjörgengi til alþingis,
að rýmka kosningarrétt að öðru leyti, og
að skilja megi ríki og kirkju að með lögum.

Alþingi 4. Maí 1909.

Skúli Thoroddsen, formaður og framsögumaður. Jón Þorkelsson, skrifari. Benedikt Sveinsson.
Jóh. Jóhannesson. Jón Magnússon. Jón Ólafsson.
Ólafur Briem. Sigurður Gunnarsson.

Auk þess, sem hér er skráð, vil eg hafa það til skilið, að kosningarréttur og kjörgengi verði engum skilyrðum háður öðrum en lögaldri og andlegri heilbrigði og að eftirlaun embættismanna verði afnumin.

Bjarni Jónsson
frá Vogi.

Nd.

727. Nefndarálit.

Peningamálanefndin hefir leitast við að ráða fram úr peningavandræðum landsmanna með tillögum sínum um að auka starfsfé bankanna. Hefir hún lagt til:

1. að landssjóður kaupi skuldabréf Landsbankans fyrir alt að 2 miljónir króna;

2. að landssjóður megi kaupa þriðja flokks bankavaxtabréf af honum, ef hin eru seld,

3. að landssjóður megi kaupa hlutabréf Íslands banka fyrir 2 milljónir króna.

Með þessum tillögum er fyrir því séð, ef þær ganga fram, að

1. að losa megi og koma á peningamarkað vorn 4 milliónum króna, ef þörf verður; auk þessa eru skuldabréf Landsbankans seld fyrir 2 milljónir króna; og

2. að landið fær yfirráð yfir Íslands banka og að hér verða því eftirleiðis tveir innlendir bankar.

Er þá bankamálum vorum komið í vænlegt horf, en þó kann nauðsyn til að bera, að bæta skipulag þeirra að nokkru og kveða á um samvinnu bankanna og starfssvið. — Fyrir því leggur nefndin til, að skipuð verði nefnd manna milli þinga til þess að gera tillögur um þessa hluti. Þykir henni vel fallið að í þeirri nefnd sé sinn maður frá hvorum banka og auk þess þrír aðrir, er stjórnin velur.

Alþingi 4. maí 1909.

Bjarni Jónsson	Magnús Blöndahl
frá Vogi (form.)	skrifari og framsögum.

Jón Magnússon. Jón Jónsson þm. S.-M. Þorleifur Jónsson.

Nd.

728. Tillaga

til þingsályktar um milliþinganefnd í bankamálum.

Frá peningamálanefndinni.

Framsögumaður Magnús Blöndahl.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að skipa 5 manna nefnd milli þinga til að íhuga bankamál landsins og koma skipulagi á þau, gera tillögur um samvinnu bankanna og starfsvið, og sé í nefnd þessari sinn maður úr hvorum bankanum og þrír aðrir.

Nd.

729. Nefndarálit

um till. til þingsál. um útgáfu hentugra skólabóka.

Kenslumálanefndin skiftist mjög í flokka um það, hvort ráðlegt væri að skipa nefnd þessa. Nokkur hluti hennar vildi hrinda málinu áleiðis og ráða deildinni til að samþykkja tillöguna, en hætti þó við af því að sýnt þótti, að eigi ynnist fylgi. Kaus þessi hluti nefndarinnar því að forðast tímatöf af umræðum, en bjarga þó aðalatriðinu, að deildin léti í ljósi að henni þætti mikils um vert, að gefnar yrði út hentugar skóla

bækur á góðri íslenzku. Til þess léði hinn hluti nefndarinnar fúslega fylgi sitt, því að allir vorum vér sammála um að skólabækur á erlendum málum væri

1. þjóðarskömm,
2. lærisveinum erfiðisauki og töf,
3. átumein í móðurmálsþekkingu.

Urðum vér allir sammála um rökstudda dagskrá til áréttingar um framkvæmd á þessari bókaútgáfu.

Alþingi 4. maí 1909.

Bjarni Jónsson frá Vogi, formaður og framsögum.	Jón Magnússon, skrifari.	Hálfdán Guðjónsson.

Jón Jónsson þm. N.-M. Eggert Pálsson. Stefán Stefánsson. Björn Þorláksson.

Nd.

730. Nefndarálit

um frumvarp til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum (þingskjal 718).

Vér, sem hin háttvirta deild kaus til þess að athuga frumvarp um varabiskup hér á landi, er landsstjórnin hafði lagt fyrir þingið, leyfðum oss í öndvert þing að koma fram með frumvarp það, sem hér liggur fyrir og nú er endursent hingað í deildina frá hinni háttvirtu efri deild. Höfum vér nú athugað frumvarp þetta á nýjaleik með þeirri breyting, er á því varð í efri deild við síðustu umræðu málsins þar. En breytingin er sá auki aftan við 1. grein, að kaupverðið megi ekki fara fram úr 12,000 kr. Að vísu efumst vér ekki um, að þetta sé í sjálfu sér nóg verð fyrir jörðina eins og nú stendur, — hvert verð sé hæfilegt þegar frá líður er bágt að segja —, og ef til vill jafnvel altof hátt, og að því leyti er það óheppilega sett fyrir landssjóðs hönd, ef jörðin kynni að vera til kaups áður langt um líður, og gæti orðið til þess, að landssjóður komist að lakari kaupum en hann annars hefði þurft. En fyrst og fremst fellur setningin: »þó má eigi kaupverðið fara fram úr 12,000 krónum« ekki vel við það, sem á undan segir, að heimilt sé að kaupa jörðina, þá er hún »fæst til kaups fyrir það verð, er þá semur um«. Og svo álítum vér afaróheppilegt, að landsstjórnin hafi ekki nokkuð liðugar hendur til þessa kaups, og teljum að tilgangi frumvarpsins geti algerlega verið fyrirgert með ákvæði því, sem efri deild hefir sett inn í það. Vér verðum að líta svo á, að landsstjórnin verði hér að vera óbundin og að menn verði að treysta því, að hún kaupi jörðina fyrir það verð eitt, sem skynsemi býður, hlaupi ekki í nein ginkaup, en geti þó ekið svo til um verðið, að lítilsháttar verðmunur standi ekki fyrir kaupum, sem þó hlyti að geta komið fyrir, ef fastákveðin væri einhver upphæð, sem ekki mætti þoka þverfeti fram yfir.

Vér verðum því að leggja það til, að hin háttvirta deild felli burt orðin í 1 gr. frv. »þó má eigi kaupverðið fara fram úr 12,000 krónum«.

Alþingi 4. Maí 1909.

Sigurður Gunnarsson formaður.	Jón Þorkelsson skrifari.

Eggert Pálsson framsögum.

Sþ.

731. Skýrsla

um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« á tímabilinu frá 27. júlí 1907 til ársloka 1908.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins eftir skýrslu, dagsettri 17. ágúst 1907:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	8,000.00	
b. Veðskuldabréf	—	7,200.00	
c. Í Landsbankanum	—	618.83	kr. 15,818.83
2. Tekjur á ofannefndu tímabili:			
a. Ársvextir af bankavaxtabréfum til $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ 1908	—	360.00	
b. Ársvextir af veðskuldabréfum til $^{11}/_{6}$ 1908	—	308.51	
c. Ársvextir af fé í Landsbankanum til $^{31}/_{12}$ 1907 og 1908	—	69.68	— 738.19
			= Kr. 16,557.02

Gjöld:

1. Auglýsingar			kr. 26.00
2. Vextir af keyptum bankavaxtabréfum			— 34.42
3. Eign sjóðsins í árslok 1908:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	10,300.00	
b. Veðskuldabréf	—	6,100.00	
c. Í Landsbankanum	—	95.76	
d. Í sjóði	—	0.84	— 16,496.60
			= Kr. 16,557.02

Í stjórnarráði Islands 3. maí 1909.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Eggert Briem.

Sþ.

732. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Eins og það var samþykt við eina umræðu í Ed.

I. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1910 og 1911 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,930,530 kr.. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 2,638,000 kr.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2.	Húsaskattur	12,000	12,000	24,000
3.	Tekjuskattur	23,000	23,000	46,000
4.	Aukatekjur	50,000	50,000	100,000
5.	Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6.	Vitagjald	20,000	20,000	40,000
7.	Leyfisbréfagjöld	5,000	5,000	10,000
8.	Útflutningsgjald	120,000	120,000	240,000
9.	Áfengistollur	280,000	280,000	560,000
10.	Tóbakstollur	180,000	180,000	360,000
11.	Kaffi- og sykurtollur	350,000	350,000	700,000
12.	Annað aðflutningsgjald	25,000	25,000	50,000
13.	Gjald af innlendri vindlagjörð og bittergjörð	» »	» »	» »
14.	Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	12,500	12,500	25,000
15.	Pósttekjur	80,000	80,000	160,000
16.	Símatekjur	75,000	80,000	155,000
17.	Tekjur af Íslandsbanka	13,000	13,000	26,000
18.	Óvissar tekjur	18,000	18,000	36,000
	Samtals...	1,316,500	1,321,500	2,638,000

Upphæðirnar í 8.—13. tölulið eru áætlaðar að frádregnum 2% innheimtulaunum.

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 45,330 kr.:

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 35,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu, húsabótastyrk o. fl., alls ..... 14,000 —	21,000	21,000	42,000
2. Tekjur af kirkjum	65	65	130
3. Tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli...	1,600	1,600	3,200
Samtals...	22,665	22,665	45,330

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 118,000 kr.:

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufé viðlagasjóðsins ..... Upp í lán verður borgað: á árinu 1910 30,025 kr. 05 a. – — 1911 32,187 — 55 – 62,212 kr. 60 a.	44,000	43,000	87,000
2. Leigur af láni landssjóðs til Landsbankans.....	7,500	7,500	15,000
3. Leiga af innstæðufé í bönkum og af bankavaxtabréfum	8,000	8,000	16,000
Samtals...	59,500	58,500	118,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	2,000	2,000	4,000
2. Endurgjald skyndilána til embættismanna	600	600	1,200
3. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
Samtals...	4,600	4,600	9,200

Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar.

6. gr.

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði greiðist	60,000	60,000	120,000

2. kafli.

Útgjöld.

7. gr.

A árunum 1910 og 1911 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 8.—19. gr. 2,945,660,33.

8. gr.

Til greiðslu vaxta og afborgana af láni landssjóðs úr ríkissjóði Danmerkur kr. 53,333,33 fyrra árið, kr. 52,000,00 síðara árið, kr. 105,333,33.

9. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 100,000 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Til ráðherrans:			
	a. Laun ..... 8,000 kr.			
	b. Til risnu ..... 2,000 —			
	c. Uppbót fyrir embættisbústað ..... 2,000 —			
		12,000	12,000	24,000
2.	Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3.	Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4.	Laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5.	Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	16,000	16,000	32,000
6.	Til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu alt að	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	50,000	50,000	100,000

10 gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 60,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr. alls 61,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæzluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 217,930 kr.:

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	A. Dómgæzla og lögreglustjórn:			
1.	Laun:			
	a. Til dómara og sýslumanna	67,300	67,300	
	b. Til hreppstjóra	8,000	8,000	
2.	Ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík	1,400	1,400	
3.	Til hegningarhússins í Reykjavík:			
		1910. 1911.		
	a. Laun fangavarðar ..... 1,230 kr. 1,230 kr.			
	b. Þóknun handa dóm kirkjuprestinum ..... 100 — 100 —			
	c. Þóknun handa lækni ... 60 — 60 —			
	d. Ýmislegur kostnaður ... 2,825 — 2,825 —			
		4,215	4,215	
4.	Kostnaður við viðhald fangelsanna	300	300	
5.	Önnur útgjöld:			
	a. Þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirréttinn ..... 1,600 kr.			
	b. Laun sendiboðans við yfirréttinn ..... 50 —			
	c. Til eldiviðar á yfirréttarstofunum 50 —			
	d. Til viðhalds á yfirréttarstofunum o. fl. ..... 50 —			
	e. Kostnaður við sakamál og lögreglumál ..... 3,000 —			
	f. Kostnaður við gjafsóknarmál ..... 300 —			
	g. Útgjöld við sáttamál ..... 50 —			
		5,100	5,100	
		86,315	86,315	
				172,630
	Flyt...	...	...	172,630

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	.....	....	172,630
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. Til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m.fl. 450 kr.			
b. Til pappírs og prentunar stjórnartíðandanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ..... 2,600 —			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur alt að ..... 3,600 —			
d. Til kostnaðar við sending með póstum alt að .... 1,000 —			
	7,650	7,650	
2. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf svo og embættissímskeyti og samtöl	8,000	8,000	
3. Brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. Til embættiseftirlitsferða.....	1,000	1,000	
5. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga.....	500	500	
7. Til aðstoðar löggæzlu um síldveiðatímann	1,000	1,000	
8. Útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar	200	200	
9. Útgjöld samkvæmt 77. og 78. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905	3,000	3.000	
	22,650	22,650	45,300
Samtals...	... .	.....	217,930

12 gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast kr. 298,050.

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Laun	75,200	75,200	150,400
2. Styrkur til Örræfinga til að vitja læknis ..... Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.	150	150	300
Flyt...	75,350	75,350	150,700

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	75,350	75,350	150,700
3.	a. Styrkur til augnalæknis Björns Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	2,000	2,000	
	b. Styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kringum landið á heldtu viðkomustaði strandskipa með því skilyrði, að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfs mánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi hvort árið alt að 300 kr.	300	300	4,600
4.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöft í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
5.	Holdsveikisspítalinn	30,875	30,875	61,750
6.	Geðveikishælið á Kleppi	17,600	17,600	35,200
7.	Til reksturskostnaðar heilsuhælisins síð. á.		10,000	10,000
8.	Útgjöld við bólusetningar	1,000	1,000	2,000
9.	Önnur útgjöld:			
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla ... 3,000 kr. Þar af til sjúkrahússins á Patreksfirði kr. 300 hvort árið.			
	b. Sjúkrahúsið á Akureyri, til aðgerðar á húsinu f. á. ... 2,000 — Með því skilyrði, að Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla taki að sér að fullu viðhald spítalans framvegis.			
	c. Til náms yfirsetukvenna ... 2,000 —			
	d. Til verkfæra handa yfirsetukonum 400 —			
	e. Gjöld samkvæmt 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma ... 4,000 —			
	f. Gjöld samkvæmt 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Islands ... 1,000 —			
	g. Til kaupa á sótthreinsunarofni í sóttvarnarhúsið á Akureyri f. á.... 600 —			
	h. Styrkur til sjúkrahúsa til að halda lærðar hjúkrunarkonur, alt að 200 kr. til hvers ... 600 —			
	Flyt...	128,125	138,125	266,250

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	128,125	138,125	266,250
i.	Styrkur til þess að koma upp sjúkraskýlum á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 1000 kr. á hverja þúsund héraðs búa og með því skilyrði, að stjórnarráðið ssamþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufélag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sér til eignar og reksturs ..... 3,000 kr.			
j.	Styrkur til héraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sér nýrrar læknis þekkingar. Stjórnarráðið veitir þenn an styrk eftir tillögum landlæknis og má ekki verða meira en 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl utanlands 600 kr.	17,200	14,600	31,800
	Samtals...	145,325	152,725	298,050

13. gr.

Til samgöngumála veitast kr. 942,527.

		1910.	1911.	Alls.
	A.			
	Til útgjalda við póststjórnina:	kr.	kr.	kr.
1.	Laun:			
	a. Handa póstmeistaranum ..... 4,000 kr.			
	b. 1. Handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík .... 4,900 —			
	Þar af 500 kr. sem launaviðbót handa núverandi 1. póstafgreiðslumanni.			
	2. Handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur .... 19,000 —			
	c. Handa bréfhirðingamönnum..... 8,000 —			
		35,900	35,900	
2.	Póstflutningur	54,000	54,000	
	Þar af alt að 12000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbréf) með skipum, sem ekki njóta fasts tillags, milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skipin sigli með fastri ferðaáætlun sem auglýst sé fyrir fram.			
3.	Önnur útgjöld:			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara eftir reikningi alt að 5,000 kr. Pósthúsið sé opið 9 stundir hvern virkan dag, og 1 stund hvern helgan dag.			
	b. Önnur útgjöld .... 7,300 —			
		12,300	12,300	
		102,200	102,200	
				204,400
	Flyt...	.....	....	204,400

			1910.	1911:	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar ...	.....	.....	204,400
	B.				
	Til vegabóta.				
I.	Til kostnaðar við stjórn og undirbúning vegagjörða:	1910 / 1911			
	1. Til verkfræðings landsins:	kr. / kr.			
	a. laun	3,000 / 3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500 / 500			
	2. Til aðstoðarmanns:				
	a. laun	2,000 / 2,000			
	b. viðbót við laun núverandi aðstoðarmanns...	700 / 700			
	3. Skrifstofukostnaður	500 / 500			
	4. Til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna ...	1,500 / 1,500			
	5. Til eftirlits með vegaviðhaldi	» / 200			
			8,200	8,400	
II.	Til flutningabrauta:				
	1. Húnvetningabraut	4,500			
	2. Reykjadalsbraut	10,000			
	3. Fagradalsbraut	3,000 / 3,000			
	4. Holtavegur	5,000			
	5. Til viðhalds flutningabrauta	7,000 / 7,000			
			29,500	10,000	
III.	Til þjóðvega:				
	1. Mosfellssveitarvegur....	6,000 / 6,000			
	2. Stykkishólmsvegur	6,000 / 6,000			
	3. Holtavörðuheiðarvegur (brýr á hana)	» / 16,000			
	4. Skaftárhraunsvegur	6,000 / 6,000			
	5. Til brúar á Laxá í Hornafirði	10,000 / »			
	Flyt ...	28,000 / 34,000	37,700	18,400	204,400

	1910	1911	1910.	1911.	Alls
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	28,000	34,000	37,700	18,400	204,400
6. Frá Ljárskógum til Svínadals	1,000				
7. Til viðgerðar og framhalds á þjóðveginum úr Hrútafjarðarbotni í Gilsfjarðarbotn...	3,000				
8. Aðrar vegabætur og viðhald	15,000	10,000			
			47,000	44,000	
IV. Til fjallvega			5,000	5,000	
V. Til áhalda			2,000	2,000	
VI. Til dragferjuhalds á Héraðsvötnum			300	300	
VII. Til dragferjuhalds á Lagarfljóti			300	300	
VIII. Hvammstanga- kaupstaðarvegur (fyrir Múlann)			5,000		
IX. Til akvegar frá Dalvík inn Svarfaðardal, gegn 4000 kr. tillagi að minsta kosti annarsstaðar frá			2,000		
X. Breiðdalsvegur			2,000		
XI. Til sýsluvegar frá Hafnarfirði til Keflavíkur ...			7,500	7,500	
Fjárveitingarnar undir töluliðum VIII, X, og XI veitast með því skilyrði, að jafnmiklu fé sé að minsta kosti varið til veganna annarsstaðar frá.					
XII. Til vegagerðar í Fljótshlíð.....			2,000		
Gegn 3,000 króna tillagi frá Fljótshlíðarhreppi og því sem til vantar annarsstaðar frá.					
XIII. Til brúar á Sandá í Þistilfirði.....			10,000		
XIV. Til Garðars Gíslasonar til mótorvagnskaupa, til þess að halda uppi reglubundnum mótorvagnsferðum á akvegunum út frá Reykjavík, sérstaklega flutningabrautinni austur			4,000		
Fjárveitingin er bundin því skilyrði, að fjárhæðin endurborgist, sé þeim skilmálum eigi fullnægt, sem ákveðnir verða í samningi, er stjórnarráðið gerir um ferðirnar.					
			124,800	77,500	202,300
C.					
1. Til gufuskipaferða alt að			60,000	60,000	
Stjórninni veitist heimild til að gera samninga um gufuskipaferðirnar er gildi næstu tvö ár, að því tilskildu:					
Að strandferðum og millilandaferðum verði hagað svo, að þær verði eigi minni né lakari en ferðir þær, er hið sameinaða gufuskipafélag nú býður, og eru áætlanir um þær ferðir á þingskjali 679.					
Að skipin verði eigi lakari en þau, sem þar eru			60,000	60,000	406,700

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	60,000	60,000	406,700

nefnd, og sé eitt skipið með kælirúmi vel hæfu til fisk- og kjötgeymslu milli landa, og fari 9 ferðir um líkt leyti og þar er gert ráð fyrir.
Að viðkomur í Færeyjum séu ekki fleiri en í gildandi áætlun hins sameinaða gufuskipafélags.
Að farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, og fargjöld eigi heldur, nema milli landa á hraðskreiðasta skipinu.
Að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslenzku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og ennfremur að því tilskildu, að fluttir séu innflytjendur (immigrantar) til Íslands fyrir samsvarandi gjald því, sem hið sameinaða gufuskipafélag hingað til hefir tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi milli Íslands og Skotlands.

Svo veitist stjórninni og heimild til að gera samning um gufuskipaferðirnar um alt að 10 ára tímabil með sama árlegum styrk, ef mun betri ferðir fást með því móti, ef kælirúm fást í minst tveimur skipunum, er fara milli landa, og ef minst eitt skip fer nokkrar ferðir á ári milli Hamborgar, Leith og Íslands.

2.	Til gufu- og mótorbátaferða			39,000	39,000
				99,000	99,000
	D.				198,000
	Til ritsíma og talsíma.				
I.	Ritsímafélagið mikla norræna umsamdar ársgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 1906 að telja			35,000	35,000
II.	Til nýrra landsímalagninga o. fl.				
	1. Siglufjarðartalsími frá Vatnsleysu ... 35,000				
	Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum	10,000	25,000		
	2. Til þess að strengja talsíma:				
	a. Milli Reykjavíkur og Norðtungu	29,000			
	b. Milli Akureyrar og Valla	12,000	41,000		
	3. Til rannsóknar símaleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, þar á meðal til þess að fjölga notenda línum á Akureyri, Seyðisfirði og Ísafirði og til stofnunar nýrra stöðva m. fl.	7,000	7,000		
	Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar séu talsímastöðvar til almennings nota á			73,000	7,000
	Fluttar ...			108,000	42,000	604,700

				1910.	1911.	Alls.
				kr.	kr.	kr.
			Fluttar ..	108,000	42,000	604,700
	framangreindum símaleiðum, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva og stjórnin nánara ákveður.					
III.	Til starfrækslu landsímanna:					
	1. laun forstjóra landsímanna	5,000	5,000			
	2. ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	10,000	10,000			
	3. ritsímastöðin á Akureyri, ásamt bæjarsímkerfinu ...	6,700	6,700			
	4. ritsímastöðin á Seyðisfirði, ásamt bæjarsímkerfinu ...	8,150	8,150			
	5. ritsímastöð á Ísafirði, ásamt bæjarsímkerfi	5,450	5,450			
	6. símastöð á Borðeyri	2,550	2,550			
	7. útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar ...	1,400	1,400			
				39,250	39,250	
IV.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			4,000	4,000	
V.	Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna ...			1,500	1,500	
VI.	Viðhald landsímanna			8,000	8,000	
VII.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern			400	400	
				161,150	95,150	256,300
	E.					
	Til vita.					
I.	Til eftirlits með vitum:					
	a. laun	700	700			
	b. til ferðakostnaðar eftir reikningi alls að	500	500			
				1,200	1,200	
II.	Skipaskagaviti			300	300	
III.	Elliðaeyjarviti			400	400	
IV.	Arnarnesviti:		kr.			
	1. til vitavarðar		500			
	2. fyrir olíu		200			
	3. — steinkol		100			
	4. ýmisleg útgjöld		260			
				1,060	1,060	
			Flyt ...	2,960	2,960	860,300

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	2,960	2,960	860,300
V.	Siglunessviti: kr.			
	1. til vitavarðar 600			
	2. fyrir olíu 250			
	3. — steinkol 50			
	4. ýmisleg útgjöld 150			
		1,050	1,050	
VI.	Til þess að reisa Rifstangavita, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin		25,000	
VII.	Til þess að setja sjálf-hreifandi vitaljósker á Langanesi	3,500		
VIII.	Dalatangaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 400			
	2. fyrir olíu 250			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg gjöld 250			
		1.000	1,000	
IX.	a. Til þess að reisa Dyrhólaeyjarvita, ásamt bústað handa vitaverði og til þess að kaupa lóð undir vitahúsin	25,000		
	b. Til kostnaðar við vitann síð. á.		1.000	
X.	Vestmannaeyjaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 700			
	2. fyrir olíu 200			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 175			
	5. hús handa vitaverði f. á. ... 2,000			
		3,175	1,175	
XI.	Reykjanesviti: kr.			
	1. til launa vitavarðar ... 1,500			
	2. fyrir olíu 500			
	3. — steinkol 100			
	4. ýmisleg útgjöld 875			
	5. til að endurbæta lending við Kistur f. á. 2,000			
		4,975	2,975	
	Flyt ...	41,660	35,160	860,300

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	41,660	35,160	860,300
XII.	Garðskagaviti: kr.			
	1. til vitavarðar 600			
	2. fyrir olíu 200			
	3. til viðhalds á húsi, áhöldum o. fl. ... 300			
	4. fyrir steinkol 100			
	5. ýmisleg útgjöld 116			
		1,316	1,316	
XIII.	Gerðatangarviti	100	100	
XIV.	Hafnarfjarðarvitar: kr.			
	1. til vitavarðar 400			
	2. fyrir olíu 125			
	3. — steinkol 50			
	4. ýmisleg gjöld 100			
		675		
XV.	Gróttuviti: kr.			
	1. til vitavarðar 500			
	2. fyrir olíu 150			
	3. — steinkol 60			
	4. ýmisleg gjöld 240			
		950	950	
		44,701	37,526	82,227
	Samtals ...	.....	.....	942,527

14. gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast kr. 502,040.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	
	A.			
	Í þarfir andlegu stéttarinnar: kr.			
a. 1.	laun biskupsins 5,000			
2.	skrifstofukostnaður 1,000			
		6,000	6,000	
	Flyt ...	6,000	6,000	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr
Fluttar ...	6,000	6,000	
b. önnur útgjöld:			
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	6,500	6,500	
2. Til bráðabirgðaruppbótar brauðum ... Ráðherrann úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.	5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti ...	600	600	
4. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum...	4,000	4,000	
5. framlag til prestlaunasjóðs ...	24,000	24,000	
	46,100	46,100	
			92,200

B.

Til kenslumála.

	1910.	1911.	
I. Til prestaskólans:			
a. laun ...			9,200	9,200	
b. önnur útgjöld:	kr.	kr.			
1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, alt að 80 kr. til hvers ...	960	960			
2. námsstyrkur ... Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.	1,000	1,000			
3. til tímakenslu ...	100	100			
4. til bókakaupa ...	300	300			
5. til eldiviðar og ljósa ...	150	150			
6. til umsjónar ...	100	100			
7. ýmisleg útgjöld ...	250	250			
8. til þess að gefa út kenslu-					
Flyt ...	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
Fluttar ...	2,860	2,860	9,200	9,200	92,200
bækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að	250	250			
			3,110	3,110	
			12,310	12,310	24,620
II. Til læknaskólans:					
a. laun			3,200	3,200	
b. önnur gjöld:		kr.			
1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers		1,200			
2. námsstyrkur		1,600			
Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 250 kr. fyrir skólaárið.					
Húsaleigustyrkur og námsstyrkur veitist eftir sömu reglum og við prestaskólann.					
3. eldiviður, ljós og ræsting		550			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda		700			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum ...		300			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði		400			
7. þóknun til Þórðar geðveikralæknis Sveinssonar fyrir kenslu í lagalegri læknisfræði		300			
8. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik« alt að		200			
9. ýmisleg útgjöld		200			
			5,450	5,450	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum ...			1,000	1,000	
			9,650	9,650	19,300
Flyt ...			.....	.....	136,120

				1910.	1911.	Alls.
				kr.	kr.	kr
			Fluttar ...	....	.....	136,120
III.	Til lagaskólans:	1910. kr.	1911. kr.			
	a. laun	6,800	6,800			
	b. til aukakenslu	1600	1600			
	c. önnur útgjöld:					
	1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers	960	960			
	2. námsstyrkur	1,200	1,200			
	Húsaleigustyrkur og námsstyrkur veitist eftir sömu reglum og við prestaskólann.					
	3. eldiviður, ljós og ræsting ...	250	250			
	4. til bókakaupa	500	500			
	5. húsaleiga	500	500			
	6. önnur útgjöld	200	200			
	7. til útgáfu kenslubóka	500	500			
				12,510	12,510	
						25,020
IV.	Til hins almenna mentaskóla:					
	a. laun			19,200	19,200	
	b. aðstoðarfé:		kr.			
	handa söngkennaranum		600			
	— fimleikakennaranum		700			
	til dyravarðar		1000			
	fyrir yfirumsjón með húsum og áhöldum skólans		200			
				2,500	2,500	
	c. önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.			
	1. til bókasafns skólans	400	400			
	2. til eldiviðar og ljósa	1.400	1,400			
	3. til skólahússins utan og innan	1,400	1,400			
	4. til fasts aukakennara	1,600	1,600			
	5. til annarar tímakenslu og prófdómenda	1,200	1,200			
	6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum	720	720			
	7. námsstyrkur	2,000	2,000			
	Flyt ...	8,720	8,720	21,700	21,700	161,140

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
	Fluttar...	8,720	8,720	21,700	21,700	161,140
	Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið					
	Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.					
8.	Þóknun handa lækni	100	100			
9.	Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
10.	Til vísindalegra áhalda við kenslu	450	450			
11.	Til þess að gefa út kenslubækur handa hinum almenna mentaskóla alt að 45 kr. fyrir örkina	1,000	1,000			
12.	Til áhalda við fimleika kenslu	100	100			
13.	Til verðlaunabóka	300	300			
				11,670	11,670	
				33,370	33,370	66,740
V.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri:					
	a. Laun			6,600	6,600	
	b. Önnur útgjöld:	1910. kr.	1911. kr.			
	1. Til bóka- og áhaldakaupa við kensluna	600	600			
	2. Til eldiviðar og ljósa.....	600	600			
	3. Til tímakenslu og aukakenslu	2,500	2,500			
	4. Til styrkveitinga námspiltum	800	800			
	5. Ýmisleg útgjöld, þar með talin dyravarzla	1,400	1,400			
				5,900	5,900	
				12,500	12,500	25,000
VI.	Til kennaraskólans:					
	a. Laun	6,600	6,600			
	b. Önnur útgjöld ·					
	Flyt ..	6,600	6,600	.. ..	.. ..	252,880

		1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
	Fluttar...	6,600	6,600	.....	.....	252,880
	1. Tímakensla	1,000	1,000			
	2. Eldiviður og ljós	800	800			
	3. Bókakaup og áhöld	300	300			
	4. Námsstyrkur	1,500	1,500			
	5. Ýmisleg útgjöld	1,000	1,000			
	6. Til æfingabekkjar	1,000	1,000			
				12,200	12,200	
						24,400
VII.	Til stýrimannaskólans:					
	a. Laun			3,200	3,200	
	b. Önnur útgjöld:					
	1. Til tímakenslu	1,000	1,000			
	2. Til áhaldakaupa o. fl. ...	400	400			
	3. Til eldiviðar og ljósa ...	400	400			
	4. Ýmisleg útgjöld	600	600			
				2,400	2,400	
				5,600	5,600	
						11,200
VIII.	Til annarar kenslu:					
	a. Til kvennaskóla:					
	1. Til kvennaskólans í Reykjavík ..... Að því til skildu, að Reykjavíkurbær veiti skólanum að minsta kosti 500 kr. hvort árið og að minst 25 heimavistir séu í skólanum fyrir sveita stúlkur.	4,500	4,500			
	2. Til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að.....	2,000	2,000			
	3. Námsstyrkur til sveitastúlkna við sama skóla	300	300			
	4. Til sama skóla til kaupa á húsbúnaði, rúmfötum og matreiðsluáhöldum f. á. alt að.....	2,000	»			
	5. Til kvennaskólans á Blönduósi	3,500	3,500			
	6. Til sama skóla 50 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að...	2,000	2,000			
				14,300	12,300	
	b. 1. Til barnaskóla ..... Þar af til barnaskóla í kaupstöðum 7,000 kr. Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda,			24,000	24,000	
	Flyt...			38,300	36,300	288,480

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	38,300	36,300	288,480
og með því skilyrði, að skólarnir njóti, móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
2. Til farskóla, alt að 200 kr. til hvers, og farkennara, þar sem ekki eru lögskipaðir farskólar, alt að 100 kr. til hvers	15,000	15,000	
Styrkur þessi veitist gegn því, að skólarnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, að minsta kosti jafnmikið landssjóðsstyrknum, og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			
3. Styrkur til að byggja barnaskóla utan kaupstaða alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu að húsinu ...	20,000	20,000	
4. Til framhaldskenslu handa kennurum ..	2,500	2,500	
5. a. Laun umsjónarmanns fræðslumálanna	3,000	3,000	
b. Til eftirlitsferða eftir reikningi.....	600	600	
c. Til aðstoðar við samning skýrslna eftir reikn.	200	200	
c. Til unglingaskóla, utan kaupstaða, þó eigi yfir 1000 kr. til hvers, alt að	5,000	5,000	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að til kenslunnar sé varið úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að eigi minna en helmingi þess, er styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.			
d. Til unglingaskóla í sambandi við barnaskólann á Ísafirði	2,500	2,500	
Styrkurinn veitist með sömu skilyrðum og undir næsta lið á undan.			
e. Til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg	7,000	7,000	
f. Til viðgerðar á gamla skólahúsinu í Flensborg f. á.	500	»	
g. Til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
h. Til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
i. Styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
k. Til kenslu heyrnar og málleysingja	6,500	6,500	
l Til kenslu 2 blindra barna í Danmörku ...	600	600	
Flyt...	103,000	100,500	288,480

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar...	103,000	100,500	288,480
m.	Til Erlendar Páls Jónssonar	300		
n.	Til lýðskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði ..... kr. 1,500 Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að .. 600	2,100	2,100	
o.	Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur leikfimiskennara til að veita ókeypis tilsögn munnlega og verklega utanbæjarstúlkum, svo að þær verði færar um að kenna leikfimi	480	480	
		105,880	103,080	208,960
IX.	Til sundkenslu:			
a.	Í Reykjavík..... Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans og stýrimannaskólans njóti kenslunnar ókeypis.	300	300	
b.	Til sundkenslu annarsstaðar ... Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sé lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.	1,000	1,000	
		1,300	1,300	2,600
X.	Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í tréskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
	Samtals...	.....	.....	502,040

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 142,240.

		1910.	1911.	1910.	1911.	Alls.
1.	Landsbókasafnið:	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
a.	Laun bókavarðar.....	3,000	3,000			
b.	— 1. aðstoðarmanns	1,500	1,500			
c.	— 2. aðstoðarmanns	1,000	1,000			
	Flyt...	5,500	5,500			

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
fluttar...	5,500	5,500	.....	.....	
d. til að kaupa bækur og handrit	6,000	6,000			
e. til bókbands	1,400	1,400			
f. til samningar spjaldskrár (eftir reikningi)	1,500	1,500			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi)	800	800			
h. til að prenta ritaukaskrár	200	200			
i. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
			15,760	15,760	
2. til Landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,800	1,800			
b. til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar	1,600	1,600			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu...	600	600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250			
			4,250	4,250	
3. til Forngripasafnsins:					
a. laun fornmenjavarðar	1,800	1,800			
b. til aðstoðar eftir reikningi alt að	800	800			
c. til að útvega forngripi og til áhalda alt að.....	1,000	1,000			
Safnið sé opið frá 15. júní til 15. sept., 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 6 stundir á viku eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins.					
d. til rannsókna og undirbúnings á skrásetning fornmenja alt að ...	1,000	1,000			
e. til skápa og húsgagna	1,000				
			5,600	4,600	
4. til Náttúrufræðisfélagsins			800	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.					
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sé eign landsins, og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma að minsta kosti einu sinni í viku.					
5. til safnahússins:	1910. kr.	1911. kr.			
a. til eldiviðar, áhalda o. fl.....	2,200	2,200			
b. til dyravarðar	1,400	1,400			
			3,600	3,600	
6. til kaupstaðarbókasafna			2,000	2,000	
Fé þetta veitist með því skilyrði, að bæjar og sýslufélög veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.					
Flyt...			32,010	31,010	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	32,010	31,010	
7. Til bókasafnsins á Ísafirði til bókakaupa f. á.....	2,000		
8. Til bókasafnsins á Akureyri til bókakaupa f. á. ..	1,000		
9. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði alt að	1,500	1,500	
Landstjórninni sé sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.			
10. Til deildar hins íslenzka bókmentafélags í Reykjavík 500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafélagið gefi út 24 arkir á ári af íslenzku fornbréfasafni, eða sem því svarar af registri.	2,000	2,000	
11. Til Þjóðvinafélagsins.....	750	750	
12. Til Fornleifafélagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók Fornleifafélagsins komi út hvort árið.			
13. Til Sögufélagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	750	750	
14. Til þess að rita og gefa út ítarlegt rit um þjóðréttarstöðu landsins, alt að	2,500		
15. Til að vinna að texta-útgáfu á íslenzku fornbréfasafni, með því skilyrði, að gefið verði út sams konar registur sem við fyrstu bindi við sérhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
16. Utanfararstyrkur til Lárusar kennara Bjarnasonar til þess um 1 ár að stunda nám við kennaraháskólann í Kaupmannahöfn	500		
17. Til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslenzk-danskri orðabók	300	300	
Styrkurinn borgist með því skilyrði, að hann gefi árlega skýrslu um hvað starfinu líður.			
18. Til Brynjúlfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
19. Til Einars skálds Hjörleifssonar.....	1,200	1,200	
20. Til Þorsteins Erlingssonar skálds	1,200	1,200	
21. Til síra Valdimars Briem's	800	800	
22. Styrkur til Guðmundar skálds Magnússonar	800	800	
23. Til Guðm. skálds Guðmundssonar	400	400	
24. Til Guðmundar Friðjónssonar skálds	400	400	
25. Til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
26. Til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hér á landi	1,200	1,200	
Flyt...	51,210	44,210	

	1910	1911	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	51,210	44,210	
27. Til alþýðufræðslu Stúdentafélagsins	500	500	
28. Til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
29. Til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi ..... Þessi þrjú síðastnefndu félög gjöri stjórninni reikning fyrir, hversu fénu er varið.	2,000	2,000	
30. Til að gefa út dómasafn landsyfirréttarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
31. Til leikfélags Reykjavíkur, alt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti félaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	1,000	1,000	
32. Til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000		
33. Styrkur til Jóns ritstjóra Ólafssonar til að semja og búa undir prentun íslenzka orðabók með íslenzkum þýðingum, 60 kr. fyrir það sem svarar prentaðri örk, alt að	960	960	
34. Styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að rannsaka og rita um sögu Íslands	1,000	1,000	
35. Til Sighvats Gr. Borgfirðings til að kynna sér skjöl á söfnum í Reykjavík	200		
36. Til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	600	600	
37. Styrkur til að gefa út lagasafn handa alþýðu (áframhald), 20 kr. fyrir örkina, gegn því að áframhald þetta verði eigi selt tiltölulega dýrara en þau bindin (4), sem út eru komin áður, f. á. alt að ..	800		
38. Til skólakennara Bjarna Sæmundssonar til fiskirannsókna	600	600	
39. Til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
40. Til dr. Helga Pjeturss til jarðfræðisrannsókna ...	2,000	1,000	
41. Til Guðm. G. Bárðarsonar til utanfarar til jarðfræðisnáms	1,000		
42. Til kand. fil. Ólafs Þorsteinssonar til þess að ljúka námi á fjöllistaskólanum í Kaupmannahöfn	500	500	
Flyt...	70,320	59,320	

	1910.	1911.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	70,320	59,320	
43. Til Helga Jónssonar til mýra og grasfræðisrannsókna	1,500	1,500	
44. Til jarðskjálftarannsókna	300	300	
45. Til veðursímskeyta innanlands	4,800	4,800	
46. Til Einars Jónssonar myndasmiðs	1,200	1,200	
	76,620	65,620	
Samtals			142,240

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 438,520.

			1910.	1911.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
1.	Til bændaskólans á Hólum:				
	a. Laun		2,700	2,700	
	b. Til aðstoðarkennara		1,000	1,000	
	c. Önnur útgjöld:	1910. 1911.			
		kr. kr.			
	1. Til verklegrar kenslu	1,000 1,000			
	2. Til kensluáhalda	500 500			
	3. Til eldiviðar og ljósa	600 600			
	4. Til styrkveitinga nemendum	400 400			
	5. Ýmisleg útgjöld	600 600			
	6. Til byggingar skólahúss	18,500			
			21,600	3,100	
2.	Til bændaskólans á Hvanneyri:		2700	2,700	
	a. Laun				
	b. Til aðstoðarkennara		1,000	1,000	
	c. Önnur útgjöld:				
	1. Til verklegrar kenslu	1,000 1,000			
	2. Til kensluáhalda	500 500			
	3. Til eldiviðar og ljósa	400 400			
	Flyt...	1,900 1,900	29,000	10,500	

	1910. kr.	1911. kr.	1910. kr.	1911. kr.	Alls. kr.
fluttar...	1,900	1,900	29,000	10,500	
4. Til styrkveitinga nemendum ...	400	400			
5. Ýmisleg útgjöld	600	600			
6. Til byggingar skólahúss úr steinsteypu.....	46,000				
			48,900	2,900	
3. Til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu			1,500	1,500	
4. Til Eiðaskólans:	1910. kr.	1911. kr.			
a. Byggingarstyrkur	20,000				
b. Til verklegrar búnaðarkenslu ...	1,500	1,500			
			21,500	1,500	
5. Til Jónínu Sigurðardóttur til matreiðsluskólahalds			500	500	
6. Til búnaðarfélaga			22,000	22,000	
7. a. Til Búnaðarfélags Íslands. Þar af til kenslu í mjólkurmeðferð 3,000 kr. hvort árið			54,000	54,000	
b. Til nánari undirbúningsrannsókna og mælinga viðvíkjandi áveitu úr Þjórsá og Hvítá á Skeið og Flóa			4,000		
8. Laun skógræktarstjóra			3,000	3,000	
9. Til skóggræðslu.....			10,500	10,500	
10. Handa Ungmennafélagi Íslands til eflingar líkamlegra íþrótta og til skóggræðslu.....			1,000	1,000	
11. Til sandgræðslu.....			4,000	4,000	
12. Styrkur til samvinnusmjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905			14,000	12,000	
13. Til verkfræðings, er sé til aðstoðar landsstjórn og héraðsstjórnum	1910. kr.	1911. kr.			
a. Laun	3,000	3,000			
b. Ferðakostnaður eftir reikningi...	500	500			
			3,500	3,500	
14. a. Laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. Launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík.....			400	400	
15. Styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
16. Styrkur til manns til að nema dýralækningar.... .			600	600	
17. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka iðnskóla í Reykjavík			5,000	5,000	
18. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar			1,000	1,000	
Flyt...			227,100	136,600	

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar	227,100	136,600	
19.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds	600	600	
20.	Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kvöldskólahalds	300	300	
21.	Til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	2,000	2,000	
22.	Til Kaupmannafélagsins og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn í Reykjavík	5,000	5,000	
23.	Til viðskiftaráðunauta alt að	12,000	12,000	
24.	Til byggingarfróðs manns til þess að leiðbeina við kirkju- og barnaskólabyggingar	1,600	1,600	
25.	Til sama eftir reikningi fyrir skoðanir húsa á prestsetrum alt að	400	400	
26.	a. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði .. (1910. kr. 2,000; 1911. kr. 2,000)			
	b. Til Þorsteins Guðmundssonar, launaviðbót (1910. kr. 400; 1911. kr. 400)	2,400	2,400	
27.	Laun tveggja yfirmatsmanna á gæðum síldar, annars á Akureyri, hins á Siglufirði	1,200	1,200	
28.	Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
29.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:			
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
	b. Til húsaleigu	700	700	
	c. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	500	500	
30.	Til fiskiveiðasjóðs Íslands	6,000	6,000	
	Ef stofnað verður útgerðarmannafélag, er nái til allra eða flestra innlendra síldarútvegsmanna, þá skal jafnan leita álits þess félags um úthlutun á því fé í Fiskiveiðasjóði, sem ætlað er til eflingar síldarútvegi.			
31.	Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík til iðnsýningar alt að		2,000	
	Með því skilyrði að jafnmiklu fé sé varið annars staðar frá til sýningarinnar			
32.	Leiga eftir Gullfoss	300	300	
33.	Styrkur til ábúandans á Tvískerjum á Breiðamerkursandi til að halda við bygð á sandinum og veita ferðamönnum húsaskjól, beina og fylgd	300	300	
34.	Styrkur til Hólasóknar-manna til að standast kostnað við kirkjugarðsbyggingu úr steinsteypu um Hólakirkju f. á.	500		
35.	Til lendingarsjóðs í Bolungarvíkurverzlunarstað	1,000		
		264,260	174,260	438,520
	Samtals...	.....	.....	438,520

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna framgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 126,220 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr.; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 360 kr.; til Marie Kathrine Jónsson 300 kr.; til prof. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til síra Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til síra Hjörleifs Einarssonar 500 kr.; til síra Einars Þórðarsonar 500 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þorkelsdóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magnea Ásgeirsson 200 kr.; til Elinborgar Friðriksdóttur 600 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 300 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.; til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.; til Böðvars pósts Jónssonar 100 kr.; til barnakennara Tómasar Davíðssonar 200 kr. — til allra þeirra hvort árið.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 6,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hér á landi.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 15,130,33, greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1909 og hafa í för með sér tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

22. gr.

1. Úr viðlagasjóði má verja alt að 10,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfélagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafélaga, sýslufélaga eða amtsfélaga. Þau ávaxtist með 4% árlega, séu afborgunarlaus fyrstu 3 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

2. Neshreppi utan Ennis má veita úr viðlagasjóði 8500 kr. lán gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar og sýslunefndar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, til þess að gera Krossavík á Hjallasandi að mótorbátakví. Lánið ávaxtast með 4 1/2 % og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

3. Sláturfélagi Suðurlands má lána úr viðlagasjóði 45,000 kr. gegn jafnmiklu stofnfé (hlutafé) og ábyrgð sýslunefndanna í V.-Skaftafells, Rangárvalla, Árness, Kjósar, Borgarfjarðar og Mýra sýslna, og 4 1/2 % vöxtum og jöfnum afborgunum á 15 árum. Sýslufélögin taki tryggingu fyrir ábyrgðinni í fasteignum og öðrum eignum félagsins.

4. Öðrum sláturfélögum má lána úr viðlagasjóði 25,000 kr. gegn ábyrgð hlutaðeigandi sýslunefnda og öðrum kjörum hinum sömu.

5. Ullarverksmiðjunni á Akureyri má lána úr viðlagasjóði alt að 60,000 kr. með ábyrgð bæjarstjórnar og sýslunefndar Eyfirðinga gegn $4^1/_2{}^0/_0$ vöxtum og afborgunarlaust 5 ár hin næstu, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

6. Heimilt er með samþykki sýslunefndar Árnessýslu að framlengja um 3 ár frest á afborgun af láni Erlendar Þórðarsonar, Guðmundar Jónssonar og Guðna Jónssonar til tóvinnuverksmiðju að Reykjafossi í Ölfusi, sem veitt er á fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, að upphæð 20,000 kr.

7. Íshúsfélagi Vestmannaeyja má lána úr viðlagasjóði alt að 20,000 krónur á ábyrgð sýslufélags Vestmannaeyja gegn $4\frac{1}{2}$ % ársvöxtum, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

8. Handa Heilsuhælisfélaginu má ábyrgjast 150 þús. kr. lántöku til að koma upp heilsuhæli á Vífilsstöðum yfir 50 sjúklinga.

9. Alt að 6000 kr. má lána úr viðlagasjóði kirkjusjóði Íslands, ef á þarf að halda, til að hlaupa undir bagga til að endurreisa 2 kirkjur í Árnessýslu, er fuku í vetur.

10. Úr viðlagasjóði má lána Björgvin Vigfússyni sýslumanni í Rangárvallasýslu alt að 4,000 kr. til að koma sér upp embættisbústað gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda. Lánið ávaxtast með $4\,^1/_2\,^0/_0$ og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum.

Lánið er bundið því skilyrði, að bústaðurinn sé á heppilegum stað fyrir sýsluna, og að alt lánið falli í gjalddaga, ef ekki um semur með honum eða búi hans um kaup á húsi og jörð við eftirmann hans í embættinu á sínum tíma.

11. Hafnarfjarðarkaupstað má lána úr viðlagasjóði alt að 30,000 kr. til vatnsveitu í kaupstaðnum, er ávaxtist með $4\,^1/_2\,^0/_0$ og endurborgist með jöfnum afborgunum á 30 árum.

12. Úr viðlagasjóði er heimilt að verja alt að 20,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa bændum og samgirðingafélögum til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi ávaxtast með $4^0/_0$ og eru, að því er snertir samgirðingar og ábúendur á jörðum einstakra manna, afborgunarlaus fyrstu 2 árin, en afborgist síðan á 20 árum með jafnri afborgun á ári. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum fá lán þessi gegn $6^0/_0$ árgjaldi í vöxtum og afborgunum í 28 ár. Lán þessi veitast eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

13. Úr viðlagasjóði má verja alt að 5,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $4^0/_0$, sé afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

14. Sýslufélögum, sem leggja fram áskilið framlag til landssímalagningar má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, er ávaxtist með $4^0/_0$ árlega, og endurborgist á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 40,000 kr.

15. Sýslufélögum má lána úr viðlagasjóði alt að 10,000 kr. hvort árið til þess að koma upp kornforðabúrum til skepnufóðurs, þar sem hætt er við að sigling geti tepst af ísum. Lán þessi ávaxtist með $4^0/_0$ árlega og endurborgist á 15 árum.

16. Hreppsnefndum má veita lán úr viðlagasjóði gegn ábyrgð sýslunefnda alt að 30,000 kr. hvort árið til að byggja barnaskóla, sem samkvæmt fræðslulögunum verður ekki komist hjá að byggja.

17. Úr viðlagasjóði er heimilt að lána Jóhannesi J. Reykdal verksmiðjueiganda í Hafnarfirði alt að 5000 kr. til að endurbyggja trésmíðaverksmiðju sína að gólfi og veggjum úr steinsteypu. Lánið veitist eftir á gegn fasteignarveði eða annari þeirri tryggingu, er landsstjórnin tekur gilda; ávaxtast með $4\,^1/_2\,^0/_0$ og endurborgast með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Ed. **733. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslands banka og til að gefa út landssjóðs-skuldabréf.

Mál þetta, sem komið er til Ed. frá háttv. Nd. er svo mikilsvert og þannig vaxið, að ástæða er til að fara um það nokkrum orðum.

Þótt ekki séu liðin nema 3 þing síðan Íslands banki tók til starfa, þá á hann þó nokkra þingsögu á þessum árum, sem vert er að athuga.

Þó bankinn nyti mikilsverðra réttinda og hlunninda frá upphafi, þar sem hann með lögunum 7. júní 1902 fekk einkaleyfi fyrir seðlaútgáfu um 30 ár og skattfrelsi, þá líður ekki á löngu, þar til þessi réttindi þykja ónóg og farið er fram á ný og meiri réttindi. Og árið 1905 er allmikið rýmkað um hag bankans.

Með lögum nr. 51, 10. nóv. 1905 er bankanum leyft að gefa út banka-vaxtabréf fyrir *tvöfalt* hærri upphæð en *alt* hlutafé og varasjóður bankans nemur. Þá er honum og ennfremur með lögum nr. 65, 10. nóv. 1905 leyft að minka málmforðann úr $^4/_8$ niður í $^3/_8$, þó til málmforðans mætti telja innstæðu í þjóðbönkum Dana, Norðmanna og Englendinga án frádráttar.

Þetta var töluverður hagnaður fyrir bankann. Með því spöruðust að mun vextir af málmforðanum, sem hann losnaði við að hafa fyrirliggjandi.

Árið 1907 er enn aukið við réttindi bankans.

Með lögum nr. 81, 22. nóv. 1907 er leyft að auka hlutafé bankans úr 3 milj. kr. upp í 5 miljónir króna.

Við meðferð þess máls á þinginu 1907 var því haldið fram af stuðningsmönnum málsins, að þessi aukning hlutafjárins væri nauðsynleg til þess að bæta úr peningakröggum landsmanna. En af öðrum var gagnið af þessu fyrir landsmenn dregið í nokkurn efa, þar eð ætla mætti, að féð gengi til að borga erlendar skuldir bankans.

Nú hefir svo farið, að hlutabréf fyrir þessum viðbættu 2 milj. króna í hlutafé hafa ekki selst.

Heimildin fyrir hlutafjárauka bankans hefir því ekki orðið að notum enn sem komið er, og því er heldur engin reynsla fengin fyrir því, hvort hlutafjáraukinn hefði bætt úr peningaþörf landsmanna eða verið notaður til skuldalúkninga erlendis.

Nú er landssjóði boðið að gjörast hluthafi í bankanum, með því að kaupa hlutabréf fyrir umræddum 2 milj. króna hlutafjárauka. Um það hljóðar frumvarp það, sem nefndin hefir fengið til athugunar.

Tilgangur frumv. er tvennur: hlutabréfakaupin eiga að greiða úr peningaþörf landsmanna, og yfirráð bankans eiga að komast í vorar hendur jafnframt því, sem landið verður eigandi að allmiklum hluta bankans.

Þennan góða tilgang virðir nefndin mjög mikils. En hún fær ekki séð, að full trygging sé fyrir því að tilgangurinn náist.

Að því er snertir það atriðið, að kaupin greiði úr peningaþörfinni hér innanlands, þá hefir nefndin nokkra ástæðu til að ætla, að féð myndi verða notað til greiðslu á skuldum bankans erlendis. En hvort þetta kynni að verða

til þess, að bankinn drægi minna inn af lánum hér en ella, eða hann kynni að taka ný lán erlendis og færa þá peninga inn í landið, um það getur nefndin ekki dæmt. Nefndinni virðist því tvísýnt, hvort kaup þessi greiddu verulega úr peningaþörfinni.

Um hitt atriðið skal það eitt tekið fram, að þótt landssjóður yrði eigandi að tveim miljónum króna hlutafjár, þá standa þó 3 miljónir sem eign annara, og yfirráð landssjóðs eru því ekki fulltrygð að áliti nefndarinnar.

En þá er á það að líta, hve álitleg þau kjör eru að öðru leyti, sem landssjóði bjóðast sem kaupanda.

Bankinn vill selja hlutabréf sín með yfirverði. Hann heimtar alt að 101 fyrir hundrað hvert. En gegn þessu verði vill hann ekki taka skuldabréf landssjóðs nema á 98 hundrað hvert. Til milligjafar í þessum bréfaskiftum á landssjóður því alls að borga 60 þús króna í peningum.

Í sambandi við þetta vill nefndin geta þess, að nú í apríl var verðið á hlutabréfum bankans 99 hvert hundrað. Í því verði er þó talinn meðfylgjandi arður fyrir síðasta ár ($6^1/_2\%$) og arður frá þessa árs byrjun. Sé arðurinn dreginn frá, þá er sannvirði hlutabréfanna auk arðs 91—92 fyrir hvert hundrað. Landssjóði er ekki ætlaður arður af bréfunum fyr en frá 1. júlí þ. á. og er því auðsætt, að landssjóður verður að borga miklu hærra verð fyrir hlutabréfin, en sem nemur núverandi gangverði þeirra.

Nefndin getur því eigi álitið að hér sá um nein kjarakaup að ræða, sem landssjóður hafi ástæðu til að keppa eftir.

Þá er það og athugandi, að með þessum kaupum tekur landssjóður á sig ábyrgð, sem vel má vera, að ekkert sé ískyggileg, en sem eigi að síður verður til þess að bæta við þær miklu ábyrgðir, sem nú hvíla á landssjóði.

Af þessum sökum öllum leyfir nefndin sér að leggja til að málið verði ekki afgreitt frá þessu þingi.

Alþingi 4. maí 1909.

Jens Pálsson, formaður.	Jósef Björnsson, skrifari og framsögum.	Lárus H. Bjarnason.
Eiríkur Briem.	Kristinn Daníelsson.	

Ed.

734. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stjórn landsbankans eru 2 bankastjórar, er ráðherra skipar, og tveir gæzlustjórar, er kosnir séu sinn af hvorri deild alþingis til 4 ára í senn eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, öðrum eða báðum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal hann þeim grein fyrir skriflega, hvað veldur.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans, og stýra þeim með aðstoð gæzlustjóra.

Nákvæmari fyrirmæli um sambandið milli bankastjóra sín í milli og bankastjóra og gæzlustjóra verða ákveðin í reglugjörð, er ráðherra setur.

4. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. — Bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjóranna.

Nú er annarhvor bankastjóranna forfallaður og undirskrifar þá annarhvor gæzlustjórinn í hans stað. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varða, sker atkvæði þess gæzlustjórans úr, er fyr var kosinn.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun kr. 6000,00 hvor og gæzlustjórar 1000 kr. hvor. Bókari hefir að launum kr. 3500,00 og féhirðir kr. 2400,00 auk $^1/_5{}^0/_{00}$ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í féhirzlu bankans eða úr, alt að kr. 2600,00. Núverandi féhirðir heldur þó þeim launakjörum, er hann nú hefir. Féhirði ber að setja hæfilegt veð, er ráðherra tiltekur. — Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi né aðra atvinnu. —

Láti núverandi framkvæmdarstjóri af forstöðu bankans fær hann árlega 4000 kr. lífeyri.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. — Ráðherra getur og hvenær sem er látið skoða allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar né sýslunarmenn bankans vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1910 og er úr gildi numinn IV. kafli í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka svo og lög nr. 24., 2. okt. 1891 um breyting á lögum um stofnun landsbanka og lög nr. 37, 23. okt. 1903 um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24, frá 2. okt. 1891.

Sþ. **735. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1910 og 1911.

Frá Ara Jónssyni, Jóni Þorkelssyni, Bjarna Jónssyni frá Vogi, Hannesi Þorsteinssyni, Jóni Jónssyni þm. N. M., Benedikt Sveinssyni, Siðurði Gunnarssyni, Ólafi Briem.

Við 15. gr. 14. Fyrir »2500« komi: 5000.

Nd. **736. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. alþingis 15. Apríl (þingsál. um vitabygging, vegamæling o. fl., 100).

Í fullu trausti þess, að stjórnin láti, sem fyrst að við verður komið, framkvæma rannsóknir þær, sem um er beðið í þingskjölum 100, 150, 160, 171, 202 og 357, að því leyti, sem það er ekki þegar gert, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **737. Breytingartillögur**

við Frumvarp til laga um sóknargjöld.

Frá nefndinni.

1. Við 2. gr Aftan við annan lið 2. gr. bætist: enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju eigi minna en sem svarar 2 kr. 25 au. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri.
2. — 2. — Síðasta málsgrein 2. gr.: »Sömuleiðis . . . af ráðherra« falli burtu.
3. — 7. — Aftan við 2. lið 7. gr. komi: samhljóða setning sem brtt. 1.
4. — 7. — Síðasta málsgrein 7. gr.: »Sömuleiðis . . . af ráðherra« falli burtu.

Nd. **738. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. alþingis 26. April (Frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina, til þess að kaupa hlutabréf í gufuskipafélaginu »Thore« og til að taka 500 þúsund króna lán til þess, 546).

Í trausti þess, að landsstjórnin afli sér glöggra skýrslna þekkingarfróðra manna um alt, er að eimskipaútgerð lýtur, sem og um óskir landsmanna, að því er millilanda- og strandferðir snertir, og leggi fyrir næsta alþingi, ásamt tillögum sínum um málið, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **739. Rökstudd dagskrá**

feld í Nd. alþingis 28. April (Frumvarp til laga um stofnun háskóla, 314).

Með því að lögum um stofnun háskóla er ekki ætlað að koma til framkvæmdar fyr en fé er veitt til hans í fjárlögunum, þykir óþarft og ekki ráðlegt, að afgreiða frumvarpið sem lög frá þessu þingi, og í því trausti að stjórnin leggi málið betur undirbúið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **740. Rökstudd dagskrá**

feld í efri deild alþingis 3. Maí (þingskjal 675).

Deildin telur rétt, að landsstjórnin líti eftir peningastofnunum landsins, en væntir þess, að það sé gert með varúð, og tekur í því trausti fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **741. Rökstudd dagskrá**

samþykt í efri deild alþingis 3. Maí (Þingskjal 675).

Með því að deildin lítur svo á, að hin umræddu afskifti landsstjórnarinnar af hag Landsbankans séu bæði lögmæt og sjálfsögð, lýsir hún fullu trausti sínu á ráðherranum, og tekur fyrir næsta mál á dagskránni.

Ed. **742. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

Frá Gunnari Ólafssyni.

Í stað síðustu málsgr. 5. greinar komi:

Núverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni veitist réttur til eftirlauna af landsbankanum 3000 kr. á ári.

Sþ.

743. Breytingartillaga

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Pétri Jónssyni.

Við 16. gr. 5. (Jónína Sigurðard.):
Fyrir »500—500« komi: 1000—1000.

Ed.

744. Frumvarp

til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur jörðina Skálholt í Biskupstungum.

Eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.

1. gr.

Landstjórninni veitist heimild til að kaupa landssjóði til eignar hið forna biskupssetur Skálholt í Biskupstungum, jafnskjótt sem jörð sú fæst til kaups, fyrir það verð, er þá semur um.

2. gr.

Þegar kaup þessi eru fullgerð, setur landsstjórnin reglur um afnot og ábúð jarðarinnar.

Nd.

745. Nefndarálit

frá Fiskiveiðanefndinni.

Alþingi það er nú situr hefir orðið við ýmsum þeim óskum, er fram hafa komið af hálfu sjómanna um löggjöf til eflingar sjávarútveginum. Er þar fyrst og fremst að nefna lög um fiskimat, er stjórnin hafði undirbúið og vænta má að komi þessum atvinnuveg að miklu gagni. Þá hafa og verið samin lög um lífsábyrgð sjómanna, samkvæmt áskorun frá þingmálafundum, og ennfremur verið gerð breyting á botnvörpulögunum í samræmi við áskorun frá flestöllum botnvörpuútgerðarmönnum hérlendum. Enn hefir mjög mikið fé verið veitt í fjárlögunum til þess að reisa nýja vita og bæta hina eldri og allmikið fé ætlað til viðskiftaerindreka til þess að greiða fyrir sem beztri sölu íslenzkra afurða erlendis, sem að miklu leyti verður í þágu sjávarútvegarins, enda kom bein áskorun í þá átt til þingsins frá þingmálafundi Reykvíkinga 13. febr. þ. á. Loks má nefna frv. til laga um skoðun á síld, sem flutt var á þinginu, þótt það næði ekki fram að ganga að þessu sinni.

Enda þótt vér teljum ofangreind lög, sem alþingi hefir nú samþykt, mjög mikils varðandi, einkum lögin um fiskimat og lífsábyrgð sjómanna, svo og hinar miklu fjár-

veitingar til vita o. fl., þá er hitt þó víst, að ýmislegt er enn ógert, sem nefndin hefði talið nauðsynlegt og æskilegt að koma í framkvæmd sem fyrst. En þar reyndist oss viðfangsmeira starf um að fjalla en svo, að vér höfum að þessu sinni getað borið fram ákveðnar tillögur í lagaformi.

Þrásinnis hefir verið vakið máls á því af hálfu sjómanna, að siglingalöggjöf vorri væri í ýmsum greinum mjög áfátt og þyrfti mörgu við að auka eða af nema eða annan veg setja en nú er. Kom þetta meðal annars skýrt fram í umræðum á síðasta þingmálafundi í Reykjavík, og var þar skorað á þingið, að »endurskoða lög þau, sem til eru um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum og gera þau svo úr garði, að þau verði skýr og auðskilin«. Ennfremur óskaði fundurinn, að samin yrði lög um rétt skipstjóra á íslenzkum skipum gagnvart útgerðarmanni, o. fl. í þá átt.

Þar sem vér játum, að þessar kröfur sé fyllilega á rökum bygðar, en höfum ekki séð oss fært að bera fram frumvarp á þessu þingi um svo vandasamt efni lítt undirbúið, þá höfum vér leyft oss að bera fram þingsályktunartillögu, þar sem skorað er á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um sjómensku á íslenzkum þilskipum, er stunda fiskveiðar og flutninga með ströndum fram. Er það jafnframt tilætlan vor, að stjórnin taki farmannalögin til endurskoðunar, í samráði við þá menn, er þá atvinnu stunda og bezt skyn bera á það mál, og leggi fyrir næsta alþingi breytingartillögur þær, er henni þykir nauðsynlegt að gera.

Jafnframt því, sem nauðsyn er á að setja ný lög um sjómensku og siglingar hér við land, þá er hitt þó ekki síður skylt og nauðsynlegt, að haldin sé þau lög, sem til eru í landinu og sjávarútveginn varða, en á því er og hefir verið allmikill misbrestur í sumum héruðum landsins.

Það er þjóðkunnugt, að miklar kvartanir hafa komið um það, hversu farið er í kringum lögin af ýmsum útlendingum, er stunda hér síldveiðar tíma af árinu og hafa stuðning svonefndar leppmensku til þess að neyta sömu réttinda, sem landsmenn sjálfir. Útlendingar þessir koma til landsins í byrjun veiðitímans, fá einhverja hérlenda menn til þess að eigna sér skipin og láta svo lögskrá þau sem innlenda eign. — Af þessum lögbrotum leiðir það meðal annars, að miklu meiri skipagrúi sækir veiðina en ella mundi, síldinni er mokað upp í hverri vík og hverjum firði svo þúsundum tunna skiftir; markaðurinn verður fullur á skömmu bragði og síldin hrapar í verði. Af þessu hafa íslenzkir útgerðarmenn beðið stórmikið tjón.

Vér teljum því með öllu sjálfsagt, að strangar gætur verði hafðar á því framvegis, að skip frá útlöndum sé því að eins lögskráð hér, að veðbókarvottorð sé lagt fram með afsali og færð sé full sönnun fyrir því, að skipið sé dregið út úr registri þess ríkis, er það kemur frá, samstundis sem skrásetning fer fram hér. Ennfremur verður fullkomlega að gæta þess, að ekki sé útlendir skipstjórar á lögskráðum íslenzkum skipum, nema þeir hafi þau réttindi, sem skylt er að íslenzkum lögum.

Um framkvæmd laganna um botnvörpuveiðar er oss sagt, að ekki muni fullkomið samræmi hjá öllum dómurum landsins. Telja sumir til upptækra veiðarfæra vírstreng þann, er hafður er til þess að draga vörpuna, en aðrir sleppa honum. Vér teljum engan vafa á því, að strenginn beri að skoða sem hluta af veiðarfærunum og sé því rétt og lögum samkvæmt, að hann sé ger upptækur ásamt öðrum veiðarfærum, og að allir dómarar landsins beiti lögunum á sama hátt.

Að endingu viljum vér drepa á það, að oss virðist það hið mesta nauðsynjamál sjávarútvegsins, að stofnað verði allsherjar-félag í landinu til þess að efla hag hans í hví-

vetna, á líka lund sem búnaðarfélag landsins starfar að því, er landbúnaðinn varðar. Oss er kunnugt um, að áhugi er vaknaður á þessu máli í sumum héruðum landsins, þótt ekki hafi það til framkvæmda komist enn. Samtök þessi verða að stofnast af sjómönnum og útgerðarmönnum sjálfum, löggjafarvaldið getur ekki skipað fyrir um slíkt, en þegar félagið væri stofnað, mundi það eiga víst fylgi alþingis að hverju því áhugamáli sínu, er orðið gæti þessum atvinnuveg til styrks og viðreisnar. Á þetta höfum vér viljað drepa í því skyni, að hvetja sjómenn að stofna til svofeldra samtaka sem fyrst.

Alþingi 4. maí 1909.

Pétur Jónsson, formaður. Benedikt Sveinsson, skrifari. Jón Þorkelsson.

Jón Sigurðsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd.

746. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Söfnuði Möðruvallaklausturssóknar veitist undanþága frá lögum um innheimtu og meðferð á kirknafé 22. maí 1890, að því er snertir afhending kirkjusjóðsins í hinn almenna kirkjusjóð, þangað til Möðruvallaklausturskirkja verður reist af nýju.

Sþ.

747. Breytingartillaga.

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 13. gr. B. II.

Á eftir »Holtavegur« komi nýr liður:

Grímsnesbraut 10,000 kr. fyrra árið.

Ed.

748. Framhaldsnefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um söknargjöld.

Frumvarpið hefir tekið nokkrum breytingum í Nd., sem vér yfir höfuð ekki teljum til bóta. Vér höfum því gert nokkrar breytingartillögur við frumvarpið, en viljum eftir atvikum sætta oss við breytingar Nd. á öðrum atriðum frumvarpsins.

Alþingi 6. maí 1909.

Eiríkur Briem, form. | Sigurður Stefánsson, skrifari og framsögum. | Steingrímur Jónsson.

Jósef Björnsson. | Jens Pálsson.

Ed.

749. Nefndaràlit

í málinu: Frumvarp til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankaskuldabréf eða þriðja flokks bankavaxtabréf Landsbankans.

Nefndin, sem háttv. Ed. vísaði máli þessu til, hefir athugað það, og leggur hún til, að það sé samþykt með breytingum þeim, er hér segir:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt skal landsstjórninni að kaupa af Landsbankanum fyrir landssjóðs hönd bankavaxtabréf fyrir alt að 2 miljónum króna.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir orðið »en« komi: og.
   b. Orðin »bankaskuldabréf eða« falli burt.
   c. Aftan við greinina bætist: »og fer kaupverðið eftir lánskjörunum«.
3. Orðin í fyrirsögninni: »bankaskuldabréf eða þriðja flokks« falli burt.

Efri deild alþingis, 6. maí 1909.

Jens Pálsson, formaður. | Jósef Björnsson, skrifari og framsögum. | Lárus H. Bjarnason.

Kristinn Daníelsson. | Eiríkur Briem.

Sþ.

750. Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911.

Frá Jóni Jónssyni þm. N.-M.

Við 13. gr. B. III. Eftir tölulið 3. komi: Lagarfljótsbrúarvegur 4000 kr. f. á.

Sþ.

751. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910 og 1911.

Frá: Bjarna Jónssyni frá Vogi, Jóni Þorkelssyni, Benedikt Sveinssyni, H. Hafstein, Pétri Jónssyni.

Við 15. gr. 33. Í stað »960—960« komi: 1500—1500. Eftir þann lið komi nýr liður:

Til Jóns Ófeigssonar til þess að gera þýzk-íslenzka orðabók 1000 kr. hvort árið.

Sþ.

752. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1910 og 1911, þingskj. 732.

Frá Eggert Pálssyni, Birni Kristjánssyni og Einari Jónssyni.

Við 22. gr. 10. lið: Í staðinn fyrir 4,000 kr. komi: 6,000 kr.

Sþ.

753. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga 1910—1911.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Jón Ólafsson.

Við 13. gr. B. II. Framan við kaflann komi nýr liður svo hljóðandi:

1. Borgarfjarðarbraut 30,000 fyrra árið.

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Nd.

754. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stjórn landsbankans eru 2 bankastjórar, er ráðherra skipar, og tveir gæzlustjórar, er kosnir séu sinn af hvorri deild alþingis til 4 ára í senn eftir þeim reglum, er hingað til hafa gilt.

Ráðherra getur vikið bankastjórum frá um stundarsakir, öðrum eða báðum, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera, og að fullu og öllu, ef miklar eru sakir, en gera skal hann þeim grein fyrir skriflega, hvað veldur.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað að sinni.

2. gr.

Aðsetur bankans er í Reykjavík og þar skulu bankastjórar eiga heima.

3. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans, og stýra þeim með aðstoð gæzlustjóra.

Nákvæmari fyrirmæli um sambandið milli bankastjóra sín í milli og bankastjóra og gæzlustjóra verða ákveðin í reglugjörð, er ráðherra setur.

4. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans og víkur þeim frá, hvorttveggja eftir tillögum bankastjórnar. Aðra sýslunarmenn skipar bankastjórnin og víkur þeim frá. Hún ræður starfstíma þeirra o. s. frv. — Bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar.

Kvittanir frá bankanum eru því að eins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og þeim fylgi áritun bókara um að þær séu athugaðar. Féhirðir bankans má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki beggja bankastjóranna.

Nú er annarhvor bankastjóranna forfallaður og undirskrifar þá annarhvor gæzlustjórinn í hans stað. Verði ágreiningur milli bankastjóranna um eitthvert mál, er bankann varða, sker atkvæði þess gæzlustjórans úr, er fyr var kosinn.

5. gr.

Bankastjórar hafa í árslaun kr. 6000,00 hvor og gæzlustjórar 1000 kr. hvor. Bókari hefir að launum kr. 3500,00 og féhirðir kr. 2400,00 auk $^1/_5{}^0/_{00}$ af öllum greiddum peningum og bankaseðlum í féhirzlu bankans eða úr, alt að kr. 2600,00. Núverandi féhirðir heldur þó þeim launakjörum, er hann nú hefir. Féhirði ber að setja hæfilegt veð, er ráðherra tiltekur. — Bankastjórar mega ekki hafa embættisstörf á hendi né aðra atvinnu. —

Láti núverandi framkvæmdarstjóri af forstöðu bankans fær hann árlega 4000 kr. lífeyri.

6. gr.

Stjórn bankans er ávalt skylt að veita ráðherra alla þá vitneskju um hag bankans, sem honum þurfa þykir. — Ráðherra getur og hvenær sem er látið skoða allan hag bankans.

7. gr.

Eigi mega bankastjórar né sýslunarmenn bankans vera skuldskeyttir bankanum, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. jan. 1910 og er úr gildi numinn IV. kafli í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka svo og lög nr. 24., 2. okt. 1891 um breyting á lögum um stofnun landsbanka og lög nr. 37, 23. okt. 1903 um breyting á 1. gr. í lögum nr. 24, frá 2. okt. 1891.

Ed.

755. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankavaxtabréf Landsbankans.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að kaupa af Landsbankanum fyrir landssjóðs hönd bankavaxtabréf fyrir alt að 2 miljónum króna.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd alt að 2 miljónum króna og fari vextir eigi fram úr $4^1/_2\%$ og afborgist á 30 árum Og skal láninu varið til að kaupa bankavaxtabréf samkvæmt 1. gr., og fer kaupverðið eftir lánskjörunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Nd. **756. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Nd. alþingis 6. maí (Till. til þingsál. um skipun nefndar til þess að annast útgáfu hentugra skólabóka, 333, 729).

Deildin treystir því, að stjórnin kosti kapps um að hið bráðasta verði samdar og gefnar út hentugar kenslubækur á vandaðri íslenzku handa öllum undirbúningsskólum í landinu, þar sem þær vantar, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **757. Nefndarálit**

um þingsályktunartillögu (þingskj. 36) um kjördæma-skifting.

Mál þetta er svo vaxið, að þar sem telja má víst, að á næsta þingi verði samþyktar breytingar á stjórnarskránni með afnámi konungskvaðningar á alþingismönnum og þar af leiðandi breytingum á fjölda þingmanna og, ef til vill, sérstökum kosningum til efri deildar, þá virðist það vanhugsað mál, að fara nú að gera lagaákvæði um breyting kjördæma í landinu. Það væri væntanlega að tjalda til einnar nætur.

Ráðum vér því háttv. deild til að gera ekkert í þessu máli á þessu þingi.

Alþingi 6. maí 1909.

Sigurður Gunnarsson, formaður. Jón Ólafsson, ritari, framsögumaður.

Sigurður Sigurðsson. Einar Jónsson. Jón Jónsson N.-M.

Nd.

758. Nefndarálit

frá nefndinni um verzlunarlöggjöf og atvinnulöggjöf landsins.

Um nauðungarsamning milli skuldunauts og skuldheimtumanna.

Eitt af þeim verkefnum, sem nefndin hefir haft með höndum, var að undirbúa lög um nauðungar-samninga milli skuldunauts og skuldheimtumanna.

Nálega öll verzlunarlönd hafa löggjöf um þetta efni, og er ástæða til þess auðsæ, því að slík löggjöf miðar ekki að eins til að vernda skuldheimtumann, sem fyrir ósjálfráð atvik eða fyrir slys, án vítaverðrar léttúðar, hefir ratað í gjaldþrot, heldur eins oft til að vernda hagsmuni skuldheimtumanna, sem oft getur orðið betur borgið með slíkum samningi, heldur en með gjaldþrotameðferð á búi skuldunauts. En án slíkra laga getur einn skuldunautur, þótt ekki sé meðal hinna stærstu, af eintómri þverúð eða illvilja eða öðru kappi spilt samningum og þar með skaðað alla skuldheimtumenn.

Vér höfum þýtt hin dönsku lög um þetta efni, og leyfum vér oss að leggja með þessu nefndaráliti fram þetta uppkast vort. — Í því eru eyður, sem út þarf að fylla, þar sem þar er vísað til danskrar löggjafar, sem ekki er til hér á landi; en til þess hefir oss ekki unnist tími.

Í síðustu eyðuna verður t. d. að setja ákvæði, sem svara til 13. kap. í l. nr. 51, 25. Marz 1872 fyrir Danmörku.

Þessi vinna vor ætti að geta orðið talsverður verkaléttir fyrir stjórnina, ef hún, sem vér vonum, leggur frv. um þetta efni fyrir næsta þing, og sömuleiðis getur það orðið þingmönnum umhugsunarefni á sama tíma, svo að málið einnig verði betur hugsað af þeirra hlið, er til kemur.

Alþingi, 7. Maí 1909.

Björn Kristjánsson, formaður. Magnús Blöndahl. Jón Ólafsson, framsögumaður.

Jón Jónsson, S.-Ms. Ólafur Briem.

Frumvarp

til laga um nauðungarsamning milli skuldunauts og skuldheimtumanna (tvangsakkord).

(Uppkast).

1. gr.

Skuldunautur, sem óskar að ná nauðungarsamningi við skuldheimtumenn sína án þess að selja bú sitt fram til gjaldþrotaskifta, verður að senda skiftadómi beiðni um það, og skal þeirri beiðni fylgja:

1. Yfirlitsreikningur um hag skuldunauts ásamt yfirlýsingu hans, að viðlögðum drengskap, um, að hann hafi ráðvandlega skýrt frá öllum eignum sínum og skuldum.

2. Skrá um alt, sem skuldunautur á, með sérstakri virðingu á hverju einu, og skal sú virðing gerð af trúnaðar-matsmönnum svo sem fyrir er mælt í 6. gr. Til samanburðar skal, eftir því sem auðið er, gefa sundurliðaða skýrslu um, hvaða verði eigandinn hafi metið hverja eign sína við eldri virðingu á henni, sérstaklega við þann yfirlitsreikning um hag sinn, sem hann hefir samið næst á undan, ef sá reikningur er til, elia skýra frá kaupverði.

3. Skrá um skuldheimtumenn skuldunauts, og skal sér í lagi skýrt frá nafni og heimili hvers þeirra um sig og upphæð þeirri, sem hann á hjá skuldunaut, sömuleiðis veði því eða trygging, er sett kann að vera fyrir skuld. Skuldkröfur, sem skuldunautur viðurkennir ekki, skulu fram taldar og athugasemd um það gerð. Einnig skal skuldunautur, eftir því sem honum hefir verið auðið, hafa útvegað, og láta skrá þessari fylgja, umsögn skuldheimtumanna um upphæð krafna þeirra, og hversu á þeim standi; nú vantar slíka umsögn frá einhverjum skuldheimtumanni, og skal þá frá því skýra, hvort á hann hafi verið skorað um að skýra frá kröfu sinni.

4. Skrá um bækur, þær er skuldunautur hefir haldið um atvinnu sína.

5. Tillaga skuldunauts um skuldgreiðslusamning ásamt skriflegri yfirlýsing frá ekki minna en tveim fimtungum þeirra skuldheimtumanna, sem kunnugt er um bæði að tölu og skuldaupphæð, um, að þeir greiði atkvæði fyrir tillögunni.

6. Skýrsla frá þeim tveimur trúnaðar-matsmönnum, þeim er skuldunautur hefir til kvatt og löggiltir eru (2. gr.), en af þeim skal annar vera löggiltur sem sérfróður maður í þeirri tegund viðskifta-atvinnu, sem skuldunautur rekur, og hinn löggiltur sem reikningafróður maður, og má hvorugur vera skuldunaut svo nákominn, að þeir séu systkinabörn að skyldleika eða mægðum.

Skýrsla trúnaðar-matsmanna skal lýsa yfir því, að þeir hafi nákvæmlega yfirfarið alt bú skuldunauts, reikningshald hans og atvinnurekstur; að yfirlitsreikningurinn yfir hag búsins og aðrar þær skýrslur um það, sem nefndar eru hér að framan, séu, eftir öllu því, sem fyrir þeim hefir legið, svo fullkomnar sem auðið hefir verið að útvega, og að í þeim sé ekkert rangt, svo að þeir til viti.

Í skýrslu sinni skulu þeir ennfremur gefa fullkomið yfirlit um það, hversu búið standi, skýra frá, hversu skuldunautur hafi rekið atvinnu sína bæði áður en hann kvaddi þá til og eins eftir það, og enn fremur skýra frá, hversu bókhaldi skuldunauts hafi verið hagað og hversu það sé af hendi leyst, sömuleiðis gefa skýrslu um atvik þau sem því hafa valdið, að skuldunaut hefir eigi auðið orðið að fullnægja skuldakröfum, þeim sem á honum hvíla, og um það, hversu tekjuhallinn er fram kominn; enn fremur umsögn, er meta megi eftir, hvort skuldunautur hafi farið viðunanlega að, eða álíta meg að hann hafi rekið atvinnu sína á einhvern hátt með léttúð eða óreglu. Sérstaklega skal taka það fram, hvort ráða þyki mega að skuldunautur hafi nokkuð það gert í viðskiftum sínum, er rifta mætti, ef hann yrði gjaldþrota; hvort nýlega hafi yfir staðið málssókn gegn skuldunaut, eða hann hafi gengið að sætt fyrir nokkrum dómstóli eða sáttanefnd; hvort nokkur atvik eru fyrir hendi,

sem tilefni gætu gefið til rannsóknar eða málshöfðunar af hendi almannavalds; enn fremur skulu þeir skýra frá því sem þeir að öðru leyti kynnu að hafa fundið athugavert málinu til skýringar. Loks skulu trúnaðar-matsmennirnir láta í ljósi álit sitt um, hvort sennilegt sé að fallast á tillögu skuldunauts um skuldgreiðslusamning, og um það, hver trygging sé fyrir því, að skuldunautur muni efna þann samning, og enn fremur um það, hversu ætla megi að búið muni standa, ef það verði tekið til gjaldþrotameðferðar.

7. 20—100 króna fjárupphæð, eftir mati skiftaráðanda, og skal það vera fyrirframgreiðsla upp í kostnað, þann er stafar af því að hafa beiðnina og samningsumleitanirnar til meðferðar.

Hver sá skuldunautur eða trúnaðar-matsmaður, sem gefur vísvitandi rangar skýrslur eða gerir sig sekan í vítaverðu skeytingarleysi, þá er hann gefur yfirlýsingar þær og skýrslur, sem um er rætt í þessari grein, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi, nema hann hafi bakað sér þyngri refsingu eftir öðrum landslögum.

2. gr.

Ráðherrann skal löggilda um ákveðið tímabil trúnaðar-matsmenn í ýmsum atvinnugreinum, eftir því sem þörf þykir, og svo marga og svo víða, sem þörf þykir, og skal hann fyrst leita tillagna um það frá félögum ýmissa atvinnurekenda, hvort heldur í viðskiftaatvinnu, landbúnaði eða annari atvinnu; þessa menn er skuldunautum heimilt að kveðja til sem sérfróða trúnaðar-matsmenn við nauðungarsamninga um skuldgreiðslur samkvæmt lögum þessum. Í sama skyni löggildir ráðherrann einnig reikningafróða trúnaðar-matsmenn svo marga og svo víða sem þörf þykir á.

Nú eru til kaupmannafélög í kaupstöðum, þeim er eigi hafa færri en 1500 íbúa, og er þeim þá rétt að senda ráðherra fyrir 1. maí ár hvert skrá um menn í umdæmi, því er félagið nær yfir, þá er félagið telur til þess fallna að verða löggiltir trúnaðar-matsmenn. Búnaðarfélög, sem taka yfir fleiri hreppa en einn, hafa sama tillögurétt.

Landbúnaðarfróða trúnaðar-matsmenn skal að eins löggilda fyrir þann landsfjórðung, sem þeir eiga heima í. Landsfjórðungur merkir hér það umdæmi, er eitt amtsráð tók yfir síðast, áður en þau voru niður lögð. Aðra löggilta trúnaðar-matsmenn er heimilt að nota hvar sem er á landinu.

Eftir áskorun skuldunauts getur skiftadómari veitt öðrum manni eða mönnum löggildingu til trúnaðar-matsmensku í því eina máli, sem þá liggur fyrir, ef tilefni er til þess.

Nú kveður skuldunautur trúnaðar-matsmenn til, og geta þeir þá heimtað, að hann leggi fram hæfilega upphæð til tryggingar fyrir ómakslaunum þeirra. Ef á þarf að halda, ákveður skiftadómari upphæð tryggingarinnar og hversu hún skuli sett.

3. gr.

Á beiðni skuldunauts, þá er um getur í 1. gr., skal skiftadómari rita dag og klukkustund, þá er hún var afhent honum.

Ef auðið er, skal skiftadómari áður en þrjár sólir eru af lofti, eða sé það ekki auðið, þá svo fljótt sem framast má verða, kveða upp úrskurð um það, hvort hefja skuli umleitun um skuldgreiðslusamning. Áður en sá úrskurður er upp kveðinn, skal halda fund, sem skuldheimtumenn eiga kost á að sækja eða umboðsmenn þeirra, og á skuldunautur einnig að vera þar viðstaddur og sömuleiðis trúnaðar-matsmennirnir, ef þurfa þykir, og skal skuldunautur og trúnaðar-matsmenn svara þar þeim spurningum, er upp eru bornar af skiftadómara eða öðrum.

Ef atvik liggja svo til, getur skiftadómari auk þess heimtað tryggingu fyrir kostnaði, þeim sem leiðir af samningaumleituninni, að svo miklu leyti sem trygging, sú er um getur í 1. gr., kynni eigi virðast nægileg.

Nú fullnægir beiðni skuldunauts ekki fyrirmælum 1. gr., enda bætir skuldunautur ekki í tækan tíma úr því sem áfátt er, eða dómarinn sér það auðsælega af skýrslum, þeim sem fram eru komnar, að skuldgreiðslusamningur getur ekki átt sér stað samkv. 4. gr., eða að fyrirmæli 25. gr. hljóti að verða því til tálmunar, að dómarinn geti staðfest samninginn, og skal hann þá vísa beiðninni frá og skiftadómari þá skýra öllum þeim skuldheimtumönnum, sem um er kunnugt, frá frávísuninni og ástæðunum fyrir henni undir eins og áfrýjunarfrestur er útrunninn (36. gr.).

Skiftadómari er einnig skyldur til, þótt síðar sé, að stöðva málaleitun um skuldgreiðslusamning, undir eins og hann fær vitneskju um einhver þau atvik, er tálma því að þessari málaleitun sé áfram haldið eða að samningur verði staðfestur.

4. gr.

Málaleitunum um skuldgreiðslusamning samkv. lögum þessum má ekki sinna, og sé hún byrjuð skal við hana hætta:

a. ef skuldunautur hefir áður orðið að framselja bú sitt til gjaldþrotameðferðar eða hann hefir áður fengið nauðungarsamning samkvæmt þessum lögum, nema hann sanni, að hann hafi annað hvort við þá skiftameðferð eða þann samning, eða síðar, greitt skuldheimtumönnum sínum að minsta kosti 75% af upphæð, þeirri sem skuldkröfur þeirra námu, með áföllnum vöxtum við byrjun þeirra gjaldþrotaskifta eða málaleitunarinnar um þann nauðungarsamning;
b. ef skuldunautur er fjarverandi meðan á málaleituninni stendur, nema hann hafi fengið leyfi skiftadómara til brottferðar eða fjarvistar;
c. ef skuldunautur lætur hjá líða að gefa þær skýrslur, sem skiftadómara þykir nauðsyn til bera, eða hann á annan hátt lætur hjá líða að fullnægja því sem lög þessi leggja honum á herðar;
d. ef það hefir reynst ógerlegt að fá áreiðanlegt yfirlit yfir hag búsins;
e. ef skiftadómari samkvæmt rannsókn trúnaðar-matsmannanna eða af öðrum ástæðum verður að álíta, að skuldunautur hafi haft óráðvendni í frammi eða sýnt í atvinnurekstri sínum léttúð eða óreglu.

5. gr.

Nú ályktar skiftadómari, að málaleitun megi eiga sér stað um skuldgreiðslusamning, eða skuldsamningadómur, sá er um getur í 35. gr., sker svo úr, og skal þá svo álíta sem málaleitun þessi hafi hafist frá þeirri stundu, er beiðni skuldunauts um það efni kom í hend ur skiftadómara.

Upp frá þeirri stund, er málaleitun um skuldgreiðslusamning telst byrjuð, og þar til er henni er lokið, verður ekki að lögum kyrsett fé skuldunauts, fjárnám gert eða lögtak hjá honum, nema fyrir skuldkröfur sem greiðslusamningarnir ná ekki til.

Meðan skuldgreiðslusamningur er ekki fullgerður, getur hinsvegar sérhver skuldheimtumaður, er eigi hefir trygt veð fyrir kröfu sinni, heimtað, að bú skuldunauts sé tekið til gjaldþrotameðferðar, hvort heldur sem krafa hans er fallin í gjalddaga eða eigi. Sé krafa þessi fram komin af hendi skuldheimtumanna, sem samnings umleitanirnar ná til, má skiftadómari þó því að eins sinna henni, að minsta kosti tveir aðrir skuldheimtumenn, er eins stendur á með, geri sömu kröfu, eða eigi fyrri en tveir aðrir gera sömu kröfu, enda sé kröfurnar ekki þeim í hendur seldar eftir að samningamálaleitun byrjaði. Eigi verður krafa skuldheimtumanna, þeirra er gjaldþrotameðferðar beiðast, heldur sint, nema kröfur þeirra samtals nemi að minsta kosti einum tíunda hlut af allri upphæð þeirra krafna gegn skuldunaut, sem um er kunnugt þá er þær komu fram.

Nú hefir samningur á komist um skuldgreiðslu, en skiftadómari hefir enn eigi staðfest hann með fullnaðar-úrskurði, og má þá ekki á þeim tíma taka bú skuldunauts til gjaldþrotaskifta eftir kröfu nokkurs þess skuldheimtumanns, sem samningurinn nær til. Nú endar á

þessu tímabili einhver sá frestur, sem um ræðir í 4. kapítula laganna um gjaldþrotaskifti, en sá frestur hefir þau áhrif, að stöðva réttinn til að lýsa skuldunaut gjaldþrota, eða einhver þessi frestur mundi á enda verða innan viku þar á eftir, og skal þá ekki telja frestinn útrunninn, ef skuldunautur verður gjaldþrota innan viku eftir að þessi tími er á enda.

6. gr.

Nú er beiðni skuldunauts um samninga umleitun á skuldgreiðslu tekin til greina, og er það þá skylda skiftadómara:

1. að gefa tafarlaust út auglýsingu um, að málaleitun sé byrjuð um skuldgreiðslusamning, og á hann jafnframt að ákveða fund til meðferðar þessa máls og til atkvæðagreiðslu um samningstillögu skuldunauts, og skal þann fund eigi fyrri halda, en 14 dögum, og eigi síðar en 4 vikum, eftir að skiftadómari hafði úrskurðað að byrja skyldi málleitun þessa. Jafnframt skal skorað á skuldheimtumenn að skýra skiftadómara frá, hvað þeir eiga hjá skuldunaut. Auglýsing þessa skal birta í lögbirtingablaðinu, og nemi búið nokkru talsverðu, ber að endurtaka auglýsinguna nokkrum sinnum.
2. áður en vika er liðin frá því er skiftaréttur úrskurðaði, að leita mætti skuldgreiðslusamnings, á dómarinn að senda hverjum skuldheimtumanni, sem um er kunnugt hvort heldur hann á heima innan lands eða utan, eða umboðsmönnum þeirra, þeim sem um er kunnugt nærlendis, eintak af auglýsingu, þeirri er áður er um getið, samningstillögu skuldunauts, yfirlitsreikning yfir hag hans og yfirlýsingu trúnaðarmatsmanna, og skal þetta senda í ábyrgðarbréfi. Nú neitar skuldunautur eða einhver skuldheimtumaður einhverri kröfu að öllu leyti eða nokkru, eða krefst frekari sannana fyrir henni, og ber þá að tilkynna þetta jafnframt þeim skuldheimtumanni, er þá kröfu á. Nú fær skiftadómari síðar að vita um fleiri skuldheimtumenn, og skal hann þá tafarlaust senda þeim sömu tilkynningu sem hinum var send. Nú eiga nokkrir skuldheimtumenn heimili í mikilli fjarlægð, og má skiftadómari þá, eftir því sem honum þykir henta, senda þeim stutta skýrslu og fundarboð með ritsíma.

Nú hefir eitthvað fyrir farist að gera af því sem fyrir er mælt í 2. lið þessarar greinar, og verða þó eigi á því bygð nein mótmæli gegn málaleitun um skuldgreiðslusamning.

Beiðni skuldunauts og öll fylgiskjöl við hana skal leggja fram í dómi öllum til eftirsjónar, og á sérhver skuldheimtumaður rétt á að heimta eftirrit af þessum skjölum gegn borgun.

7. gr.

Á fundi, þeim sem á að taka tiltöguna til skuldgreiðslusamnings til meðferðar, á skuldheimtumaður að vera viðstaddur. Frá því afsakar hann ekkert, nema sjúkdómur eða önnur sú tálmun, sem skiftadómari metur ósigrandi. Trúnaðarmatsmennirnir eiga einnig að vera þar viðstaddir, nema þeir hafi lögleg forföll. Þá er um smábú er að ræða, má skiftadómari ákveða, að trúnarmatsmenn þurfi ekki að vera við á fundinum. Á þeim fundi á að koma fram tillaga skuldunauts til skuldgreiðslusamnings og á þar að gera grein fyrir öllum ástæðum búsins alt fram að fundardegi. Þar skal og fram leggja skrá yfir skuldheimtumenn til afnota við atkvæðagreiðslu; hana skal yfirfara og á hún að taka yfir allar þær kröfur, er lýst hefir verið, og eins þær, er ekki hefir lýst verið, og skal athugasemd um það gerð, hvort skuldunautur eða aðrir hafa mótmælt nokkurri kröfu, og þá hverri og að hve miklu leyti.

Nú telur einhver sér ranglega slept af skrá þessari, eða telur kröfu sína tilfærða með skakkri upphæð, og skal þá einnig athugasemd um það gera í skrána.

Nú breytir skuldunautur tillögu sinni eða bætir einhverju við hana, og sker þá skiftadómari úr, er hann hefir gefið þeim færi á að láta álit sitt í ljós, sem við eru, hvort atkvæðagreiðsla megi fram fara á þeim fundi eða ekki um tillöguna með á orðinni breytingu. Álíti dómarinn að nýjan fund beri að halda, ákveður hann þann fund með stuttum fresti, venjulega ekki meira en vikufresti. Þennan nýja fund skal birta ... .

.....

Auk þess skal (6. gr.) senda sérstakt fundarboð í ábyrgðarbréfi þeim skuldheimtumönnum, sem kunnugt er um og ekki voru viðstaddir á fundinum og heyrðu þar, hvenær nýr fundur var ákveðinn. Í þessu sérstaka fundarboði skal geta um þær breytingar er gerðar hafa verið á tillögunni.

Á þessum nýja fundi þurfa trúnaðarmats-menn ekki að vera viðstaddir nema skiftadómari telji það nauðsynlegt.

Á þessum fundi getur skuldunautur ekki breytt aftur tillögu sinni eða bætt neinu við hana.

8. gr.

Á fundum þeim, er um ræðir í 7. gr., má bæði skiftadómari, trúnaðar-matsmenn og sérhver skuldheimtumaður heimta svar skuldunauts upp á sérhverja spurningu, er stendur í sambandi við skuldgreiðslusamninginn. Skiftadómari skal bera svörin upp.

Á sama hátt má skýrslu heimta af sérhverjum skuldheimtumanni, sem viðstaddur er, eða viðstöddum umboðsmanni skuldheimtumanns, um viðskiftasamband skuldheimtumanns við skuldunaut, og þyki skiftadómara það nauðsynlegt, getur hann með kvöldfresti kvatt þá skuldheimtumenn til að mæta, sem heima eiga eða eru staddir svo nærri fundinum, að þess sé kostur. Nú þykir nauðsyn til bera að heimta skýrslu af skuldheimtumönnum, sem heima eiga eða dvelja í öðru skiftaumdæmi, og getur skiftadómari þá beðið skiftadómarann í því umdæmi, er þeir eru í, að leggja spurningar fyrir þá, og er sá skiftadómari skyldur til að verða tafarlaust við þeim tilmælum.

Nú mætir eigi skuldheimtumaður, sem til er kvaddur, og tjáir ekki lögleg forföll, eða skuldheimtumaður eða umboðsmaður hans færist undan að svara spurningu, sem fyrir hann er lögð samkvæmt þessari grein, og getur skiftadómari þá ákveðið, ef sá skuldheimtumaður greiðir atkvæði með samningstillögunni, að það atkvæði skuli eigi þeim megin talið.

Nú reynist skýrsla ósönn, sú er gefin er samkvæmt þessari grein, og skal þá beita 146. og 148. gr. hegningarlaganna.

9. gr.

Þá er atkvæði eru greidd um samningstillögu skuldunauts, getur skuldheimtumaður, sem ekki mætir, sent atkvæði sitt skriflega á fundinn. Nú hefir skuldheimtumaður lýst yfir því, þá er skuldunautur kom fram með samningstilögu sína, að hann sé samþykkur tillögunni og skal þá svo á líta, að hann hafi greitt atkvæði með henni skriflega, nema hann hafi afturkallað yfirlýsingu sína eða tillögunni hefir á einhvern hátt verið síðar breytt.

10. gr.

Þá er atkvæði eru greidd um tillöguna, hefir hver veðhafi atkvæðisrétt fyrir þeim hluta skuldkröfu sinnar, sem skiftadómari álítur að eigi sé trygður með veðinu, eða falli skuldheimtumaður frá veðrétti sínum fyrir meiri upphæð, þá hefir hann atkvæðisrétt um hana.

Nú hefir skuldheimtumaður forgangsrétt í búinu fyrir kröfu sinni, og hefir hann þá atkvæðisrétt fyrir þeim hluta kröfu sinnar, sem hann afsalar sér forgangsrétti fyrir.

Nú er skuldheimtumaður einnig í skuld nokkurri við skuldunaut, þann er samnings leitar, og hefir hann þá atkvæði fyrir þeim hluta kröfu sinnar að eins, sem eigi verður fullnusta ger með skuldajöfnuði samkv. 22 gr.

11. gr.

Þá er atkvæði skal greiða um samningstillöguna, hafa þessir skuldheimtumenn engan atkvæðisrétt: Eiginkona manns, eða eiginmaður konu, ættingjar í beinan legg upp eða niður, systkin, eða þeir er jafn nærri standa að mægðum eða tengdum; sama er um þá skuldheimtumenn, sem hafa fengið kröfur sínar sér í hendur seldar eftir að þeir fengu vitneskju um, að skuldunautur hefir tilkvatt trúnaðar-matsmenn samkv. 1. gr. 6, eða hætt skuldagreiðslum.

12. gr.

Nú er krafa skuldheimtumanns véfengd, og tekur hann þó fyrst um sinn þátt í atkvæðagreiðslu um samningstillöguna (16. gr.).

13. gr.

Nú eiga fleiri menn saman eina kröfu, og veitir hún þá eigi rétt til fleiri atkvæða, en þótt einn væri eigandi.

Nú á skuldheimtumaður kröfu, þá er skilyrðum er bundin, og á hann þó atkvæði enda þótt skilyrðið fyrir tilurð kröfunnar sé enn ekki framkomið. Nú eiga fleiri menn slíka kröfu saman, og á þá að eins einn þeirra atkvæðisrétt, og þá sá helzt, er að tímanum til verður að álíta að næstur standi.

Nú hefir skuldheimtumaður fleiri kröfur en eina, og hefir hann þó að eins eitt atkvæði.

14. gr.

Nú er samningstillaga svo vaxin, að skuldheimtumönnum, þeim er eigi eiga forgangsrétt, eru boðnir 50% eða meira, eða tillagan fer að eins fram á greiðslufrest, og þarf þá, til þess að hún verði samþykt, að minsta kosti atkvæði tveggja þriðju hluta þeirra skuldheimtumanna, er mættir eru, enda nemi kröfur þeirra að minsta kosti þrem fjórðu hlutum af upphæðinni á öllum þeim kröfum, er atkvæði eiga.

Nú býður tillagan minna en 50%, en þó eigi minna en 25% og þarf þá þrjá fjórðu hluta bæði af atkvæðatölu og skuldaupphæð til samþykkis.

Nú býður tillagan minna en 25% og þarf þá níu tíundu hluta bæði að atkvæðatölu og skuldaupphæð til samþykkis.

Þeir skuldheimtumenn, sem sent hafa skrifleg atkvæði (9. gr.), skulu, að því er ákvæði þessarar greinar snertir, teljast með þeim skuldheimtumönnum, sem mættir eru á fundi.

Nú hefir skuldheimtumaður eigi tilkynt skuldkröfu sína, og skal hún þó talin með þeim skuldkröfum, er atkvæðisrétt eiga.

15. gr.

Nú fer svo á fundi, þar sem samningstillagan er borin undir atkvæði, að næg atkvæði fást að atkvæðatölu til, en eigi næg að upphæðum til, eða næg atkvæði fást að upphæðum til, en eigi að atkvæðatölu til, og stefnir þá skiftadómari til nýs fundar, er halda skal svo fljótt sem auðið er, og eigi síðar en á viku-fresti. Fáist ekki á þeim fundi næg atkvæði samkv. 14. gr., bæði að atkvæðatölu og upphæðum til, þá er tilboðinu hafnað.

Um fundarboðun og sérstakar tilkynningar til þessa fundar fer svo sem segir í 7. gr.

Þeir skuldheimtumenn, er atkvæði greiddu á fundi, verður álitið að standi við atkvæðagreiðslu sína á inum síðara fundi, ef eigi hefir skýrsla frá þeim komið um annað.

16. gr.

Nú reynist það, að úrslit atkvæðagreiðslu verða önnur, ef með eru taldar þær kröfur, sem eigi eru viðurkendar, eða atkvæði þeirra kröfueiganda eru með talin (12. gr.), heldur en þau mundu verða, ef þessar kröfur eða þessi atkvæði væru ekki með talin, og er þá rétt að skiftadómari rannsaki þær kröfur nánara og kveði svo á um, hve margar af þessum kröfum, og fyrir hve miklum upphæðum, með skuli telja við atkvæðagreiðsluna. Þó þarf skiftadómari ekki lengra að fara í þessari rannsókn en svo, að til þess nægi, að atkvæðagreiðslan geti úrslit gefið um það, hvort tillagan verður samþykt eða henni hafnað, hvort heldur sem aðrar vefengdar kröfur eru meðtaldar eða ekki. Nú kemst skiftadómari að þeirri niðurstöðu, að inar vefengdu kröfur séu svo vaxnar, að eigi verði þannig til bráðabirgða úr því skorið, hvort vefengdar kröfur skuli með telja eða ekki, og lýsir hann þá yfir því, að tilboðinu sé hafnað.

Verði það síðar lagt undir dómsúrslit, hvort kröfurnar sé gildar eða eigi, þá hefir bráðabirgðaúrskurður skiftadómara engin áhrif á það mál.

17. gr.

Þeir skuldheimtumenn, er eiga kröfur með lögákveðnum forgangsrétti, ef um gjaldþrot væri að ræða, verða ekki með skuldgreiðslusamningi neyddir til að fella neitt af kröfum sínum eða gefa neinn greiðslufrest; þeirra kröfur verður að greiða að fullu þá er þær falla í gjalddaga, nema þeir afsali sér sjálfir þeim rétti. Nú er svo ákveðið í lögum, að forgangsréttur haldist því að eins, að gjaldþrot verði innan einhvers ákveðins tíma, og rennur sá frestur á enda meðan á skuldgreiðslusamningi stendur eða innan mánaðar þar á eftir, þá verður veitist þó forgangsrétturinn, ef skuldunautur verður gjaldþrota eigi síðar en mánuði eftir að skuldgreiðslusamningi var lokið.

Með þá skuldheimtumenn, er jafnfætis standa í gjaldþrotaröðinni, verður að fara alla á sama hátt, nema einhver þeirra gangi sérstaklega að því að vera látinn standa verr að vígi en hinir.

18. gr.

Með þá skuldheimtumenn, er eiga kröfur sem vefengdar eru, verður í samningnum fyrst um sinn að fara alveg á sama hátt og ef kröfur þeirra væru eigi vefengdar.

Nú er skuldgreiðslusamningur staðfestur, og er þá þeim skuldheimtumönnum, er hlut eiga að máli, rétt að krefjast þess, að skiftadómari ákveði, að greiðsla, sú er fellur á vefengda kröfu, eða á þann hluta kröfu, sem vefengdur er, skuli lögð í banka eða sparisjóð eftir þeim nánari reglum, sem skiftadómari ákveður til tryggingar skuldheimtumanni. Nú verður svo ákveðið, að greiðslu skuli þannig leggja í banka eða sparisjóð, og ákveður skiftadómari þá tiltekinn frest, svo að skuldeigandi hafi, áður en sá frestur er liðinn, fært skiftadómi sönnur á það, að hann hafi byrjað málssókn. Nú fellur dómur, og skal greiðsla, sú er inn var lögð, kyr standa þar til er áfrýjunarfrestur er út liðinn. Nú eru sönnur eigi á það færðar áður en frestur er liðinn, að málssókn sé byrjuð, og hefir skiftadómari gefið vottorð um það, og má þá taka út aftur greiðslu, þá er inn var lögð.

19. gr.

Nú hefir skuldgreiðslusamningur gerður verið, og hefir hann þó engin áhrif á rétt skuldheimtumanna gagnvart ábyrgðarmönnum og öðrum, er til skuldar eiga að svara ásamt skuldunaut.

20. gr.

Nú hefir skuldheimtumaður veð fyrir skuld og hefir þá skuldgreiðslusamningur engin

áhrif á veðrétt hans. En persónuleg krafa hans á hendur skuldunaut lækkar um þá upphæð, sem veðið síðar kann að fullnægja. Um þá upphæð, sem umfram er, er veðhafi bundinn við samninginn.

21. gr.

Nú ber skuldkrafa vöxtu, og skal þá í skuldgreiðslusamningi eigi vöxtu telja lengur en þar til er umleitun hófst um skuldgreiðslusamning.

Nú hefir afslætti (*rabat*) verið heitið á kröfuupphæð, og skal þá draga þann afslátt frá kröfunni, hvort sem skilyrði, þau er fyrir afslættinum voru sett, eru uppfylt eða ekki. Hafi afslætti verið heitið fyrir borgun út í hönd, skal þó af þeim afslætti það eitt frá draga, er umfram verður 10% um árið.

Nú á skuldheimtumaður kröfu, er eigi var í gjalddaga fallin, og á hann þó samkv. samningnum rétt á borgun samtímis öðrum skuldheimtumönnum. ... .
....

22. gr.

Nú hefir maður náð skuldgreiðslusamningi, og getur þá hver sá maður, sem skuldar honum, dregið frá þeirri skuld það sem hann á hjá skuldunaut, án tillits til þess, hvernig á kröfunni eða gagnkröfunni stendur, svo framarlega sem hann sjálfur hefir fengið kröfuna í hendur, eða sá er hann hefir erft kröfuna eftir hefir fengið hana í hendur, áður en auglýsing var birt um að leitað væri skuldgreiðslusamnings, eða ef krafan stafar frá skuldbindingu, sem hann með jöfnum skilyrðum hefir tekist á hendur fyrir þenna tíma. Nú er það véfengt, hvenær hann hafi kröfuna í hendur fengið, og verði það eigi á annan hátt sannað, þá skal leyfa kröfueiganda að staðfesta framburð sinn um þetta með eiði, og getur skiftadómari tekið þann eið af honum.

Eftir að málaleitun er hafin um skuldgreiðslusamning, þá má samningsleitandi eigi afsala sér handskriftarkröfum sínum a þann hátt, að skuldunaut hans, þeim er í hlut á, verði við það meinað að halda fram gagnkröfu, nema hann setji skuldunaut sínum tryggingu fyrir því tjóni, er hann kann af því að bíða. Nú er skuldgreiðslusamningur staðfestur, þá á sá, er þannig á hlut að máli rétt á að krefjast þess, að skiftadómari riti á skuldaskjöl, þau er samningsleitanda tilheyra, að frjálst sé að krefjast gagnreiknings samkvæmt þessari grein, eða að þeim sé trygging sett, sem rétt á til gagnkröfureiknings, og skal þessa síðarnefndu aðferð jafnan hafa við víxla.

Nú er gagnkrafan síðar sótt að lögum, og hafa þá úrskurðir skiftadómara samkvæmt þessari grein engin áhrif, er dæma skal um gagnkröfuna.

23. gr.

Nú er skuldgreiðslusamningur samþyktur með atkvæðagreiðslu skuldheimtumanna, og er hann þó eigi gildur fyrri en skiftadómari hefir staðfest hann.

24. gr.

Nú hafa skuldheimtumenn samþykt skuldgreiðslusamning með atkvæðum, og skal skiftadómari þá skora á þá er mótmæla vilja samningnum, að koma fram með mótmæli sín á fundinum; síðan getur skiftadómari á sama fundi felt úrskurð um, hvort samninginn beri að staðfesta. Nú beiðist einhver skuldheimtumaður frests til að koma fram með mótmæli, og skal skiftadómari þá fresta fundi stutta stund, þó eigi lengur en viku; slíkan frest getur skiftadómari einnig á gert af sjálfsdáðum. Nú er fundi frestað, og á þá sérhver skuldheimtumaður rétt á að koma fram með skrifleg mótmæli innan fjögra daga gegn því að samningurinn verði staðfestur.

25. gr.

Þó að engin mótmæli hafi fram komið, á skiftadómari þó að neita staðfestingu með rökstuddum úrskurði, þá er svo stendur á sem hér segir:

1. Þegar þau almennu skilyrði fyrir skuldgreiðslusamningi, sem 4. gr. áskilur, eru ekki fyrir hendi.
2. Þegar í einhverju verulegu hefir verið vikið frá þeim reglum, sem lög þessi leggja fyrir og til þess miða að skuldheimtumenn fái fullkomna vitneskju um hag og ástand búsins, eða frá þeim ákvörðunum, sem annars eru gefnar um það, hversu að skuli fara.
3. Þegar eitthvað er það í samningnum, sem gagnstætt er ákvörðunum 17.—22. og 32. greinar þessara laga, eða að öðru leyti lögum gagnstætt.
4. Ef þeim ráðum hefir verið beitt til að koma samningnum á, eða eyða tálmunum fyrir því að hann kæmist , að veita nokkrum skuldheimtumanni heimullega eða augljóslega nokkur hlunnindi, eða lofa nokkrum skuldheimtumanni slíkum hlunnindum, hvort heldur skuldunautur hefir gert þetta eða einhver þriðji maður.
5. Ef ekki er sennileg trygging fyrir því, að samningurinn verði haldinn.

26. gr.

Ef nokkur sá skuldheimtumaður, sem samningurinn tekur til, krefst þess, þá skal skiftadómari enn fremur synja samningnum staðfestingar með rökstuddum úrskurði, ef fram á það er sýnt, að samningurinn sé ósamrýmilegur sameiginlegum hagsmunum skuldheimtumanna, svo sem af því að sá hluti, sem boðið er að greiða af skuldunum, standi í töluvert skökku hlutfalli við efni greiðanda, eða — þar sem tilgangurinn er að skuldunautur haldi atvinnu sinni áfram — að gjalddagar, þeir sem ákveðnir eru, hafi lengri greiðsludrátt í för með sér, heldur en sennilegt tillit til áframhalds atvinnunnar gefur tilefni til.

27. gr.

Úrskurð skiftadómara, er staðfestir skuldgreiðslusamninginn eða hafnar honum að fullu, skal auglýsa, og slíkt ið sama ef málaleitun um skuldgreiðslusamning fellur niður t. d. af því að skuldunautur deyr áður en skuldgreiðslusamningur hefir verið staðfestur af skiftadómara, eða af öðrum ástæðum, og skal birta auglýsingar þessar á þann hátt, er 6. gr. mælir fyrir, og skal skiftadómari auk þess tilkynna þetta öllum þeim skuldheimtumönnum, sem um er kunnugt.

28. gr.

Nú hefir skiftadómari staðfest skuldgreiðslusamning, og ber þá að skoða hann sem sátt, er gerst hafi fyrir dómstól milli skuldunauts og þeirra skuldheimtumanna, er viðurkendir voru í samningnum, og hefir samningurinn sama réttargildi og sátt fyrir dómstól.

29. gr.

Samningur, sá sem skiftadómur hefir staðfest, skuldbindur einnig þá skuldheimtumenn, er ekki gáfu sig fram við umleitunina um samninginn, þó að því leyti að eins, sem þeir hafa ekki veð eða forgöngurétt fyrir kröfum sínum. Samningurinn frían skuldunaut við þann hluta sérhverrar skuldar, er hann var í áður en samningsumleitanir hófust (5. gr.), sem hann hefir ekki tekið að sér við samninginn, bæði gagnvart skuldheimtumanni og eins gagnvart ábyrgðarmönnum og öðrum, er ásamt honum bera ábyrgð á skuld. Frá þessu eru þó undanteknar þær skuldbindingar, er skuldunautur hefir á sig tekið með samþykki trúnaðarmats-manna, til þess að halda atvinnu sinni áfram áður en samningar byrjuðu.

30. gr.

Nú hefir skuldunautur eða þriðji maður, utan samningsins eða jafnhliða samningnum, gert einhvern þann samning, er veitir einhverjum skuldheimtumanni meiri hagsmuni eða betri kjör, heldur en honum var augljóslega veitt í skuldgreiðslusamningnum. og er þá slíkt með öllu ógilt.

31. gr.

Nú verður það uppvíst áður en 3 ár eru liðin frá því er skuldgreiðslusamningur var staðfestur, að skuldunautur hefir í einhverju, því er að samningnum laut, gert sig sekan í sviksamlegu atferli, eða að skuldunautur sjálfur eða aðrir með hans vitund hafa, til þess að koma á nauðungarsamningi um skuldgreiðslu eða eyða tálmunum fyrir slíkum samningi, heimullega veitt einhverjum skuldheimtumanni hagsmuni eða heitið honum hagsmunum um fram aðra skuldheimtumenn, og er þá skuldunautur skyldur til að greiða öllum skuldunautum, þeim er eigi áttu þátt í þessu misferli, einnig þann hluta af kröfum þeirra, sem eftir var gefinn með samningnum, og missir skuldunautur gagnvart þeim skuldheimtumönnum allan þann gjaldfrest, sem honum var veittur með samningnum, án þess að ábyrgðarmenn við samninginn losni frá þeim skyldum er þeir hafa á sig tekið, og án þess að skuldheimtumenn missi við það nokkurn rétt, sem þeim var veittur með samningnum.

32. gr.

Samningur, sá sem skuldheimtumaður hefir komist að samkvæmt lögum þessum, fellur ekki niður þó að hann verði vanhaldinn; en verði skuldunautur gjaldþrota, þá eiga þeir skuldheimtumenn, sem eru bundnir við samninginn, jafnan rétt og aðrir skuldheimtumenn til að fá kröfur sínar greiddar að hlutfalli réttu við upphæð þeirra án tillits til þess afsláttar, er veittur var með skuldgreiðslusamningnum, en samt skal þar frá draga þær útborganir, er þeir höfðu þegar fengið samkvæmt samningnum, þó svo, að það sem þeir fá greitt af þrotabúinu, ásamt því er þeir höfðu áður fengið greitt eftir samningnum, fari ekki fram úr því sem þeim bar samkvæmt samningnum.

33. gr.

Nú reynist það, að einhver, sá er skuldgreiðslusamningi hefir náð samkvæmt þessum lögum, hefir meðan á samningsumleitun stóð eða með hana fyrir augum, aðhafst eitthvað, það sem um ræðir í 262. eða 263. gr. hegningarlaganna, og sætir hann þá refsingu eftir þeim greinum.

34. gr.

Nú er bú óvenjulega stórt og örðugt viðfangs, og er þá skiftadómara heimilt (en eigi skal það regla vera) að taka sér aðstoðarmann fyrir kaup til aðstoðar við bréfaskriftir og fleira. Kaup aðstoðarmanns skal búið greiða eins og annan kostnað, sem af samningaumleitaninni leiðir. Eigi má taka til aðstoðarmanns fyrir kaup neinn þann mann, sem er í þjónustu skiftadómarans eða hefir nokkra stöðu við dóminn.

Skiftadómari ákveður kaup aðstoðarmanns. Verði ágreiningur um kaup trúnaðarmatsmanna eða annara fyrir störf þeirra til undirbúnings samningsumleitaninni eða meðan á henni stendur (þar með talið kaup fyrir stjórn á atvinnu skuldunauts, ef annar maður hefir verið fenginn til að stýra henni), þá skal skiftadómari einnig ákveða upphæð kaupsins. Kaup þetta á ekki að ákveða með hundraðsgjaldi miðuðu hlutfallslega við stærð búsins, heldur í hlutfalli við ómakið og eftir öllum málsatvikum. Úrskurði skiftadómara má fullnægja eins og dómi.

Nú kveður skuldunautur trúnaðarmatsmenn til og notar aðstoð þeirra, en hættir svo við að leita skuldgreiðslusamnings, eða beiðni hans um það efni er synjað, og á skiftadómari þá, ef þess er óskað, að ákveða kaup þeirra eftir sömu reglum.

Skrá yfir allan kostnað við samningsumleitun fyrir skiftadómi og við undirbúning hennar, og sömuleiðis áætlun yfir kostnað, þann er vænta má að á falli, skal fram leggja á fundi, þeim er um ræðir í 7. gr.

Nú kemst skuldgreiðslusamningur á og hefir hann þá, þrátt fyrir ákvarðanir 29. gr., engin áhrif á kröfur fyrir kaupi, því er nú var nefnt, eða kröfur um endurgjald á útgjöldum við málaleitunina fyrir skiftadómi og undirbúning til hennar, jafnvel þótt þær stafi af því er gerst hafði áður en málaleitunin hófst fyrir skiftadómi, svo framarlega sem samningsumleitun samkvæmt lögum þessum hefir byrjað á því að skiftarétturinn hefir tekið til greina beiðni skuldunauts um slíka málaleitun, og eiga þessar kröfur því fullnusturétt næst eftir kröfum, þeim er nefndar eru í ..... og ganga fyrir einföldum einkaskuldum í þrotabúi skuldunauts, ef hann verður gjaldþrota á þrem mánuðum innum næstu eftir að samningsumleitun var lokið.

Með sama gildi, sem um er rætt í næstu málsgrein hér á undan, getur skuldunautur því næst stofnað nýjar skuldir eftir að samningsumleitun er byrjuð fyrir skiftarétti, ef maður, sem skiftadómari hefir til þess skipað, gefur skriflegt samþykki til, að skuldunautur megi stofna sér í þá skuld. Skiftaréttur má þó því að eins skipa mann til þess, að tveir fimtungar, bæði að tölu og kröfuupphæð, þeirra skuldheimtumanna, er atkvæði eiga um samningana, séu þessu samþykkir og bendi á mann, sem skiftadómari álítur þessu starfi vaxinn eða til þess fallinn. Skuldir, sem þannig eru stofnaðar, mega þó ekki viðtækari vera en brýn nauðsyn er á, til þess að skuldunautur geti haldið áfram atvinnu sinni; en sama forgangsrétt hefir skuldin í þrotabúinu, hvort sem þessara takmarka hefir verið gætt eða ekki.

35. gr.

Stofna skal nýjan dómstól, er heita skal skuldsamningadómur, og má til þess dóms skjóta þeim úrskurðum, er skiftadómari kveður upp meðan á umleitunum um skuldgreiðslusamning stendur samkvæmt lögum þessum, þó þeim einum úrskurðum, sem heimilað er að áfrýja. Dómar skuldsamningadóms eru fullnaðardómar og verður þeim eigi áfrýjað. Dómur þessi skal heima eiga í Reykjavík og skulu í honum vera einn lögfróður dómstjóri og fjórir menn aðrir, þeir er þekkingu hafa á viðskiftaatvinnu.

Konungur skipar lögfróðan dómstjóra til þriggja ára í senn, og skal það vera maður, sem er eða hefir verið dómari í æðsta dómstól hér á landi. Hann skal hafa laun og skulu þau ákveðin í fjárlögunum; hina dómendurna skipar ráðherrann. Þeir eru skipaðir til fjögra ára í senn; þó skulu tveir úr ganga eftir hlutkesti að tveim árum liðnum, af þeim er fyrsta skifti verða skipaðir.

Nægilegt fé til skrifstofukostnaðar skuldsamningadóminum skal veita í fjárlögunum.

Í hverju sérstöku máli situr dómstjóri réttinn ásamt tveimur af hinum dómurunum.

Nú kemur mál fyrir dóminn, þar sem á þarf að halda sérþekkingu, sem dómendur hafa eigi til að bera, og má dómurinn þá, ef einhver krefst þess, sá er hlut á að máli, kveðja mann, sem sérþekkingu hefir á málinu, til að sitja dóminn.

36. gr.

Nú vill maður skjóta úrskurði til skuldsamningadóms, og skal hann þá senda skiftadómara beiðni um það innan þriggja daga; þó skal fresturinn vera fjórtán dagar, ef áfrýja skal úrskurði, þeim er staðfestir skuldgreiðslusamning. Skiftadómari sendir skuldsamningadómi tafarlaust beiðnina og skjöl málsins og afskrift af skiftadóma bókinni, og má dómarinn bæta þar við umsögn sinni um málið.

Sérhver maður, sá er úrskurður skiftadómara hefir áhrif á hagsmuni hans, á rétt á að senda skuldsamningadómi skrifleg ummæli sín.

Heimilt er að koma fram með ný ummæli og skýrslur fyrir skuldsamningadómi, og sá dómur getur einnig af sjálfsdáðum leitað nýrra skýrslna eða umsagna, hvort heldur hjá skiftadómara eða skuldunaut eða öðrum, sem málið kemur við.

Fullnaðarúrslit skal gera svo fljótt sem verða má, og venjulega innan fjórtán daga frá þeim degi að telja, er málið kom til dómstólsins.

Að öðru leiti ákveður dómstóll þessi sjálfur starfatilhögun sína.

37. gr.

Nú kveður skiftadómari upp úrskurð, er syujar beiðni skuldunauts um samningaumleitun eða stöðvar samkvæmt síðustu málsgrein 3. gr. málaleitun, sem þegar er byrjuð, eða skiftadómari synjar samningi staðfestingar með úrskurði, og á þá skuldunautur rétt á að áfrýja slíkum úrskurði til skuldsamningadóms. Sé um tvö in síðarnefndu tilfelli að ræða, skal eigi telja samningsumleitun lokið fyrri en út er runninn áfrýjunarfrestur án þess að úrskurðinum hafi verið áfrýjað, eða þá að skuldsamningadómstóll hefir staðfest úrskurðinn eða samninginn.

Nú er skuldgreiðslusamningur staðfestur af skiftadómi, og er þá sérhver skuldheimtumaður, sem samningurinn tekur til, réttur aðili til áfrýjunar.

Enn fremur má áfrýja þeim úrskurðum skiftaréttar, sem um ræðir í 2. og 3. málsgrein 34. gr. Úrskurðir skuldsamningadóms hafa í þessu tilfelli sama fullnægjugildi sem hæstaréttardómar.

Í öðrum tilfellum, en þeim sem nefnd eru í þessari grein, verður úrskurði, er skiftadómari kveður upp samkvæmt þessum lögum, ekki áfrýjað.

38. gr.

Fyrir störf skiftadómara við skuldgreiðslusamnings-umleitanir fyrir þeim dómi skal greiða gjald, sem reiknað er eftir eignaupphæð skuldunauts, svo sem hann taldi hana vera í í skýrslu þeirri eða skrá yfir hag sinn, sem hann sendi skiftaréttinum jafnframt beiðni sinni um samningsumleitun, þannig:

$^1/_2$% af fyrstu 20,000 krónum,
$^1/_4$% af næstu 80,000 krónum, og
$^1/_8$% af því, sem þar er fram yfir.

Þó skal aldrei lægra gjald greiða en 25 kr., og aldrei hærra en 500 kr.

Þá er reikna skal gjald þetta, skal jafna svo upphæð, þá sem gjald greiðist af, að standi á heilu eða hálfu hundraði, svo að lægri upphæð en 25 kr. skal ekki með telja, og 25 kr. upp að 50 kr. skal telja sem 50 kr. væru.

Nú er beiðni um samningsumleitun synjað og skal þá fyrir það greiða 10 kr.

Gjöld þessi renna í landssjóð.

Nú verður skuldunautur gjaldþrota innan þriggja mánaða frá því að samningsumleitun var neitað með úrskurði, eða innan þriggja mánaða eftir að samningsumleitun var lokið, og skal þá, jafnvel þótt samningur hafi á komist, draga samningsgjöldin frá skiftagjöldum við meðferð þrotabúsins.

Fyrir meðferð máls við skuldsamningadómstól skal ekkert gjald greiða. En álíti sá dómstóll að engin sennileg ástæða hafi til áfrýjunar verið, má hann dæma áfrýjanda sekt, alt að 500 kr., og rennur sú sekt í landssjóð.

.....

.....

759

sjá Dagskrá 765.

Sþ. **760. Viðaukatillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 751.

Frá: Sigurði Stefánssyni, Sigurði Hjörleifssyni, Jens Pálssyni, Gunnari Olafssyni, Steingr. Jónssyni, Kristinn Danielssyni.

Aftan við síðari lið breyt.till. bætist:

Styrkurinn útborgist með 50 krónum fyrir hverja prentaða örk eða því sem því svarar eftir mati tveggja manna, er landsstjórnin tilnefnir.

Nd. **761. Nefndaràlit**

í málinu: Frumvarp til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907 um skipun prestakalla.

Frá meiri hlutanum.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli. Að vísu kannast meiri og minni hluti nefndarmanna við það, að um allmikla erfiðleika sé að ræða, meiri eða minni á þeim svæðum, þar sem farið er fram á í frumvarpinu að gera breyting á prestakallaskipun þeirri, er alþingi 1907 leiddi í lög, þótt minni hluti nefndarinnar geri minna úr erfiðleikunum, en meiri hlutinn.

Meginreglan, er virðist hafa nær eingöngu vakað fyrir þinginu 1907 í þessu máli, er sú, að bæta kjör prestanna í landinu, án þess að landssjóður þyrfti að leggja af mörkum nokkuð er teljandi væri. Í því skyni gekk greint þing svo langt í samsteypu prestakalla, að það fækkaði þeim um sjö fram yfir það er kirkjumálanefndin hafði gert, og má þó víst óhætt telja að hún hafi gert fullmikið að í þessu efni. Þessar samsteypur á samsteypur ofan hafa gerðar verið þvert ofan í óskir og kröfur hlutaðeigandi safnaða og héraðsfunda. Með söfnuðina hefir verið farið í þessu máli sem réttlausir væri. Þeim hefir verið bylt til alveg eftir geðþótta, verið sviftir réttinum til þess, að segja sjálfir til með atkvæði sínu, hvers prests þjónustu þeir vildu hlíta.

Og þegar litið er á kostnaðarhliðina, verður sama misréttið upp á teningnum. Söfnuðir þeir, er nú eru harðast leiknir, verða að greiða sama gjald fyrir helmingi eða $^2/_3$ pörtum minni þjónustu en áður, auk þess kostnaðar, sem stafar af því, að ná til prestsins um miklu lengri veg en áður, þegar um aukaverk er að ræða.

Þessi ráðríkistilhögun af hálfu löggjafarvaldsins hefir haft og mun eftirleiðis hafa mjög óheppilegar afleiðingar. Söfnuðirnir fyllast, sem von er, óánægju og gremju, og samlíf þeirra við prestinn verður í mörgum tilfellum miklu minna og lakara en æskilegt væri. Hér koma því til greina hin illu áhrif, er þessi tilhögun hefir á innri hag kirkjunnar og alt kristnihald í landinu. Eu þessa hlið málsins hefði löggjafarvaldið, sem æðsta vald einnig í kirkjumálum, átt að líta á, eigi síður en bætur á launakjörum prestanna, þótt vér hins vegar fyllilega könnumst við, að þess hafi og þörf verið.

Að áliti nefndarinnar, eða meiri hluta hennar að minsta kosti, væri því brýn ástæða til að taka til greina, að meira eða minna leyti, breytingar þær á prestakallaskipun, er frv. fer fram á. En með því jafnt meiri sem minni hluti nefndarinnar er hins vegar full-ljóst, að slíkar breytingar muni að þessu sinni ekki ná samþykki þingsins, hafa nefndarmenn litið svo á, sem það mundi verða að eins til að eyða tíma þingsins til ónýtis, að flyija frv. aftur inn í deildina.

Hins vegar lætur meiri hluti nefndarinnar þá von í ljósi, að stjórnin muni finna ástæðu til að taka til greina óskir og kröfur safnaðanna, þar sem þörfin er brýnust, á þann hátt, að leggja frumvarp um breytingar á prestakallaskipuninni, þar sem svo stendur á, fyrir næsta þing. Vonast meiri hlutinn til að sú aðferð mundi afla málinu meira fylgis, en hin, að einstakir þingmenn komi eins og nú, sinn með hvert frumvarpið.

Ennfremur vill nefndin öll leggja áherzlu á það, að kirkjustjórnin, meðan löggjöfin bætir eigi úr skák, fari svo mjög sem unt er eftir vilja og óskum safnaðanna um það, hvernig bráðabirgðaprestsþjónustu verði fyrir komið.

Teljum vér það ósamrýmanlegt við nýaukinn kosningarrétt safnaðanna, að leyfa þeim ekkert atkvæði um slíkt, enda veldur þetta, meðal annars, miklu um það, hve óvinsælar margar prestakallasamsteypurnar eru.

Alþingi 6. maí 1909.

Sigurður Gunnarsson, formaður.	Björn Sigfússon, skrifari.	Sigurður Sigurðsson.

Frá minni hlutanum.

Við höfum eigi getað orðið sammála meðnefndarmönnum okkar um ýms atriði þessa máls, né heldur um þá niðurstöðu, sem meiri hlutinn hefir komist að, sem sé að ætlast til, að stjórnin búi undir breytingar á prestakallalögunum fyrst um sinn. Skoðun okkar er í fám orðum sú, að prestakallaskipunin hljóti ætíð, sökum mismunandi staðhátta, að verða svo löguð, að sumir söfnuðir sé miklu ver settir með prestþjónustu en aðrir, og prestaköllin ákaflega mismunandi að erfiðleikum. Af þessu fljóti ætíð mikil óánægja meðal landsmanna á meðan skipunin er valdboðin, en eigi eftir frjálsu samkomulagi safnaðanna. Verði nú rótað við skipun þeirri, sem gerð er með núgildandi prestakallalögum, samkvæmt þeim tillögum sem fyrir liggja, þá fljóti þar af breyting víða annarsstaðar, sem setji prestakallaskipunina nokkurnveginn í samt lag og var áður. En þá er kipt burt þeim grundvelli, sem launabætur prestanna voru bygðar á fjárhagslega, bæði af millilþinganefnd og þinginu 1907.

Þessu erum við mótfallnir, nema um miklu meiri breytingar væri að ræða á skipulagi kirkjunnar og afstöðu hennar gagnvart ríkinu.

Nú er samþykt hér í þinginu þingsályktun, sem skorar á stjórnina að taka til íhugunar og rannsóknar aðskilnað ríkis og kirkju. Verði framkvæmd á því, eru smá breytingar á prestakallaskipuninni nú eigi einungis óþarfar, heldur óheppilegar. Og meðal annars þess vegna teljum vér ráðlegast að láta prestakallaskipunina standa óhreyfða fyrst um sinn.

Pétur Jónsson. Jón Jónsson.

Nd.

762. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um stofnun landsbanka 18. sept. 1885 m. m. (eins og það var samþykt við 3. umr. í efri deild).

Flutningsm. Björn Þorláksson.

1. Við 5. gr. Fyrir: »Láti . . . lífeyri« komi: »Bankastjóri Tryggvi Gunnarsson fær 3000 kr. í eftirlaun«.
2. — 6. — Fyrir: »skoða« komi: »rannsaka«.
3. — 7. — Orðin: »né sýslunarmenn bankans« falli burt.

Nd.

763. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að kaupa bankavaxtabréf Landsbankans.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Heimilt skal landsstjórninni að kaupa af Landsbankanum fyrir landssjóðs hönd bankavaxtabréf fyrir alt að 2 miljónum króna.

2. gr.

Ennfremur er landsstjórninni heimilt að taka lán fyrir landssjóðs hönd alt að 2 miljónum króna og fari vextir eigi fram úr $4^1/_2{}^0/_0$ og afborgist á 30 árum Og skal láninu varið til að kaupa bankavaxtabréf samkvæmt 1. gr., og fer kaupverðið eftir lánskjörunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem þau eru staðfest.

Nd.

764. Frumvarp

til laga um sóknargjöld.

Eins og það var samþykt við eina umræðu í Ed.

I. Um prestsgjald.

1. gr.

Preststiund af fasteign og lausafé, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk skal af numið frá fardögum 1909.

2. gr.

Hver maður 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona, og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald í prestslaunasjóð 1 kr. 50 aura á ári.

Undanþegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju eigi minna en sem svarar 2 kr. 25 a. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri.

3. gr.

Eindagi gjalds þessa er 31. desember ár hvert fyrir það fardagaár, sem er

að líða, og skal það greitt í peningum. Söknarnefndir innheimta gjaldið í fyrsta skifti árið 1909, og fá þær 6 % af upphæðinni í innheimtulaun.

4. gr.

Söknarnefnd skal gera árleg reikningsskil fyrir prestsgjaldinu eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti söknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok febrúarmánaðar ásamt upphæð þeirri í peningum, er borið hefir að innheimta, eða kvittun söknarprestsins fyrir því fé, er söknarnefndin hefir greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.

Prófastur getur haldið söknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma.

II. Um kirkjugjald.

5. gr.

Kirkjutíund af fasteign og lausafé, kirkjugjald af húsum, ljóstollur, lausamannsgjald, legkaup og skilduvinna söknarmanna við kirkjubyggingu skal af numið frá fardögum 1909.

6. gr.

Í söknum, þar sem söfnuður hefir tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, skal frá sama tíma af numin niðurjöfnun kostnaðar við kirkjusöng samkvæmt lögum 22. maí 1890 um stjórn safnaðarmála, niðurjöfnun kostnaðar til kirkjugarða samkvæmt lögum 8. nóvbr. 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, niðurjöfnun kostnaðar við prestskosningu samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um veitingu prestakalla, og niðurjöfnun á borgun til safnaðarfulltrúa samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907 um skipun söknarnefnda og héraðsnefnda.

Allan þann kostnað, er hér ræðir um, skal greiða úr sjóði söknarkirkjunnar. Ef kostnaðurinn hvílir á fleiri kirkjum eða söknum í sameiningu, skal honum skift niður á þær eftir tölu safnaðarlima í hverri kirkjusókn, þeirra sem gjaldskyldir eru.

Í þeim söknum, þar sem söfnuður hefir eigi á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skal öllum þeim kostnaði, sem um er rætt í þessari grein, jafnað niður á þann hátt, að sama gjald komi á hvern safnaðarlim, sem gjaldskyldur er til kirkju.

7. gr.

Hver maður, sem er 15 ára eða eldri, hvort heldur er karl eða kona og í hvaða stöðu sem er, skal greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, 75 aura á ári.

Undan þegnir þessu gjaldi eru allir þeir, sem eru í einhverju kirkjufélagi utan þjóðkirkjunnar, því er prest hefir eða forstöðumann, er fengið hefir konunglega staðfestingu, enda nemi framlög þau, er söfnuðurinn greiðir árlega til prests og kirkju eigi minna en sem svarar 2 kr. 25 a. fyrir hvern safnaðarlim 15 ára eða eldri.

Nú hefir söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má söknarnefnd þá með jákvæði lögmæts safnaðarfundar og samþykki héraðsfundar hækka og lækka kirkjugjald fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árabil.

Ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, er söknarnefnd hefir ákveðið og safnaðarfundur og héraðsfundur samþykt, nægir ekki fyrir nauðsyn-

legum útgjöldum kirkjunnar, er sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á alla gjaldskylda safnaðarlimi eftir efnum og ástæðum.

8. gr.

Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir ekki tekið að sér umsjón og fjárhald kirkju, er landstjórninni veitt heimild til að ákveða kirkjugjald þannig, að það, miðað við tölu allra safnaðarlima, er náð hafa 15 ára aldri 1. janúar 1909, nemi jafn mikilli upphæð og allar sóknartekjur kirkjunnar hafa numið að meðaltali um 10 ár, 1899—1909.

Ákvörðun þessi skal þó því aðeins gilda, að kirkjuforráðandi eða söfnuður hafi beiðst þess, enda hafi hin nýja skipun rýrt eða aukið tekjur kirkjunnar til muna. Auglýsing um h ð ákveðna kirkjugjald í hverri sókn skal birt í A-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Eindagi á kirkjugjaldi er 31. desember ár hvert fyrir það fardagaár, sem er að líða. Skal það greitt í peningum, og innheimt í fyrsta sinn árið 1909. Í þeim sóknum, þar sem söfnuður hefir á hendi umsjón og fjárhald kirkju, skulu sóknarnefndir innheimta gjaldið, og fá þær 6% af upphæðinni í innheimtulaun. Aukaniðurjöfnun þá, er ræðir um í síðustu málsgrein 7. greinar, má sóknarnefnd gera á hverjum tíma árs sem er, og er gjalddagi þess gjalds sex vikum eftir að niðurjöfnunin er auglýst. Í öðrum sóknum greiðist gjald þetta forráðamanni kirkjunnar. Þó má hann fela sóknarnefnd innheimtuna gegn 6% innheimtulaunum.

III. Almenn ákvæði.

10. gr.

Sóknargjald til prests og kirkju og niðurjöfnunargjald í safnaðarþarfir, skal hver heimilisráðandi leggja fram fyrir þá, sem lögheimili eiga hjá honum, en hann á rétt til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum. Nú er heimilisráðandi öreigi að áliti sóknarnefndar og hefir hún þá rétt til að ganga að gjaldanda sjálfum. Fyrir þá, sem eru á sveitarframfæri, getur húsráðandi krafist endurgjalds úr sveitarsjóði.

11. gr.

Presti eða öðrum þeim, er manntal skal taka, er skylt að láta sóknarnefnd ókeypis í té skýrslur um manntal safnaðarins til afnota við útreikning og innheimtu sóknargjalda. Aldurstakmark gjaldskyldra manna samkvæmt lögum þessum skal miðað við næsta nýár á undan gjalddaga.

12. gr.

Prestar þeir, sem taka laun eftir eldri ákvæðum, en lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta, skulu fá uppbót úr prestlaunasjóði, svo að jafngildi sóknartekjunum eftir meðaltali þeirra síðustu 5 ár frá 1904—1909, að frádregnum innheimtulaunum 6%.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin:

Reglugjörð 17. júlí 1782 um tekjur presta og kirkna.

Lög 27. febr. 1878 um kirkjutíund í Reykjavíkurlögsagnarumdæmi.

Lög 19. septbr. 1879 um kirkjugjald af húsum, og lög 2. oktbr. 1891 um breyting á téðum lögum.

Lög 3 apríl 1900 um greiðslu dagsverks, offurs, lambsfóðurs og lausamannsgjalds til prests og ljóstolls og lausamannsgjalds til kirkju.

12.—17. gr. laga 16. nóv. 1907 um laun sóknarpresta.

5. gr. laga 16. nóvbr. 1907 um umsjón og fjárhald kirkna.

Ennfremur eru af numin öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Ed. **765. Rökstudd dagskrá**

samþykt í Ed. alþingis 7. maí (Frv. til laga um heimild til að kaupa hlutabréf í Íslands banka o. fl., 642).

Í því trausti að landsstjórnin athugi bankamál landsins til næsta þings, þar á meðal hvort tiltækilegt sé, að landssjóður kaupi hluti í Íslands banka, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **766. Rökstudd dagskrá**

feld í Ed. alþingis 7. maí (Frv. til laga um heimild til að kaupa bankavaxtabréf Landsbankans, 755).

Í því trausti að landsstjórnin athugi bankamál landsins til næsta þings, þar á meðal hvort tiltækilegt sè að landssjóður kaupi bankavaxtabréf Landsbankans, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. **767. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1910 og 1911 (þskj. 732).

Frá Lárusi Bjarnasyni, Hannesi Hafstein, Jóni Jónssyni, 1. þm. S.-M., Pétri Jónssyni og Steingrimi Jónssyni.

Við 15. gr. 14. Liðurinn falli burt.

Sþ. **768. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskj. 735.

Flutningsm. L. H. Bjarnason.

Aftan við liðinn bætist:

Sem ritlaun útborgist alt að 50 kr. fyrir hverja örk prentaða eftir mati dómendanna í hinum kgl. íslenzka landsyfirrétti og hinna föstu kennara við lagaskólann.

Nd. **769. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um sóknargjöld

(eftir eina umr. í Ed.)

Meiri hluti nefndarinnar leggur það til, að frumvarp þetta verði samþykt óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi 7. maí 1909.

Ólafur Briem
form. og framsögum.

Björn Kristjánsson
skrifari.

Jóh. Jóhannesson Einar Jónsson Magnús Blöndahl.

770. Fjárlög

fyrir árin 1910 og 1911.

I. kafli.

Tekjur.

1. gr.

Á árunum 1910 og 1911 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,930,530 kr.. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 2,638,000 kr.

		1910.	1911.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
1.	Ábúðar- og lausafjárskattur	50,000	50,000	100,000
2.	Húsaskattur	12,000	12,000	24,000
3.	Tekjuskattur	23,000	23,000	46,000
4.	Aukatekjur	50,000	50,000	100,000
5.	Erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6.	Vitagjald	20,000	20,000	40,000
7.	Leyfisbréfagjöld	5,000	5,000	10,000
8.	Útflutningsgjald	120,000	120,000	240,000
9.	Áfengistollur	280,000	280,000	560,000
10.	Tóbakstollur	180,000	180,000	360,000
11.	Kaffi- og sykurtollur	350,000	350,000	700,000
12.	Annað aðflutningsgjald	25,000	25,000	50,000
13.	Gjald af innlendri vindlagjörð og bittergjörð	» »	» »	» »
14.	Leyfisbréfagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	12,500	12,500	25,000
